FYRSTI FUNDUR, mánudag 1. júlí. Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir, nema Arnljótur Ólafsson, þm. N.-Þing.:

1. Arnljótur Ólafsson, þm. N.-Þing.
2. Björn Bjarnarson, þm. Borgf.
3. Björn Bjarnarson, þm. Dal.
4. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
5. Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
6. Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
7. Hannes Hafstein, 2. þm. Ísf.
8. Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
9. Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
10. Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
11. Jósafat Jónatansson, 2. þm. Húnv.
12. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
13. Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
14. Magnús Torfason, 2. þm. Rangv.
15. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
16. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
17. Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
18. Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísf.
19. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
20. Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.
21. Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk.
22. Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
23. Þórður Guðmundsson, 1. þm. Rangv.
24. Þórður J. Thoroddsen, 1. þm. G.-K.

Samkvæmt áskorun landshöfðingja gekk þá elzti þm. deildarinnar, Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk., til forsetasætis og stýrði hann forsetakosningu. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara Hannes Hafstein, 2. þm. Ísf., og Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf. Forsetakosning féll þannig, að *Klemens Jónsson*, 1. þm. Eyf., var kosinn með 12 atkvæðum. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf., fekk 10 atkv. Því næst var kosinn varaforseti, og hlaut *Pétur Jónsson*, þm. S.-Þing., við endurkosning 12 atkv. Einar Jónsson 1. þm. N.-Múl., fekk 6 atkv. Skrifarar voru kosnir Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl. með 16 atkv., og Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk., með 12 atkv.

Forseti las upp bréf landshöfðingja dags. s. dag, þar sem hann skýrir frá, að hann fyrir hönd stjórnarinnar muni leggja fram í deildinni á fundi hennar næsta dag 13 lagafrumvörp.

ANNAR FUNDUR, þriðjudag 2. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að skrifstofustjóri væri ráðinn skjalavörður, dr. phil. Jón Þorkelsson og skrifarar í skrifstofunni, cand. phil. Pétur Hjaltested og cand. phil. Þórður Jensson, og skrifarar hér í deildinni cand. theol. Jóhannes Sigfússon og cand. phil. Jens Waage.

Samkvæmt dagskránni lagði landshöfðingi fram af hendi stjórnarinnar eftirfylgjandi lagafrumvörp, er síðan var útbýtt meðal þingmanna:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1902 og 1903.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901.
3. Frv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir 1898 og 1899.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899.
5. Frv. til laga um viðauka við lög 9. ágúst 1899 um aðflutningsgjald af kaffi og sykri.
6. Frv. til laga um viðauka við tilskip. 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og tilskip. 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.
7. Frv. til laga um skipun fasts aðstoðarprests í Reykjavík.
8. Frv. til laga um viðauka við og breyting á tilskip. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
9. Frv. til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík o. fl.
10. Frv. til laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.
11. Frv. til laga um breyting á 4. gr. laga 14. desbr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta.
12. Frv. til laga um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum.
13. Frv. til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Þá lét forseti útbýta »Skovrester og Nyanlæg af Skov paa Island« eftir C. E. Flensborg.

Stjórnarskipunarmál I.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. bls. 179); 1. umr., 6. júlí.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Þetta mál er ekki nýtt hér á þingi; það hefir legið fyrir á undanfarandi þingum, og búið að þrátta um það því nær tvo tugi ára.

Eins og vér vitum, þá hefir það á tveim hinum síðustu þingum tekið nýja stefnu. Áður hafði þingið framfylgt hinum fylstu kröfum um sjálfsforræði, án tillits til þess, hvort vænlegt væri, að þær fengju framgang eða eigi. Á þingi 1895 varð sú stefnubreyting, að reynt var að ná samkomulagsgrundvelli milli þings og stjórnar. Ýmsum var orðið það ljóst, að ætti málið að komast áleiðis, þá væri brýn nauðsyn á, að samningar kæmust á milli beggja málsaðila, þings og stjórnar. Af þessum tveim málsaðilum var þingið hinn veikari, og því lítil skynsemd að búast við að hann gæti knúð hinn sterkari til þess, að uppfylla nauðugur kröfur sínar. Því var það, að á þinginu 1895 var breytt til með aðferð í stjórnarskrármálinu. Það leiddi til þess, að stjórnin tók að verða málinu sinnandi, þótt með takmörkunum væri, að því leyti, að eigi lagði hún frv. fyrir þingið sjálf, heldur að eins lét í ljós, að hún mundi veita samþykki ákveðnu frv., er einn þingmanna bar fram. — Eins og kunnugt er, var eigi hægt að sameina þingmenn um málið 1897. En svo kom það aftur fram á þingi 1899, og þá var afstaða stjórnarinnar gagnvart því orðin hagfeldari fyrir oss en hún hafði verið 1897, því að nú heimtaði hún eigi, að þingið gengi að frv. frá 1897 óbreyttu, heldur taldi fylstu ástæðu til fyrir stjórnina að styðja að

því, að bundinn yrði endi á hina löngu baráttu um stjórnarskipunina, ef meiri hluti alþingis yrði unninn til þess að æskja að ná samkomulagi við stjórnina á grundvelli hins prívata frv. um stjórnarskipunina (sbr. ráðgjafabréf um stjórnarskipunarmálið 26. maí 1899). Með öðrum orðum: stjórnin setur nú ekki annað skilyrði fyrir samningunum en að bygt sé á sama grundvelli og gjört var 1897; en í því liggur, að taka má upp svo og svo margar nýjungar, er eigi raska samningagrundvellinum. Svo kom frá landshöfðingjanum í ræðu hér í deild 28. júlí 1899 frekari skýring ráðherrabréfsins; þá farast honum svo orð: »eins og frv. er nú úr garði gert, verð eg að álíta, að það sé aðgengilegt bæði fyrir þing og stjórn« (Alþt. B. 176), og í annari ræðu farast hæstv. landsh. þannig orð: »eg álít eigi vonlaust um, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem stjórnin álítur að komi ekki í bága við pólitiskt samband Íslands og Danmerkur, gætu fengist með viðaukum við frv. þetta«. (Alþt. B. 181). Hér er skýring á, hvað meint sé í ráðherrabréfinu 26. maí 1899 með orðunum »á sama grundvelli« o. s. fr. Það má með öðrum orðum taka ýmsa viðauka inn í frv., en eigi víkja frá hinum upprunalega grundvelli, eigi raska hinu pólitiska sambandi milli Íslands og Danmerkur. Vér vitum hvernig málinu var tekið á þingi 1899. Þá komst það að vísu gegnum Ed., en í Nd. var það felt þegar við 1. umr., og því ekki hægt að gjöra tilraunir til að koma samningum á milli þingflokkanna, né milli fulltrúa stjórnarinnar og deildarinnar. Það er mjög líklegt, að hefði málið verið sett í nefnd hér í deild og kostur gefist á að ræða það, þá myndu ýmsar misfellur hafa getað jafnast og andstæðingarnir getað orðið ánægðari með frv. en þeir voru, er það kom frá h. Ed. En þessu var eigi að fagna.

Síðan þessu fór fram hafa um garð gengið nýjar þingmannakosningar, og meir en helmingur hinna núverandi þjóðkjörnu þingmanna nýir þingmenn. Því er eigi að svo stöddu gott að vita, hvernig afstaða alþingis gagnvart einstökum atriðum þessa máls er nú. En þá er að líta á afstöðu stjórnarinnar. Það var mögulegt, að hún kipti að sér hendinni, er þingið hafnaði öllum samkomulagstilraunum við hana. En svo fór eigi. Afstaðan er nú breytt. Áður var það stjórnin, sem neitaði öllum samningum, nú upp á síðkastið hefir þingið gjört það. Hvernig tekur stjórnin þessu? Hvernig liggur málið nú fyrir? Hefir stjórnin álitið, að ekki væri til neins að halda áfram samningum við þingið? Það hefir hún eigi gjört; hún hefir skoðað svo, að framkoma þingsins geti nú orðið önnur en síðast, með því að meir en helmingur þingmanna er nýr. Nú stendur svo í boðskap konungs frá 17. maí í vor: »óskir þær, er menn engu að síður hafa á Íslandi um breytingar á þessari undirstöðu, hafa hingað til ekki fengið fylgi alþingis með þeirri takmörkun á þeim, er geri það hægt yfirleitt, að verða við þeim, eða í þeirri mynd sérstaklega, er stjórn Vor hefir á tveim síðustu þingum lýst aðgengilega, án þess hún hafi sjálf borið málið fram; en fáist fylgi alþingis til þess í ár, er það framvegis ætlun Vor, að synja ekki, er til kemur, um samþykki Vort til þess, að þannig breytt skipun megi komast á«.

Hér lýsir konungur því yfir, að eigi sé breyting orðin á þeirri afstöðu, sem stjórnin tók í málinu 1899; með öðrum orðum, að semja megi um öll þau atriði, sem eigi raska þeim grundvelli, er frv. 1897 var bygt á.

Þegar nú boðskapur konungs er borinn saman við ráðgjafabréf 26. maí 1899 og orð hæstv. landsh. á þingi 1899, þá er full ástæða til að gjöra sér góðar vonir um, að stjórnin muni taka vel öllum þeim breytingum á frv., er eigi raska hinu pólitiska sambandi milli Íslands og Danmerkur.

Með þetta fyrir augum er samið frv. það, sem hér liggur fyrir.

Að svo miklu leyti sem sömu greinar eru teknar og voru í frv. Ed. 1899 eru þær því samhljóða; að eins er hér slept breytingunni á 61. gr. stjórnarskrárinnar, og er ástæðan til þess sú, að svo mikil mótstaða virðist vera hjá þjóðinni gegn þessari breytingu, að von laust sýnist, að hún mundi fá framgang, þótt upp væri tekin. Henni er engan veginn slept af því, að eg telji það betra að svo sé gjört; þvert á móti. En af þessu, að mótstaða þjóðarinnar mót breytingu þessari er svo sterk, þá virðist réttast, að gjöra þetta eigi að kappsmáli, einkum af því að hér er um conservativt atriði að ræða; og með því að nú situr að völdum í Danmörku conservativ stjórn, þá ætti þetta atriði eigi að geta orðið málinu til falls.

En inn í þetta nýja frv. hafa verið tekin ýms ný atriði, sem eg verð að fara nokkrum orðum um, með því að þar er um principspursmál að ræða.

Á undanförandi þingum hefir það verið eitt af deiluatriðunum, að ef ráðgjafinn kæmist inn á þing, mundi hann verða of ráðríkur þar, með því að hann gæti haft þingið á valdi sínu, þar sem efri deild væri þannig skipuð, að hann mundi geta haft fult ráð yfir henni. Því hefir verið farið fram á breyting á skipun efri deildar. Þetta getur orðið á tvennan hátt: annaðhvort með því að fækka konungkjörnum þingmönnum, eða með því að fjölga hinum þjóðkjörnu í deildinni. Eg og ýmsir aðrir höfum haldið því fram, að eigi væri nauðsyn að taka ákvæði um þetta upp í stjórnarskrána, því að þessa breytingu mætti gjöra með sérstökum lögum; þó hefir það verið gjört í frv. þessu, enda er það að því leyti réttast, að spurningin um skipun Ed. er orðin svo samtvinnuð stjórnarskrármálinu, að ýmsir leggja sjálfsagt töluverða áherzlu á, að því sé til lykta ráðið jafnhliða sjálfu stjórnarskrármálinu, örvænta um að það verði annars gjört að sinni; því virðist réttast, að höggva þennan hnút þegar í stað. Við höfum nú valið þá leiðina, að fjölga heldur þjóðkjörnum þingmönnunum; voru til þessa ýmsar ástæður. Fyrst og fremst sýndist svo, sem Ed. yrði nokkuð fámenn að öðrum kosti; enn fremur er slík stefna alveg í samræmi við skoðun Jóns Sigurðssonar; hann vildi jafnvel, að þjóðkjörnir þingmenn væru 50—60; þessari þingmannafjölgun hélt hann fram bæði í ræðu og riti, og loks í hinni síðustu ritgerð sinni í Andvara, sem telja má hans pólitisku arfleiðsluskrá til vor. Í þessu frv. er nú ekki gengið eins langt með fjölgunina eins og Jón Sigurðsson vildi fara, og þegar litið er á mannfjöldann nú og hann borinn saman við fólkstölu hér á landi 1874, þegar tala þingmannanna var ákveðin, þá sést það, að fólkstala hefir aukist tiltölulega meir en svari fulltrúafjölgun þeirri, sem hér er farið fram á. Það virðist því harla beint við liggja, að fara þá leið, sem hér er farin. Aftur er það spurning út af fyrir sig, hvernig kjósa skuli þessa 4 nýju þingmenn, en hún skal látin liggja milli hluta að þessu sinni.

Þá kem eg annari principbreytingunni, rýmkun kosningarréttarins. Hingað til hefir hún átt erfitt uppdráttar. Framan af var íhaldssemin svo mikil, að kosningarrétturinn

var bundinn við fasteign. Af þessu leiddi það, að þegar þingmann skyldi kjósa í Vestmanneyjum, þar sem jarðirnar voru konungseign, þá varð enginn kosinn, af því að enginn var til kjósandinn, og gekk svo fram til 1857; svo ströngum skilyrðum var kosningarrétturinn bundinn. Í þessu frumv. er kosningarrétturinn þó nokkuð takmarkaðri en hjá samþegnum vorum Dönum, þar sem allir hafa rétt til kosninga til fólksþingsins, hvort sem þeir borga nokkuð til sveitar eða eigi. Að eins í einu atriði er kosningarrétturinn takmarkaðri þar en hér; þar er hann bundinn við 30 ára aldur, en eigi við 25 ár, eins og hér. Ennfremur er þess að gæta, að eins og greinin um kosningarréttinn er orðuð nú í stjórnarskránni, er ekki hægt að beita henni réttvíslega. Þar er svo fyrir mælt, að í kaupstöðum hafi ekki aðrir kosningarrétt en þurrabúðarmenn og kaupstaðarborgarar, auk embættismanna og þeirra, er ákveðin próf hafa tekið. En nú vitum vér, að margir hafa verið teknir upp á kjörskrá, sem ekki hafa leyst borgarabréf. Þetta kemur til af því, að nýir flokkar manna hafa komið upp, eftir að kosningarréttar- og kjörgengisákvæðin voru samin, flokkar, sem óhjákvæmilegt hefir þótt að á kjörskrá væru teknir. Þessu höfum vér viljað breyta þannig: »Kaupstaðarborgarar og aðrir karlmenn í kaupstöðum« o. s. frv., svo að lagast gætu misfellur þær, sem hér eru augsýnilega á orðnar. En það sem er aðalspurningin hér, er það, að í frv. er fært niður gjaldið, sem heimtað er sem skilyrði fyrir kosningarréttinum, af því að oss fanst það óeðlilegt, eins og það er nú. Það má að vísu segja, að þörf sé að reyna að tryggja það, að ómentaðir menn eða lítt mentaðir fái eigi að neyta kosningarréttar. En bæði má segja, að lítil trygging sé fyrir, að saman fari ákveðin mentun og tiltekið gjald til sveitar, og hvaða trygging er hins vegar fyrir, að sérhver grasbýlismaður sé betur mentaður en þurrabúðarmaðurinn eða kaupstaðarborgarinn, þótt eigi gjaldi hann sínar 8 eða 12 kr. til sveitar? Auk þess er það hart, að menn í þeim sveitum, þar sem aumingjaskapurinn og amlóðaskapurinn er mestur, og þar af leiðandi sveitarþyngsli mest, skuli hafa meiri rétt en menn þar, sem framtak er meira og mannskapur, og þar af leiðandi sveitargjöld lægri. Réttast hefði ef til vill verið, að binda eigi kosningarréttinn við neitt ákveðið sveitargjald, eins og bræður vorir í Danmörku gjöra, og líklega hefði ekki verið mikil áhætta, að stíga sporið svo langt, því að það má ganga að því sem vísu, að stjórnin muni vilja unna oss allra hinna sömu þegnréttinda sem samþegnum vorum í Danmörku. En til að fara nógu gætilega, vildum vér þó eigi fara svo langt nú.

Það hefir komið fram í ýmsum kjördæmum landsins, sérstaklega á Norður- og Austurlandi, að varhugavert hefir þótt, að heimtaðir væri $^2/_3$ hlutar þingmanna á fundi til þess að gjörðir hans teldust lögmætar, og hafa menn viljað, að ákvæði um þetta kæmust í samræmi við það, sem er í grundvallarlögum Dana og þingsköpum.

Eg skal ekki tala mikið um þetta atriði; sjálfum finst mér það eiginlega hvorki gera til né frá; en þeir eru sumir, sem telja það all-þýðingarmikið. En er þá nokkuð sérlegt á móti breytingu þessari? Það finst mér eigi vera; og að því er afstöðu stjórnarinnar snertir, finst mér ekki geta verið áhætta að koma fram með hana, þar sem hér er að eins farið fram á hið sama og á sér stað í Danmörku. Ákvæðið er heldur aldrei upprunalega

komið frá stjórninni. I frumv. því, er hún lagði fyrir þingið 1867, var svo til ætlast, að fundur væri lögmætur, ef meir en helmingur þingmanna væri á fundi. Meiri hluti nefndarinnar í málinu á þinginu 1867 var og stjórninni sammála í þessu. En svo kemur einn þingm. fram með þá br.till., að $^2/_3$ hlutar þyrftu til þess að gjörðir þingsins væru lögmætar. Enginn tók til máls um br.till. þessa, og svo var hún samþykt með 14 atkv. af 27. Ákvæðin virðast því vera komin inn í stjórnarskrána af tilviljun og fyrir hugsunarleysi, líkt og stjórnin hefir sagt um ákvæðið í 61. gr. stjórnarskrárinnar. Því virðist rétt að laga þetta, fyrst mörgum sýnist vera það áhugamál.

Þetta eru nú helztu nýmælin í frumv. þessu. Að öðru leyti er það samkvæmt frumv. því, sem samþ. var í Ed. á síðasta þingi. Eg þykist þess fullviss, að enginn geti neitað því, að frumv. þetta sé bygt á þeim grundvelli, sem stjórnin hefir lýst yfir að hún mundi samþykkja frumv. á; hér er í engum atriðum farið út fyrir samningagrundvöll stjórnarinnar. En að öðru leyti þykjumst vér flutningsmenn frumv. hafa tekið svo mikið tillit til radda þingmanna og kjósenda úti um land, að vér getum gert oss vonir um, að nú geti þingið orðið á eitt sátt um málið. Hér hafa sem sé verið tekin til greina þau atriði, sem hingað til hafa einkum þótt vanta í frumv. Eg vona því, að þessu frumv. verði vel tekið í háttv. deild og að það megi leiða til þess, að allir háttv. þingm. leiðist til heppilegrar samvinnu sín á milli og við stjórnina, og að vér getum gengið þannig frá málinu á þessu þingi, að aðgerðir vorar verði blessunarríkar fyrir land og lýð, fyrir alda og óborna.

Pétur Jónsson: Það er ekki svo að skilja, að eg ætli að gera miklar athugasemdir við frumv. það, sem hér liggur fyrir, enda býst eg við, að það fái þá meðferð hér í deildinni, að það verði oftar en í dag tækifæri til að tala og láta álit sitt í ljósi um það. Eg get ekki annað en viðurkent, að við þetta frumv. er ýmislegt, sem mikils er um vert, gert til þess, að koma til móts við þá menn, sem áður hafa fundið frumv. dr. Valtýs ýmislegt til foráttu. Eg hefi verið einn af þeim mönnum, sem ekki hafa getað sannfærst um, að frumv. það, sem dr. Valtýr flutti á þingi 1897, væri spor í áttina til meira sjálfsforræðis, eða með öðrum orðum, að það væri rétt spor, eða að þar sem frumv. í eina áttina væri til bóta, þá væri það í hina áttina til meiri skaða. Eg skal játa, að með þessu frumv. er reynt að bæta svo mikið úr skák, sem unt er, og eg efast um, að hægt sé að gera meira í þá átt, meðan bygt er á þeim grundvelli, að stjórnin sé útlend, og eg vona, að þessi tilraun hafi bæði mikil og heillavænleg áhrif á samvinnu innan þings. En engu að síður álít eg það afarþýðingarmikið, að fá að vita, hve miklar líkur eru til, að stjórnin veiti þannig löguðu frumv. áheyrn eða staðfestingu, og það var aðalerindi mitt með að standa upp, að beina þeirri spurningu til fulltrúa stjórnarinnar hér á þingi, h. hæstv. landsh., hve mikla vissu eða að minsta kosti hve miklar líkur hann geti gefið fyrir því, að stjórnin mundi ganga að frumv., eins og það liggur fyrir.

Landshöfðingi: Í tilefni af fyrirspurn h. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skal eg leyfa mér í aðalatriðunum að vísa til boðskapar hans hátignar konungsins (17. maí 1901), en að öðru leyti er ekki hægt að svara fyrirspurninni án þess að fara út í einstök atriði, en það er ekki leyfilegt við þessa umræðu.

Þó skal eg að eins alment taka fram, að það eru sérstaklega tvö atriði, sem mér finnast athugaverð við frumv.: í fyrsta lagi, að í frumv. er að minsta kosti eitt ákvæði, sem stjórnin getur ekki samþykt, og í öðru lagi vantar í það ákvæði, sem stjórnin hefir áskilið. Eg verð því að telja það ólíklegt, að stjórnin gangi að frumv., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR: Samþ. að kjósa 7 manna nefnd, og þessir kosnir með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Valtýr Guðmundsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,
Björn Bjarnarson, þm. Borgf.

1. umr. síðan frestað.

Framh. 1. umr., 20. júlí. Frumv. C. bls. 179, nefndarálit C. bls. 301.

Þá kom, áður en umræður hófust, fram áskorun til forseta um að slíta fundi, áður en stjórnarskrármálið kæmi til umræðu, og setja fund aftur nokkurum mínútum síðar með nýrri dagskrá, og taka á hana bæði hin fyrirliggjandi frumv. (á þskj. 28 og 39) Undir áskoruninni stóðu nöfn þessara þingmanna: Valtýs Guðmundssonar Stefáns Stefánssonar þm. Skgf., Magnúsar Torfasonar, Þórðar Guðmundssonar, Björns Kristjánssonar, Þórðar Thoroddsens, Sigurðar Sigurðssonar, Ólafs Briems, Jóhannesar Jóhannessonar, Skúla Thoroddsens, Einars Jónssonar, Guðlaugs Guðmundssonar.

Samkvæmt áskorun þessari var síðan málið tekið út af dagskrá, og ákveð forseti fund sama dag kl. 1 og 5 mínútur.

Þá var fundur (kl. rúml. 1) settur aftur.

Framsögumaður meiri hlutans (Guðl. Guðmundsson): Eg ætla að eins að leyfa mér að vísa til nefndarálits þess, er liggur fyrir í málinu. Eg álít að það hafi ekki neina þýðingu að vekja umræður um málið á þessu stigi, en vil að eins óska, að það gangi til 2. umr.

Framsögumaður minni hlutans (Hannes Hafstein): Eg er því algjörlega samþykkur, sem b. framsm. meiri hlutans tók fram, að það sé ekki ástæða til að vekja umræður um mál þetta við framh. þessarar 1. umr., og leyfi mér því eins og hann að skírskota til nefndarálitsins. Í áliti minni hl. er tekið fram, hverju vér teljum ábótavant við frumv. meiri hl., hvers vegna vér teljum það ólíklegt, að það fengi staðfestingu, hvaða breytingar vér álítum nauðsynlegar, og hvaða ástæður vér höfum til að ætla, að þær stjórnarskrárbreytingar, sem vér viljum halda fram, geti verið eins líklegar til staðfestingar, eins og þær, sem hinir hafa stungið upp á. Breyt.till. vorar eru komnar í prentsmiðjuna, og verður væntanlega innan skamms útbýtt í deildinni.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 23. júlí (frv. C bls. 179, breyt.till. C bls. 339).

Framsögumaður meiri hlutans (Guðl. Guðmundsson): Af því að nefndarálitin, sem liggja fyrir í málinu, eru allítarleg frá báðum hliðum, þá hef eg ekki sérstaka ástæðu til þess nú, að fara að flytja langa ræðu um málið. Eg vona að þær umræður, sem fara eiga fram um þetta mál hér í dag, gangi með þeirri stillingu og alvöru,

sem málið, sem eitt af þýðingarmestu málum þjóðarinnar, í raun og veru á skilið.

Eins og kunnugt er af nefndarálitunum, þá hefir nefndin ekki getað orðið sammála í öllum atriðum; og það er sérstaklega í einu atriði, sem meiri hluta og minni hluta nefndarinnar greinir á, eins og sjá má af álitinu, sem fyrir liggur. Meiri hluti nefndarinnar getur sem sé ekki fallist á það, að það sé eins og nú stendur heppilegt, að taka upp í þetta frv. ákvæði um það, að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli vera búsettur hér á landi, ekki af því að meiri hlutinn sé ekki á því, að þetta ákvæði væri mjög æskilegt, heldur vegna þess, að maður telur alls enga von um, að svo lagað ákvæði mundi ná staðfestingu, og fyrir það eitt vill maður ekki tefla í tvísýnu þeim umbótum á stjórnarskránni, sem fáanlegar eru og talið er víst, að muni fá samþykki hans hátignar konungsins. Hv. minni hl. hefir vikið stuttlega að því, að það frv., sem liggur fyrir á þgskj. 28, *bæti ekki viðunanlega úr þörf þjóðarinnar*. Þetta eru eigi rétt tiltærð orð meiri hlutans. Meiri hlutinn hefir að eins sagt það, að með því frv. væri *í öllu falli um nokkurn tíma bundinn viðunanlegur endir* á þá deilu, sem nú hefir staðið yfir um nokkur ár viðvíkjandi þessu máli.

Maður getur verið mjög vel ásáttur um það, að þær umbætur, sem í frv. felast, þær séu of litlar; en eigi að síður, það er ómögulegt að neita því, að umbæturnar eru talsverðar; og skal eg því til sönnunar bera fyrir mig orð stjórnarfulltrúans, er hann sagði á þingi '99, þar sem hann, sem er þessu manna kunnugastur, tók það einmitt fram, að með því frv., sem þá lá fyrir, og sem í öllum aðalatriðunum var samhljóða því, sem nú liggur fyrir, sé bætt úr einum tilfinnanlegasta gallanum á stjórnarfari landsins.

Það, sem aðallega greinir menn í sundur hér nú, það virðist mér vera það, að nokkur hluti þingsins eða nokkur hluti nefndarinnar gerir sér von um, að flokkaskifti muni verða við stjórnina í Danmörku, og að sá flokkur, sem væntanlega tekur við stjórn, muni líta öðruvísi á þetta atriði um búsetuna, heldur en sá flokkur, sem nú situr við völdin. Þessar vonir sínar byggja menn að mér finst nokkuð í lausu lofti. Háttv. minni hluti vitnar í áliti sínu í orð, sem fallið hafa milli 1870 og 80, eftir Berg, sem þá var um tíma foringi einnar deildar í vinstrimannaflokknum; en eg skal geta þess, að eg hygg, að sá maður hafi ekki talað um málið af neinum verulegum kunnugleika, og í öllu falli ekki litið á það frá Íslands hlið. Og það er öldungis víst, að þessi skoðun, sem meiri hlutinn lýsir í áliti sínu, þessi grundvallarskoðun hjá dönskum stjórnmálamönnum yfirleitt, eg held að hún sé mjög rótföst. Og eg hef enga ástæðu til að halda, að lögfróðir menn af vinstrimannaflokknum líti þá spurningu nokkuð öðrum augum heldur en einmitt hægrimannastjórnin. Háttv. minni hluti ber það fyrir sig, að hann hafi frétt eða fengið munnlega vitneskju um það, af merkum Íslendingi, sem er búsettur í Kaupm.höfn, að einstakir leiðandi menn hafi verið spurðir um þetta atriði og þeir hafi látið í ljósi, að þeir mundu verða því fylgjandi, að þetta væri samþykt, ef og þegar þeir yrðu ráðgjafar, náttúrlega. Á þessu byggir háttv. minni hluti mikið; en eg fyrir mitt leyti, og meiri hluti nefndarinnar, við getum ekki talið það hyggilegt eða ráðlegt, að byggja svo mikið á slíku, af því það er mjög í lausu lofti.

Það er vitanlegt, að sá heiðursmaður

sem flutt hefir þessa fregn, það er merkur og mjög vel metinn vísindamaður, sem landinu er mikill sómi að eiga meðal sinna sona sem vísindamann; en hins vegar — eg segi það ekki til þess að gjöra lítið úr manninum eða niðra honum — hins vegar er mér ekki kunnugt um, að hann sé sérlega sérfróður maður að því er stjórnmál snertir, en eins og kunnugt er, til þess að dæma um slík mál, þarf einmitt sérstaka mentun, sérstakan fróðleik.

Eg get því ekki álitið það öldungis víst, að hann hafi getað borið undir þessa menn þetta mál, eins og það í raun og veru liggur fyrir; og eg get heldur ekki lagt svo sérlega mikið upp úr því, þó þessir einstöku menn, valdalausir, hafi í munnlegu samtali við einstakan mann sagt eitthvað á þá leið, sem þýða mætti á þann veg, sem h. minni hluti gjörir.

Hér er svo margt »ef« og svo margt í lausu lofti, að eg tel ekki ráðlegt fyrir þingið, að fresta svo mikilsverðu máli um 2—3 ár, þar sem ástæðurnar til að fresta því eru bygðar á svo lausum grundvelli. Eg skal benda á, að um þau mál, er snerta sambandið milli Íslands og Danmerkur, mun oftast ráðaneytisforsetinn danski og dómsmálaráðherrann ráða mestu, og er það eðlilegt, að aðrir ráðgjafar kynni sér þau mál lítið og láti þar lítið til sín taka.

Eg hefi heyrt spádóma um, hverjir verða mundu ráðaneytisforseti og dómsmálaráðherra og Íslands ráðgjafi í væntanlega ráðaneyti vinstrimanna; en frá þeim mönnum, er til þess hafa verið nefndir, liggja ekki fyrir þinginu neinar beinar yfirlýsingar um þetta mál. Það er því sannfæring mín, að það sé talsverður ábyrgðarhluti, að byggja mjög mikið á von um góðar undirtektir frá þessara manna hálfu, þar sem sú von hangir alveg í lausu lofti.

Það hefir verið vikið að því, að í frv. á þskj. 28 stæðu ýms ákvæði, sem gjörðu það ólíklegt, að frv. næði samþykki stjórnarinnar; en eg skal taka það fram, að í boðskap H. H. konungsins er það tekið fram, að vænta megi samþykkis H. H. á þeim nauðsynlegum breytingum á stjórnarskrá vorri, er ekki raska hinu pólitiska sambandi Íslands og Danmerkur. — Eg verð að líta svo á, að ágreiningurinn, sem verið hefur í þessu máli, falli í 2 kafla, ef svo mætti segja. Annar kafli þessa ágreinings er og hefir verið um stöðu Íslands í ríkinu. Stjórn alríkisins hefir tekið sér vald til að skera úr þessu atriði, og tekið ákvörðun um stöðu Íslands í ríkinu, og heldur fast fram, að ekki megi breyta neinu um þetta atriði án samþykkis alríkisstjórnarinnar; og mun engum blandast hugur um, að í þessu efni er stjórnin ofjarl vor og að vér getum að svo stöddu ekki þröngvað fram vorum skilningi eða vilja á þessum atriðum, móti stjórn alríkisins. Til þess höfum vér eigi bolmagn, og verðum því að láta þann ágreining liggja milli hluta.

Það er samband ráðgjafans íslenzka við ríkisráðið, búseta æðstu stjórnarinnar á Íslandi og landsdómurinn, sem hér eru ágreiningsatriði, og um þessi ágreiningsatriði er ekki til neins að semja, þykkja neitt að svo stöddu, er alríkisstjórnin telur koma í bága við grundvöll þann, er hún byggir á.

Hinn kaflinn er um fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar vorrar í sérmálum vorum, og breytingar á henni innan þessara takmarka. Mótpartur okkar í þessu efni er okkar sérstaka ráðgjafastjórn. Gagnvart henni er alt samningamál, þar sem líta verður á það, hvaða fyrirkomulag sé haganlegt

og heppilegt, svo framarlega sem eigi er með því hreyft neitt við stöðu Íslands í ríkinu. Um þau atriði virðist mér, eftir yfirlýsingunni í boðskap konungs, að vér getum samið við vora eigin ráðgjafastjórn. Það getur verið, að í frv. séu einhver ákvæði, sem okkar núverandi stjórn álítur óheppileg og vill ekki samþykkja, en við þurfum ekkert að óttast, að aðalríkisstjórnin skerist í, að slíkum lögum verði synjað staðfestingar. Eg lít svo á boðskap hans hát. konungsins, sem sé það vilji H. H., að veita samþykki þeim breytingum á stjórnarskrá vorri, er ekki koma í bága við stöðu Íslands í ríkinu, og eg leyfi mér að skilja boðskapinn svo, að svo framarlega sem stjórn sú, er nú hefir völdin, ekki vill undirrita slíkar breytingar, þá muni H. H. hafa bæði vald og vilja til að skipa þann ráðgjafa, sem hefir traust Hans Hátignar, og er fús á að samþykkja slík lög.

Eg finn ekki ástæðu til að rekja einstök atriði málsins, með því að það hefir verið gjört all-ítarlega í nefndaráliti meiri hlutans, og eg hefi þar engu sérstöku við að bæta. Að eins skal eg geta þess, að á þgskj. 156 er breyt.till. sem ekki er nefnd í nefndarálitinu og það er breyt.till. við 1. gr.: Í stað »skilja og tala« komi »tala og rita«. — Það er enginn meiningarmunur, að eins orðabreyting, sem eg tel heppilega.

Eg hefði álitið það mjög æskilegt, ef hæstv. stjórnarfulltrúi vildi láta í ljósi, hvort það, sem farið er fram á í frv. á þgskj. 28, komi í bága við þann grundvöll fyrir breytingar á stjórnarfyrirkomulagi voru, sem tiltekinn er í boðskap H. H. konungsins í ár, hvort 1. og 2. liður í breyt.till. minni hluta nefndarinnar á þgskj. 156 komi í bága við þann grundvöll, og að endingu, hvort frumv. á þgskj. 28 með breyt.till. meiri hl. hafi að efninu til inni að halda nokkur atriði svo óaðgengileg fyrir hinn íslenzka ráðgjafa, að orðið gæti til þess, að frumv. yrði synjað staðfestingar.

Landshöfðingi: Út af áskorun h. framsm. meiri hl. skal eg leyfa mér að tala nokkur orð. Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að frumv. á þgskj. 28 hefði inni að halda nokkur ákvæði, er gjörði það ólíklegt, að frumv. næði staðfestingu, og bygði eg það ekki að eins á sjálfum boðskap H. H. konungsins, heldur og á því, sem ráðgjafi Íslands sagði mér um afstöðu sína til þessa máls.

Í boðskap konungsins stendur með berum orðum, að Hans Hátign muni ekki synja um þamþykki sitt til þess, að breytt skipun komist á stjórnarfyrirkomulagið í þeirri mynd, sem stjórnin, á tveim síðustu þingum, hefir lýst aðgengilega. Og hver er þá þessi mynd á þessari breyttu skipun, sem stjórnin hefir lýst aðgengilega? Það er frumv. það, sem h. þm. Vestm. bar fram á þinginu 1897 og sem þáverandi ráðgjafi Íslands hafði lýst yfir, að hann mundi bera fyrir konung til staðfestingar, ef það yrði samþykt óbreytt af þinginu.

Þetta felst og í yfirlýsingu stjórnarinnar um það, hverjar breytingar hún mundi aðhyllast, og í annan stað í ráðgjafabréfi 26. maí 1899, sem prentað er í B-deild Stjórnartíðindanna. Þar leggur ráðgjafinn til grundvallar frumv., eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. 1897 og felt í Nd. Í bréfinu er það tekið fram, að þótt frumv. hefði verið samþykt óbreytt í Nd., þá hefði verið ómögulegt fyrir ráðgjafann að leggja það til, að frumv. yrði að lögum. Eg þykist vita með vissu, að allir háttv. þingdm. hafi lesið þetta bréf með athygli. Og þegar þetta frumv., sem hér liggur fyrir, var borið fram hér í deild-

inni, las flutnm. upp kafla úr bréfinu, og fanst mér hann lesa að eins þá kaflana, sem vora máli hans til stuðnings, en ekki hina Þeir gallar, sem ráðherrabréfið frá 26. maí 1899 getur um, eru enn óbreyttir í frumv. því, sem hér liggur fyrir. En í þessu bréfi er fyrst sagt í almennum orðum, að þingið í ýmsum greinum hafi breytt frumv. frá 1897, og hafi þær breytingar verið í þá átt, að þær hefðu hlotið að verða því til fyrirstöðu, að frumv. næði samþykki ráðgjafans og konungs. Og þar næst eru nefnd 2 atriði, þó ekki séu þau úttæmandi; því það voru fleiri atriði í frumv. frá 1899, sem stjórninni þóttu óaðgengileg. Þau tvö atriði, sem sérstaklega eru nefnd í ráðherrabréfinu, eru í fyrsta lagi það, hvernig 2. gr. er orðuð, sem einnig nú er 2. gr. í frumv. á þskj. 28. Þar stendur: »Alþingi getur kært ráðgjafann«. En þessu hafði stjórnin áskilið sér að væri haldið óbreyttu eins og það stendur í stjórnarskránni, þannig: »Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum«, til að sýna, að hér eiga fleiri hlut að máli, og er það greinilega tekið fram, hvers vegna stjórnin leggur áherzlu á þetta. I öðru lagi hafði stjórnin áskilið sér, að 61. gr. stjórnarskrárinnar yrði breytt þannig, að stjórninni væri ekkki gert að skyldu að leysa upp alþingi og stofna til almennra kosninga af nýju, þegar uppástunga um breytingu á stjórnarskránni nær samþykki beggja þingdeildanna, nema stjórnin vilji styðja málið. Þetta var beinlínis tekið fram á þinginu 1897 sem beint skilyrði fyrir því, að stjórnin vildi leggja það til, að breytingin á stjórnarskránni yrði samþykt, og jafnframt er það tekið fram í ráðgjafabréfinu frá 26. maí 1899.

En fremur þykir stjórninni ákvæðið um, að ráðgjafi Íslands skuli skilja og tala íslenzka tungu og megi ekki hafa önnur ráðgjafastörf á hendi, koma í bága við vald konungs til að velja sér ráðgjafa, en hins vegar telur stjórnin það óheppilegt, af því það getur verið nauðsynlegt, ef ráðgjafi Íslands er forfallaður eða fellur frá, að fela öðrum ráðgjafa embættið á hendur að minsta kosti um stundarsakir, þótt hann skilji ekki né tali íslenzka tungu. Auk þess gæti það verið nauðsynlegt fyrir stjórnina, að fela ráðgjafa Islands annað ráðgjafaembætti á hendur um stundarsakir; en eftir þessu frumv. er það bannað. Stjórninni virðist það líka vera óþarft, að ákveða í stjórnarskránni, að ráðgjafinn skul tala og skilja íslenzka tungu, því það hefir alt af verið meining stjórnarinnar, að ráðgjafinn yrði Íslendingur, en þar að auki gæti þetta ákvæði orðið talsvert óþægilegt. Ýmsir þingmenn gætu til dæmis farið að fetta fingur út í, að ráðgjafi sá, er mætti á þinginu, talaði ekki né ritaði svo vel málið, sem til væri ætlast.

Ráðgjafi Íslands vill því ekki leggja til, að frumv. þetta verði að lögum, af þessum þrem ástæðum, sem eg nú hef greint: 1) af því hvernig 2. gr. frumv. (3. gr. stj.skr.) er orðuð; 2) af því að 61. gr. stj.skr. er haldið óbreyttri, og 3) vegna viðauka þeirra, er eg hefi nefnt í 1. gr. frumv. (2. gr. stj.skr.); og hefi eg umboð ráðgjafans til að lýsa því yfir, að hann getur ekki mælt með því, að svona lagað frumv. nái staðfestingu konungs.

Auk þess eru önnur atriði, sem stjórnin leggur mikla áherzlu á, og fyrst og fremst vill stjórnin hafa tryggingu fyrir því, að stjórnarskrárbreyting sú, er farið er fram á, yrði til frambúðar, og að deilu þeirri linti, sem nú hefir staðið langa hríð til mikils ills. En til þess að stjórnin telji, að næg trygging sé fyrir þessu, þarf frumv. að fá fylgi

þjóðarinnar í heild sinni. Frumv. sem samþykt væri með öllum þorra atkvæða mundi fá betri undirtektir, enda þótt nokkrir agnúar væru á því, en annað frumv., sem samþykt væri með mjög litlum atkvæðamun, þó agnúarnir væru færri. Þetta leggur stjórnin mikla áherzlu á. Eg vil ráða þeim mönnum, sem ant er um að fá því framgengt, að sérstakur ráðgjafi verði skipaður, er mæti á alþingi, að gjöra frumv. svo vel úr garði, að stjórninni þyki aðgengilegt, að veita því staðfestingu.

Þær nýjar breytingar, sem flutnm. og nefndin hefir aðhylst, eru sumar þess eðlis, að stjórnin mundi verða þeim fremur mótfallin. Hins vegar hefir stjórnin ekkert á móti því, að rýmka kosningarrétt til alþingis. Eg skal ekkert um það segja, hvort aðferð sú, er 5. gr. fer fram á, sé heppileg eða ekki, en hygg að stjórnin hafi ekkert á móti ákvæðum hennar. Stjórnin er ekki heldur ófús á að breyta skipun Ed. Ekki á þann hátt, sem 3. og 4. gr. frumv. fer fram á, heldur svo, að ekki væru kosnir menn í hana af sameinuðu þingi, eins og nú er, heldur kosið beint.

Aðrar breytingar, t. d. við 28., 34., 36. gr. stj.skr. álít eg ekki neitt hættulegar. En það eru þessi sker, sem frumv. frá 1899 mundi hafa strandað á, og 3. og 4. gr. þessa frumv., sem geta orðið og munu verða því til fyrirstöðu, að ráðgjafinn geti lagt það til, að frumv. verði samþykt.

Hvað háttv. framsm. meiri hlutans hefir fyrir sér í því, að konungurinn leggi svo mikla áherzlu á, að ráða máli þessu til lykta, að hann mundi víkja þeim ráðgjafa frá, sem neitaði að bera þetta frumv. upp til staðfestingar og taka sér annan ráðgjafa, er fús væri til þess, veit eg ekki. Hann hlýtur að hafa fengið einhverja sérstaka vitran, sem mér er hulin, og þó eg beri mikið traust til framsýni háttv. framsm. (Guðl. G.), þá hefi eg litla trú á, að svo mundi fara, sem hann gjörir ráð fyrir.

Þar sem háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) gjörði fyrirspurn um, hvort breyt.till. minni hlutans mundu vera samþýðanlegar þeim samningsgrundvelli, sem minst er á í boðskap H. H. konungsins, þá get eg gjört honum það til geðs, að segja honum, að þær bæta ekki úr skák, heldur koma jafnmikið eða enn meir í bága við þann samningsgrundvöll. En þetta hefir mjög litla þýðingu, þar sem frumv. meiri hlutans, eins og það er nú, getur ekki heldur vænt staðfestingar.

Framsögumaður minni hlutans (Hannes Hafstein): H. framsm. meiri hlutans (Guðl. Guðm.) lýsti því yfir í ræðu sinni, að aðalástæðan fyrir því, að meiri hlutinn gæti ekki aðhylst tillögur minni hlutans um að stjórn sérmála vorra sé falin ráðherra, er búsettur sé hér í landinu, væri sú, að meiri hlutinn vildi ekki tefla því í tvísýnu, að frumv. það, sem hann vill sætta sig við, næði staðfesting stjórnarinnar. Hann gengur út frá því, að frumv. þeirra sé þannig sniðið eftir velþóknun hægristjórnarinnar, sem enn situr að völdum, að hún hljóti að taka því tveim höndum, og byggir hann þetta einkanlega á konungsboðskapnum til þessa þings. En minni hluti nefndarinnar hefir þegar frá upphafi lagt annan skilning í boðskap H. H. konungsins en meiri hlutinn, og í dag höfum vér fengið skýlausa yfirlýsing stjórnarfulltrúans, hæstv. ldsh., um, að skilningur vor er réttur. Hæstv. landsh. hefir afdráttarlaust lýst því yfir, að með frumv. meiri hlutans, eins og það nú er orðið, sé vikið út frá þeim grund-

velli, sem stjórnin hefir afmarkað til samninga, og að ýms ný atriði, sem í það hafa verið sett, muni gjöra það að verkum, að frumv. geti ekki náð staðfesting, auk þess sem í það vanti breytingarnar á 61. gr., sem sett hafi verið sem skilyrði fyrir því, að stjórnin aðhyllist nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni. Frumv. hins heiðraða meiri hluta er ekki lengur frumv. með fyrirheiti, eða neinu vilyrði um staðfestingu. Meiri hlutinn hefir vikið út frá þeirri reglu, sem hingað til hefir verið stefna þess flokks: að láta undan og sleppa þeim kröfum þjóðarinnar, er ekki hefir þótt full vissa fyrir, að fást mundi framgengt hjá stjórninni. Hann hefir í þetta sinn ekki séð sér annað fært en að láta einnig dálitið undan þeirri mótspyrnu, sem frumv. síðustu þinga hafa mætt hjá þjóðinni, og teflir nú sjálfur málinu í tvísýnu, eða réttara sagt, gjörir nú frumv. sitt svo úr garði, að það samkvæmt yfirlýsing hæstv. landsh. getur ekki átt von á staðfesting þeirrar stjórnar, sem nú situr að völdum. En þegar svo er komið, þá er engin ástæða til að útiloka nauðsynlegar og réttmætar kröfur af þeirri ástæðu, að þar með sé málinu teflt í tvísýnu. Þessi tvísýna er ekki lengur til. Frumv. stendur engu nær að öðlast staðfesting stjórnarinnar án þeirra breytinga, sem minni hlutinn heldur fram, heldur en með þeim breytingum.

En úr því á annað borð er farið að halda fram breytingum, sem svo sem engin líkindi eru til að fáist staðfestar í bráðina, þá verður að vera eitthvað verulegt í þær breytingar varið, svo að vert sé fyrir þeim að berjast. Þegar þingið gengur móti yfirlýstum vilja stjórnarinnar, þá hlýtur meiningin að vera sú, að sýna, hvað menn vilja, og að hverju marki er stefnt. En vér, sem orðið höfum í minni hl. í nefndinni, höfum ekki getað séð, að frv. það, er hér liggur fyrir sýndi vilja þjóðarinnar, eða hefði þær réttarbætur í sér fólgnar, að það sé þess vert, að farið sé að svo stöddu að hefja vonlitla baráttu gegn stjórninni vegna þess, með þar af leiðandi æsingum og tímaeyðslu, því engin trygging er fyrir því, að breytingarnar yrðu að tilætluðum notum, þótt frumv. yrði staðfest. Það er engin vissa fyrir því, að hin fyrirhugaði, sérstaki Hafnarráðgjafi komi á þing, jafnvel þó hann hafi heimild til þess. Þvert á móti er hætt við, að hann þættist jafnan löglega forfallaður frá því, og það þegar af þeirri ástæðu, að eftir því, sem orð liggja til í frumvarpinu, má ekki fela stjórn sérmálanna í Kaupmannahöfn neinum, sem hefur önnur stjórnarstörf á hendi, og ekki fullnægir því skilyrði, að tala og rita íslenzka tungu.

Það er því hætt við, að ráðgjafinn gæti átt erfitt með að fá mann meðal hinna ráðgjafanna til að gegna embættinu í fjarveru sinni, og fari hann ekki sjálfur til þings, þá hefir hann allsendis óbundnar hendur með það, hvern hann sendir fyrir sig á þingið. Þeim manni eru engin skilyrði sett. Hann þarf hvorki að tala né rita íslenzku né hafa neina þekkingu á högum Íslands að neinu leyti, ekki einu sinni að fullnægja sömu skilyrðum og sett eru fyrir almennum embættum í landinu. Væri þá ver farið en heima setið, ef búið væri að kasta burtu þeim sjálfstjórnarvísi, að æðsti innlendur valdsmaður sitji á alþingi vegna embættisstöðu sinnar, og í staðinn fenginn á þing einhver ábyrgðarlaus útlendingur, sem enga þekking hefði á löggjöf né högum þjóðarinnar. En ef svo væri, sem h. meiri hl. heldur fram í nefndaráliti sínu, en sem eg álít þvert á móti orðum frumv., að millibilsráðgjafar þurfi

ekki að neinu leyti að fullnægja skilyrðum 1. greinar frumv., þá yrði hin síðari villan argari hinni fyrri, með því að þá gæti svo farið, að millibilsþjónustan yrði stundum helzt til löng.

Það eru engin takmörk fyrir því, að skipa megi menn í ráðgjafaembættin til bráðabirgða. Vér höfum séð, að í Danmörku hafa millibilsráðherrar setið með embættin árum saman. Eins gæti farið með íslenzka ráðherrasætið; allsendis ókunnur maður og öðrum önnum hlaðinn gæti orðið settur til að ráða málum vorum til lykta, þegar mest á riði, og er þá lítið á unnið.

Af þessum ástæðum og mörgum öðrum verðum vér, sem urðum í minni hl. í nefndinni, að líta svo á, að það ástand, sem frumv. meirihlutans stefnir að, sé ekki svo glæsilegt, að vert sé þess vegna að hefja vonlausa stjórnarbaráttu. Vér álítum annaðhvort að gjöra, að fresta málinu nú á þessu þingi, og sjá hverju fram vindur í Danmörku, eða þá segja hreint og hiklaust, hvað oss býr í hjarta, skýra rétt frá óskum, þörfum og rétti þjóðarinnar, og haga kröfum vorum eftir því.

Sumir hafa sagt, að það sé engin hætta, þótt samþykt sé nú þetta frv., sem hvorki þjóð né stjórn getur sætt sig við, því að afleiðingin af því sé engin önnur en sú, að aukaþing verði, og nýjar kosningar. Eg skal nú játa, að væri ekkert annað í húfi, þá væri afleiðingin ekki svo varhugaverð eða hættuleg; en hættan er bæði önnur og meiri. Það er sú hætta, sem hinn háttv. framsm. meiri hl. (Guðl. Guðms.) hefir gert altof lítið úr, nefnilega sú, að eins og nú stendur á stjórnhögum í Danmörku, gæti svo farið, að samþykt þessa frumv. gæti til langframa orðið slagbrandur fyrir frekari bótum á stjórnarfari voru. Ef til valda kæmist um þessar mundir í Danmörku ný og frjálslynd stjórn, sem enn ekki hefði tekið ákveðna stefnu í stjórnarmálum Íslands, en sem væri þess hugar, að verða við óskum og kröfum þings og þjóðar, þá mætti svo fara, að hún liti svo á, að Íslendingar væru ánægðir með það, sem farið er fram á í frumv. þessu, eða væru í öllu falli fúsir á að sætta sig við það, og yrði þá erfiðara að færa sig upp á skaftið og koma hinni nýju stjórn í skilning um, að óskir og kröfur þjóðarinnar og þingsins væru alt aðrar en þingið segði. En lægi ekki fyrir neitt frumv. frá þinginu, þegar stjórnarskifti yrðu, þá væri frjáls og opinn samningavegur til þess að fá miklu meiri og verulegri stjórnarbætur en þær, sem fólgnar eru í frumv. meirihlutans. Það væri því hreint og beint ólán, ef þingið væri búið að samþykkja þetta frumv. rétt áður eða um það leyti, er vinstrimannastjórn kæmist að völdum. Eins og háttv. landsh. tók fram, þá var það eitt af skilyrðum núverandi stjórnar fyrir því, að samþykkja stjórnarskrárbreytingu, að þar með væri bundinn endi á stjórnarbótarkröfur Íslendinga, að minsta kosti um all-langan tíma. Eg hygg nú, að væntanleg vinstrimannastjórn mundi eiga sammerkt við hægri stjórnina í því, að hún væri treg á að vera að hringla í stjórnarskrárbreytingum ár eftir ár. Væri því nýbúið að staðfesta þetta frv., þegar ný stjórn kæmist að, þá sæðum vér þegar af þeirri ástæðu ver að vígi eftir en áður í að fá framgengt nokkurri verulegri og viðunanlegri breytingu. Það er ekkert ástæðulaust hjal, engar skýjagyllingar, að ímynda sér, að vinstrimenn muni hafa alt aðra skoðanir á málum vorum en hægrimenn. Á ríkisþingi Dana haustið 1874, þegar stjórnarskrá vor var nýkomin í gildi, og fyrst átti að fara að framfylgja henni, mótmælti vinstrimannaforinginn Berg

því mjög fastlega við 1. umr. í fjárlögunum, og með honum margir af flokksmönnum hans, að ráðgjafinn fyrir sérmál Íslands gæti átt setu í ríkisráðinu sem slíkur, og lýsti yfir því, að það væri ekki að eins heimildarlaust, heldur beinlínis brot á móti grundvallarlögum Dana, að í ríkisráðinu sæti maður, sem bæri ekki ábyrgð á stjórnarathöfninni fyrir þjóðþinginu danska, heldur ætti við annað löggjafarþing að eiga. Það er engin ástæða til að efast um, að sams konar skoðanir, eins og þær er Berg og hans félagar héldu fram, eru enn ríkjandi hjá mörgum vinstrimönnum í Danmörku, og það er auðsætt, að menn, sem hafa þessa skoðun, geta ekki álitið það brot á móti ríkiseiningunni, að ráðgjafinn sé búsettur hér, né einu sinni halda því fram, að sérmál Íslands séu borin upp í ríkisráðinu. En sú spurning liggur nú ekki hér fyrir að sinni; það er ekkert ákvarðað um það í breyt.till. minni hlutans, hvort ráðherrarnir skuli eiga sæti í ríkisráðinu eða ekki, eg lít svo á, að H. H. konungurinn geti sjálfur tekið ákvarðanir þar að lútandi, því honum er frjálst að kveðja til ráðherra og ríkisráðssetu þá er hann vill.

En svo eg komi aftur að búsetu ráðgjafans hér, þá er það vitanlegt, að sú skoðun er ríkjandi hjá ýmsum forvígismönnum í vinstrimanna flokknum danska, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hin æðsta stjórn í hinum sérstaklegu málum sé falin á hendur hér búsettum, innlendum manni. Þetta hafa allir h. þingmenn nýlega heyrt staðhæft af merkum og trúverðum Íslendingi, sem á heima í Kaupmannahöfn, og hefir í sumar átt tal við helztu vinstrimanna foringjana um þetta efni. Hér er því ekki um neina draumóra eða spásagnir að ræða, heldur orð mannanna sjálfra um það, að þeir telji það sanngjarnt, og sjái ekkert því til fyrirstöðu, að æðsti stjórnandi landsins sé búsettur í landinu sjálfu.

Eg held því að öllum geti skilist, að sé hrapað að því, að samþykkja nú frumvarp, sem ekki fer fram á innlenda stjórn né hér búsettan ráðgjafa, þá er um annað og meira að ræða en árangurslaust þingrof, það nefnilega, að landið á á hættu, að fara á mis við mjög mikilsvarðandi og þýðingarmiklar breytingar á stjórnarfari voru, sem vér að öllum líkindum gætum fengið innan skamms, væri rétt að farið, og eigi farið fram á alt of lítið. — Sú mótbára, að það, að fara fram á meira heldur en fyrirliggjandi frumv. gjörir, muni tefja málið hjá núverandi stjórn, nær engri átt, þegar af þeirri ástæðu, að frumv. nær, eins og áður er á vikið, ekki staðfestingu hennar eins og það er, og hvort því er synjað af einni ástæðu eða annari, gjörir bersýnilega ekkert til, að því er töfina snertir.

Viðvíkjandi efni breytingartillaganna skal eg taka fram, að jafnvel þótt sumir hér í deildinni láti í veðri vaka, að í þeim sé engin bót fólgin, þá vona eg að það sé augljóst, að þær miði í rétta átt. Öllum háttv. þingdm. er kunnugt, að efni þeirra er í samræmi við frumv. það, sem borið var upp af 10 mönnum hér í deildinni á þessu þingi, og álít eg ekki þörf á að fara að útskýra þær að svo stöddu, en skal að eins geta þess, að þær eru hér miðaðar við það, að sameina eitt helzta meginatriðið úr sjálfstjórnarkröfu þjóðarinnar við skilning þann, er af hálfu hinnar dönsku stjórnar hefir verið lagður í stöðu Íslands í ríkinu, án þess að sleppa neinum eldri kröfum, eða neinum fengnum réttindum. Eg hefi heyrt, að sumir þykist vera hræddir við, að

ráðgjafinn í Kaupmannahöfn verði eins konar ofjarl fyrir ráðgjafann hér heima, en eg sé ekki að neinu senni leg ástæða geti verið til að gjöra sér þá grýlu, því honum er atmarkað stjórnskipulegt verksvið, sem hann get-ur ekki farið út yfir. Í 1. breyt.till. minni hl. stendur hiklaust, að ráðherr-ann á Íslandi skuli framkvæma hið æðsta vald fyrir hinum sérstaklegu mál-efnum Íslands, og að jafnaði bera lög og önnur mikilsvarðandi málefni sjálf-ur fyrir konung, vitanlega með því að fara á hans fund, og er þá gert ráð fyrir, hver skuli gegna embætti hans hér meðan hann fer utan. En þegar svo ber undir, að ráðherrann á Íslandi getur ekki fylgt málum sínum sjálfur á konungsfund, þá býst eg þó við að þau verði afgreidd til fullnustu á vænt-anlegri ráðaneytisskrifstofu hér í Reykja-vík, contrasigneruð af ráðherranum sjálfum og síðan send Hafnarráðherran-um til þess að hann beri þau fram fyr-ir H. H. konunginn. Hafi hann eitthvað gegn málunum að athuga, svo að hann ekki vilji flytja þau, er afleiðingin að eins sú, að bíða verður þess, að ráðherr-ann á Íslandi komi sjálfur. Öll þau af-skifti, sem Hafnarráðherrann hefir af þeim málum, er því að bera þau fram fyrir konung til undirskriftar, og hann hefir ekki önnur lögmæt áhrif á úrslit þeirra en hver annar, sem konungur getur haft tal af, en fyrir það verður aldrei girt, að hvaða maður sem vill fái áheyrn hjá H. H. konunginum og með fortölum reyni að hafa áhrif á úr-slit íslenzkra mála jafnt og annara rík-ismála. Sú kenning mótstöðumannanna, að ráðherrann í Kaupmannahöfn hefði vald til að hamla framgangi sérmála Islands, er ráðherrann á Íslandi vildi fá framgengt, nær því engri átt og er ekki á neinum rökum bygð. Og hið sama er um þann kvíðboga, er meiri hl. nefndarinnar þykist bera fyrir því, að ísjárvert geti verið, að fela ráðherr-anum í Kaupmannahöfn fult ályktunar-vald í þeim málum, sem eigi þola bið, þangað til úrskurðar ráðherrans á Is-landi yrði leitað. Það liggur í hverju tilfelli undir kæru og dóm, hvort hann hefir skift sér af málum, sem ekki var óum-flýjanlega nauðsynlegt að flýta, því hann ber gagnvart alþ. ábyrgð allra stjórn-arathafna sinna, eins og hinir ráðherr-arnir. Það er engin ástæða til að segja, að nokkur flokkur sérmálanna gæti orðið undanskilinn áhrifum hinnar inn-lendu stjórnar. Að eins í örfáum und-antekningar-tilfellum kemur hið sjálf-stæða ályktunarvald ráðgjafans í Höfn til framkvæmdar, og í þeim tilfellum ber hann fullkomna ábyrgð. En hið lang-mesta verksvið hans er, að koma fram í umboði ráðgjafans á Íslandi, og þá er svo ákveðið, að hann beri að eins ábyrgð á því, að málin séu rétt fram flutt og afgreidd, einmitt í þeim til-gangi, að hann freistist ekki til að leggja móti málum til þess að firra sig ábyrgð á efni þeirra.

Þetta ákvæði er tekið beint eftir grund-vallarlögum Norðmanna. Þeir hafa ráð-gjafastjórn í Kristjaníu og auk þess ráð-gjafa (»statsminister«) í Stokkhólmi, og meðferð þeirra mála, sem bera þarf fram fyrir konunginn þar, er sú, að »statsministerinn« ber þau fram fyrir konunginn í umboði ráðgjafanna í Krist-janíu og hefir þá samkvæmt grundvall-arlögunum að eins ábyrgð á því, að málin séu rétt fram borin og afgreidd. Þetta ákvæði, sem hefir verið gildandi lög í Noregi síðan 1814, getur því ekki verið neitt »monstrum« eða stjórnskipu-legt afskræmi, þótt sumir hafi viljað skíra frumv. svo.

Það tjáir ekki að berja því við, að milli Noregs og Svíþjóðar sé personal-union, því það er þessu atriði allsendis

óviðkomandi, og stendur það hvorki né fellur með því fyrirkomulagi. Eg held því fast fram, að í breyt.till. okkar, sérstaklega 1. og 2. gr., sé ekki að neinu leyti gengið út fyrir þann samningagrundvöll, sem settur er af stjórninni. Það skerðir ekki ríkiseininguna að ráðgjafinn sé búsettur hér, þar sem annar ráðgjafi er fyrir Íslands hönd við hlið konungsins, sem getur tekið sæti í ríkisráðinu, ef þess er krafist. Jafnfráleitt er, að það skerði vald konungs eða rétt hans til þess að velja ráðgjafa sína, eftir því sem honum líkar. Það eru ósannar getsakir, að till. um búsetu ráðgjafans sé »fleygur« til þess að spilla fyrir frumv., og eru það að eins vandræðaviðbárur þeirra manna, sem hafa lagt svo óskiljanlegt kapp á, að koma sem mestu af stjórn landsins út landinu. Í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að skjóta því inn, að það er ósatt, sem eitt af blöðum þeim, sem út koma í þessum bæ, hefir borið út, að frumv. það, sem minni hl. flutti hér í deildinni, væri útlagt eftir dönsku uppkasti, sem flokknum hefði borist frá Kaupmannahöfn. Eg lýsi því yfir, að þetta er helber ósanninda-uppspuni, og að engin flugufótur er fyrir þessum áburði. Frumv. er, eins og eg hefi lýst yfir hér í deildinni, búið til af nefnd manna, eftir að flutningsmenn þess höfðu komið sér saman um, hvað væri hin allra-hógværasta stjórnarbótarkrafa, er þeir gætu sameinast um, eða hvað þeir gætu teygt sig lengst til samkomulags. Það má vel vera, að heppilegra fyrirkomulag megi finna. En tillögur vorar gangi þó í þá stefnu, sem hver sá verður að halda fram, sem hefir nokkura trú á rétti og framtíð Íslands.

Eg get sagt það sem mína persónulega skoðun, óviðkomandi framsögu þessari, sem mér hefir verið falin, að réttast væri, að ráða máli þessu ekki til lykta á þessu þingi, heldur koma sér saman um, að kjósa fulltrúa af þingsins hálfu til þess að fara á fund stjórnarinnar og semja við hana um fyrirkomulagið, og sé síðan lagður fyrir næsta þing árangurinn af þessum samningum og málaleitunum.

Eg vona að öllum skiljist það, að það er ekki tefit á neina hættu með töf á málinu fyrir það, þótt breyt.till. verði samþykt. Atkvgr. sú, sem hér á fram að fara, hún er alls ekki um það, hvort menn vilji fá nokkurar verulegar bætur á stjórnarfari voru í bráðina, heldur beint um það, hvort menn vilja hafa innlenda stjórn eða útlenda stjórn, æðsta umboðsvaldið inn í landið, eða út úr því.

Eg sleppi því algjörlega að rekja þingsögu undanfarandi ára, til að sýna, hverjar skoðanir um þetta hafa komið fram hjá ýmsum háttv. mótstöðumönnum hér í deildinni áður. Því fer fjarri, að eg vilji leggja neinum það til lasts, þótt hann breyti um skoðanir, ef það er á ærlegri sannfæring bygt; því öllum getur skjátlast, og fyrir þann, sem finnur það með sér, að hann hafi fylgt röngu máli, er ekkert annað að gjöra, en að reyna að bæta úr því. Það er skylda hvers góðs drengs, að játa og standa við það, sem honum býr í brjósti, og láta ekkert annað en sannfæring sína verka á atkvæði sitt um velferðarmál þjóðar sinnar, hvorki vináttu né óvináttu, fortölur eða flokksfylgi, lof né last.

Framsögumaður meiri hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg skal að eins tala fáein orð út af þessum ræðum hæstv. landsh. og h. framsm. minni hlutans. Hæstv. landsh. tók fram nokkur atriði í þessu frv., sem hann taldi að væri svo óaðgengileg fyrir okkar

ráðgjafastjórn, að hún ekki mundi geta lagt til, að frv. þannig lagað fengi staðfestings Hans Hát. konungsins. Hann nefndi þetta, sem eg vildi nefna, tryggingar-ákvæðin í 1. gr., fyrir því, að ráðgjafinn yrði í raun og veru innlendur maður; hann nefndi ákvæðin í 2. gr., að þar vantaði inn í »fyrir sitt leyti«. Sömuleiðis, að í frumv. vantaði breyting á 61. gr.

Viðvíkjandi öllum þessum atriðum skal eg að eins taka það fram, að þau snerta það, sem eg vildi nefna ágreining um efni málsins milli þjóðarinnar og þingsins á aðra hlið, og okkar eigin ráðgjafastjórnar á hina hlið.

Þessi ákvæði sem sé álítur ráðgjafastjórnin ekki tryggileg eða heppileg. En eg leyfi mér að skilja yfirlýsinguna á þann veg, að frumv. samt sem áður, þrátt fyrir þessi ákvæði, snerti ekki að neinu leyti eða raski sambandinu milli Íslands og Danmerkur; og þá vil eg leyfa mér að hafa þá skoðun, að frv. fari ekki í bága við þann grundvöll, sem einmitt hefir verið lagður með yfirlýsingunni í boðskap konungsins.

En eftir þeirri stefnu, sem h. minni hluti heldur fram, þá snertir hún auðsjáanlega ágreininginn um stöðu Íslands milli þingsins á aðra hlið og alríkisstjórnarinnar á hina hlið, og verð eg að halda því fram, að við ættum ekki að hreyfa því ágreinings-atriði.

Eg lít svo á, að hver einasta stjórn, sem á að vera í samvinnu við löggjafarþing, hljóti að laga sig eftir vilja þingsins, meðan það heldur sér innan sinna löggjafar-takmarka. Það er þingið, sem á að hafa tögl og hagldir, en ekki stjórnin. Það mun víðast hvar vera viðurkent constitutionelt princip, og það hygg eg sé í Danmörku sjálfri. Og út frá þessari skoðun voru orð mín töluð.

Eg verð því að líta svo á, að þessi ákvæði séu ekki svo löguð, að stjórnin hafi ekki fullkomna heimild til að staðfesta þau; en að því er snertir þá spurningu, hvort þau séu heppileg fyrir þjóðina eða ekki, finst mér það vera siðferðisleg skylda stjórnarinnar, að beygja sig fyrir vilja þingsins.

Með þessu álít eg sömuleiðis svarað þeim fáu orðum, sem h. frmsm. minni hlutans vék að þessu atriði.

Eg tek það fram, að hér er ekki lagt út í neina vonlausa stjórnarbaráttu; það er langt frá því, að eg sé vonlaus um, að stjórnin láti sannfærast um það, að þetta séu nauðsynleg ákvæði í okkar stjórnarskipunarlögum.

Eg þarf ekki að ganga neitt ítarlega inn á málið. Háttv. frmsm. minni hlutans hefir blátt áfram og greinilega skýrt málið frá sínu sjónarmiði; eg þykist hafa gjört grein fyrir því, hvernig meiri hluti nefndarinnar lítur á málið, og eg skal taka það fram, að hér er ekki spursmál um neina gagngjörða endurskoðun á stjórnarskránni.

Hér er því ekki verið að stilla upp neitt endanlegt program; að eins haldið við þá stefnu, er samþykt var 1895, og það eina, sem við erum nú að gera, er að koma því í verklega framkvæmd, þar sem vér teljum okkur það mögulegt.

Þau einstöku atriði, sem h frmsm. minni hlutans (H. H.) drap á, finn eg að svo stöddu ekki ástæðu til að fjölyrða um, og get látið mér nægja þessi fáu orð, sem eg hefi sagt.

Valtýr Guðmundsson: Eg hef ekki miklu við að bæta það, sem háttv. frmsm. meiri hlutans (Guðl. G.) sagði. Eg vildi þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um málið. Eg vil þá fyrst víkja að ræðu hæstv. landsh., þar sem hann tók það fram, að það væru agnúar á þessu frumv. á þingskj. 28, og að hann hefði heimild til að lýsa því

yfir, að stjórnin mundi ekki leggja það til, að frumv. yrði staðfest þannig lagað. Hann tók það fram, að hann skyldi þannig orðin í boðskap konungs til alþingis, að þar væri að eins um það að ræða, að ekki mundi verða synjað staðfestingar á stjórnarskipunarfrumv., ef það væri í þeirri mynd sérstaklega, sem frumv. frá 1897. — En eg vil taka það fram, að í boðskap konungs stendur meira.

Þar stendur nefnil.:

»Óskir þær, er menn engu að síður hafa á Íslandi um breytingar á þessari undirstöðu, hafa hingað til ekki fengið fylgi alþingis með þeirri takmörkun á þeim, er gjöri það hægt yfirleitt að verða við þeim, eða í þeirri mynd sérstaklega, er stjórn Vor hefir á tveim síðustu þingum lýst aðgengilega, án þess hún hafi sjálf borið málið fram; en fáist fylgi alþingis til þess í ár, er það framvegis ætlun Vor, að synja ekki, er til kemur, um samþykki Vort til þess, að þannig breytt skipun megi komast á«.

Eg verð að skoða þetta sem tvo liði, ekki sem einn, heldur tvo liði, og það kemur fyllilega heim við ráðgjafabréfið 26. maí 1899, þar sem vikið var frá þeirri upprunalegu kröfu, að frv. frá 1897 væri samþykt óbreytt. Frá þeirri kröfu var vikið með ráðgjafabréfinu 1899, en að eins áskilið, að eigi væri raskað þeim grundvelli, sem lagður var 1897, og ekki farið fram á neinar aðrar breytingar en þær, sem ekki kæmu í bága við hið pólitiska samband milli Danmerkur og Íslands. Þar með var gefið miklu rýmra verksvið fyrir þingið til að semja við stjórnina.

Þegar maður nú ber konungsboð skapinn saman við ráðherrabréfið, þá virðist auðsætt, að einnig þar muni að eins vera átt við frumv., sem ekki fari út fyrir þann grundvöll, sem um er að ræða, en ekki við neitt ákveðið frumv. Eg verð líka að taka það fram, að hæstv. landsh. hefir haft þennan skilning áður. Ráðgjafabréfið frá 26. maí 1899 hafði hann lesið og skilið eins og við á þingi 1899. Eg skal taka það fram, að sérstaklega 1. og 2. gr. þessa frumv., sem hér liggur fyrir, lá fyrir í alveg sömu mynd þá, þegar það kom hingað frá háttv. Ed. En þegar það kemur í þassari mynd til deildarinnar, þá sagði landshöfðingi:

»Eg verð að líta svo á atkvæðagreiðslu háttv. deildar, að henni geðjist svo vel að frumv. háttv. Ed., að hún finni ekki ástæðu til að breyta því, eða að henni þyki það að minsta kosti svo úr garði gjört, að það þurfi ekki nema lítilfjörlegra breytinga, sem hægt sé að gjöra án þess nefnd sé skipuð í málið. Ef þessi ályktun mín er rétt, þá get eg vel fallist á skoðun háttv. deildar; því eins og frumv. er nú úr garði gjört, verð eg að álíta, að það sé aðgengilegt bæði fyrir þing og stjórn«.

Þetta sagði hæstv. landsh., eftir að hann er búinn að lesa ráðgjafabréfið. Hann hefir því lagt þann skilning í það þá, sem eg legg nú. Sömuleiðis segir hann í annari ræðu á sama þingfundi:

»Eg verð að lýsa því yfir, að eg er alls ekki undir það búinn, að segja afdráttarlaust, hverjar breytingar aðrar á stjórnarskránni en þær, sem teknar eru fram í þessu frumv., geti öðlast staðfesting H. Hát. konungsins. Það er erfitt að segja um það fyrir fram; en eg álít eigi vonlaust um, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem stjórnin álítur að komi ekki í bága við pólitiskt samband Íslands og Danmerkur, gætu fengist með viðaukum við frv. þetta«. Í þessu liggur beinlínis, að hæstv.

landsh. gefur í skyn, að aðrar breytingar geti öðlast staðfesting; að eins kveðst hann ekki undir það búinn, að lýsa yfir, hverjar aðrar breytingar en þær, sem þá lágu fyrir, séu aðgengilegar fyrir stjórnina. (*Landsh.*: Það frumv. var ekki eins og þetta). Þessar 2 greinar — eg tala ekki um annað — voru alveg eins þá, eins og þær eru nú. — Þessu lýsti hæstv. landsh. yfir þá, og skilur þá ráðgjafabréfið svo, að það sé ekki vonlaust um aðrar breytingar, en þykist ekki geta fullyrt um það, hvernig þær megi vera. — En nú þegar frumv. kemur fram, sem í öllu verulegu er eins og það, er þá lá fyrir, telur hann öll tormerki á, að það geti öðlast staðfestingu, og vitnar í þetta sama ráðgjafabréf. Hann hefir þá fengið annan skilning á ráðgjafabréfinu 26. maí síðan.

Þetta vil eg taka fram viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh tók fram um þessi tvö atriði, nefnilega bæði 1. gr. og 2. gr. á þingskj. 28.

Þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að vöntun á breyting 61. greinar geti gjört frumv. þetta óaðgengilegt, þá skal eg játa, að stjórnin hefir heimtað það, að henni sé breytt, og gjörir það sjálfsagt enn. Auðvitað dettur mér ekki í hug að efast um, að hún heimti breyting á þessu atriði; það er eðlilegt að stjórnin eða ráðgjafinn, sem semur við þingið, reyni að knýja það til að ganga inn á sína skoðun. En annað mál er það, hvort stjórnin ekki lætur undan, ef þingið er ófáanlegt til að ganga inn á hennar skoðun. Þar verð eg að vera á sama máli og háttv. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.), að þegar báðar deildir þingsins hafa samþykt frumv., sem ekki fer út fyrir þau takmörk, sem löggjafarvaldi Íslendinga eru sett, og þess vegna ekki kemur í bága við alríkis-eininguna, þá verður sú niðurstaðan, að stjórnin beygir sig fyrir því, sem þingið hefir samþykt. Þetta er grundvallarregla, sem er viðurkend af hendi stjórnarinnar í Danmörku; þar er það talið sjálfsagt, að stjórnin mundi víkja, ef hún hefði meiri hluta móti sér bæði í fólksþingi og landsþingi; og eins mundi hljóta að fara hér, ef bæði Ed. og Nd. væru á móti stjórninni.

Eg verð líka að geta þess, að eg legg meiri þýðing í yfirlýsing konungs heldur en í munnleg skilaboð, sem stjórnarfulltrúinn flytur frá ráðgjafanum; eg verð að byggja meira á konunglegu orði, heldur en munnlegum skilaboðum.

Hæstv. landsh. tók það fram, viðvíkjandi skipun háttv. Ed., að stjórnin muni vera mótfallin því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á. En þar sem í þessu liggur, að stjórnin að eins vilji annað fyrirkomulag, en er í sjálfu sér ekki mótfallin breytingu á skipun Ed., þá er það óhugsanlegt, að þetta geti orðið frumv. að falli hjá stjórninni; því, eins og nefndin tók fram í áliti sínu, eru hinir konungkjörnu þingmenn ekki kosnir af pólitiskum ástæðum, heldur til að tryggja það, að þingið sé skipað þeim mönnum, sem hafi sérstaka þekking á málum landsins.

En viðvíkjandi þessu atriði verð eg að taka það fram, að mér þykir dálítið undarlegt, að landshöfðingi hefir ekki gefið upplýsingar um þetta fyr, svo að nefndin gæti tekið það til yfirvegunar; en úr því það er komið fram, mun nefndin taka það til athugunar til 3. umr. Mér finst það nokkuð skrítið, að stjórnarfultrúinn ekki hefir komið fram með breyt.till. um þetta, því að það er vani á öllum löggjafarþingum, sem eg þekki til, að stjórnin komi með breyt.til. í þeim málum, sem hún vill semja við þingið um, og færir

átæður fyrir þeim. En hér liggur engin breyt.till. fyrir frá stjórninni, og engar ástæður. Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri miklu meiri líkindi til, að stjórnin legði til með staðfestingu þess frumv., sem samþykt væri af þinginu með miklum meiri hluta, jafnvel þó á því væru miklir agnúar, (*Landshöfðingi*: Nei! ekki miklir), nokkurir agnúar, meiri en á þessu frumv., (*Landshöfðingi:* Nei!). Eg get ekki gert mikið úr slíku hjá þeirri stjórn, sem nú situr að völdum, því að í vetur hafði hún með sér að eins 12 atkv. af 114 í fólksþinginu, og að eins 1 atkv. fram yfir helming í landsþinginu, og þótti það eina atkv. svo mikils vert, að hún áleit sér það nægilegan meiri hluta, til þess að sitja við völdin! Svo mikla áherzlu lagði hún á eins atkv. mun í annari deild ríkisþingsins. Hversu mikla áherzlu hlýtur hún þá að leggja á eins atkv. mun í báðum deildum alþingis! Það er líka vitanlegt, að eitt atkv. hefir ráðið úrslitum á mörgum löggjafarþingum; sú stærsta endurbót, sem gerð hefir verið á lögum Englands, gerðist í parlamentinu 1832 með eins atkv. mun, af 600 greiddum atkv., og þótti mikið í varið. Og eins atkvæðis munur hér á þessu fámenna þingi jafngildir stórum atkvæða mun á öðrum þingum.

Háttv. framsm. minni hlutans (H. H.) tók það fram, að þar sem tvísýnt væri um staðfestingu hins fyrirliggjandi frumv., væri athugavert, að sleppa úr því ákvæðum, sem öllum þorra þjóðarinnar gætist að. Mér sýnist fyrst og fremst, að engin tvísýna sé á, að frumv. nái staðfesting, og í öðru lagi er það ósýnt, að þjóðinni geðjist að þeim ákvæðum, sem máli skifta, og þykir mér lang-líklegast, að þjóðinni geðjist alls ekki að þeim í þeim búningi, sem þeim er hér gefinn. Því að eins og tekið er fram í nefndarálitinu og sýnt fram á undir umræðunum, þá er svo langt frá, að ákvæðið um tvöfalda ráðgjafann sé hentugt, að það miklu fremur er skaðlegt.

Eins og hæstv. landsh. sagði á alþingi 1895, þá er það blátt áfram óhugsanlegt, að annar geti verið ráðgjafi en sá, sem situr við hlið konungs og undirskrifar með honum. En vildi maður setja svo, að að væri hugsanlegt, að hafa tvo ráðgjafa, þá hlýtur hver maður að sjá, að það fyrirkomulag er beinlínis hættulegt, því sá, sem hér er búsettur, hlyti að verða undirlægja hins, sem er við hlið konungs. Auk þess er svo til ætlast, að sá ráðgjafi, sem hér er búsettur, sigli strax eftir þing með lög, samþykt af þinginu, en hvernig er slíkt hugsanlegt, að honum sé það mögulegt undirbúningslaust, þegar nú stendur 2 ár á undirbúningi undir samþykt laga? Hvernig ætti hann að lúka við þann bunka á svipstundu? (*Lárus H. Bjarnason*: Hann hefir ekkert annað að gera!). Það er það sama. Og ef við segjum, að lítið sé gert, og að seint gangi með afgreiðslu frumvarpa í ráðaneytinu, þá gengur það og seint hjá landshöfðingjanum líka. (*Landshöfðingi*: Nokkuð svo!). Jú, eg man, að í vetur spurði eg eftir einu máli í ráðaneytinu, og fekk þá að vita, að það var ekki tilbúið, eftir heilt á. (*Landsh.*: Það hefir ekki verið frumvarp!).

Þá er undirskrift ráðgjafans. Minni hlutinn vill breyta þessu ákvæði eftir norskum lögum. En háttv. minni hluti gætir þess ekki, að hér er alt öðru máli að gegna, þar sem eftir grundvallarlögum Norðmanna ábyrgðin er ekki bundin við undirskriftina. Þar undirskrifa aldrei aðrir ráðgjafar með konungi en forsætisráðgjafarnir, annaðhvort sá, sem er í Stokkhólmi, eða sá, sem situr í Kristjaníu, en hver sá

ráðgjafi, sem afgreitt hefir málið og gert tillögu um það til konungs, ber þá ábyrgðina á stjórnarathöfninni.

En samkvæmt 13. gr. í grunvallartögum Dana er ábyrgð ráðgjafa bundin við undirskriftina, og stendur það með skýrum orðum. Þetta ákvæði í brttill. minni hlutans ríður því í bága við grundvallarlögin, og þau gilda sannarlega fyrir ríkisráðið (*Lárus H. Bjarnason*: gilda þau þá fyrir sérstöku málin?) Þau gilda fyrir ríkisráðið, og svo lengi sem Íslands sérstöku mál eru borin upp í ríkisráðinu, gilda grundvallarlögin fyrir þau líka. (*Pétur Jónsson*: Má ekki ráðgjafinn eiga hest eða kú?).

Háttv. framsm. minni hlutans (H. H.) tók það fram, að engin trygging væri fyrir, að ráðgjafinn, eins og um hnútana væri búið í frumv., mætti nokkurn tíma á þingi. Eg vil benda honum á, að þar að lútandi ákvæði eru orðuð alveg eins í brtt. hans flokks og í frv. hans, svo mér er alveg óskiljanlegt, að hann skuli beita þessu sem ástæðu gegn okkar frumv., þar sem í hans frumv. stendur alveg það sama, að ráðgjafanum skuli heimilt að mæta á alþingi. (*Lárus H. Bjarnason*: Hann á að vera búsettur í landinu! *Guðl. Guðmundsson*: I þingsalnum kannske?!)

Háttv. framsm. minni hlutans tók það einnig fram, að svo gæti farið, að ráðgjafinn mætti ekki á þingi, af því að hann gæti ekki fengið annan fyrir sig, sem fullnægði þeim skilyrðum, sem Íslandsráðgjafinn ætti að hafa, að tala og rita íslenzku o. s. frv. Það er satt, þetta getur hugsast, að ráðgjafinn þurfi að setja annan fyrir sig.

En um það tilfelli hefir meiri hluti nefndar látið álit sitt í ljósi í nefndaráliti, og það er almenn regla, sem lögfræðingarnir að minsta kosti kannast við, að nefndarálit eru álitin lögskýring, skýring á, hvað löggjafinn hefir meint í vafasömum tilfellum, og nú hefir meiri hlutinn tekið fram, að þetta ákvæði gilti ekki, þegar ráðgjafi væri skipaður til bráðabirgða; en þar sem háttv. framsm. (H. H.) tók það fram, að vel gæti hugsast, að ráðgjafastörfin yrðu fengin öðrum um lengri tíma, eins og t. d. þegar marineminister Ravn gegndi hermálum um mörg ár, þegar enginn fekst annar til að taka við þeim, þá er þar til að svara, að það er einmitt þetta, sem við viljum fyrirbyggja, og það, sem vér eigum heimtingu á, fullan rétt til, að ekki komi fyrir. Og þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að það væri þægilegt fyrir stjórnina, að geta falið Íslandsráðgjafa önnur ráðgjafaembætti um stundarsakir, þá álít eg, að slíkt þurfi ekki að koma til greina; það eru nógir aðrir til að »fungera« um stundarsakir, enda hefir stjórnin stundum ekki horft í, að láta einn ráðgjafa gegna 3 embættum í einu.

Háttv. framsm. minni hlutans (H. H.) hélt því ennfremur fram, að það væri töluverð áhætta, að samþykkja þetta frumv., ef svo skyldi fara, að ný stjórn kæmist til valda innan skamms, sem hefði þann ásetning, að láta að óskum Íslendinga, og samþykti hún þetta frv., og stæðum vér svo ver að vígi eftir en áður. Það gleður mig að heyra, að hann gerði sér von um staðfestingu þessa frumv. En það er fullkomlega áhættulaust, að samþykkja þetta frumv. Því ef svo skyldi fara, að ný stjórn kæmist að, og væri hún oss velviljuð, gæti hún þó ekki lagt nýtt frumv. fyrir þingið, ef hún vissi, að talsverður hluti þingmanna styddi það í þinginu, og óskaði þess? Eg skal að vísu játa, að mér dettur ekki í hug, að fitjað verði strax upp á nýrri stjórnarskrár-

deilu, eftir að þetta frv. hefir náð staðfesting, og það væri heldur ekkert vit í því, fyr en þetta fyrirkomulag er búið að sýna sig í reyndinni. Fyrst þegar það væri búið að sýna sig, að það væri óhentugt, gæti verið að tala um að byrja á ný. Ef það reynist óviðunanlegt, þá hlíta menn því eigi. (*Lárus H. Bjarnason*: Það er húið að sýna, að það sé óviðunanlegt). Um það eru skiftar skoðanir. Úr því getur enginn skorið, nema reynslan. Það er líka mismunandi, hvað menn kalla viðunanlegt, eftir því, í samanburði við hvað það er skoðað; ef það er skoðað í samanburði við það, sem æskilegast væri, þá lítur það alt öðru vísi út, heldur en ef það er skoðað í samanburði við það, sem við getum fengið.

Háttv. framsm. minni hlutans (H. H.) tók það enn fram, að ekki væri rétt, að samþykkja á þessu þingi frv., sem ekki innihéldi þær kröfur, sem þjóðin helzt vildi láta fram halda. Eg verð að andmæla því, að það sé rétt hermt, að vér, með þessu frumv., ekki getum fengið það, sem þjóðin helzt óskar eftir. Því af öllum þingmálafundum, sem haldnir hafa verið, eru það ekki margir, sem fara lengra í kröfunum en hér er gert. Líti menn í þingmálafundargjörðirnar, munu þeir geta sannfært sig um, að þetta er rétt. Þeir eru ekki margir, sem lengra fara í kröfunum en hér er gert. (*Lárus H. Bjarnason*: Þá lá ekki 10 manna frumv. fyrir!). Nei, það er satt. Og þó minni hlutinn vilji segja, að lengi hafi verið æskt eftir, að stjórnin væri búsett í landinu, þá er það undir alt öðru fyrirkomulagi en hér er gert ráð fyrir í brttill. minni hlutans. Því beztu menn þjóðarinnar eru ekki svo skyni skropnir, að þeir æski eftir þessum vanskapnaði, sem hér er farið fram á, og þótt pólitiskur

þroski sé ekki mikill í landinu, sem varla er heldur von, eftir að eins 25 ára sjálfstjórn, þá vona eg þó, að þjóðin sjái það ljóslega, að það fyrirkomulag er ekki hentugt.

Að öðru leyti skal eg ekki fara frekar út í einstök atriði í till. minni hlutans, en skal að eins benda á, að það eru önnur atriði í breyttill. en sú 1. og og 2., sem mundu reynast hættuleg fyrir framgang málsins, og eg verð að leggja á móti því, að þær verði samþyktar, nema 3. liður, að svo miklu leyti sem hann er samhljóða brtt. meiri hlutans.

Hæstv. landsh. lét það í ljósi, að stjórnin mundi leggja á móti staðfesting þessa frumv., eins og það nú liggur fyrir. Eg þykist vera því talsvert kunnugur líka, hvernig horfur þess eru, og eg verð að lýsa því sem minni sannfæring, að það geti ekki hjá því farið, að stjórnin staðfesti frumv. Hitt er mér fullljóst, að það, í sumum atriðum, fer lengra en þeirri núverandi stjórn mun vera geðfelt. En þessi stjórn er ekki óbifanlegri en aðrar, og maður hefir fyr heyrt hana hóta, án þess að mikið yrði úr; í vetur hótaði hún bráðabirgðafjárlögum, ef ekki væri feldar burt athugasemdir nokkurar í fjárlögunum dönsku, en fólksþingið fór sínu fram, og staðfesti stjórnin svo fjárlögin. Og hve oft höfum vér ekki heyrt, að stjórnin gæti ekki gengið inn á kröfur þingsins í hinu og þessu máli, en slakaði til, þegar minst vonum varði. Og það er ekki nema eðlilegt, því ef löggjafarþing heldur kröfum sínum til streitu innan löglegra takmarka, þá hlýtur stjórnin að láta undan, því að annars á hún að víkja, ef hún er ekki í samræmi við þingið.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd út af því, sem

háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði um skilning minn á ráðherrabréfinu 26. maí 1899; hann hélt því fram, að eg hefði lagt annan skilning í það á þingi 1899 en eg geri nú. Til þess liggja fyrst þau svör, að vel getur verið, að eg hafi af sjálfum mér fengið réttari skilning á því á þessu tveggja ára bili, og í öðru lagi er hægt að finna mjög eðlileg rök fyrir því, þótt skilningur minn á því kunni að hafa breyzt, þar sem eg síðan hef fengið að heyra, hvernig hinn núverandi Íslandsráðgjafi skilur það; og það er einmitt það, sem hefir aðalþýðinguna. Eg get bætt því við, að h. þm. (V. G.) hér, eins og ef til vill oftar, tók að eins til greina eitt atriði, þar sem hann vitnaði í ræðu, sem eg hélt í málinu í þessari deild á síðasta þingi, en tók ekkert tillit til þess, sem eg sagði um málið í h. Ed. Þar tók eg einmitt fram hið sama og eg nefndi nú, að stjórninni mundi þykja óaðgengilegur viðaukinn við 1. gr., um að ráðgjafinn ætti að skilja og tala íslenzku, og eins og h. þm. (V. G.) mun kannast við, kom eg þá fram með brt. um, að slept væri 1. gr. frumv. allri, eða að minsta kosti þeim ákvæðum úr henni, sem eg nefndi áðan; þá sagði eg, að eg vildi ekki fullyrða um, hvort stjórnin mundi samþykkja frumv. með 1. gr., eins og hún var orðuð, eða neita því um samþykki sitt, en vissara væri, að fella greinina burtu, svo að hún yrði frumv. ekki að fótakefli. Þá var eg hræddur um, eins og eg tók fram í h. Ed., að þessi ákvæði mundu verða frv. að falli; en nú hef eg fengið vissu um það, því að ráðgjafinn hefir sjálfur skýrt mér frá því. Þetta er aðalatriðið, en ekki hitt, hvaða skoðun eg kann að hafa haft á ráðherrabréfinu 26. maí 1899 á þinginu 1899; bæði get eg, eins og eg tók fram í upphafi ræðu minnar, hafa fengið réttari skoðun síðan, og svo er ekki nema eðlilegt, að eg verði að beygja mig fyrir skoðun ráðherrans á þessu.

Háttv. þm. (V. G.) þótti það undarlegt, að eg skyldi ekki hafa komið með breyttill. við frumv. En til þess liggur það svar, að mér er ekki kunnugt um, að stjórnin sé vön að koma með breyttill. við frumv. einstakra þingmanna, nema svo sé, að henni sé áhugamál, að styðja málið og koma því fram. Sá ráðgjafi, sem völdin hafði 1899, hafði áhuga á því, að frv. frá 1897 fengi framgang; því áleit eg mér þá skylt að koma fram með breyttill., sem gerði frv. aðgengilegt fyrir stjórnina. En bæði var það, að breyttill. minni þá var ekki þannig tekið, að það væri nokkur sérleg uppörvun fyrir mig til þess, að koma fram með brtill. við þetta frv., og hins vegar veit eg, að hinum núverandi ráðgjafa er ekki áhugamál, að breyting komist á, þótt hann af annari hálfu telji sig bundinn við það, sem fyrirrennari hans hefir lofað og sagt, en af sjálfum sér mundi hann ekki hafa tekið málið upp, og því er það eigi rétt af mér eða í hans anda, að koma fram með brt. við þetta prívatfrumv.

Framsögumaður minni hlutans (*Hannes Hafstein*): Mér hefir aldrei verið það eins ljóst og meðan h. þm. Vestm. (V. G.) var að tala, að satt er hið fornkveðna: »Hverjum þykir sinn fugl fagur, fellur hvort hann er eða magur«. Eg hefði getað skilið það, og jafnvel þótt það eðlilegt, að hann fylgdi fram frumv., meðan hann gat haft einhverja von um, að það mundi geta náð staðfestingu. En nú, þegar hann veit það með jafnmikilli vissu eins og það, að tveir og tveir eru fjórir, að alls engin von er um það, þá þykir mér nokkuð langt gengið, og undarleg fyrirætlun, að ætla sér, eins og hann komst að orði, að þvinga stjórnina til að ganga að því, sem hún hefir lýst óaðgengi-

legt, og mjög er það ólíkt stefnu hans til þessa.

Ef það er á annað borð meiningin, að fara nú að hefja baráttu gegn stjórninni, þá ætti það sannarlega að vera barátta um eitthvað, sem vert er að berjast fyrir, um eitthvað sem menn vilja hafa, en ekki um lítilfjörlegar umbætur eins og hér, sem nokkurir menn hafa gleypt við út úr vandræði um og gripið til sem neyðarúrræðis, af því að þeir hafa verið þreyttir og vonlausir, orðnir uppgefnir í baráttunni við ofureflið, og því kosið að taka heldur eitthvað til málamynda en ekki neitt, eins og það, að Íslandi skuli skipaður sérstakur ráðgjafi, sem hefir verið full heimild til síðan 1874, og getur orðið hve nær sem vill án nokkurar stjórnarskrárbreytingar, og að þessi ráðgjafi megi mæta á þingi hjá oss, enda þótt honum í sömu lögunum sé gert ómögulegt að mæta þar.

Það er alkunnugt, að frumv. það sem hér liggur fyrir, var frá upphafi neyðarúrræði, og er enn þá neyðarúrræði, þó að flokkurinn hafi á þessu þingi tekið upp nokkurar breytingar, sem hann og blöð hans alt til þessa hafa talið »fleyga eina«, til að spilla fyrir framgangi málsins.

Mér kom það á óvart, er háttv. þm. Vestm. (V. G.) hélt því fram, að aðra meiningu mætti leggja í stjórnarskipunarlög þessi en þá, er orð þeirra liggja til. Það væri nóg, að það sæist í nefndarálitinu, að nefndin hefði ekki ætlast til, að lögunum væri fylgt. Mér heyrðist ekki betur en að hann vildi halda þar fram, að það væri aðalregla við skýring laga yfir höfuð, að fara eftir þingtíðindum og nefndarálitum. — Þetta er alveg spónný kenning. Eg get fullvissað hann um, að meginreglan er sú, að skilja lögin eftir því, sem heilbrigð skynsemi segir, að í orðunum liggi. Að eins þegar orð laganna eru óskiljanleg, óeðlileg, ruglingsleg eða í mótsögn hvort við annað, er gripið til þess sem »neyðarúrræðis«, að fletta upp í þingræðum og nefndarálitum, og er sjaldan mikið á að græða, því miður.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að fyrirkomulag það, sem stungið er upp á í 1. og 2. gr. frumv., væri bæði skaðlegt og óhafandi. Eg leyfi mér að segja, að þetta sé rangt hjá háttv. þm. Vestm. (V. G.) og mótmæli kröftuglega, að það hafi við nokkur rök að styðjast, og sannast að segja finst mér ekki hægt að skýra önnur eins ummæli og þetta öðru vísi en svo, að hann vilji ekki innlenda stjórn, og sé af ásettu ráði að berjast gegn henni.

Þar sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) vitnaði til orða hæstv. landsh. um, að óhugsandi væri að ráðgjafinn gæti átt setu í Reykjavik, þá kemur það ekki þessu máli við; þar var að eins um einn ráðgjafa að ræða, og það var svo sem sjálfsagt, að hann gæti ekki í senn verið hvorttveggja, bæði í Reykjavík og í Kaupmannahöfn. En nú gerum vér ráð fyrir tveim ráðgjöfum og því getur annar þeirra verið í Reykjavík, en hinn í Kaupmannahöfn, og þannig verður fullnægt bæði kröfum þjóðarinnar og alríkisins. Eg get ekki heldur fallist á þau orð háttv. þm. Vestm. (V. G.), að fyrirkomulag það, sem vér stingum upp á, mundi að eins skapa landshöfðingjanum ráðgjafanafnbót. Munurinn er sá, að landshöfðinginn með því valdi, sem hann hefir nú, er annars manns umboðsmaður, er framkvæmir þau stjórnarstörf, er hann hefir á hendi, á annars manns ábyrgð, og er því bundinn í báða enda, en hinn nýi maður, hvað sem menn vilja kalla hann, hvort heldur ráðgjafa, jarl, landshöfð-

ingja eða annað, hann framkvæmir stjórnarathafnirnar í eigin nafni og á eigin ábyrgð og hefir engan yfirmann annan en H. H. konunginn. Það er enginn lögboðinn millilíður milli hans og konungsins. (*Valtýr Guðmundsson*: Svo?). Víst er það svo; það yrðu að eins örfá mál og það hin ómerkari, sem búsetti ráðgjafinn í Danmörku þyrfti að bera undir konung í eigin nafni. Hann á ekki að vera milli alþ. og konungs, heldur sá ráðherra, sem búsettur er á Íslandi. Það gæti auðvitað komið fyrir, að ráðgjafinn í Kaupmannahöfn þyrfti að undirskrifa lög önnur eins og þau, er banna að selja vopn til Kína. En færi sá ráðgjafi að færa sig upp á skaftið og gjörast um of afskiftasamur af málum vorum, þá gæti hann átt von á því, að sæta ábyrgð fyrir það fyrir hæstarétti sem misbeiting á valdi, og get eg varla hugsað mér það, að hann finni svo knýjandi löngun hjá sér til að blanda sér í sérmál vor, að hann vilji drýgja bein lagabrot til þess. Það þarf ekki að óttast, að eigi verði auðvelt að sanna það, ef hann fer út yfir verksvið sitt og grípur inn í starfsvið hins ráðgjafans. — Því það hlýtur í hverju einstöku tilfelli að liggja í augum uppi, hvert mál þau, er hann skiftir sér af, eru þess eðlis, að þau vegna alríkisins eða af öðrum ástæðum þoli enga bið.

Þá var undarlegt, og þó ekki undarlegt, að heyra háttv. þm. Vestm. (V. G.) halda því fram, að það væri brot á grundvallarlögum Dana, að Íslandsráðgjafinn bæri ekki sérmál Íslands upp í ríkisráðinu. Þar talaði hann sem danskur hægrimaður, eins og hann er. Vinstrimenn aftur á móti telja það brot á grundvallarlögum sínum, að ráðgjafinn fyrir sérmál Íslands sitji í ríkisráðinu og beri sérmálin þar upp, með því að hann eigi að bera ábyrgð stjórnarathafna sinna ekki fyrir ríkisþinginu, heldur fyrir alþingi Íslendinga, svo langt sem hún nær. Þessi skoðun er sett fram í bókinni, sem eg held á, ríkisþingstíðindunum dönsku. Þetta var skoðun vinstrimannaforingjans Bergs, og eg veit ekki betur en að vinstrimenn haldi við hana enn í dag.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) kvað meiri hluta þjóðarinnar hafa lýst því yfir, að hann væri ánægður með miklu minni stjórnarbót en frumv. meiri hlutans fer fram á. Eg mótmæli þessu að vísu, en vil þó spyrja: Hví eru þeir félagar þá að setja inn í frumv. sitt þá »fleyga«, er gerir það vonlítið eða öllu heldur vonlaust, að frumv. verði staðfest? Vilja þeir þá ekki unna þjóðinni þess, að fá framgengt þeim vilja, sem þeir segja að hún hafi? Búast þeir við að þjóðin muni kunna þeim þökk fyrir frammistöðuna, sé það rétt hermt, sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði um vilja hennar? Eg skil það naumast. Háttv. þm. Vestm. (V. G.) gjörir þjóðinni rangt til, ef hann ætlar henni að elta sig gegn um alla hans krókavegi og krókstigu. Eg endurtek það, að meiri hlutinn hefir nú vikið frá þeirri grundvallarreglu, sem hann fram undir þetta hefir talið sig fylgja, að fara ekki fram á meiri umbætur en fást mundu hjá stjórninni. Nú er svo komið, að hann stendur engu betur að vígi hjá núverandi ráðaneyti konungs en minni hlutinn með að fá máli sínu framgengt, og berst þó móti innlendri stjórn. Allar ástæður, sem gæflyndir menn hafa hatt til þess, að fylgja háttv. þm. Vestm. (V. G.) að málum, til þess að fá enda á stjórnarþrætunni, eru fallnar burtu. Með þessu frumv. fæst enginn þrætu-endir. Hér er um »princip« að ræða, og ekki annað. Innlend stjórn, eða útlend stjórn.

Hannes Þorsteinsson: H. framsögum. minni hlutans (H. H.) hefir þegar tekið

fram nokkuð af því, sem eg ætlaði að segja, og get eg því fremur verið stuttorður um málið.

Eg skal í ræðu minni reyna að verða við tilmælum háttv. frmsm. meiri hlutans (Guðl. G.) og forðast að hleypa hita í málið, þótt eg að öðru leyti teiji það alt of mikið alvörumál til þess, að það sæmi, að tala um það með glensi eða hálfvelgju.

Eg skal þegar taka það fram, að það er stórvægilegur »princip«- eða stefnumunur milli þess, sem meiri hlutinn vill og minni hlutinn; annar vill styðja að flutningi valdsins út úr landinu, en hinn að flutningi þess inn í landið; annar vill styðja að setu ráðgjafans í ríkisráðinu, en hinn vill losa hann þaðan; annar vill í stuttu máli binda, hinn vill leysa.

Það er ekki hægt að neita því, hve fegnir sem sumir máske vilja, að frv. á þingskj. 28 miðar að því, að flytja valdið út úr landinu; það er ekki hægt að neita því, að um leið og ráðgjafinn er búsettur í Kaupmannahöfn, þá hljóti hann að draga til sín þangað mikið af því valdi, sem landshöfðinginn hefir nú. Það er fjarstæða að segja, að ráðgjafi sá, sem vér gerum ráð fyrir búsettum hér á landi, muni ekki hafa meira vald en landshöfðingi nú; hann hlýtur að hafa hér sína sérstöku embættisskrifstofu, og landshöfðingjaembættið að leggjast niður eða breytast, og sömuleiðis amtmanna embættin; þungasmiðja stjórnarvaldsins hlýtur þá að verða hér.

Að því er nú ríkisráðssetuna snertir, þá er að vísu ekki beint tekið upp hjá oss, að ráðgjafinn skuli ekki eiga sæti í ríkisráðinu, og var það gjört til þess, að reyna að ná samkomulagi, en réttur geymdur til að taka síðar skýrt fram um það; en það leiðir beint af búsetu ráðgjafans hér á landi, að hann getur ekki setið í ríkisráðinu, svo að í raun og veru má segja, að hann yrði laus úr því, enda hefir hinn flokkurinn opinberlega viðurkent, að svo hlyti það að verða í reynslunni.

Það er því ekki rétt, að bera oss á brýn »princip«- eða stefnubreytingu; vér höldum sömu skoðun sem fyrr, að seta ráðgjafans í ríkisráðinu sé algjörlega ólögleg; en af pólitiskum ástæðum höfum vér gengið inn á þann veg, að láta spursmálið óútkljáð að sinni.

Að því er það snertir, að hjá meiri hlutanum sé um það að ræða, að flytja valdið út úr landinu, þá skal eg leyfa mér að vitna til skoðana h. frmsm. meiri hlutans (Guðl. G.) sjálfs, er meiri hlutinn mun ekki virða að vettugi; hann hefir lýst því skýrt og skorinort yfir bæði á þingi og í blaðagreinum, að frumv., sem færi í líka átt og frumv. 1897, stefndi beint að þessu marki, en hann virðist aftur hafa gleymt þessu, gleymt því, sem hann sagði um búsetuna og landsdóminn. (*Guðl. Guðmundsson:* Nei). Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) felst þá líklega á breyt.till. vorar! (*Guðl. Guðmundsson*: Það er annað mál!) Í blaðagrein 1896 lagði háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) mikla áherzlu á, að búseta ráðgjafans hér landi væri bráðnauðsynleg til að koma á verklegum framförum í landinu. Og nú segir hann einmitt í nefndaráliti meiri hlutans, að hann vilji með frumv. á þingskj. 28 efla verklegar framfarir. Hann ætti því að fylla flokk okkar heimastjórnarmanna nú, að því er búsetu ráðgjafans snertir.

H. þingm. Vestm. (V. G.) sagði, að búseta ráðgjafans hér á landi væri ekki einungis skaðleg, heldur væri hún og ómöguleg, og vitnaði þar til orða hæstv. landsh. í bréfi hans 20. des.br. 1895 á-

hrærandi þingsályktunartillögu alþingis það ár; en þess er að gæta, að þá stóð öðru vísi á, þá var ekki nema um einn ráðgjafa að ræða, og frá því sjónarmiði voru orð hæstv. landsh. góð og gild, að ráðgjafi hlyti jafnan að vera við hlið konungs, en nú höfum vér leitast við að leysa ríkisráðs-knútinn með því, að gjöra ráð fyrir tveim ráðgjöfum, öðrum hér, en hinum í Kaupmannahöfn, og eg vona, að vér höfum þar stigið spor í rétta átt. Getur verið að aðrir kunni að finna betri ráð til að leysa úr þessu vandamáli. En ekki mun samt auðhlaupið að því.

Hæstv. landsh. tók það fram, að frá ráðgjafans sjónarmiði hefði það mikla þýðingu, að málið hefði nokkurn veginn *alment* fylgi þjóðarinnar, og gengi fram með meginþorra atkvæða, en ekki með eins eða tveggja atkvæða mun. Eg verð líka að telja þetta harla þýðingarmikið atriði. Það er auðsætt, hverja þýðingu það hefir, að þjóðin geti safnast um eitt ákveðið »program«. Það er vilji vor minnihlutamanna, að svo geti orðið, en sjálfsagt er það, að ekki er sama, um hvað menn flykkjast. — Vér viljum ekki vinna svo mikið til að fá friðinn, að vér göngum skilyrðislaust að hverju sem í boði er. Því fer harla fjarri.

H. þm. Vestm. (V. G.) vék því að mér við 1. umr. þessa máls, að eg hefði vikið frá *minu fyrra principi* um setu ráðgjafans í ríkisráðinu; en eg hef sýnt fram á, að svo er ekki. En eg get fært honum heim sanninn um, að sjálfur hefir hann vikið frá öllum sínum fyrri principum. 1895 hafði hann þá skoðun, að ráðgjafinn ætti ekki að eiga setu í ríkisráðinu; 1896 er hann farinn að breyta skoðun sinni, er hann segir í launungarbréfinu fræga, að ríkisráðssetan hafi enga »praktiska« þýðingu; 1897 lætur hann það atriði liggja alveg milli hluta, leggur enga áherzlu á það. 1899 er hann eins og vér vitum kominn að þeirri niðurstöðu, að grundvallarlögin dönsku gildi hér á landi. — Finst mér það varla rétt af manni, sem hringsnýst þannig, að bregða öðrum stefnu breytingu, og því síður á það við, þegar ámælið kemur niður þar, sem það á alls eigi heima.

Það dylst víst engum, hvílíkt böl hlýtur að leiða af úlfúð þeirri, sundrung og hatri, sem deilurnar um mál þetta fæða af sér; því er það svo afarþýðingarmikið spursmál fyrir þjóð vora, að þeim gæti lint, en hins vegar lítur ekki svo vænlega út með það, því að ýmsir eru til að æsa og ala á sundurlyndinu og sum málgögn vor gera sitt til að blása að sundurlyndis-kolunum og ala á úlfúðinni og hatrinu. (*Skúli Thoroddsen*: Hver?). Eg nefni hér ekki einstök nöfn, en veit, að háttv. þingm. vita, við hvað eg á. Það eru málgögn þess flokks, er Hafnarstjórnarflokkur nefnist.

Vér stöndum nú á merkum tímamótum að tvennu leyti. Í sumar, einmitt á þjóðhátíðinni 2. ágúst, eru 100 ár liðin frá því, að sá maður fæddist, er fyrstur hóf stjórnarbaráttu vora og barðist fyrir endurreisn alþingis; eg á við Baldvin Einarsson; og í sumar eru einmitt 50 ár síðan ein vor þýðingarmesta og virðulegasta samkoma var haldin, »Þjóðfundurinn«. Á honum voru menn, sem skildu ætlunarverk sitt, menn, sem vildu *gagn og sóma* ættjarðar vorrar; eg gjöri reyndar ráð fyrir, að fulltrúar þjóðarinnar vilji hið sama enn; þó finst mér verk sumra þeirra ekki sýna full ljóst þann vilja þeirra. Þá vildi stjórnin koma því á, að grundvallarlögin dönsku fengju gildi hér, en þingheimur allur með Jón Sigurðsson í broddi hóf mótmæli sín gegn þessu.

Hér er nú um það að ræða, hvort vér eigi getum sameinast eins og þá, eða eigum vér enn að halda sundrunginni áfram. Ef vér nú getum stigið það heillaspor, að sameinast allir, þá gætum vér án blygðunar haldið 100 ára minningu Baldvins Einarssonar og 50 ára minning »þjóðfundarins«; að öðrum kosti getum vér eigi minst þessara tveggja afmæla nema með blygðun og kinnroða.

Framsögumaður meiri hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Þessar ræður, sem fallið hafa síðan eg talaði síðast, gefa mér ekki neitt sérstakt tilefni til þess að fara að halda neina langa tölu um málið. Að eins skal eg taka það fram, svo að eg víki fyrst að þeim þm., er síðast talaði, að það er ekki rétt skilið hjá honum, að það sé verið að binda nein lagaákvæði um það, að Íslandsráðgjafi eigi setu í ríkisráðinu. Það hefir verið svo, bæði á þingi 1899 og sömuleiðis nú, að um þetta atriði heldur stjórnin sínum skilningi og þingið sínum. Háttv. þingm. vitnaði í orð eftir mig, þar sem eg hefi sagt, að með þessari breyting, að því er ráðgjafann snertir, væri valdið fært úr landinu, það er: »hið æðsta umboðsvald«, ef eg man orðin rétt.

Eins og menn vita, þá skiftist hið æðsta vald í þessar 3 greinar: dómsvaldið, á það hefir þetta engin áhrif; löggjafarvaldið, á það hefir þetta eigi heldur þau áhrif, að flytja það út úr landinu, miklu fremur inn í landið, þar sem er vald þingsins, og einungis er spurningin um: æðsta umboðsvaldið. Auðvitað verður æðsta umboðsvaldið fengið ráðgjafanum í hendur, en mikið af umboðsvaldinu verður samt sem áður óbreytt. Erindisbréf landshöfðingja breytist ekki, né heldur þau lög, sem veita honum sérstaklega vald til að ráða einstökum málum til lykta.

Þá er eg ritaði grein þá, sem til hefir verið vitnað, var eg að lýsa því, hvað mér þætti að stjórnarbótinni; en hitt lá ekki fyrir, mér að lýsa kostunum. En benda skal eg á það, að þó svo að segja mætti, að valdið að einhverju leyti færðist út úr landinu frá »geografisku« sjónarmiði, þá má þó segja jafnframt, að það frá þjóðernislegu sjónarmiði færist inn í landið, er það kemur í hendur þess manns, sem sjálfur er Íslendingur. Hvað löggjafarvaldið snertir, þá get eg ekki gert lítið úr þeim áhrifum, sem þingið kæmi til að hafa á þann mann, sem ætti að mæta á þinginu og hafa bæði lagalega og siðferðislega ábyrgð gagnvart því. Eg skoða það svo, að með því flyttist þungamiðja löggjafarvaldsins í hendur þingsins; en, eins og allir vita, þá er þungamiðjan nú ekki hjá þinginu, heldur hjá ísl. ráðgjafastjórninni, sem er alveg útlend.

Það gladdi mig mikið, að heyra það, er hæstv. landsh. sagði, að ráðgjafinn áliti sig bundinn við þær yfirlýsingar, sem fyrirrennarar hans hafa gefið í málinu; en gagnvart því, sem háttv. framsm. minni hlutans sagði, að frumv. gæti eigi öðlast staðfesting, skal eg taka það fram, að með þessu frumv. er ekki vikið í neinu frá þeim grundvelli, sem hingað til hefir verið bygt á, og eftir þeim yfirlýsingum, sem stjórnin hefir gefið, þá geta breytingar á stjórnarskránni fengist, að svo miklu leyti, sem þær koma ekki í bága við pólitiskt samband Íslands og Danmerkur; og eg er búinn að taka það fram áður, að svo framarlega, sem þingið heldur sér innan þeirra takmarka, þá hljóti vilji stjórnarinnar að víkja fyrir vilja þingsins. Eg ætla ekki að gera vorri stjórn þær getsakir, að hún muni vilja hafa að engu algildar constitutionellar reglur.

Spurningin er hér ekki sú, eins og háttv. framsm. minni hlutans hélt fram, hvort menn vilja hafa innlenda stjórn eða ekki. Lægi sú spurning fyrir, mundi hvorki eg eða neinn annar hér í salnum vera í neinum vafa um svarið.

En spurningin er: eigum við upp á ný að leggja út í vonlausa baráttu við það vald, sem öllu ræður í alríkispólitíkinni, leggja út í vonlausa baráttu um það, sem stjórnin álítur að raski pólitisku sambandi Íslands og Danmerkur, og þess vegna gæti ekki komið til mála? (*L. H. Bjarnason*: Hvar er því lýst yfir?). Þingm. er læs!

Svo skal eg víkja máli mínu að háttv. þingm. Árn. (H. Þ.). Það kom mjög skýrt fram í hans ræðu, að hann var að tala um það, sem kallað hefir verið ríkisráðsfleygur, o: að fá ráðgjafann út úr ríkisráðinu, og hann hélt því fram, að tilgangurinn með frumv. minni hlutans væri sá, að fá þessu framgengt. Þingm. mun að þessu leyti ekki hafa talað í fullu samræmi við flokk sinn, fremur komið fram með sína eigin persónulegu skoðun.

Ldrus H. Bjarnason: Það er búið að tala mikið í þessu máli; en mér finst flestar umr. hafa farið nokkuð fyrir ofan garð og neðan. Hér liggur fyrir frá stjórnarinnar hálfu skýr yfirlýsing um, að þetta frumv. muni eigi ná staðfesting, og eg álít algerlega tilgangslaust að þrátta um það; þingm. verða að ráða við sig, hvort réttara sé að fara eftir því, sem hæstv. landsh. hefir sagt, eða því, sem þingm. Vestm. (V. G.) hefir sagt.

Eins og álit minni hlutans ber með sér, þá getur minni hlutinn ekki samsint því, að með þessu frumv. sé bætt viðunanlega úr þörfum þjóðarinnar. Framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) hefir og í tölu sinni lýst því yfir, að ekki væri viðunanlega úr þeim bætt. (*Guðl. Guðmundsson*: Það er ekki satt!). Háttv. þingm. V.Sk. sá, að hann hafði talað of mikið út úr brjósti sínu, og kom þess vegna með dálitla takmörkun á því, sem hann hafði sagt; hann bætti við, að það væri ekki viðunanlegt til frambúðar.

Það sem háttv. meiri hlutinn fer fram á, fæst ekki; en þá er spurningin: hvort er betra, það, sem meiri hlutinn eða minni hlutinn fer fram á? Af því þetta hefir ekki verið tekið til athugunar sérstaklega, þá ætla eg að víkja nokkurum orðum að því.

Hverju lofar meiri hlutinn? Meiri hlutinn lofar sérstökum ráðgjafa; sá maður á að tala og rita íslenzka tungu, hann á að bera ábyrgð fyrir þinginu, og hann á að mega mæta á alþingi. Nú skal eg fara nokkurum orðum um hvert einstakt af þessum atriðum.

Til þess að fá sérstakan ráðgjafa, þarf enga stjórnarskrárbreytingu; og ekki þarf heldur stjórnarskrárbreyting til þess, að konungur geti skipað ráðgjafa, sem talar og ritar íslenzka tungu.

Ráðgjafinn á að bera ábyrgð fyrir þinginu; en þar er aðgætandi, að okkur vantar algjörlega ábyrgðarlögin. Á ráðgjafinn, eftir að búið er að skipa hann, að fara að staðfesta ábyrgðarlög eða búa til vönd á sitt eigið bak? Svo vantar ekki síður en ábyrgðarlögin hitt skilyrðið, að við höfum dómstól, til að dæma hann. Það er að vísu gjört ráð fyrir, að hæstiréttur gjöri það; en með allri virðing fyrir hæstarétti sem dómstól, þá tel eg það víst, að hann mundi aldrei dæma ráðgjafann fyrir pólitisk glappaskot. Það eina atriði, sem þyrfti að gjöra stjórnarskrárbreytingu til, er það, að ráðgjaf-

inn megi mæta á þingi; það er eina atriðið, eina bótin, sem frumv. hefir að bjóða. En að þetta sé nokkur bót, nema ráðgjafinn sé hér búsettur, því verð eg einmitt að neita, og í því atriði get eg bent á orð háttv. þm. V.Sk. (Guðl. G.). Hann hefir skrifað mjög glöggar ritgjörðir um þetta í Ísafold 96—97. Þar segir hann, að þó við fengjum sérstakan ráðgjafa, þá væri það spor í öfuga átt, stórt spor í öfuga átt, ef hann yrði ekki búsettur hér á landi; hann leggur þá svo mikla áherzlu á þetta eitt, búsetu ráðherrans hér á landi, að hann segir, að þó við ættum kost á að fá öllum öðrum kröfum vorum framgengt, þá ætti að fresta málinu, og ekki halda því fram, nema búsetan fengist. Og eg er háttv. þm. með öllu samdóma í þessu efni.

Eg hefi nú lýst tillögum háttv. meiri hluta, og er þá eftir að lýsa tillögum minni hlutans, svo sýnt verði fram á, hvor stefnan horfi til meiri bóta.

Höfuðatriðin í tillögum minni hlutans eru 3: Að ráðgjafinn sé búsettur hér á landi, að hann sé launaður af landsfé, og að hann beri ábyrgð fyrir innlendum dómstóli. Um búsetu ráðgjafans get eg verið stuttorður, því að um það atriði eru allir sammála. Allir játa það, að því fyr sem við fáum ráðgjafa, búsettan í landinu, því fyr sé bætt úr þeirri þörf, sem er langbrýnust í voru stjórnarfari, — en á hitt, að hann verði launaður af landssjóði, á það heyri eg engan leggja áherzlu, og þó er það að minni hyggju eitt af höfuðatriðunum. Eins og öllum er kunnugt, er ekki að eins ráðherrann launaður úr ríkissjóði, heldur má og segja líkt um landshöfðingja. Ráðherralaunin og kostnaðurinn til íslenzku stjórnardeildarinnar ganga samkv. 6. gr. stöðulaganna beint úr ríkissjóði, en landshöfðingjanum er launað af tillagi Danmerkur til Íslands.

Því er haldið fram af mótstöðumönnunum, að bæði stjórnin og danska þjóðin sé oss andvíg, og þó vilja mennirnir ómögulega leyfa oss að launa vorum æðstu embættismönnum? Það er frámunalega kynlegt, eða mundi nokkur maður með heilbrigðri skynsemi geta fundið sig í því, að ráðsmaður sinn ætti heima fjarri búinu, sem hann ætti að stjórna, og væri auk þess launaður af mótstöðumanni sínum. Ráðherrann fyrir Ísland er ráðsmaður íslenzku þjóðarinnar. Er það sanngjarnt, að við fáum ekki að launa honum? Nei, og aftur nei!

Þá kem eg að 3. atriðinu, því, að ráðgjafann megi dæma fyrir innlendum landsdómi. Að vísu get eg tekið í þann strenginn, að hin lagalega ábyrgð sé ekki og verði aldrei eins praktisk og siðferðislega ábyrgðin. En mögulegleika til þess að geta komið fram lagalegri ábyrgð gegn ráðherranum verðum við þó að hafa; maðurinn verður að vita af þeim mögulegleika. Meðvitundin um það heldur mannsins siðferðislegu ábyrgðartilfinningu vakandi, og dofni hún, þá verður að grípa til lagalegu ábyrgðarinnar, en henni verður að eins komið fram fyrir innlendum dómi.

Eg hefi nú lýst tillögum minni hlutans. Minni hlutinn vill alt hið sama og háttv. meiri hluti, en hann vill meira. Minni hlutinn vill, að ráðherrann sé búsettur á Islandi, að hann sé launaður úr landssjóði, og að hann beri ábyrgð gjörða sinna. Þess vegna er enginn vafi á því, að tillögur minni hlutans horfa til miklu meiri bóta.

Háttv. þm. V.Sk. (Guðl. G.) hefir líka kannast við það bæði í Ísafold 1896, og nú í framsögu sinni, að með frumv. meiri hlutans fengjust hvorki

verklegar né verulegar bætur á stjórnarfarinu, og það er satt. Frumv. á þgskj. 28 tryggir oss engu meiri yfirráð yfir stjórn landsins en nú höfum vér. Eg verð því að halda því fram, að þó að við fengjum þetta frv. á þgskj. 28 staðfest, þá væru þó engar verulegar bætur fengnar, enginn viðunanlegur endir bundinn á stjórnarbótardeiluna. En þegar um það er að ræða, hvort þær kröfur, sem vér höldum fram, muni vera fáanlegar, þá liggur ekkert svar fyrir um það; hins vegar hefir því verið lýst yfir af hendi stjórnarinnar, að engin von sé um staðfesting hins fyrirliggjandi frumv. Vér stöndum þannig enda betur að vígi að því leyti, heldur en meiri hlutinn. Eg sé, að háttv. þm. V.Sk. (Guðl. G.) brosir, en það er fullkominn óþarfi fyrir hann; eg skal strax færa honum heim sanninn um þetta. Það fyrirkomulag, sem vér förum fram á, hefir aldrei legið fyrir áður, og því ekki við því að búast, að stjórnin hafi látið uppi álit sitt um það. Eg verð enda að telja líklegt, að það mundi fást. Vér höfum ekki eingöngu yfirlýsing núverandi vinstrimanna að styðjast við, heldur líka eldri yfirlýsingar. Monrad biskup lýsti því yfir 1851, að það væri sjálfsagt, að við fengjum alinnlenda stjórn; það hefir þegar verið tekið fram, að Berg lýsti yfir hinu sama 1874; báðir þessir menn eru að vísu dauðir, en flokkur þeirra lifir, og skoðanir þeirra lifa í flokknum.

En meiri hlutinn segir, að engan skaða leiði af því, að samþykkja frv. meirihlutans. Eg verð að segja, að skaði geti hlotist af því, og muni enda hljótast af því. Danir mundu sem sé aldrei veita meira en vér færum fram á. Þeirra er sannarlega ekki þægðin. Og svo er aðferðin töluvert hjákátleg. Meiri hlutinn ætlar að segja við stjórnina, um leið og hann ber málið fram: Það er ekkert að marka, þó við bæðum um þetta, við ætluðum að biðja um enn meira! Það væri á sinn máta eins og maður kæmi til bankastjórnarinnar, og bæði um 1000 kr. lán, en segði um leið, að það væri of lítið; hann ætlaði sér að biðja um 10,000! (*Magnús Torfason*: Dæmið er halt; bankastjórnin hefir enga peninga). Dæmið er ekki halt, en skilningur þingmannsins er sljór.

Eg verð að slá því föstu, að allir eru á það sáttir, að búsetan sé bráðnauðsynleg. Meiri hlutinn vill að eins ekki fara fram á hana, af því að hún álízt ekki fáanleg, en þeirra frumv. er heldur ekki fáanlegt; það er síður fáanlegt, og þeir játa, að það sé hvergi nærri eins gott og minni hluta tillögurnar. Þeir segjast hafa farið fram á svo lítið, til þess þó að fá eitthvað.

Nú fæst ekki það, sem þeir biðja um, og því ættu þeir að taka frumv. aftur, eða draga úr því þau ákvæði, sem hæstv. landshöfðingi hefur talið óaðgengilegt.

Framsögumaður meiri hl. (*Guðl. Guðmundsson*): Eg hef raunar lítið tilefni til að svara háttv. þm. Snæf.; það eru að eins 1—2 atriði, sem eg vildi drepa á. Þm. talaði um, að þó við fengjum samþykt ákvæði um, að ráðgjafinn skyldi bera ábyrgð á stjórnarathöfninni, þá vantaði þó ábyrgðarlög. Áður fyrri var það síður, þegar frumv. til laga um nýja stjórnarskrá var samþykt af báðum deildum, að semja um leið ýms lög, sem stóðu í sambandi við stjórnarskrána, þar á meðal ábyrgðarlög. En slík lög er nóg að samþykkja á einu þingi. Yrði stjórnarskrárbreytingarfrumv. samþykt nú og síðan á aukaþingi, væri hægt að láta ráðgjafaábyrgðarlög verða því samferða á seinna þinginu. Sama má segja um lög um

landsdóm. Þar sem þm. vék að mér persónulega, og las upp 5—6 ára gamla blaðagrein, þá er eg honum auðvitað þakklátur fyrir þá tröllatrú, sem hann hefir á orðum mínum. Og eg skal geta þess, að eg er enn að mestu eða öllu leyti á sömu skoðun, þó eg hafi álitið hyggilegra að svo stöddu, að halda henni ekki til streitu í hverju einstöku atriði. Eins og hver heilvita maður sér, er það ekki ráðlegt að hafna því sem í boði er, þegar það er talsvert betra en það, sem maður hefir, þó það fullnægi ekki frekustu óskum, því »betri er hálfur hleifur en enginn«, eins og hæstv. landsh. sagði á síðasta þingi. Þm. gat þess til, að kæmust vinstrimenn til valda, og vér samþyktum að eins þetta frumv. nú, þá mundum vér engar frekari umbætur fá hjá þeim, og tók hann dæmi af manni, sem kæmi til bankastjórnarinnar. En mér virðist dæmið horfa öðru vísi við.

Við höfum einmitt komið til bankastjórnarinnar og beðið um 10 þús., en það hefir ekki verið til neins. Komi maður til bankastjórnarinnar, sem henni er í nöp við, fær hann auðvitað minna en hann biður um, en það útilokar alls ekki, að hann fái viðbót þegar ný bankastjórn kemur til valda. Öldungis eins mundi fara í því tilfelli, sem hér er um að ræða. Þess vegna verðum við að líta á grundvallaratriðin og reyna að fá þau strax í framkvæmd, því ekki er frestandi í 2—3 ár enn máli, sem þarf svo bráðra bóta við (*Láruś Bjarnason*: En við fáum þessar umbætur ekki.). Þetta tók eg skýrt fram 1899. Svo kemur háttv. þm. Snæf. með þessari makalausu »suffisance« og segir, að hann sé nú búinn að semja frumv., sem vitaskuld engum dettur í hug að nái staðfesting, en þó sé sjálfsagt að fylgja því, vegna þess, að hitt frumv. nái heldur ekki staðfesting. Honum fanst hann víst vera seztur í konungsstólinn og vera búin að skipa ráðaneyti, segjandi: »Svona á frumv. að vera, til þess að við samþykkjum það«.

Pétur Jónsson: Mér finst menn ættu að snúa sér að aðalatriðum málsins. Það, sem aðallega skilur flokkana, er búseta ráðgjafans. Það er auðvitað, að búseta hans er eitt hið mest varðandi atriði, og á eg þar ekki við, að endilega sé bundið við hana eins og hún er framsett í breytingartillögu minni hluta nefndarinnar. Búsetan hefir verið eitt af þeim aðal-atriðum, sem sótt hefir verið mest, og við meinum með henni það sama nú, eins og áður hefir verið. Ekki búsetu á pappírnum, heldur í reyndinni, eins og henni yrði tryggilega fyrir komið. Eða er það óhugsandi? Hafa allir, sem búsetunnar hafa krafist, talað að eins út í loftið? Nei, því að það er ljóst, að það er nauðsynlegt, að sá maður, sem hefir æðstu völd næst sjálfum konungi, sé búsettur hér á landi.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) telur búsetuna ómögulega í breytingartillögunni við frumv. hans. En þá veltur upp sú spurning: Er þá búsetan nauðsynleg? Ef hún er með öllu ómöguleg, þá er hún ekki nauðsynleg, því það sem er vissulega, sannarlega nauðsynlegt, það er þá mögulegt. Þetta er eins áreiðanlegt lögmál og sjálft þyngdarlögmálið. Eg meina ekki þar með, að alt sé mögulegt, jafnskjótt og maður finnur, að það er nauðsynlegt, heldur í fyllingu tímans.

Mér finst menn aldrei athuga þetta nógsamlega í baráttunni. Menn eru fullir óþols og álíta alt ómögulegt, hve nauðsynlegt sem er. Hér af stafar óþolið í þessu máli.

Eg ætla ekki að tala langt mál um

þetta, eg vona, að menn hafi augun á og festi sig við þetta atriði, sem er svo afarþýðingarmikið.

Þá er nauðsynlegt að athuga vel afleiðingar af meðferð þingsins á þessu máli, einmitt á tímabilinu til næsta reglulegs alþingis, t. d., hver afleiðing yrði af því, ef breytingartillaga minni hlutans yrði samþykt, og í annan stað, hver afleiðing yrði af því, ef hið fyrirliggjandi frumv. yrði samþykt eins og það nú liggur fyrir. Meiri hlutinn hefir algerlega útilokað frumv. minni hlutans.

Meiri hlutinn hyggur, að frumvarp hans fái staðfesting Hans Hát. konungsins, og telja þeir orð h. hæstv. landsh. ekki fullgilda sönnun gegn því. Það eru þó að minsta kosti mjög litlar líkur til þess, að frumv. meiri hlutans fáist samþykt á þessu tímabili.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að ráðgjafinn mundi víkja úr sessi, ef hann aðhyltist ekki tillögur þingsins í þessu máli, og hefði þannig meiri hluta þess á móti sér. Það finst mér vera fullkomlega miklar skýjaborgir, að búast við slíku. Ur því sú stjórn, sem nú situr að völdum í Danmörku, situr við 1 atkv. meiri hluta í annari deild, og allan þorra á móti sér í hinni, þá þurfa menn aldrei að búast við því, að ráðgjafi Íslands fari að víkja úr valdasessi fyrir því, þótt hann hafi þingið á móti sér, ekki sízt, þegar það er þá að eins lítill meiri hluti, sem málinu fylgir. Á næstu tveimur árum fáum vér því aldrei þetta frumv. samþykt, nema því að eins, að stjórnarskifti verði. Þess vegna er alveg óvíst, hvort fyrirliggjandi frumv. stendur betur að vígi gagnvart stjórninni án breytingartill. minni hlutans, heldur en með henni. Og um þetta stendur deilan vor á meðal. Fylgjendur frumv. vilja nú leggja undir þjóðina þessa þrætu með þingrofi. En mér finst þjóðinni of-ætlun, að skera úr þannig lagaðri þrætu. — Eg geri ráð fyrir, að þar sem hvor flokkurinn er gagnstæður hvor öðrum í þessu máli, þá sé ekki gott fyrir þjóðina, að skera úr, hverjir hafi rétt fyrir sér. Hún hlýtur þar að fara eftir leiðtogum sínum, en þeir hafa einungis sína spádóma og spá sínu hver. — Legg eg því ekki mikið upp úr því, hvað hægt er að fá þjóðina til að samþykkja og greiða atkvæði sitt með. Hún veit eðlilega lítið upp eða niður um það, hvað muni fást, heldur að eins um það, sem leiðtogarnir spá.

Hin aðferðin virðist mér þar á móti mikið heppilegri, að nota tímann til næsta reglulegs alþingis, eins og háttv. framsögum. minni hlutans (H. H.) stakk upp á, nefnilega, að menn væri ekki að leggja málið undir þjóðina í þetta sinn, heldur einmitt á þann hátt, sem hann benti til, bera það undir stjórnina, ekki sízt, ef það yrði vinstrimannastjórn; þá gætu menn búist við að fá vissu um það, hvað fram mundi ganga. Ef vinstrimannastjórn kemst að, sem allar líkur eru til, þá verður fyrir næsta reglulegt alþingi hægt, með þessari aðferð, að fá vissu um, hverju framgengt verður. Þá er ekki hægt að byggja á vonum um neitt meira í náinni framtíð. Og þá getur þjóðin skorið úr, hvort hún vill þetta, sem býðst eða fáanlegt er.

Sé spádómur háttv. þm. Vestm. (V. G.) réttur, að búsetan sé ófáanleg, þá vitnast það, og þjóðin getur sagt um, hvort hún þá sættir sig við það, sem minna er. Þannig hygg eg skynsamlegra, að verja hinum næsta 2 ára tíma.

Í stuttu máli: Fyrirliggjandi frumv verður ekki staðfest af núverandi stjórn En nái það staðfesting vinstrimannastjórnar, eins og það nú liggur fyrir, höfum vér þar um óákveðinn og ekki

mjög skamman tíma tapað tækifæri til að fá meiri stjórnarbót. Og eg lýsi því yfir nú og mun standa við það, að eg greiði ekki atkvæði með að sleppa slíku tækifæri ónotuðu.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að fara að deila við hæstv. landsh. út af því, er hann tók fram, að núverandi ráðgjafi hefði aðra skoðun á þessu máli en ráðgjafi sá, er að völdum sat 1899. Hann sagði, að þeim ráðgjafa, er þá sat að völdum, hafi verið ant um málið, en þeim, er nú situr að völdum, sé ógeðfelt að gera nokkrar breytingar á því fyrirkomulagi, sem er. En ráðgjafi Íslands getur breytt skoðun sinni og er það ekki nema eðlilegt.

Það er auðvitað og ekki nema eðlilegt, að conservativ stjórn vilji halda öllu í gamla horfinu. En það er samt engin sönnun fyrir því, að eigi megi fá því breytt.

Eg álít það ekki rétt af löggjafarþingi, að laga sig eftir því einstrengingslega, sem stjórnin er fús á að ganga inn á í hvert skifti, heldur eigi það að fara sínu fram, svo framarlega sem það heldur sér á lögákveðnum grundvelli og innan þeirra takmarka, er þegar eru sett.

Eins og tekið er fram í augl. til Íslendinga 2. nóv. 1885, getur stjórnin eigi gengið að þeim breytingum, sem fara fram á, að losa um ríkisheildina eða ríða í bága við stöðulögin eða sambandslögin, eins og þau eru skilin. — Geri þingið það, hefir það farið út fyrir þau takmörk, sem löggjafarþingi voru eru sett.

Það sem hér er farið fram á í frv. meiri hlutans, fer ekki út fyrir þau takmörk, og jafnvel þó vér æskjum, að takmörkin nái lengra, þá verðum vér, að svo komnu, að halda oss á þessum grundvelli.

Hinn háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) tók það fram, að með því að ákveða búsetuna hér á landi, væri meiningin að losa ráðgjafann úr ríkisráðinu, og er það þá gamli fleygurinn, að eins í annari mynd eða grímuklæddur, sem hlýtur að rekast á skilning Dana á ríkisráðinu og hluttöku Íslands-ráðgjafa í því. — Það verður aldrei samþykt ákvæði um það, er losar Ísland við hið danska alríkisveldi.

Það er eðlileg krafa, að Danir vilji hafa hönd í bagga með þinginu, svo að það samþykki ekki lög, sem koma Danmörku í ógöngur gagnvart öðrum þjóðum, þar sem þeir halda hlífiskildi yfir oss gagnvart þeim og verja landhelgi vora fyrir árásum þeirra.

Hinn h. frmsm. minni hlutans (H. H.) bar mér það á brýn, að eg hefði breytt skoðun minni víðvíkjandi ríkisráðsetunni, og eg játa það fúslega; eg breyti til, og læt mér enga lægingu þykja, að sannfærast af ljósum og skýrum rökum; og meðan stöðulögin eru talin gild hér á landi, getur ríkisráðssetan ekki öðru vísi verið.

En þar með er ekki útilokuð alinnlend stjórn einhvern tíma í framtíðinni, en það það þarf margt að skipast og mörgu að breyta og okkur að vaxa meiri fiskur um hrygg, þangað til við verðum því vaxnir.

Þar sem hann vitnaði til þess, að Berg hafi átt að segja, að það væri brot á stjórnarskránni að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu, ætla eg að gefa þá skýringu, að Berg var enginn lögfræðingur. (*L. H. B*: Það er h. þm. Vestm. ekki heldur). Eg hefi haldið fram þeirri skoðun, að þingið eigi að semja við þá stjórn, sem situr að völdum, og álít að það sé markleysa ein, að gera sér miklar vonir um betri árangur hjá vinstrimannastjórn. Því hvaða sönnun er fyrir því, að þeir yrðu nokkuð betri í okkar garð?

Hið frjálslyndasta ráðaneyti, sem setið hefir að völdum í Danmörku á öldinni, sem leið, var marzministeríið svo nefnda. En það var einmitt það, sem verst var okkur þjóðfundarárið 1851, og vildi helzt innlima Ísland í Danmörku. Það var líka það, sem skipaði stiftamtmanni, að halda uppi njósnum um land alt, til að fá vitneskju um afstöðu embættismanna, og hvort þeir létu í ljós álit, sem riði í bága við skoðun stjórnarinnar, og hver tök væri á að hegna þeim, er gerðust svo djarfir.

Þessi stjórn var frjálslynd við Dani, en svona var hún gagnvart okkur. Það er líka algengt, að stjórnir, sem mega heita frjálslyndar í sínu eigin landi, eru hinar ófrjálslyndustu út á við. Þess vegna er það öldungis óvíst, að vinstrimannastjórn yrði hagstæð í vorn garð.

Eg hefi líka átt tal við vinstrimenn og jafnvel sjálfan vinstrimannaforingj ann, sem öllum kemur saman um, að sé sjálfkjörinn ráðgjafi í vinstrimanna ráðaneyti, nefnilega Christensen Stadil, og hann hefir sagt við mig þessi ótvíræðu orð: »eitt er það, sem þið aldrei megið fara fram á, og það er að losa ráðgjafann úr ríkisráðinu«.

Þess vegna höfum við ekki viljað fara að fleyga frumv. með ákvæði, sem öldungis er ómögulegt að nái staðfestingu.

Að því er 61. gr. snertir, þá fæ eg ekki séð, hvernig það gæti orðið málinu til falls, að vér látum hana standa óbreytta, þar sem það er einmitt samkvæmt grundvallarreglu íhaldssamrar stjórnar, að halda óbreyttu því, sem er.

Hinn háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) sagði, að við ættum ekki að samþykkja nema það, sem þjóðin gæti sameinast um, og það væri ófært, að láta frumv. komast fram með svo litlum meiri hluta.

En hvenær fær maður það, sem allir eru sáttir og sammála um, og svo er ekki heldur hér um nein fullnaðarúrslit að ræða.

Þjóðin fær tækifæri á :ð sýna, hvort hún er með því, og þá getur verið, að svofeld breyting verði samþykt með stórum meiri hluta.

Hinum h. þm. Snæf. (L. H. B.) þótti það óviðurkvæmilegt, að ákveðið væri í stöðulögunum, að greiða skyldi laun ráðgjafans úr ríkissjóði, og að laun landshöfðingja væru ákveðin af konunginum og tekin af tillagi ríkissjóðsins, án þess að alþ. hefði atkvæði um þau. Látum svo vera. En hvaða reglu fylgir hann nú eða frumv. hans flokks í þessu efni? Það má sjá af frumv. minni hlutans. Þar segir svo í 7. gr.:

»Með tekjunum skal telja tillag það, er samkv. lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sérstöku gjalda Íslands, þó þannig, að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinna æðstu innlendu stjórnar, eins og þau verða ákveðin af konunginum«.

Eftir þessu fylgir frumv. einmitt þeirri reglu, sem hinn h. þm. er að finna að. Laun búsetta ráðgjafans, sem verður hinn æðsti innlendi stjórnandi, eiga að verða ákveðin af konunginum einum, án atkvæðis alþ., og engin takmörk eru fyrir því sett, hve há þau skuli vera. Konungur gæti meira að segja ákveðið, að þau skyldu vera 20 þús. kr., 30 þús. kr. eða jafnvel alt tillagið, 60 þús. kr., ef honum sýndist svo. H. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði það ekki rétt, að búsetan væri ómöguleg, og sló fram þeirri setningu, að ekkert, sem væri nauðsynlegt, væri ómögulegt. Eg fyrir mitt leyti fæ ekki skilið þá rökfærslu. Er lítilmagnanum kannske ekki margt

ómögulegt, sem honum í raun réttri er bráðnauðsynlegt? Öllum er nauðsynlegt að fá eitthvað að borða, og þó kemur það fyrir, að menn deyja úr hungri, ef þeir geta ómögulega fullnægt þessari nauðsyn.

Búsetan er ómöguleg, eins og henni er fyrir komið hjá hinum háttv. minni hluta, því hún er að eins önnur aðferð til að fá ráðgjafann út úr ríkisráðinu, sem, eins og nú horfir við, er ófáanlegt.

Framsögumaður minni hlutans (Hannes Hafstein): Eg skal að eins taka það fram, út af orðum háttv. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann kvað oss, minni hluta menn, vera að koma með nýjan »ríkisráðsfleyg«, að þá lýsi eg því yfir, að hafi h. þm. (V. G.) með réttu getað fengið nokkuð slíkt út úr orðum h. 1. þm. Árn. (H. Þ.), þá hefir h. 1. þm. Árn. þar talað af sínu eigin hjarta, en ekki fyrir hönd flokks þess, sem við erum báðir í. (*H. Þ.*: Það er rétt hjá háttv. framsm.). Í tillögum vorum er ekkert talað um ríkisráðssetu ráðgjafans, hvorki af né á. En það verð eg að álíta, að búseta ráðgjafans hér á landi sé alls ekki því til fyrirstöðu, að sá ráðgjafi geti mætt í ríkisráðinu, ef konungur vill og það fyrirkomulag kemst á, sem vér gerum ráð fyrir. Eg verð því að mótmæla því, að búseta ráðgjafans hér á landi riði í nokkru í bága við ríkiseininguna. Sú fjarstæða, sem h. þm. Vestm. (V. G.) kom með, að konungur muni ákveða ráðgjafanum í laun alt tillagið úr ríkissjóði, er naumast svara verð. En þá vil eg taka það fram, að ráðgjafinn yrði að sjálfsögðu að undirskrifa með konungi allar ákvarðanir um laun sín, og þætti þar oflangt farið, mætti treysta því, að Nd. alþ. mundi eigi hlífast við, að draga ráðgjafann fyrir lög og dóm. Að öðru leyti mætti gjarnan fyrir mér taka skýrara fram um þetta atriði, ef þess þætti þörf.

Lárus H. Bjarnason: H. þm. Vestm. (V.G.) var hræddur um, að konungur gæti lagt ráðherra sínum enda alt tillagið úr ríkissjóði sem laun.

Eg óttast það ekki. Eg býst ekki við, að nokkur ráðgjafi mundi fara fram á slíkt, og kynni einhverjum, t. d. h. þm. Vestm., ef hann yrði ráðherra, að detta slíkt í hug, þá er landsdómurinn til, og mundi hann fljótt venja ráðgjafann af slíkum kröfum. H. þm. Vestm. (V. G.) gat þess, að ef vér vildum fá máli voru framgengt, þá yrðum vér að miða kröfurnar við þá stjórn, sem við er að semja; en þar hefir reynst hægra fyrir h. þm. (V. G.) að kenna heilræðin en halda þau, því að ef hann vildi fylgja þeim, þá ætti hann, eins og eg þegar hefi bent á, annaðhvort að taka frumv. sitt aftur, eða að minsta kosti nema burt úr því þau ákvæði, sem hæstv. landsh. lýsti yfir, að ekki væri von um, að næðu samþykki hinnar núverandi stjórnar. Eg veit, að mér gefst ekki kostur á að tala aftur við þessa umr., en þó held eg, að eg verði að láta hér staðar numið.

ATKVGR. fór fram með nafnakalli, eftir ósk 6 þm. og voru þeir: Valtýr Guðmundsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Lárus H. Bjarnason, Magnús Torfason, Björn Bjarnarson, þm. Borgf., Jósafat Jónatansson.

Brt. á þgskj. 156 B 1. við 1. gr. var feld með 11 : 11 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
B. Bjarnarson, Bf.,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson, Dal,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Hermann Jónasson,	Sigurður Sigurðsson,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	St. Stefánss., Skgf.,

já:	*nei*:
Pétur Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
S. Stefánsson, Eyf.,	Þórður Guðmundss.,
Tr. Gunnarsson,	Þórður Thoroddsen.

Br.till. B. 2, 4 og 5 þar með fallnar.

Breyt.till. á þgskj. 156 A. 1. við 1. gr. samþ. með 13 atkv.

1. gr. breytt samþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Torfason,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Sigurður Sigurðss.,	Lárus Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
S. Stefánss., Skgf.,	S. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

2. gr. samþ. með 12 : 10 atkv.

3. gr. samþ. með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 156 A. 2 samþ. með 13 : 1 atkv.

4. gr. (sem verður 5. gr.) samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. A. 3. á þgskj. 156 samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. B. 3. »Með lögum« o. s. frv. feld með 12 : 10 atkv.

5. gr. þar með fallin.

6.—11. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv. hver.

Breyt.till. A. 4. við fyrirsögn frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin þannig samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Torfason,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Sigurður Sigurðss.,	Lárus Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
S. Stefánss., Skgf.,	S. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Þriðja umr., 26. júlí (frumv. C. bls. 365, breyt.till. bls. 367).

Framsögumaður meiri hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg vil að eins benda mönnum á, að við þetta frumv. er lítil breyt.till. um breyting á greinatölu, og er það vangá frá minni hálfu, sem gerir það, að hennar þarf við. Að öðru leyti sé eg enga ástæðu til að fjölyrða um frv., og vil að eins óska, að því verði leyft að ganga sinn gang gegnum deildina.

Einar Jónsson: Áður en þetta mál verður afgreitt hér frá deildinni, vildi eg gera grein fyrir atkv. mínu, einkum fyrir þá sök, að árin 1897 og 1899 greiddi eg atkvæði á móti frumv., sem bygð voru á sama grundvelli. Orsökin til þess, að eg greiddi þá atkvæði móti málinu, var í fyrsta lagi sú, að horfið var frá þeim grundvelli, sem öll stjórnarbarátta vor hafði áður verið háð á, sem sé að flytja æðstu stjórn landsins inn í landið, en það gerði ekki frumv. frá '97 og '99, og raunar ekki þetta frumv. heldur, en ýmsu hefir nú verið breytt í því til verulegra bóta, svo að það er orðið miklu aðgengilegra.

Þegar vikið var frá þessum grundvelli, var eðlilegt, að þm. hugsuðu sig vel um, áður en þeir greiddu atkv. með frumv., sem gekk í alt aðra átt. Auk þess var í frumv. '97 og '99, sjálfstæði þingsins ekki nægilega trygt gagnvart ráðgjafanum. Í þessu frv., sem nú liggur fyrir, hefir þessu verið

breytt svo, að nægileg trygging er fengin fyrir sjálfstæði þingsins gagnvart ráðgjafanum. Auk þess hefir þjóðin fengið tækifæri til að hugsa málið, og mikill hluti þingmálafunda hefir viljað ganga að frumv. þingsins 1899, svo framarlega sem bætt væri inn í ýmsum skilyrðum, sem einmitt eru nú tekin upp í þetta frumv.

Þetta frumv. hefir því mikla kosti fram yfir hin frumv. og einnig kosti fram yfir það fyrirkomulag, sem nú er, og vil eg lítið eitt minnast á það. Aðalkosturinn er sá, að samvinnan milli þingsins og sjórnarinnar verður eðlilegri og greiðari í lagasetningunni. Þar næst er það, að þingið verður meir en áður knúð til þess að gæta sem bezt sjálfstæðis síns og virðingar, og getur haft beinni og sterkari áhrif á stjórnina en nú. Einnig verður þjóðin knúð meir en áður til að vanda sem bezt þingkosningar sínar; þess vegna er ástæða til að ætla, að pólitiskur þroski fari vaxandi bæði hjá þingi og þjóð, þegar á það fyrirkomulag fer að reyna, sem frumv. þetta vill koma á.

Aftur á móti bætir þetta frv. ekki úr því, hve þunglamalega aðrar stjórnarathafnir en lagasetningin ganga, sem til ráðgjafans ná. Ur því verður ekki bætt, fyr en hin æðsta stjórn er búsett í landinu sjálfu. Þess vegna koma líka fram breyt.till. þær, sem fyrir lágu við 2. umr., og fóru fram á það, að ráðgjafinn skyldi vera búsettur hér á landi. Og þess vegna gaf eg þeim einnig atkv. mitt. En þær tillögur voru nú feldar, eins og kunnugt er, af því að þær mundu verða málinu að falli hjá hinni núverandi stjórn. — En þá var spurningin, hvort þetta atriði ætti að ráða svo miklu, að fella skyldi frv. fyrir þá sök. Það vildi eg ekki gera, og gaf því þess vegna atkvæði til 3. umr. En kosið hefði eg helzt, að málinu hefði verið frestað til næsta þings, ef þá gæti orðin meiri von um, að fá þetta atriði samþykt. Það eru einmitt nú miklu meiri líkindi en nokkru sinni áður til þess, að vinstrimannastjórn komist til valda í Danmörku, og það hafa verið vaktar talsverðar vonir um, að sú stjórn mundi samþykkja frumv., þar sem það væri ákveðið, að ráðgjafinn skyldi vera búsettur hér á landi. Það var því ósk hinna 10 þm., sem voru flutnm. að breyt.till. þeim, sem eg mintist á, að málinu yrði frestað á þessu þingi og samninga leitað við hina nýju stjórn, þegar hún kæmist til valda, og það hefði eg einnig helzt kosið. Eg hefi því í sumar gert alt, sem eg hefi getað, til þess að fá fylgismenn þessa frv. til að fresta málinu í þetta sinn, en taka heldur það ráð, að senda menn á fund stjórnarinnar, jafnskjótt sem stjórnarskifti yrðu, til að semja um málið við hana. Það virðist einmitt í mestu samræmi við þá aðferð, sem tekin var upp með tillögunum um stjórnarskipunarmálið 1895, sem eg fylgdi þá. En þingið er eigi svo samsett nú, að nokkur vegur sé til að fá því framgengt, og þótt málið væri felt á þessu þingi, þá hefi eg litla von um, að hinir sömu þm., sem nú eru, yrðu samningafúsari á næsta þingi, 1903, sízt ef hægrimannastjórn væri þá enn við völd hjá Dönum, sem ekki er óhugsandi, þó að það sé ólíklegt.

Nú er þess enn fremur að gæta, að fyrirkomulag það, sem breyt.till. fóru fram á, nefnilega, að ráðgjafinn sé búsettur hér á landi, hefir verið álitið svo lagað, að eigi væri hugsanlegt, að koma því á; það gæti eigi átt sér stað. Ráðgjafinn yrði að vera búsettur á sama stað sem konungurinn. Að vísu

var endurskoðunarbaráttan hafin 1881 á því, að heimta það fyrirkomulag, og því var einnig haldið fram á þinginu 1883, en síðar hurfu sjálfir forvígismenn málsins frá því, af því að það mundi eigi geta samrýmst við stjórnarfyrirkomulag ríkisins. Með því nú þessi vafi hefir verið um þetta atriði, og hann er ekki horfinn enn, þá sýnist mér réttast að láta þjóðina sjálfa skera úr því með nýjum kosningum, sem auðvitað fara fram, ef frv. þetta verður samþ., hvort hún vill ganga að því fyrirkomulagi, sem frumv. fer fram á, og sætta sig við það fyrst um sinn, eða hún vill gera búsetu ráðgjafans hér að nýju kappsmáli. Af þessum ástæðum gef eg þessu frv. atkv. mitt. Þótt eg kjósi fremur, að hafa ráðgjafann búsettan hér, þá álít eg, að þetta frumv. veiti svo miklar umbætur á stjórnarfarinu, að við þær megi una til bráðabirgða, ef annars er ekki kostur, og get því einnig þess vegna gefið málinu atkvæði mitt.

ATKVGR.: Breyt.till. 193 samþ. með 12 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk beggja framsm. nefndarinnar, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson., Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	B. Bjarnarson., Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Torfason,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Sigurður Sigurðss.,	Lárus Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
S. Stefánss., Skgf.,	S. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Málið síðan afgreitt til Ed.

Stjórnarskipunarmál II.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. bls. 186); 1. umr., 9. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Það hefir fallið í mitt hlutskifti, að gera hinni háttv. þingd. grein fyrir þessu frumv. fyrir hönd flutningsmannanna; en eg get verið stuttorður, bæði vegna þess, að eg veit, að flestir munu hafa kynt sér frumv. all-rækilega, og eins vegna hins, að mönnum síðar mun gefast tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar, þegar það kemur aftur frá þeirri nefnd, sem eg býst við að því verði vísað til.

Um, hvernig þetta frumv. er til orðið, skal eg gefa þær upplýsingar, að oss, flutningsmönnum þess, kom saman um það þegar í þingbyrjun, að sameina skoðanir vorar í þessu frumvarpi, þar sem gengið væri svo langt, sem unt væri, í samkomulagsáttina, án þess að sleppa nokkuru af fengnum réttindum Íslands. Þeim, sem ekki hafa getað aðhylst tilslökunarfrumvörp þau, er komið hafa fram á síðustu þingum, hefir verið borið á brýn stefnuleysi í málinu, að þeir vilda ekkert sérlegt, hefðu ekkert prógram. Þetta slyðruorð vona eg við höfum nú rekið af oss með þessu frumv. Að vísu varð þm. Vestm. (V. G.) og meðflutningsmenn hans fyrri til að koma með frumvarp um breyting á stjórnarskránni, og hefðum vér því ef til vill getað slept frumvarpsforminu að svo stöddu, og reynt fyrst að koma tillögum vorum að í nefnd þeirri, sem sett hefir verið til að athuga það frumv. En bæði þótti þá hætt við, að meginatriðin, slitin út úr réttu sambandi, mundu verða talin sem nokkurs konar »fleygar«, eða þaðan af verra, gerðir til að hnekkja frumv.,

enda töldum vér skyldu vora bæði gagnvart þingdeildinni, kjósendum vorum og sjálfum oss, að láta sjá í samanhengi, hver stefna vor er í máli þessu, og þótti þá réttast að gera það strax, heldur en bíða þess möguleika, að stjórnarskrárnefndin klofnaði, sem eg vona að ekki verði.

Aðalatriðið í þessu frumv., að ráðgjafi á Islandi skuli bera ábyrgð á stjórnarathöfninni, er ekki neitt nýmæli, heldur gamalkunnugt: hefir verið aðalkjarninn og mergurinn málsins í öllum stjórnarbótarkröfum Íslendinga, sem komið hafa fram frá því fyrst á þjóðfundinum 1851, og þangað til nú fyrir fáum árum síðan. Það eru ekki meira en 6 ár síðan, að bæði efri og neðri deild alþingis fylgdi fram þeirri tillögu, að ráðgjafinn væri hér búsettur, innlendur maður, er bæri ábyrgð á stjórnarathöfninni fyrir alþingi og ætti ekki sæti í ríkisráðinu. Þessi tillaga átti þá öfluga fylgismenn hér í deildinni og voru fremstir meðal þeirra bæði þingm. Vestm. (V. G.) og þingm. V.Sk. (*Guðl. Guðm.s.*: Erum heima). Það er óþarfi, að færa frekari rök fyrir því, að nauðsynlegt sé, að stjórn landsins sé sem mest inni í landinu sjálfu, en dragist ekki út úr því. Það hlýtur að vera öllum fullljóst, að til þess að stjórn geti fyllilega sett sig inn í allar þarfir þjóðarinnar, þarf hún að vera búsett með henni, lifa undir sömu lögum og sömu lífsskilyrðum, bera ekki að eins þá lagalegu ábyrgð á allri stjórnarathöfninni, heldur einnig hina siðferðislegu ábyrgð gagnvart þjóðinni, er hún umgengst. Það er óþarfi, að vera að rökstyðja þennan rétt þjóðarinnar. Eg hygg hann sé augljós, og að enginn Íslendingur, sem ann fósturlandi sínu, sé því mótfallinn, að þjóðin fái þennan rétt sinn í svo ríkum mæli, sem unt er.

Það nýmæli, sem þetta frumv. hefir að geyma, er aðallega sú tilraun, sem í því er gerð til að sameina þessar kröfur og rétt þjóðarinnar um innlenda stjórn, við þær kröfur dönsku stjórnarinnar, að ráðgjafinn fyrir Ísland sitji stöðugt í Kaupmannahöfn við hlið konungs, og er það gert með því móti, að ráðgjafarnir skuli verða tveir. Þetta er það í frumv., sem helzt mætti kalla nýmæli, þótt það í raun og veru sé það ekki, því það er jafngamalt þjóðfundinum 1851. Raunar er ráðgjafi sá, sem eftir frumv. á sæti í Kaupmannahöfn, ekki nefndur því nafni 1851, heldur kallaður erindreki; en starf hans er mjög svipað, og í aðalatriðunum alveg það sama. Það sem stungið er upp á í þessu frumv., er það, að í Reykjavík sitji ráðgjafi eða ráðherra, sem hefir á hendi hið æðsta vald í öllum sérmálum Íslands. Það er gert ráð fyrir, að hann að jafnaði beri sjálfur fram fyrir konung lög og önnur mikilsvarðandi stjórnarmálefni, vitanlega með því, að ferðast á konungs fund, en að jafnframt sé við hlið konungs annar ráðherra fyrir Ísland, sem í fjarvist og forföllum ráðherrans á Íslandi beri í umboði hans málin fram fyrir konung, og að öðru leyti framkvæmi þær stjórnarathafnir, sem eigi má fresta þangað til ráðherrans á Íslandi verður leitað. Báðir þessir ráðgjafar bera ábyrgð fyrir alþingi á gjörðum sínum. En eg skal ekki fara frekara út í þessi einstöku atriði frumv. að sinni, með því líka það er óleyfilegt, að tala um einstakar greinar við þessa 1. umr.

Að öðru leyti skal eg að eins stuttlega drepa á hinar markverðustu breytingar, sem frumv. hefir inni að halda. Það er þá fyrst sú breyting á 1. gr. stjórnarskrárinnar, að í stað þess, að

þar er að eins vísað til stöðulaganna um hin sérstaklegu málefni Íslands, þá eru þessi mál talin upp í 1. gr. frumv., og er það gert af því, að við álitum það heppilegt, svo ekki væri hægt að breyta þessu ákvæði án samþykkis hinnar íslenzku þjóðar einungis með því, að breyta stöðulögunum.

Í 5. gr. frumv. er sú breyting eða viðbót við 11. gr. stjórnarskrárinnar, að bráðabirgðafjárlög megi því að eins gefa út, að þingið hafi ekki samþykt fjárlög fyrir það fjárhagstímabil.

Í 12. gr. stjórnarskrárinnar er því bætt inn í, að konungur megi ekki náða ráðherrana, nema með samþykki neðri deildar alþingis. Auðvitað er meiningin ekki sú, að banna konungi að náða ráðherrana fyrir almenn brot, heldur að eins fyrir pólitiskar sakir, og mun réttast að taka það fram með berum orðum í greininni, þó að það að vísu liggi í augum uppi, að ákvæðið á við ráðherra sem slíka.

Breytingarnar á 17. gr. stjórnarskrárinnar eru mjög svipaðar í báðum frv.; einungis höfum við steypt saman í eina málsgrein því, sem í frumv. háttv. þm. Vestm. (V. G.) og samflutningsmanna hans er í tveimur, nefnilega ákvæðinu um kosningarrétt sjálfstæðra karlmanna í kaupstöðum og hreppum, og tel eg það fara betur eins og það er orðað í þessu frumv. Einnig höfum við aftan við þá grein bætt nýju ákvæði um, að veita megi konum kosningarrétt til alþingis með lögum, og við kjörgengisskilyrðin í 18. gr. stjórnarskrárinnar er stungið upp á þeirri breyting, að menn séu kjörgengir til alþingis 25 ára gamlir, eins og í Danmörku. Hinar aðrar breytingar frumv. eru smáatriði, sem að mestu leyti eru annaðhvort beinar afleiðingar af þeim breytingum, sem eg hefi áður minst á, eða þá samhljóða þeim breytingum, sem farið er fram á í frumv. þm. Vestm. og félaga hans.

Þetta frumv. er að vísu ekki neitt frumv. með fyrirheiti, og það er eigi hægt að segja um það fyrir fram, hvort stjórnin muni verða því sinnandi eða ekki. En í því á það sammerkt við hitt stjórnarskrárfrumv., í því formi, sem það nú er komið í.

Eg ætla mér ekki að fara að ræða um eða fetta fingur út í það frumv. nú. Til þess er nógur tími í nefndinni, sem skipuð var til að íhuga það og sem eg nýt þess heiðurs að vera með í. En svo mikið get eg þó sagt, að nú er búið að setja inn í það frumv. ýmsar ákvarðanir, sem stjórnin aldrei hefir gefið neitt vilyrði um, og er því nú algjörlega vikið frá þeirri stefnu, sem kend hefir verið við háttv. þm. Vestm. (V. G.), og sem eftir minum skilningi er fólgin í því, að fara ekki fram á meir en vissa er fyrir að stjórnin samþykki. Eftir þeim skilningi, sem eg verð að leggja inn í boðskap H. H. konungsins til þessa þings og yfirlýsing hæstv. landsh., get eg ekki séð, að neitt vænlegara horfi fyrir því frumv. en þessu. Í þessu frumv. er eins og í hinu frumv. siglt hjá þeim ásteytingarsteini, að taka fram nokkurt ákvæði um, að ráðherrann skuli ekki eiga setu í ríkisráði konungs.

Um þetta er ekki talað eitt einasta orð í frumv., og afleiðingin er vitanlega sú, að hér helzt það fyrirkomulag, sem áður var, þangað til H. H. konunginum þóknast að breyta því. Frumv. raskar ekki status quo í þessu tilliti. En þó að nú svo væri, að ekki sé hægt að gjöra sér mjög mikla von um, að núverandi stjórn vor gangi að því fyrirkomulagi, sem frumv. fer fram á, þá getur það þó verið afarþýðingarmikið fyrir þjóðina, að það sé samþykt á

þessu þingi, og að ekki sé farið styttra en þjóðin getur gert sig nokkurn veginn ánægða með og sennilegt er að fáist von bráðara. Eg skal ekki vera að að fara með neina spádóma; en eg tel það enga fjarstæðu, þó eg segi, að það sé ekki ólíklegt, að ekki líði á löngu áður en aðrir menn með öðrum skoðunum en þeir, sem nú sitja að völdum, kunni að ráða úrslitum velferðarmála vorra. Fari svo, að ný stjórn, með frjálslyndari skoðun á réttindum Íslands, eigi að fjalla um staðfesting þessa frumv., sem vænta má að samþykt verði á þessu þingi, þá er það hreint og beint ólán fyrir þjóðina, ef búið er út af vonleysi og bráðlæti að samþykkja fyrirkomulag, sem þjóðin verður að vera óánægð með. Þess vegna verður að stefna hærra, og láta óskir þjóðarinnar koma fram með meiri djörfung og von, en gjört er í frumv. háttv. þm. Vestm. (V. G.) og félaga hans; því þó það frv. sé nú nokkuð bætt frá því sem áður var, þá er það þó enn sem fyr neyðarúrræði. Það er skylda vor og nauðsyn, að sleppa ekki neinum af þeim réttindum, sem vér höfum haft frá aldaöðli; og þó margir góðir menn hafi á síðustu árum viljað af sérstökum ástæðum gera sig ánægða með lítið, í þeirri von, að eiga þá víst að fá það, þá er nú alt öðru máli að gegna, þegar kröfur þjóðarinnar hafa neytt leiðtoga þeirrar stefnu til að víkja út af þeirri leið, að fara ekki fram á meira en ráðgjafinn vill lofa, því nú liggur ekki fyrir þinginu neitt frumv. með fyrirheiti, er vís von sé um staðfesting á.

Guðlaugur Guðmundsson: Háttv. formælandi þessa frumv. sendi mér ofurlítla kurteisiskveðju í ræðu sinni, og mér þykir það ókurteist, að neita því að »eg sé heima«, og finn enda ástæðu til þess, að fara nokkurum orðum um frumv., eins og það liggur fyrir, án þess þó að eg vilji fara að hella olíu í þann eld, sem hér er verið að kveikja. H. 2. þm. Ísf. (H. H.) vék fáeinum orðum orðum að því, hvernig málið er upp borið. Það er borið upp á mjög einkennilegan og mjög óvanalegan hátt. Eg veit ekki til, að þess séu dæmi áður, að um sama mál og sömu atriði í sama máli liggi fyrir tvö frumv. í einu, nema þar sem svo hefir staðið á, að nefnd hefir endursamið frumv. og sent deildinni aftur hið upphaflega frumv. óbreytt, til þess að láta fella það. Það mun hafa komið fyrir, en alls ekki hitt. — Mér finst háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) ekki gjöra fullnægjandi grein fyrir, hvernig á þessari einkennilegu framkomu frumv. stendur, en skal með ánægju gjöra honum það til geðs, að fara ekki lengra út í það mál, en taka skýrslu hans góða og gilda.

Þetta er viðvíkjandi formhlið frumv. eða málsins á þessu stigi; að því er efni málsins snertir, þá er ekki leyfilegt nú við 1. umr. að fara inn á einstök atriði málsins, svo að um það verður að tala í almennum orðum, og eg verð því að láta það bíða, þangað til málið er lengra komið, að færa ítarleg, sundurliðuð og gagngerð rök fyrir þeim aðalástæðum, sem eg fyrir mitt leyti hefi á móti frumv.

Eg skal fyrst minnast á það, sem ekki stendur í frumv., sem sé það, að flutningsmenn hafa nú fallið frá því sem aðalatriði, atriði, sem málið ætti að standa eða falla með, hvort sérmál Íslands væru borin upp í ríkisráði Dana eða ekki. Því hefir að undanförnu verið haldið fram, að þetta væri hyrningarsteinninn undir allri hinni íslenzku stjórnarbaráttu, og fengist ekki þetta, væri alt hitt einkis virði, og meira að segja: þeir sem hafa viljað láta þetta spursmál liggja milli hluta og hafa lát-

ið sér nægja þá yfirlýsingu, sem komu skýr og tvímælalaus frá — »ráðgjafastólnum«, lá mér við að segja — þ. e. h. fulltrúa stjórnarinnar 1899, þeirmenn, sem hafa viljað taka þær yfirlýsingar trúanlegar, þeir hafa verið úthrópaðir sem flón eða landráðamenn.

Það gleður mig að sjá, að nú hafa háttv. flutningsmenn séð, að þetta var hvorki flónska eða landráð, og engu spilt að Íslands hálfu, þó inn á þann grundvöll væri gengið. Eg tek það skýrt fram, að eg álít þetta mjög mikils virði við frumv.; með því hafa flutningsmenn frumv. með okkur gengið inn á það, að við ættum ekki hér að samþykkja neitt það, sem má reiða sig á að stjórnin álítur að raski einingu alríkisins, né heldur dragi íslenzku málin svo undan eftirliti (kontrol) stjórnar ríkisins, að hið ísl. löggjafarvald gæti farið út fyrir sitt verksvið og þannig ef til vill unnið alríkinu eitthvað til meins. Þannig virðist mér, í öllu falli í orði kveðnu, að allir standi nú á sama grundvelli, og þá í rauninni er málið komið í rétt horf; þá á það ekki að vera það sem eg vil leyfa mér að kalla á dönsku statsretlig Skændeduet milli stjórnar og þings, þá á það að vera samningsmál, þar sem eingöngu er tekið tillit til þess, hvað rétt hagsýni og skynsemi álítur heppilegast fyrir þjóð og stjórn. Eg gjöri mér þess vegna þrátt, fyrir galla þessa frumv., góða von um, að menn á þessum grundvelli geti fundið samkomulagsveg; en vel að merkja: í frumv. eru mörg þau atriði, sem þrátt fyrir það, að þetta er svo í orði kveðnu, útilcka það, að mögulegt sé að semja um þau atriði. Eg skal, af því þetta er fyrsta umræða, að eins víkja að tveimur höfuðatriðum. Eg ímynda mér sem sé, að það sé af óheppilegu orðalagi, að það virðist svo sem í 2. gr. sé sett upp sem markmið í frumv., að fá konunginn til að vera búsettan í Reykjavík; en annaðhvort er það gert af spaugi eða það er af óheppilegu orðalagi, svo að eg ætla ekki að víkja að því, né ganga út frá, að það sé komið inn í stefnu þessa flokks.

Hið fyrra atriðið felst í 1. gr. frumv. Í 1. gr. frumv. er í fyrsta skifti á íslenzku löggjafarþingi farið fram á það, að hið íslenzka löggjafarvald játi stöðulögin frá 2. jan. 1871 sem réttmæt og löglega gefin frá Danastjórn; en þetta er hið sama sem að játa, að hið danska löggjafarvald og þá sérstaklega hið danska ríkisráð hafi lögmætan rétt til þess að ráða yfir íslenzkum málum.

Móti þessu hefir alt af verið barist að öllu leyti, og það hefir verið haft í beinum skilyrðum við stjórnina, að hún ekki setji inn í stjórnarskrárfrv. nokkuð það, hvorki beinlínis né óbeinlínis, er hún gæti dregið af neina þá ályktun, sem gæti stutt hennar skoðun í þessu atriði. Eg þarf ekki að fara að rekja það í sundur, hvernig þessu er varið; að eins skal eg benda á það, að lögin 2. jan. '71 eru bygð á þeirri »Forudsætning«, að grundvallarlögin dönsku séu gildandi hér, og um leið og þau eru samþykt, um leið höfum við gjört þessa játningu, sem eg álít hreinan og beinan voða fyrir rétt Íslands í framtíðinni. Eg álít það sé eitt af aðalatriðum frumv. okkar, að láta það spursmál fyrst um sinn liggja milli hluta. Við gjörum okkur von um, og þá von, sem á rökum er bygð, að við með tímanum getum sannfært mótpart okkar, Dani, um, að þeirra afskifti af okkar málum séu að öllu leyti óréttmæt, þó þeir byggi það á lögum, sem þeir hafa sjálfir gefið sem valdboð, en við höfum aldrei viðurkent, að það vald sé á siðferðislegu réttlæti eða réttum grundvelli bygt. En við gjörum okkur von um, með því að halda þessum grund-

velli óröskuðum, að geta með tímanum fært sönnur á okkar mál, svo réttsýnir og samvizkusamir menn frá Dana hálfu fengjust til að viðurkeuna okkar rétt í þessu efni. Það er einmitt með þetta fyrir augum, sem við að svo stöddu höfum ekki viljað halda til streitu öllum þeim kröfum, sem þessi stjórnarbótarflokkur reisti '95. Það er einmitt af hagsýnisástæðum og af því, að maður ber velferð lands og lýðs meir fyrir brjósti heldur en persónulega fordild og kappgirni. Við viljum halda okkur við þau atriði, sem til gagns geta orðið, en láta hitt að svo stöddu liggja mill hluta, og um þetta skal eg vísa í yfirlýsingu, sem kom fram af hendi stjórnarfulltrúans '99, ummæli háttv. landsh. um boðskap H. H. konungsins, þar sem það er gefið til kynna, að okkar frumv. raski ekki hinu pólitiska sambandi Íslands og Danmerkur. Okkur er ekki sett neitt það skilyrði, að við þurfum að rýra okkar sjálfstjórn í neinum efnum. En þó að alt annað stæði til boða, sem í þessu frumv. er, þá greiði eg aldrei lifandi mitt atkvæði með 1. gr. þess.

Hið annað atriði í máli þessu er það, sem flutningsm. tók fram sem höfuð stefnu þessa frumv., sem sé það, að fá hinn æðsta stjórnanda búsettan í landinu. Eg tek það skýrt fram, að það er program þeirra, sem stjórnarbótinni fylgja, að fá hina æðstu stjórn til þess að verða búsetta í landinu, hina æðstu stjórn; það er tekið skýrt fram (*L. B.*: Hvar er þess prógrams getið?). Það er t. d. í bréfi háttv. landsh. 20. des. '95, sem hér liggur á borðinu, þar sem tekin eru upp atriði úr þingrályktunartill. '95 (*L. B.*: Eg finn það ekki í þessu frumv.) (*Forseti*: Ekki að taka fram í). — Í bréfi landsh. 20. des. 1895 er það skýrt tekið fram, að, eins og málið þá lá fyrir, og eins og þetta mál liggur fyrir enn, þá sé þetta atriði um búsetu ráðgjafans hér á landi ósamrýmanlegt við ríkiseininguna. Hjá þessu hafa háttv. flutn.menn ætlað að sneiða með því, að setja upp tvennan æðsta stjórnanda, já, mér liggur við að segja, setja tvo tigulkónga í spilin, annan þeirra búsettan í Kaupmannahöfn og annan búsettan í Rvík. Hér veltur nú á tvennu; annaðhvort verður Reykjavíkurráðgjafinn hinn æðsti stjórnandi, og ráðgjafinn í Kaupmannahöfn að eins skuggi, — eg sé að hann er í sumum málum hugsaður aðeins það, sem maður í lagamálum kallar »referendar«; það er annaðhvort, eða ráðgjafinn í Kaupmannahöfn, sem við aldrei sjáum, hann verður aðal-tigulkóngurinn, og þá er breytingin ákaflega lítil. Í fyrra tilfellinu verður ómögulegt að segja annað en, að eins og þessu er fyrir komið hér, þá væri búsetan ósamrýmanleg við ríkiseininguna. En í hinu tilfellinu stöndum vér enn ver að vígi heldur en vér stöndum nú, að eg ekki tali um, hvernig við mundum standa, ef við fengjum ráðgjafa, sem mætti á þinginu, þó hann væri búsettur í Kaupmannahöfn.

Eins og kunnugt er, þá hefir þegar á þessu þingi verið borið upp hér í deild annað frumv. í stjórnarskrármálinu og nefnd verið kosin í því. Það er langt frá því, að vér teljum lokið öllum stjórnbótarkröfum vorum, þótt það frumv. fengi framgang á þingi og næði staðfesting konungs. Það hafa verið tekið þau ein atriði, er vér vonum, að hægt sé að ná samkomulagi við stjórnina um að svo stöddu, en það inniheldur alls eigi fullnaðar-program stjórnbótarflokksins. Þetta hefir verið skýrt fram tekið, og þess hefir afdráttarlaust verið getið, að ýmislegt fleira teldum vér æskilegt að öðlast, en sem bíða yrði betri byrjar.

Í frumv. því, sem nú liggur fyrir

er aftur á móti borið fram fullnaðarprogram þess flokks, sem það flytur; lengra vill hann ekki fara; um það liggur fyrir yfirlýsing háttv. flutningsm. frumv. (H. H.).

Eg verð að játa það, að eg met mikils búsetu hinnar æðstu stjórnar vorrar hér á landi, og að eg tel stjórnmálum vorum ekki fyr komið í æskilegt horf en hún er fengin. En það verð eg að segja, að eg tel það ekki æskilegt, að greiða atkvæði með búsetu ráðgjafans hér á þann hátt, sem ætlast er til að hún verði eftir frumv. þessu, því að bjóða þjóðinni annað eins skrípi,— það má kalla að bjóða henni steina fyrir brauð; svo lítilfjörleg er breytingin og óhagkvæm.

Af því að eg vil ekki vekja kappræður um málið, þá skal eg sneiða hjá að færa rök fyrir þessum dómi mínum. Að eins skal eg taka það fram, að frumv. þetta felur í sér talsverðan voða fyrir sjálfsforræði vort í framtíðinni. — Búseta ráðgjafans, eins og hún er fyrirhuguð í frumv., er ófullnægjandi fyrir Íslendinga og óaðgengileg fyrir stjórnina.

Eg skal svo ekki eyða orðum um þær skýjaborgir, sem háttv. flutningsm. frv. eru að byggja; þeir vita það eins vel eins og eg, hve ógnarhætt þeim er við hruni, og því eigi vert að taka mikið tillit til þeirra.

Eg gjöri ráð fyrir, að réttast sé að málinu sé vísað til nefndar þeirrar, sem þegar er kosin í stjórnarskrármálinu.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg þarf fáu að svara í ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). En það verð eg að segja, að mér kom það á óvart, er hann talaði um það, að með frumv. þessu væri verið að kveikja eld. Því var fjarri, að sá væri tilgangur vor, og langt um heldur vildi eg slökkva þann eld, er mér finst loga undir niðri í háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.).

Það gladdi mig annars, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók gilda skýrslu mína um það, hvers vegna frumv. þetta væri upp borið, þótt eg að öðru leyti telji mig eigi þurfa að standa reikning þess máls fyrir honum né öðrum. En af því nú að eg hafði orðið þess var, að sumir töldu frv. þetta gert til að styggja sig, þótti mér rétt að skýra frá, af hvaða rótum það væri runnið.

Að því er snertir það, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um sérmálin, þá skal eg leiða hjá mér, að ræða um það nú.

Þá fyndni, sem h. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kom með, að í frumv. voru væri ætlast til, að konungurinn yrði búsettur hér á landi, hafði eg þegar heyrt í gær, svo að það var ekki ný skemtun fyrir mig, að heyra hana nú; en sjaldan er góð vísa of oft kveðin, og bjóst eg þó varla við, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) mundi »liggja svona lengi á eggi« og leiða ungann út hér í salnum. Ekki fyrir það, að vér myndum víst allir kjósa, að konungur væri hér búsettur, og það þótt eigi væri nema að öðrum þræði en hvorki hinn hv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) né eg munum þó væntanlega koma fram með þar að lútandi tillögur að sinni.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hélt því fram, að með frumv. voru væri viðurkent gildi stöðulaganna; en eg bið að þess sé gætt, að í hinni núgildandi stjórnarskrá er einmitt sams konar tilvitnun í stöðulögin og í frumv. voru. Í 1. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 3. gr., varða Ísland sérstaklega, hefur landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók það fram, að því hefði verið fylgt hingað til, að forðast að vitna í stöðulögin, en hann gætir þess eigi, að einmitt í því frumv. sem flokkur hans hefir nú flutt inn á þingið, þar er í 7. gr. vitnað í stöðulögin á sama hátt og í frv. voru. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Nei.). Þótt háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) segi nei, sé eg eigi að síður ekki betur en að tilvitnunin sé eins og eg sagði.

Þar næst talaði háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um, að í frumv. væru ákvæði lík því, að hafðir væru 2 tigulkóngar í spilum. Eg get þá sagt háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að Jón heitinn Sigurðsson vildi hafa þess háttar tigulkónga 3 eða fleiri í spilinu.

Á þjóðfundinum 1851 var hann með til að stinga upp á því, að Ísland skyldi eiga erindisreka af sinni hálfu hjá konunginum; hann skyldi vera íslenzkur maður, kosinn af konungi, og eiga setu og atkvæði í ríkisráðinu, eins og aðrir ráðgjafar konungs, í þeim málum, sem kynni að verða sameiginleg og Ísland varða. En jafnhliða þessum erindisreka er gert ráð fyrir 2 eða fleiri ráðgjöfum. Eg get eigi skilið í því, að það geri svo mikið til, hvort ráðgjafarnir eru einn eða fleiri, ef þeir að eins eigi skemma hvor fyrir öðrum heldur vinna samhuga, hvor að sínu starfi, og hér er skýrt tekið fram, hvað hvorum þeirra um sig er ætlað að gera og ábyrgjast.

Háttv. þm. V.-Sk. Guðl. G.) hélt því fram, að það sem vér kæmum fram með væri fullnaðar-programm vort, en það sem hitt frumv. færi fram á, væri að eins bráðabirgða-krafa. Eg veit eigi, hvaðan honum hefir komið þessi fróðleikur um programm vort, en það má hann vita, að ef einu sinni er búið að samþykkja búsetu Íslandsráðgjafans í Kaupmannahöfn, þá mundum vér standa enn fjær en nú stöndum vér, með að fá því síðar framgengt, að hann hefði búsetu hér á landi.

Að því er snertir stóryrði háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), þá tel eg það rétt, til þess að forðast sem mest alla eldkveikju, að svara þeim ekki, að minsta kosti eigi að þessu sinni.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir þegar tekið flest það fram, sem þörf var að athuga frá sjónarmiði vors flokks, og þarf eg því ekki að fara mörgum orðum um málið. Eg lít svo á, að sá stefnumunur sé á þeim tveim frumv., sem hér liggja fyrir þinginu — þótt margt sé sameiginlegt í þeim — að vort frumv. hvíli á samningagrundvelli þeim, sem stjórnin hefir gengið inn á, og því sé fjarri að vonlaust sé um, að það geti fengið konunglega staðfestingu; en aftur sé vonlaust um, að það frumv., sem er til umræðu í dag, geti fengið staðfestingu í því gervi, sem það nú er í.

Það er að vísu gleðilegt að sjá, að háttv. flutningsm. frumv. hafa auðsjáanlega viðurkent, að eigi muni vera til neins að fara fram á, að fá ráðgjafa vorn út úr ríkisráðinu.

Eigi gleður það mig þó sízt, að sjá h. 1. þm. Arn. (H. Þ.) hafa undirskrifað viðurkenningu þessa. Nú virðist hann vera farinn að sjá, að hér sé ekki verið að ræða um að »lögfesta« ráðgjafann í ríkisráðinu, eins og hann svo oft og kröftuglega hefir haldið fram í blaði sínu; hann sýnist nú kominn til þeirrar sannleiks viðurkenningar, að sér hafi áður missýnst í þessu.

En þetta er nú eiginlega hið eina gleðilega við málið.

Að öðru leyti er frumv. í ýmsu harla athugavert, og ákvæðin um búsetu ráðgjafans í Reykjavík eru ein út af fyrir

sig þannig vaxin, að fyrirsjáanlegt er, að frumv. muni verða óaðgengilegt fyrir stjórnina, því að hún hefir lýst því yfir í ráðherrabréfinu 29. maí 1897, að slíkt gæti ekki komið til mála; þar segir svo, að það geti ekki komið til mála, að flytja til Íslands frá aðsetri stjórnarinnar og úr aðsetursstað konungs ráðgjafa þann, er trúað væri fyrir æðstu stjórn hinna sérstöku mála Íslands, og sem því hlyti að bera ábyrgð á þeim.

En þetta er ekki einungis álit stjórnarinnar í Kaupmannahöfn, heldur munu allir þeir stjórnmálamenn, sem sett hafa sig inn í málið, vera samdóma um, að ráðgjafinn hljóti að vera búsettur við hlið konungs.

Hér skal eg láta mér nægja, að vísa til þess, sem landshöfðinginn segir í bréfi sínu til stjórnarinnar 20. desember 1895. Þar stendur: »Að því leyti, sem alþingi því næst hefur farið þess á leit, að stjórnarskránni yrði breytt á þá leið, að hina stjórnskipulega ábyrgð á æðstu stjórn hinna sérstöku málefna Íslands skuli bera maður, er búsettur sé í landinu, þá hlýtur tilætlan alþingis að hafa verið sú, að æðsta stjórn sérstaklegra málefna Íslands skuli falin á hendur manni, er þar sé búsettur, og hafi þá ráðgjafavald. En slíkt fyrirkomulag er óhugsanlegt, eins og tekið er fram í allrahæstri auglýsingu frá 2. nóvember 1885, því að sá maður verður að vera við hlið konungs — búa í Kaupmannahöfn — er framkvæmir vald konungs í sérstökum málefnum Íslands og undirskrifar með konungi allar gjörðir, er snerta löggjöfina og stjórnina.

Þótt það virðist þannig ekki geta komið til nokkurra mála, að taka til greina eftir orðunum það atriði þingsályktunarinnar, sem hér er um að ræða, má þó vera, að það gæti komið til tals, að láta að óskum alþingis á þann hátt, að skipaður væri fyrir Ísland sérstakur ráðgjafi, er gæti mætt á alþingi og bæri gagnvart því ábyrgð eigi einungis á því, að stjórnarskránni sé fylgt, heldur og á öllum framkvæmdum stjórnarinnar, að því er snertir hin sérstaklegu málefni Íslands«.

Hér höfum vér fyrir oss skýrt álit stjórnarfulltrúans, áður en stjórnin sjálf hafði látið nokkuð upp um málið, fyrir því, að óhugsandi sé og ekki geti komið til mála annað en að ráðgjafinn sitji við hlið konungs, búi í Kaupmannahöfn. Á þessari sömu skoðun munu og aðrir stjórnmálamenn vera. Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) hefir vitnað til Jóns Sigurðssonar, að hann hefði viljað, að vér hefðum hér á landi að minsta kosti tvo ráðgjafa og einn úti í Danmörku. En þess er að gæta, að þá stóð öðruvísi á. Þá var stefnan sú, að haga sambandinu milli Íslands og Danmerkur á svipaðan hátt og milli Noregs og Svíþjóðar; krafa Jóns Sigurðssonar var þá sú, að Ísland skyldi að eins standa í »personalunion« við Danmörku, vera ríki út af fyrir sig, er hefði sameiginlegan konung Dönum. Þessa kröfu sína bygði hann á sögulegum grundvelli, á því, hvernig Ísland forðum gekk undir Noreg. Þá var ekki búið að slá því föstu, hvernig sambandinu milli landanna skyldi háttað. En nú er, eins og vér vitum, það orðið ákveðið, að Ísland skuli vera »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«. Reyndar veit eg, að það er skoðun margra hér á landi, að stöðulögin hafi eigi gildi fyrir oss. En eg verð að líta svo á það mál, að þótt þeim hafi verið neytt upp á oss og eigi fengið samþykki hinnar íslenzku þjóðar, heldur að eins ríkisþingsins danska, þá hafi konungurinn einn getað veitt þeim gildi að því er Ísland snertir.

Í þessu sambandi skal eg taka það fram, að vér höfum aldrei samþykt stjórnarskrána, sem vér lifum undir, heldur er hún gefin af konungi einum, og því er það ekki mikill stuðningur fyrir háttv. 2. þingm. Ísf. (H. H.), þótt í henni sé vitnað í stöðulögin. En þar sem hann tók það fram, að vér hefðum einnig í frumv. tekið upp tilvitnun í 25. gr., þar sem vitnað er í stöðulögin, þá stendur þar öðru vísi á; þar er að ræða um hið eina atriði í stöðulögunum (um tillagið), sem alþingi hefir samþykt. Í yfirlýsing þeirri, þar sem gildi stöðulaganna var mótmælt, var því lýst yfir, að á móti tillaginu, eins og það var ákveðið í stöðulögunum, vildi þingið taka sem afborgun innieignar landsins hjá Dönum.

Það eru enn fleiri ákvæði í frumv. en þau, er þegar hefir verið minst á, sem að mínu áliti gera það að verkum, að það muni alls ekki geta náð staðfestingu. Hér er t. d. tekin ákvörðun um setu fulltrúa af hálfu Íslands í ríkisþinginu. Eg álít, að hér sé um sameiginlegt mál að ræða, sem ekki heyri til að koma með ákvæði um í stjórnarskrá um hin sérstaklegu mál Íslands. Að vísu má vitna til, að ákvæði um þetta hafi komið fram í frv. stjórnarinnar 1867. En þess er að gæta, að það frumv. var í tveim hlutum: fyrri hlutinn var sambandslög, en síðari hlutinn hin eiginlega stjórnarskrá; og þetta ákvæði var einmitt í fyrri hlutanum; enda heyrir það sjálfsagt undir sambandslögin. Það er í frumv. gert ráð fyrir, að ráðgjafinn, sem búsettur á að vera í Reykjavík, eigi að bera aðalábyrgðina. En hvernig á hann að bera ábyrgð fyrir það, sem ráðgjafinn út í Danmörk undirskrifar? Það hlýtur þó alt af að verða allmargt, sem hann yrði að undirskrifa. Og þótt gert sé ráð fyrir, að íslenzki ráðgjafinn færi til Danmerkur og undirskrifaði þar lögin með konungi, þá verðum vér að gæta þess, að eftir undanfarinni reynslu hefir stjórnin þurft æðilangan tíma til að átta sig á, hvað hún ætti að staðfesta og hvað ekki; svo virðist sem henni hafi meir að segja naumast hrokkið til þess tveggja ára tíminn milli þings. Nú vitum vér, að fjárlögin þurfa að hafa náð staðfestingu fyrir næsta nýár eftir þing, og ráðgjafinn því að vera kominn til Danmerkur fyrir þennan tíma, og þótt afgreiðsla íslenzkra laga gengi miklu greiðara en hingað til, þá má alls eigi búast við, að ráðgjafinn sé búinn að afgreiða öll lög hvers þings á undan utanför sinni. Ef nú ráðgjafinn, sem búsettur er í Danmörku, undirskrifar eitthvað, þá virðist það sjálfsagt, að hann eigi að bera ábyrgð fyrir það. Þeim reglum er jafnan fylgt, að sá maður, sem undirskrifar, beri og ábyrgðina fyrir það, sem hann skrifar undir. (*Hannes Hafstein*: Þessu má breyta). Mikið satt. En vér getum þó ekki breytt ákvæðinu í grundvallarlögum Dana með stjórnarskrárbreytingu.

Þá er og margt vanhugsað í frumv.; má til þess nefna ákvæðið um, að landsdómur á Íslandi dæmi þau mál, er höfðuð kunna að verða gegn ráðherranum á Íslandi, en að öðru leyti engin ákvæði til um þennan landsdóm eða skipun hans. Þá er og í frumv. talað um stjórnardeildarstjóra, en að öðru leyti engin ákvæði til um stjórnardeild þá, sem stjórnardeildarstjórinn á að stýra, og hann því í raun og veru enginn til. Meir að segja: það er gert ráð fyrir mörgum stjórnardeildarstjórum, því að talað er um hinn elzta þeirra. Það sem háttv. 2 þm. Ísf. (H. H.) mintist á bráðabirgðafjárlög, það

þykir mér nokkuð undarlegt; mér virðist þar hafa verið einblínt á danskt fyrirkomulag. Eftir skipulagi alþingis getur það ekki komið fyrir, að eigi náist samþykki þingsins á fjárlögunum, þar sem báðar deildirnar geta gengið saman til atkv. og afl atkv. ræður úrslitunum. Í Danmörku er öðru máli að gegna, þar sem landsþing og fólksþ. geta ekki gengið saman á fund til að gera fullnaðarúrslit á ágreiningsmálum sínum.

Það sem aðalágreiningurinn hlýtur að verða um, er 1. gr. og 3. gr. Um hin ágreiningsatriðin mun hægt að semja; en þessar greinar eru þannig lagaðar, að eftir minni skoðun getur engin stjórn gengið inn á þær, hvort heldur er hægrimannastjórn, vinstrimanna eða socialdemokrata. (*Guðl. Guðm.son*: En máske anarkistar).

Eg er á því, að rétt sé þó að frumv. þessu sé vísað til nefndar þeirrar, er þegar hefir verið skipuð í stjórnarskrármálinu, því að eg vona, að eitthvað af ágreiningsatriðunum geti borfið við það, að um þau sé rætt í nefnd; og æskilegt væri það, að öll deildin gæti orðið sammála um sem flest atriði þessa máls. En satt að segja hefi eg þó ekki mikla von um, að við getum orðið sammála á þeim grundvelli, sem 1. gr. frv. þessa byggir á.

Lárus H. Bjarnason: H. þm. V.-Sk. (G. G.) fór að vísu mörgum orðum um frumv. þetta, sem eg er einn af flm. að. Meðal annars fann hann það frv. til foráttu, að það væri borið hér upp á óvanalegan og einkennilegan hátt. Það kann að vera, að tvö frv. hafi ekki verið borin upp fyr, tvö frv. um sams konar mál, en eg veit ekki betur en háttv. þm. sjálfur hafi hér á þingi '95 haft nokkuð svipaða aðferð, eins og við nú höfum haft. Á þingi '95 lá fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sérstaklegu málefni Íslands; þá var h. þm. sjálfur einn af flutnm. þess; en þá kom fram tillaga til þingsál. um hið sama mál. (*Guðl. Guðmundsson*): Eg held það sé ekki rétt). Eg get skírskotað til þingtíð. sjálfra, og er svo heppinn, að hafa þau hér við hendina, og meðal þeirra sem fluttu þessa tillögu var h. þm. (G. G.) sjálfur. En nú eru það ekki svo, að hér sé verið að tala um hin sömu atriði, sem frumv. það, er áður hefir verið borið fram; það er að minsta kosti tvö atriði, sem það frumv. ekki hreyfir við, en sem vér flutnm. þessa frumv. tökum, og það eru ekki lítilvæg atriði. Það eru þau atriði, sem háttv. þm. 1895 segir að séu kjarnaatriði í stjórnarskrá hverrar þjóðar, sem frjáls vill heita.

Hann bætir við, að naumast sé til nokkur sá hugsandi maður, sem eigi viðurkenni þetta.

Aðalatriðið segir hann sjálfur að sé, að vér fáum ráðgjafann út úr ríkisráði Dana, að hann sé búsettur í landinu og beri ábyrgð fyrir þinginu, og að þeirri ábyrgð verði komið fram fyrir innlendum dómi. Það er ekki rétt, að vér flutnm. séum fallnir frá því, að heimta ráðgjafann úr ríkisráði Dana; við álítum það vera praktiskt hyggilegt, að láta það atriði liggja milli hluta, alveg eins og háttv. þm. hefir sjálfur viðurkent rétt að vera. En við höfum álitið rétt, að halda fast við aðrar kröfur, og það eru kröfur, sem allir eru á sama máli um, að séu aðalhyrningarsteinarnir undir stjórnfrelsi þjóðarinnar, sem sé, að æðsti maðurinn sé búsettur í landinu og hafi ábyrgð fyrir innlendum dómi. Eg skal reyna að skýra þetta með einu dæmi. Vill háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) hugsa sér, að hann hafi ráðsmann, til að veita búi sínu forstöðu; hvort mundi vera betra, að láta ráðsmanninn vera bara um túnasláttinn eða hafa hann alt af undir handarjaðrinum? Eg mundi líta svo

á, að það væri betra, að hafa hann alt af hjá mér; eg mundi þá geta haft meiri áhrif á hann. Þetta eru atriði, sem ekki er í frv., sem hér var borið upp, og það er princip, sem enginn getur efast um að sé rétt.

Háttv. þm. (G. G.) sagði, að við vildum fá konunginn til að vera búsettan hér í Rvík. Það getur vel verið, að það væri gott, en ekki höfum við mælst til svo mikils, og það er reyndar ómögulegt, að fá þann skilning út úr greininni. Þar stendur, að hann skuli bera málin sjálfur fram fyrir konung; en að við ætlum konungi að bera málin fram við sjálfan sig, það ætla eg, að fáir fáist til að trúa.

Þá vil eg víkja að tilvitnuninni í stöðulögin. Við höfum tekið upp í okkar frumv. hin sérstöku mál. Eg get ómögulega verið því samþykkur, að þetta sé sama sem að samþykkja stöðulögin. Stjórnarskráin sjálf vísar til stöðulaganna og það er náttúrlega sama, hvort það er vísað til þeirra með að taka nokkur ákvæði upp úr þeim, eða að eins vitnað til þeirra.

Væri það samþykt á stöðulögunum, sem eg alls ekki kannast við, þá vil eg taka það fram, að við erum ekki þeir fyrstu, sem það hafa gjört. Eg get upplýst um það, að þetta var ekki að eins tekið upp í frumv. 1867, heldur og í frumv. '93 og '95. Þar eru þau talin upp, þessi sérmál. Sé það játning af vorri hendi, að stöðulögin séu lögfest með þessu, þá hefir jafnvel Ben. Sveinsson kannast við hið sama.

Sumir þm. búast við því, að ráðherra hér á landi geti ekki samrýmst ráðherra í Khöfn, og háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) er án efa einn af þeim. Hann var ekki alveg á því hreina með það, hvernig verksviðinu milli ráðgjafans hér á landi og ráðgjafans í Khöfn skyldi skift. Eg skal játa, að það var vandamest að ráða fram úr því. En mér finst hann líta nokkuð fljótfærnislega á þetta. Hann var að tala um, að það gæti farið svo, að ráðgjafinn, sem yrði búsettur hér á landi, hefði lítið sem ekkert að segja. Frumv. sjálft segir með berum orðum, að ráðgjafinn í Khöfn skuli að eins bera fram fyrir konung þau mál, sem eigi má fresta þangað til úrskurðar ráðherrans á Ísl. verði leitað. Það er svo til ætlast, að ráðgjafinn á Íslandi fari á konungs fund eftir þing, og beri málin upp fyrir hann. Hins vegar þótti það óhæft, að láta ekki vera neinn, sem gæti undirskrifað með konungi minni háttar mál, sem ekki mundi borga sig að láta ráðherrann á Íslandi fara með. Að búsetsetan fari í bága við ríkiseininguna, vil eg ekki játa að sé rétt, og sú mótbára á ekki fremur við þetta frumv. en till. háttv. þm. V. Sk. (G. G.) sjálfs, sem hann bar fram á þingi 1895. Þá held eg að eg hafi nokkuð athugað það, sem háttv. þm. V.-Sk. fann að frv., og vil eg snúa mér að því, sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) fann að því. Hann lagði mjög mikla áherzlu á það, að búsetan myndi verða þess valdandi, að frumv. næði að minsta kosti ekki staðfesting konungs, þó það kæmist gegnum báðar þingdeildirnar.

Eg skal játa það, að, fljótt skoðað, virðast bréf ráðgjafa og landshöfðingja styðja málstað háttv. þm. En eg vil jafnframt biðja háttv. þm. að athuga það, að frumv. okkar gjörir ráð fyrir tveimur ráðherrum, en í stjórnarbréfinu og landshöfðingjabréfinu er ekki gjört ráð fyrir því. Það var þá ekki búið að ventílera það spursmál, að ráðherrarnir skyldu vera tveir. Þar er einungis gjört ráð fyrir einum ráðgjafa, búsettum í Kaupmannahöfn; það er því eðlilegt, að bréfin voru orðuð einmitt eins og þau voru. En hér er gjört ráð

fyrir öðrum ráðgjafa í Kaupmannahöfn, er undirskrifi í forföllum ráðherrans á Íslandi. En nú er ætlast til þess eða búist við því, þegar ráðgjafi fer utan, að hann þá í ríkisráðinu beri fram fyrir konung til undirskriftar þau mál, sem frá okkur koma.

Að öðru leyti veit eg ekki, á hverju háttv. þm. Vestm. (V. G.) byggir það, að frumv. þetta nái ekki staðfestingu. Að vísu kann svo að vera, að hann sé kunnugur stjórn þeirri, sem nú situr að völdum, eða öllu heldur þeirri stjórn, sem að völdum sat 1899; en það er ómögulegt að honum sé kunnugt, hvernig sú stjórn muni taka í málið, sem allar líkur eru til að komist til valda áður en langt um líður. Það er ekkert launungarmál, að í morgun var því á þm.-fundi meðal þingmanna þessarar deildar lýst yfir af merkum manni íslenzkum, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, að hann hefði átt tal við ekki einn, heldur alla helztu foringja vinstrimanna, og hefðu þeir allir einum munni lýst því yfir, að það, sem vér Íslendingar ættum að gjöra, væri það, að láta nú í ljósi, hvað við vildum fá. Ef vér samþyktum frumv. háttv. þm. Vestm. (V. G.) mundu þeir líta svo á, sem hin íslenzka þjóð vildi ekki annað eða meira.

Þar sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) spurði, hvernig ábyrgð ráðgjafanna ætti að verða varið samkvæmt frumv. voru, þá skal þess getið, að ætlast er til, að henni sé hagað líkt og á sér stað í Noregi. Þar eru 2 Statsministre og 7 Statsraad; situr annar Statministerinn í Stokkhólmi og með honum 2 Statsraad, og hefir sá Statsminister að eins ábyrgð á því, að málin séu rétt flutt. Hinn, er situr í Noregi, ber ábyrgð á málunum að öðru leyti.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) var hræddur um, að ráðgjafinn fengi ekki nægan tíma til að ljúka málunum af á tímabilinu frá því þingi er slitið og til nýárs; en hér ber þess að gæta, að ætlast er til að ráðgjafinn hafi ekki annað en íslenzk mál með höndum, og fær hann þannig ólíkt meiri tíma en ráðgjafabrot það, sem vér höfum nú. — H. þm. þóttu sum ákvæði frumv. ekki nógu vel grunduð; eg skal játa, að ákvæðin um stjórnardeildarstjórann geta í fljótu bragði virzt nokkuð undarleg; en þetta eru auka-atriði, sem vel má fá breyting á. Skal eg svo ekki fara lengra út í þetta að svo stöddu, en að eins biðja hina háttv. þingdm. að hafa það hugfast, að aðalatriðið er þetta: er það til bóta, að ráðherrann sé búsettur í landinu? Eg býst ekki við að nokkur muni kveða nei við því, og skal eg í því efni minna á orð háttv. þm. V-Sk. (G. G.) áðan. Þá kemur næst til álita, hvort það, sem frumv. fer fram á, er fáanlegt. Um það verður ekki sagt með vissu. Gerum ráð fyrir, að það sé ófáanlegt, meðan hægrimenn sitja að völdum í Danmörku; en sama gildir um frumv. það, er háttv. þm. Vestm. (V. G.) flytur; því yrði engu síður neitað staðfestingar. Þetta byggi eg ekki svo mjög á boðskap konungs né ummælum hæstv. landsh., sem þeirri yfirlýsingu stjórnarinnar 1899, er hún tók það skýrt fram, að staðfesting á frv. þm. Vestm. (V. G.) fengist því að eins, að 61. gr. stjórnarskrárinnar væri feld burt eða breytt.

Ef um þetta tvent er að velja, og hvorugt líklegt til staðfestingar, þá get eg ekki betur séð en að oss beri að hallast að því frumv., sem lengra fer, og heldur fast við það atriðið, sem altaf hefir verið efst á dagskrá: að ráðherrann yrði búsettur í landinu. Og nú vill svo vel til, að allar líkur eru til, að ráðherraskifti verði innan skamms í Danmörku, og eins og eg gat um áð-

an, hefir merkur maður talað við alla helztu foringja þess flokks, er líklegt er að komist til valda, og hafa þeir lýst því yfir, að í þeirra augum séu engar líkur til þess, að frumv. með líkum ákvæðum yrði synjað staðfestingar. Eg get þannig ekki séð, að á þessu frumv. séu þeir agnúar, að stjórnin þyrfti að neita því. Ýmislegt í því má laga; 1. gr. má laga með því að bæta inn einu orði, og í 2. gr. má setja »ráðherrann« í staðinn fyrir »hann«. Eins mætti láta einhvern annan en stjórnardeildarstjórann gegna störfum ráðherrans, deyi hann eða sýkist.

Það liggur í augum uppi, að þar sem stendur í 6. gr. frumv., að konungur geti eigi náðað ráðherrana, nema með samþykki neðri deildar alþingis, þá er átt við, að hann geti eigi náðað þá fyrir yfirsjónir í embættisrekstri þeirra, því engum mun detta í hug, að hér sé átt við brot á almennum borgaralegum lögum, svo sem gripdeild eða því um líkt.

Eg hefi ef til vill gleymt einhverjum atriðum, en skal þó ekki lengja umr. meir að svo stöddu.

Pétur Jónsson: Það er reyndar óþarfi að taka til máls; ræður af hálfu beggja flokka hafa farið fram með friði og spekt, alt hefir gengið svo rólega; þess vega sýnist mér ekki ástæða, að tala um eldinn, sem ólgi undir. Það kunna að vera einhverjar glæður, en þær eru ekki meiri en vel hæfir að sé í brjósti hvers Íslendings, þegar um svo mikilsvert málefni er að ræða. Ýmislegt hefir verið fundið að frumv. þessu, bæði að því er snertir prógram þess, og að því er snertir einstök atriði, og finst mér menn hafa dvalið of mjög við sum atriði, sem fremur heyra til formhlið málsins en efni þess. Það gladdi mig því, að háttv. þm. Vestm. (V. G.) gjörði ráð fyrir, að einmitt þessi atriði yrðu bezt löguð með samkomulagi, er málið kæmi fyrir nefnd. Það hefir yfir höfuð verið einkenni beggja flokka á þessu þingi, að þeir hafa gengið svo langt, sem þeir hafa getað, til samkomulags. Þannig er nú svo komið, að að eins eitt skilrúm er á milli, sem sé búseta ráðherrans. Sá flokkurinn, er hið fyrra frumv. flytur, gengur svo langt, sem hann hyggur að hægrimenn muni frekast veita. Þetta er sá grundvöllur, sem hann jafnan hefir bygt á, og er ekki von, að hann vilji fara lengra. Hinn flokkurinn leggur aðaláherzluna á, að æðsti stjórnandinn sé búsettur í landinu; hann getur ekki unnið það til samkomulags, að sleppa þessu atriði; það er sá hyrningarsteinn, sem hann vill ekki þoka frá, og hefir hann þó slakað mjög til á kröfum sínum. Þegar nú báðir flokkar ganga svo langt til samkomulags, sem unt er, á hvorum grundvellinum fyrir sig, verður spurningin þessi: Eigum við að ganga til ykkar eða þið til okkar? Hinum flokknum finst ýmislegt hjá oss ekki vera eins vel trygt og æskilegt væri, til þess að ná að því marki, sem við setjum; bezta ráðið er, að hann starfi þá að því með oss, að tryggja það svo vel, sem unt er. Eitt, sem er undirstaða ágreiningsins, er þetta: Hvaða vonir hafa menn um, að stjórnarbætur þær, sem hvor flokkurinn um sig kreíst af stjórninni, verði veittar af henni? Hinn fyrri flokkur byggir vonir sínar á hægrimönnum; en nú hefir hæstv. landsh. lýst því yfir, að í frv. þessa flokks séu atriði, sem gjöri það mjög ólíklegt, að frv. verði samþykt. Við hinn flokkurinn byggjum von okkar á þeirri stjórn, sem að öllum líkindum kemst bráðlega til valda. Og eg vil spyrja: Er það rétt, að meta að engu eða sleppa þeim vonum, sem menn hljóta að bera til þeirrar stjórn-

ar, eða gera lítið úr þeim áhrifum, er það muni hafa á þetta mál, að ný stjórn með annarlegum skoðunum kemur til valda?

Þar sem nú er líklegt, að sú stjórnarbót, sem fáanleg er af hálfu hægrimannastjórnar þeirrar, er nú situr að völdum, yrði látin nægja um all-langan tíma, þó vinstristjórn kæmi til valda, en hins vegar líklegt, að við fáum betri stjórnarbætur hjá þeirri stjórn, sem kemur, en hinni, sem nú situr að völdum, þá virðist mér réttara, að fylgja því frumv., sem setur hærri kröfur.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir tekið af mér ómakið, og svarað þm. Vestm. (V. G.) svo rækilega, að eg þarf ekki annað en skírskota til ræðu hans. Aðeins eitt atriði í ræðu háttv. þm. Vestm. (V. G.) þarf að athuga, þar sem hann sagði, að það væri óhugsanlegt, að alþingi ekki kæmi sér saman um fjárlögin, og væri því ákvæði 5. gr. hins fyrirliggjandi frumv. um bráðabirgðafjárlög óþarft. Það getur verið, að það sé rétt, og greinin er ef til vill ekki heppilega orðuð; en meiningin er auðvitað sú, að bráðabirgðafjárlög megi þá að eins útgeta, er alþingi hefir ekki samþykt fjárlög, — og getur það oft komið fyrir.

Að svo mæltu skal eg leyfa mér, að gera þá tillögu, að frumv. verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin hefir verið í stjórnarskrármálinu.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að eins segja fáein orð. Eg finn enga ástæðu til að víkja að ræðu h. þingm. Snæf. (L. H. B.), því mér fanst hann í ræðu sinni lítið koma við aðalefni máls ins, heldur miklu fremur snerta mig persónulega. (*Lárus H. Bjarnason*: Ekki ekki eitt orð persónulegt).

Að því er snertir búsetu stjórnarinnar hér, þá hefir það verið margsinnis tekið fram, bæði af stjórninni og landshöfðingja fyrir hennar hönd, að hún sé óhugsanleg, nema ríkisins einingin raskist; það er mögulegt, að þann hnút megi leysa á þann hátt, sem hér er gert, og að miðlun komist á í þá átt. Þetta er aðal-atriðið; alt hitt er lítilfjörlegt í sambandi við það. Að fara að byggja atkvæði sitt á lauslegum vonum, bygðum á lauslegri sögusögn um álit þeirra manna, sem ætla má að einhvern tíma komizt til valda, það álít eg að sé hreint og beint samvizkusök gagnvart þjóðinni. Látum svo vera, að orð þessara manna séu rétt flutt, og að þeir nú hafi þann vilja, að standa við orð sín, þegar þar að kemur; það er öldungis óvíst, að þeir komist til valda innan skamms; það getur hugsast, að það verði eftir 1 ár, 2 ár og jafnvel 10 ár, og það er líka öldungis óvíst, að þeir fái þessu ráðið, þegar þar að kemur, og þess vegna er alls óvíst, að sú stjórn verði oss þá nokkuð hlyntari en sú, sem nú situr að völdum. Að fara undir slíkum kringumstæðum að byggja atkvæði sitt á öðrum eins skýjaborgum, álít eg sama sem að eita mýraljós.

Að öðru leyti hef eg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, eins og eg tók fram áður, að vísa frumv. til nefndar þeirrar, sem kosin hefir verið í stjórnarskrármálinu.

ATKV GR.: Málinu vísað til þeirrar nefndar í einu hljóði.

Framh. 1. umr., 20. júlí. Nefndarál. C bls. 301.

Framsögumaður minni hlutans (*Hannes Hafstein*): Vér flutningsmenn þessa frumv. bjuggumst eigi við, að það mundi verða þvingað inn á dagskrá í dag. Í nefndaráliti minni hlutans er

tekið fram, að þeir þrír menn, sem eru í minni hlutanum, vilji ekki undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, halda fram nema aðalatriðunum úr frumv., og þeir munu koma fram með þau sem breyt.till. við frumv. á þgskj. 28. Með þessu álít eg því sé lýst yfir frá okkar nefndarmanna hálfu, að vér ætlum að taka aftur frv. á þgskj. 39, þegar er breyt.till. vorar eru komnar fram. En þetta kemur flatt upp á okkur, þessi aðferð meiri hlutans, að þvinga málið inn á dagskrá, áður en flutningsmenn, sem eru 10, hafa getað talað sig saman. En þó að meiri hlutinn geti beitt bolmagni sínu til að fella frumv. þetta nú þegar, þá er innihald þess eigi fallið að heldur, því að aðal-atriðin úr því koma fram sem breyt.till. við frumv. meiri hlutans; það er því ekki hægt að drepa málið með þessu. Og þó þessu bolmagni sé beitt, þá er ekki víst að það mælist betur fyrir hjá þjóðinni. Eg vil mælast til, að frumv. sé látið ganga til 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Út af þessum ummælum háttv. framsm. minni hlutans skal eg taka það fram, þar sem eg er einn þeirra, sem óskað hafa, að frumv. þetta væri þegar tekið á dagskrá, að allar getsakir framsögumanns meiri hlutans eru gjörsamlega ástæðulausar. Hér er eigi um það að ræða, að beita neins konar bolmagni, heldur vakti það eitt fyrir okkur, að það væri eigi formlega rétt, að tvö frumv. um sama mál lægju fyrir í deildinni, eftir að málinu hefði vísað verið til 2. umræðu, enda verður eigi annað álitið en að frumv. þetta sé í raun og veru fallið með atkvæðagreiðslu þeirri, er fram fór um frumv. meiri hluta nefndarinnar.

Að öðru leyti hef eg gengið út frá því sem gefnu, að flutningsmenn þessa frumv., er hér liggur fyrir, mundu taka það aftur, svo ekki kæmi til atkvæðagreiðslu; verð eg að álíta, að ef flutningsmenn frumvarpsins gjöra það ekki, þá sé það að eins stífni af þeirra hálfu, þar sem minni hluti nefndarinnar hefir lýst því yfir í nefndarálitinu, að hann muni eigi halda frumv. fram, en koma með breyt.till., sem muni liggja fyrir við 2. umr. málsins.

Eg vil því skjóta því til flutningsmanna frumvarpsins, hvort þeir ekki vilja taka frv. aftur.

Framsögumaður minni hlutans (Hannes Hafstein): Flutningsmenn frumv. geta ekki talað sig saman um þetta hér á fundinum. Þeir verða að hafa tíma til að tala sig saman. Eg vil því leyfa mér að óska, að málið gangi til 2. umr. — Þeir voru alls ekki við því búnir, að meiri hlutinn mundi koma fram eins og hann nú gjörir. Við nefndarmennirnir álítum, þegar við höfð um lýst því skýrt yfir í minnihlutaálitinu, að við ekki héldum frumv. voru fram í því formi, heldur snerum því í breytingartillögur, að naumast gæti verið neinn vafi á því, hvað við meintum, og fáum ekki séð, að þeir, sem hafa vakið upp þessa óvæntu umræðu um málið, hafi haft neina ástæðu til uggs eða ótta.

Pétur Jónsson: Það er nú upplýst, að flutningsmenn þessa frumv. hafa ætlað sér að taka það aftur, þegar breyt.till. þeirra við hið annað stjórnlagafrumv. kæmi fram. En með því að það kom oss flutnm. hins fyrirliggjandi frumv. á óvart, að það yrði sett á dagskrá í dag, hefir eigi verið fengin heimild okkar allra flutningsmanna til að taka það aftur, og þó það kynni að vera af seinlæti okkar, þá verður ekki nú á sjálfum þingfundinum við það gert.

Eg sé þess vegna ekki annað ráð heldur en að stinga upp á því, að

málið sé tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Valtýr Guðmundsson: Mér kom kynlega fyrir þessi ummæli háttv. framsm. minnihlutans, um að hér sé verið að beita bolmagni. Hér er að eins um það að ræða, að gefa málinu löglega meðferð, og því til sönnunar skal eg geta þess, að forseti hafði tekið frumv. bæði á dagskrá upphaflega, alveg samkvæmt þeirri þingvenju, sem fylgt hefir verið á undanfarandi þingum; þegar tvö stjórnarskrárfrumv. hafa legið fyrir, hafa þau ætíð verið tekin á dagskrá saman. Það hefði þess vegna verið að breyta algerlega frá venjunni, ef þetta hefði ekki verið gjört, heldur frumv. hvoru fyrir sig vísað til 2. umr. Eg verð að halda því fram, að það megi ekki á sama tíma fara gegnum þingið 2 frumv. um sama mál, og fyrir því er eg sömu skoðunar sem háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.), að með atkvgr. þeirri, sem er nýframfarin hér í deildinni, sé þetta frumv. fallið. En mér fyndist það miklu laglegra af minni hluta nefndarinnar, sem hefir skýrt frá því í nefndarálitinu, að hann sé fallinn frá frv., að taka það aftur. — Eg get ekki séð að það sé lögleg meðferð á málinu, að 2 frumv. um það gangi til 2. umr. Þegar mál hefir verið meðhöndlað í nefnd, þá mega ekki úr því verða samferða gegnum þingið 2 frumv. um sama mál. Eg vil skjóta því til háttv. landsh., hvort hann álítur ekki að þetta sé réttur skilningur á þingsköpunum. (*Landsh.*: Það er forseta, að skera úr því).

Forseti: Eg skal í tilefni af þessum orðum, um að frumv. þetta sé í raun inni felt með atkvæðagreiðslunni í málinu á undan, taka fram, að það get eg ekki fengið út úr þingsköpunum. Frumv. er borið upp á löglegan hátt af einum þm., og forseti er skyldur til samkv. 12. gr. þingskapanna, að bera það undir atkvæði deildarinnar, þegar 1. umr. er lokið, hvort það skuli ganga til 2. umr. Eg get ekki álitið að það sé nein heimild fyrir forseta til að fara öðruvísi að. Það er deildarinnar, að skera úr, hvort málið skuli felt frá 2. umr.; hún getur felt það, en forseta álít eg ekki hafa neinn myndugleika til að lýsa því yfir án atkvæða, að málið sé fallið.

Eg mun, þegar umræðunum er lokið um þetta mál, bera það upp eins og hvert annað frv.

Framsögumaður minni hlutans (*Hannes Hafstein*): Það er að eins örstutt athugasemd. Út af því, sem háttv. þm. Vestm. (Valt. G.) sagði, að ekki mætti á sama tíma fara í gegnum þingið 2 frumvörp um eitt og sama efni, verð eg að leggja áherzlu á það, að frumv. þessi eru alls ekki um sama efni; innihald þeirra er mjög ólíkt, og því að eins hefir okkur ekki komið saman í nefndinni. Eg verð að halda því fram, að það sé alls ekkert því til fyrirstöðu frá þingskapanna hálfu, að bæði frumvörpin geti haldið áfram, þangað til breyt.till. gætu komið fram. Og eg vil slá því föstu, að þó meiri hlutanum takist með þessu atferli að fella þetta frumv. frá 2. umr., þá er það enginn sigur í aðalefni málsins. Hér er að ástæðulausu verið að reyna að beita bolmagni um meinlaust form, en tillögur minni hlutans standa jafnréttar fyrir því, þó að það takist. Væntanleg atkvæðagreiðsla um þetta afgjörir ekkert um neitt, er neinu varðar í efni málsins.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi í framhaldi af þessum orðum taka það fram, að eg lít svo á, að hér sé spurning um formsatriði og ekkert annað. Eg skildi það svo í gær, þegar þetta kom til umræðu milli mín og forseta

og 1 eða 2 af nefndinni frá hinni hlið; eg leit á þetta sem hreint og beint formsatriði, á hverju færi bezt; og eins og meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, þá ætlaði eg ekki að hafa neitt á móti þeirri aðferð, sem upp á var stungið; en eg get hins vegar ekki annað en samþykt það, að frá formlegri hlið er þessi aðferð skýrari. Eg skal taka það fram, eins og háttv. framsm. minni hlutans, að ekkert er afgjört um aðalákvæði frumv. með þessari atkvgr., þó það sé felt frá 2. umr., þar sem hér verður eingöngu skorið úr formsatriði; hér er að eins talað um meðferð málsins, en ekki um afstöðu þess.

Einar Jónsson: Mér er ekki kunnugt, að hér hafi ráðið nokkuð annað en formspursmálið. Og þegar eg verð neyddur til að greiða atkv. mitt móti því, að frumv. gangi til 2. umr., þá skal eg lýsa því yfir, að atkv. mitt snertir ekkert annað en hina formlegu hlið málsins.

Eg álít ekki hægt að hafa 2 frumv. til umræðu um sama efni og láta þau bæði ganga til 2. umr. og hafa svo breyt.till. við annað frumv.

ATKVGR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

Stjórnarskipunarmál III.

TILLAGA til þingsályktunar um stjórnarskrármálið (C bls. 619, brtill. bls. 626, 663, 681); ein umr., 22. ágúst.

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Þegar stjórnarskrármálið var hér til umr. í deildinni fyrir nokkurum vikum, má segja, að nálega allir væru sammála um, að frumv. það, sem nú er búið að samþykkja, fullnægði ekki þörfum og óskum þjóðarinnar. Formælendur frumv. könnuðust við, að þeir hefðu farið svo skamt af því einu, að þeir hefðu enga von um að stjórn sú, sem þá sat að völdum, mundi vilja veita oss meira. Vér andmælendur frumv. þóttumst hins vegar sjá það fyrir, sem nú og er fram komið, að frjálslyndari stjórn mundi innan skamms komast til valda í Danmörku, og vér þóttumst hafa vissu fyrir því, að sú stjórn mundi vilja gefa oss miklu meiri bætur en farið er fram á í frumv. — Vér höfðum það eftir mönnum, sem vér töldum vist um, að mundu skipa fleiri eða færri sæti í hinu nýja ráðaneyti, mönnum, sem nú eiga þar sæti. Þess vegna komum vér fram með 10 manna frumvarpið, sem kallað hefir verið, en var felt; þess vegna komum vér fram með breyt.till. við hitt frumv., en þær voru líka feldar, með 11 : 11 atkv. — Þegar frumv. fór hér frá deildinni, var enginn fyllilega ánægður með það, og því síður getur nokkur verið ánægður með það nú, þegar sú stjórn er komin til valda, sem mundi vilja gefa oss miklu meira, ef vér færum að eins rétt að ráði voru. Vér vitum, að stjórnin vill oss vel, jafnvel og sá flokkur, sem hóf hana til valda, en vér getum ómögulega búist við, að hún veiti oss meira en vér biðjum um. Þess vegna er alt undir því komið, að hún fái að vita sannan vilja þingsins. Hamingjan var oss svo hagstæð, að fregnir um stjórnarskiftin bárust hingað, áður en málið var útrætt í Ed.; en Ed. bar ekki giftu til að haga sér eftir þessu tákni tímans, og þó höfðum vér, meiri hluti neðri deildar, leyft oss að benda henni á einu leiðina, sem eftir atvikum var hægt að fara, sem sé þá, að láta málið óútrætt að svo stöddu. En eins og kunnugt er, fekk áskorun vor ekki áheyrn; frumv. var samþ. með 6 : 5 atkv. Það er eðlilegt, að stjórnin líti

svo á, sem frumv. þetta feli í sér óskir þingsins um bætur á stjórnarskránni, og það er því eðlilegra, sem málið var ekki útrætt, þegar fréttist um stjórnarskiftin. Ed. getur ekkert borið fyrir sig, en Nd. getur réttlætt sínar gjörðir; hún vissi ekki um stjórnarskiftin; hún getur því bætt úr, ef hún vill. Hún getur nú greitt þjóðinni götu til affarasælla málaloka, ef hún að eins vill segja satt. Tillaga vor er borin fram í því skyni, að gefa háttv. Nd. kost á að segja stjórninni satt og rétt frá um afstöðu þingsins í þessu máli. Hún er að vísu borin fram af andstæðingum frumv., en er svo varlega orðuð, að allir ættu að geta fylgt henni. Hér liggur einnig fyrir önnur tillaga, br.till. háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), er vér flokksbræður kysum engu síður að yrði samþykt; hún fer enn lengra og er öllu ákveðnari. Á þgskj. 515 er enn fremur breyt.till., sem fer fram á að Nd. álykti, að fela nefnd þeirri, er skipuð var í stjórnarskrármálinu, að semja ávarp til konungs. Vorum flokki er það ekkert kappsmál, hvor leiðin er farin; við leggjum alla áherzluna á, að stjórnin sé látin vita vilja þingsins; hitt er aukaatriði, hvort það er gjört í ávarpsformi eða þingsályktunarformi. Þó verð eg að líta svo á, að tillöguformið sé viðfeldnara og vænlegra til áheyrnar. Konungurinn stendur yfir þjóð og stjórn — þjóðin á enga heimting á að hann svari, og það er því óviðfeldnara að snúa sér til konungs, sem honum mundi vera það kærast, að vér létum oss lynda, meðan hann lifir, stjórnarbót þá, sem hann gaf oss á þúsundárahátíðinni. En stjórnin er jafningi vor, og vér eigum heimting og rétt á, að hún svari oss. Þess vegna viljum vér heldur ráða deildinni til, að hallast að tillöguforminu. Það stendur svo fyrir mér, að þetta sé ekki lengur flokksmál, heldur þjóðlegt mál. Vér viljum allir að þjóðinni sé veitt meira frelsi, en vér getum ekki búist við, að stjórnin veiti meira en vér biðjum um; þess vegna eiga menn ekki að greiða atkvæði um þetta eftir flokkum, en allir að sameinast um að láta stjórnina vita vilja þingsins.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að játa, að mig furðaði, þegar eg sá þessa tillögu, ekki vegna efnis hennar, heldur af því, að eg kannast ekki við, að það geti verið þingleg aðferð, að senda þingsál. í sama málinu og búið er að afgreiða í frumvarpsformi. En eg verð að álíta, að tillagan sé fram komin af því, að á þessu þingi eru margir nýir þm., og því óvanir þingvenjum, því yfir höfuð mun það á öllum þingum þykja ófært, að senda tillögu í máli, sem afgreitt er um leið í frumv.formi. Reyndar er það satt, að við höfum ekki mikinn pólitiskan þroska, og getur því yfirsést í því efni. Og það hefir komið fyrir einu sinni hér á þinginu áður, að svona var farið að. *(Hannes Hafstein*: Hve nær var það?). Það var á þinginu 1897; þá samþykti Ed. tillögu og frumv. í sama máli, og er það tekið fram í ráðgjafabréfi um þetta efni, að þessi aðferð ein út af fyrir sig mundi hafa orðið málinu að falli, þó frumv. hefði að öðru leyti verið aðgengilegt. Þessi aðferð er því frá formsins hlið alveg »óparlamentarisk«.

Í öðru lagi er að líta á innihaldið, og sérstaklega þegar það er skoðað í sambandi við breyt.till. 471, sem háttv. flutnm. lýsti yfir, að flokkurinn mundi ekki síður kjósa en hina upprunalegu tillögu. Í henni er svo greinilega tekið fram, að till. gangi í öfuga átt við frumv., og sé beinlínis gjörð til að veikja það, til að endurkalla það fyrir hönd Nd. Afleiðingin yrði sú, að þingið stæði tvísaga, að það væri svo á

báðum áttum, að það styddi fyrst þetta, síðan hitt. Háttv. flutnm. tók fram, að ástæðan til að koma fram með tillöguna væri sú, að nú væru komin stjórnarskifti í Danmörku, og komin til valda stjórn, sem treysta mætti til að uppfylla kröfur vorar. En eg veit ekki, á hverju hann byggir það. Eg hefi enga ástæðu til að byggja á lausu tali við valdalausa menn, sem ekki hafa kynt sér málið til hlítar. Eg hefi persónulega svo mikil kynni af sumum þeim, sem skipa hið nýja ráðaneyti, að eg hefi ástæðu til að ætla hið gagnstæða.

Það er önnur tillaga á þgskj. 531. Þeir, sem hana báru fram, hafa séð, að það er ekkert vit í þessu. (*Forseti*: Hún er tekin aftur!) Það var leiðinlegt, því það var þó dálitið vit í henni. Sem sagt, eftir minni meiningu er ekki hægt að koma á alinnlendri stjórn, nema með því að raska stöðu Íslands í ríkisheildinni; þar með er ekki sagt, að það sé ómöguleg, nema slík »innlend« stjórn sé komin fyr, að hún verði oss til skaða, eins og hefði orðið, ef 10-mannafrumv. hefði verið samþykt, en sú stjórn, sem það fór fram á, hefði að eins orðið innlend að nafninu til, þó hægt hefði verið að klína því nafni á hana. Tillagan er því að efninu til mjög varhugaverð, og að forminu til er hún alveg ófær. Eg og flokksbræður mínir höfum reynt að koma henni í sæmilegt form, með því að fara ávarpsleiðina. Það hefir alt af verið gert, síðan stjórnarskrárbreytingar fyrst voru samþyktar, og það er fullkomlega þingleg aðferð. Vér sendum menn úr okkar flokki á fund flutnm. að þessum tillögum, og förum fram á, að þeir tækju þær aftur, og að vér kæmum okkur allir saman um að semja ávarp; ætti bezt við að fela stjórnarskrárnefndinni að semja það, því í henni væru helztu menn úr báðum flokkum. Í þessu ávarpi átti að taka fram, að þó þingið í þetta sinn hefði haldið sér við takmarkaðan boðskap konungs vors, þá hefði það þrásinnis áður látið í ljósi óskir um, að Íslendingar fengju fullkomlega innlenda stjórn, nefnilega í frumv. þeim, er samþykt voru á þingunum 1885, '86, '93 og '94, og vér létum nú jafnframt þá von í ljósi, að hin nýja stjórn léti uppi, að hve miklu leyti hún treysti sér til að uppfylla þær óskir vorar, og tæki tillit til vilja þjóðarinnar. (*L. B.*: En ekki þingsins!). Þingið má ekki verða tvísaga. (*L. B.*: Það má segja satt!) Þess vegna höfum við flutnm. að breyt.till. á þgskj. 515 til samkomulags, komið fram með þessa tillögu, að fela stjórnarskrárnefndinni að semja ávarp til konungs, þar sem skýrt sé frá vilja þjóðarinnar, og farið þar eftir því, sem fram hefir komið á undanfarandi þingum. Það er ekki hægt að fara eftir öðru en því, sem þegar hefir verið samþykt; miðlunartilraunin, sem borin var fram á þinginu 1889, var skorin niður, og það eina form á innlendri stjórn, sem þjóðin hefir samþykt, er benedizkan. En það er óvíst, hvort þjóðin vill hana nú, heldur miklu fremur ástæða til að halda, að hún vilji hana ekki lengur; þingmálafundirnir hafa verið henni mótfallnir; 10 mannafrumv. hefir ekki verið borið undir þjóðina, svo það getur ekki komið til álita hér. En færi maður til stjórnarinnar nú, til þess að biðja hana um innlenda stjórn, þá mundi hún auðvitað strax spyrja: Já, hvað kallið þið innlenda stjórn? Nú ef samþ. væri að senda 5 manna nefnd, þá mundi sá 1. svara: Nú eg hefi hefi hugsað mér benedizkuna eins og hún var samþ. 1885; 2. segði: Eg hefi hugsað mér miðluna frá '89; 3. segði: Eg vil hafa það eins og 10-mannafrumv.; 4. vildi

hafa það eins og frumv. okkar; og sá 5. vildi hafa það einhvern veginn. Það væri skemilegt, ef við nú eftir 20 ára baráttu kæmum nú fram með annað eins og þetta: að við viðurkendum það óbeinlínis, að við værum þeir fáráðlingar, að við vissum ekki hvað við vildum; því stjórnin tæki það varla gott og gilt, sem einn maður vildi, þegar annar vildi hitt. Þegar nú aðaltillagan er svo óaðgengileg, bæði frá efnisins og formsins hlið, vona eg, að menn vilji hallast að breyt.till. á þgskj. 515, svo vér getum komið oss saman, og skýrt frá satt og rétt, hvað þjóðin hefir viljað áður, og ef stjórnin vill sinna þeim óskum nokkuð, að hún þá geti lagt frumv. fyrir þingið 1902, er gefi oss innlendari stjórn. Eg efast ekki um, að allir muni þá samþykkja það. Eg vona, að þó sumir úr andstæðingaflokknum hafi hafnað öllum tilraunum til samkomulags, þá muni sumir hinir gætnari sjá sig um hönd, og samþykkja þá einu formlega réttu leið, og einu leiðina, sem við á.

Hannes Hafstein: Mér kom það ekki á óvart, þó háttv. þm. Vestm. (V. G.) snerist á móti þessari þingsályktunartillögu, því eins og háttv. flutningsm. sagði, er hún komin fram til þess, að gefa deildinni tækifæri til að segja stjórninni sannleikann í þessu máli, nefnilega, að svo framarlega sem vér hefðum vitað um stjórnarskiftin í tæka tíð, þá hefði frumv. það, sem nú er gengið fram, ekki verið samþykt, heldur felt.

Þetta er sá sannleikur, sem á að koma fram og sem skal koma fram á annan hátt, þó hann komist ekki fyrir í ávarpi.

Í ávarpsformi getum vér árnað Hans Hátign konunginum allra heilla, en það er vafasamt, hvort að rétt sé að setja pólitiskt prætuefni inn í slík ávörp; vér eigum ekki að snúa oss með þau til konungs, sem er yfir öllum pólitiskum flokkum, heldur til stjórnarinnar, til ráðgjafa Íslands, því það er hann, sem ber ábyrgðina og hefir allar framkvæmdirnar í þessu efni.

Þingsályktunarleiðin er ekki ný uppfundin, því eins og menn muna var hún viðhöfð hér á þinginu 1895, þegar hin fræga þingsályktun, sem þá kom stjórnarskrármálinu í nýtt horf, var samþykt, þrátt fyrir mikil mótmæli. — Henni var fundið það til foráttu, að rangt væri að koma fram með slíkt mál nema í frumv.formi, að þingið með þessu móti kastaði frá sér uppástungurétti sínum o. s. frv.; en þessar ástæður voru þá svo rækilega hraktar og marðar og kramdar sundur af háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að mig brestur allan kraft til að gera það eins vel nú, enda kemst eg ekki í mælsku þar með tærnar, sem hann hefir hælana.

Hann var þá þeirrar skoðunar, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að hvorttveggja lægi fyrir þinginu í einu, frv. og tillaga um stjórnarskrárbreyting, og áleit þá fullkomlega rétt og formlegt í alla staði, að frumv. og þingsályktunin um sama efni væri samþykt á sama þingi.

Eg byggi nú raunar ekki svo mikið á þessum mælskublómum þm. V.-Sk. (Guðl. G.), er eg hef hér í þingtíðindunum fyrir framan mig. En hitt er mér nóg, að það finst hvergi neitt, hvorki í stjórnarskrá, þingsköpum né öðru, er banni að þingið gjöri ályktanir viðvíkjandi málefnum, sem það áður hefir samþykt frumvörp um.

Að það sé »óþingleg aðferð« er hreinn og beinn ástæðulaus uppspuni. (*Valtýr Guðmundsson*: Nei). Eg segi jú! Og mitt jú er eins gott og þingm. nei; hann slær þessu fram órökstuddu út í loftið. Það kann að vera hans skoðun.

En það er ekki mín skoðun, og eg tel mína skoðun jafngilda.

Hafi þinginu orðið skyssa á, þá á að nægja að bæta úr því eftir föngum, og í þessu tilfelli sé eg ekki að neinn annar vegur sé betri en þingsályktunarleiðin, enda er ómögulegt, eftir því sem fram hefir komið, að sameina sig við hina háttv. frumvarpsmenn um ávarp, er vér hinir, andmælendur þess, er hér hefir fram farið í sumar, getum fallist á.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að það stríddi á móti þinglegri venju, að samþykkja þingsályktunartillöguna ofan í frumv., er samþykt hefði verið. En hér getur naumast verið um þessa venju að ræða; þetta er alveg nýtt og einstakt tilfelli, sem ekki hefir komið hér fyrir áður; grundvöllurinn kippist undan frumvarpi, sem samþykt hefir verið, áður en það fer frá þinginu.

Hér er að ræða um það, sem lagamennirnir nefna »bristede Forudsætninger«. Ef ýmsir þeir, sem atkvæði greiddu með frumv., hefðu vitað það, sem nú er fram komið, þá hefðu þeir ekki samþykt neyðarúrræðið, heldur farið alt annan veg, og það er því alls engin ósamkvæmni, engin afturköllun á yfirlýstum vilja, þó að nú sé lýst yfir frekari óskum en þar komu fram, úr því kringumstæðurnar eru breyttar.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði að vísu hiklaust, að ómögulegt væri að koma á innlendri stjórn, því það væri að skerða ríkiseininguna. Hann talar enn sem sá hægrimaður, sem hann hefir verið til þessa, en eg vil nú skjóta því að honum, hvort honum nú ekki virðist það samrýmanlegt við sín »princip«, að fara nú að haga seglum svo lítið eftir vindi.

Ef hann ekki alveg vill hætta að koma sér vel við stjórnina, þá verður hann nú að fara að taka tillit til vinstrimanna, því þeir eru nú komnir til valda, og ef hann heldur þessum hægrimannakreddum áfram en, þá á hann á hættu, að þeir segi við hann, þegar hann fer að hringja upp á hjá þeim með haustinu: »Aldrei þekti eg þig; þú ert að halda fram úreltum hægrimannaskoðunum í anda Rumps sáluga, en við kærum okkur ekkert um þessar raddir framliðinna«.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) hefir bitið sig svo fast í þessar hægrimannaskoðanir, að innlend stjórn komi í bága við ríkiseininguna, að hann skilur ekki annað. En vér mótstöðumeun hans höldum því fram, að það megi mjög vel koma á innlendri stjórn, án þess eining ríkisins sé raskað.

Það nær engri átt, að »benedizkan« komi í bága við eining ríkisins; þetta hefir að vísu verið slagorð hægrimannastjórnarinnar gegn þeirri stefnu, sem stöðugt hefir verið haldið fram af þjóð og þingi, viðbára, sem slegið hefir fram gegn óskum landsins. En það er engin ástæða til að líta svo á málið. Að það væri skaðlegt að fá innlenda stjórn, eins og háttv. þm. Vestm. (V. G.) hélt fram, er ekki svarandi; það er svo persónuleg skoðun fyrir h. þm. Vestm. (V. G.), að hann má halda henni fyrir sig. Það er lexía, sem hann hefir lært utan að, órökstuddur sleggjudómur, sem hann slær um sig með, en engin sönnun fylgir; eftir minni vitund hefir ekki einn einasti maður sýnt, að það fyrirkomulag, sem farið er fram á í tíumannafrumvarpinu, gæti komið í bága við eða raskaði einingu ríkisins; eg hef aldrei heyrt neinar röksemdir fyrir því, að fyrirkomulagið væri »stjórnskipulegt afskræmi«, eins og sumir mótstöðumenn nefna það; eg hef úr andstæðingaflokki ekki heyrt gegn því frumvarpi annað

en annaðhvort stakar vandræðaviðbárur, eða uppnefni og ill orð.

Það er um þetta frv. okkar, eins og margt annað gott, það er lastað í fyrstu og lítið gert úr því; en svo vex það smátt og smátt, eins og þyturinn í laufinu, meðan stormurinn eykst.

Loks munu allir játa, að það fari í rétta átt og heillavænlega.

Eg ber engan kvíðboga fyrir því, að þjóð vor ekki muni sjá það á sínum tíma, hvort sé réttara, okkar eða hinna, hvort gangi í réttari stefnu, að draga valdið inn í landið eða hrinda því úr landinu, vilja innlenda stjórn, eða vilja ekki innlenda stjórn.

Eg skal viðvíkjandi ávarpinu endurtaka það, að eg er engan veginn á móti því, að láta Hans Hátign konunginum í ljósi þegnlegar óskir þingsins, en það kemur ekki þessu máli við.

Tillagan er samin í þeim tilgangi að segja, að frumv., sem nú hefir gengið í gegnum þingið, hefði ekki komist út úr deildinni, ef stjórnarskiftin hefðu verið þinginu kunnug þá, og skýrir frá, hvað það er, sem frjálslyndari hluti þingsins vill í stað þess »neyðarúrræðis«, sem samþykt hefir verið.

Og þessi breyt.till., sem hér liggur fyrir, um að snúa þingsályktuninni upp í ávarp til konungs, er að eins gjörð til þess, að spilla fyrir því, að þingsályktunartillagan fái framgang.

Ef háttv. flutningsm. breytingartill. er alvara um, að koma fram ávarpi, ættu þeir að taka breytingartill. aftur, og koma fram með nýja sjálfstæða tillögu þar að lútandi.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki neitað því, að mig furðar á því kappi, sem virðist vera komið í þetta mál, því það er öldungis óþarft.

Út af ummælum háttv. 2. þm. Isf. (H. H.) um, að það ætti ekki við að blanda pólitiskum ágreiningi inn í ávarp til konungs, verð eg að taka það fram, að þetta álit hans er algerlega rangt. Ávörp þingsins til konungs eru ekki stíluð til hans persónulega, heldur sem »konstitutionels« konungs, og þess vegna er það rétt, að víkja að þessu velferðarmáli og láta í ljósi óskir þjóðarinnar þar að lútandi, um leið og að þingið sendir honum heilla-óskir fyrir sína og þjóðarinnar hönd. Enda hefir þetta verið svo hingað til.

Háttv. þingm. Snæf. (L. B.) tók það fram, að meiri hluti deildarinnar væri mótfallinn þessu frumv. Eg verð að segja það, að þetta er ekki annað en ósannaður sleggjudómur. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Heyr!) Meiri hluti deildarinnar samþykkir þetta frumv. fullviss um, að það væri vilji meiri hluta þjóðarinnar, og í því fullu trausti, að það yrði staðfest, og að það fyrirkomulag kæmist á, sem þar er farið fram á.

Bæði eg og aðrir flokksbræður mínir lítum öðru vísi á það stjórnarfar, sem nú er hér á landi, en andstæðingar okkar í þessu máli. Þeir sýna svo þráfaldtega, að þeir eru ánægðir með það, eins og það er, og þess vegna er engin von, að þeim finnist liggja neitt á að fá stjórnarfyrirkomulaginu breytt. Þeir finna aldrei að aðgerðaleysinu og undirbúningsleysinu hjá stjórninni. Nei, það er úr okkar flokki, sem andmælin koma; andstæðingar okkar þegja og opna ekki munninn, rétt eins og þeir furði sig á, að nokkurum manni skuli finnast ástæða til þess, að ýta við þessu sofandi djásni, sem þeir eru svo ánægðir með. Það erum vér, sem finnum, hversu ómögulegt þetta stjórnarfyrirkomulag er; það erum vér, sem sjáum, að vér verðum að komast úr ógöngunum sem fyrst, og það erum vér, sem

vitum, að þetta stjórnarfyrirkomulag, sem tálmar öllum framförum þjóðarinnar, er dýrt fyrir þjóðina.

Eg skal líka taka það fram, að þótt vinstrimannastjórnin, sem nú er komin til valda, ekki gæfi aukaþinginu að sumri neitt í skyn um það, að hún vildi ganga að frekari breytingum á stjórnarfyrirkomulaginu, þá er samt engu spilt; því hvenær sem þingið getur komið sér saman um breytingar á því, og ráðherrann er þeim fylgjandi, þá sé eg ekkert því til fyrirstöðu, að þær breytingar geti komist á; svo framarlega sem vinstrimenn verða principfastir og halda við það, sem þeir hingað til hafa barist fyrir — þingræði — þá ætti ekki að verða örðugt, að koma þeim breytingum á stjórnarfyrirkomulaginu á, sem þingið kemur sér saman um. Nú sem stendur er alt ósannað um frekari kröfur; einn vill þetta og annar vill hitt, og vér erum því ósáttir um alt annað en þetta frumv., sem meiri hluti þingsins hefir samþykt. Er þá ekki hyggilegra að taka því, sem er til bóta, og geyma ágreininginn, þangað til vér erum komnir úr verstu ógöngunum? Jú, vissulega. Mótflokkur vor vill stofna þessu máli í voða með því, að spilla því, sem vér höfum samþykt, og biðja um eitthvað meira, sem enginn veit hvað er. Það er ekki nóg, að segja, að þetta »meira« sé innlend stjórn, þegar enginn veit, hvernig þeirri innlendu stjórn á að vera fyrir komið. Eg fyrir mitt leyti get ekki hugsað mér annað fyrirkomulag á innlendri stjórn en jarl með ráðgjöfum, eða, með öðrum orðum, það fyrirkomulag, sem farið var fram á í frumv. þeim, sem samþykt voru af alþingi '85 og '86, '93 og '94. Alt annað fyrirkomulag á innlendri stjórn er tómt kák. Og vildi stjórnin veita þetta, þá yrði eg ekki síðastur, heldur fyrstur manna til þess, að gefa því atkv. mitt.

Nú hefir vor flokkur, til þess ekki að fyrirbyggja, að þjóð vor fengi frekari kröfar uppfyltar, ef þess væri kostur, boðist til að víkja að því í ávarpi til konungs, að þjóðin óski, að fá frekari kröfur uppfyltar; en það vilja ekki andstæðingar vorir. Þeim nægir ekkert annað en að ónýta starf þingsins í þessu máli og desavúera deildina. Það eitt vakir fyrir þeim, að glepja þjóðinni sýn, og það er þegar byrjað á því í einu blaði hér í bænum, að reyna að telja þjóðinni trú um þá fjarstæðu, að þessir menn, mótstöðuflokkur okkar, sé það »radikala element« í þinginu, en vér, Hafnarstjórnarmennirnir svo köllúðu, séum afturhaldsseggirnir. En þetta er að eins gert til þess, að þyrla sandi og ryki í augu þjóðarinnar, til þess, að rifrildið haldi áfram og enginn endir verði á því.

Eg verð því að biðja menn um, að hugsa sig vel um, áður en þeir fella breyt.till. um, að fela nefndinni í stjórnarskrármálinu að semja ávarp til konungs; því geri þeir það, þá er eg hræddur um, að allar tillögur verði feldar, og varla getur andstæðingum vorum þótt það vel farið, því þá liggur ekkert fyrir stjórninni frá þinginu annað en frumv. það, sem samþykt hefir verið af því. En samþykki þeir breyt.till., þá eiga þeir kost á að fá sent með frumv. ávarp til konungs, þar sem tekið er fram, að þingið hafi samþykt þetta frumv. sökum þess, að það hafi viljað halda sér við þann grundvöll, sem tekinn er fram í boðskap konungs til alþingis, þá hreyfi sér þó hjá þjóðinni frekari kröfur, og hafi þær komið fylst fram í frumvörpum þeim, sem samþykt hafi verið af þinginu '85,

'86, '93 og 94. Þá hefir stjórnin ástæðu til þess, að taka málið til rækilegrar íhugunar; en sé alt felt, liggur ekkert fyrir stjórninni annað en frumv., og þá getum vér ekki búist við, að heyra annað frá henni en yfirlýsingu um frumv.

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Háttv. þm. Vestm. (V. G.) fanst leiðin, sem vér förum í þessu máli, ill, en efni till. þó verra. En þetta er staðleysa eins og þegar hefir verið sýnt fram á, því leið sú, sem vér viljum fara, er hvergi bönnuð í þingsköpum.

Hér stendur sérstaklega á. Þess vegna er ekki undarlegt, þótt gripið sé til óvanalegra ráða. Deildin hefir látið frá sér fara frumv., sem meiri hluti hennar er óánægður með. Eg heyri borið á móti því, að svo hafi verið, en háttv. þm. þarf ekki annað en lesa áskorun þá, sem send var háttv. Ed. og prentuð er í Þjóðólfi, til þess að sannfærast um, að eg fer með rétt mál. Undir þeirri áskorun stóðu 12 menn af 23, sem nú eru hér í deildinni, og hefði alt farið með, feldu hefðu þeir verið 13 af 24; en eins og menn vita, hefir sjúkdómur haldið einum úr vorum flokki heima.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að hann og flokkur hans hefði boðist til, að senda konungi ávarp; en hann gleymdi aðalatriðinu í því tilboði. Hann og flokksmenn hans settu sem sé það skilyrði, að ekki væri nefnt á nafn, að deildin mundi ekki hafa samþ. þetta frv., ef hún hefði vitað, að orðin væru stjórnarskifti. Vér vildum ganga að ávarpinu, ef að eins væri vikið svo að þessu atriði, að stjórnin gæti lesið það á milli línanna. Vér höfum nú sem fyrri látið draga oss á eyrunum til samkomulags, en mér finst ekki vera hægt að leggja oss það til lasts, þótt vér nú segjum: hingað og ekki lengra.

Þá sagði háttv. þm. Vestm. (V. G.), að væri þessi þingsáltill. samþ., þá væri þingið gert tvísaga; en það nær engri átt; vér viljum að eins láta stjórnina vita sannleikann. Eg veit það, að háttv. deildarmenn muna, að þegar stjórnarskrármálið var hér til umræðu, þá sögðu allir fylgismenn valtýskunnar, að þjóðin þyrfti miklu meira stjórnfrelsi, en þeir héldu frumv. sínu að eins fram af því, að þeir bjuggust ekki við, að fá meira; þetta sögðu þeir þá. Nú er komin til valda ný stjórn, sem er frjálslynd, stjórn, sem viil veita oss frekari umbætur á stjórnarfari voru en farið er fram á í þessu frumv., sem samþ. hefir verið. Eg heyri einhvern segja, að það sé alveg óvíst. Nei, það er ekki óvíst. Það er engin ástæða til þess, að halda, að þessir menn, sem nú hafa völdin, vilji ekki standa við orð sín; það er ekkert, sem gefur manni ástæðu til þess, að gera þeim slíkar getsakir. Háttv. þm. Vestm. (V. G.) segir, að þeir hafi sagt hið gagnstæða við sig; en það er nú eins um það og svo margt annað, sem sagt hefir verið við hann, að það er ilt að ganga úr skugga um, að það sé satt.

Vér höfum boðist til, að senda nefnd úr báðum flokkum á fund stjórnarinnar, en það vilja andstæðingar vorir ekki; þeir bera fyrir, að vér getum ekki orðið sammála um neitt, því sé ekki til neins að senda. Eg held nú, að þetta sé ekki rétt; að minsta kosti býst eg við, að vèr yrðum allir sammála um að hafna valtýskunni. Andstæðingar vorir hafa, ekki síður en vér, haldið því fram, að vér þurfum að fá langtum meira. En þótt nú svo færi, að vér yrðum ekki sammála um neitt annað en þetta, þá væri skaðinn bættur. Aðalerindi þeirrar nefndar er, að fá skýrt svar frá stjórninni um það, hvað hún vill veita oss mest. Enginn

lögfróður maður skilur í því, að ómögulegt sé, að koma hér fyrir innlendri stjórn og skerða þó ekki ríkiseininguna. En eg get vel skilið, að h. þm. Vestm. (V. G.) skilji það ekki; hann veit ekki einu sinni það, að grundvallarlög Dana gilda ekki hér á landi. Þau hafa aldrei verið birt hér á landi, og gilda þegar af þeirri ástæðu ekki.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að 10 manna frumv. væri skaðlegt, hefir líklega haft það eftir manni, sem sagði eitthvað svipað því í Ed. hér á dögunum. Skaðinn á að liggja í því, að það lögfesti annan ráðgjafann í Khöfn, og svo því, að hann mundi geta ráðið of miklu. En hvorttveggja er tómur misskilningur; ráðgjafinn í Khöfn er vareskeifa ráðherrans á Íslandi; honum er að eins ætluð framkvæmd þeirra verka, sem Íslandsráðherrann felur honum, svo og þeirra smáverka, sem ekki má fresta. Komi t. d. ófriður upp á milli ríkja, eða komi drepsótt eða annað því líkt ófyrirsjáanlegt fyrir, verður stjórnin að gera bráðabirgðaráðstafanir til að afstýra hættu, en það er því að eins hægt, að alt af sé maður við hlið konungs til að undirskrifa með honum. Það er vegna þess konar smámála, sem vér þurfum að hafa ráðgjafa í Khöfn. Það nær engri átt, að hann geti hrifsað undir sig meiri völd. Reyni hann til þess, verður hann lögsóttur, og gjöri hann það, verður hann dæmdur.

Andstæðingar vorir raupa mikið af því, að frumv. þeirra hafi fylgi meiri hluta þings og þjóðar; — en jeg neita því gagngjört. Frumv., sem lá fyrir þinginu árið 1899, hafði eins mörg atkv. á þingi og þetta frumv., og féll þó. Það hafði 7 atkv. í Ed. og 11 í Nd. Það frumv., sem sem nú hefir verið samþ., hafði 6 atkv. í Ed. og 12 eða eiginlega ekki nema 11 atkv. í Nd.; en hvort sem maður nú telur 11 eð 12 atkv. í Nd., þá getur summan af atkv. þeim, sem það hafði hér á þinginu, aldrei orðið hærri en 18, og það er ekki meiri hluti þm., það er að eins helmingur.

Og enn fjarstæðara er það, að frv. það, sem nú er samþ., hafi fylgi meiri hluta þjóðarinnar. Flestir eða allir þingmálafundir hafa lýst því yfir, að þeir álíti frumv. ófullkomið, en ef ómögulegt væri að fá meira, þá vildi einstaka fundur heldur taka því en engu. Þá verð eg að víkja nokkurum orðum að aðferðinni, sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) hefir haft í þessu máli: Á þinginu 1897 býður hann fram ráðgjafa, er bera eigi ábyrgð allra gjörða sinna, en við því boði vildi enginn líta. Svo bætir hann við árið '99, að ráðgjafinn skuli tala og skilja íslenzku og ekki hafa annað ráðgjafaembætti á hendi; þjóðin vildi ekki þetta heldur og því bætti hann nú aftur nokkuru við í sumar. Nú má 61. gr. standa óbreytt, þingfundir eiga að vera lögmætir, ef meir en helmingur þingmanna mætir, og loks er þingmönnum fjölgað dálítið. Þetta eru nú allar bæturnar og háttv. þm. tekur þær upp tilneyddur. Hefði hann ekki gjört það, hefði frumv. fengið sömu útreið nú og á undanförnum þingum. En hvað sýnir nú þetta? Það sýnir það, að háttv. þm. Vestm. vill ekki að þjóðin fái nema sem allra minsta endurbót á stjórnarskránni.

En hve mikið liggur nú í þessum bótum, sem frumv. hefir fengið? Þar verð eg að segja, að það liggur ekki mikil bót í því, að það skuli vera fundarfært, þegar helmingur þingmanna er á fundi. Það er að minsta kosti tvíeggjað sverð, sem jafnt má brúka móti þjóðinni sem með henni. Það er lýð-

um ljóst, að ráðherrann getur miklu fremur komið sínum málum fram, þegar ekki þurfa að vera nema 12 menn á þingmannabekkjunum í Nd., heldur en þegar þar þurfa að vera 16; og ekki nema 6 í Ed. í stað 8 nú. En um fjölgun þm., sem auðvitað er til bóta, skal eg taka það fram, að það þurfti ekki neina stjórnarskrárbreyting til þess; það stendur í stjórnarskránni að það megi breyta tölu þingmanna með einföldum lögum. Þetta er að vísu nokkur bót, en sem sagt ekki stjórnarskrárbót. Hitt, að 61. greinin standi, er ekki positiv bót, heldur fáum við þar að eins að halda því, sem við áttum, og er það þá varla þakkarvert.

Bæturnar eru því sannarlega ekki eins miklar og flutnm. vilja halda fram. (*Valtýr Guðmundsson*: Kosningarétturinn). (*Guðl. Guðmundsson*: Deildaskipunin). Deildaskipunina hef eg minst á; en hvað kosningarréttinn snertir, ætla eg að minna háttv. þm. á það, að það er ekki frá honum. Við hinir höfum einmitt komið með það í okkar frumv. (*Valtýr Guðmundsson*: Kom það á undan?). Það var sagt hér í deildinni, að tillagan væri komin fram til að eyðileggja frumv.; vér vildum enga bót, værum ánægðir með stjórnarfarið sem er. Eg verð að lýsa því yfir, að þetta er röng tilgáta, að minsta kosti í minn garð. En hins vegar finst mér engin ástæða til að vera alt af á eftir stjórninni, vera alt af að stinga hana með títuprjónum. Eg vil láta segja stjórninni rólega til syndanna, þegar hún hefir gjört eitthvað, sem miður fer; en eg vil ekki að hún, fremur en aðrir, sé lögð í einelti — það er sitt hvað, hófleg aðfinsla eða persónuleg áreitni.

Það var líka sagt hér í deildinni, að þó stjórnarskrárfrumv. yrði samþykt, þá gætum við samt fengið meira. Það vill nú svo vel til, að eg get borið fyrir mig háttv. þm. Vestm. (V. G.). Eg hefi nýlesið það í leiðréttri ræðu eftir hann, að »fáum við þessa stjórnarbót, skal eg fyllilega kannast við, að við munum halda henni lengi, um ókveðinn tíma«. Og það er alveg rétt. Ef stjórnin fær ekki að vita það, að þingið er ekki ánægt með fyrirkomulagið í hinu samþykta stjórnarskrárfrumv., þá má búast við því, að vér sitjum undir því fyrirkomulagi langalengi. Annars bjóst eg ekki við, að það þyrfti að fara að vekja upp þær umræður, sem féllu um stjórnarskrármálið, út af þessari meinlausu tillögu. Eg hélt, að það væri öllum mönnum ljóst, í hvaða tilgangi hún væri borin fram og allir gætu fylgt henni. Úr því að það slys hefir hent okkur, að vér höfum samþykt frumv. um stjórnarskrárbreytingu, ekki vitandi að við gætum fengið meira, þá liggur ekki annað fyrir en að láta stjórnina vita það frá þingdeildinni sem deild, að deildin er ekki ánægð með frumv. Við þurfum að láta stjórnina vita, að deildin sem deild geti ekki eftir stjórnarskiftin skrifað undir frumv. Það getum við með þingsályktunartillögu, en við getum það líka með ávarpi; og eg fyrir mitt leyti er manna fúsastur til þess að skrifa undir ávarpið, ef andstæðingar okkar vilja lofa okkur að láta stjórnina lesa það, þótt ekki sé nema milli línanna, að þetta hafi verið samþykt í þeirri meiningu, að það mundi verða borið undir hægrimannastjórn; en meðan ekki kemur fram skýlaust loforð um þetta, þá verð eg að halda fram tillögu minni.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var út af orðum frá h. 2. þm. Ísf. (H. H.), sem eg ætlaði að gjöra fáeinar athugasemdir viðvíkjandi formhlið málsins.

Þessi till., sem hér er farið fram á að fái samþykki deildarinnar, henni

víkur nokkuð öðruvísi við en till. 1895. Tillagan 1895 er ekki tekin á dagskrá í Nd. né borin undir atkvæði til endanlegs samþykkis þeirrar deildar, fyr en búið var svo gott sem að fella frv. í Ed. Frumv. var sama sem fallið og það var fyrirsjáanlegt að frá þinginu sem þingi mundi ekki fara nein lögformleg ályktun um málið að því sinni. Þessu víkur alt öðruvísi við hér. Hér er farin frá þinginu í heild sinni lögformleg ályktun um málið, og þá get eg ekki séð að það sé rétt að samþ. aðra lögformlega ályktun, sérstaklega þar sem hún fer að nokkuru leyti í aðra átt. Þetta er það sem mætti kalla að þingið geri sig tvísaga um hið sama mál.

Að öðru leyti hefir mér ekki gefist eiginlega tilefni til þess, að fara mjög langt inn á þetta mál. Það eru öldungis hinar sömu athugasemdir, sem hafa komið fram frá flutnm. tillögunnar, eins og þær, sem þeir báru fram — að vísu í stillilegu formi þá — undir umræðunum um stjórnarskrármálið. Eg verð að svara háttv. 2. þ. Ísf. (H. H.) þessum sömu orðum, út af lofdýrð hans yfir 10-mannafrumv., eins og hann talaði til háttv. þm. Vestm. (V. G.): »Hverjum þykir sinn fugl faghr« o. s. frv.. — Eg held háttv. þm. hafi lagt nokkuð mikið upp úr kostum þessa frv. og gjört nokkuð lítið aftur úr þeim röksemdum, sem færðar voru á móti fyrirkomulaginu. Þess var getið undir umræðunum, að fyrirkomulagið væri ekki fullnægjandi fyrir Islendinga, vegna þess, að það er fyrirsjáanlegt, að ráðgjafinn hér hlýtur alt af að standa skör lægra heldur en ráðgjafinn í Kaupmannahöfn, og að það heldur ekki væri aðgengilegt fyrir stjórnina, vegna þess, að í raun og veru færi það að nokkuru leyti í bága við það, sem hún skilur við einingu ríkisins, bæði hægrimannastjórnin og eins lögfróðir menn úr vinstrimannaflokknum. Þessar rök semdir finst mér ekki þurfa að fara dýpra inn á. Það má í ölla falli gera ráð fyrir, að allir hinir lögfróðu menn skilji hugsunarganginn, án þess farið sé lengra út í það. En það er í raun inni annað, sem mér sýnist nokkuð dýpra liggja sem atriði, er skilur hér á milli. Eg veit ekki, hvort menn hafa veitt því eftirtekt, en mér sýnist það liggja ljóst fyrir.

Stefna þeirra manna, sem vilja halda öllu óbreyttu eða vilja hafa ráðgjafa að nafninu til, er hafi búsetu hér á landi, en hafa yfir þessari innlendu stjórn annan ráðgjafa í ríkisráðinu, þeir menn finst mér vilja leggja aðaláherzluna á það, að gjöra stjórnina í landinu einvalda inn á við, en háða út á við. — Mér finst það vera gjörsamlega skökk stefna; en hvorttveggja þetta, sem haldið er fram af andstæðingum stjórnarskrárfrumv., sem, eins og allir vita, fara í tvo flokka, sýnist mér ekki rétt. Hin stefnan er sú, að hafa sem fæsta milliliði milli þingsins og konungsvaldsins; hafa hann ekki nema að eins einn; og hafa þennan millilið engum öðrum háðan heldur en þingi og þjóð. Þetta finst mér vera það grundvallaratriði, sem skilur stefnu flokkanna, sem sé: að efla embættisvaldið í landinu gagnvart þjóðinni, en um leið gjöra það háð útlendu alríkisstjórnarvaldi; en hin stefnan er sú, að draga valdið sem mest í hendur þingsins, fulltrúa þjóðarinnar, og það á þann hátt, að það geti beitt sínum áhrifum beint á þann mann, sem aðgang hefir að konungsstólnum. Það er það sem mér finst að hér skilji á milli sem grundvallaratriði. Og frá því sjónarmiði get eg vel skilið þessa setningu háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), að það sé mjög hægt að stofna innlenda stjórn, án þess að nokkuð sé farið í bága við það, sem stjórnin kallar »eining ríkis-

ins«. Því fari maður í þessa stefnu, þá er það náttúrlega ákaflega hægt; en þessi stefna álít eg ekki sé rétt; því eg einmitt álít að grundvallaratriðið sé, að efla vald þeirra fulltrúa, sem þjóðin kýs sjálf, og koma því svo fyrir, að þeir geti beitt því valdi sem mest beinleiðis á þann mann, sem leiðir málin til lykta hjá konungi.

Það hefir verið talað nokkuð talsvert um innihald þessa frumv., sem deildin hefir afgreitt; og því hefir verið haldið fram, að deildin sem deild mundi iðrast eftir, að hafa afgreitt frumvarpið, (*Lárus H. Bjarnason*: Meiri hlutinn), og það hefir verið hreyft þeirri kröfu, að það ætti að koma fram yfirlýsing deildarinnar um, að hún iðrist þessa. Þessi krafa finst mér vera fjarskalega í lausu lofti; eg vil nærri því segja, að hún gangi ósvífni næst gagnvart þingdeildinni; að ætlast til þess, að menn, sem hafa með fullri þekking á málinu og með alveg opnum augum afgreitt málið með það fyrir augum eftir konungsboðskapnum, að frumv. mundi geta öðlast staðfesting, — að ætlast til þess að þeir menn fari að lýsa yfir, að þeir hafi greitt atkvæði um málið sem börn, það finst mér vera nokkuð frekleg krafa. Mér finst satt að segja, að þingið gjörði sig barnalegt með því; og mér dettur ekki í hug, að þingið með því segði nokkurn sannleika.

Eg tók eftir því, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) mintist mjög lítið á rýmkun kosningarréttarins, sem er mjög þjóðlegt atriði í þessu nú samþykta frumv., og mintist mjög lítið á breyting á deildaskipuninni, sem gjörir það að verkum, að atkvæði hinna þjóðkjörnu þingmanna verða alt af í meiri hluta í báðum deildum.

Það eru tvö atriði, sem fara í þá átt, að gefa þjóðinni meira vald yfir sínum málum, og eg álít það mjög þýðingarmikið.

Það er eins og hv. þm. Snæf. (L. H. B) hafi aldrei veitt því eftirtekt, að skref fyrir skref hefir alt af hendi þeirra manna, sem fjallað hafa um frumv., verið tekinn sá skýri fyrirvari, að með þessu væri ekkert afgjört um ágreininginn milli þings og stjórnar um stöðu Íslands í ríkinu; en af því leiðir, að þó þetta frumv. næði samþykki þingsins 1902, þá gæti strax þingið 1903 farið að hreyfa kröfum um rýmkun á hinu pólitiska sambandi milli Islands og Danmerkur.

En að fara nú, öldungis upp á óvissa von að gjöra að engu störf þingsins og hrinda frá sér umbótum, sem mikill hluti þjóðarinnar er búinn að segja, að hún vill gjarnan fá fram — og eg held það sé enginn, er dirfist að segja, að frumv. sé ekki til bóta — fara að hrinda því frá sér nú og hleypa málinu inn í nýjar ógöngur, og halda enn áfram rifrildinu og úlfúðinni í þessu máli, það finst mér ekki ná neinni átt.

Það er því af öllum þeim ástæðum, sem maður yfir höfuð getur haft á móti nokkru máli, sem eg fyrir mitt leyti greiði atkvæði móti þessari tillögu, að undanteknu því, að eg, eins og áður, er fús á, að taka þátt í samningu ávarps, sem hér er það eina, sem við á.

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Eg stend upp að eins til þess, að leiðrétta nokkur orð í ræðu h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), Hann sagði, að sá væri munurinn á skoðunum flokkanna hér á þingi, að hans flokkur vilji gera valdið innlent, en að við viljum að vísu auka það inn á við, en gera það út á við háð útlendu valdi. Mér er óskiljanlegt, hvaðan maðurinn getur haft þennan órökstudda sleggjudóm? (*Valtýr*

Guðmundsson: 10 manna frumvarpið). Nei, úr því er ekki sú vizka(!) fengin en eg þykist vita, við hvað þingm. á. Hann mun eiga við ráðherrann, sem búsettur á að vera í Kaupmannahöfn, en sá ráðgjafi er ekki annað en umboðsmaður og varamaður ráðherrans á Íslandi, eftir því, sem í sjálfu frumv. stendur.

Í því stendur sem sé, að Kaupmannahafnarráðgjafinn skuli að eins í fjarveru ráðherrans á Íslandi og í umboði hans bera mál sín fyrir konunginn. — Af eigin hvötum má hann ekki framkvæma aðrar stjórnarathafnir en þær, sem ekki má fresta, og það þarf ekki að óttast, að það verði merkilegustu málin.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) segir, að sá flokkur, sem hann fylgir, vilji flytja valdið inn í landið. En hvernig fara þeir að því? Er það flutningur á valdinu inn í landið, að fá æðsta valdið í hendur manni, búsettum í Danmörku, launuðum af dönsku fé og ábyrgðarlausum, því hæstiréttur, sem á að dæma hann, er fagdómstóll, en ekki pólitiskur dómstóll, og mundi því aldrei dæma hann fyrir annað en lagabrot; hæstiréttur mundi ekki dæma ráðgjafann fyrir pólitisk glappaskot. Þessi danski embættismaður, sem kemur hingað tvo mánuði annaðhvort ár, á að færa okkur valdið inn í landið.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að ráðgjafinn mundi nota hina 22 mánuðina til þess að hugsa eingöngu um Íslands mál. Hann ætti að nota þá til þess, að búa sig undir, að dansa eftir pípu þingsins. Dansi hann illa, yrði hann hýddur, en dansi hann vel, fengi hann enga borgun. Hér er kitluð einhver lúalegasta hugsun hjá þjóðinni, að losna við að borga unnið verk. — En ef við viljum vera þjóð, þá verður þjóðin líka að borga sínum vinnumönnum.

Í sambandi við þetta skal eg skjóta því inn í, að við ætlumst alls ekki til, að sama embættaskipun haldist, ef frumv. vort yrði að lögum og nú er, svo það er óséð, að af því leiddi nokkurn kostnaðarauka.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það gengi ósvífni næst, að vilja drótta því að deildinni, að hún hafi samþykt stjórnarskrárfrumv. það, sem hér var fyrir deildinni, af því einu, að hægrimannastjórn sat að völdum, þegar frumv. kom til atkvæða hér. Hefir hann þá ekki heyrt talað um ávarp það, sem meiri hluti neðri deildar sendi hinni háttv. Ed. um þetta mál? Hefir hann ekki lesið það? Það er næsta ótrúlegt, því ávarpið hefir verið prentað í einu blaði hér í kaupstaðnum. Og maðurinn, sem kallar þetta ósvífni, er sami maðurinn, sem haldið hefir því fram opinberlega, að það spor, sem nú er stigið, væri »stórt spor í öfuga átt«. Sé það aftur meining háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að það sé ósvífni, að segja satt, þá skal eg ekki hafa neitt á móti því, að eg og mínir flokksmenn séum kallaðir ósvífnir.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að þó að við samþyktum stjórnarskrárbreyting á þinginu 1902, þá væri ekkert á móti því, að fara lengra á næsta þingi 1903.

Hér ber háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) ekki vel saman við flokksforingjann, háttv. þm. Vestm. (V. G.), sem í leiðréttri ræðu hefir sagt, að fengjum við þessa stjórnarskrárbreytingu, þá yrðum við að hlíta henni í lengri tíma. — Vilji háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) ekki trúa mér, þá skal eg senda þingsvein eftir ræðunni; hún liggur leiðrétt frammi á lestrarsalnum.

Valtýr Guðmundsson: Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) spurði, hvar það væri bannað í þingsköpunum, að senda þingsál. jafnhliða frumv. Eg sagði ekki, að það væri bannað, heldur að það væri óþingleg aðferð. Það er gengið út frá því sem gefnu í þingsköpunum, að málum sé ekki ráðið til lykta eða þau afgreidd frá þinginu, nema í frumvarpsformi eða sem þingsályktun; en það hefir engum manni dottið í hug, að banna þyrfti að nota bæði formin við sama málið, af þeirri einföldu ástæðu, að það hefir engum lifandi manni komið til hugar, að nokkurt þing mundi gjöra sig sekt í slíku. Og það er mér óhætt að segja, að slík aðferð er hvergi þingvenja um víða veröld, enda þarf ekki nema heilbrigða skynsemi til að sjá það, að ekki getur verið ætlast til þess í þingsköpunum. Þá sagði 2. þm. Ísf. (H. H.) ennfremur, að það ætti ekki við, að blanda pólitík inn í ávarp til H. H. konungsins. En ávarp til konungs er eitt af þeim pólitisku dókumentum, sem í þingsköpunum er beinlínis heimilað þinginu, og hvað er það meira af þingsins hálfu, að minnast á pólitík, þar sem H. H. konungurinn hefir sjálfur gert það í boðskap sínum til þings og þjóðar? Höfum við ekki einmitt nú í ár fengið boðskap frá H. Hátign konunginum, þar sem minst er á þetta sama mál sérstaklega, og hvað er þá eðlilegra en að þingið svari H. Hátign.

Þm. Snæf. (L. B.) vildi ekki kannast við, að það væri rétt, að stöðulögin væru því til fyrirstöðu, að við gætum fengið alinnlenda stjórn, og að ríkiseinginn haggaðist ekki við það; en í 6. gr. stöðulaganna stendur þó með skýrum orðum, að æðsta stjórn landsins skuli vera í Kaupmannahöfn. (*L. H. B.*: Stöðulögin eru einföld lög). Þau eru unionslög, sem við verðum að byggja á, meðan þeim ekki er breytt. Hvað grundvallarlögin koma þessu máli við eða hvaða skoðun maður hafi á gildi þeirra fyrir Ísland, það get eg ekki séð. Þau liggja alveg fyrir utan þetta mál. Stöðulögin eru sambandslög, því verður ekki neitað, og á þeim verðum við að byggja, og meðan þeim er ekki breytt, getum við ekki fengið alinnlenda stjórn; en hins vegar skal eg játa það, að það má breyta þeim eins og öðrum lögum.

2. þm. Ísf. (H. H) vildi stimpla mig sem hægrimann, en eg held það sitji sízt á honum og hans flokksbræðrum, því ef nokkir hafa komið fram sem hærimenn og stjórnarsinnar, þá eru það hans flokksbræður, því eins og 1. þm. Ísf (Sk. Th.) tók fram, þá er það einmitt sá flokkur, sem eg fylli hér á þingi, sem ætíð hefir haft fyrir því, að finna að framtaksleysi stjórnarinnar; hinn hefir þagað, ekki einu sinni haft hreinskilni í sér til, að taka málstað stjórnarinnar, en vill nú blekkja þjóðina með því að stimpla okkur sem hægrimenn. Eg segi þetta ekki af því, að eg álíti það neina smán fyrir nokkurn mann, að vera hægrimann, því hægrimaður getur verið fullkomlega eins góður maður og vinstrimaður, og það er hverju landi jafn-nauðsynlegt, að í því séu til hægrimenn eða íhaldsmenn, sem vinstrimenn og framfaramenn.

Því hefir verið haldið fram, að eg væri hægrimaður, og að eg hafi flutt þetta mál, sem eg undanfarin ár hefi barist fyrir, inn á þingið fyrir hægrimannastjórnina, sem veltist úr valdasessinum í sumar. Eg þyrfti nú eiginlega ekki að svara þessari lokleysu einu orði; en það vill svo vel til, að eg þarf ekki annað en að benda á,

hvernig hægristjórnin hefir stutt málið, til þess, að hrekja allan þennan þvætting. Allir þeir 3 nýju konungkjörnu þingmenn, sem þessi stjórn hefir kosið síðan þessi stefna hófst, eru á móti frumv. því, sem eg hefi komið fram með. Landshöfðingi lýsir því yfir, að hægrimannastjórnin muni ekki staðfesta frumv. Fer hægrimannastjórnin svona að því að styrkja þá menn, sem reka hennar erindi hér á þinginu? Sé svo, þá er eg viss um það, að slík hjálp hefir aldrei áður verið veitt af nokkurri stjórn í heiminum.

Eg mótmæli því, að eg sé erindreki hægrimanna hér, og það erum ekki vér, sem viljum fá breytingar á stjórnarfyrirkomulaginu, sem erum hægrimenn í íslenzkum málum, heldur eru andstæðingar okkar það. Þeir vilja halda í þessa stjórn, en þeir eru ekki svo hreinlyndir, að þeir vilji kannast við það, og þeir þora ekki að verja hana, þegar vér segjum henni til syndanna, sökum þess, að þeir vilja blekkja þjóðina og láta hana halda, að þeir séu mestu frelsisgarpar.

Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) sagði, að aðfinslurnar við 10 manna frumv. hefðu verið »út í loftið«. Eg verð að geta þess, að mér finst hann nota nokkuð mikið þetta orðatiltæki, því á privatfundi þingmanna hérna um daginn sagði hann, að 10 manna frumv. hafi verið »tilraun út í loftið«. (*Hannes Hafstein*: Þetta er ósatt; eg mótmæli því). (***Margir þingmenn***: Nóg vitni!).

Háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að eg hefði leynt því, þegar eg skýrði frá samningatilraununum, að andstæðingar mínir hefðu óskað, að vikið væri að því í ávarpinu, að frumv. hefði að eins verið samþykt vegna þess, að menn hefðu ekki vitað, að hægrimannaráðaneytið væri farið frá; en þetta hefðum við neitað að taka til greina En þessu er ekki þannig varið, að eg vildi draga þetta undan, því eg þurfti ekki að leyna neinu í þessu máli; að vér ekki vildum ganga inn á þetta, kom að eins af því, að vér vildum ekki skýra stjórninni ósatt frá málavöxtum, og að vér hefðum gert það, ef vér hefðum gengið inn á þessa kröfu andstæðinga vorra, sýna ræður þeirra í stjórnarskrármálinu. Þeir eru allir einhuga um það, að stjórnin muni aldrei ganga að þessu frumv., og landsh. lýsir því hátíðlega yfir, að ráðgjafinn muni aldrei samþykkja frumv. Þrátt fyrir þessa skýlausu yfirlýsing landshöfðingja krefjast andstæðingar vorir af oss, að vér segjum stjórninni, að vér höfum samþ. frumv. í því trausti, að hægrimannastjórnin mundi samþykkja það. Nei, frumv. var samþykt sökum þess, að vér skildum boðskap konungs þannig, að ef þáverandi ráðgjafi réði frá að staðfesta frumv., þá mundi konungur taka sér annan ráðgjafa, ef frv. væri bygt á þeim grundvelli, sem tekið er fram í konungsboðskapnum, að ekki megi fara út fyrir, og að byggja verði á. En jafnframt gerðum vér oss fulla von um, að vinstrimannastjórn yrði komin til valda, áður en til staðfestingar kæmi, haustið 1902.

Það er þess vegna ósatt, að frumv. hafi verið samþykt með hægrimannastjórn fyrir augum, og andstæðingar vorir gátu þess vegna ómögulega ætlast til, að vér gengjum inn á þessa kröfu.

Þingm. Snæf. (L. H. B.) gat þess, að vér hefðum byrjað með litlu og alt af aukið við frumv. Er það ekki sjálfsagt, þegar um velferðarmál er að ræða? Er betra, að taka munninn svo fullan, að maður verði strax að hrækja öllu út úr sér aftur? Er nokkurt vit í því,

að byrja með benedizku, og slá svo af kröfunum, þangað til eftir er 10 manna vanskapningurinn?

Sami háttv. þingm. vitnaði í ræðu eftir mig, þar sem eg hafði haldið því fram, að vér yrðum að búa við þessa stjórnarskrárbreytingu meðan vér værum að reyna hana. Eg sé ekki, hvað er athugavert við þessi orð. Væri það ekki heimskan einber, að samþykkja breytingu á stjórnarfyrirkomulaginu, og breyta því svo aftur, áður en það hefði verið reynt?

Sami háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) hélt því fram, að ráðgjafinn í Kaupmannahöfn yrði að eins undirtylla, sem gæfi úr bráðabirgðalög um það, að ekki mætti flytja skotvopn frá Íslandi til Kína o. s. frv. En til hvers er maðurinn að halda þessu fram? Hver á að skera úr því, hvað sé stórmál og hvað ekki, hverju megi fresta og hverju ekki megi fresta? Enginn annar en Kaupmannahafnarráðgjafinn sjálfur. (*L. H. Bjarnason*: Hann hefir ábyrgð og getur orðið dæmdur). Já, en hver á að dæma hann? Einmitt hæstiréttur, sem hann sjálfur segir, að sé ófullnægjandi til að dæma í íslenzkum málum.

En það er margt fleira, sem mælir á móti þessu fyrirkomulagi. Ráðgjafinn í Khöfn verður að bera ábyrgðina á þeim málum, sem hann flytur fyrir konungi fyrir hönd ráðgjafans, sem búsettur er á Íslandi, því þótt þingm. Snæf. (L.H.B.) neiti því, að grundvallarlögin gildi á Íslandi, þá verður þó ráðgjafinn, meðan hann situr í ríkisráðinu, að haga sér eftir þeim, og þau binda ábyrgðina við undirskriftina. (*Lárus Bjarnason*: Hvar hefir þingm. lært þetta?). Það eru til menn, sem kunna að lesa, þótt þeir hafi hvorki júridiskan stimpil frá háskólanum, né embættissvip.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hélt því einnig fram, að hæstiréttur væri ekki pólitiskur dómstóll; en eg verð að benda honum á, að hann var löggiltur sem pólitiskur dómstóll fyrir Ísland með stjórnarskránni 1874, og þetta er ekki eins dæmi, að hæstiréttur sé einnig pólitiskur dómstóll. Eg skal t. d. nefna Belgíu; þar er hæstiréttur pólitiskur dómstóll og það er víðar; eg nenni ekki að telja það upp, menn geta kynt sér þetta, ef þeir vilja lesa bók eftir P. Svejstrup, þar sem safnað er saman grundvallarlögum flestra ríkja í Evrópu.

Sami h. þm. hélt því fram, að öllum þætti þetta frumv., sem í sumar hefir verið samþ. af þinginu, ófullkomið. En ekki er svo að sjá, sem mönnum í Snæf. þyki það ófullkomið, því í þingmálafundargjörðinni þaðan stendur þetta, sem eg með leyfi forseta skal lesa upp:

»Verði málinu« (þ: stjórnarskrármálinu) »hreyft á þingi, telur fundurinn rétt, að skipaður verði sérstakur ráðherra, er kunni íslenzka tungu til fulls, mæti á alþingi, beri ábyrgð á stjórnarstörfum sínum og sé launaður af landsfé. 61. gr. stjórnarskrárinnar sé haldið óbreyttri. Sú breyting sé gjörð á skipun Ed., að í henni sitji fleiri þjóðkjörnir menn en konungkvaddir og verksvið landshöfðingja sé ákveðið með lögum«.

Í frumv. því, sem þingið nú hefir samþ., eru öll þessi atriði tekin til greina, nema það, að verksvið landsh. sé ákvarðað með lögum, og að ráðgjafinn sé launaður af landsfé; en hvað því atriði viðvíkur, þá er eg viss um, að það mál verður auðsótt við Dani; því eg er viss um, að þeir vilja gjarnan lofa oss að borga ráðgjafanum, ef oss er það kappsmál.

Eg hefi nú tekið það fram, sem eg

álít svaravert, en annars vil eg geta þess, að mér finst ekki eiga við, að fara svona rækilega út í stjórnarskrármálið; en flutnm. þessarar till. hafa gefið tilefnið til þess.

Hannes Hafstein: Eg álít það tilgangslítið, að lengja umr. um þetta mál, því eg hefi enga von um, að menn láti sannfærast. Eg ætla því að eins að svara því, sem hefir verið breytt til mín persónulega.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hélt því fram, að eg hefði sagt, að ekki mætti nefna pólitík í ávarpi til konungs, en þetta er ekki rétt hjá háttv. þm.; eg hefi aldrei talað þessi orð. Eg sagði, að það ætti ekki við, að senda konungi ávarp, þar sem verið væri að gera grein fyrir flokka-ágreiningi. Þess vegna álít eg, að það geti ekki komið til greina, að senda ávarp í stað þingsál.till., því hér á að skýra stjórninni rétt frá afstöðu flokkanna og láta hana sjá, að menn séu ekki ánægðir með það frumv., sem samþ. hefir verið. Þess vegna verð eg að halda því fram, að þeir, sem greiða atkv. með þessari till., þeir láta í ljósi ósk um frekari umbætur á stjórnarfari landsins, en hinir, sem greiða atkv. á móti henni, segja: vér erum ánægðir með það, sem vér höfum samþ. og viljum ekki meira. H. þm. Vestm. (V. G.) vildi bera af sér, að hann væri hægrimaður og gerði það með því að segja: Þú getur verið það sjálfur. Að hann ekki getur svarað öðru en þessu, er eitt út af fyrir sig nóg til þess, að sýna, að maðurinn er það, sem hann er að bera á móti að hann sé; en það er nóg annað, sem sýnir þetta og sannar; bæði Eimreiðargrein hans og öll framkoma hans, sem hefi verið eintómt »maskepi« við stjórnina, sýnir það deginum ljósara. Hann sagði, að eg og aðrir, sem ekki gátum fengið oss til, að vera með honum í því, að atyrða stjórnina, værum hægrimenn og hefðum ekki þorað að vera með sér í þessu; en þó sýndist mér hann skjálfa, þegar hann kom með aðfinslur sínar, og það var auðséð á öllu, að hann gerði það að eins til þess, að geta sagt á eftir og flaggað með því framan í þjóðina: »Sko mig! sko mig, hvað eg er hugrakkur«. En alla menn, sem heyrðu til hans, hlýtur að hafa væmt við. H. þm. Vestm. (V. G.) bar á móti því, að hann væri erindreki hægrimannastjórnarinnar hér á þingi; en það er ekki til neins fyrir hann, því það vita allir, að embætti það, sem hann hefir við háskólann, er upphaflega stofnað til þess, að leiða Íslendinga í »réttan skilning« í stjórnarlegu tilliti. (*Valtýr Guðmundsson:* Osatt; *Stefán Stefánsson* þm. Skgf.: Boga-vísdómur). Til þess er hann fæddur, til þess er hann í embætti settur, að sannfæra Íslendinga um það, að skilningur hægrimanna á íslenzkum málum sé í alla staði réttur.

Sami háttv. þm. sló því fram, að eg á privatfundi, sem haldinn var hér í sumar, hefði sagt, að 10 manna frv. hefði verið »tilraun út í loftið«. Eg mótmæli því, að eg hafi nokkuru sinni viðhaft þessi orð um 10 manna frumv., en ef til vill hefir mátt snúa þannig út úr orðum mínum. Þegar vér fréttum um stjórnarskiftin í Danmörku, þá vildum vér reyna til að koma samkomulagi á. Vér vildum fá andstæðinga vora til þess, að ganga að því, að láta stjórnarskrármálið verða óútrætt á þessu þingi, og fá þá til að senda menn úr báðum flokkum á fund stjórnarinnar, til þess að fá að vita, hvað væri það ítrasta, sem hún vildi ganga að. Eg vildi, að menn kæmu sér saman í þessu máli og hefi aldrei álitið, að 10 manna frumv. væri hið bezta stjórnarfyrir-

komulag, sem vér gætum fengið, og þetta sagði eg. Mér fanst nú raunar engin ástæða til, að vera að rifja þetta upp, en úr því, að háttv. þm. Vestm. (V. G.) gerði það, þá gat hann skýrt rétt frá.

Þessar tilraunir til samkomulags, sem eg gat um, fórust fyrir, vegna mótstöðu einstakra manna, líklega fyrir utan þing, og þess vegna höfum vér nú komið með þessa þingsáltill. til þess, að gefa deildinni kost á, að láta stjórnina vita, að frumv. það, sem samþ. hefir verið af þinginu, séu ekki fylstu kröfur vorar í þessu máli.

Það er einmitt það sárgrætilega, að stjórnin verður að ætla, að þetta frv. sé þær endanlegu kröfur þjóðarinnar, af því hún veit ekki, að það var samþykt út frá öðrum grundvelli, sem sé með hægrimannastjórn fyrir augum. Málið yrði ekki tafið, jafnvel þó þessi tillaga næði fram að ganga, og stjórnin gengi inn á, að leggja frumv. til nýrra stjórnarskipunarlaga fyrir þingið. Þvert á móti er málinu nú tefl út í nýja tvísýnu, því það má búast við, að þjóðin veiti öfluga mótspyrnu gegn þessu frv. og vilji ekki láta svifta sig þeim vonum, sem hún hefir lengi haft um annað betra, og þess vegna er fyrir höndum ný, löng barátta, sem stendur öðrum heillamálum þjóðarinnar fyrir þrifum. Eg sé ekki annað, en að það ætti að vera ljóst, að þingsál. er eini vegurinn til að láta stjórnina vita um ágreiningsefnið. Árangurinn af þingsál. 1895 var sá, að sú stjórn, sem þá sat að völdum, fór að gefa kost á samningum, og eg veit ekki betur en að valtýskan sé árangurinn af þeirri þingsál. (*Lárus H. Bjarnason*: Laungetin dóttir!). En árangurinn af þessari þingsál., sem hér er farið fram á, mundi standa eins langt fyrir ofan árangurinn af þingsál. 1895, eins og frjálslynd stjórn stendur ofar afturhaldsstjórn og vilji þjóðarinnar stendur ofar öllu bakdyramakki.

Flutnm. (*Lárus H. Bjarnason*): Eg hafði ekki búist við því, þegar eg talaði fyrst um þetta, og með hógværum orðum, að því er mér fanst, að um það yrði svo langar og heitar umræður. Mér þykir leitt, að háttv. þm. Vestm. er dottinn úr sögunni; hann sagði svo margt, sem þyrfti að svara. Eg ætlaði að halda yfir honum eldhúsdag, og taka hann rækilega til bæna. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fanst það óforsvaranlegur hringlandaskapur af deildinni, að greiða atkvæði með tillögu, sem færi þvert ofan í frumv. það, sem deildin hefir samþykt. En eg vil minna á, að það er ekki langt síðan að einn háttv. deildarmaður stóð upp móti nefndaráliti, sem hann hafði sjálfur undirskrifað og gefið atkvæði sitt í öllum greinum. (*Guðl. G.*: Er það eftirbreytnisvert?) Eg verð að álíta það, úr því annað eins dygðablóð og háttv. þm. V.-Sk. er, gjörði það. Annars skal eg játa, að það er hringlandaskapur, að greiða atkvæði með þessari tillögu, ef það er hringl, að deildin segi satt. Þm. Vestm. bar okkur á brýn, að við vildum ekkert; við værum óhreinlyndir. Eg veit ekki við hvað maðurinn á. Annars kemur mér það skoplega fyrir, að háttv. þm. Vestm. skuli þora að brigzla öðrum um óhreinlyndi. Hann hefir þó sannarlega ekki komið fram sem neitt pragteksemplar í því efni, og er mér nóg að minna hann á »gula snepilinn«, sem hann hefir neitað að hafa skrifað, en sem mér er hægt að sanna, að hann hefir skrifað (*Valtýr Guðmundsson*: Eg hef kannast við það í blöðunum). Annars er það undarlegt, að vilja stimpla okkur sem stjórnarsleikjur, mennina sem lengst viljum fara, þann flokkinn, er allir bændur á þingi, að einum undanteknum, heyra

til, þann flokkinn, sem allir íslenzkir námsmenn í Höfn hafa eindregir hallast að. Nei, »ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðarvegi«. Það er að hafa hausavíxl á hlutunum, að kalla okkur afturhaldsmenn, sem höfum æskuna og bændurna á þinginu á okkar máli. Þm. sagði, að kosningarnar sýndu, að þjóðin vildi Hafnarstjórn; en því verð eg að mótmæla, því inn á þingið voru kosnir 16 heimastjórnarmenn. Liðið hefir nokkuð ruglast síðan á þing kom, en það er misskilningur, að þjóðin hafi kosið inn á þing meiri hluta með frumv., og móti því eru nú að minsta kosti 14 þjóðkjörnir þingmenn. Þm. sagði líka, að enda Snæfellingar hefðu verið með. Nei, Snæfellingar bjuggust við stjórnarskiftunum, og bygðu sínar vonir á þeim, eins og aðrir, en yrðu þau ekki, ætluðu þeir að sætta sig við frumv., ef ráðgjafinn yrði launaður af landssjóði, og verksvið landshöfðingja ákveðið með lögum. Það er mín trú, að með fyrir komulagi því, sem frumv. fer fram á, dragist valdið út úr landinu. Við Snæfellingar sáum það, og vildum setja undir þann leka með því, að verksvið landshöfðingja væri ákveðið svo, að það yrði ekki minkað án vilja þingsins, og það er mikilsvert atriði. Þm. Vestm. (V. G.) sagði enn fremur, að það væri sjálfsögð aðferð, að koma fyrst fram með lítilræði og segja: »viltu ekki sætta þig við þetta?« og færa sig svo upp á skaftið ef þjóðin ómögulega vildi þýðast það. En það er alt undir því komið hvort gengið er út frá þjóðinni eða stjórninni. Frá stjórnarinnar sjónarmiði er þetta eina rétta aðferðin, en frá þjóðarinnar sjónarmiði er það rangasta aðferðin. Hafi þingmaðurinn fengið erindi stjórnarinnar, eins og margir ætla, hefir hann beitt keipréttri aðferð; ella ekki.

Þm. sagði, að grundvallarlögin dönsku giltu fyrir ríkisráðið, og það er satt, en gildi þau ekki fyrir sérmál Íslands, þá gilda þau ekki fyrir ríkisráðið, meðan Íslands mál eru rædd þar; en á Íslandi geta grundvallarlögin ekki gilt, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu, að þau hafa aldrei verið birt þar. Þm. sagði, að hæstiréttur væri pólitiskur dómstóll, en það er ekki rétt. Pólitiskur dómstóll er dómstóll, sem auk lögfróðra manna einnig er skipaður pólitiskum mönnum. Hæstarétti er ekki ætlað að dæma önnur brot en stjórnarskrárbrot, en í því er ekki nægileg trygging. Viðvíkjandi því, sem þm. sagði um 6. gr. stöðulaganna, þá stendur þar að eins, að gjöldin til hinnar æðstu stjórnar íslenzkra málefna í Kaupmannahöfn skuli greiðast úr ríkissjóði. Þar stendur ekki, að æðsta stjórnin skuli vera í Danmörku; það liggur ekki annað í orðunum en að stjórnin hafi verið þar þá. Þm. sagði ennfremur, að við værum að koma deildinni til að segja ósannindi. En hefir þm. ekki lesið sjálfa tillöguna? Þar stendur: »Nd. alþingis skorar á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumv. til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, er veiti þjóðinni ríflegri bætur á stjórnarfari hennar og innlendari stjórn en farið er fram á í frumv. því, er nú er samþykt í báðum deildum, en útkljáð var í Nd. áður en kunnugt var orðið um stjórnarskiftin í Danmörku«. Er það ósatt, að málið væri útkljáð í Nd. áður en kunnugt var um stjórnarskiftin? *(Valtýr Guðmundsson:* Eg átti ekki við tillöguna). Þetta frv. virðist vera orðið að blindu kappsmáli, að perónulegri trúarjátningu, sem haldið er fram per fas et nefas.

Þó að við hins vegar eftir atvikum álítum réttast, að fara tillöguleiðina, munum við ekki hafa á móti, að á-

varp til konungs verði samþykt á sínum tíma. En það ávarp getur ekki komið í stað tillögunnar.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi rétt til að fá orðið, til að bera af mér áburð.

Forseti: Eftir því, sem umr. hafa fallið, hefir þm. ástæðu til að fá orðið fyrir stutt svar.

Valtýr Guðmundsson: H. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir vakið mig upp aftur, af því hann hefir gefið mér rétt til að bera af mér áburð. Viðvíkjandi »gula snepilnum«, sem þm. tók fram sem nokkuð meiðandi og staðhæfði, að eg hefði neitað að hafa skrifað, skal eg geta þess, að guli snepill var blað, sem eg einu sinni lagði innan í bréf til Guðlaugs Guðmundssonar, þar sem eg lét þess getið, að það væri mín skoðun, að landsh. mundi ekki verða skipaður ráðgjafi. Eg hefi aldrei neitað því, að hafa skrifað þetta, heldur lýst því yfir í blöðunum, þar á meðal í langri grein í »Politiken«. Eg stend við það enn, og þykir engin minkun að.

Hinn annar persónulegur áburður, sem eg þurfti að bera af mér, voru orð háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.). Hann sagði, að eg væri skipaður í embætti, er stofnað væri til að tala máli stjórnarinnar gagnvart Íslandi. Eg lýsi því yfir, að þetta séu staðlaus ósannindi. Í mínu skipunarbréfi stendur ekkert annað, en að eg sé skipaður kennari í íslenzkri sögu og íslenzkum bókmentum við háskólann í Kaupmannahöfn. Mér þykir skrítið, að þessu skuli vera haldið fram hér í þingsalnum, sem óhlutvandir menn hafa slegið fram. (*Hannes Hafstein*: Það var þó undarlegt, að embættið var stofnað að nýju, eftir að það var búið að liggja niðri heilt ár). Embættið var tekið upp aftur af því, að fyrir hendi var hæfur maður til að skipa í það, og getur þm. lesið ástæðurnar í árbókum háskólans. Eg vildi neita þessum áburði, og skal svo ekki fara út í fleiri atriði.

Skúli Thoroddsen: Umr. eru orðnar nokkuð langar um þetta mál, og að sumu leyti ekki sem uppbyggilegastar. En eg finn ástæðu til að gjöra nokkrar athugasemdir út af því, sem komið hefir fram. Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) sagði, að þeir, sem greiddu atkvæði með tillögunni, sýndu það, að þeir vildu gjöra landsstjórnina sem innlendasta, en fann okkur hinum það til ámælis, að við vildum ekki unna þjóðinni nokkurs meira en farið er fram á í frumv. Þessu verð eg algjörlega að mótmæla.

Í atkvgr. okkar felst ekkert af því, sem þingm. vill leggja inn í hana, og það skal ekki takast, að koma þeim skilningi inn hjá þjóðinni. Því það mun verða mönnum ljóst, að við greiðum atkv. móti tillögunni af því að vér viljum varna því, að þingdeildin geri sig seka í hneyksli; því það er hneyksli, að samþykkja frumvarp í báðum deildum og jafnframt tillögu um sama efni, sem tekur ekkert tillit til þess. Fyrir mínum sjónum getur þingið ekki gert slíkt. En á hinn bóginn höfum við ekki viljað koma í veg fyrir, að þjóðin fengi þær frekari umbætur, sem kostur kynni að vera á, og þess vegna höfum við gert tilboð um, að fara þess á leit í ávarpinu til konungs, þannig, að stjórninni væri gefin bending um, að þjóðin óskaði meiri umbóta, ef stjórnin vildi fara lengra en frumv. fer. Þetta hefir komið svo ljóslega fram í umræðunum, að eg efast ekki um, að þjóðinni verði það ljóst, þegar til kosninganna kemur, og að ekki takist að blekkja hana með slíku. En það á að gera tilraun til þess, og til þess er allur þessi hlægilegi leikur stofnaður. Það hafa verið gerðar miklar tilraunir til, að varpa því yfir á okkur, að við værum

íhaldsliðar, en að hinir væru framsóknarmenn. Eg vil benda á, hve hlægilegt það er, að hugsa sér þm. Snæf. (L. H. B.) sem framsóknarmann, þennan mann, sem afturhaldsstjórnin, meðan hún var sem verst, notaði sem sendil til pólitiskra ofsókna. Og þegar eg litast um og virði fyrir mér þessar kempur, sem bera þjóðfrelsisfánann hæst, þegar eg lít framan í háttv. þingm. Reykv. (Tr. G.), mann, sem frá því hann fyrst kom á þing, hefir barist gegn öllum stjórnarumbótum og alt af hefir haldið því fram, að stjórnarskráin, sem við höfum, væri fullgóð, og þegar hann vildi fara lengst, áleit hann, að við ættum að hafa danskan mann fyrir ráðgjafa. En hann vildi ekki íslenzkan mann, er mæti á þingi og beri ábyrgð fyrir allri stjórnarathöfninni. Nú kemur þessi maður fram sem »heimastjórnarmaður«, og eg öfunda flokkinn ekki af slíkum blæjum. Það mætti rekja enn betur og sýna fram á, að meiri hluti konungkjörnu þingmannanna er í mótflokki okkar, og við vitum, að landsh. er sá maður, sem mest hefir barist á móti því, að þjóðin gæti fengið nokkura breytingu á stjórnarástandinu.

Eg álít rétt, að það komi fram í þingtíðindunum, hvaða kempur það eru, sem draga nú upp frelsisfánann, til að veifa honum framan í þjóðina, að eins í því skyni að dylja, að það, sem þeir vilja, er að fá öllu frestað. Og það hefir kveðið svo ramt að, að þeir hafa sagst skyldu vera með næst, ef málinu væri frestað í þetta skifti. Alveg það sama sagði háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.) á þinginu 1899. Þá var svo langt komið, að eg og háttv. þingm. Vestm. (V G.) gerðum tilraun við 2 menn úr mótstöðuflokkinum og urðum við þá allir 4 sammála um það, sem síðan hefir verið kölluð Rangársamþyktin, en sem réttara væri að kalla Landakotssamþyktina, því að það var þar, sem þetta gerðist.

Út af þessum samningstilraunum áttum við fund með 4 mönnum, þar á meðal háttv. þingm. Rvk (Tr. G.). A þessum fundi, sem eg á hér við og haldinn var inni í fjárlaganefndarherberginu, andvarpaði þessi háttv. þm. þungan og sagði: »Bara ekki núna, heldur fresta því; eg skal vera með því seinna«! Hvaða trú getum við nú haft á þessum leik? Eg fyrir mitt leyti get ekki lagt nokkurn trúnað á slíkt. Þar sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók bændurnar og taldi þá hið þjóðlega »element« úr þeirra flokki, þá skal eg geta þess, að ekki að eins hefir 1 bóndi, sem er gamall þingmaður, setið á okkar flokksfundum, heldur eru hinir líka nýir menn, sem af ókunnugleik á málunum hafa hallað sér að flokki hinna: en eg álít, að þeir hafi þar ekki komist í neinn góðan félagsskap. Og eg hygg, ef litið á skipun h. Ed., að það verði ekki fleiri fulltrúar, sem standa bændastéttinni nærri, eins og prestarnir, er skipa þann flokk, heldur en okkar.

Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) og enda líka h. þm. Snæf. (L. H. B.) tók það fram, að aðfinslurnar við stjórnina »eldhúsdaginn« hefðu verið atyrðingar og fúkyrði ein. En þetta er það vanalega hér á landi, að halda, að allar aðfinslur við stjórnina komi fram af löngun til að atyrða og séu sprotnar af persónulegri óvild, séu skammir tómar; þessu er helzt haldið fram af fylgi við stjórnina og til þess að draga úr aðfinslunum. Menn þeir, er þannig tala, sýna, hve skamt við erum á leið komnir í pólitiskum þroska, gáandi ekki að, að það er skylda þjóðfulltrúanna að vera á verði og blása í lúðurinn, hvenær sem stjórnin hagar sér öðru vísi en hún á að gera.

Eg ætla nú annars að sneiða hjá h. 2. þm. Ísf. (H. H.), fyrst hann er dauður, en þó er það eitt, sem eg vildi minnast á. Hann bar af sér, að hann hefði sagt, að 10 manna frumv. væri »tilraun út í loftið«. En eg var einn þeirra manna, sem tók eftir þessu, og eg talaði í dag við annan háttv. þm., sem sýndi mér, að hann einmitt hafði skrifað þessi orð upp hjá sér, þegar þau féllu. (*Hannes Hafstein*: Rangfærsla!).

Sami háttv. þm. (H. H.) bar háttv. þm. Vestm. (V. G.) á brýn hugleysi; þetta átti nú illa við, úr því hann var dauður.

Það er annars skrítið, hvað kennir mikið persónulegra óvildar í garð þessa manns; menn hafa verið að hnýta í hann hvað eftir annað fyrir framkomu sína, en mér finst hann eiga miklu fremur þakklæti skilið, þar sem hann var fyrstur manna, er fekk stjórnina til að skifta sér af málinu og gera tilboð.

Þetta hjal þeirra um »bakdyramakk« er líka því undarlegra, því hvað er 10 manna frumv. annað en bakdyramakk, og það því verra, sem þessir bakdyramakkarar hafa verið að makka við menn, sem ekkert gátu um málið sagt.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) hefir þó farið réttari leið en þessir bakdyramakkarar; hann samdi þó við réttaaðila, en hinir fóru alveg vitlausa leið. (*Hannes Hafstein*: Hvað meinar maðurinn?)

Eg finn annars ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál; eg vil að endingu að eins mótmæla því, að vér með því að greiða atkvæði móti þingsályktunartillögunni viljum svifta þjóðina vonum hennar. Þvert á móti hefir vor flokkur gert alt sitt til, að bera óskir vorar fram á þingmannlegan hátt og það er hinum flokknum að kenna, ef þetta tekst ekki.

Pétur Jónsson: Því hefir enn verið slegið fram, að þeir, sem okkar flokk skipa, vilji ekkert. Það er undarlegt, hvað þessir flokkar dæma eftir því, sem þeir ímynda sér, en vita eigi með neinni vissu. Það er öfugt við það, sem á að vera; menn ættu að ganga út frá því, sem þeir vita; það væri affarasælla en að fara eftir tómum grun. Eg held að frumv. flokks vors geti sannað, að við höfum dæmt af viti, og enn hitt, að við viljum enda meira en hinir. Við höfum skrifleg skjöl í höndunum, er þetta sanna. Að brigzla okkur um fákænsku, kemur ekki málinu við; hinir 10 þingmennirnir eru með hinni þingmannlegu æru búnir að binda sig framsókninni í þessu máli. Eg er sannfærður um, að við viljum allir einhverja stjórnarbót, en einn vill þetta og annar hitt. Eg efast heldur ekki um, að hinir 12, eins og þá stóð á, hafi viljað sætta sig við frumv. það, sem samþykt var; en nú er vissa fyrir því um suma þessara manna, að þeir hafa óskað, að tækifærið nú yrði betur notað.

Þetta kom að vísu til tals við umræðurnar, áður en fregnin um stjórnarskiftin kom; þá var reynt að sýna fram á, að vinstrimannastjórnin yrði eflaust betri til samninga, og hún mundi brátt komast til valda, því hægrimannastjórnin væri völt í sessi. Þetta reyndum við af öllum mætti að sýna fram á þá, en það var skírt nafninu skýjaborgir, og mér finst þó nú, að nokkuð hafi verið á því að byggja. Þetta var þá kölluð völt von hjá okkur, sem eigi væri vert að byggja á. En nú, þegar vissan er fengin, þá blasir málið alt öðru vísi við fyrir þeim, sem voru því

mótmæltir, áður en þeir höfðu fengið vissuna í hendur, eins og nú.

Eg sagði þá, að það væri rétt af þessum svokölluðu Hafnarstjórnarmönnum, að fara eftir tillögum þeim, sem hinn flokkurinn hafði látið í ljósi, nefnilega, að láta málið óútrætt á þessu þingi, svo samið yrði um við stjórnina af þeim beztu mönnum, er við veldum til þessa, hvað hægt væri að fá; byðist ekkert betra, var vor flokkur fús á, að taka þessu frumv.; hann vildi að eins ekki girða fyrir, að fengist meira og vildi fá að vita vissu sína um, hvaða kostir byðust, og þetta kostaði að eins 1 árs bið. Hefðum við nú haft upp úr henni búsetuna og landsdóminn, sem áskilinn er í 10 manna frumv., þá hefði sú bið sannarlega borgað sig.

Annars verð eg einmitt nú að taka það fram, að mér er óskiljanlegt, hvað háttv. þm. Vestm. (V. G.) hefir meint með því, að segja hingað til, að pólitík hans væri spor til sjálfsforræðis og engin önnur, þar sem hann í dag hefir sagt, að allar leiðir til sjálfsforræðis væru ómögulegar, nema benedizkan, og það væri enginn vegur mögulegur milli hennar og valtýskunnar. En máske miðlunin sé líka vegur, sem gæti komið til mála.

Eg hef ekki haft á móti þessum liðum, hvorugum þeirra, en Valtýr hefir talið þær báðar óaðgengilegri en valtýskuna 1897; hann hefir sagt það í Eimreiðinni, að í benedizkunni feldist hætta. En ef benedizkan og miðlunin eru eigi meira virði en þetta frumv. hans, — og margir hafa haldið því fram, að sama væri að fara fram á benedizkuna og fara fram á hreinan aðskilnað,— hvers vegna er hann þá að telja þennan veg nú miklu líklegri en alla aðra millivegi og benda á hann?

Eg verð að slá því föstu, að það er-

um einmitt við, sem erum fúsir á, að taka því, sem þjóðinni kann að bjóðast. Þess vegna er það eðlilegt af oss, sem erum allur helmingur þingmanna, að vér viljum láta til vor heyra og sýna og sanna, að það var ekki fullur vilji þings og þjóðar, þó frumv. yrði samþykt, með því að ófyrirsjáanleg atvik réð úrslitum þess.

Sá verulegi vilji þingsins er tilboð vort um, að reyna að fá það ítrasta, sem hægt er nú; en fáist ekki meira, þá að sætta sig við þetta frumv.

Þetta er sá sanni vilji þingsins, og hann á að koma í ljós. Andstæðingar vorir þora eigi að bera á móti þessu, og þjóðin mun sjá það og dæma um það á sínum tíma.

Það er grátlegt, að þurfa að bera þennan ágreining undir þjóðina, úr því ekki þurfti nema 1 árs frest, og það hefði verið nóg til þess, að uppræta þann kala, sem hefir spilt svo mikið fyrir samvinnunni í öllum öðrum málum.

Eg hygg, að þessi þingsályktunartillaga geti því miður ekki bætt til fulls úr þessari yfirsjón og upprætt kalann; háttv. Ed. hefði getað það, og eg býst við, að hún hefði gert það, ef flokksmennirnir í Nd. hefðu ekki verið eins harðir í horn að taka gagnvart okkur, eins og þeir voru þar; hefði svo ekki verið, þá hefðu samningar komist á. — Og úr því farið er að ræða um það, sem hefir farið fram bak við tjöldin, þá er það eigi til neinnar skammar fyrir oss; vér fórum samningaleið og margir úr hinna flokki voru samningsfúsir, þó þeir vildu ekki kosta svo mikils til, að ganga úr flokkinum.

Það er undarlegt, að menn skuli alt af vera að stagast á innihaldi 10 manna frumv. Það var aldrei tilgangurinn, að það skyldi útrætt á þessu þingi; það

er að eins okkar stefnu-skrá, sýnir hvað við heimtum minst, og hvað við gátum gengið lengst til samkomulags. Við höfum boðið aðrar samnings-tilraunir, boðið að senda menn á fund stjórnarinnar til þess, að semja við hana, og við þóttumst þess fullvissir, að þeir mundu gæta réttar þjóðarinnar og byggja samningana á öruggum grundvelli. En nú er ómögulegt, úr því að samningsleiðin hefir mishepnast, að það verði fult gagn að þessari þingsályktun, einkanlega þegar flokkskapp kemur fram við atkvæðagreiðsluna.

En eg skal taka það fram, að þó þingsályktunin væri samþykt í einu hljóði, þá er það enginn vansi né vansæmd fyrir þingið, því hún segir stjórninni blátt áfram, að vér hefðum óskað eftir meira, hefðum vér vitað um stjórnarskiftin, og að vér þá hefðum fylgt fram búsetunni.

Það hefir alt of mikið verið haft með spádóma um vora tilvonandi stjóru; en það situr ekki vel á oss, að nota fremur spádóma en vissu. Einkanlega situr það illa á þeim, er eigi vildu kosta 1 ári til þess, að afla sér vissunnar. — Hvar standa nú þessir menn, ef spádómar þeirra rætast ekki? (*Guðlaugur Guðmundsson:* Hvar stendur þingm., ef hans spár rætast ekki?). Eg hef engu spáð; eg hef að eins sagt, að þetta mál væri bezt farið með því, að vér fælum það stjórninni og þeim beztu mönnum, er vér gætum kosið úr vorum flokki, til þess að fá það ítrasta, sem hægt væri að fá.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem spurði, getur því svarað sér sjálfur; eg hef engu spáð, en að eins lítið á málið eins og það liggur fyrir.

Háttv. þingmenn eru margir að tala um, hvað þjóðin muni vilja, og mér finst skrítið, þegar þeir eru að tala um, hvort hún vilji stjórnarbót í þessu eða hinu frumvarpsformi, eins og þjóðin, kjósendurnir geti dæmt um, hvaða frumvarpsform sé heppilegast.

Þess getur maður ekki ætlast af kjósendum, að þeir skeri úr því; það er svo mikið vandamál, og til þess kjósa þeir fulltrúa sína, að gera út um það.

En hitt getur þjóðin sagt, hvort hún vill að stjórnin sé innlend eða útlend, með ábyrgð eða ábyrgðarlaus, og hvort hún skuli dæmd fyrir innlendum eða útlendum dómstóli, í stuttu máli: þjóðin getur dæmt um efnis-atriði, en ekki form-atriði; það er rangfærsla, að bendla vilja hennar við einstök nöfn eða blankettur.

Eg álít, að þjóðin ætti nú að skera úr þeim ágreiningi, sem hér liggur fyrir; þingið hefði síður átt að gera það, enda hefði verið al-hægt samt, að stofna til alþingis 1902.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. 1. þm. Isf. (S. Th.) kom mér til að segja nokkur orð; hann taldi mér það til víta og lýta, að eg hefði verið stefnufastur í stjórnarskrármálinu að undanförnu. Eg verð nú fremur að telja þetta kost en löst, og eg er ánægður með að fá þennan vitnisburð; eg þarf þá ekki að horfa á að baki mér annan eins pólitiskan hringlandaskap og háttv. þm. (S. Th.) og blað hans. Blaðið hans hefir nú svo iðulega skift stefnu, að það getur varla verið frægðarefni fyrir hann eða fagnaðar. Eg hefi aldrei sagt það, að eg vildi enga stjórnarbreytingu, en eg hefi sumpart verið óánægður með þær breytingar, sem upp hafa verið bornar, og sumpart ekki séð nein líkindi til að þær gætu náð framgangi, og því hefi eg verið þeim mótfallinn; en hitt er rangt, að segja, að eg hafi verið eða sé mótfallinn hagfeldri stjórnarbót, borinni upp á hentugum tíma. Meðan fyrir þinginu lá stefna sú, sem kend hefir

verið við Benedikt heitinn Sveinsson, þá gat eg ekki aðhylst hana, af því að eg bar ekkert traust til þess að hún mundi tá framgang hjá stjórninni, og stefnu síðustu þinga hefi eg ekki getað aðhylst, af því að eg tel hana ekki heillavænlega fyrir þjóðina. Háttv.þm. (S. Th.) getur varla láð mér, þótt eg yrði eigi fylgjandi stefnu þinganna 1897 og 1899, því að hann sjálfur er nú horfinn frá henni. Háttv. þm. (S. Th.) berst nú á móti því, sem eg var og áður móthverfur; eg hefi þar að eins orðið fyrri til að sjá réttu leiðina en hann. En hvað leiðir svo af því, að eg hefi verið stefnufastur? Ekkert annað en það, að stjórnarbótarmálið er þó komið á þann rekspöl, sem það nú er á; því að óneitanlega er það frumv., sem samþykt var á þingi í ár, þó betra en það sem átti að fá oss til að samþykkja á þingunum 1897 og 1899. Hvernig hefði farið, ef eg og skoðanabræður mínir hefðum gleypt við því, sem oss var boðið á þingunum 1897 og 1899? Þá hefðum vér orðið við það að sitja, hefðum hjálpað til að sporna gegn því, að málið kæmist í það horf, sem það nú er í. Það er því í raun og veru oss að þakka, hvað málinu hefir þokað áleiðis í rétta átt; með mótspyrnunni höfum vér knúð forvígismenn þess til að taka meira tillit til heilla þjóðarinnar en upprunalega var gert.

Háttv. þm. (S. Th.) sagði, að eg væri nú eins og endranær móthverfur stjórnarskrárfrumv. því, sem samþykt var í sumar. Þetta er rétt; eg var því móthverfur að málið væri afgreitt í lagaformi að þessu sinni frá þinginu, og það af ástæðum, sem búið er að margtaka fram í deildinni. Nú er komið það tímatakmark, sem eg hefi verið að bíða eftir; nú eru stjórnarskifti orðin í Danmörku, og eg álít að miklu heppilegra hefði verið að draga að koma málinu í lagaform, þangað til búið var að semja við hina nýju stjórn; biðin þyrfti ekki að vera lengri en til næsta sumars, og eg er sannfærður um, að meira hefði verið unnið en mist við þá bið.

Flutningsmaður (Lárus H. Bjarnason): Eg verð að bera af mér áburð háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.), og get eg þó ekki fengið af mér að gera það eins rækilega og verðugt hefði verið, því að h. þm. (S. Th.) nýtur þess, að hann er nú dauður. Háttv. þm. (S. Th.) sagði, að eg hefði verið brúkaður sem pólitiskt verkfæri íhaldsstjórnar í málunum gegn sér. Eg verð að vísa þessu til baka sem staðlausum og tilhæfulausum áburði; eða man háttv. þm. (S. Th.) ekki, fyrir hvað hann var kærður? Man hann ekki, að kæruatriðin urðu heimfærð undir 10—20 greinar í hegningarlögunum? Man hann ekki lengur eftir kærunum, sem yfir hann dundu, fyrir bókunarfölsun, hlutdrægni og misbeiting embættisvalds? Eg segi það satt, að h. þm. (S. Th.) þarf ekki að vera mjög hróðugur yfir því, hvernig málum hans lyktaði. Ef eg hefði beitt sömu aðferð við háttv. þm. (S. Th.) sem hann við fyrirrennara sinn, og vísað honum í sama bústað og hann þá gerði, og hefði háttv. þm. (S. Th.) ekki gert mál sitt að pólitisku númeri í blaði sínu, þá mundi því líklega hafa lyktað á annan veg; þá er mér til efs, að hann væri hér staddur nú. Að minsta kosti leit yfirdómurinn svo á, að háttv. þm. (S. Th.) hefði ekki verið engilhreinn í embættisfærslu sinni. Eg gæti mint h. þm. (S. Th.) á eitt atvik á meðan á málinu stóð, sem sýnir það, að þá skoðaði hann málið ekki sem pólitiskt mál. Hann kom einu sinni heim til mín til að ræða mál sitt. Eg sagði honum þá, að eg sæi mér ekki fært að láta hann

ganga lengur lausan, með því að hann ruglaði svo í vitnunum, að eigi mundi hægt að leiða sannleikann í ljós. Þá sló háttv. þm. (S. Tb.) á streng í hjarta mínu; hann útmálaði fyrir mér, hve sárt það mundi koma niður á öðrum en sjálfum honum, ef eg setti hann fastan, og eg var svo grunnhygginn, að sleppa honum. Eg skal svo ekki fara lengra út í þessa sálma, en snúa mér að málinu sjálfu.

Háttv. þm. (S. Th.) sagði, að það væri hlægilegur leikur, að senda stjórninni tillögu þá, sem hér liggur fyrir, þvert ofan í frumv. það, sem deildin og þingið hefir samþykt. Það er fjarri því, að svo sé; þetta tvent getur mjög vel orðið samferða, því að í tillögunni sjálfri er þess getið, að stjórnarskrárfrumv. hafi verið samþykt hér í deild, áður en kunnugt var orðið um ráðherraskiftin í Danmörku, og því komi hún nú fram. Það er ekki farið lengra en svo, að það verður að eins lesið milli línanna, að afdrif stjórnarskrármálsins mundu hafa orðið önnur á þinginu, ef ráðherraskiftin hefðu verið orðin heyrum kunn á meðan málið var hér til meðferðar.

Eg kannast ekki við það, að farið hafi verið með 10-manna frumv. neinn bakdyraveg. Það kom opinberlega fram. Það varð enginn óviðkomandi maður til að sletta sér fram í málið, eins og segja má um hitt frumv., þegar það kom fyrst fram. Það hefði að minsta kosti verið eðlilegast, að sjálfur stjórnarfulltrúinn hefði samið við þingið; hitt var óeðlilegt, að óviðkomandi maður færi að hefja leynimakk við stjórnina. Mér fellur það illa, að mál þetta hefir verið gjört að kappsmáli, og eg vona að andstæðingar vorir hafi ekki viljandi komið því í það horf; því að þetta er ekki og má ekki vera flokksmál, heldur er það þjóðarinnar mál, þjóðarinnar velferðarmál. Það er nú búið að rífast um málið sem flokksmál; en munum eftir, þegar til atkvgr. kemur, að greiða atkvæði um það sem þjóðmál; munum eftir því, að nú er um heill þjóðarinnar að tefla og að skylda vor býður oss, að nota tækifæri það, sem enn býðst, til að gjöra stjórninni kunnan hinn sanna vilja þings og þjóðar. Eg trúi því ekki, að margir verði til að greiða atkv. móti tillögunni. Þeir, sem það gjöra, lýsa því þá jafnframt yfir, að þeir vilji ekki meiri bætur, þótt þeirra væri kostur, og vonandi þora það fáir.

Hermann Jónasson: Háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði áðan, að þeir bændur, sem nú sætu á þingi í fyrsta sinn, hefðu fyrir ósjálfstæði og ókunnugleik lent yfir í þann flokkinn, sem nú fylla þeir. Eg mótmæli þessu kröftuglega. Hinum háttv. þingm. getur ekki verið ókunnugra um það en öðrum, að hann fer þar með ósannindi. Það var annars ýmislegt fleira af sama toga spunnið í ræðu hins háttv. þingm. (Sk. Th.); en eg fer ekki langt út í það; því að nú er hann dauður og dottinn úr sögunni. Mörgum í háttv. deild hlýtur að vera það kunnugt, að fyrir þing 1899 var haldinn fundur í Húnavatnssýslu, og þá af miklum meiri hluta kjósenda skorað á þingmenn sýslunnar, að hallast ekki að frumv. því, sem borið var fram á þingi 1897. Þetta sýnir ljóst og skýrt vilja kjósendanna þá. Þegar kosningar fóru fram á síðasta hausti, var það skýrt tekið fram af oss, þingmannaefnunum, sem kosningu hlutum, að vér værum heimastjórnarmenn; fylgdum við þar skoðun meiri hluta kjósenda, og upp á þessa skoðun vorum við kosnir. Líkt má segja um aðra bændur, er flokk vorn skipa. Við vorum af kjósendum vorum kjörnir, áður en til þings kom, að ganga inn

í þann flokk, sem vér teljum oss sæmd að vera í og vinna með á þingi. Það þarf því meira en meðaleinurð til þess að varpa fram öðrum eins orðum og háttv. þingm. (Sk. Th.) gerði. Menn úr vorum flokki hafa rætt málið sjálft svo ítarlega, að eg hefi þar litlu við að bæta. Það hefir verið tekjð fram, að aðaltillagan á þingsk. 461 og br.till. á þingsk. 471 væru ekki rétt fram bornar. Að minni hyggju er fyllilega búið að hrekja þessi ummæli, svo að eg þarf ekki við þau að dvelja, en vil að eins, að þjóðin fái að vita afstöðu mína gagnvart tillögunni. Það hefir verið tekið fram, að það væri fullur meiri hluti þingsins, sem móthverfur væri stjórnarskrárfrumv., þrátt fyrir það, þótt það næði samþykki þingsins, og eg er sannfærður um, að þetta muni rétt hermt. Þing og þjóð vill sannarlega meira en í því frumv. stóð, sem nú er orðið að lögum frá þinginu. Og því læt eg deildina heyra það, og eg vil, að þjóðin heyri það líka, að eg tel rétt og sjálfsagt af oss öllum, hverjum flokkinum sem vér heyrum til, að samþykkja tillögu þessa.

Þá er hér og fyrir tillaga á þingsk. 515 um það, að senda að eins ávarp til konungs, í staðinn fyrir þingsályktunartillöguna. Það hefir verið tekið fram í dag, en eg hefi ekki getað sannfærst um annað en að þessi aðferð sé ekki rétt. Eins og nú stendur á, þurfum vér að senda tillöguna, en það er sjálfsagt, að ávarp til konungs á að sendast líka, og því fremur er ástæða til að senda ávarp nú, er vér minnumst hinna hlýlegu orða hans hátignar konungsins til vor í ávarpi því, sem hann sendi í þingbyrjun. En þessu má ekki blanda saman við þingsályktunartillöguna; þess vegna greiði eg nú atkv. móti br.till. á þgsk. 515, en mun síðar glaður taka þátt í því, að senda hans hátign konungi vorum ávarp.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að fá að tala fáein orð út af áburði þeim á mig, sem kom fram í ræðum háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.), og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Háttv. þingm. Rvík. bar upp á mig og blað það, sem eg er við riðinn, hringlandahátt, sérstaklega í stjórnarskrármálinu. Þetta sýnir það og sannar, sem mér og mörgum öðrum hefir verið fullkunnugt, að háttv. þingm. (Tr. G.) skilur ekki það mál og hefir aldrei skilið það. Þess vegna er það, að háttv. þingm. (Tr. G.) skilst það ekki, að hjá mér er um enga stefnubreyting að ræða í stjórnarskrármálinu. Eg hefi alt af fylgt því fram, að ákjósanlegast væri, að fá það stjórnarfyrirkomulag, sem farið var fram á 1893 og 1894, en hitt er annað mál, að mér hefir þótt heppilegt, að gerast opportunisti, og taka við þeim umbótum, sem fengist gætu, þótt ekki fengist alt það í einu, sem ákjósanlegast væri. Sérstaklega var hvöt fyrir mig að hallast að þessari stefnu, því eg hefi sjálfsagt fremur öllum öðrum hér á landi átt kost á að þreifa á, hve óhafandi hið núverandi stjórnarfyrirkomulag er. Enn fremur sýndi háttv. þingm. (Tr. G.) misskilning sinn á málinu, þar sem hann hélt því fram, að í sumar hefði komið fram stefnubreyting í því, frá því 1897 og 1899. Það er fjarri að svo sé; stefnan er hin sama; það er að eins smám saman farið fram á dálítið meira og meira, eftir því sem hægt hefir verið að mjaka stjórninni.

Viðvíkjandi háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) er það að segja, að honum tókst ekki að hrekja þau ummæli mín, að hann hefði verið pólitiskur sendill stjórnarinnar á hendur mér. Eg þarf ekki að fara lengra út í það mál; sag-

an um það er geymd í tíðindum þingsins og hæstaréttar, og þjóðin og hæstiréttur hefir dæmt okkar í milli. Að öðru leyti lýsi eg það ósannindi, sem hann segir að okkur hafi farið á milli í sófanum heima hjá honum. Mér þarf annars ekki að bregða við ósannindi frá hálfu háttv. þingm. (L. H. B.) um þetta og annað, og víst mun minnisstæður sá vitnisburður um hann, sem lá hér fyrir þinginu frá fjölda manna, að ekki væri við hann talandi um áríðandi mál, nema í votta viðurvist.

Björn Bjarnarson, þingm. Borgf.: Þótt eg hafi mjög verið í orðabindindi bæði í þessu máli og öðrum á þessu þingi, þá verð eg þó að víkja fám orðum að háttv. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.). Hann brá oss bændum um, að vér hefðum, af óhollum áhrifum, sem vér hefðum orðið fyrir á þinginu, vilst eða ginst inn í þann flokk, sem vér fiestir fyllum. Eg bið að það sé athugað, hvort nokkur af oss hafi í stjórnarskrármálinu brugðist þeim vonum og heitorðum, sem vér gáfum, er vér vorum kosnir til þingsetu. Verði þetta ekki sannað, þá eru það staðlaus orð, að vér höfum látið leiðast af utanaðkomandi áhrifum hér á þingi. Það kynni fremur að mega segja um suma menn úr hinum, flokknum, að þeir hefðu ekki jafntrúlega fylgt þeirri stefnu í málinu, er þeir höfðu á kjördegi og kosning þeirra var miðuð við, samkvæmt vilja kjósenda þeirra, eða reki erindi kjósenda í höfuðmálum þingsins, eins og þeir bjuggust við. Það voru annars nógu eftirtektarverð orð, sem féllu af munni eins af útlimum mótflokks vors í gær, þegar hann var að lýsa því, hvernig einn af höfuðmönnunum í hans flokki beitti sér gagnvart þingmönnum. Hann líkti framkomu hans við atferli ljóns og refs; er eigi ólíklegt, að hér hafi óvart í hita ræðunnar gægst fram hjartans einlægni hjá ræðum., og það hafi verið þessi eðliseinkenni katta- og refakynsins, sem hann varð var við hjá yfirburðamönnum flokksins, og er líklegt, að það hafi einmitt verið þess konar áhrif, sem þessi mótflokksmaður og aðrar lítilsigldar sálir í þeim flokki hafi glapist af og vilt þá til að fylgja flokkinum. Þetta vildi eg sérstaklega taka fram, því að slíkt á ekki að liggja í láginni, hvernig menn af mótflokki vorum fella dóm um einstaka af sínum eigin flokksbræðrum. Sá dómur hefir því meiri þýðingu, sem ekki er ástæða til að ætla, að hann sé af flokkshatri runninn.

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Enn einni staðleysunni sletti háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.) til mín. Háttv. þm. (S. Th.) var að hampa því, að mér væri bezt að minnast sem allra minst á viðureign okkar; hann var að reyna að telja mönnum trú um, að eg hafi farið einhverjar ófarir fyrir sér. En gætum að þeim tveim atriðum, sem hann tók til. Hæstiréttur fann í engu að gjörðum mínum í máli hans, svo að fyrir það þarf eg engan kinnroða að bera. Og á kærurnar frá Ísafirði hefði h. þm. sízt átt að minnast. Allir vita, að h. þm. átti þær; hann hafði spýtt ósannindunum um mig í kærendurna, en lét aðra blæða fyrir þau. Kærurnar voru allar dæmdar dauðar og marklausar, og kærendurnir urðu að borga sektir og málskostnað fyrir frumhlaup það, sem þeir höfðu verið látnir gera, en sómamaðurinn háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.) sat hjá, eins og við mátti búast. Enginn hefir heyrt þess getið, að hann hafi hlaupið undir bagga með mannræflunum; sumir segja enda, að hann hafi tekið húsið ofan af höfðinu á aðalhjálparandanum sínum.

ATKVGR. Brtt. á þgskj. 531 tekin aftur.

Brtt. á þgskj. 515 feld með 11 : 11 atkv.

Brtt. á þgskj. 471 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk þessara þingmanna:

Hermanns Jónassonar, Lárusar H. Bjarnasonar, Hannesar Hafsteins, Jósafats Jónatanssonar, Stefáns Stefánssonar þm. Eyf., Péturs Jónssonar, Björns Bjarnarsonar þm. Borgf., Tryggva Gunnarssonar.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
B. Bjarnarson, Bf.,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson, Dal,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Hermann Jónasson,	Sigurður Sigurðsson,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	St. Stefánss., Skgf.,
Pétur Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
St. Stefánsson, Eyf.,	Þórður Guðmundss.,
Tr. Gunnarsson.	Þórður Thoroddsen.

Brtt. á þgskj. 528 feld með 11 : 11 atkv.

Till. á þgskj. 461 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk sömu þm., sem nafnakalls óskuðu við brtt. á þgskj. 471.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson., Bf.,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson., Dal.,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Hermann Jónasson,	Sigurður Sigurðss.,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	St. Stefánss., Skgf.,
Pétur Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
St. Stefánsson, Eyf.,	Þórður Guðmundss.,
Tr. Gunnarsson.	Þórður Thoroddsen.

Bankamál I.

TILLAGA til þingsályktunar um bankamálið (C bls. 184, 202—221); ein umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg vona, að allir hinir háttv. þingdm. séu á einu máli um það, að nauðsynlegt sé að kjósa þessa nefnd. Eins og kunnugt er, þá kom fram frv. á síðasta þingi um stofnun hlutafélagsbanka. Þetta frumv. komst ekki í gegnum þingið, vegna naumleika tímans, en báðar deildir þess samþyktu áskorun til stjórnarinnar um að leita álits bankafróðra manna um málið, og svo framarlega sem henni virtist það heppilegt, þá að gjöra ráðstafanir til að leggja fyrir þetta þing frumv., er færi í líka stefnu. Stjórnin hefir nú snúist vel við þessari áskorun, að því er það snertir, að leita sér upplýsinga, og hefir í því skyni fyrst snúið sér til þjóðbankans danska og fengið hjá honum ýmsar mikilsvarðandi upplýsingar, eins og hann lítur á bankamál landsins, og menn geta séð af skjölum þeim, er útbýtt hefir verið hér í deildinni. Eg þarf ekki að fara langt út í þetta álitsskjal þjóðbankans, þar sem eg geri ráð fyrir, að deildarmenn hafi kynt sér það, en að eins skal eg geta þess, að álit þjóðbankans er í stuttu máli það, að banki með svo löguðu fyrirkomulagi, sem farið var fram á væri eigi að eins æskilegur, heldur jafnvel nauðsynlegur, og enda eina skilyrðið fyrir því, að peningamál Íslands og viðskifti kæmust í eðlilegt og viðunanlegt horf. Að fengnu áliti þjóðbankans hefir stjórnin síðar borið sig saman við þá menn, sem ætluðu að taka að sér að koma slíkum banka á stofn, og þeir hafa yfirleitt gengið að öllum þeim kröfum og athugasemdum, sem þjóðbankinn gerði við frumv. um hlutafélagsbankann, og það lítur svo út, sem þeir standi enn þá við það tilboð sitt, sem þeir gerðu þinginu, að gangast fyrir stofnun hluta-

félagsbanka hér á landi, og það með þeim takmörkunum, sem eg gat um, að þjóðbankinn hefði viljað setja. — Þegar málinu var nú þannig komið, álít eg að stjórninni hefði verið skylt, að leggja frumv. um hlutafélagsbanka fyrir þingið nú, en hún hefir ekki séð sér það fært af einhverjum ástæðum, sem eg vona, að bráðum birtist fyrir þinginu. En þótt stjórnin nú þannig hafi ekki orðið við áskorunum þingsins að öllu leyti, þá finst mér það samt skylda þingsins, að taka málið á ný til yfirvegunar. Það liti annars út eins og þinginu síðast hefði ekki verið alvara; það hefði að eins verið að gabba stjórnina með því, að biðja um upplýsingar um mál, sem það svo gengur þegjandi fram hjá. En það er líka skylda þingsins, að taka málið til yfirvegunar, þjóðarinnar vegna. Málið hefir verið rætt í flestöllum blöðum landsins, síðan á síðasta þingi, og hvort sem blaðagreinarnar hafa verið með hlutafélagsbankanum eða móti, þá hefir þó öllum komið saman um, að nauðsynlegt væri að gera eitthvað til þess að auka peninga í landinu. Að eins hefir greint á um, hvaða leið ætti að velja. Þingmálafundagjörðirnar bera það líka með sér, að allur almenningur krefst þess, að bankamálum landsins verði komið í betra og vænlegra horf en nú á sér stað, og það er að eins mátinn, sem menn greinir á um. Sumir vilja byggja á þeim litla grundvelli, sem við höfum, Landsbankanum, og reyna til á þeim vísi að koma bankanum í svo vænlegt horf, að hann samsvari kröfum landsins, og hafa í því efni stungið upp á ýmsum ráðum. Eg skal að eins nefna t. d. þau ráð, sem bankastjórinn hefir nýlega komið fram með í einu blaði hér. — Eg tel sjálfsagt, að nefndin taki einnig þessi atriði til íhugunar og bindi sig ekki eingöngu við skjöl þau, er snerta frumv. um stofnun hlutafélagsbanka.

Eg þykist nú hafa gert nokkurn veginn glöggva grein fyrir, hvers vegna eg hefi komið fram með þessa till., um að setja nefnd í málið. Eg tel víst, að það verði ekki neinar sérstakar umræður um það, hvort nefnd skuli setja, en að öllum komi saman um það, þar sem hér er um þarft og vandasamt málefni að ræða.

Tryggvi Gunnarsson: Það getur varla verið af ásettu ráði gert, að þetta mál varð 6. málið á dagskránni, næst á eftir fátækramálinu, sem er 5. málið. Það hefir sjálfsagt verið hending; en sú tilviljun er skrítileg, af því að það er alveg sami hugsunarhátturinn, sem liggur til grundvallar fyrir báðum. (*Skúli Thoroddsen*: Þetta skil eg ekki). Það er sami hugsunarháttur, sem komið hefir fram í bankamálinu í umræðum um það í blöðunum og á þingi, eins og hjá fátæklingnum, sem er að sækja um sveitarstyrk, nefnilega ósjálfstæðishugsunin, sú hugsun, að landsmenn geti ekkert af eigin ramleik, og þurfi í öllu að vera upp á aðra komnir.

Háttv. þm. Skgf. (St. St.) ætlaði að fara ofan fyrir allar rætur til að finna, hvernig á fátæktinni stæði hér á landi, en eg held að h. þm. hafi ekki tekist það; hann áleit að mentunarleysið væri aðalundirrót fátæktar landsmanna; en að mínu áliti er önnur rót, sem dýpra liggur, og það er trú- og traustleysi á sér og sinni þjóð og landi; sú hugsun, að maður geti ekkert komist sjálfur, og þurfi að vera upp á aðra kominn, er einstaklingnum og þjóðinni í heild skaðleg. Þegar eg var ungur og las fornsögurnar, þótti mér æfinlega vænt um þá menn, sem trúðu á mátt sinn og

megin, en því miður lítur út fyrir, að slíkir menn séu nú orðnir fáir; eg þarf ekki annað en vísa til lestrarstofunnar, þar koma á þingi hverju um 80 bænarskrár, sem flestar byggjast á því, að mennirnir trúa ekki á mátt sinn og megin, þykjast ekkert geta án hjálpar, og vilja vera upp á aðra komnir. Svona er það í bankamálinu. Blöðin sem hafa verið að berjast fyrir hlutafélagsbankanum hafa aldrei reynt að leita eftir því, hvort vér höfum sjálfir krafta til þess að bæta úr peningaþörfinni. Eins og menn í öðrum efnum vilja leggjast upp á sveitarsjóð og landssjóðinn, eins hefir það alt af verið viðleitnin í bankamálinu, að reyna að komast á líknararma útlendinga. Eg er háttv. flutnm. (Þ. J. Th.) þakklátur fyrir, að hann er ekki af þessu sauðahúsi; mér líkar það mikið vel, að hann vill taka til greina bendingar, sem komið hafa fram, að landið reyni í þessu efni að spila upp á eigin spýtur, og eg vil skora á nefndina, sem skipuð verður í þetta mál, að gera það líka. Eg vil nú leyfa mér að koma fram með ráð, sem nota má á næsta árabili, og eg vona, að þjóðinni á þeim tíma fari svo mikið fram, að hún geti spilað áfram í sömu átt. Þetta ráð hefi eg komið fram með í einu blaði hér í Reykjavík, og af öllum þeim tillögum, sem komið hafa fram í bankamálinu, álít eg þessa bezta, nefnilega, að landið taki lán í gulli, og leggi það í kassa hér til geymslu, og gefi svo út seðla á það. Í hitteð fyrra sögðu útlendingar þeir, er hér komu, og menn báru svo mikið traust til í bankamálinu, að þeir efuðu ekki, að landið gæti þá fengið lán upp á 2 miljónir í útlöndum, og er þá miklu líklegra, að hægt sé fyrir landið að fá 1 miljón að láni, einkanlega þegar hægt er að bjóða tryggilegt veð, t. d. þær 60,000 kr., sem vér fáum árlega úr ríkissjóði. Ef stjórnin gæfi heimild til, að setja það sem trygging fyrir atborgun og vöxtum, væri líklegt, að lánið fengist með góðum kjörum bæði í Danmörku og á Englandi; fengist lánið fyrir 4%, sem líklegt er, mundi það borgað á 28 árum, og landið ætti þá miljón. Landssjóður á auðvitað ekki að tapa neinu; því bankinn, sem fengi féð, ætti að sjálfsögðu að svara landssjóði í rentur sömu upphæð, sem hann á árlega að tá hjá ríkissjóði. Þetta vil eg biðja væntanlega nefnd að athuga, hverjir svo sem í henna verða.

ATKVGR.: Samþ. í e. hlj. að kjósa 5 manna nefnd, og þessir kosnir með hlutfallskosningu eftir ósk 8 þm. (Lárusar Bjarnasonar, Stefáns Stefánssonar, þm. Eyf., Björns Bjarnarsonar, þm. Bf., Björns Bjarnarsonar, þm. Dal., Hermanns Jónassonar, Jósafat Jónatanssonar, Hannesar Þorsteinssonar, Tr. Gunnarssonar):

Tryggi Gunnarsson.
Þórður Thoroddsen.
Björn Kristjánsson.
Lárus Bjarnason.
Guðlaugur Guðmundsson.

Bankamál II.

FRUMVARP til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, (C. bls. 518, sbr. 260; nefndarál. bls. 497 - 509); 1. umr., 9. ágúst.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir nefndin ekki getað orðið samferða. Raunar eru það nokkur atriði, sem allir nefndarmenn hafa getað komið sér saman um, og beri maður saman álit meiri og minni hlutans, kemst maður

fljótt að raun um, hvaða atriði þetta eru. Allir erum vér sammála um það, að þjóðin þurfi á meira fé að halda en Landsbankinn hefir til umráða, að það með öðrum orðum þurfi að hafa öflugri peningastofnun í landinn en nú er, og að eigi sé hægt að byggja á sama grundvelli og áður, þeim að landssjóður gefi út fleiri óinnleysanlega seðla, þegar um það er að ræða að afla landinu meira fjár. En svo, þegar spurningin kom um það, hvaða leið ætti að halda til að útvega sér öfluga peningastofnun, þá skiftust leiðir nefndarinnar. Eins og sést á nefndarálitinu, eru leiðirnar aðallega tvær. Önnur er sú, að auka svo fé Landsbankans með einhverju móti, að hann fullnægi þörfum landsins. Hin leiðin er sú, að leggja niður Landsbankann, en stofna nýjan banka, hlutabanka. Meiri hluti nefndarinnar þykist hafa sýnt fram á það með ljósum rökum, að aukning á fé Landsbankans svo sem þörf er á sé ó möguleg. Aukningin á fé Landsbankans yrði að vera fólgin í því, að landssjóður tæki 1—1½ milj. króna lán með þeim kjörum t. a. m., að hann borgaði það með jöfnum afborgunum vaxta og höfuðstóls á 28 árum; nú ef landssjóði tæki 1 milj. kr. lán, þá hefði hann nú leyfi til, eins og málið nú liggur fyrir, að gefa út tvær milj. í seðlum. Minna mætti það heldur ekki vera, ef stofnuð væru 3 útibú, eins og nefndin telur nauðsynlegt. En nefndin hefir sýnt fram á það, að banki með svona fyrirkomulagi mundi hafa tekjuhalla á hverju ári. — Og hver yrði afleiðingin af því? Landssjóður yrði auðvitað að hlaupa undir baggann og borga. Eftir íhugun og áliti meiri hluta nefndarinnar gerði slíkur banki ekki meir en að borga, auk rekstrarkostnaðar á aðalstöðinni og 3 útibúum, rentur af láninu, og kæmi þá á landssjóð að borga lánið sjálft. En vér álítum, að landssjóður geti eigi bundið sér slíkan bagga. Að taka slíkt lán til þess að auka Landsbankann, væri þá sama sem að skuldbinda landssjóð til að leggja upp alt að 1 miljón króna af tekjuafgangi sínum á 28 árum. Og ef nú að þeim tíma liðnum, eða enda fyr, að nýtt lán þyrfti að taka handa Landsbankanum til seðlaaukningar, þá færi nú bagginn að þyngjast. Eg ímynda mér því, að allir sem líta sanngjörnum augum á málið, hljóti að kannast við, að það sé viðurlitamikið, að stofna fé landssjóðs í þann voða. En svo er annað atriði, sem verður að athuga: hvort vér fáum leyfi stjórnarinnar til að taka þetta lán fyrir landssjóð. Eg efast um, að landsstjórnin leyfi það. 1899 var frumv. fyrir þinginu um heimild til að stofna hlutafélagsbanka, og samkvæmt því átti landssjóður að skrifa sig fyrir hlutum upp á 2 milj. kr. Eftir því, sem eg frekast veit, var þetta þvert á móti vilja stjórnarinnar og mundi aldrei hafa náð samþykki hennar; mun það hafa verið mál sumra, að hún vildi eigi láta landssjóð taka þátt í því »féglæfrafyrirtæki«. Hæstv. landsh. var, ef mig minnir rétt, á móti því, að stofna fé landsins í slíkan voða. Ef ráðandi menn landsins nú ekki hafa álitið það holt að leggja fé landssjóðs í part af hlutabanka, er ýmsir ættu, væri þá hollara að taka lán til banka, er landssjóður sjálfur ætti alla hlutina, í staðinn fyrir ²/₅ hluta? Ef það hefir þótt áhætta að eiga að eins ²/₅ í hlutabanka, þá væri það ekki minni hætta, ef bankinn sjálfur ætti öll hlutabréfin. Lánið svarar hér til hlutafjárins í hlutabanka. Er meiri hluti nefndarinnar hafði athugað þetta, tók hún eina ráðið, sem til var, sem sé það, að hallast að tilboði því, sem nú liggur fyrir þinginu um stofnun hlutafélagsbanka. Minni hlutinn aftur á

móti vildi halda þá leið, að láta auka Landsbankann. Eg hygg að það sem meiri hl. aðhyllist sé eina rétta leiðin, en að minni hlutinn sé á rangri leið, og skal eg koma nákvæmara til þess seinna.

Frumv. það, sem hér liggur nú fyrir og meiri hluti nefndarinnar hefir leyft sér að koma með, er bygt á sama grundvelli og frumv. 1899, en er þó í raun og veru alt annað. Það er einkanlega tvent, sem aðskilur það frá fyrra frv. Annað er það, að seðlaútgáfuréttur inn er bundinn við 30 ár, í stað 90 ára í fyrra. Og það er þó allur munur, hvort þingið og stjórnin getur haft ráð yfir seðlaútgáfuréttinum eftir 30 ár, eða eftir 90 ár, þó að honum sé nú afsalað. — Hitt er það, að höfuðstóll bankans nú er ákveðinn helmingi minni en í fyrra eða um 2 milj. í stað 5 milj. Margir voru hræddir við þetta mikla stofnfé, og ekki laust við að þingmenn sundlaði suma hverja, eins og þeir sögðu sjálfir. Og eg skal ekki neita því, að það var nokkur von til þess fyrir lítilsiglda menn.

Með 5 milj. kr. stofnfé og ótakmörkuðum seðlaútgáfurétti, það sem stofnféð leyfði, og enda þar fram yfir, var efasamt, hvort bankinn hefði getað komið öllu því fé fyrir hér á landi, að minsta kosti fyrst í stað, og voru því líkindi fyrir, að hann hefði orðið að leita til útlanda til þess að láta eitthvað af fé sínu starfa þar. Nú er öðru máli að gegna. Hér í þessu frumv. er hlutafé ákveðið 2 milj., og seðlaútgáturétturinn takmarkaður við 2½ milj. Þegar starfsfé er ekki meira en þetta, virðist enginn efi geta á því leikið, að nóg starfsvið er fyrir það hér á landi, og sé það, er engin ástæða til þess fyrir bankann að leita út úr landinu með fjármagn sitt. Það, að starfsfé er ekki meira en þetta, álítum vér næga tryggingu fyrir því, að bankinn verði innlendur. Nefndin í málinu 1899 lagði mikla áherzlu á það, að hlutafé væri að mestu leyti innlent, og því var það, að þá var svo ákveðið, að landsjóður skyldi skrifa sig fyrir 2 milj. af hlutafénu og útlendingar ekki mættu eiga meira en $^2/_5$ af því. Það var líka full ástæða þá til að setja þessa tryggingu. Hefði Íslands banki haft banka eða útibú í útlöndum t. d. í Kaupmannahöfn, kom nokkuð töluvert af fénu til að verka þar; afleiðingin hefði orðið, að aktíur bankans hefðu orðið meira virði í augum útlendinga heldur en í banka, sem eingöngu verkaði á Ísland; aktíurnar þess vegna með tímanum síður eign Íslendinga sjálfra heldur en aktíur í alinnlendum banka, auk þess sem um stærra fé hefði verið að ræða. Í alinnlendum banka mundu útlendingar síður seilast eftir aktíunum, og þeir sem þær ættu í upphafi mundu smátt og smátt reyna að koma þeim af sér til Íslendinga; kæmi þá að lokum til þess, að Íslendingar ættu sjálfir öll hlutabréfin í sínum banka. Og þegar svo er komið, hvað hafa Íslendingar þá grætt á þessu útlenda fé, sem allir eru nú svo hræddir við? 2 miljónir í aktíubankanum, eins og þær stæðu þá, auk þess sem útlendingar með fé sínu hefðu komið upp og eflt atvinnuvegi þeirra. Eg vona því, að hin háttv. þingd. sjái, að þetta frumv. er öðruvísi lagað en hitt, og svo miklu aðgengilegra fyrir Íslendinga, og að það hefir verið reynt að gera það svo vel úr garði, sem framast var unt.

Vér skulum nú athuga hina leiðina, sem hinn háttv. minni hluti vill halda. Hann ræður til að auka starfsfé Landsbankans, svo að hann geti fullnægt þörfum landsmanna. Vér meirihlutamenn höfum í nefndarálitinu bent á, að

sá banki hljóti alt af að bíða árlegan tekjuhalla. En setjum nú svo, að það yrði ekki. Setjum svo, að þessar skýjaborgir, sem minnihlutinn hefir málað upp í nefndaráliti sínu, rættust, og að slíkur banki gæti borið sig, gæti borgað bæði vexti og afborganir af láninu, sem hann tæki, hver yrði þá samt afleiðingin af því? Hún yrði sú, að sá banki gæti ómögulega annað en orðið á eftir tímanum, hjakkað alt af í sama farið þessi 28 ár, sem hann væri að afborga. Það er óhætt að gera ráð fyrir því, að eftir því sem tímar liðu fram mundu krafir landsmanna aukast, svo landið þyrfti á meiri peningum að halda. Þegar landsbankinn fyrir 15 árum síðan, árið 1885, var stofnaður, gerðu menn ekki eins miklar kröfur til peninga og menn gera nú, og hafa þó framfarirnar ekki verið neitt sérlega stórstígar. Getum við þá búist við, að krafirnar aukist minna á þeim næstu 15 árum? En þá er spurningin þessi: getur þannig lagaður banki fylgt með tímanum? Hefir hann í sér fólginn þann möguleika til þroskunar? Nei; það er einmitt það, sem hann ekki hefir. Hann getur ekki fullnægt vaxandi kröfum, nema með því að taka nýtt lán, og þá kemur sama sagan upp aftur og aftur. Mér kann nú að verða svarað því af hinum háttv. minnihluta, að bankinn geti lagt upp nýjan gullforða og gefið seðla út á hann. Ekki getur hann það af gróða sínum, því að hann græðir akkert nema það, sem hann afborgar af þeim gullforða, sem hann þegar er búinn að fá lánaðan, og lítil líkindi eru til, að banki, sem hefir jafnlítið geymslufé undir höndum, jafnlítið fé á hlaupareikningi og að heita má ekkert annað starfsfé en seðla, að hann geti lagt upp mikið gull. En eitt verð eg líka að biðja menn að athuga vel, og það er það, að lán þess konar banka hljóta að verða miklu dýrari en lán hjá hlutafélagsbankanum. Hinn háttv. minnihluta kann nú að undra þetta, þar sem hann í nefndarálitinu hefir sagt, að hlutafélagsbankinn hlyti að verða alt of dýr fyrir okkur. En það er með þetta eins og svo margt annað, sem sagt er í nefndarálitinu, að það nær ekki nokkurri átt. Þegar maður lítur á bæði nefndarálitin, þar sem gengið er út frá sömu vöxtum bæði hjá Landsbanka og hlutafélagsbanka, þá liggur það í augum uppi, að Landsbankinn verður að heimta miklu hærri vexti en hlutafélagsbankinn til þess að geta staðist. Ef við höldum okkur við þá vaxtaupphæð, sem sett er í nefndarálitinu, þá verður Landsbankinn að borga í vexti af þeirri miljón, sem hann fengi að láni, $4^1/_2\%+2\%$ (afborgun) $= 6^1/_2\%$, en hlutafélagsbankinn er ekki einu sinni skyldur að borga hluthöfum sínum 4% í vexti af hlutabréfunum; en þótt hann nú væri það, þá er auðsætt, samt sem áður, að sá banki verður að selja sína seðla dýrara, sem meiri útgjöld hvíla á. Við skulum taka til dæmis tvo kaupmenn, sem báðir hafa fengið 10,000 kr. að láni, annar gegn því að borga 4% í vöxtu, en hinn gegn því að borga $6^1/_2\%$, hvort heldur það eru nú að eins vextir, eða þá vextir og afborgun. Er það þá ekki augljóst, að ef báðir eiga að standa árlega í skilum, þá er annar neyddur til að leggja minst $6^1/_2\%$ á sína vöru fyrir því sem hann á að borga, þar sem hinn kemst af með að leggja 4% á sína?

En það er fleira í nefndaráliti minni hlutans, sem eg verð að athuga, vegna þess, að það er svo samtvinnað þessu máli. — Eg sagði áðan, að reikningar minni hlutans væru allir uppi í skýjunum, tekjur bankans reiknaðar alt of hátt og útgjöldin sett of lág. Á þann

hátt er auðið að fá út fallegar tölur á pappírnum, og mætti enda fá þær enn þá fallegri; til þess þarf ekki annað en gera ráð fyrir t. d. að stofnfé fengist lánað gegn 3½ % vöxtum! En við skulum nú líta nánara á þessa útreikninga minni hlutans, og sjá, á hve miklum rökum þeir eru bygðir.

Hann gerir þar ráð fyrir, að kostnaður við bankahaldið í Reykjavík nemi 15 þús., — 5 þús. kr. minna en nú er. Þetta verð eg að telja fjarstæðu. Ástæða minni hlutans fyrir þessari lækkun á kostnaðinum er sú, að hann segir að störf Landsbankans muni minka svo stórum, ef sparisjóðurinn sé aðskilinn frá honum; en hann gætir ekki að því, að starfsmennirnir við bankann verða að vera hinir sömu og nú; einungis mundu þeir hafa léttara verk að vinna; laun þeirra yrðu hin sömu, því ekki er hægt að segja þeim mönnum að orsakalausu upp stöðu sinni, sem nú vinna við Landsbankann. Nú hafa féhirðir, bankabókari og bankastjóri til samans í laun um 10,500 kr.; hér við bætast laun gæzlustjóra 1500 kr.; það er til samans 12,000 kr. Verði nú útibú sett á stofn, mundi þurfa að bæta við einum gæzlustjóra að minsta kosti eða undirbankastjóra til þess, að hafa eftirlit með útibúunum, og eru ekki ætlandi honum minni laun en 3000 kr. að ferðastyrk meðtöldum. Þannig eru þá komin þessi 15,000 kr., að eins í laun handa þessum starfsmönnum, og er þá allur annar kostnaður við bankahaldið ótalinn.

Enn fremur nær það ekki nokkurri átt, að reikna 90% sem vaxtagefandi í tekjur.

En við þurfum ekki langt að leita til þess að sannfæra oss um, að reikningar minni hlutans hljóta að vera rangir og bygðir alveg í lausu lofti. Það þarf ekki annað en að bera saman það, sem ætlast er til, að þessir minni hluta bankar hafi afgangs gjöldum, við það, sem hinn núverandi landsbanki hefir getað lagt upp þessi 15 ár, sem hann er búinn að verka, og mun það þá koma í ljós, að áætlanir minni hlutans ná ekki nokkurri átt.

Landsbankinn hefir þessi 15 ár haft 500,000 kr. starfsfé í seðlum og síðasta árið enda 750,000 kr., frá 400—1200 þús. kr. innstæðufé sparisjóðsins að viðlögðum varasjóði fyrverandi sparisjóðs Reykjavíkur, 13 þús. kr., svo og varasjóð sjálfs sín, eða með öðrum orðum starfsfé Landsbankans er nú 750,000 kr. + 12—1300 þús. kr., sem er eign sparisjóðsins, + 230 þús. kr. varasjóði. Það verður til samans alt að því eins mikið fé og þessi fyrirhugaði eða ráðgerði banki minni hlutans kæmi til að hafa. En hvað hefir svo bankinn lagt upp á ári? Hann hefir lagt upp um 10—12 þús. kr. á ári að meðaltali. Eg skal játa það, að þessi fyrirhugaði banki ætti að geta grætt dálítið meir tiltölulega á sínu fé en Landsbankinn getur grætt nú á sparisjóðsfénu, því það gefur hlutfallslega svo litla vexti. En eftir áliti minni hlutans ætti þessi banki með ½ miljón króna láni að leggja til hliðar:

til vaxtaborgunar	22,500 kr.
— afborgunar . . .	10,000 —
— varasjóðs	3,750 —
tekjuafgangur . .	7,500 —
til samans	43,750 kr.

Þessi litli banki, sem yrði litlu stærri en Landsbankinn nú er, sem undanfarin ár hefir að jafnaði lagt upp 10—12 þús. kr., og nú síðasta árið ekki einu sinni meir en 7000 kr, hann ætti þá að geta lagt upp yfir 40,000 kr. á ári. Þetta sjá allir heilvita menn, að nær ekki nokkurri átt.

Eg skal að öðru leyti ekki fara neitt nákvæmlega út í nefndarálit minni

hlutans. Yfir höfuð finst mér alt nefndarálitið benda á það, að sú játning sé sönn, sem háttv. minni hluta menn hafa gefið í því, að þá bresti nægilegan kunnugleika á þessum málum, og enda það eina, sem á réttum rökum er bygt í nefndarálitinu. — Annars skal eg ekki fara neitt frekara út í tillögur minni hlutans, með því þær ekki liggja fyrir; en þegar þar að kemur, þá mun eg lýsa áliti mínu og meiri hlutans á þeim.

Eg skal svo að endingu taka það fram, að það er álit mitt og meiri hlutans, að ómögulegt sé, að komast yfir þau peningavandræði, sem nú hnekkja svo mjög bæði verzlun landsins og atvinnuvegum, og koma þeim í viðunanlegt horf, nema með því að stofna hér stærri banka en nú er hér, og það banka, er sé þess megnugur, að hann geti stofnað útibú í helztu kaupstöðum landsins. Ennfremur er það álit vort, að ómögulegt sé, að stofna þannig lagaðan banka, nema það sé aktíu-banki, hvort sem hann er nú stofnaður með innlendu eða útlendu fé. Það sem við leggjum mesta áherzlu á í þessu máli er það, að banki sé stofnaður fyrir alt landið, að það sé ekki Reykjavík ein, sem gagnið hefir, heldur og vestur-, norður- og austurland. Og vér álítum svo brýna nauðsyn bera til þessa vegna framtíðar landsins, að oss virðist ekki að eins æskilegt, heldur og sjálfsagt, að þetta verði gert sem fyrst, og að peningamálunum sé kipt í lag nú þegar á þessu þingi.

Tryggvi Gunnarsson: Mér þykir slæmt að heyra það, að framsm. meiri hlutans (Þ. J. Th.) og eg skulum ekki geta fylgst að lengur í þessu máli. Á fyrra þingi, þinginu '99, fylgdumst við trúlega að. Við höfðum þá báðir þá sömu skoðun, að það væri skaði fyrir landið, að sleppa seðlaútgáfuréttinum og að það væri skaði fyrir landið, að sleppa úr höndum sér yfirráðunum yfir bankanum. Þessar skoðanir hefi eg enn þá, en það lítur svo út, sem h. framsm. (Þ. Th.) sé búinn að sleppa þeim. Í nefndarálitinu um hlutafélagsbankann frá síðasta þingi, sem við báðir höfum skrifað undir, stendur: »Auk þess er og á það að líta, þegar um rétt til seðlaútgáfu er að ræða, að þá er það svo ábatavænlegt fyrirtæki, og sérstaklega, ef einkaréttur er, að landssjóður ekki má afsala sér þeim rétti eða láta hann af hendi, einkum um langan tíma, án þess að þjóðfélagið eða landssjóður fyrir þess hönd nyti góðs af þeim hagnaði, er seðlaútgáfa hefir í för með sér«. Þessa sömu skoðun, að það þyrfti að tryggja landssjóði meiri hlutann af ágóðanum af þessu fyrirtæki, tók eg einnig fram í nefndinni nú; en í þessu nefndaráliti meiri hlutans sé eg eigi, að minst sé einu orði á þetta, og heldur ekki í frumv. því, sem meiri hlutinn hefir lagt fyrir deildina. Eg er ekki hræddur um, að ef það væru innlendir menn, sem byðust til að koma á fót slíkum banka, að þeir ekki fengju að borga klekkilega upphæð fyrir það, en af því að það eru útlendingar, sem eiga hér hlut að máli, þá er meiri hlutinn orðinn svo nægjusamur fyrir landssjóðs hönd, að hann gerir ekki ráð fyrir að þessir menn séu látnir borga nema rúmar 2000 kr. á ári fyrir seðlaútgáfuréttinn; því þótt gert sé ráð fyrir því, að landssjóður skuli fá 10% af ágóðanum, þá þarf víst ekki að gera ráð fyrir því, að það komi nokkurn tíma til framkvæmdanna; því fyrst eiga hluthafarnir að fá 4% af sínum hlutum, og 10% af afganginum, sem þá yrði eftir, yrði líklegast aldrei neitt stórfé. Þetta finst mér vera ærið ólík skoðun og sú, sem kom fram í nefndarálitinu í fyrra, og mér finst ekkert það hafa borið við, að því er eg frekast veit, sem gæti réttlætt hana. Frsm. (Þ. Th.) talaði um, að

það gæti verið hætta fyrir landssjóð, að taka þátt í þessu fyrirtæki; en það fæ eg ekki séð.

Hann mintist einnig á, að stjórnin hefði verið ófús á það í fyrra, að láta landið taka þátt í hlutafélagsbankanum; en er það ekki alt öðru máli að gegna, hvort landssjóður ver til þess 2 miljónum króna, eins og gert var ráð fyrir í fyrra, eða ½ miljón, eins og nú. Er ekki dálítill munur á þessu? Er landssjóður svo illa staddur, að það væri voði fyrir hann, þótt bankinn tæki ½ miljón að láni, eða er það voði fyrir bankann sjálfan, að hann geti ekki staðið í skilum með afborgunina? Eg get fullvissað háttv. meiri hluta, að það er margur sá dagurinn nú, sem landsbankinn borgar út meira en 30000 kr. Ef landið tæki lán upp á ½ miljón, þá þyrfti að borga af því í vexti og útborganir rúm 30,000 kr., og úr því yrði bankanum aldrei nein skotaskuld. Færi svo, sem engin líkindi eru til, að bankanum ekki græddist þetta fé, þá þyrfti ekki annað en lána 30,000 kr. minna út úr honum. Og eftir því, sem bankinn afborgaði meira af láninu, eftir því ykjust eignir hans. Eg veit auðvitað ekki, hvort h. framsm. (Þ. J. Th.) vill ganga inn á þetta, að engin hætta gæti verið fyrir bankann að taka þessa ½ miljón að láni, og því síður fyrir landið; en eg ímynda mér, að öðrum háttv. þingdm. geti skilist það. Þegar litið er á reynslu undanfarinna ára, þá er hún sú, að bankinn hefir árlega grætt 15,000 kr., og á nú í varasjóði um 220,000 kr. Ef hann nú fengi 750,000 kr. í seðlum í viðbót, er þá ekki líklegt, að hann mundi geta grætt hálfu meira en hann græðir nú? Auk þess er þess að gæta, að kostnaðurinn við bankahaldið yrði tiltölulega miklu minni.

Framsm. meiri hlutans (Þ. J. Th.) mintist einnig á, að landsbankinn yrði að taka hærri vexti af sínum lánum en hlutafélagsbankinn, — að hann yrði að taka minst 6%. Eins og framsm. sjálfur gat um, þá hefir bankinn nú undir höndum sparisjóðsfé, og nemur það um 1200 þús.; af þessu fé verður hann að gjalda 3½%, en fær aftur 4½%. Ef bankinn nú fengi lánaða ½ miljón erlendis gegn 4% vöxtum, þá væri munurinn ½%, og til þess að græða sömu upphæð og hann lengstum hefir haft af sparisjóðsfénu, þyrfti bankinn því ekki að taka meira en 1% meira en hann sjálfur gefur, eða 5%, en alls ekki 6%. Eg sé því ekki, að hér geti verið nein hætta á ferðum.

En það, sem eg sérstaklega vildi minnast á, er það, að mér finst það stöðugt hafa komið fram í ræðu háttv. framsm. (Þ. J. Th.), og eins í nefndaráliti meiri hlutans, að þeir álitu og teldu afborgunina af láninu sem útgjöld, sem ekkert kæmi í aðra hönd fyrir. En það er hreinasti misskilningur; því þegar sá tími er liðinn, sem gengur til að afborga þessa ½ miljón, þá er bankinn orðinn hálfri miljón ríkari.

Ennfremur mintist háttv. framsm. (Þ. J. Th.) á, að það stæði í nefndaráliti okkar minni hlutans, að við hefðum ekki nægan kunnugleika til þessara mála, og vildi henda gaman að þessu. Mér finst ekki liggja annað í þessum orðum en lítillæti, og hefði fundist það liggja nær háttv. meiri hluta, að segja eitthvað líkt í sínu eigin nefndaráliti, fremur en skopast að þessu; en hann hefir án efa hugsað, að oft mætti satt kyrt liggja.

Eg þykist hafa sýnt fram á, að það sé engin áhætta, þó Landsbankinn taki ½ miljón króna að láni, hvorki fyrir bankann sjálfan né landssjóð; en hvort það er hentugur tími til að gera það

einmitt nú, skal eg láta ósagt. Hins vegar þykist eg geta fullvissað menn um það, að þótt hlutafélagsbanki yrði settur hér á stofn, þá mundi það brátt koma í ljós, að landsmenn mundu verða óánægðir með hann, því það er einkenni á okkur Íslendingum, að við erum alt af óánægðir með það, sem við höfum; en þá má ganga að því vísu, að bankinn sé þá orðinn svo voldugur, að ekki sé gott fyrir okkur að koma fram breytingu á ástandinu, hversu mikil sem óánægjan kann að vera með hann. Sé það svo, að ekki sé hægt að koma því við, að bæta þann banka, sem við höfum nú, þá held eg að það væri miklu heppilegri leið, að leyfa að setja hér á stofn privatbanka við hliðina á Landsbankanum, því af því leiddi samkepni og engin hætta fyrir einokun, sem við ætíð megum eiga á hættu að verði höfð í frammi gagnvart okkur, ef hlutafélagsbankinn er einvaldur. Það sýnist líka svo, sem privatbanki ætti að geta borgað sig eins og seðlabanki, því eftir áliti meiri hlutans er þessi seðlaútgáfuréttur ekki svo mikilsvirði, þar sem hlutafélagsbankinn á ekki að borga meira en rúmar 2000 kr. fyrir hann árlega.

Hvað yfirráðin yfir þessum hlutafélagsbanka snertir, þá verða þau hjá þeim, sem eiga fé sitt í honum, hlufhöfunum, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis, og þessir hluthafar verða útlendingar, og að því leyti, sem þingið á að hafa hér hönd í bagga með yfirráðin, með því að kjósa svo og svo marga menn í fulltrúaráð bankans, þá er óvíst, hve heppileg þau áhrif gætu orðið fyrir bankann og þjóðina. Það er hætt við, að bankinn yrði nokkurs konar pólitiskur banki, þar sem sá flokkurinn, sem ofan á yrði á þingi, kæmi að sínum gæðingum.

Það getur verið, að þingmenn eigi mikla hluti í þessum fyrirhugaða banka, og þá er hætt við, að þeir vilji haga bankanum svo, að þeir sjálfir græði sem mest, en hugsi ekki eins mikið um, að landið í heild sinni græði á því, að fá ódýr lán. Eg er þess vegna viss um, að þess verður ekki langt að bíða, ef þessi banki verður stofnaður, að menn verði óánægðir með hann ekki síður en »landsbankann«, og bezt held eg væri, að halda peningamálum landsmanna fyrir utan pólitíkina.

Eg er ekki ánægður með þetta hlutafélagsbanka-fyrirkomulag, og álít heppilegra, að hafa það fyrirkomulag, sem er; það hefir meiri festu og ekki eins háð hag einstakra manna, því hluthafar í þessum nýja banka hugsa eins og eðlilegt er eingöngu um að græða sem mest sjálfir, og munu haga bankanum þannig.

Ekki trúi eg, að bændur greiði atkvæði með þessum banka, sem ekki er þannig sniðinn, að hann geti orðið þeim að gagni, því það sjá þó allir, að þessi banki verður eingöngu eða að minsta kosti því sem næst fyrir kaupmenn.

Auk þess vil eg benda mönnum á það, að hingað til hefir það verið álitið skaðlegt, að kaupmenn væru útlendir, því það hefir verið sagt, eins og líka er alveg rétt, að arðurinn drægist þannig út úr landinu; en nú, þegar varan, sem þessir útlendu kaupmenn verzla með, eru peningar, þá er það ekki lengur skaðlegt; nei, þá er það heppilegt, já, hreint og beint nauðsynlegt. Það er samkvæmni að tarna!

Eg álít það ekki heppilegt, að samþykkja þetta frumv., og kýs heldur, að tillagan sé samþykt, og að menn reyni til þess að finna ráð til þess, að auka landsbankann svo, að hann fullnægi kröfum landsmanna. Og eg er

viss um, að það er hægt, því það er gert meira úr vandræðunum en þau virkilega eru.

Eg hef fundið það síðan veðdeildin var stofnuð og þessum 250,000 kr. var bætt við landsbankann, hvað öll viðskifti eru orðin léttari, og er það þó ekki mikil aukning á starfsfénu, og það get eg fullvissað menn um, að enginn maður, sem hefir haft tryggilegt veð að setja fyrir því láni, sem hann hefir beðið um, hefir verið gerður afturreka.

Nú hefir þjóðbankinn danski látið það álit í ljósi, að óhætt mundi vera, að auka seðla landsbankans um 250,000 kr. enn, og væri það gert, væri það nægileg aukning í bráðina — það hefir reynslan sýnt síðan 1899 —, á meðan menn eru að koma sér saman um, hvaða ráð sé bezt til þess, að auka starfsfé landsbankans, svo að það samsvari fylstu kröfum landsmanna.

En þessarar aukningar þarf ekki einu sinni með. Hér brúka menn mest peninga á vorin og um sumartímann. Nú liggja 114 þús. kr. í bankanum, og það ætti að vera nægilegt fyrir septembermánuð.

Í október fer aftur að koma inn fé, og eg er viss um, að bankinn liggur í vetur með ein 300,000 kr., og er það kapp-nóg, enda kemur engin peningastofnun næsta ár, þótt þetta frumv. verði samþykt nú.

Eg sé þess vegna ekki, hvað getur verið á móti því, að láta málið bíða til næsta árs.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Það var svo margt, sem háttv. þingm. Rvík (Tr. G.) sagði, að eg treysti mér varla til þess, að svara því öllu. — Hann byrjaði með því, að minna mig á, að eg hefði breytt skoðun minni frá því á þingi 1899, því þá sagði hann, að við hefðum orðið samferða í þessu máli; en eg get ekki kannast við, að þetta sé rétt.

Eg man eftir því, að eg þá skrifaði undir nefndarálit, þar sem það var tekið fram, að æskilegt væri, að hafa hlutafélagshanka með innlendu kapitali, en undir þetta vildi háttv. þm. Rvík (Tr. G.) ekki skrifa, og það bendir eiginlega ekki á það, að við höfum fylgst að í þessu máli.

En hann ruglar víst saman seðlaaukningunni, sem þá var til umræðu á þinginu, og hlutafélagsbankanum, því í því vorum við sammála, að óhætt mundi að auka seðlafé landsbankans um 250,000 kr., og það hefir hingað til sýnt sig, að það var óhætt.

Að því er það snertir, að eg hafi breytt skoðun í þessu máli, þá er það ekki rétt. Eg hef alt af verið og er enn á því, að vér eigum að hafa innlendan banka, innlendan í þeim skilningi, að trygging sé fyrir því, að féð verði notað í landinu, og vér höfum sjálfir mest yfirráðin. Hið fyrra banka-tilboð var svo mikilfenglegt, að ólíklegt var, að það fé þyrfti að brúka alt í landinu; en nú er féð svo lítið, að full trygging er fyrir því, að það verði ekki notað í útlöndum, heldur hér í landinu sjálfu; hlutaféð er ekki meira en svo, að það nægir landsmönnum sjálfum. Hlutaféð er heldur ekki meira en svo, að landsmenn gætu vel átt það alt saman sjálfir, og meiri hluti nefndarinnar álítur, að meira fé sé til hér á landi en þessu nemur, en það er annaðhvort bundið, eða menn kæra sig ekki um, að leggja það í banka. Þegar nú svo er, verðum vér að leita til útlendinga, og leyfa þeim að hlaupa undir bagga með oss.

En það er enginn vafi á því, að með tímanum eignast landsmenn sjálfir allar

»aktíur« í þessum banka, og það telur nefndin æskilegast.

Eg get þess vegna ekki fallist á, að eg í þessu máli hafi skift skoðun síðan 1899.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) talaði mikið um, að eg hefði sagt, að það væri voði fyrir landið, að taka aktíur í bankanum — en það er ekki rétt; eg tilfærði að eins annara orð.

Aftur á móti er eg þeirrar skoðunar, að það það sé voði fyrir landið, að taka lán upp á eina miljón til þess, að auka landsbankann með, því nefndarálit meiri hlutans sýnir það með ljósum rökum, að það hlýtur að hafa mikil útgjöld í för með sér fyrir landssjóð, og eg álít, að það sé voði fyrir hann, verði honum bundinn sá baggi, því eg er sannfærður um, að landssjóður fær ekki risið undir honum.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) sagði, að það væri engin hætta, að bankinn gæti ekki staðið í skilum með rentur og afborgun, því hann þyrfti ekki annað en lána minna út. Eg skil ekki, hvernig h. þm. Rvík (Tr. G.) getur komið með aðra eins setningu; það hlýtur að vera ný móðins bankafræði, það, en sem er þó endileysa. Reikningurinn í nefndarálitinu yfir tekjur og útgjöld banka með þessu fyrirkomulagi sýnir, að hann hlýtur að tapa.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) þarf ekki að segja mér það, að hægt er að sletta úr einum stað í annan, því það vissi eg áður; en tapið er jafnt fyrir því, og á endanum hlýtur þess vegna að reka að því, að háttv. þingm. Rvík (Tr. G.) getur ekki einu sinni slett úr einum stað í annan, og mér þætti gaman að sjá, hvernig ársreikningurinn fer að líta út hjá hinum háttv. þm. Rvík (Tr. G.) með þeirri reikningsfærslu.

Það er ranghermi hjá háttv. þingm. Rvík (Tr. G.), að í nefndarálitinu standi eða að meiri hlutinn hafi sagt, að það fé, sem færi til að afborga lánið, væri tapað. En hitt stendur þar, og er rétt, að það sem gengur til afborgunar á láninu er útgjöld fyrir bankann árleg, ekki töpuð, en lögð fyrir sem óarðberandi.

En meiri hluti nefndarinnar hlýtur að spyrja: Hefir landssjóður ráð á, að leggja þetta fé í óarðberandi sjóð? Eg neita því!

Það er tekið fram í áliti minni hlutans, að hægt væri að stofna privatbanka við hliðina á landsbankanum. En eg álít það algerlega óhugsanlegt og ógjörlegt fyrirkomulag. Banki, sem stæði við hliðina á landsbankanum, gæti og mætti ekki hafa meira fé úti í seðlum en $1^1/_4$—$^3/_4$ miljón, það er að segja, ef ekki má alls gefa út nema $2—2^1/_4$ miljón, því að þau 750 þús. kr., sem landsbankinn hefði úti, yrði að draga frá þeirri fúlgu.

Ef nú haldið er fast við kröfur minni hlutans um að þrjú útibú séu stofnuð — og það verðum vér að gera, því annars hefir landið í heild sinni ekki gagn af bankanum —, þá liggur það í augum uppi, að um leið og starfsféð minkar, verður sami kostnaður, sem hvílir á, og eg þykist viss um, að enginn vildi taka að sér að stofna slíkan banka, því það gæti ekki borgað sig; starfsféð yrði þá of lítið til þess. — En þó svo væri, að þetta fyrirkomulag kæmist á, þá væri það enginn hagur fyrir landsbankann, að hafa innleysanlega seðla við hliðina á sínum óinnleysanlegu; því hætt er við, að menn mundu ýta frá sér óinnleysanlegu seðlunum og taka heldur hina, sem þeir gætu fengið gull fyrir þegar þeir vildu.

Hinn háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) sagði, að meiri hluti nefndarinnar áliti ekki seðla-útgáfuréttinn mikils virði. Þetta

er ekki rétt; oss er það fyllilega eins ljóst og honum, hvers virði þessi réttur er, og vér höfum ekki á móti því, að hækka hann sanngjarnlega. En vér megum ekki vera of kröfuharðir fyrst í stað, því það kemur landsmönnum sjálfum í koll, þannig, að discontóin yrði hærri; það er þess vegna ekki annað en skattur, sem verður lagður á landsmenn.

Það er líka allur munur, þótt ekki sé farið hart í sakirnar í byrjuninni; en eftir 30 ár þarf að endurnýja leyfið til að gefa út seðla, og þá er kominn tími til að selja það dýrt. Þá má taka það fyrir réttinn, sem hann er verður. En hvers virði telur háttv. þingm. Rvík (Tr. G.) hann sé eftir því, sem kemur fram í minnihlutanefndarálitinu? Einkisvirði; því eg get ekki talið það, þó að landssjóður þurfi að leggja fyrir óarðberandi miljón í bankann.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) sagði margt fleira, sem eg ekki hirði um að svara; það er að eins eitt mikilvægt atriði, sem eg ekki get látið vera að yfirvega með honum.

H. háttv. þm. Rvík (Tr. G.) vill fresta málinu að sinni, og láta stjórnina yfirvega málið og finna eitthvert ráð. — En hvaða ráð á hún að finna? Stjórnin er búin að rannsaka málið, svo sem auðið er; hún hefir snúið sér til þjóðbankans danska og spurt, hvað ætti að gera. Í álitsskjali sínu hefir þjóðbankinn svarað ljóst og greinilega upp á allar spurningar, og látið í ljósi, hvað mikið hann álítur landið þoli af seðlum, og kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sé þorandi að gefa út meir en þegar hefir verið gert af óinnleysanlegum seðlum.

Það er ekki rétt hjá háttv. Rvík (Tr. G.), að stjórn Þjóðbankans danska álíti, að óhætt sé að gefa út 1 miljón í óinnleysanlegum seðlum, því í álitsskjalinu stendur, að því að eins sé þetta óhætt, að landsbankinn eða landssjóður hafi ávalt fyrirliggjandi 100,000 krón., ef á þurfi að halda, enda þótt hann lagalega sé ekki skyldugur til að innleysa seðlana. Ef auka þurfi seðlana fram yfir það, sem nú er, segir þjóðbankinn hreint og beint, að ekki sé hugsanlegur annarvegur en að stofnaður sé hlutafélagsbanki með þeim skyldum og réttindum, sem ljóslega eru fram tekin í álitinu. Eg sé því ekki betur en að stjórnin sé búin að rannsaka málið til hlítar, og þó að henni væri nú aftur skipað á þessu þingi að rannsaka málið, þá gerði hún ekki annað en fara til þjóðbankans aftur, þar sem hann er ráðunautur hennar; en það er hætt við, að hún fái ekki önnur svör en þau, sem hún þegar hefir fengið.

Það er enginn efi á því, að stjórnin álítur, að hún fái ekki betri ráð annarstaðar, og eg veit heldur ekki, hvert stjórnin ætti að fara; h. háttv. þingm. Rvík (Tr. G.) ætlast þó varla til, að stjórnin fari að auglýsa í »Berlingi«, að hún taki fegins hendi móti góðum ráðum í bankamálinu.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Eg get verið háttv. þingm. Rvík (Tr. G.) samdóma um, að það geri ekki mikið, þótt þetta dragist eitt þing; en eg sé ekki, að það hafi neina þýðingu, að draga það; málið er svo ljóst nú, að dráttur er að eins til þess, að tefja fyrir þessu nauðsynjamáli og fyrir þeim framförum, sem af framgangi þessa máls gætu hlotist, meðan það er dregið.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að víkja nokkrum orðum að fyrri ræðu h. framsögum. meiri hlutans (Þ. J. Th.). Seinni ræðan var svar upp á ræðu h. þm. Rvík (Tr. G.), og get eg því leitt

hana hjá mér. Eg ætla að præða þau atriði, sem háttv. framsögum. (Þ. Th.) tók fram í sömu röð, til þess að gleyma engu. Mér fanst yfir höfuð kenna þess í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.), að hann gengi út frá því sem sönnuðu, sem á að sanna. Hann sagði, að stjórnin mundi aldrei leyfa okkur að taka lán; en í nefndaráliti meiri hlutans á bls. 5 stendur í 4. málsgrein 2. línu: »Vér erum í engum efa um það, að auðið mundi að fá lán í útlöndum«. Eg get ekki séð nokkra ástæðu til þess fyrir stjórnina, að neita okkur um að taka lánið, svo framarlega sem við getum sýnt fram á, að landsbankinn gæti borið sig; það skal eg játa, að á því veltur alt saman. En einmitt um það atriði finst mér háttv. þm. G.-K. (Þ. Th.) ganga heldur langt í því, að halda því fram sem sönnuðu, er hann vill láta vera sannað.

Við minnihlutamenn höfum ekki fremur en meiri hlutinn áreiðanlega vissu um, með hvaða kjörum lánið mundi fást. En eg ætla að ganga út frá því, að það mundi fást með sömu kjörum, sem háttv. meiri hluti hefur hugsað sér, sem sé til 28 ára með 2% afborgun á ári, og með 4½ %.

Minni hlutinn hefir í áliti sínu reynt að sýna fram á, að bankinn mundi einmitt geta borið sig, þó hann tæki lán upp á 4½ %.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (Þ. Th.) fór ekki út í annað í þessum útreikningi heldur en það, að það væri gjört alt of lítið til bankahaldsins; og eg gæti nú litið svo á, sem háttv. framsögum. meiri hlutans (Þ. Th.) hefði ekki fundið annað að útreikningnum.

En hér er fleira að aðgæta. Í dæminu, sem háttv. meiri hluti tekur, er gjört ráð fyrir, að útlánsfé mundi ekki verða meira en 1,600,000 kr., sem sé 80% af seðlunum.

En eg hygg, að það mætti gjöra ráð fyrir 1,800,000 kr., og byggi eg það á því, að háttv. framsögum. (Þ. Th.) ætlar hlutafélagsbankanum að hafa úti 2,600,000 kr.

Sé peningaþörfin svo mikil, að hlutafélagsbankinn geti haft úti 2600 þús. kr., liggur í augum uppi, að ekki þarf að óttast, að landsbankinn gæti ekki komið út 1800 þús. kr.

Það er gjört ráð fyrir því, að útlánsvextir verði 5½ %, en það er sama sem 11,000 króna viðbót tekjumegin. — Provision mundi og mega telja 4,000 kr. Eg ætla að það sé ekki of hátt.

Enn má geta þess, að landsbankinn hefir núna í húsaleigu 2000 kr. fyrir söfnin; eg get ekki reiknað húsaleigu fyrir landsbankann minna en 2000 kr. Mér hefir verið sagt, að landsbankinn eigi auk baukahússins og varasjóðs sparisjóðs í varasjóði 50,000 kr., og eru rentur af því 2,000 kr.

Eg hygg að þessi útreikningur okkar sé ekki of hár.

Að gjöldunum fann háttv. framsm. (Þ. Th.) ekki annað en það, að kostnaðurinn við bankahaldið í Reykjavík væri of lágt reiknaður; það mundi óhætt að gera hann 20,000 kr. í stað 15,000 kr. sem við höfum gert ráð fyrir. (*Þ. Thor.*: Það var að eins dæmi). »Það var að eins dæmi«, segir háttv. þingm., en eg verð að halda mér að þessu eina dæmi. Eg skal að vísu játa, að þessir menn, sem nú eru við bankann, bæði bankastjórinn og starfsmennirnir, þeir mundu líklega halda áfram og laun þeirra ekki verða færð niður. En eg ætla bankanum okkar að verða langlífari heldur en starfsmönnum hans, og þegar þeir eru fallnir frá, þá mætti að minsta kosti færa niður launin. Annað hitt, að það er alls ekki ómögulegt, að það mætti koma einhverjum af starfsmönnunum af hönd-

um bankans. Það er gert ráð fyrir því, að sparisjóðurinn verði skilinn frá; hann á 1200,000 kr. og eg get ímyndað mér, að annar starfsmannanna tæki því með þökkum, að verða sparisjóðsstjóri. Loks mætti segja þeim upp eftir bankalögunum, ef þeir vildu ekki fara frá með góðu. Og hvað útibúin snertir, get eg ekki séð annað en að það sé sæmilega í lagt fyrir hvert útibú, að gera því kr. 4000. Því að of útibúin eiga að hafa lítið vald — og það má gera ráð fyrir að það verði töluvert þröngt — þá leiðir af því, að það mundi menga fá miklu ódýrari menn til að standa fyrir útibúunum, heldur en ef þeir ættu að hafa fulla ábyrgð.

Háttv. framsm. komst að þeirri niðurstöðu, að þó bankinn gæti borið sig, þá mundi hann samt ekki vera nægilegur til frambúðar, vegna þess, að hann mundi ekki geta útvíkkað sig. En svo framarlega sem dæmi minni hlutans er rétt, þá getur hann útvíkkað sig. Hann bjóst enda við því, háttv. framsm., að það þyrfti að bæta starfsmanni við bankann vegna útibúanna. Eg hefi borið þetta undir bankastjórnina, og hún álítur, að það væri ekki ofverk stjórnarinnar að líta eftir útibúunum, svo þennan kostnað þyrfti ekki að óttast.

Háttv. framsm. tók það upp aftur, að landsbankinn gæti ekki borið sig, þó hann yrði aukinn, hvort heldur svo, að hann gæti gefið út 2 milj. kr. í seðlum, eða svo, að hann gæti gefið út 1,500,000 kr.; en eg þykist nú hafa sýnt fram á hið gagnstæða. Okkar litli banki hefir getað lagt upp mikið fé. En af því dreg eg þá ályktun, að banki með margfalt meiru starfsfé mundi geta lagt upp að minsta kosti jafnmikið.

Háttv. framsm. (Þ. Th.) vék svo að hlutafélagsbankanum. Hann sagði, að það mundi vera fengin full trygging fyrir því, að það fé, sem bankinn hefði með höndum, yrði brúkað innanlands, og gerði enda ráð fyrir, að mikið af því mundi verða íslenzkt fé. Eg held, að háttv. framsm. hafi líka hér farið of langt. Að minsta kosti hélt eg hann mundi verða mér samdóma um það, að Íslendingar eignuðust ekki strax hlutabréfin. Við höfum engin efni á að kaupa þau strax, og líklega eignumst við þau aldrei til nokkurra muna. Annaðhvort græðir hlutafélagsbankinn, eða hann græðir ekki. Ef hann græðir, þá vilja þeir menn, sem eiga hlutabréfin í upphafi, ekki sleppa þeim; ef hann tapar, viljum vér ekki eignast þau, því þá töpuðum við á þeim. Eg get heldur ekki kannast við, að full vissa sé fengin fyrir því, að fé hlutafélagsbankans mundi verða brúkað í landinu sjálfu. Hvað er fé bankans? Það er seðlar og gull. Seðlarnir mundu kannske verða brúkaðir í landinu, því þeir mundu ekki ganga annarstaðar. En gull gengur alstaðar, og er engin trygging fyrir, að það verði í landinu. Í fyrirkomulagi bankastjórnarinnar fyrirhuguðu liggur heldur ekki full trygging í þessu efni. Hluthafar kjósa 3 í bankaráðið, og fulltrúar þeirra verða auðvitað útlendingar. Það er heldur engin trygging fengin fyrir því, að oddamaðurinn, ráðherrann, verði Íslendingur. Vitanlega mætti treysta góðum vilja hans, en hann kynni að verða ókunnugur högum vorum. Það má finna menn í Danmörku, sem tala og rita íslenzka tungu. Og þá höfum við ekki öðrum að treysta en fulltrúunum þremur, sem alþingi kýs. Þeir yrðu í minni hluta, og ekki ómögulegt, að einhver þeirra slæddist enda yfir á band hinna.

Annars vil eg einungis geta þess, að það hefði kannske ekki verið til of

mikils mælst, að útvegaðar hefðu verið upplýsingar um það af bankastjórninni, með hvaða kjörum lán mundi fást. En það hefir nú einu sinni ekki verið gert, og það dugar ekki að sakast um orðinn hlut.

Eg get lýst því yfir, að eg álít hlutafélagsbankann, sem nú er farið fram á, miklu aðgengilegri en þann, sem var farið fram á 1899. Og eg get persónulega lýst því yfir, að eg álít hann aðgengilegan, ef sú verður raunin, að vér getum ekki með lántöku eða á annan hátt eflt landsbankan, svo að við megi hlíta. En það er þetta, sem eg vil láta rannsaka. Um þetta hefir stjórnin ekki gefið neitt svar, af þeirri einföldu ástæðu, að hún hefir aldrei verið beðin um neitt svar um það. Mér er sagt, að enda einn maður í Þjóðbankastjórninni dönsku hafi gert þá áætlun, að það væri kannske fær vegur, að gera okkar landsbanka að þjóðbanka með því einmitt að taka lán. Eg sé ekki, að þessi vegur sé svo hættulegur, af því, sem nú skal greina.

Þó þetta bankafrumvarp gangi í gegnum þingið, þá er stjórnin ekki skyldug að samþykkja það eða segja af eða á um það fyr en fyrir næsta reglulegt alþingi, vorið 1903. En nú búumst við við því, að það muni verða aukaþing næsta ár. Eg fæ því eigi séð, að neinn dráttur yrði á málinu fyrir því, þó það yrði nú ofan á, að á stjórnina væri skorað með þingsályktunartillögu, að rannsaka, hvort tiltækilegt væri, að landið tæki lán handa bankanum, því að et hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að það sé ógjörningur, þá ætlumst vér ekki til, að hún leggi fyrir aukaþingið frumv. til laga um stofnun hlutafélagsbanka. Þá er engu spilt, því bankinn gæti þá verið kominn á laggirnar fyrir árslok 1902. En þó að þetta frumv. gengi fram nú þegar, þá getum við ekki búist við, að bankinn yrði kominn á stofn fyr en í október 1902.

Min persónulega afstaða til þessa máls er því sú, að við búum að okkar, svo framarlega sem þess er nokkur kostur. Verði það ofan á, að þess sé enginn kostur, þá býst eg við, að eg muni greiða atkv. með hlutafélagsbankanum, með nokkurum breytingum þó.

Guðlaugur Guðmundsson: Aðalatriðið, sem mér virðist hér verða að leggja alla áherzlu á, virðist mér það, að koma upp peningastofnun, sem fullnægir þörfum og kröfum viðskiftalífsins í landinu fyrst og fremst, og það sem um er að ræða í þessu máli, er þá það, hvort heppilegra sé, að gera það á þann hátt, að reyna að auka starfsfé landsbankans svo, að hann fullnægi þessari þörf, eða að stofna hlutafélagsbanka.

Eg hefi heyrt það tekið fram sem ástæðu móti þeim banka, sem hið fyrirliggjandi frumv. hljóðar um, að landssjóðurinn fái svo lítið fyrir seðlaútgáfuréttinn, og sér í lagi svo miklu minna en eftir frumv. 1899. Þetta sýnist vera eðlileg afleiðing af því, að bankinn var eftir frumv. 1899 hugsaður miklu stærri, seðlaútgáfarétturinn víðtækari, tíminn miklu lengri. Hér er að eins gert ráð fyrir lítilli upphæð sem starfsfé bankans, einungis $2^1/_2$ miljón kr., lítilli upphæð, segi eg með vilja, því að eg þykist sannfærður um, að sú upphæð fullnægi ekki nema um örstuttan tíma þeirri viðskiftaþörf, sem er til staðar í landinu. Það er eðlilegt, að minna gjald komi fyrir minni rétt, og því er það konsekvent, að skatturinn, sem hlutafélagið greiðir landssjóði, sé minni, þegar veltuféð er minna og tíminn skemmri. — Þeir sem halda þessu fram, að það sé skaði fyrir landið að stofna hlutafélagsbanka, festa augun á

því einu, að tekjur landsjóðs verða minni af hlutafélagsbankanum fyrirhugaða heldur en landsbankanum, eins og nú er. En er það nú víst, að tekjur landssjóðs og hagur alls landsins í heild sinni fari alt af saman? Eg er viss um, að þetta tvent fer ekki ávalt saman. Og eg er viss um það, að ef hlutafélagsbankinn gerir landinu, viðskiftalífi þess og atvinnuvegum, meira gagn, þá er ekki í það horfandi, þó tekjur landssjóðs sjálfs verði minni í svipinn af honum en af landsbankanum. Hvaðan koma þessar auknu tekjur landssjóðs af landsbankanum? Hvaðan nema beint úr vasa landsmanna, sem við bankann skifta. Þær eru alt svo skattur til landsjóðs af viðskiftalífinu í landinu, innheimtur gegnum landsbankann. Er þá þetta heppilegra en að stofnsetja banka, sem fullnægir þörfum viðskiftalífsins, en leggur engan skatt á landið? Eg skal skýra þetta nánara. Það er farið fram á það í nefndarálitinu, að tekinn sé að láni gullforði, er nemi ½ milj. eða heilli miljón; gullforðinn er lagður fyrir í kjallara bankans og liggur þar geymdur, hreyfingarlaus og arðlaus sem dautt kapítal, en verður að afborgast með 2%.

Sé seðlafúlgan tvöföld við gullforða, verður afborgunin sama sem 1% skattur á alla seðlafúlguna. Af þessu leiðir að til þess að geta lagt þetta fyrir í kjallara bankans á ákveðnum árafresti, hlýtur bankinn að leggja 1% á viðskiftamenn sína umfram kostnað og í lag varasjóðs. Þetta ímynda eg mér, að sé fullkomlega ljóst. Hann verður að leggja 1% á alla viðskiftamenn sína, til þess að geta staðið sig við að geyma gullforðann arðlausan í kjallaranum að eins sem tryggingu fyrir seðlafúlgu sinni. Þar af leiðir, að bankinn verður alt af að bæta 1% við sína »disconto«.

Þegar menn hafa þetta skýrt fyrir augum, verður það skiljanlegt, að banki, sem þarf að afborga sitt lán, hlýtur að vera bundinn við hærri disconto en hlutafélagsbanki, sem enga skyldur hefir til þess að afborga stofnfé sitt. — Hlutafélagsbankinn er ekki skuldbundinn til að gefa hluthöfunum 4%, enda er það ekkert aðalatriði. Hitt er aðalatriðið: Hefir viðskiftalífið meiri hag af hlutafélagsbanka, sem ekki hefir neina skyldu til að svara hluthöfum vissri procentuhæð og heldur enga skyldu til þess að afborga stofnfé, — heldur en af banka, sem þarf að afborga lán til málmforða? Það er enginn vafi á því, að banki með 3¼ miljónar kapítali getur gert viðskiftalífi landsins miklu meira gagn heldur en banki með 2 - 2½ miljónar kapítali.

Eg ætla ekki að rekja það hér; það er greinlega sýnt fram á það í nefndaráliti meiri hlutans, að það er fyllilega markaður fyrir þá upphæð hér í landinu; það sýnir andvirði húseigna í landinu, fasteigna og tíundarfjár, og það sýnir umsetning verzlunarinnar; og þó að einhver vildi segja, að helmingur allrar verzlunar í landinu væri Svindel, þá mundi þetta kapítal þó hafa nægilegan markað. Það er viðskiftalífið, sem alt byggist á, og það afl þess og þróun, sem öflugur hlutabanki hefði í för með sér, mundi óbeinlínis veita landssjóði margfalt meiri hagnað en þær 7000 kr., sem haldið er fram sem afgjaldi af þessum banka. Eg skal nefna að eins eitt dæmi: Hve mikið hafa tekjur landssjóðs aukist við þær 30 þúsundir króna, sem heimilað hefir verið á undanfarandi fjárlögum að veita sem lán til þilskipakaupa? Eg þykist óhikað mega fullyrða, að fyrir utan þær beinu tekjur, sem landssjóður hefir fengið, þá hafi arðurinn af skipum þeim, er keypt hafa verið í notum þessa

láns, óbeinlínis orðið honum til ábata. Aukning atvinnuveganna mundi færa landssjóði miklu meiri tekjur en sem tillagi bankans svaraði, og miklu meiri tekjur en sem svarar afgjaldi landsbankans nú. Vér vitum allir, hve mikla þýðingu Landsbankinn hefir haft fyrir þær stöðvar þar sem hann hefir starfað, fyrir Rvík. Hve mörg hús mundu hér ekki óbygð, ef eigendurnir eða réttara sagt byggjendurnir hefðu ekki notið hjálpar hjá bankanum. Hið sama mundi verða uppi á teningnum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, ef þar væru stofnuð útibú; þau mundu hafa hin sömu áhrif á þær stöðvar, sem Landsbankinn á Reykjavík; þau mundu auka fram leiðsluna á þessum stöðum, auka viðskiftin, yfir höfuð auka auðmagnið. — Hér er mikið auðmagn, ef það að eins fær þann stuðning, sem það þarf til þess að koma fram. Má eg spyrja: Hvaðan er allur sá auður kominn, sem liggur í þeim byggingum, sem risið hafa upp alstaðar á landinu, sérstaklega í kaupstöðum og kauptúnum, um 4—5 miljónir á síðustu 15—16 árum; og mér er óhætt að fullyrða, að húsabyggingar í sveitum hafa vaxið hátt upp í það að sama skapi — hvaðan koma þessar miljónir, sem þær hafa kostað? Það eru launin fyrir vinnu landsmanna og framleiðslu. Vitaskuld eru þetta bundin öfl að miklu leyti enn þá sem komið er, af því að það vantar stuðning frá banka, sem getur leyst þau. Hve mikill mundi munurinn verða, ef hér kæmi hlutafélagsbanki, sem gæti verið öflug vogarstöng undir þá krafta sem nú liggja bundnir?

Eg ímynda mér, að menn muni geta séð, að á þessum stöðum muni áhrif hlutabanka verða hin sömu og áhrif landsbankans á Reykjavík, og vér getum leitt getum að, hver þýðing hans mundi verða fyrir viðskiftalífið á þessum stöðum. Landsbankinn gerir ekki ráð fyrir, að hann geti stofnað nema 1 útibú, á Akureyri; en þessum banka er beinlínis gert það að skyldu, að stofna útibú á þremur stöðum. (*Lárus H. Bjarnason*): Við gerum líka ráð fyrir útibúum á 3 stöðum). Það er sitt hvað, að gera ráð fyrir og gera að skyldu. Háttv. minni hluti getur ekki skyldað Landsbankann né stjórnina til þess að stofna útibú. Ef bankastjórnin segir: Eg get ekki stofnað útibú vegna féleysis, þá getur stjórnin ekki skipað henni að gera það.

Framsögum. minni hlutans (Tr. G.) sló því fram, að kaupmenn mundu nota hlutafélagsbankann mest, og er það mikið rétt. Hann segir með því, að aðalhlutverk bankans sé að styðja verzlun landsins, gera verzlunina sem mest peningaverzlun. Koma þessari vöruskiftaverzlun, sem hér þraukar yfir öllu landi, í það lag, að menn geti selt og keypt fyrir peninga. Saga verzlunarinnar á þessari öld er eymdarsaga atvinnuveganna; enn í dag liggur vöruskiftaverzlunin á þeim eins og farg, og jafnvel í höfuðstaðnum er það ekki nema 1 maður, sem kaupir íslenzka vöru fyrir peninga; — þessi banki á að koma lagi á breytingu í þessa átt.

En háttv. framsm. (Tr. G.) vildi halda því fram, að bankinn mundi ekki koma landsmönnum til góða; hann væri fyrir kaupmenn, ekki fyrir alþýðu. En þetta er mjög skökk skoðun, — því að hver hlutur, sem hefir veruleg áhrif á verzlunina í landinu, snertir hvert mannsbarn í landinu, sem eitthvað hefir að kaupa og selja. Eg skal taka það fram til skýringar, að verzlunarstjóri nokkur fyrir mjög stórri verzlun á Suðurlandi var staddur á fundi, þar sem bankamálið kom til umræðu, og sagði

hann þá, að ef til væri bankastofnun í Reykjavík, sem hefði nægilegt fé til þess að veita lán um stuttan tíma, til þess að borga með vörur landbóndans, þá mundi hvert ullarpund verða borgað í peningum. Eg þarf ekki að lýsa, hverja þýðing það hefði fyrir landbóndann, ef hann fengi vöru sína borgaða í peningum, í staðinn fyrir, eins og og nú, í skjaldaskriflum og baugabrotum út úr búð. Eg skal fullyrða, að hér á þingi mun engin ályktun verða tekin, er geri eins gagngerða breyting á högum landbóndans. — Eg skal bæta því við, að þessi verzlun, sem eg mintist á, er svo efnum búin, að eg þori að fullyrða, að bankastjórnin mundi hve nær sem vera skyldi trúa henni fyrir 100 þús. kr. eða meira. — Nei, ef meta skal hag landsmanna meir en »Gyðingagróður« landssjóðs, þá er ekki vafasamt, hvorn veginn á að fara. Ef bankinn er í einstakra manna höndum, mun meira verða gert af hans hálfu til að vekja viðskiftaþörfina, því hann þarf að finna markað fyrir peningana, og til þess að reisa upp atvinnufyrirtæki til mikilla framfara fyrir landið.

Háttv. þm. Snæf. (L. B.) skaut því fram, að ekki væri nein trygging fyrir, að fé verði látið vinna í landinu né heldur að Íslendingar réðu fyrir því. Eg skil ekki, að hann skuli vera varfærnari en stjórnin sjálf. Stjórnin fann að því, að það ákvæði væri í frumv. 1899, að útibú skyldi vera í Kaupmannahöfn; það væri hættulegt, vegna þess að fé festist um of á útlendum markaði. Og í öðru lagi fann stjórnin það til, að kapítalið væri of stórt. Þetta hvorttveggja er numið burt. Kapítalið er ekki stærra en landið getur borið. Fundir fulltrúa eru í Reykjavík, bankaráðsins líka, og er helmingur þess kosinn af þinginu, en ráðgjafi eða landshöfðingi formaður þess. Eg skil ekki, hvaða trygging það er, sem háttv. þm. (L. B.) vantar, nema ef vera skyldi þá, að hann sjálfur verði lögbundinn í formannssæti, — en annað mál væri það, hvort stjórn bankans og hluthafar væru honum samdóma um það. — Eg hef ekki trú á að senda stjórninni þingsályktun um þetta mál; hún fekk slíka tillögu frá síðasta þingi og hún tók henni þá vel, lét rannsaka málið, gerði sitt til að fá það rækilega íhugað, með því að útvega álit þeirrar stofnunar, sem er alkunnug fyrir áreiðanleik og bezt fær um að dæma um þettta efni; hún hefir sjálf þvælt í gegnum málið, fundið 1 eða 2 atriði athugaverð í frumv. þingsins, og þau eru numin burtu. Má eg nú spyrja: mundi ekki slík framkoma með réttu mega kallast undarleg, þar sem stjórnin hefir unnið sitt verk, sem þingið fól henni, unnið það venju betur? Þá segði þingið við hana: far þú og lestu betur! Slíkt er alveg ástæðulaust. Og stjórnin hefir þar á ofan rannsakað þetta spursmál, sem háttv. minnihluti nú vill sérstaklega leggja fyrir hana. Hún hefir úttalað sig um, hvort landsjóður eigi að spekúlera í því, að stofna seðilbanka, og hún álítur, eins og eðlilegt er, að það liggi fyrir utan hans verkahring. Eg hef nú ekki trú á, að stjórnin geri annað við þingsályktunartill. í þessa átt en að leggja hana á hilluna, og stjórnin hefir ástæðu til þess að leggja hana á hilluna; hún hefir oft lagt fyrir það, sem minni ástæða var til en þetta. Afleiðingin af tillögunni mundi þá að eins verða sú, að dráttur yrði ef til vill á málinu; en það er skaði, — hvert ár sem líður svo, að bankinn er ekki stofnaður, bakar landinu mikinn skaða.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. þm.

V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um það, að dautt kapital lægi í bankanum, og yrði hann því dýrari en hlutafélagsbanki. Það er satt, að dautt kapital liggur í kjallara bankans, dautt að því leyti sem það ekki cirkulerar sjálft, en hann verður að gæta að því að út á þetta kapital eru gefnir seðlar, sem gefa rentur. Eg skal sýna honum þetta með dæmi: Ef 100 kr. í gulli eru lánaðar út gegn 4—5%, þá hefir maður þá rentu, og eru þá þessar 100 kr. lifandi kapital. Séu nú þessar 100 kr. í gulli lagðar fyrir og gefnir út á þær 200 kr. í seðlum, og lánaðir út með 5%, þá fær maður 10 kr. í rentu af þeim 200 kr., og sér þingmaðurinn þá, að gullið var lifandi kapital, þó geymt væri, og ekki haft sjálft í circulation. Svona er það með fleira hjá háttv. þm. (G. Guðm.), að hann skoðar að eins aðra hliðina, en ekki báðar. — Því græðir seðlabanki, að hann hefir gróða af því að gefa út seðla upp á það gull, sem hann á geymt í kassa. — Hvað útibúin snertir, hef eg hugsað mér, að hentugast væri, að byrja með einu útibúi fyrst, sjá hvernig því reiddi af; ef vel tækist til með það, væri sjálfsagt, að stofna 2 önnur. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að hlutabankinn mundi stofna 3 útibú strax. En eru nokkur ákvæði til í frumv. um það, hvernig þau eiga að vera? Það er ekki minst einu orði á fyrirkomulag þeirra og þau skilyrði, sem eru fyrir lánum þeirra.

Háttv. þm. (Guðl. G.) játaði, að þessi banki væri aðallega fyrir kaupmannastéttina (*G. G.*: Verzlunina!). En eins og ástandið er, er það óskemtilegt, að fara setja banka á laggirnar fyrir kaupmannastéttina, eins og hún nú er, á meðan hún er útlend og óþjóðleg. Kaupmaðurinn, sem hann talaði um, er útlendur; hann getur sjálfur skaffað peninga til að kaupa íslenzku vöruna fyrir, et hann vill; það er alt annað en hlutabankaleysi, sem er undirrót vöruskiftaverzlunarinnar. Það er verðið á innlendu vörunni, sem er ástæðan til hennar.

Háttv. þm. sagði, að það væri sama sem að gefa stjórninni á munninn, ef þessi þingsál. væri samþykt, af því stjórnin væri búin að segja álit sitt um málið. Jæja; — tvennir eru nú dagarnir. Það eru þó ekki nema fáir dagar síðan að þm. sagði, að það væri alveg óforsvaranlegt, að stjórnin segði ekki sitt álit á málinu; en nú er það talið ófært af þm. Rvk. (Tr. G.), að æskja álits stjórnarinnar. Stjórnin á þó kost á að tala við bankafróðari menn en þá, sem hér eru inni. Eg fyrir mitt leyti álít það ilt og óviðfeldið, að erlendir menn setjist hér að og verzli með peninga, og það á þann hátt, sem gert er hér ráð fyrir. Hlutabankinn sjálfur á að hafa svo sem 24%, en svo á landssjóður að láta sér nægja með leifarnar; hann á að sitja á hakanum. Erlendir menn eiga að fá seðlaútgáfuréttinn fyrir rúm 2 þús., sem landsbankinn nú borgar 7,500 kr. fyrir, og þar að auki á landssjóður alveg að sleppa hagnum við seðlaútgáfuna. Hann á að fleygja frá sér einum 26—30 þús. Eg skil satt að segja ekki, hvernig sumir háttv. þm. líta á þetta mál. Eg vil, að hér sé stofnaður privatbanki við hliðina á landsbankanum, og eg vil ekki sleppa seðlaútgáfuréttinum, sem með tímanum kann að verða mjög mikils virði.

Lárus H. Bjarnason: Eg sá strax og eg settist niður, að eg hafði gleymt einu aðalatriðinu úr ræðu minni áðan, sem sé því, að lánin hjá hlutabankanum verða engu ódýrari en hjá landsbanum. Það er gert ráð fyrir því í 14. gr. frumv., að borga skuli hluthöf-

um 4% af arðinum, og ennfremur eru áætlaðar 45 þús. til kostnaðarins við rekstur bankans, en það er 1½% af starfsfé bankans; samanlagt verður 4% + 1½% = 5½%, sem er hið sama og við höfum gert ráð fyrir, að landsbankinn mundi lána fé sitt út fyrir. Og það er enda mjög líklegt, að hlutafélagsbankinn mundi taka meira; hann mundi taka hið sama og fengist í útlöndum, en þar taka bankar oft 6 – 7 og jafnvel 8% í diskonto. Aftur á móti mundi innlendur þjóðbanki aldrei taka meira en 5½%, fengi hann gullánið gegn 4½%, en gæti þvert á móti tekið minna. Eg tel það og ábótavant við hlutabankafrumv., og að minsta kosti mjög óviðkunnanlegt, að landssjóður skuli eiga að fá minna fyrir seðlaútgáfuréttinn hjá honum en hjá landsbankanum nú, enda þótt seðlafúlga hans sé þrisvar sinnum meiri. Þetta er að vísu í mínum augum ekkert höfuðatriði, en eg álít óviðurkvæmilegt, að útlendur banki borgi að eins 2½ þús., þegar hinn innlendi banki nú borgar 7½ þús. Svo er eitt ákvæði, sem algjörlega vantar í frumv.; það eru engin ábyrgðarákvæði lögð við því, að hlutafélagsbankinn brjóti lögin og samninga þá, er stjórnin gjörir við forgöngumenn hans. Loks vil eg geta þess, að það er sitt hvað, að fé sé til í bankanum og fé sé lánað úr bankanum. Landsbankinn lánar gegn fasteignarveði, sjálfskuldarábyrgð, vátryggingarbréfum, og hann lánar líka sveitarfélögum, en þess konar lán veitir hlutafélagsbankinn ekki samkvæmt eðli sínu. Hann verður því aðallega víxilbanki. Hann eykur þess vegna hvorki skipastól né húseignir í landinu. Fé bankans er og alt of lítið til þess, að geta bætt úr vöruverzlaninni. Því munu það einkum verða kaupmenn, og það helzt í kringum Reykjavík, er notað geta þennan banka. Háttv. þm. V. Skaftf. (Guðl. Guðm.) áleit, að næg hola mundi verða fyrir 3¼ miljón hlutafélagsbankans. Það kann vel að vera, en Þjóðbankinn gerir að eins ráð fyrir 2—2½ miljóna þörf. Taki háttv. þm. álit hans gilt að sumu leyti, verður hann einnig að taka það trúanlegt í þessu atriði.

Háttv. sami þm. fann það hugmyndinni um aukning Landsbankans að foráttu, að honum væri ætlað að liggja með gullið vaxtalaust, og þó greiða vexti og afborganir af því. En mér er spurn: eiga ekki báðir bankarnir að leggja gullið fyrir? Verða ekki báðir bankarnir jafnt að reikna sér vexti af þessu fé? Og, að því er afborgunina snertir, er nokkur sönnun fyrir því, að þeir Arntzen & Warburg þurfi ekki líka að lána fé til hins fyrirhugaða hlutabanka, og því einnig greiða afborgun? Að lokum lýst mér gagnið af bönkunum muni verða svipað, þar sem seðlafúlga landsbankans á að verða 2 miljónir, en hins að eins 2½ miljón; en fé landsbankans mun verða það notadrýgra, sem hann mundi hjálpa fleirum en hlutafélagsbankinn.

Eg þykist nú hafa sýnt fram á, að hlutabankafrumv. er að ýmsu ábótavant; en það, sem því er áfátt, má auðvitað að nokkru leyti bæta með breyt.-till. Það mætti t. d. láta Landsbankann standa við hlið hlutafélagsbankans. Eins og það nú liggur fyrir, hlýt eg að vera því mótfallinn.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Það eru nú orðnar langar umr., og yrðu æðimikið lengri, ef eg ætti að eltast við alt það, sem fram hefir komið af hendi andmælenda; en eg ætla að svara fæstu af því, en að eins fyrst að minnast á eitt atriði í áliti minni hlutans, sem eg gleymdi í fyrri

ræðum mínum. Minni hlutinn kveður sig ekki hafa átt kost á að fá frumv. rætt í nefndinni. En þetta er eðlilegt. Eins og kunnugt er, klofnaði nefndin og minni hlutinn vildi ekki sinna hlutafélagsbankahugmyndinni, og þess vegna gat meiri hlutanum ekki dottið í hug, að fara að bera frumv. undir minni hlutann, og ræður því líka auðvitað sjálfur, hvað hann kemur fram með. Svo var það annað í álitinu, sem ekki er rétt, og það er það, að meiri hlutinn hafi ekki gefið minni hluta kost á að láta álit sitt fylgja nefndaráliti meiri hlutans. En nefndin gaf kost á þessu, þar sem annar maður minni hlutans hafði meirihlutaálitið hjá sér heilan dag, og það var lesið upp fyrir báðum, og ekki prentað fyr en viku seinna en það var lesið upp í nefndinni, svo minni hlutinn hafði nægan fyrirvara til þess að koma með álit sitt í tæka tíð.

Það var margt í fyrri ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem ekki var rétt hermt. Meiri hlutinn hefir þannig aldrei efað það, að lán kynni að fást, heldur hitt, hvort stjórnin myndi tilleiðanleg til að taka lánið. Eins er það skakt hjá háttv. þm., að úr því gert sé ráð fyrir, að hlutabankinn geti haft 2,600,000 úti, þá eigi minni banki að geta haft úti svo mikið fé, að það nemi 90%. En verði nú bankinn á 4 stöðum, og enda hvort sem er, þá má altaf gera ráð fyrir, að liggi töluvert meira fé inni en sem svarar 10%. Vitanlega má gera ráð fyrir, þegar peningaþörfin er mikil, að minni banki hafi tiltölulega meira fé úti; en að það nemi 90%, nær engri átt. Til þess að réttlæta álit minni hlutans, að því er áætlanina um kostnað við bankahald í Reykjavík snertir, stakk sami háttv. þm. upp á því, að minka laun starfsmanna, þegar þeir, sem nú væru, færu frá. En fyrst og fremst geta nú þessir menn lifað öll þau 28 ár, sem lánið á að afborgast (*L. B.*: Þá má segja þeim upp!), og svo er í annan stað varúðarvert að minka laun slíkra manna, því þar sem mikil peningaleg ábyrgð er, þurfa launin einnig að vera góð. Það sem gerir sýslumannslaunin hærri en önnur laun hér á landi, er einmitt hin mikla peningalega ábyrgð, er því embætti fylgir. Eg kysi heldur, að útibúin yrðu dálítið dýrari, til þess að fá hæfa og góða menn til þess að standa fyrir þeim; að spara of mikið við þau, kynni að borga sig illa.

Háttv. þingm. Snæf. (L. **H**. B.) hafði einnig á móti þeirri skoðun, að hlutirnir að síðustu mundu lenda í landinu, og sagði, að ef bankinn græddi, mundu útlendingar ásælast hlutabréfin, en ef hann tapaði, vildu Islendingar ekki eiga þau, þó þeim þá byðust þau. En þetta er nú ekki rétt. Maður getur ekki gert ráð fyrir, að stofnendurnir lifi æ og eilíflega. (*Lárus H. Bjarnason*: Þá erfingjarnir!). Erfingjarnir heldur ekki, og svo eru aktíubréf ekki svoleiðis munir, að þau séu alt af geymd á kistubotni.

Ef háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vill líta í útlend blöð, getur hann séð, að aktíubréf ganga dags daglega kaupum og sölum, eins og önnur vara, og er mikið spekúlerað með.

Hvað er þá eðlilegra, en að íslenzkir efnamenn, kaupmenn og fleiri, kaupi bréfin; skyldi vera eðlilegra, að menn frá Rússlandi, Ítalíu, Spáni eða Ameríku fari að ásælast þau?!

Þá vill loksins minni hlutinn láta málið bíða og láta stjórnina leggja frumv. fyrir þingið; ef hún sjái engin ráð til að auka landsbankann, þá geti hún lagt hlutabankafrumv. fyrir. — En má eg nú spyrja, hvort er heppilegra, að taka góðu boði, þegar það

býðst, eða bíða og fara svo að ganga eftir mönnunum aftur, þegar þeir eru ef til vill orðnir afhuga öllu. (*Lárus H. Bjarnason*: Þetta er enginn greiði, heldur forretning!). Það er það en ekki er það svo glæsileg forretning fyrir útlenda peningamenn, er geta varið fé sínu svo miklu betur og á arðvænlegri hátt. (*Lárus H. Bjarnason*: Brjóstgæði!!). Getur verið.

Það er líka misskilningur hjá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að það eigi að greiða 4% til hluthafa. Í 14. gr. stendur, að fyrst þegar hluthafar séu búnir að fá 4%, eigi landssjóður að fá 10% af afganginum, og það er annað.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) fanst vanta ákvæði um samband bankans við útibúin, en það heyrir ekki lögum til, það er bankaráðið, sem á að ákveða það.

Það var tekið fram, að varhugavert væri að stofna banka þenna, af því hann yrði fyrir kaupmenn aðallega.

Háttv. þm V. Sk. (Guðl. G.) athugaði gegn því, að alt sem maður gerði fyrir kaupmenn, gerði maður fyrir landið; og það getur verið rétt, svo framarlega sem kaupmaðurinn kaupir innlendu vöruna fyrir peninga. En nú fær hann ekki fé til þessa nema í útlöndum, og það kostar mikið að flytja peninga, kaupa ábyrgð á þá, rentumissir o. s. frv. Væri aftur á móti hægt að nota ávísanir hingað, yrði kostnaðurinn sáralítill.

Eg þykist nú ekki hafa frekara að athuga að sinni, en vonast til, að málið verði látið ganga til 2. umr.

Það virðist ekki öllum svo ljóst, að vanþörf sé á að fresta því til næstu umræðu, svo mönnum gefist kostur á, að athuga það betur.

Tryggvi Gunnarsson: Eg skal lofa því, að vera fáorður nú, af því, að tíminn er naumur, og skal eg meðal annars alveg leiða hjá mér, að tala um, hvað fram fór milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar viðvíkjandi nefndarálitunum.

Eg skal taka það aftur upp, sem eg sagði áðan, að meiri hlutinn hefði ekki gert réttilega upp á milli landsbankans og hlutafélagsbankans, þegar hann var að áætla, hvað mikið hvor þeirra um sig mundi að jafnaði eiga útistandandi af seðlum.

Það virðist vera auðsætt, að banki með 1½ miljón króna í seðlum á miklu minna á hættu með að liggja með mikið af seðlum á vetrum, en banki, sem hefir í veltunni 2½ miljón króna í seðlum; eg er viss um, að það yrði mjög mikið ónotað af seðlum þessa banka að vetrinum.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði mikið um þennan kaupmann, sem ekki þættist geta keypt og selt hér vörur fyrir peninga, af því að engin peningastofnun væri til hér í landinu, sem hann gæti fengið peninga hjá. En eg get gefið þær upplýsingar, að þessi kaupmaður hefir fengið peninga í landsbankanum eins og hann hefir viljað, svo að ekki hefir það verið í veginum.

Háttv. frmsm. (Þ. Th.) talaði um, að kaupmenn vildu ekki senda peninga hingað til landsins, til að kaupa vörur fyrir, af því að það kostaði þá svo mikið. En hvað mundi það kosta bankann, að liggja með ½—1 miljón króna yfir veturinn handa kaupmönnum til notkunar að sumrinu? Því, eins og hér hagar til, mundu kaupmenn ekki brúka peninga bankans nema svo sem hálft árið. Mundi nokkur banki geta staðið sig við þetta, að liggja með framt að helmingi starfsfjár síns arðlaust hálfan starfstímann, sem ætti að vera? Eg held ekki.

Eg skal ekki halda átram að þrátta

um það, hver hluti nefndarinnar hafi réttara fyrir sér í reikningi sínum. — En víst er um það, að hinn núverandi banki hefir hingað til getað grætt, þótt hann hafi ekki haft nema ½ miljón króna í seðlum (*Þórður J. Thoroddsen*: En hann hefir ekki heldur greitt nema 1% í vexti), og því meira hlýtur hann að græða á 1½ miljón króna, því að kostnaðurinn við bankahaldið verður lítið meiri, þótt starfsfé hans aukist nokkuð.

Háttv. framsögum. (Þ. Th.) sagði, að landsbankinn yrði að taka hærri vexti eftirleiðis, ef hann tæki gullforða að láni, því að þá kæmu til bæði vaxta-afborganir og afborganir af láninu. — En þess er að gæta, að nú hefir bankinn 750,000 krón. í seðlum án þess að þurfa að hafa nokkura trygging fyrir í gulli; ábyrgð landssjóðs kemur í þess stað, og fyrir hana þarf bankinn ekki að borga nema 1%.

Hér er ekki um svo lítinn hagnað að ræða, sem menn nú vilja sleppa.

Geri menn ráð fyrir, að í gulli ætti að liggja til tryggingar helmingur úr 750,000 kr. eða 375,000 kr., og séu rentur af því reiknaðar 4½ %, verða þær 16825 kr., og enn fremur dregið frá því þessi 1%, sem landssjóður fær, þá á bankinn þó eftir, sem honum sparast við að þurfa ekki að liggja með neinn gullforða til tryggingar seðlum sínum, 9325 kr.

Væri nú svo að farið, að landssjóður héldi áfram að ábyrgjast jafnan seðlaforða fyrir bankann og með sömu kjörum og hingað til, en bankinn trygði að eins með gulli það sem hann gæfi út í viðbót af seðlum, þá mundi háttv. framsögum. (Þ. Th.) ekki þurfa að fárast mjög yfir hættunni af, að landsbankinn mundi þurfa að vera dýrari í viðskiftum en hlutafélagsbankinn; þvert móti.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð að biðja um leyfi til að gera örstutta leiðrétting á ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.). Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) sagði, að minni hlutinn hefði ranghermt tvent í nefndaráliti sínu, annað það, að minni hlutanum hefði ekki gefist kostur á, að láta umsögn sína um málið fylgja áliti meiri hlutans, og hitt, að minni hlutinn hefði ekki getað fengið því framgengt, að frumv. þeirra Arntzens og Warburgs væri rætt í nefndinni. Þetta hvorttveggja er keiprétt, eins og það stendur í áliti minni hlutans, hvað svo sem háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) segir um það.

Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) kom til mín 6. ágúst kl. 12½ — eg man það nákvæmlega, því að eg leit á klukkuna og benti jafnframt háttv. framsögum. (Þ. Th.) á hana — og segir, að minni hlutinn verði að hafa álit sitt albúið til prentunar kl. 7 um kvöldið, ef það eigi að geta orðið samferða áliti meiri hlutans.

Þetta var einmitt sama daginn, sem önnur umræða fjárlaganna stóð yfir, svo að geta má nærri, hvað gott var um tíma til að semja nefndarálit.

En viti menn: kl. 3 sama dag kemur háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) til mín og segir, að því miður sé nú búið að prenta álit meiri hlutans; og með þessu var algerlega loku skotið fyrir, að álitin gætu orðið samferða.

Um frumv. er það að segja, að eg lét það í ljósi, að eg vildi, að það yrði rætt í nefndinni, en háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) svaraði því þannig, að ekki væri til neins að ræða það í nefndinni, eins og sakir stæðu.

Af þessu vona eg, að háttv. deild sjái, að ekki er neitt ranghermt um þessi atriði í áliti minni hlutans.

Frsm. (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg verð að taka það upp aftur, sem eg sagði áðan

út af orðum hins h. þm. Snæf. (L. H. B.), að h. minni hluti hafði heyrt álit meiri hlutans lesið upp á tveim nefndarfundum, og að háttv. þm. hafði haft það heima hjá sér heilan sólarhring; en eftir afstöðu þeirri, er háttv. minni hluti tók í bankamálinu, var þýðingarlaust að fara að ræða um frv. við hann á nefndarfundum.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 13. ágúst. Frv. C bls. 518—21, brtt. bls 570.

Framsögumaður meiri hlutans (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að frumv. það, sem hér liggur fyrir deildinni, um stofnun hlutafélagsbanka, sé bygt á sama grundvelli og í sama sniði og frumv. það, er lá fyrir alþingi 1899. En þó það sé með sama sniði, þá er það mjög svo breytt frá því sem þá var, að það má eiginlega kalla það alt annað frumv., þegar litið er til hinna einstöku ákvæða, sem eru í þessu frv. og frumv., sem var fyrir þinginu 1899. Eg skal, til þess að skýra fyrir mönnum frumv., eins og það liggur nú fyrir, ganga í gegnum hinar einstöku greinar og stuttlega skýra frá, í hverju það er frábrugðið frumv. frá síðasta þingi, og hinum helztu ástæðum fyrir breytingunum.

Í inngangínum til frumv. er, eins og áður hefir verið getið um, seðlaútgáfuleyfið bundið hér í frumv. við 30 ár, þar sem það í frv. frá 1899 var bundið við 90 ár. Eftir till. þjóðbankans hefir tíminn verið styttur, sérstaklega af þeim orsökum, að áður fyr á tímum var seðlaútgáfuleyfið bundið við langt um lengri tíma en nú gerist alment. Orsökin til þess er sú, að nú eru aðrir tímar og menn eru farnir að hugsa meira um peningaverzlunina nú á dögum heldur en áður; því áður fyr á tímum voru seðlabankar stofnaðir sérstaklega fyrir ríkin sjálf. Og þeir, sem gengust þá fyrir bankastofnunum, vildu ekki gera það með öðru móti en að þeir fengju langan seðlaútgáfurétt. Vanalega var það þá þannig, að þessir bankar tóku upp á sig að lána ríkinu eða tóku upp á sig einhverjar skuldir fyrir ríkið; og þess vegna var tíminn svona langur.

Þjóðbankinn álítur, að það sé nóg 25 ára tímabil, og stjórnin mundi ganga inn á það, þó tímabilið væri 40 ár; en okkur flutningsmönnum hefir komið saman um að láta það vera 30 ár. En þó breyttill. kæmi í þá átt, að stytta enn meir tímabilið, þá mundum við ganga að því, en þó mun varla vera að tala um að hafa það skemmra en 25 ár, og það sérstaklega af því að hér á Íslandi er peningamarkaðurinn ef til vill ekki eins góður og í öðrum löndum; það er eiginlega óyrktur akur, svo að það þarf nokkurn tíma til þess, að kenna mönnum að brúka bankann til ýmsra fyrirtækja.

Þá höfum við bætt inn í 1. gr. frv. frá 1899 ákvæði um það, að þeir Íslendingar, sem ætla sér að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, skuli hafa 6 mánaða frest frá því, er lögin koma í gildi. Eg álít nauðsynlegt, að tiltaka einhvern tíma, en láta það ekki í sjálfs vald stofnendunum, hve langan tíma þeir ætla Íslendingum að skrifa sig fyrir hlutum. Ef Íslendingum væri það áhugamál og þeir væru svo efnum búnir, að þeir gætu skrifað sig fyrir öllum hlutunum, þá ætti þetta að vera nógur tími.

Þá er önnur breyting við 1. gr., að það var ákveðið 1899, að landssjóður skyldi hafa rétt til að skrifa sig fyrir 2 miljónum; en þessu höfum við flutnm. slept, af því að þjóðbankinn tekur það fram, að það muni vera lítil líkindi til,

að landssjóður, þó hann hafi þessa heimild, muni brúka hana. Og stjórnin hefir gefið það upp, að hún mundi ekki eða varla brúka þessa heimild, þó hún væri gefin. Eins er það, að það er ekki nauðsynlegt, þó maður vilji láta skrifa landssjóð fyrir einhverjum hluta af bankanum, að hafa ákvæði um það í þessum lögum; því það yrði að gefa stjórninni heimild til með sérstökum lögum að taka lán, og þá hefir náttúrlega landssjóður sömu heimild eins og hver annar Íslendingur og hver annar maður til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum. Það er komin fram breyttill. hér, sem vill setja inn svona lagaða heimild fyrir landssjóð, til að skrifa sig fyrir $^2/_5$ hlutafjárins, og meiri hlutinn hefir í sjálfu sér ekkert á móti því; því það gerir ekki til né frá þetta ákvæði, þó það verði sett inn, og mun fyrir sitt leyti, ef menn vilja heldur hafa það, greiða atkvæði með því, án þess meiri hlutinn álíti það hafa nokkra þýðingu.

Við aðra grein hefir breyting verið gjörð á hlutafénu, að það sé að eins 2 miljónir, þar sem það í bankalagafrv. frá 1899 var ákveðið 5 miljónir. Þegar hlutaféð er svona lítið, og seðlaútgáfuréttinn bundinn við ekki meira en $2^1/_2$ miljón, þá álítum við, að það sé full trygging fyrir því, að féð verði hvergi brúkað nema hér á landi. Það hefði þó heldur verið með eins mikilli upphæð eins og tiltekin var 1899, að full ástæða gat verið til að ætla, að eitthvað af fénu yrði brúkað í útlöndum, án þess nokkurum hafi dottið í hug, að þessir menn mundu stofna banka og fá seðlaútgáfuréttinn eingöngu til að brúka féð erlendis, en svíkjast um að hafa banka hér; það datt víst engum í hug.

Við 5. gr. eru ekki miklar breytingar. Þó er það ákvæði sett inn, eftir till. þjóðbankans, að seðlar megi ekki fara fram úr $^1/_4$ af málmforðanum. Við álítum að þetta væri nauðsynlegt af því, að fyrir seðlunum lægi gulltrygging, en ekki eingöngu eða mjög lítið af seðlum.

Sömuleiðis er það ákveðið í 6. gr., að helmingurinn af gullforðanum eigi að vera gullmynt Norðurlanda. Það er líka eftir till. þjóðbankans, og enn líka það, að sá hluti málmforðans, sem á að vera í peningum, skuli vera liggjandi hér á landi. Það var ekki áður tekið fram, í frv. frá 1899; en það er náttúrlega nauðsynlegt að gera það, til þess að tryggja það, að hér á landi séu alt af peningar til að víxla mót seðlum eftir þörfum

Þá er í 7. gr. ein breyting, sem ekki er svo óveruleg, frá því, sem var í frumv. frá 1899, og það er það, að í því var ákveðið, að bankinn mætti lána út á fasteignir, en þó ekki nema eina miljón; en hér er því kipt í burtu. Það er álit allra bankamanna og bankafróðra manna, að seðlabanki, eins og sá sem hér verður, megi ekki binda sig við fasteignalán; hann megi ekki binda svo fé sitt, að lána það út upp á lengri tíma út á fasteignir, og er það sérstaklega þegar féð er svona lítið, að það getur verið varhugavert. — Í frv. því, sem lá fyrir 1899, var hlutaféð 5 miljónir og ótakmarkaður seðlaútgáfuréttur, og þá var ekki of hörð krafa, þó 1 miljón ætti að vera í fasteignalánum; en þegar hér er ekki að tala um nema 2 miljónir í hlutafé og $1^1/_2$ miljónar seðlaútgáfu, þá getur verið varhugavert, að lána út á fasteignir. Þjóðbankinn ræður frá því í áliti sínu, að lánað sé út á fasteignir, og hann álítur það líka óþarft, þar sem veðdeildin er komin upp hér á landi og hún er einmitt ætluð til að lána út á fasteignir.

Mönnum finst nú kannske það sé oflítið, að hafa ekki nema þessa einu veðdeild til þess að lána út á fasteignir, og að það sé nauðsynlegt að geta fengið lán út á fasteignir til skemmri tíma en veðdeildin veitir, t. a. m. 1, 2 eða 3 ára; því sumir vilja veðsetja fast eignir sínar um stuttan tíma, en vilja ekki binda þær um 30–40 ár. En þá ættu þessir menn að geta farið í sparisjóði þá, sem til eru hér á landi, og vil eg sérstaklega í því tilliti benda á sparisjóðinn í Reykjavík, sem eftir okkar tillögum mundi verða skilinn frá landsbankanum og verða sem sérstök stofnun, og sparisjóðsfé er einmitt ætlað til að lána út á fasteignir, reyndar ekki mót afborgun, heldur með vissum uppsagnarfresti. Sparisjóður Rvíkur hefir til umráða 1,200,000 kr. og ætti hann því að geta lánað eitthvað út á fasteignir.

Að öðru leyti álít eg fyrir mitt leyti, að það sé óhætt, að setja það ákvæði í lögin, að bankinn megi lána út á fasteignir um stuttan tíma, t. d. um 1 ár. Þó eitt ár væri ákveðið í lögunum, mætti framlengja lánið ár eftir ár, og svo er t. d. um Noregs banka, sem hefir sama fyrirkomulag og þessi banki, að hann lánar ekki út á fasteignir nema til eins árs, en framlengir lánið árum saman, jafnvel upp í 10 ár. Svo framarlega sem þetta verður ekki frv. að falli hjá stjórninni, eða hr. Arntzen og Warburg, þá er nefndin því ekki mótfallin, að fasteignalán verði veitt af hlutafélagsbankanum, en ekki nema um mjög stuttan tíma.

Þá ætla eg að leyfa mér að minnast á 11. gr. Það er gert ráð fyrir því eftir frumv., að Landsbankinn leggist niður og Íslandsbanki taki við skuldum hans og útistandandi eigum. Það hafa heyrst raddir um það, og það er sérstaklega álit minni hlutans, að Landsbankinn gæti staðið, þó leyfi væri veitt til stofnunar annars seðlabanka. En eg er ekki alveg á því máli. Í fyrsta lagi vegna þess, að maður er bundinn við vissa seðlaupphæð, $2^1/_2$ miljón, og maður veit, að stjórnin gengur ekki inn á, að hafa hana hærri; þá er auðvitað, að ef Landsbankinn fengi að standa með sína $^3/_4$ miljón seðla, þá mundi Íslandsbanki ekki fá rétt til að út gefa meir en $1^3/_4$ miljón í seðlum. En eg efast um, að þeir menn, sem tækjust þá skyldu á hendur, að stofna 3 útibú, mundu ganga að boðinu, ef Landsbankinn stæði. Það hefir ekki lítinn kostnað í för með sér, að stofna útibú, og eg get ímyndað mér, að banki geti ekki borið sig með minna stofnfé en $1^3/_4$ miljón; — og þó að leyfisbeiðendurnir gengju að því, þá efast eg um, að það væri til góðs fyrir landið. Það koma þá tvenns konar seðlar: óinnleysanlegir Landsbankaseðlar, og innleysanlegir hlutabankaseðlar. Hlutabankinn reyndi auðvitað að koma út sínum seðlum, sinni $1^3/_4$ miljón, svo fljótt, sem unt væri; ef það nú sýndi sig, að landið t. d. í vondum árum, þegar lítið er um peninga og arð af atvinnu, bæri ekki þessa upphæð, — eg ímynda mér, að þá mundi verða ofmikið af seðlum, svo að kæmi til innlausnar; þá er eg hræddur um, að menn vildu síður eiga landsbankaseðlana en hina, og gæti það orðið til þess, að seðlar hans kæmust í miskredit. Þetta er að vísu getgáta, en hún hefir þó við nokkur rök að styðjast.

Það er eitt enn, sem stríðir á móti því, að láta Landsbankann standa, og mundi verða því til fyrirstöðu, að mennirnir mundu leggja í að stofna hlutabanka, þar sem annar væri við hliðina á þeim, og það ríkisbanki, og það er

það, að ríkisbankar eru reistir í alt öðrum tilgangi en hlutabankar. Ríkisbanki hugsar síður um að græða; þegar hann er búinn að afla sér varasjóðs, hættir hann að hugsa um að græða, því er hann ekki bundinn við þá diskonto, sem gengur á peningamarkaðinum. Hann gæti þá haft sína diskonto lága, þegar hún er há, o: peningar dýrir í útlöndum. Þetta hefir einmitt sýnt sig á síðari árum; diskonto hefir í útlöndum, að segja í Danmörk og Noregi, verið 6—7—8%, en hér aldrei komist yfir 5%. Þetta, að Landsbankinn er ekki eins knúður til að fylgja diskontó, mundi verða til þess, ef til vill, að spilla fyrir hlutabankanum í bili, og þegar menn sæju það fyrir fram, gæti það orðið til þess, að menn vildu ekki leggja fé í aktíur svoleiðis banka.

14. gr. ákveður um tillag bankans til landssjóðs. Þetta er svo að skilja, að þegar reikningar bankans eru gerðir upp, þá skal bankinn, svo framarlega sem arðurinn til hluthafa er meiri en 4%, greiða landssjóði 10% af sínum árlega ágóða.

En skyldi það nú koma fyrir 1 ár, að allur arðurinn næði ekki 4%, þá fær landsjóður ekkert, en hluthafarnir fá þá þann arð, sem orðið hefir.

Eg get ekki ætlað, að þetta sé nein frágangssök fyrir landsjóð, því að meðan hér er að komast upp öflugur seðlabanki finst mér hann ekki eiga að vera harður í kröfum, og fyrst útgáfurétturinn er bundinn við svo fá ár, hefir þingið alt af tækifæri til að færa gjaldið upp, þegar leyfið er endurnýjað.

Þjóðbankinn segir í áliti sínu, að hann efist um, að það sé yfir höfuð ástæða til, að láta bankann bera nokkurt gjald til landssjóðs. Í frumv., sem lá fyrir síðasta þingi, var gjaldið ákveðið 5000 kr. á ári, þar til varasjóður væri orðinn 1 miljón, eða eftir 20 ár átti landssjóður varasjóðstillag bankans. Um þetta segir Þjóðbankinn, að það sé yfir höfuð vafasamt, hvort ástæða sé til að leggja svona skatt á bankann. Stjórnin fann ekki ástæðu til að sleppa af gjaldinu; en eftir því, sem eg frekast veit, hefir stjórnin í Danmörku gert sig ánægða með 10%.

Í 20. gr. eru tvær breytingar frá frumv. 1899, önnur sú, að ekki er gert ráð fyrir fleirum en 7 í fulltrúaráði bankans, en 11 í frumv. síðasta þings. Stofnendunum þótti ekki ástæða til að setja þessum litla banka svo kostnaðarsama stjórn, og ímynda eg mér, að héttv. deildarmenn séu þeim samdóma um það. Hin aðalbreytingin er það, að slept er úr þeim rétti, sem landssjóður skyldi hafa, eftir gamla frumv., til þess að innleysa öll hlutabréfin eftir 40 ár. Ef landssjóður ætti að halda þessum rétti, ætti tímatakmarkið að vera skemra en 40 ár, og skemra en 30 ár, en úr því tíminn er svo stuttur sem leyfið tekur yfir, þótti ekki ástæða til að veita landssjóði þennan rétt. Enda getur landssjóðurinn líka eftir þessi 30 ár tekið seðlaútgáfuréttinn af hlutafélagsbankanum, og ef henni ekki líkar stofnunin, getur hún byrjað á landsbankafyrirkomulaginu á eftir, ef landið er þess megnugt.

Eg vona, að af þessu stutta yfirliti yfir breytingar þær, sem frumv. hefir tekið síðan á síðasta þingi, sé deildinni það ljóst, að þetta frumv. er alt annað en það, sem áður lá fyrir þinginu og valdið hefir svo miklum deilum í blöðunum og annarstaðar. Það er óhætt að samþykkja frumv. vegna þess, að ekki er hætt við, að farið verði að brúka stofnunina annarsstaðar en á Isl. Eg vona að menn séu sannfærðir um það, að bankastofnun með þessu fyrirkomulagi sé heillavænlegri fyrir fram-

farir landsins en sú bankastofnun, sem landið er að dragast með, sérstaklega þegar landssjóður getur ekki aukið sinn banka svo, að nægilegt sé fyrir landið.

Björn Kristjánsson: Eg ætla ekki að fara út í einstakar greinar frumv., því að háttv. framsm. (Þ. J. Th.) hefir gert það svo rækilega, að litlu er við að bæta; en mig langaði til að tala fáein orð um málið alment; um það, hvort ráðlegra væri fyrir þingið, að samþ. frumv. eða ekki; hvort það væri ráðlegra fyrir landið, að taka lán til þess að styrkja Landsbankann, eins og hann er. Eg ætla ekki að fara að mæla það á fingrum mér, hvort landssjóður fær 2000 eða 10000 kr. fyrir seðlaútgáfuréttinn, án tillits til þess, hvort þjóðinni er það fyrir beztu. Eg ætla heldur ekki að vekja ágreining um það, hvort Landsbankinn á 100,000 kr. í sjóði eða ekki; það kemur ekki málinu við, enda þótt það væri fært sem ástæða móti frumv. við 1. umræðu. — Slíkar ástæður eru að eins vindhögg, sem ekkert upplýsa málið.

Ef vér viljum komast að ábyggilegri niðurstöðu, verðum vér að leita að góðum grundvelli að byggja á, og hann er hægast að finna með því að athuga, hvort betra er fyrir frumbýling, að kaupa jörðina, sem hann býr á, og sem hann geldur eftir í leigu að eins 5%, og láta það sitja í fyrirrúmi fyrir því, að kaupa áhöfn á hana, eins og hún getur frekast borið, og sem gefur hon um 20% í arð. Með öðrum orðum, hvort ekki sé réttara að kaupa fyrst áhöfnina og jörðina síðan smátt og smátt fyrir ágóðann af henni. Eg segi, að sá bóndi sé óhygginn, sem byrjar á því að kaupa jörðina, en setur það á hakann, að afla sér áhafnar á hana.

Í þessu máli eigum vér að leysa alveg úr sömu spurningunni. Eigum vér að kaupa jörðina nú þegar, eða eigum vér að leigja hana enn nokkura hríð, þangað til arðurinn er orðinn svo mikill, að vér getum keypt hana án þess að veikja áhöfnina? Úr þessu, og engu öðru, eigum vér að skera. Í þessu tilfelli er þjóðfélagið bóndinn, og samkvæmt stefnu minni hlutans er því ætlað að taka lán til þess að kaupa jörðina, Landsbankann, sem ekki sparar því eftirgjaldið, heldur miklu fremur er til mikillar árlegrar byrðar, samkvæmt nefndaráliti meiri hlutans í bankamálinu. Hver er áhöfn þjóðfélagsins og hvernig lítur hún út? Áhöfnin er: landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður, verzlun og mentun. Er þessi áhöfn í fullu lagi, eða í svo góðu lagi, að landið geti ekki borið hana betri? Því þarf naumlega að svara. Eg vil þó nefna sem dæmi, að því er mentamálin snertir, að mentamálanefndin varð að stynja því upp með hálfum hug, að auka styrkinn til barnafræðslu á öllu landinu um 3000 kr. á ári. Og styrkur til iðnaðarmanna, til þess að koma upp kveldskóla, þar sem iðnaðarmönnum gæfist kostur á að læra að reikna og skrifa, og sem er óumflýjanlega nauðsynlegt fyrir þá, ef þeir eiga að hafa gagn af iðn sinni, — þann styrk sá deildin sér ekki fært að veita. Það hlýtur þó að vera ljóst, hvað það hlýtur að standa iðnaðarmönnum fyrir þrifum, að geta ekki átt kost á að læra að skrifa og reikna. Landbúnaðinn þarf ekki að nefna. Það er nægilega kunnugt, að mikill hluti túnanna á landinu er kargaþýfi, sem tekur 4-faldan vinnukraft til að yrkja á við sléttur í góðri rækt; og margt fleira mætti nefna í álíka ástandi. Sjávarútvegurinn svo standandi, að hann getur ekki fengið lán út á þilskipin. Það var felt hér, að

hækka lánsupphæðina til þilskipakaupa úr 30000 upp í 45000, sem mundi vera hæfilegt lán út á 3—4 skip, ef þau væru keypt ný. Þá er verzlanin; sú grein landsáhafnarinnar er ekki í betra lagi. Allar stórverzlanir á landinu eru útlendar leiguær. Eg vil benda á viðskiftaaðferð einnar stórverzlunar, sem rekur vöruskiftaverzlun, en sem þó selur og kaupir vörur fyrir peninga, þegar samkepnin þvingar hana til þess. Mismunurinn á peninga- og vörulánsverði þessarar verzl., þegar hún seldi útlendar vörur, var í fyrra 24%, en innlenda vöru keypti hún við hærra verði fyrir peninga en fyrir útlendar vörur.

Það má gera ráð fyrir, að þjóðin taki alt að 5 milj. kr. vörulán á ári, og að 1/2—2/3 þess séu borgaðir innan 6 mánaða.

Áhöfn landsins er þá sannarlega ekki í því lagi, sem æskilegt væri. En nú vil eg spyrja háttv. þm., sérstaklega bændurna, hvort þeir skoði það nokkurn búhnykk fyrir þjóðina, að láta landssjóð taka 1/2 eða 1 milj. króna lán ofan á seðlaábyrgðina, sem nú hvílir á honum, til þess að setja í skyndilánabanka; því annað getur hann ekki orðið, hvort sem hann heitir landsbanki eða hlutafélagsbanki, í staðinn fyrir að beita afli sínu til þess, að tryggja landsmönnum nægt fé til löngu lánanna, til að auka veðdeildina? — Hver fullgreindur búmaður mun fljótt sannfærast um það. Fasteignir einstakra manna í landinu nema um 12 milj. króna, þar af hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum 6 milj. og jarðeignir einstakra manna um 6 milj. Nú eru þegar lánaðar 2 milj. út á húseignirnar og vantar þá 1 milj. upp á, að lánað sé út á hálft virðingarverð þeirra, en að eins 1 milj. lánuð út á jarðeignir; vantar þá 2 milj. kr. lán út á hálff virðingarverð jarða einstakra manna í landinu. Hvaðan á nú að taka þetta fé, þessar 3 milj., ef búið er að binda landssjóð við annað lán, lán handa skyndilánabanka, sem landssjóður getur alveg komist hjá að styðja með ábyrgð eða lántöku? Ef landssjóður bindur sér þann óþarfa bagga, er landbúnaðurinn búinn að spila úr höndum sér, um langan tíma, möguleikanum til að geta fengið lánin í 20—40 ár aukin að nokkurum mun; veðdeildin verður að standa í stað, ef bréf hennþá ekki falla í verði; en honum veitir ekkert af fé þessu og lánstrausti landssjóðs fyrir sig einan.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að leyfa mér að víkja nokkurum orðum að ræðu háttv. framsm.

Eins og eg tók fram við 1. umr., horfir mál þetta töluvert öðru vísi við nú en á þinginu 99, því síðan eru komnar margar breytingar, er gera boðið miklu aðgengilegra. Hlutaféð er minna. Seðlaútgáfurétturinn styttri. — Landsbankinn á ekki að renna endurgjaldslaust inn í nýja bankann. Og loks á nú engin deild að vera í Khöfn. Þó eru enn ýmsir annmarkar á frumv., og eg ætla nú að taka það grein fyrir grein. Eg get þess áður, að eg hefi ekki komið fram með neinar breyt.till.; eg ætla að koma með þær til 3. umr.

H. framsm. (Þ. J. Th.) tjáði sig ekki vera því mótfallinn, þó að seðlaútgáfurétturinn yrði styttur, — það gleður mig! Eg vil hafa hann svo stuttan sem kostur á, og tel sjálfsagt, að hann sé færður niður í 25 ár.

Eg vil líka, að landsmönnum sé gefinn lengri frestur til þess að kaupa hlutabréfin; hann er of stuttur eins og hann er ákveðinn í frumv. Peningarnir eru eigi til taks; það þarf að fá þá fyrst.

Raunar geri eg ráð fyrir, að að eins lítill partur hlutabréfanna lendi hjá landsmönnum, því eins og eg tók fram við fyrstu umr., verður eitt af tvennu. Annaðhvort græðir bankinn eða hann græðir ekki. Græði hann, sleppa útlendingar ekki bréfunum. Íslendingar geta þá ekki fengið þau. Tapi bankinn aftur á móti, vilja Íslendingar þau ekki.

Háttv. framsm. tjáði sig heldur ekki á móti því — ekki beinlínis að minsta kosti —, að landssjóði gæfist heimild til að kaupa hlutabréf, en landssjóður mundi naumast nota sér þetta, og ónauðsynlegt að setja ákvæði þar að lútandi inn í frumv., því honum væri það þegar heimilt samkvæmt 1. gr. Aftur á móti nauðsynlegt að setja sérstök lög, til þess að landsstjórnin geti notað sér heimild þá, sem 1. gr. frv. gefur landssjóði, til þess að eignast bréfin. (*Þórður J. Thóroddsen*: Þau eru komin). Gott er það!

Háttv. framsm. tók það fram, að úr því að hlutaféð nú væri minna, þá væri fengin trygging fyrir, að féð yrði í landinu. Eg hygg þó, að hann hafi bygt helzt til mikið á þessu. Eg gat þess við 1. umr., að seðlarnir yrðu ef laust í landinu; en ekki er víst, að gullið yrði í landinu, og því er ekki full trygging fengin í þessu efni, og það því síður, sem alþingi ræður að eins yfir 3 sætum af 7 í bankaráðinu. Að vísu á ráðherrann að vera formaður ráðsins, en eftir stjórnarskrárfrumv. verður hann búsettur í Kaupmannahöfn. Eg gjöri nú að vísu ráð fyrir, að hann vilji landinu jafn-vel, hvar sem hann verður búsettur, en hann getur því að eins verið kunnugur högum landsins, — að hann sitji í landinu. Auk þess vantar í frumv. öll ákvæði um valdsvið bankaráðsins. Maður veit ekkert, hvað það á að gjöra. Aðalfundur getur kannske lesið því textann í öllum efnum, og þá er ekki mikið varið í að eiga 3 sæti í bankaráðinu.

Mér virðist óþarft, að orðin »fyrst um sinn« séu látin standa í 2. gr. Það er eins og sé verið að gefa stofnendunum undir fótinn, að þeir skuli fá meira seinna.

Í 4. gr. er gerð grein fyrir, hvernig seðlarnir skuli trygðir, sumpart í málmforða, og sumpart á annan hátt, og svo er í 5., 6. og 7. gr. nánara tiltekið, hvernig málmforðanum og hinni annari trygging skuli vera varið. Samkvæmt því þarf ekki nema 1/4 málmforðans að vera í mynt, hitt má vera í ómyntuðu gulli — í kröfum á ýmsa banka og í ýmsum bankaseðlum. Eg held það sé ekki heppilegt, að reikna kröfur á útlenda banka til málmforðans. Bankinn kynni að eiga óhægt með að ná þeim inn í hasti. Í 7. gr. er talað um tryggínguna á þeirri upphæð, sem enginn málmforði er fyrir, og þar sakna eg bankavaxtabréfanna. Eg kann ekki við, að þeim skuli ekki einu sinni vera gert jafnhátt undir höfði og öðrum verðbréfum.

Á 7. gr. má og sjá starfsvið bankans. Honum er aðallega ætlað að lána gegn handveðum og víxlum — lána stutt; en lán gegn sjálfskuldarábyrgð, lán út á lífsábyrgð eða fasteign eru útilokuð, svo og lán til sveitarfélaga. Háttv. framsm. sagði, að þetta gerði ekkert til; menn gætu fengið slík lán sumpart í veðdeildinni og sumpart í sparisjóðum. En nú er gert ráð fyrir því í 1. gr., að landsmenn noti 1. veðrétt í fasteignum, alt að 20% af virðingarverðinu, til að kaupa fyrir hlutabréf; en nú má veðdeildin ekki lána nema gegn 1. veðrétti, og að eins út á 1/2 virðingarverð. Það þarf strax ný lög í þá átt. (*Þórður J. Thoroddsen*: Þau eru komin). Sé svo, er ekkert við það

að athuga. En þá er sparisjóðurinn; honum eru að eins ætlaðar um 240 þús. kr. í peningum, er hann verður skilinn frá landsbankanum; en hvað hrekkur það fyrir alla, sem ekki fá lán í hlutabankanum? Það yrði eins og kræki ber í koppi. Annars vex spari sjóðsfé eðlilega ekki um 1 eyri, þótt það verði skilið frá landsbankafénu. Samkvæmt 11. gr. verður landsbankinn lagður niður, en hlutafélagsbankinn á að gjöra skil fyrir rentunum, en vel að merkja bara viðunanleg skil. Eg skil ekki þetta lítilþæga orð: »viðunanleg skil«. Hlutabankinn verður eðlilega að gjöra full skil fyrir ráðsmensku sinni.

Háttv. framsm. áleit, að við mættum ekki láta Landsbankann standa jafnhliða hlutabankanum; hann hefði þegar ½ miljón eða meira í seðlum, og hlutabankinn gæti þá ekki gefið út nema 2 miljónir, og því vildu stofnendur hans ekki ganga að. Bukka þú fyrir biskupnum, Snjólfur minn! Hvaðan mundi annars háttv. framsm. hafa það, að bankamennirnir mundu eigi ganga að slíku fyrirkomulagi? Þeir hafa sýnt það svart á hvítu, að þeir eru leiðitamari en margur hyggur. Kröfur þeirra í hitt eð fyrra gengu jafnhátt þinghúsinu; nú eru þær æðimikið lægri; þeir heimta nú ekki nema 3. og 4. part af því, er þeir fóru fram á í fyrstu. Háttv. framsm. sagði, að lækka þyrfti seðlaútgáfuna, ef landsbankinn ætti að standa. Það er líka vel hægt; frumv. er ekki gengið í gegnum deildina, hvað þá heldur þingið. Háttv. framsm. sagði, að svo gæti farið, að landsbankinn gæti staðið sig við að taka lægri vexti en hlutabankinn; landsbankinn mundi ekki hugsa um að græða svo mjög sem hlutafélagsbankinn. Þetta er deginum sannara, en jafnframt hin ríkasta ástæða til að halda í landsbankann. Eða eigum vér þm. ekki fremur að hugsa um, að útvega landsmönnum ódýra peninga, en um hitt, að láta útlenda óviðkomandi menn græða á kostnað landsmanna. Vilji Arntzen & Warburg ekki ganga að frumv., ef landsbankinn stendur, má reyna við aðra. Nógir munu fást samt. Það er hreinasti óþarfi að hræðast þessa tvenns konar seðla, svo framarlega sem hlutabankinn gefur út að eins 2 miljónir, og landsbankinn ekki meira en 750 þús. Landið hefir brúk fyrir það. Og það þarf ekki að óttast, þó landsbankaseðlarnir séu óinnleysanlegir, því þeir eru þó alt af gjaldgengir í alla opinbera sjóði, póstávísanir og fl.

Eg held enda, að hlutabankinn gæti komist í bobba, ef Landsbankinn legðist niður, því þá yrði hann ef til vill þegar á 1. ári að leysa inn alla seðla Landsbankans, sem eru 750 þús., og auk þess svara sparisjóð 250 þús. kr. í peningum; hann yrði með öðrum orðum strax að borga út 1 miljón króna.

Eg skal viðurkenna, að það er ekkert aðal-atriði fyrir mér, hversu mikið renni í landssjóð af seðla-útgáfuréttinum; en eg vil þó taka það upp aftur, að það er óviðkunnanlegt, að útlendur banki skuli eiga að borga einar 2¼ þús. krón. af upphæð, sem er þrefalt hærri en sú, sem innlendi bankinn borgar nú fyrir 7,500 kr.

Eg vil annars biðja háttv. deildarmenn, að gera sér grein fyrir, hvers virði seðla-útgáfurétturinn er. Bankinn gefur 2 miljón út á 1 miljón í gulli. Hann lánar þetta fé út fyrir 5%; hafi hann alt féð úti, fær hann fyrir það 100 þús. kr Borgi hann helminginn í rentur af málmforðanum, hefir hann helminginn, eða 50 þúsund kr., eftir í ágóða.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) bætti

því við, að það væri nógur tími til að hækka gjaldið fyrir seðlaréttinn, þegar ætti að fara að veita leyfið aftur. — En til hvers er að bíða, — því ekki strax heimta einhverja sæmilega upphæð, miðaða við seðlafúlguna?

Við 18. gr. hef eg lítið að athuga, en mér þykir fyrirvarinn og innköllunarfresturinn of stuttur, eins og ástatt er hér á landi.

Í 20. greininni kemur bankaráðið eins og gamli maðurinn úr sauðarleggnum. Eg hefði nú kunnað betur við, að starfsvið þessa ráðs hefði verið ákveðið með lögum, því á því veltur, hvort bankinn verður oss til blessunar eða bölvunar. Eg kann líka illa við, að ráðgjafinn sé oddamaður ráðs þessa, úr því óvíst er, hvort hann verður búsettur í landinu. Svo er hættulegt orð í 2. málsgrein, orðið »annarstaðar«; ætti auðvitað að standa »annarsstaðar í landinu«, því ella getur bankaráðið með 1 atkvæðis mun ákveðið, að halda fundinn í Kaupmannahöfn, austur í Síberíu eða jafnvel í Kína.

Eg geri ráð fyrir, að orðin »í landinu« hafi að eins fallið úr af vangá; því, sé gert ráð fyrir, að fundinn megi líka halda í Kaupmannahöfn, tel eg það mjög hættulegt. Það gæti orðið til þess, að mennirnir af hendi alþingis mættu ekki, vegna kostnaðarins, sem af því leiddi, og þó bankinn greiddi kostnaðinn, ættu þeir kannske ekki heimangengt vegna anna.

Eg álít því mjög illa farið, ef fundirnir verða ekki haldnir í landinu.

Í niðurlagi 20. gr. stendur, að ef landssjóður sé hluthafi í bankanum, þá kjósi alþingi tvo menn, er mæti á aðalfundi bankans og hafi hvor um sig jafnt afl atkvæða.

Hver er meiningin? Er meiningin sú, að hvor umboðsmanna alþingis hafi jafnt atkvæði miðað hvor við annan, eða sú, að þeir hafi sama atkvæða-afl og aðrir hluthafar, eigi þeir jafnmörg bréfin og þeir?

Eg hef nú rakið þau hin helztu atriði, er standa í frumv., en svo er eitt ákvæði, sem algerlega vantar í það, og það er ekki minsti gallinn. — Það vantar sem sé í frumv. ábyrgðarákvæði á hendur stofnendunum, ef þeir á einhvern hátt brjóta samninga þá, sem þeim verða settir.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) og meiri hlutinn ætlast auðsjáanlega til þess, að stjórnin hafi á hendi eftirlitið og ábyrgðar-ákvæðin sé tekin upp í reglugjörðina En mér þykir kynlegt, að þessir menn, sem alt af eru að smána stjórnina, skuli trúa henni fyrir þessu, sem heill landsins að miklu leyti er komin undir. Því eigum vér ekki sjálfir að tiltaka ábyrgðina?

Eg gleymdi að geta þess við 4. gr., að niðurlagið á henni er verra nú en 1899. I hitt eð fyrra var tryggingin fyrir því fé, er eigi var trygt með málmforða, eins og 150 : 100, en nú á tryggingin að eins að nema jafnmiklu verði. Þetta er verra; eg hefði heldur kosið, að það hefði verið eins og í fyrra.

Eg finn ekki ástæðu til að svo stöddu að svara ræðu h. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.) nú, en þegar þingsályktunin kemur til umræðu, getur hún komið til álita. — Annars var dæmið skakt.

Eg man ekki, hvort eg tók það fram við 1. umræðu, að hægt er að minka gjöld landsbankans, ef honum verður haldið áfram, með því, að færa niður bankahaldskostnaðinn. Landsstjórninni er sem sé heimilt, að segja starfsmönnum bankans upp með 6 mánaða fyrirvara, og verði nú bankinn aukinn, en sparisjóðurinn aftur skilinn frá honum, sem nú eins og öllum er kunnugt gleypir mesta starfið, þá fyndist mér,

að landsstjórnin ætti að nota sér þessa heimild til þess að útvega sér ódýrari starfsmenn og á þann hátt færa kostnaðinn við bankahaldið niður.

Pétur Jónsson: Eg er ekki bankafróður maður, og því ekki líklegt, að mikið sé að græða á ræðum mínum um þetta mál, enda skal eg sneiða sem mest hjá að ganga inn á þau atriði, sem sérþekkingu þarf til.

Það er annars því miður svo á skipað hjá oss hér í deildinni, að það er ekki mikið um bankafræðinga. Það eru að eins einstakir menn, sem með virðingarverðri elju hafa reynt að setja sig inn í bankamál, án þess þó að stöðu þeirra sé svo varið, að vænta megi nokkurs gagn-kunnugleika hjá þeim á slíkum málum.

Við 1. umræðu var eg ekki við því búinn, að tala um málið; þá stóðu fjárlagaumræður yfir, og eg hafði ekki haft tíma til að lesa að nokkru ráði nefndarálit meiri og minni hlutans. En síðan hefir mér unnist tími til að kynna mér málið nokkru betur, og skal eg nú láta í ljósi skoðun mína á því.

Eitt er það, sem strax einkennir mál þetta, og það er, hvernig spár þær hafa ræzt, sem komu fram um það á síðasta þingi.

Þegar stóri bankinn kom til tals á síðasta þingi, þá var það fullyrt, að hann mætti ekki hafa minna fé til umráða en 5—6 miljónir króna, ef það ætti að geta borgað sig fyrir útlenda auðmenn, að fara að brjótast í því, að koma honum á stofn, og ef hann ætti að geta fullnægt þörfum landsmanna.

Önnur fullyrðingin var sú, að seðlaútgáfurétturinn mætti ekki vera bundinn við skemmri tíma en 90 ár. Þá var það reiknað út upp á krónu, að þetta væri nauðsynlegt til þess, að fá útlendinga til þess að leggja fé og fyrirhöfn í sölurnar, og þessi fullyrðing var staðfest af hinum dönsku autoritetum, sem hér voru viðstödd.

Þriðja fullyrðingin var sú, að landsbankinn væri svo tæpt staddur, að hann mundi verða kominn á höfuðið eftir eitt eða tvö ár. Þá var útbýtt meðal þingmanna reikningsyfirliti, sem átti að sanna þetta; og þótt það kæmi ekki frá sjálfum þingmönnum, þá munu þeir þó hafa viðurkent, að það mundi vera á einhverjum rökum bygt. En hvernig fer svo? Þeir sem upptök áttu þessara spádóma í hitt eð fyrra hafa sjálfir sannað, að þeir hafi verið á litlum rökum bygðir, með því, að gefa nú kost á, að stofna banka, þar sem fjármagnið á að vera að eins $^2/_5$ af því, sem talið var nauðsynlegt 1899, og einkaréttartíminn til seðla-útgáfunnar að eins $^1/_3$ af því, sem þá var farið fram á. — Enn fremur stendur landsbankinn með þessari litlu seðla-viðbót, sem honum var heimiluð á síðasta þingi — og var hún þó af sumum talin mjög hættuleg, — föstum fótum.

Alt þetta sýnir, að spádómarnir og fullyrðingarnar frá síðasta þingi hafa reynst markleysa ein.

Það er annars gleðilegt, að spár, sem miða að því, að gera mann vonlausan, og geta leitt til þess, að gripið sé til örþrifsráða, rætast ekki betur en þetta. En þó hafa þessar spár og fullyrðingar, sem hafa reynst svo tíðar bæði í bankamálinu og fleiri málum, þar á meðal máli, sem lokið var á þingi nú í dag, því miður gert sitt til, að nú má segja, að friðnum sé skift.

Og svo framarlega sem spár og fullyrðingar hafa haft áhrif á endalok máls þess, sem eg nú nefndi, þá má hiklaust um það segja, að þær spár og þeirra höfundar hafi orðið óhamingju Íslands að vopni.

Að þessu búnu skal eg nú snúa mér að bankamálinu sjálfu, og get eg þá undir eins byrjað á þeirri viðurkenning, að nefndarálit meiri hluta er mjög ítarlegt, og er það allra þakka vert, hve rækilega hann hefir gert grein fyrir afstöðu sinni í málinu, og því, á hverju hann byggir frumv. sitt. Eigi að síður mun ýmislegt vera við það að athuga og útreikninga þá, sem þar eru sýndir.

Skal eg nefna sem dæmi upp á þetta, þar sem gert er í nefndarálitinu ráð fyrir, að stækka landsbankann með því, að gefa út sérstaka seðla gegn gullforða, er að láni sé tekinn, að upphæð $^1/_2$ miljón króna, en að bankinn haldi þeim seðlum, sem hann hefir nú á sama hátt og verið hefir, en að gullforðinn sé, sem sagt, að eins til tryggingar nýju seðlunum, og þeir séu innleysanlegir. — Mér virðist nú vera gert alt of lítið úr því, hvað megi gefa út af seðlum út á þessa $^1/_2$ miljón króna í gulli.

Eg skil ekki í, hví eigi má eins vel gefa eina miljón í seðlum út á þessa hálfu miljón króna í gulli af landsbankanum, eins og af hlutafélagsbankanum.

Eg verð því að álíta, að bankinn geti haft að minsta kosti 100,000 kr. meira úti af seðlum en meiri hlutinn gerir ráð fyrir, en þær gefa í rentu 5,500 kr.

Ekki er heldur rétt, að telja afborgunina til árs-útgjalda í þeim skilningi, að hún sé eyðslufé, og koma þar fram 10,000 kr.; í þriðja lagi er tillagið til landssjóðs talið með ársgjöldunum, en ekki sem gróði af fyrirtækinu, og eru það 7,500 kr.; í fjórða lagi má nefna varasjóðstillagið, sem er áætlað 3,500 kr. á ári; alt þetta til samans verða 26,500 kr., og sé frá því dregnar þær 3,000 kr., sem meiri hlutinn reiknar tekjuhalla hjá landsbankanum í dæmi sínu, þá eru þó eftir 23,500 kr., eða sem næst sama upphæð og í dæmi meiri hlutans um hlutafélagsbankann.

Ef eg nú set upp dæmið samsíða dæmi meiri hlutans um hlutafélagsbankann, þá lítur það þannig út:

Tekjur	84,000 kr.
Kostnaður við bankahaldið	35,000 —
mismunur	49,000 kr.
Rentur $4^1/_2$% af 500,000 kr.	22,500 —
afgangur	26,500 kr.

sem samsvarar alveg afganginum í hinu dæminu.

Ef bankinn stendur sig svona vel, þá getur hann ár hvert svarað afborgun sinni, landssjóði mun hærra tillagi en gert er ráð fyrir um hlutafélagsbankann, og lagt þó töluvert í varasjóð ár hvert. Það lítur svo út, að með þessu fyrirkomulagi geti bankinn orðið gróðastofnun fyrir sig og landið. Þess er að gæta, að í þeim 23,000 kr., sem gert er ráð fyrir, að hlutafélagsbankinn eigi afgangs útgjöldum, er talið það, sem landssjóður á að fá af gróða hans, eða 2333 kr. Sömuleiðis er eftir að taka af þeim varasjóðsgjald, sem hlýtur að verða allhátt. Eg sé ekki heldur betur en að það, sem ganga á til afborgunar af láni landsbankans, sé eins sannarlegur gróði, eins og það sem hluthafar eiga að hafa í arð af fé sínu í hlutafélagsbankanum; hvort tveggja fé verður dregið út úr veltunni. Eg játa það, að geti landsbankinn eigi borgað afborganir sínar af árstekjunum, þá hlýtur það sem því svarar, sem upp á vantar, að hverfa úr veltunni, en það er hvorki eytt fé né rentulaust fjársafn, því að það fé, sem gengur til að borga skuld, er sama sem fjársafn, og það sparar vaxtagreiðslur í framtíðinni. Eins og dæmin liggja fyrir, sé eg ekki

annað en að allálitlegt sé, út af fyrir sig skoðað, að hallast að þessari stækkun landsbankans. Sé sú leið farin, sem minni hlutinn leggur til, þá sé eg ekki, að það geti verið neinn hagur fyrir bankann, að losast við sparisjóðsstörfin. Eg hefi ekki getað séð, á hverju það er bygt, að koma með þá tillögu, og eg hefi ekki getað orðið var við, að sparisjóðsstörfin og sparisjóðskröfurnar hafi reynst ósamrýmanlegar við bankann, og enn minni hætta er það þó fyrir bankann, þegar hann er orðinn stór, en meðan hann var lítill, og minni hætta fyrir bankann, eftir að hann er mestmegnis orðinn discontóbanki, en þegar hann festi fé sitt að miklu leyti í veðlánum. Það voru einmitt löngu lánin, sem nú munu mestmegnis hverfa yfir í veðdeildina, er honum voru hættulegust, af því að þau bundu svo fé hans. Við það, að hafa sparisjóðinn, fengi bankinn 5000 kr. í próvisíón, en þyrfti litlu meira að leggja í kostnað við bankahaldið en þótt hann losnaði við sparisjóðinn. Eins og eg tók fram, áleit eg að afborganir af láni bankans séu ekki dautt fé, nema ef segja má, að það sé dautt úr veltunni, þ. e. a. s., ef gróði bankans yrði minni en afborgunin. En þótt nú landið yrði að leggja fram eitthvað upp í afborgunina, t. d. 5000 kr. á ári, þá er þess að gæta, að ætlast er til, að landsbankinn greiði 5000 kr. meira í landssjóð en hlutafélagsbankinn, svo að eiginlega þyrfti landssjóður ekki að taka þennan afborgunarstyrk af sínu eigin fé; hann gæfi að eins landsbankanum eftir hluta af því, sem hann átti að fá frá honum, og fengi þó eins mikið eins og gert er ráð fyrir í dæminu um hlutafélagsbankann. Í hvorugu dæminu er neitt gert fyrir þeim kostnaði, sem af aukatryggingunni mundi leiða, en hann mundi líklega verða líkur á báðum stöðunum, og því óhætt að sleppa honum í þessum samanburði.

Eg hefi bent á þetta, ekki af því, að eg telji ekki sjálfsagt, að nefndin hafi rannsakað málið samvizkusamlega, heldur til að sýna fram á, að nokkur ónákvæmni sýnist hafa slæðst inn í áætlun hennar, og eg vek athuga á þessu, af því að eg vil, að betur sé athugað, hvort ekki sé vel tiltækilegt að stækka landsbankann með nýrri seríu af innleysanlegum seðlum. Eg verð að játa það, að eg er nokkuð tvíbentur í þessu máli. Principielt er eg á móti hlutafélagsbanka eða privatbanka. Eg óttast, að slík stofnun gæti fengið alt of mikil ráð yfir mönnum og kjörum þeirra, ekki sízt hér, þar sem vart getur verið um samkepni að ræða. Eg er hræddur um, að það gæti farið svipað með hann, eins og verzlunina á einokunartímanum. Því þætti mér í raun og veru æskilegast, að ríkið færði út hlutverk sitt eins til bankamála eins og til ýmislegs annars, sem snertir meginþorra allra þegna þjóðfélagsins, að það taki bankamálið að sér á sama veg og póstmál og annað slíkt. En kringumstæður geta verið svo, að hið heppilegasta princip verði í bráð að þoka fyrir nauðsyninni. Eg lít svo á, að annars vegar sé það bráðnauðsynlegt, að fá hér stærri banka en þann, sem nú er, en hins vegar vanti oss kunnáttu og fé til þess, að koma bankamálum vorum í viðunanlegt horf. Að því er féð snertir, þá verðum við líklega, hvor aðferðin sem tekin er, að fá það frá útlöndum, annaðhvort að láni eða með hlutafélagsstofnun. Það sem helzt mælir á móti því að taka lán, er, að lán eru nú dýr, og ekki líklegt, að renta lækki til muna í bráð; þetta gerir lánsveginn viðsjárverðan. En þó set eg þetta ekki eins mikið fyrir mig, eins og hitt, að bankafræð-

ingar þeir, sem stjórnin leitaði til, réðu fremur til að hlutafélagsbanka væri komið upp. Þótt vér nú vildum fara að stækka landsbanka vorn með lán töku, þá býst eg við, að stjórnin leitaði aftur ráða hjá sömu mönnunum, sem réðu til að stofna hlutafélagsbanka. Því hefi eg leyft mér að koma með breyt.till., sem á að sameina ríkisbanka-princip mitt og hlutafélagsbankahugmyndina. Breyt.till. fer ekki fram á annað en að stjórninni veitist heimild til þess, að láta landið eignast $^2/_5$ hluta af upphæð hlutabankans. Eg hefði frekara viljað, að stjórninni væri gert þetta að skyldu; en eg bjóst við, að það mundi verða skoðað sem fleygur, er inn væri skotið til að eyðileggja málið; og til að fyrirbyggja það, hefi eg haft breyt.till. í því formi, sem hún er í.

Jafnframt ætlast eg til þess, að frumv. þessu fylgi annað frumv: um heimild fyrir stjórnina að taka lán og setja pant í eignum landsins. Eg býst því við, að greiða atkv. með málinu, ef breyttill. mín fær framgang og landsjóður fær að taka þátt í fyrirtækinu og leggja til $^2/_5$ hlutafjárins. Samt getur ýmislegt komið fram, sem eg vilji heldur hallast að, t. d. ráðum minni hlutans. En eg geri þó ráð fyrir, að eg muni greiða atkvæði með frumv.

Tryggvi Gunnarsson: Það lítur út fyrir, að h. þm. sé ánægðir með frv., úr því ekki hefir komið nema ein brt. við það. En eg held, að slíkt sé fremur af tímaleysi en að menn hafi ekkert að athuga við það. Að minsta kosti hefði eg komið með ýmsar brt., ef eg hefði haft tíma til þess.

H. framsm. (Þ. J. Th.) lét mjög vel yfir frumv. og áleit, að ekki mundi þurfa breyttill. við það; og furðar mig ekki á því, því hverjum þykir sinn fugl fagur. Hann talaði um, að þetta væri betra frumv. en frumv. í hitt hið fyrra, og játa eg, að það er satt, því nú á að halda fundi bankaráðsins í Reykjavík, og jafnframt, að nú lítur svo út, sem í stjórn hlutafélagsbankans verði innlendir menn. Það, sem eg hefi aftur á móti, er, að þeim ákvæðum er slept, að landssjóður skuli eiga vissan hluta bankans. En nú er því ákvæði slept, svo auðsjáanlegt er, að landssjóður fær ekkert fyrir seðlaútgáfuréttinn; en það er þó nokkurs virði, að afsala sér seðlaútgáfuréttinum í 30 ár. Fyrst eiga hluthafarnir að fá 4% af gróðanum, og svo á landssjóður loks að hafa procentur af þeim afgangi, sem þá er eftir.

Framsm. (Þ. J. Th.) talaði um það og var að verja það, að bankinn gæti verið góður fyrir alt landið, þó hann væri eingöngu víxla- og disconto-banki. (*Þórður J. Thoroddsen*: Nei!). Mér skildist svo, sem hann segði, að hann gæti lánað út á fasteignir um stuttan tíma, og svo gæti veðdeildin hjálpað upp á sakirnar. En veðdeildin verður ekki til langframa, meðan hún er ekki stærri en hún er. Eg býst við, að hún verði búin að lána út alt sitt fé að ári, því nú er hún búin að lána út á 700 þús. kr. og þá er ekki nema þriðjungur hennar eftir, og hann verður búinn að ári um þetta leyti. (*Guðl. Guðmundsson*: Þá verður að gefa út nýja seríu).

Mér féll það hálfilla, sem h. framsm. sagði, að ef landsbankinn fengi að halda áfram með seðlaútgáfu sína samhliða hlutafélagsbankanum, þá drægi það úr seðlafjölda hlutafélagsbankans, og í öðru lagi, að ef landsbankinn væri við hlið hlutafélagsbans, þá væri hann svo ríkur, að hann mundi geta haft sinn disconto lægri, af því hann þyrfti

ekki að græða eins mikið, og svo á að leggja landsbankann niður til þess, að draga ekki úr gróða hlutafélagsbankans. (*Þórður J. Thoroddsen*: Það vantar dálítið). Það á að víkja landsbankanum úr vegi, svo hlutafélagsbankinn verði einvaldur og geti sett vextina svo hátt, sem honum sýnist. Mér þykir það mjög hart, að nokkur Íslendingur skuli vilja láta landið sleppa eign, til þess, að sleppa henni í hendur útlendra auðmanna, og þeim í hendur þetta vald. Íslendingar þora ekki að ráðast í neitt, til þess að nota sinn eigin seðlaútgáfurétt, en vilja fá útlendingum hann í hendur, til þess þeir græði á honum.

Það var sagt hér um daginn, að menn mundu ekki horfa í, þó landssjóður tapaði nokkurum þúsundum á seðlaútgáfuréttinum, ef landsmenn hefðu meiri hag af bankanum fyrir það. Eg er líka á sömu skoðun, ef þetta er óhjákvæmilegt. En okkur meiri og minni hlutann greinir á í því, að meiri hlutinn vill breyta um strax, en minni hlutinn álítur, að ekki liggi á því nú sem stendur, því það sé ekki svo mikil peningaþröng í landinu. Því nú í heilt ár hefir engum verið neitað um lán, sem hefir haft næga tryggingu.

Svo má auka bankann um 1/4 miljón af seðlum enn, án þess nein hætta sé á ferðum. Eins og kunnugt er, er varasjóður bankans nú orðinn yfir 200 þús. kr., og er nokkur trygging í því. Þar að auki á bankinn bankavaxtabréf fyrir 450 þús. kr. og út á þau ætti hann að geta fengið lán, sem næmi 70% af ákvæðisverði þeirra. Yrði þetta viðbót við fjármagn bankans, þegar þar við bættist 1/4 miljón kr. í seðlum. Mér hefir oft sárnað, hvað landsmenn hafa lítið traust á sjálfum sér og landinu, og vilja ekkert stæla vöðvana og ekkert á sig reyna, en vilja kasta sér í fang útlendra manna með alt, sem gera þarf.

Það var skrítið dæmi, sem háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) kom með, sem sýnir, að menn vilja ekkert á sig reyna. Hann tók til dæmis mann, sem færi að búa, og vildi kaupa ábúðarjörð sína, en hefði ekki áhöfn á hana, og sagði að þetta dæmi passaði upp á landsbankann. En þetta dæmi passar ekki upp á landsbankann. Við eigum jörðina, þar sem við eigum seðlaútgáfuréttinn, og þurfum ekki að lána hann. En við viljum fá lán til þess að geta notað hann sjálfir í okkar eigin þarfir, til þess, að geta verzlað með það.

Eg er á sama máli og hann, að það væri hyggilegra, að lána fé til þess, að kaupa *bústofn á jörðina* en *jörðina* sjálfa, og það er einmitt það, sem eg vil gera. Dæmi hans væri því rétt, og passaði upp á meiri hlutann, ef þessi bóndi vildi gefa jörðina og borgaði þeim leigur, er hann hefði gefið hana, og af kúgildunum, er hann hefði sett á hana. Því svona ætlum við að fara að, ef við fáum útlendingum seðlaútgáfuréttinn í hendur.

Hér er gert ráð fyrir, að fá útlendum mönnum í hendur seðlaútgáfuréttinn í 30 ár, og að þeir gefi mjög lítið fyrir hann. En hingað til hefir landssjóður fengið 1% af seðlum landsbankans. Nú eru þeir 750 þús. kr. og með þessu móti fengi landssjóður 225 þús. kr. í gjöld frá landsbankanum á þessu tímabili. Mér þykir ekki rétt, að fleygja þessu fé frá okkur út úr landinu, því eg hefi ávalt litið svo á, að vér ættum að vera sjálfum oss nógir. Eg get ómögulega annað séð en að bankinn geti aukið fé sitt enn með 1/4 miljón kr. í seðlum, án þess að taka lán, og því meira, ef hann tæki lán þar að auki; en það hefir hann ekki gert vegna

þess, að nú eru vextir háir í útlöndum, 6—7%.

Meðan eg dvaldi í útlöndum var rentan vanalega mjög lág, um 3½ %. Það er því líklegt, að hún lækki að mun, en undir eins og hún lækkar, tel eg rétt að taka 3—400 þús. kr. lán, og sjá hvort landið þarf meira. Eg veit að kaupmenn þurfa talsverða upphæð um 6 mánuði af árinu, frá apríl til október, en ef bankinn hefði 2 milj. kr. í seðlum, þyrfti hann að liggja með ½ miljón í seðlum yfir veturinn, en hann stæði sig ekki við það, að láta peninga sína vera arðlausa svo lengi.

Mig hefir líka furðað á því, hve mikið traust margir þm. hafa á þessum háu herrum, sem komu hingað í hitt eð fyrra, því mér er ekki kunnugt, að þeir séu í miklu áliti í Danmörku, að minsta kosti annar þeirra. Það sýndi sig líka í vetur, þegar skjöl þeirra komu fyrir almennings sjónir, og voru lögð fyrir stjórnina, þá kom það í ljós, að þeir ætluðu að taka 125 þús. kr. af óskiftu fé bankans og stinga í sinn eigin vasa. Eg gæti því hugsað, að þegar slíkt kemur fram hjá þeim þegar í byrjun, þá muni það ekki síður koma fram síðar, þegar Íslendingar væru búnir að semja lög um það, að engir aðrir en þeir mættu gefa seðla út hér á landi um 30 ár.

Þó menn séu nú óánægðir með litla bankann, þá er eg viss um, að þeir verða eins óánægðir með þann stóra. Eg álít því miklu heppilegra, að láta landsbankann gera það sem hann getur, en dugi það ekki, að setja þá annan banka við hlið honum, því einmitt með því myndast »konkurrence«, sem ómögulegur er, nema bankarnir séu tveir. Þeim er eins farið og kaupmönnum. Þar sem ekki er nema einn kaupmaður, hefir hann einokun í frammi, en séu þeir tveir eða þrír, kemur kapp á milli þeirra.

Í 20. gr. frumv. stendur, að fundir bankaráðsins skuli vera haldnir í Reykjavík, en á öðrum stað sömu greinar, að ráðgjafinn skuli vera formaður í bankaráðinu. Það varð mikil þræta um þetta um daginn, að ráðgjafinn gæti ekki verið búsettur í Reykjavík, en yrði að eiga heima í Kaupmannahöfn. Það er nokkuð skrítið, að æðsti maður bankaráðsins á að vera búsettur í 300 mílna fjarlægð frá bankanum, þar sem lögin ákveða, að hann skuli eiga heima í Kaupmannahöfn. En þetta eldir auðsjáanlega eftir af gamla frumv., því eftir því átti að gefa út svo mikla seðlafúlgu, að nokkurn hluta hennar átti að nota í útlöndum. Þetta vildi eg benda meiri hluta nefndarinnar á, ef hann kynni að ver samþykkur mér í því, að laga þetta. Eins stendur í 2. gr. frv., að hlutaféð skuli fyrst um sinn eigi vera meira en 2 miljónir. Þetta bendir á, að þó ekki sé byrjað með meira, eigi smám saman að færa út kvíarnar og ná sér niður síðar.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er eitt einstakt atriði, sem komið hefir fram í umr., sem eg ætlaði að víkja fáum orðum að. Það gleður mig, að þeir háttvirtu herrar, sem hafa mælt á móti frumv., hafa ekki treyst sér til að mæla móti þeim þremur meginatriðum, sem eg við framhald 1. umr. benti á, nefnilega:

1. að það er meira varið í að fá peninga inn í landið, til þess að örva viðskifti í landinu og koma á fót arðvænlegum fyrirtækjum, en það eitt, hvort landsjóður fær 2—3 þúsundunum meira eða minna í árgjald af bankanum;

2. að vextir hljóta að verða hærri í Landsbankanum en í hlutafélagsbank-

anum, ef landssjóður færi að taka lán til að auka bankann, því þá þyrfti hann að leggja árlega fyrir fé, sem yrði dautt kapítal; afborgunin legst sem skattur á öll viðskifti; og það mundi draga úr því fé, sem hann hefði í veltu;

3. stofnar Landsbankinn engin útibú, og getur ekki gert það, en það á hlutafélagsbankinn að gera. Alt þetta drap eg á við 1. umr. málsins og hefir engin treyst sér til að vefengja það.

Það hefir verið talað mikið um, að þetta frumv. væri aðgengilegra en frumv 1899. Eg er dálítið á annari skoðun. Það er að sönnu trygging fyrir því, að stjórn bankans verði í landinu og í höndum íslenzkra manna, og að fénu verði öllu stjórnað hér í lands hag; en það er þó, alveg eins og áður, mest undir því komin tryggingin, að þessi stjórn bankans verði vel valin.

Annað, sem talið hefir verið frumv. til gildis, er, að einkarétturinn til seðlaútgáfunnar sé styttri nú en í frumv. 1899. Eins og skilið var við það frv. á þinginu, var einkarétturinn í raun og veru ekki nema 40 ár; en nú er hann 30 ár, svo eg vil segja, að hér sé, »bita munur en ekki fjár«.

Þriðji kosturinn við frumv. hefir þótt sá, að kapital bankans hefði verið minkað. Það verð eg að álíta ókost á frumv., enda er kapítalið minkað þannig að eins vegna danskra hagsmuna eg Þjóðbankanns danska. Með þessu móti verður fyritækið ekki eins arðvænlegt fyrir hluthafana, eins og það var eftir frumv. frá 1899. Það var sjálfsagt, að það var meiningin að það fé bankans yrði notað í útlöndum, sem ekki þyrfti við hér á landi; en þótt bankaráðið hefði hagnýtt sér féð á þennan hátt, þá hefði það að sjálfsögðu haft hér í veltu eins mikið fé og nauðsynlegt væri, því hitt hefði að eins verið sama sem að skera sjálft sig á háls fyrir þetta fyrirtæki, að draga svo mikið fé út úr landinu, að ekki væri nægilegt fé til að styðja að atvinnufyrirtækjum í landinu, því slíkt hefði hlotið að skerða álit og tiltrú bankans. Vér höfum dæmi úr sögunni, að sams konar glappaskot hefir verið gert. Það er saga monopolverzlunarinnar hér á landi, sem dró allan arðinn út úr landinu og eyðilagði sjálfa sig um leið. Þennan ótta fyrir því, að útlent kapítal komist inn í landið, skil eg ekki. Það lítur svo út, sem menn muni ekki, að mikið af verzluninni er einmitt í höndum útlendra manna, sem hafa bundið eignir manna með lánum fyrir matar- og drykkjarföng, og upp í lán þessi verða þeir að borga afurðir landsins fyrir lítið verð. Það lítur svo út, sem menn vilji halda í þetta ófuga fyrirkomulag á verzluninni með því að tefja fyrir, að peningaverzlun komist á í landinu, og með því að draga úr fjármagni hlutafélagsbankans. Vegna þessa er óaðgengilegra fyrir hlutafélagsbankann að byrja með þetta litla kapital, heldur en með upphæð þeirri, er ætlast væri til eftir frv. 1899.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) var að tala um, að málmforðinn væri ekki nægur. En þetta er sniðið alt saman eftir áliti þeirra bankafróðra manna, sem stjórnin hefir leitað álits hjá — Þjóðbankans danska —, og háttv. þm. verður að fyrirgefa, þó að eg trúi öllu betur stjórn þessa banka heldur en nokkurn tíma honum. Í öllu falli álít eg ekki, að það sé veruleg ástæða fyrir löggjafarþingið, að fara að gjöra takmarkanir eftir hans tillögu, að svo miklu leyti sem það fer ekki saman. Eg held það megi fullyrða um Þjóðbankann, að í öllu falli hafi hann sett næg-

ar og fulltryggilegar takmarkanir; svo mikið er víst.

Það var háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem var að tala um, að einhverjir spádómar, sem komið hefðu fram 1899, hefðu reynst markleysa. Eg held að háttv. þm. hafi vaðið þar gjörsamlega reyk, því þeir spódómar hafa einmitt ekki reynst markleysa. Eg veit ekki, hvaðan háttv. þm. hefir fengið sönnun fyrir því, að það sé ekki betra að stofna banka með hlutafé upp á 5 miljónir heldur en að eins upp á 2 miljónir; og eg veit ekki, hvaðan háttv. þm. hefir fengið sönnun fyrir því, að það sé betra að stofna banka með 30 ára einkarétti, heldur en með 40 ára, því það sem hann var að slá fram um 90 ár, var ekki rétt hermt. Eg veit ekki til, að það hafi verið færður nokkur snefill af sönnun fyrir því, að það sé betra að stofna banka með 2 miljónum í hlutafé, heldur en 5 miljónum. Mér hefir fundist koma fram bæði í nefndinni og deildinni sú skoðun, að það þurfi meira kapital en það, sem hér er farið fram á, og háttv. þm. Rvk. færði sönnur á það, eins og honum á að vera kunnugt um, með því að sýna, að 1,200,000 kr. verði búið að láta út síðan 1900 á miðju sumri 1902, — upphæð, sem talið var 1899 að mundi endast í 6 ár; og alveg sama mun verða reynslan með fé það, sem þessi banki á að hafa undir hendi. Þetta, sem h. þm. var að tala um, að spárnar hefðu reynst markleysa, það var því talað alveg út í hött. Eg hefi bent á það, að það kemur alls ekki til af góðu, að maður takmarkar sig nú við 2 miljónir, heldur kemur það af því, að þessi danska stofnun segir: Minna hagsmuna vegna megið þið ekki fara lengra. Og þetta er einkaréttarstofnun, sem í þessu efni getur sett okkur stólinn fyrir dyrnar, þar sem stjórnin gegnir henni, en ekki okkur. Sömuleiðis er mér það ekki ljóst, að það hafi verið rétt mælt, er háttv. þm. vildi halda því fram, að landsbankinn hefði haft nóg fé. Því það er vitanlegt, að 1899 var hagur bankans alls ekki svo góður sem skyldi; það var þá mjög tregt um lán í bankanum, og háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, að þessi 1/4 miljón, sem bætt var við af óinnleysanlegum seðlum, hafi einmitt greitt nokkuð úr hinum erfiðu kringumstæðum, sem þá voru, og var það rétt hermt. En afleiðingin af peningaþröng þeirri, er var í bankanum 1899, var sú, að þegar bankinn fór að takmarka sín lán, þá var sparisjóðurinn »stormaður«. Þetta getur háttv. þm. sannfært sig um, ef hann vill skoða skjöl og reikninga sparisjóðsins frá þeim tíma. Eg veit að háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) er kunnugt um, að eg hermi hér rétt. Það var ekki af því, að menn óttust bankann, heldur vegna þess, að hann fór að takmarka sín lán. Þetta er því sömuleiðis talað út í hött af háttv. þm. Þm. veður þar gjörsamlega reyk; og það vona eg líka að hann gjöri með þeim slettum, sem hann var að koma með í þessari deild út af aðgjörðum annarar deildar í alt öðru máli, sem ekki liggur nú fyrir. Hin önnur orð hans um ófrið o. s. frv. vil eg skoða sem aldeilis ótöluð.

Háttv. þm. gjörði mikið úr því, að réttara væri að gefa út tvenna seðla og láta 1/2 miljón móti 1 miljón af innleysanlegum seðlum, en 3/4 miljón af kreditseðlum; en þetta fer út fyrir það takmark, sem þjóðbankinn hefir tiltekið; hann hefir sagt, að í circulation hér megi ekki vera meira en 1 miljón fram yfir málmforða. Eftir dæmi h. þm. hefði seðlafúlgan átt að vera 1 1/4 miljón; en svo langt hefir nefndin ekki

þorað að fara, vegna þess, að um þetta liggur fyrir skýlaust álit Þjóðbankans. Háttv. þm. getur lesið það í álitsskjölum Þjóðbankans, 4. bls. 10. línu að ofan. (*Pétur Jónsson*: Þarf þess ekki). Auk þess get eg bent á, að þessi hugmynd, um að gefa út tvenna seðla — auðvitað verð eg að álíta hana góða, hún er upphaflega frá mér, og hún hefir verið tekið til mjög rækilegrar íhugunar í nefndinni, og það er auðvitað sá eini vegur, sem berandi er saman við þá spurningu, sem hér liggur fyrir — hún hefir þann ókost, að eg tel víst, að Þjóðbankinn danski leggi á móti henni, og að stjórnin þess vegna þori ekki að aðhyllast hana. Það er sem sé um álit Þjóðbankans að segja, að það verða allir að viðurkenna, að það er ákaflega skýrt, skilmerkilegt og áreiðanlegt í öllu, sem snertir almennar spurningar; en það er aftur mjög þröngsýnt og mjög hlutdrægt þar, sem spursmálið er um okkur íslenzku hagsmuni, bæði vegna þess, að bankastjórnin þar þekkir ekki, hvernig til hagar hér á landi, og vegna þess, að það hefir auðsjáanlega vakað fyrir henni, að hlutafélagsbankinn verði sinn »concurrent«, og það er ómögulegt að neita því, að það vakti fyrir þeim, sem lengra sáu 1899, að kæmist sá banki á fót, sem þá var um að ræða, þá gæti hann orðið að einhverju leyti keppinautur Þjóðbankans danska hér á landi, og ef til vill í Kaupmannahöfn sjálfri og Danmörku. Þess vegna er eg öldungis sannfærður um það, að Þjóðbankinn danski mundi eindregið leggja á móti þessu fyrirkomulagi, jafnvel álíta það vera »Svindel«. Auk þess sem það á sér mér vitanlega hvergi stað, þá mundi Þjóðbankinn danski aldrei ganga inn á það, og þá mundi stjórnin ekki treysta sér til að staðfesta slíkt fyrirkomulag fyrir Island.

Það var eitt, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) mintist á, sem hans var von og vísa, svo glöggs lagamanns, að það væri ekki í frumv. tekið neitt fram, hvað við lægi, ef þessir menn brytu sitt einkaréttarleyfi. En eg lít svo á, að þetta er stofnskrá (charter) fyrir bankann, inniheldur samning um ákveðin störf með ákveðnum skilyrðum, ákveðnum réttindum og ákveðnum skyldum; og mér hefir verið kent það, að ef menn brjóti þess háttar samning, þá verði þeir pro primo skaðabótaskyldir og pro secundo fyrirgjöri þeir réttinum. Eg álít það sjálfsagt, að brot á einkaréttarleyfinu mundi leiða það með sér, að þeir fyrirgjörðu leyfinu.

Það var eitt, sem háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) mintist á, og sem mig stórfurðaði á af honum sem bankafróðum manni, það er þetta, sem nefnt var »etableringsconto«, sem sé kostnaður við að koma bankanum á fót. Eg veit, að háttv. þm. hefir stofnað hlutafélög, og eg veit, að hann er nokkurn veginn vel heima í, hvernig að því er farið. Þegar hlutafélag skal stofna, eins og t. d. þessi banki er, við skulum setja að hann skyldi stofna hann, þá er það auglýst, og mönnum gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlutabréfum til bankans á vissum stað, og kannske vissum degi eða tíma. En áður en auglýst eru hlutabréfin til sölu, þá verða menn, ef menn ætla að vera vissir um, að hlutafélagið komist á, að hafa gjört samning við einhverja peningamenn um að kaupa öll þau hlutabréf, sem ekki fást áskrifendur að, meðan markaðurinn er opinn, sem kallað er. Til þess að hægt sé að fá þessa trygging, verður fyrirtækið að vera mjög arðvænlegt,

ef þeir eiga að treysta sér til að taka hlutabréfin. Fyrir það fyrsta verður fyrirtækið að vera arðvænlegt, og fyrir það annað talsvert af peningum handbært. Ef fyrirtækið er ekki arðvænlegt, þá gengur ekki svona »consortium«, nema því að eins, að þeir fái eitthvað dálítið procent. Það er ekki sagt, að það renni einn einasti eyrir í vasa þeirra sjálfra, nema þeir sjálfir hafi eitthvað af peningum í höndum. Þetta þarf því alls ekki að vera gróði fyrir þá, sem bankann ætla að stofna; langt í frá að öllu leyti. Þetta var ekki ráðgjört 1899, því eins og bankinn lá fyrir þá, þá var fyrirtækið svo arðvænlegt fyrir hluthafa, að hlutabréfin hefðu flogið út án nokkurrar takmörkunar.

En einmitt við það, að kapital bankans er takmarkað — og um tíma hefir verið lítið um peninga — gera þessir menn ráð fyrir, að þeir geti ekki fengið neitt »consortium« til þess að kaupa hlutabréfin, öðru vísi en með afföllum. Þetta veit eg; það dugir ekki að rengja það. En nú aftur, síðari hluta vorsins, hefir orðið dálítið betra um peninga, og það er ef til vill af sérstökum atvikum, sem eg hirði ekki um að ræða, að þeir sjá sér vel fært, að bjóðast til að leggja fram fé til stofnunar bankans. Til þess að stofna svona banka, þarf maður að hafa mikla trú á framtíð landsins; og það er það merkilega, að þessir útlendu menn hafa meiri trú á, að landið eigi framtíð, heldur en mér heyrist koma fram í öllu falli hjá sumum hér í þingdeildinni.

Svo var þingm. að tala um, að það væri betra að stofna 2 banka. Eftir þessu frumv. eiga að vera hér 3 peningastofnanir, nl. 1) discontó- og seðlabanki með 3¼ milj., 2) veðdeild, sem þegar hefir 1200,000 kr. og undir eins og bankastjórnin óskar, fær heimild til að gefa út skuldabréf upp á kannske 2 milj., og 3) sparisjóður Reykjavíkur, sem nú hefir undir hendi 1200,000 kr.; og þó það sé rétt, sem háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, að eitthvað af fé hans sé í 10 ára lánum, þá er það alls ekki svo víst, að það ekki komi inn smátt og smátt. Og í annan stað gerir maður ráð fyrir, að innlögin haldi áfram og jafnvel fari vaxandi; eg tala nú ekki um, ef rentan af innlögum væri hækkuð, eins og búið er að gera í Danmörku, og sem eðlilegt væri að gera hér, ef útlánsvextir væru hækkaðir.

Hvernig er ástandið nú? Nú er hér á landi ein einasta peningastofnun, alt svo í rauninni fullkomið peningalegt einveldi. Eg er ekkert að lasta þá menn, sem að þeirri stofnun standa, en heyrt hefi eg getið um, að margir væru óánægðir með þetta einveldi.

Framsögumuður (Þórður J. Thoroddsen): Það var sér í lagi háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.), sem gerði einstöku athugasemdir við greinar frumv., og skal eg minnast á þær stuttlega.

Hann áleit frest þann, sem Íslendingum er gefinn til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, ekki nógu langan. En ef vel er aðgætt, þá er fresturinn lengri en 6 mánuðir. Í greininni stendur: »6 mánuði frá því að lög þessi öðlast gildi«, eða frá þeim tíma, sem þau eru birt í Stjórnartíðindunum, en 2 mánuðir líða að minsta kosti frá því lögin eru undirskrifuð af konungi og þangað til þau eru birt, og geta menn þá þegar frá þeim tíma farið að hugsa um, hvort þeir vilja skrifa sig fyrir hlutum eða ekki, — svo fresturinn verður að minsta kosti 8 mánuðir.

Hann sagði líka, að þess yrði að gæta, að peningastofnun væri ekki nú í landinu,

til þess að selja aktíurnar, og spurði, hvort menn ættu að sigla til þess að kaupa þær! Nei, það er ekki meiningin, heldur hitt, að þeir sem vilja láta jarðir sínar í bankann fyrir aktíur, láta virða þær til peninga, og fá svo sínar aktíur.

Háttv. þingm. er illa við orðin »fyrst um sinn« í 2. gr.; þau eru stutt og saklaus, þessi 3 orð, en ef minni hlutinn kemur með breytingartill. um að fella þau burtu, hefi eg fyrir mitt leyti ekkert á móti því að fallast á hana. Það má eins veita seðlaútgáfuréttinn fyrir það.

Háttv. þingm. V.Skaftf. (Guðl. G.) hefir svarað því, sem fundið hefir verið að málmtryggingunni. Hún er ákveðin algerlega eftir því, sem Þjóðbankinn heimtar; hann hefir álíka málmtryggingu sjálfur, og ímynda eg mér því, að menn bæti sig ekki á að fara að breyta henni frá því, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá misskildi háttv. þingm. (L. H. B.) 7. gr., síðustu málsgrein. Þar er auðvitað átt við obligationir, sem eitthvert gildi hafa, hverju nafni sém nefnast.

Þá fann háttv. þingm. (L. H. B.) að því, að bankanum ekki er gert að skyldu að lána út á fasteignir; menn kæmust í vandræði, ef þeir fengju ekki fé út á fasteignir til stutts tíma. Eg fyrir mitt leyti er ekki ótilleiðanlegur, eins og eg hefi þegar tekið fram, ef breyt.till. kemur fram í þá átt, að bankanum sé gert að skyldu að lána litlar upphæðir út á fasteignir um stuttan tíma, að vera með henni.

Háttv. þingm. (L. H. B.) hélt, að sparisjóðurinn mundi ekki hafa mikið fé til að lána út á fasteignir. En sparisjóðurinn er nú sem stendur 1200,000 kr., og það er ekki rétt hermt hjá þingm., að hann hafi að eins 240,000 kr. til umráða. Það er ætlast til að hann hafi 350,0000 kr. í fasteignalánum, sem afborgast smátt og smátt, 150,000 kr. í sjálfskuldarábyrgðarlánum, sem líka eru afborguð smátt og smátt, og í handveðslánum 60 þús. kr., sem eru uppsegjanleg afborgunarlán; enn fremur er gert ráð fyrir, að hann hafi ýms verðbréf, sem hann gæti selt og lánað út andvirðið, fyrir utan þær 240,000 kr., sem hann fær í peningum. Eg skil því ekki, að það sé á rökum bygt, að sparisjóðurinn geti ekki lánað út á meira en 240,000 (*Lárus H. Bjarnason*: Ekki í svipinn).

Háttv. þingm. hélt, að eftir ákvæðum 11. gr. mundi Íslandsbanki komast í bobba, þegar hann ætti að fara að realisera eignir landsbankans; en eg sé alls ekki, hvernig hann mundi komast í bobba við það. Eftir því, sem ætlast er til í frumv., verður stofnfé hans 3¼ miljón, og það hefir hann til þess að innleysa seðla landsbankans. Þó að hann ætti að borga út allan landsbankann, eins og hann er, þá gæti hann það; en hann þarf þess ekki, því að fé landsbankans stendur svo mikið í lánum, sem hann þarf ekki að skifta sér af, t. d. sparisjóðslánum, sem nemur 1 milj. kr. Það er því aðeins það, sem landsbankinn skuldar öðrum, Þjóðbankanum, Landmandsbankanum og einstökum mönnum, sem eiga fé á hlaupareikningi, og landssjóðsseðlar, eftir því sem þeir koma inn, sem hann þyrfti að borga út. Eg er því hræddur um, að háttv. þingm. (L. H. B.) hafi litið nokkuð fljótlega á þetta. Þó kastaði tólfunum, þegar hann tór að reikna, hve mikið bankinn græddi á seðlaútgáfuréttinum. Honum taldist svo til, að ábatinn á honum mundi verða 100%! Hann reiknaði það út, að ef bankinn gæfi út 2 milj. í seðlum, mundi hann hafa 50,000 kr. ábata. Hann gáði ekki að því, að

neinn kostnaður mundi verða bankahaldinu samfara. Eg skal játa, að brúttó-ábatinn gæti orðið eitthvað nálægt þessu, en þingm. gleymdi að draga frá kostnaðinn við bankahaldið, húsaleigu, seðlagjörð, ritfangakostnaði o. s. frv., svo að tekjur bankans, nettó-tekjurnar að segja, verður ómögulegt að finna á þann máta, sem þingm. gerði.

Háttv. þingm. fann það enn að frv., að gjaldið til landssjóðs væri of lágt; en eg hefi áður sýnt fram á, að ekki er ástæða til að heimta hærra af gjald strax. Hann vildi leggja meira gjald á bankann þegar í upphafi, og sá enga ástæðu til biðar. En vér verðum að gæta að því, að ef vér fáum svona peningastofnun, sem vér leggjum þá skyldu á herðar að stofna 3 útibú, að íþyngja henni ekki fyrst í stað. Það væri alt annað, ef bankinn hefði ekkert útibú; þá mundi eg vera með því, að leggja á hann hærra gjald, af því að eg vissi, að hann væri þá fær um það, þar sem hann ekki þyrfti til annars að kosta en bankahalds í Reykjavík. En skyldan til útibúahalds er á við nokkurn skatt. Það er fyrst, þegar bankinn er búinn að koma undir sig fótunum, að fara má að herða á gjörðunum. Eg gat þess í dag, að hækka mætti afgjaldið eftir 30 ár, þegar concession bankans væri útrunnin, en það er næsta líklegt, að það megi miklu fyr, jafnvel helmingi fyr; það er líklegt, að þegar bankinn er búinn að starfa í 15 ár, þá reynist stofnfé hans of lítið, og líklegt að hann vilji auka það; þá getur þingið sagt við hann: þú fær ekki seðlaútgáfuréttinn aukinn, nema þú borgir meira afgjald

Háttv. þingm. (L. H. B.) þótti vanta í 20. gr. ákvæði um það, að aðalfundir bankans skyldu haldnir í landinu. Eg skal kannast við, að það sé betra, að setja inn þannig lagaða breytingu, sem þingmaðurinn nefndi, og get eg vel greitt atkv. með breyt.till. í þá átt, ef hún kemur fram. Þetta ákvæði í 20. gr., að ráðgjafinn sé sjálfkjörinn formaður bankaráðsins, er sett inn í frv. frá 1899 eftir ósk þess manns, sem bankann vildi stofna, og vildi hann gera það meir í kurteisis skyni við ráðgjafann, heldur en af því að hann ímyndaði sér, að hann mundi nokkurntíma gera þann rétt sinn gildandi, því að þá var ekki komið 10 manna frumv. með þeim tvígilda, og búsetan ekki fundin upp, svo að það var gert ráð fyrir því, að landshöfðingi mundi aðallega verða formaður bankaráðsins.

H. þm. (L. H. B.) skildi ekki í síðustu málsgrein þessarar greinar, að ef landssjóður er hluthafi, skuli 2 menn mæta á aðalfundi fyrir hans hönd, kosnir af alþingi til 2 ára og hafa hvor um sig jafnt afl atkvæða. Eg skal upplýsa háttv. þm. (L. H. B.) eins vel og eg get. Nefndar meiri hlutinn meinar með þessu, að á aðalfundum hafi allir hluthafar atkvæðisrétt samsvarandi því fé, sem þeir eiga í bankanum. Aktíufélagsskap er skift í hlutabréf, og ákveðið í stofnskrá bankans, að hver sá, sem á t. d. 100 kr., hafi eitt atkv., hver sá sem á 200 kr. hafi 2 atkv. o. s. frv., ellegar að 1 atkv. komi á hverjar 1000 kr., 2 atkv. á 2000 kr. o. s. frv. Ef landssjóður er hluthafi, segjum t. d. að 200,000 kr., þá er meiningin sú, að hvor af þeim 2 mönnum, sem þingið kýs til aðalfundar, hafi jafnmörg atkvæði og samsvarar 100,000 kr. á aðalfundi, en ekki í bankaráðinu. Þessir 2 menn, sem gert er ráð fyrir, að þingið kjósi, mæta ekki í bankaráðinu, heldur á hluthafafundi, en hluthafafundur kýs aftur í fulltrúaráð bankans.

Þetta var meiningin í greininni, og vona eg, að mér hafi tekist að gera háttv. þm. (L. H. B.) þetta nokkurn veginn ljóst.

Enn eitt var það, sem háttv. þm. (L. H. B.) fann að, það, að of lítil trygging væri fyrir þeim seðlum, sem ekki væru trygðir með gullforða. Tryggingin er, eftir fyrirliggjandi frumv. 100 : 100, en eftir frumv. frá 1899 skyldi hún vera 150 : 100, — en þetta er ákveðið eftir því, sem þjóðbankinn áleit nægilegt vera; það stendur í álitsskjali hans á bls. 4, seinast í 3. málsgrein, — eg hefi ekki talið línurnar, — og eins og eg hefi áður sagt, er þjóðbankinn svo varfærinn í þessu efni, að eg held að maður geti látið sér nægja með það.

Það var ekki mikið, sem eg þurfti að svara háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), því að háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) tók flest fram, sem athuga þurfti við ræðu hans. En eg vildi þó beina til hans einni spurningu. Hann sagði hvað eftir annað, að landsbankinn stæði sig vel. Eg efast ekki um, að h. þm. segi þar satt frá. En hvernig stendur þá á því, ef bankinn stendur sig vel, að hann stofnar ekki útibú?

Það hefir verið heimtað ár frá ári, utan þings og innan, en svarið jafnan verið, að ekki væri fé til. En nú heyrir maður, að landsbankinn stendur sig vel — hví stofnar hann þá ekki útibú nú? Hann getur það ekki. Hann hefir kannske fjármagn til þess, en það fé, sem hann hefir yfir að ráða, er svo óhentugt og svo arðlítið, að miklu leyti sparisjóðsfé, að það ber ekki þann arð, að það borgi þann kostnað, sem er samfara útibúum.

Háttv. þm. (Tr. G.) vildi láta þennan banka, landsbankann, reyna, hvað hann getur. En mér finst vera búið að reyna þann banka svo, að það sé fullljóst, að hann fullnægir ekki þeim kröfum, sem til hans eru gerðar.

Það mætti líka reyna aðra leið, sagði sami h. þm. (Tr. G.), þá, að reyna að fá lán með góðum kjörum, til að auka fjármagn landsbankans; ef það ekki fengist, mætti reyna þetta. Eg vildi gjarna ganga inn á, að sú leið yrði farin, að þetta frumv. yrði samþ., en stjórninni jafnframt bent á, að þingið vildi eins vel, að fé yrði tekið að láni handa landsbankanum, ef það gæti fengist með góðum kjörum. En að svo framarlega, sem það ekki tækist, væri skorað á hana, að samþ. þetta frumv., eins og það liggur fyrir.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekki ástæðu til þess að svara h. þm. V.-Sk. (G. G.) vegna þess, að hann svaraði aðallega því, sem eg ekki sagði. En þó að mér hefði orðið það á, að segja eitthvað, sem hann mundi álíta slettur, þá vona eg, að það geti jafnað sig. Eg get gert mér von um, að hann taki ekki hart á því, því að jafnvel honum verða stundum hreystiorð í munni.

Eg hygg, að meiningamunurinn okkar á milli sé ekki eins mikill og útlit er fyrir. Hann er kannske nokkuð hvatari með bankanum en eg. Eg var að benda á ónákvæmni í nefndarál., þótt það sé mjög ítarlegt, — og h. þm. komst að þeirri niðurstöðu, að dæmið, sem eg var að mótmæla, er ekki framkvæmanlegt. Hann áleit, að eg hefði reiknað skakt: að hægt væri að auka landsbankann með sérstakri seríu seðla. Hann bar fyrir sig álit Nationalbankans danska, því til styrktar. Eg eg sé ekki betur en að orð þau, sem hann vitnaði til, séu miðuð við þjóðbankann sjálfan, og banka, sem líkt stendur á með. Í sömu grein er vikið að því, að landssjóðstryggingin sé meira virði en sú trygging, sem bankinn hefði umfram málmforðann. Þar af leiðir, að trygg-

ing landssjóðs, nálgast málmtryggingu, og því ætla eg, að ekki sé ástæða til, að ætla það athugavert, að í frumv. standi, að landssjóðstrygging skuli jafngilda málmtrygging, og því megi gefa út sérstaka seríu.

Eg geng út frá því, að gefin sé út 1 miljón í nýjum seðlum, gegn helmings trygging í gulli, svo að bankinn hafi úti 1750 þús. í seðlum, 750 þús. í óinnleysanlegum, miljón í innleysanlegum. Þegar dregið er frá þessa 20%, eins og nefndin gerir ráð fyrir, verða 1400 þús. úti í seðlum, og reikna eg með 5½ %. Dæmið hjá mér er bygt á þessu.

Þetta munar milli mín og nefndarinnar 5500 kr. — Þó svo væri, að eg gengi inn á, að þetta sé ekki rétt, þá er þetta samt furðumikill hagnaður, og þegar á alt er litið, má sjá, hvílíkan hagnað landssjóður hefir af hlutafélagsbankanum. Af þessum ástæðum verð eg að líkindum neyddur til, að fylgja hlutafélagsbankanum við atkvgr., en fer ekki meir út í það mál að sinni. Að eins skal eg geta þess, að því hefir ekki verið mótmælt, sem eg sagði, að engin sérstök ástæða væri til þess, að skilja sparisjóðinn við bankann, og verð eg þá að skoða svo, sem h. deild fallist á þá skoðun.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð ekki langorður. Mér finst ekki h. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) hafa svo mikið sem reynt að sannfæra mig. Eg sé, að háttv. þm. (G.-G.) er brosleitur; en eg skal svara honum. Hann félst á, og það gladdi mig, að taka upp í frumv. tryggingu gegn stofnendum bankans, svo þeir næðu ekki að brjóta samninga. En svo bætti hann við, að raunar væri ekki þörf að setja það inn í frumv., — bætur væru sjálfsagðar.

Út af þessu datt mér í hug tröllaveiðarnar fram undan Skaftafellssýslum, sem h. þm. vill leyfa í landhelgi.

Eg botnaði ekkert í, hvernig Skaftfellingar færu að heimta skaðabætur,— þeir yrðu fyrst að sanna, hve mikill fiskur hefði verið veiddur fyrir og eftir, að lögin komust á. Hver á að meta skaðann? Hvernig á að fara að því? — Hér er landssjóður ekki aðili.

Eg hefi sýnt fram á, að hlutafélagsbankinn láni ekki út á sjálfskuldar- eða lífsábyrgðir. Það stendur óhrakið. Hvar eiga landsmenn að fá slík lán? Veðdeildin getur það ekki; hún hefir ekki mikla peninga. Sparisjóðurinn getur ekki trompað út svo miklu fé. Hvað duga 400—500 þús. kr. fyrir alt landið?

Háttv. framsm. kvað frestinn til að kaupa hlutabréf nógu langan, byrja mætti að kaupa undir eins og búið væri að auglýsa í Stj.tíð. með 6—8 mánaða fyrirvara. En hefir háttv. þm. ekki lesið 21. gr. frumv.? Bankinn þarf ekki að byrja fyrri en ári síðar. Til hvers er að snúa sér til bankamannanna, úr því að 12 mánuðir geta liðið til þess að bankinn komist á laggirnar?

Í orðunum: »Fyrst um sinn« er meiningin þessi, að gefa undir fótinn: ekki meira núna, meira seinna! — Þeir leiða asnann inn í herbúðirnar, sjá, að ekki er seinna vænna.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) tók og fram, að bankavaxtabréf mundu tekin gild; eg vissi það, en vildi láta geta þeirra; þótti óviðkunnanlegt, að íslenzk verðbréf hefðu ekki sama rétt og útlend verðbréf.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) kvað ekkert því til fyrirstöðu, að bankinn lánaði eitthvert lítilræði út á fasteignir. Hvað er þetta lítilræði? (*Þórður J. Thoroddsen*: ¼ miljón?). — Það er alls ekki nóg!

Eg hélt því fram, að hlutafélagsbankinn mundi eiga erfitt uppdráttar, ef hann ætti að svara út sparisjóði og leysa inn alla seðla landsbankans, sem mundu streyma flestir inn fyrsta árið. Hann yrði að svara út 1 miljón af 2¼ miljón, og þá færi nú starfsféð að minka stórum.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) sagði, að ekki mætti íþyngja bankanum strax með því, að leggja bankakostnað á alt starfsfé og útibú. Jú, en má eg spyrja: stendur bankinn svo tæpt þegar í byrj uninni? Sé svo, þá er lítill vinningur í honum fyrir landið.

Stofnendurnir hafa sýnt, að þeim er um að gera af einhverjum ástæðum, að koma peningunum inn í landið; þeir hafa slegið af útgáfu-réttartímanum og af fénu um ²/₃; mundu þeir ekki koma, þótt enn væri fært sig upp á skaftið?— Mér er þetta ekki kappsmál, en skal koma að því seinna.

En hvaða tökum hefir bankinn þá náð á oss? Mér finst rétt, að setja tryggingu strax inn í frumv. Ráðgjaf inn er ekki í landinu. (*Þórður J. Thoroddsen*: Á sumrin!). Jú, en má ekki kalla saman fund á sumrin? Fyrir komulagið er þannig, að í frumv. er ákveðið, að aðalfund skuli halda í Reykjavík, en bankaráðið geti þó ákveðið, að halda þá annarstaðar, t. d. í Kaupmannahöfn, Spitzbergen, Síberíu, Kína eða hvar sem vera skal. — Það gæti orðið til þess, að enginn mætti af þingsins hálfu.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) hélt fram valdi umboðsmanna landssjóðs. — En eg skal sýna með dæmi, að það getur orðið sama sem ekkert. Sé fé landssjóðs 200 þús. kr., fé bankans 2 miljónir, verður það 1 atkvæði móti 10. Landssjóðs-umboðsmenn verða í absolut minoritet, svo hér þarf betur að tryggja hagsmuni landssjóðs.

Eg segi þetta ekki af neinum óhug á hlutafélagsbankanum, en eg vil ekki falla fyrir fætur honum, þar sem minni hluti nefndarinnar hefir sýnt, að það má auka landsbankann.

Háttv. frumsögum. (Þ. J. Th.) segir, að þeir mundu ekki setja hlutafélagsbankann á stofn, ef landsbankinn stæði við hlið hans, þar sem hann þyrfti ekki að taka meir en 5½ %. Nú, er það ekki einmitt gleðilegur vottur þess, að Landsbankinn geti borið sig, að hann getur lánað út með betri kjörum? — Það dugar ekki að hrista höfuðið! — Í áliti minni hlutans hefir verið sýnt fram á, að kostnaður við bankahaldið yrði miklu minni, ef sparisjóðurinn yrði skilinn frá bankanum, en nú eru störf hans eins umfangsmikil og bankastörfin. Á móti þessu hefir því verið haldið fram, að bankinn væri bundinn við starfsmenn sína. En landshöfðingi getur notað sér uppsagnarrétt sinn og sagt starfsmönnum upp með lög-ákveðnum fyrirvara.

Það er sannað, að auka má Landsbankann, svo nægi að fullu; því þá ekki gera það?

Enginn er sá, sem fullnægt geti féglæframönnum.

En hverjir kalla hæst?

Vanalega þeir, sem minsta tryggingu hafa að bjóða!

Meðan hlutafélagsbankinn ekki fullnægir kröfum vorum, fell eg ekki flatur fyrir honum, en tek hann, ef ekki er annað betra í boði, en með breytingu, sem eg mun koma fram með við 3. umr.

Einar Jónsson: Það eru víst allir sammála um það, bæði þing og þjóð, að þörf sé á öflugri banka en hér er, með 3 útibúum. Og ákjósanlegast mundi öllum þykja, að landið hefði allan arðinn af honum. Nú er arðurinn tvenns konar: 1° hagur sá, er lántakendur

hafa af lánunum, og 2% gróði stofnunarinnar sjálfrar. Hag lántakenda þekkjum við ekki nákvæmlega, og hann er auðvitað misjafn. En gróða bankans, sem nú er, þekkjum við, þar sem varasjóður verður nú um áramótin 240—250,000 krón. Nú væri bezt, að geta haldið áfram, að auka bankann á þessum grundvelli, þannig, að allur þessi tvöfaldi arður rynni til landsmanna og landssjóðs.

Aðal-gallarnir á bankanum nú eru taldir þeir, að starfsfé hans sé of lítið, starfið of þunglamalegt, og um of bundið við Reykjavík og grendina. Ef bætt yrði úr þessu þrennu, þá væri alt í góðu horfi, en úr því verður ekki bætt, nema með því, að auka fé hans.

Minni hluti nefndarinnar hefir nú bent á ráð til þess, að auka féð með því, að tekið væri 1 miljónar króna lán og út á það gefnar 2 miljónir króna í seðlum. Þannig væri þá starfsféð aukið, og útibúin gætu komist á fót og borið sig.

Háttv. meiri hluti segir reyndar um 1 miljón kr. lánið, að ekki sé viðlit að stofna banka, sem þannig sé grundvallaður, nema lánið gæti fengist með svo góðum kjörum, að eigi þyrfti að greiða af því nema 3% vexti. En það álít eg eigi rétt athugað. Því að þegar dæmið, sem hinn háttv. meiri hluti setur upp, er athugað, þá er það talsvert villandi. En eg ætla að þessu sinni eigi að fara út í, að sýna fram á það, en mun gjöra það við 3. umr.

Þar sem meiri hlutinn álítur þannig ófært að taka lán, enda þótt það sé gert á þann hátt, að bæta að eins 500 kr. láni við það fé, sem bankinn á nú, og sem er nú aðgengilegra en að taka 1 miljón króna lán, snýr hann að því ráði, að leggja til, að bankinn sé gerður að hlutafélagsbanka.

En eins og hann er hugsaður í frv. því, sem hér liggur fyrir, mundi mestur hagurinn af bankanum sjálfum lenda í höndum útlendra manna, og þannig ekki verða landinu að notum, enda þótt lánin sjálf væru notuð af landsmönnum, og hagurinn af þeim þannig lenda í höndum landsmanna.

En með því eg vildi, að landið sjálft eða landsmenn gætu átt bankann, og notið alls arðsins af honum, vildi eg óska, að hin háttvirta deild hugsaði sig vandlega um, áður en hún samþykkir frumv., og athugaði, hvort eigi væri gjörlegt, að auka svo fé landsbankans með lántöku, að hann gæti gjört sama gagn, sem hlutafélagsbankanum er ætlað gjöra.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg vildi að eins víkja fáum orðum að háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) (*Lárus H. Bjarnason*: Eg er sáladur), þótt hann sé sáladur. Og satt að segja, er eg feginn því, að hann skuli vera sáladur. Það má æra óstöðugan, að eltast við, að svara öllum hans aðfinningum, því svo má heita, sem hann hafi alt á hornum sér í þeim málum, sem hann ekki er með. Hann finnur að öllu, en bætir ekkert upp. (*Lárus H. Bjarnason*: Það er mitt að rífa niður).

Það eru sumir menn, sem ætíð gera sér að skyldu af fremsta megni, að rífa alt niður, en verður aldrei úr vegi, að byggja neitt upp í staðinn, og einn af þeim mönnum er háttv. þm. Snæf. (L. H. B.).

Það er í sjálfu sér æði-undarlegt, þegar hann neitar því, sem hann hefir sjálfur skrifað og sagt; en verra er það þó miklu, þegar hann leggur mótpartinum í munn orð, sem hann aldrei hefir sagt, eða rangfærir og snýr út úr því, sem sagt hefir verið.

Eitt af því, sem hann bar á mig, að eg hefði sagt, og sem hann stóð fastara á en fótunum, var það, að ef lands-

bankinn stæði, þá gæti hlutafélagsbankinn ekki tekið meir en 5½ %, í stað þess, að eg sagði, að ef landsbankinn væri búinn að koma sér upp góðum varasjóði, þá gæti hann tekið lægri diskonto en hlutafélagsbankinn, og væri ekki bundinn við að fylgja sömu diskonto og aðrir bankar, og að hann stæði betur að vígi með lága diskonto vegna óinnleysanlegu seðlanna.

En að eg hafi með einu einasta orði minst á 5½ %, það vona eg að hinir háttv. þingdeildarmenn hér í salnum geti borið, að þeir hafi ekki heyrt.

Annars kennir nokkuð margra grasa í þessum aðfinningum hans, og það svo margra, að maður fær ekki einu sinni tíma til, að skrifa það alt saman upp. En gleymi maður svo að svara einhverju, af því, að ekki hefir verið tími til að skrifa alt hjá sér, eða þá, að maður vill ekki svara því, af því maður álítur það svo vitlaust, að það sé ekki svara vert, þá segir háttv. þm Snæf. (L. H. B.), að það hafi ekki verið gert af því, að maður hafi ekki getað svarað því.

Svoleiðis getsökum verð eg að hrinda frá mér, og mér þykja þær harla óviðkunnanlegar; en annars skal eg geta þess í eitt skifti fyrir öll, að bæði eg og hinn háttv. þingm. V. Sk. (Guðl. G.) höfum svarað öllum aðfinningum háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), en þó við hefðum ekki svarað öllu, sem hann hefir verið að væla um, þá hefir hann þó þar fyrir engan rétt til að skoða það sem sannað, sem hann hefir komið með, af því, því sé ekki mótmælt.

Tryggvi Gunnarsson: Eg bið hinn háttv. þingdm. að minnast þess, sem framsm. meiri hlutans (Þ. J. Th.) sagði, nefnilega þess, að Landsbankinn stæði betur að vígi með útlán gegn lágum vöxtum en hlutafélagsbankinn. En því á þá að vera að leggja niður þann banka, sem stendur betur að vígi? Annars kemur þetta ekki rétt vel heim við það, sem hann segir í hinu orðinu, að Landsbankinn verði dýrari en hlutafélagsbankinn.

Hinn háttv. framsm. sagði, að fé sparisjóðsins væri um 1200 þús. kr.; en þetta er ekki rétt; það hefir náð þessu þegar það hefir verið mest, en vanalegast hefir það verið um 1 miljón. En þar sem þm. gerir svo mikið úr eða byggir svo mikið á sparisjóðnum til útlána, þá skal eg benda honum á, að þegar menn eru orðnir vanir bankavaxtabrétunum og þau eru komin í álit, þá fara landsmenn auðvitað að kaupa þau, í stað þess að hafa peninga sína á lægri rentu í sparisjóðnum, og við það minkar vitanlega fé sparisjóðsins. Það hefir þegar gengið svo, að menn hafa tekið út peninga sína úr sparisjóðnum og keypt bankavaxtabréf fyrir þá. Framsm. meiri hlutans (Þ. J. Th.) spurði enn fremur, hvernig á því stæði, að bankinn hefði ekki sett á stofn útibú, fyrst hann stæði sig svona vel

Eg skal minna á það, að það er ekki nema eitt ár síðan, að byrjað var að nota þessa ¼ miljón, sem bætt var við bankann, og ekki nema 1 ár síðan að veðdeildin var stofnuð og farið var að lána út á bankavaxtabréf. Það er ekki við því að búast, að bankinn geti fært mikið út kvíarnar, fyr en búið er að *flytja jarðarlánið yfir í veðdeildina* og selja bankavaxtabréfin, því þá fyrst geta peningarnir komið inn. Mér finst það hljóta að vera öllum ljóst, að hagur bankans hljóti að batna, þegar hann er búinn að selja bréfin og fá fyrir þau, að meðtaldri þessari ¼ miljón, sem bætt var við hann, 1200,000 kr. Það er því alls ekki fullreynt enn, hvort bankinn geti ekki borið sig sjálfur og stofnað útibú, og ef árangurinn af þessum hluta-

félagsbanka verður sá, sem eg býst við, þá verða allir orðnir óánægðir með hann eftir 3—4 ár, og vilja þá óðir fara að breyta á ný, sem þá ef til vill yrði hægra sagt en gjört. Eg vil því eindregið ráða deildinni til að fella frv., en samþykkja þingsályktunartillöguna sem hér liggur fyrir, um að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumv. um bankamálið.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Það eru að eins fá atriði, sem eg vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum.

Mér líkar því heldur við þetta frv. en frumv. 1899, sem hlutafélagsbanka nú samkvæmt 2. gr. er ákveðið 2 miljónir, í stað 6 miljóna; því eg er satt að segja ekki svo mikill reikningsmaður, að eg geti gert mér glögga hugmynd um svo mikla upphæð. Einnig að því leyti kann eg betur við þetta frumv., að seðlútgáfurétturinn hér er bundinn við 30 ár í stað 90 ára. Það er eins með þessi 90 ár eins og með tölurnar, að eg á fremur erfitt með að gera mér glögga hugmynd um allar þær breytingar og mjög mismunandi kröfur, er svo langt tímabil kann að hafa í för með sér. Samt sem áður hefði eg öllu fremur kosið, að tíminn fyrir seðlaútgáfrréttinum hefði verið styttur enn þá meir eða niður í 25 ár í stað 30 ára; því eg kýs helzt, að þessi tími sé sem styztur; en vel má svo fara, að þetta fé geti komið landinu að góðu liði engu að síður.

Í 1. gr. er Íslendingum, hvort sem eru einstakir menn eða sjóðir eða stofnanir, gefinn kostur á að sitja fyrir öðrum í 6 mánuði að skrifa sig fyrir hlutabréfum í bankanum, og annaðhvort borga þau með peningum, en þann rétt hygg eg að fáir verði til að nota, af þeirri ástæðu, að hér er ekki svo mikið um innlenda auðmenn og aflögufé, er landsmenn ekki þurfa daglega að nota sem veltifé, eða þá gefa út skuldabréf með 1. veðrétti í jörðum á Ísland, er nemi ekki meira en 20% eða 1/5 hluta af virðingarverði jarðanna. Þetta leyfi álít eg heldur ekki að yrði mjög notað, því eg býst ekki við því, að bændur séu sérlega fúsir á að festa jarðeignir sínar fyrir að eins 1/5 hluta af verði þeirra gegn fyrsta veðrétti og þannig rýra lánstraust eður tryggingargildi jarðanna til venjulegrar eða fullkominnar lántöku.

Í 2. gr. er sagt, að hlutafé bankans megi ekki fyrst um sinn fara fram úr 2 miljónum, en eg sakna ákvæða um, hvað það megi vera minst. Fyrst að tiltekið er, hvað það megi vera mest (maximum), því þá ekki líka til taka, hvað það megi vera minst (miinmum)? Hví ekki ákveða skyldurnar, fyrst réttturinn er ákveðinn?

Í 6. gr. stendur, að 1/4 hluti af þeirri seðlaupphæð, sem úti er, skuli vera trygður með málmforða. Ef nú verða um 2 miljónir í circulation, og þeim skift þannig, að önnur er á útibúunum, og 1/4 upphæðarinnar eður 250,000 kr. á að búta niður milli þeirra sem gullforða, er liggi sem trygging á hverjum stað, þá get eg hugsað mér, að þetta verði of lítil upphæð; því eg álít, að því betur eða fullkomnara sem þörf almennings er fullnægt í öllum fjármálum, því meiri nauðsyn sé á nægilegri málmforðatryggingu.

Í 7. gr. er ákvæði um, hvað telja skuli til þeirrar eignar, sem tryggja á þá seðlaupphæð, sem málmforðinn nægir ekki til, svo og aðrar kröfur, er hvíla á bankanum. Í þessa grein sakna eg ýmsra pósta, sem tryggja ættu seðlana, svo sem ábyrgðarskjöl sýslufélaga, sjálfskuldarábyrgðir, lífsábyrgðarskírteini og fasteignaábyrgðir, sem auðsjá-

anlega eru þær ábyrgðir, sem við bændur verðum alloftast að nota.

Eg skal svo ekki fara frekara út í einstakar greinar þessa frumv., jafnvel þótt mér virðist margt fleira við það að athuga, en að eins geta þess, að mér finst bankinn yfir höfuð fremur til þess að styðja að verzluninni — sem er allra þakka vert -- heldur en að hann sé fyrir okkur bændur. Má vera að bændur og búnaður landsins óbeinlínis geti haft hag af þessum banka; en eg vil þó ekki missa í ann banka, sem vér nú höfum, nema eg sjái það fullkomlega, að vér fáum eitthvað notasælt í staðinn fyrir landbúnað vorn og aðra atvinnuvegi.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Mér þykir leiðinlegt að heyra það, að háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) skuli taka í sama strenginn og þm. Snæf. (L. H. B.) með að rangfæra orð mín. Mér þykir sannarlega undarlegt, að bankastjóranum skuli ekki geta skilist það, að Landsbankinn stendur betur að vígi með að hafa lága disconto en hlutafélagsbankinn, þar sem hann ekki þarf að hafa neinn málmforða liggjandi. Þetta er svo auðskilið mál hverri heilbrigðri sál, að það getur ekki hjá því farið, að sálir þessara tveggja háttv. þm. séu sjúkar.

Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) er alt af að hrósa Landsbankanum, og það geri eg líka, það er að segja að því sem hann nær til. Mér skildist á honum, að bankinn gæti stofnað útibú; en það er það, sem eg segi að hann geti ekki. Hans fé er ekki svo varið, að hann geti það. Sparisjóðsféð má hann ekki taka til þess, enda væri það lítil hjálp, því eftir því, sem þingmaðurinn sagði, þá er það að minka við sölu bankavaxtabréfanna, sem innstæðueigendur sparisjóðsins eru farnir að kaupa; og hvað verður þá eftir til að stofna útibú fyrir, þegar búið er að selja bankavaxtabréfin og sparisjóðurinn hefir gengið til að kaupa þau?

Háttv. þm. Eyf. (St. St.) fann það að frumv., að sá galli væri á 7. gr., að ekki væri hægt samkvæmt henni, að lána út á fasteignir og sjálfsskuldarábyrgðir sýslufélaga. Hvað lán til lítils tíma gegn veði í fasteignum snertir, þá er þetta að vísu satt; en hvað sjálfskuldarábyrgðir sýslufélaga snertir, þá getur bankinn lánað út á þær, einungis að það verður að nota aðra aðferð til þess en hingað til. Nú er gangurinn þessi, að sýslufélögin gefa út ábyrgðarskjöl, sem bankinn tekur sem tryggingu fyrir láninu. Þessari aðferð yrði að breyta þannig, að sýslufélögin gæfu sjálf út skuldabréf (obligationir), sem þau svo seldu bankanum með þeim afföllum, sem svaraði vöxtunum af þeirri upphæð, sem bréfið hljóðaði upp á. — Þessi bréf væru svo sýslufélögin skyldug til að innleysa á sínum tíma. Við skulum taka það dæmi, að sýslufélag þyrfti að taka 2000 kr. lán til 10 ára. Það gæfi þá út t. d. 20 skuldabréf upp á 100 kr. hvert, og skuldbyndi sig til að leysa tvö af þeim inn á ári. Þessi bréf mundi bankinn án efa kaupa, og annaðhvort selja þau sjálfur, eða þá ef hann vildi selja þau öðrum, og láta þau þannig ganga kaupum og sölum.— Þetta hefir t. d. Reykjavík gjört. Bærinn keypti jörð, og til að borga hana gaf hann út skuldabréf, sem nú gengur manna á milli. Alveg eins gætu sveitarfélögin farið að.

Forseti: Vegna þess, að hér er um svo þýðingarmikið frumv. að ræða, þá sé eg mér ekki fært annað en að taka hverja einstaka grein fyrir sig og bera hana undir atkvæði.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. með 14 : 1 atkv.

Við.till. við 1. gr. samþ. með 17 atkv.

Hinar greinarnar allar samþ. óbreyttar með þeim atkv.fjölda hver um sig, sem hér segir:

2. og 3. með 16; 4. og 5. með 15; 6. og 7. með 13; 8. með 12; 9.—10. með 14; 11. með 13; 12.—14. með 14; 15. með 13; 16.—17. með 15; 18.—21. með 14 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkvæðum.

Þriðja umr., 15. ágúst (C bls. 620, breyt.till. bls. 630, 642, 644).

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg skal leyfa mér að minnast dálítið á þær breyt.till., sem fram hafa komið við frumv., þó þær hafi komið nokkuð seint og eg hafi haft nokkuð lítinn tíma til að hugsa um þær; en menn verða þá að virða viljann fyrir verkið.

Eg skal fyrst nefna breyt.till. frá nefndinni á þgskj. 473 og 486; það eru breyt.till. við 2. gr., að fyrir »eigi nemi meira« komi »eigi nemi minna«. — Þessi breyt.till. er gjörð til að færa það nær frumritinu, og eg vona að það verði enginn ágreiningur út úr því. — Eins er breyt.till. við 11. gr., að fyrir »viðunandi« komi »fullnægjandi«; það er orð, sem er breytt um eftir beiðingu h. þm. Snæf. (L. H. B.) og nefndin tók til greina, af því hún kunni betur við að hafa þetta orð heldur en hitt.

Svo er breyt.till. við 14. gr., að orðin síðast í greininni: »af honum« falli burt. Nefndin hefir heyrt á ýmsum hdeildarmönnum, að það mundi geta valdið misskilningi, þessi setning: »þegar búið er að úthluta 4% af honum«; það mætti kannske skilja það svo, sem það ætti að vera 4% af arðinum, en það var ekki meiningin og munu fæstir skilja það svo, heldur er meiningin, að úthluta 4% af hlutafénu. En til þess að það geti enginn vafi verið á, hvernig á að skilja þetta, þá leggur nefndin til, að þetta »af honum« falli burt, og þá getur enginn vafi verið um það, að hér er átt við 4% af hlutafénu.

Þá eru heilmiklar breyt.till. á þgskj. 481, 482 og 485. Eg skal taka það eftir þingskjölunum, og minnast fyrst á breyt.till. á þgskj. 481. Þar er fyrsta breyt.till. við inngangínn, að í stað »30 ára« komi: »25 ára«. Nefndin hefir í sjálfu sér ekkert á móti þessu, en sér enga ástæðu til að breyta því; henni finst, að það sé að eins af löngun til að breyta, og til að finna eitthvað að, að farið er fram á, að veita ekki seðlaútgáfuréttinn til lengri tíma en 25 ára. Nefndin verður að álíta, að 5 ár meira eða minna gjöri ekki svo mikið til, og þegar nefndin er búin að færa niður um hér um bil 10 ár frá því, sem vitanlegt var að stjórnin mundi samþykkja, þá álítur nefndin, að það sé nægilega langt farið.

Þá er við 2. gr., að orðin »fyrst um sinn« falli burt. Það er eins og eg hefi áður tekið fram að það er nokkuð sem hvorki gjörir til eða frá, hvort það stendur eða stendur ekki; og nefndin vill gjarnan gjöra háttv. flutnm. það til geðs, að greiða atkv. með því.

Svo er þriðja breyt.till., við 7. gr. 5. málsgrein, að hún orðist svo, að í staðinn fyrir »opinber verðbréf eftir gangverði« komi: »bankavaxtabréf veðdeildarinnar og önnur opinber verðbréf eftir gangverði«. Eg verð að álíta, að þessi breyt.till. sé gjörð meðfram af misskilningi, og eg verð að lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki verið með þessari breyt.till.; eg skal reyna að skýra, af hvaða ástæðu. 7.

gr. ákveður sem sé, hvers konar skuldabréf og verðbréf það eigi að vera, sem eru fyrir hendi í bankanum, til þess að tryggja þá seðla, sem ekki er málmforði til fyrir. Þar er talið upp, að það séu: skuldabréf gefin út gegn handveði, víxlar, kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er, og svo opinber verðbréf eftir gangverði.

Nú er svo ástatt sem stendur, að bankavaxtabréf veðdeildarinnar hafa ekkert gangverð. Það er náttúrlega um að gjöra, að tryggja sem bezt í lögunum þá seðla, sem enginn gullforði er fyrir. En eg tel það víst, að þeir menn, sem eiga um þetta mál að fjalla, nefnilega bæði stjórnin og ráðunautur stjórnarinnar, Þjóðbankinn danski, að þeir telji ekki tryggileg verðbréf bankavaxtabréf veðdeildarinnar, af því þau eru ekki komin enn þá í gang; þau hafa ekkert opinbert gildi enn þá; þau liggja í bankanum og eru send út »al pari« sem stendur, en eru ekki enn komin á markaðinn.

Annar miskilningur, sem hjá háttv. flutnm. liggur til grundvallar fyrir þessu, er það, að mér skildist á þeim umræðum, sem síðast fóru fram, sérstaklega á ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (Stef. Stef.), að það væri talið upp í 7. gr. að eins það, sem bankinn mætti lána út á. En þetta er misskilningur. Bankinn má lána út á fleira heldur en stendur þarna; hann má lána út á fleira heldur en skuldabréf gegn handveði, og fleira en víxla og kröfur og opinber verðbréf. Hann má lána út á hvað sem hann vill, ef hann hefir peninga; en hann má ekki telja annað en þetta sem tryggingu fyrir þeim seðlum, sem málmforði er ekki fyrir. Eg verð að benda á, að bankinn hefir meira fé heldur en seðla; það er gjört ráð fyrir, að stofnféð sé 2 miljónir, og hann hefir þá umfram málmforðann $^3/_4$ miljón; það eru peningar en ekki seðlar. Fyrir þessa $^3/_4$ miljón, og eins fyrir annað fé, sem kannske verður lagt inn í bankann, t. d. á hlaupareikning, þá má hann lána hvað sem hann vill, og kaupa fyrir það hvað sem hann vill, og jafnvel lána út á fasteignarveð til stutts tíma, ef hann álítur það hentugt. En það má hann ekki telja sem tryggingu fyrir seðlunum. Eg ætla að vona, að menn skilji þetta, og gefi þess vegna ekki þessari breyt-till. atkvæði sitt.

Þá eru hinar breyt.till. undir 4., 5., 6. og 7. lið. Þær eru nú eiginlega allar samkyns; þær nefnilega fara í þá átt, að landsbankinn sé ekki lagður niður, hann standi við hliðina á þessum banka, hann standi með þessum 750,000 kr. í seðlum, enda þó þessi hlutafélagsbanki sé stofnaður. Eg þarf ekki að taka upp þær ástæður, sem nefndin hefir til að leggja eindregið á móti þessum breyt.till., sérstaklega þar sem nefndin sér, að það kemur breyt.-till. á þgskj. 485, sem fer í þá átt, að minka seðlaútgáfuna úr $2^1/_2$ miljón í 2 miljónir; það er sama sem að starfsfé bankans eigi að minka um $^1/_2$ miljón, og það getur nefndin ekki gengið inn á, og vil eg vísa til ræðu minnar um það efni við 1. umr. þessa máls.

Við 14. gr. er líka breyt.till. Þar er farið fram á, að leggja skatt á bankann, sem nefndin heldur ekki getur gengið inn á, af þeim ástæðum, sem eg hefi áður tekið fram. Eg skal taka það fram enn þá, að þetta ákvæði, sem sett er í frumv., nefnilega að bankinn skuli greiða landssjóði 10% af arðinum, það er sett eftir samkomulagi milli stofnendanna og stjórnarinnar, eftir tillögum stjórnarinnar sjálfrar.

Breyt.till. við 18. gr., að fyrir »20« komi: »30« og fyrir »30« komi: »60«,

verð eg fyrir mitt leyti að lýsa yfir, að eg hefi ekkert á móti. Það er að eins gefinn rýmri frestur, sem kannske er nauðsynlegt, svo það er ekkert á móti því, að samþykkja þá breyt.till.

Við 19. gr. vilja flutnm. láta koma »skrifstofu« í staðinn fyrir »aðalskrif stofu«; en því verður nefndin að leggja eindregið á móti. Það stendur í frv.-greininni, að bankinn skuli hafa aðalskrifstofu í Reykjavík, í mótsetning við aðrar skrifstofur, sem hann á að hafa á útibúunum: Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. En ef þessi breyting yrði gjörð, að setja »skrifstofu« í staðinn fyrir »aðalskrifstofu«, þá mætti skilja það svo, að bankinn mætti enga skrifstofu hafa á útibúunum.

Svo er breyt.till. við 20. gr. frv., sem mér þykir nokkuð aðsúgsmikil, þar sem flutningsm. vilja breyta allri greininni. Eg veit ekki, hvort þessi breyt.till. er sprottin af misskilningi eða öðru; en hún hefir þann galla, að hún er alveg ómöguleg. Hér er talað um, að 7 manna ráð stýri málefnum bankans. Eg veit ekki, hvort flutningsm. eiga við fulltrúaráðið, því samkvæmt 20. gr. eiga að sitja í því 7 menn, 3 kosnir af alþingi og 3 sem hluthafar kjósa, og svo ráðgjafi Íslands, og þetta fulltrúaráð kýs svo aftur stjórn bankans. Fulltrúaráðið stýrir ekki bankanum, heldur hefir yfirumsjón hans og sker úr þeim vandamálum, sem bankastjórnin ber undir það. Hæstv. forseti tilkynti, að það væri prentvilla, þar sem stendur »landshöfðingja«, en eg vildi nú heldur kalla það ritvillu (*L. H. Bjarnason*: Það er prentvilla). Það er þá að minsta kosti stór prent villa. Eftir því sem 20. gr. er orðuð hér í breyt.till, er hún óaðgengileg, og get eg því ekki ráðið til að samþykkja breyt.till.

Þá er 12. og 13. breyt.till., sem fara fram á, að bætt sé inn nýjum greinum. En eg verð að álíta, að hvortveggja þessara greina sé óþörf. I öllum öðrum löndum, þar sem bankar eru, er þetta atriði tekið í stofnskrá bankanna og er því óþarfi að setja það í bankalögin; og eg ímynda mér, að við bætum okkur ekkert á því, að taka það í bankalögin, sem aðrar þjóðir álíta að sé óþarft að taka upp í slík lög. Og eg skal benda á, að Þjóðbankinn danski lýsti því yfir, eftir fyrirspurn stjórnarinnar, að ekki vantaði nein lagaákvæði í frumv. Ef Þjóðbankinn hefði álitið, að þetta ákvæði vantaði, mundi hann hafa bent á það. Til enn frekari sönnunar skal eg geta þess, að á þinginu 1899 bjuggu þeir Arntzen og Warburg eftir beiðni þingsins til stofnskráruppkast, og í 24. og 41. gr. þess eru einmitt þessi ákvæði, sem br.till. fara fram á. Þegar nú þess er gætt, að landsstjórnin á að samþykkja stofnskrá bankans, þá má nærri geta, að hún hafi vakandi auga á, að ekki vanti nein nauðsynleg ákvæði í stofnskrána, og mundi að öðrum kosti neita að skrifa undir, en bankinn getur ekki tekið til starfa fyr en stofnskrá hans er samþykt.

Þá er á þgsk. 482 br.till. við innganginn, og er það að eins orðabreyting að öðru en því, að farið er fram á að færa einkaréttinn úr 30 árum niður í 25 ár. Eg skal kannast við, að orðalagið er ef til vill íslenzkulegra, en í sjálfu sér gerir það ekki svo mikið til. Frumv hefir gengið í gegnum svo marga hreinsunareldа, og hefir þó enginn orðið til að finna að orðalaginu fyr en nú. En nefndin getur ekki greitt atkv. með að færa tímann niður í 25 ár

Svo er ein br till. um, að færa seðlaupphæðina niður í 2 milj., og leggur nefndin eindregið á móti því.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) vék að mér við 2. umræðu þessa máls, eftir að eg var dauður, nokkurum orðum, sem eg skal nú kvitta fyrir. Hann kveinaði og kvartaði sárt yfir því, hve illa eg hefði rifið frumv. niður fyrir honum, eins og það kom frá hans hendi, og skil eg vel, að honum félli það illa, því þetta er hans fóstur. Hann hafði lítið út á það að setja, sem eg sagði, en sendi ýms miður vingjarnleg orð í minn garð, en það verð eg að fyrirgefa honum, því að hann er læknir, og það er þeirra handverk að leggjast á náinn.

Háttv. framsögum. sagði við aðra umr., að nefndin væri því ekki mótfallin, að einkarétturinn væri styttur svo, að hann væri til 25 ára. Mér kom það því spanskt fyrir, að hann er á annari skoðun nú. Mér finst sjálfsagt, að veita einkaréttinn svo stuttan tíma, sem hægt er, og engin ástæða er til að ætla, að bankamennirnir gangi ekki að því. Það er ekkert smáræði, hvers virði seðlaútgáfurétturinn er. Gerum ráð fyrir, að bankinn gefi út 2½ milj. kr. í seðlum, en hefði eina milj. í gulli. Af þessari einu milj. reikna eg 4%, eða 40,000 kr. í gjöld, en af seðlunum, 2½ milj., hefði bankinn 150,000 kr. í tekjur, ef hann lánaði þá út með 6% vöxtum, og lægri vexti getur hann ekki tekið. Eg geri ráð fyrir 40,000 kr. til kostnaðar við bankahaldið, og 5000 kr. að auki í uppbót og til varasjóðs. Gjöldin yrðu þá 85000 kr., en gróðinn af gullinu 65000 kr. Þegar er að ræða um, að afsala sér svo mikilsverðum réttindum, sem seðlaútgáfurétturinn er, verður einkarétturinn að ná til svo skamms tíma, sem frekast er farandi fram á. Eg verð því að leggja áherzlu á, að tíminn verði ekki nema 25 ár. Háttv. framsm. sagði, að hann gæti gert það mér til geðs, að fella burt orðin »fyrst um sinn« í 2. gr. Þau eru óþörf og því á að fella þau burt; það er eins og sé verið að gefa stofnendum bankans undir fótinn með, að þeir skuli fá að setja hlutafé bankans meira seinna.

Framsm. sagði einnig, að 3. br.till. kæmi af misskilningi, þar sem farið er fram á, að bankavaxtabréf veðdeildarinnar skuli með berum orðum talin til þeirra hluta, er tryggja má seðlaforðann með, og tók hann það fram, að þessi bankavaxtabréf hefðu ekki gangverð. Það kann að vera, að þau hafi ekki gangverð erlendis; en þau hafa gangverð hér, því það er búið að selja af þeim fyrir 500,000 kr. Þau hafa að vísu ekki verið seld enn í útlöndum, en það verða þau með tímanum. Mér finst undarlegt að nefna þau ekki, úr því að önnur verðbréf eru nefnd. En þetta er ekkert höfuðspursmál, og eg sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Framsögum. tók það fram, út af orðum háttv. 2. þingm. Eyf. (St. St.), að bankinn gæti lánað út á hvað sem hann vildi; en það er ekki nóg, því hvað vill þá bankinn lána út á? Og þó að bankinn vildi lána út á fasteignir, þá getur hann sem discontóbanki ekki haft lán úti til langs tíma, því hann verður að haga lánum sínum svo, að hann geti tekið fljótt til þeirra.

Aðalbreytingartillagan er 4. br.till., breytingin við 8. gr. Það er eina principbreytingin, sem sé, að við hlið Íslandsbanka skuli landsbankinn standa, með þeim seðlum, sem hann hefir. Eg verð að leggja aðaláherzluna á þetta, því verði hlutafélagsbankinn einn um hituna, ræður hann einn verði á peningum í landinu, og þá höfum vér fengið peningaeinokun, eins og áður var í verzlaninni hér. Það má geta nærri, að banki, stofnaður af útlendingum, með

útlendu fé, er stofnaður til þess að græða á, en ekki til þess að útvega okkur ódýra peninga. Og eg ætla því að biðja háttv. þm., að hugsa sig vel um, áður en þeir greiða atkv. um þetta. Hér er verið að stofna einokun um 30 ára tímabil og gæti orðið um óákveðinn tíma, ef bankanum tækist að ná reglulegu tangarhaldi á verzlun landsins.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) vísaði til einokunarinnar í fyrri daga til sönnunar því, að hlutafélagsbankinn ætti að vera einn um hituna.

En mér finst dæmið sláandi sönnun þess, að ekki eigi að láta hlutafélagsbankann hafa einokun. Hér stendur alveg eins á: það voru útiendingar sem ráku einokunina með útlendu fé, og þeir menn, sem hér er um að ræða, eru ekki síður útlendir en þeir.

Annað, sem mælir með að halda landsbankanum, er það, að mikill flokkur þeirra, sem lán þurfa að taka, gæti alls ekki fengið lán, ef hlutafélagsbankinn væri einn um hituna. Landbúnaðurinn verður ekkert betur settur fyrir það, þó sá banki komi, og ekki heldur þeir, sem þurfa að fá sjálfskuldarábyrgðarlán, eða lán út á fasteignir eða lífsábyrgð, og sveitarfélögin, sem landsbankinn hefi styrkt töluvert, fá heldur ekkert í hlutafélagsbankanum.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) sagði, að það væri misskilningur, að peningastofnunum fækkaði í landinu, af því, að veðdeild og sparisjóður yrðu eftir sem áður. Það er rétt. En hér ber þess vel að gæta, að þó að sparisjóðsféð verði tekið út úr bankanum og haft í sérstökum sjóði, þá eykst ekki fjármagnið í landinu við það; það er sama féð; það er að eins flutt úr einum vasa í annan.

Það er því minni ástæða til að skera landsbankann niður, sem hann hefir aukist og margfaldast á síðari árum. *(Guðl. Guðmundsson:* Og þó ekki uppfylt jörðina). Eins og sjá má á yfirliti yfir starfsemi landsbankans árin 1896 til 1900 í síðasta blaði Fjallkonunnar, hefir starfsemi bankans aukist stórkostlega. Árið 1892 var aðalumsetningin 2,198,000 kr., en árið 1900 10,521,000. Tala keyptra víxla á árinu 1892 var t. a. m. 165, en árið 1900 var hún 1187.

Þetta sýnir, að landsbankinn er enginn horgemlingur, sem þarf að leggja niður við trogið.

Eg vil taka eitt fram og það ekki sízt, að ef landsbankinn stendur, verða vextirnir lægri, fá landsmenn ódýrari lán, en ef hlutafélagsbankinn væri einn. Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) játaði það síðast, og getur ekki tekið það aftur, að vel gæti svo farið, að landsbankinn gæti gefið lægri vexti en hlutafélagsbankinn. Þetta er bezta sönnunin fyrir því, að við eigum að halda í landsbankann, þó ekki væri til annars en til að halda í hemilinn á hlutafélagsbankanum.

Hlutafélagsbankinn mun taka svo mikla vexti, sem hann frekast getur, og við vitum, að í útlöndum hefir í seinni tíð disconto verið 6—8%; en hverjir eru þeir íslenzkir atvinnuvegir, er þoli að greiða svo háa vexti?

Háttv. framsm. sagði við 2. umr., að hann óttaðist að stofnendur hlutafélagsbankans mundu ekki ganga að þessu; þeir mundu heimta, að landsbankinn yrði lagður niður; en eg get ekki trúað því, að þeir mundu setja það fyrir sig. Bankafyrirtækið er svo arðvænlegt, að þeir mundu stórgræða á því, þótt þeir hefðu landsbankann við hliðina á sér. Þeir þurfa ekkert að óttast; þeir álíta, að hér sé ótakmarkaður markaður fyrir peninga. Þeir hafa sætt sig við $2^1/_2$ miljón að eins af því, að þjóðbankinn

áleit það nóg, og þeir bjuggust þess vegna ekki við að fá meira; enda sagði háttv. þm. V.-Sk. (G. G.), að 2½ milj. væri oflítið.

Þeir hafa sýnt það, þessir bankamenn, að þeim er þetta meira áhugamál en svo, að þeir mundu setja það fyrir sig, þó úti væru þessar 750,000 kr. í seðlum, sem landsbankinn hefir. En auðvitað er það, að landsbankinn mætti ekki gefa út meiri seðla, enda er ekki ætlast til þess.

Af þessum ástæðum verð eg að halda fast við, að landsbankinn verði ekki lagður niður. Og eg vil lýsa því yfir, að þetta er ekki flokksmál; það er yfir öllum flokkum. Það er þjóðernismál. Það er hollara, að búa að sínu, en að varpa allri sinni áhyggju upp á aðra, upp á útlendinga. Það er skylda þingsins, að láta landsbankann standa. Hvað mundi t. d. Rvík segja um það, ef farið yrði fram á, að veita einum brauðsala einkarétt til að verzla með brauð? Hann gæti heimtað það verð, sem hann vildi. En alveg eins er ástatt með hlutafélagsbankann; hann getur tekið þá vexti, sem hann vill, því enginn er til að keppa við hann.

Færi svo ólíklega, að þessir menn vildu ekki ganga að svona löguðum skilmálum, er enginn efi á því, að aðrir mundu vilja ganga að þeim, og það mundi þá standa á sama, hverjir mennirnir væru.

5., 6. og 7. breyttill. eru afleiðingar af 4. breyttill. og standa og falla með henni. Eg skal geta þess, að breyttill. á þgskj. 485, um að færa seðlaupphæðina úr 2½ miljón niður í 2 milj., stendur í sambandi við, að landsbankinn standi; yrði hann skorinn niður, þá ætla eg að taka breyttill. aftur. Hún styðst við álit þjóðbankans, að landið beri ekki meira en 2½ miljón í seðlum.

Reyndar álít eg, að þjóðbankinn sé ekki neinn guð almáttugur, en hefi þó eftir bendingu háttv. framsm. farið fram á, að minka seðla hlutafélagsbankans um líka upphæð og landsbankaseðlunum nemur.

Þá er 8. brtt., um að hlutafélagsbankinn skuli greiða landssjóði árlegt gjald, í staðinn fyrir 10% af arðinum, þegar búið er að úthluta hluthöfum 4% af stofnfénu. Það getur nú verið álitamál, hve hátt þetta ársgjald eigi að vera; eg hefi ákveðið það með tilliti til þess, sem háttv. framsm. tók fram við 1. umr., að réttara væri að láta ársgjaldið stíga smátt og smátt, af því að bankinn ætti erfiðast í fyrstunni; þess vegna hefi eg sett það 5000 kr. fyrstu 10 árin, 7500 kr. næstu 10 ár og 10,000 kr. síðustu 5 árin. Þetta er svo hóflegt, að eg býst ekki við, að nokkur mæli á móti því. Eg hefi tekið það fram, að það er óviðkunnanlegt, að þessi banki sé látinn borga minna til landssjóðs en landsbankinn, og það því óviðkunnanlegra, sem hlutafélagsbankinn er laus við öll skattgjöld til opinberra þarfa.

Það er komin fram breytingartillaga um, að orðin »af honum« í 14. grein falli burt; en það er samt ekki nægilega skýrt, hvort þessar 4% eiga að takast af stofni bankans eða arðinum; það má annars segja um þetta frumv., að það er auðséð á því, að það er lagt út úr dönsku.

Málið á því er svo ó-íslenzkulegt, að það er eins og það sé eftir annan-bekking latínuskólans, en ekki fullorðinn, lærðan mann; málið er sumstaðar svo vont, að efasamt er, hvort það rýrir ekki sóma þingsins, að láta það frumvarp frá sér svona úr garði gert.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) kunni eigi við, að í stað »aðal-skrifstofu« kæmi »skrifstofa«; og hann lézt enda vera

hræddur við, að útibúin fengju þá enga skrifstofu. En eg er hræddur við þetta orð »aðal-skrifstofa«.

Eins og menn vita, fóru þeir Arntzen og Warburg fram á það í hitt eð fyrra, að bankinn hefði aðal-skrifstofu í Kaupmannahöfn. Þeir fara ekki beint fram á það nú, en það liggur í orðinu »aðalskrifstofa«, að þeir hafa þó ekki slept þessari hugsun; með því nú að setja »skrifstofa« á þessum stað, er séð við þeim lekanum. Náttúrlega geta útibúin eins fyrir það haft sínar skrifstofur. — Það er ekkert nema fyrirsláttur, að berja því gagnstæða við.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) gat ekki felt sig við 11. breytingartill. um, hvernig 20. gr. skyldi orðuð og bankaráðinu fyrir komið. Hann áleit breytingartill. ómögulega, þóttist halda að bankaráð væri sama og framkvæmdarstjórn. Það nær vitanlega engri átt. Bankaráð er sama og fulltrúaráð. — Ákvæðin um framkvæmdarstjórnina eiga heima í reglugjörðinni. Alþingi má standa á sama um það, en um bankaráðið verður þingið að búa. — Getur verið, að landsstjórnin geri það, en undarlegt er það, að háttv. framsm. (Þ. J. Th) og flokksmenn hans, sem annars ekki þykjast hafa neina tyrkjatrú á stjórninni, skuli treysta henni betur en þingi í þessu atriði.

Annars snertir breyt.tillagan fleira en bankaráðið; hún fer fram á, að fundirnir skuli haldnir á Íslandi, og að fulltrúarnir skuli kosnir til 2 ára, og verð eg að leggja töluverða áherzlu á það. Eftir lagafrumv. getum við setið með umboðsmennina alla æfi, en séu þeir óheppilega valdir, er ilt að burðast með þá svo lengi; reynist þeir vel, má auðvitað endurkjósa þá.

Breytingartillagan fer líka fram á, að »æðsti valdsmaður innanlands« komi í stað ráðgjafa.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) þóttist ekkert hafa á móti því, en vill bara halda í ráðgjafann fyrir kurteisis sakir.

Breytingartillagan fer og fram á, að bankaráðið haldi fundi sína innanlands, en samkv frumv. má halda þá í Kaupmannahöfn, norður á Spitzbergen eða austur í Kína, en auðvitað er bráðnauðsynlegt fyrir okkur, að þeir séu haldnir hér.

Loks þótti háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) það ónauðsynlegt, að taka nokkur ábyrgðar-ákvæði upp í reglugjörðina; en það er nú samt nauðsynlegt; hver á að stefna, og hver á að taka á móti stefnunni, og hvaða ábyrgð á bankinn að sæta, ef hann brýtur lögin og reglugjörðina?

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) tók það fram, að þjóðbankinn danski hefði lýst því yfir, að ekkert vantaði í frumv.; en við skulum nú ekki varpa allri okkar áhyggju upp á þjóðbankann. — Sé þetta til bóta, og það skildist mér á háttv. framsögum. (Þ. J. Th.), að hann væri mér samdóma um það; því má þá ekki taka það upp í frumvarpið?

Að endingu vil eg biðja háttv. deild, að velta því sérstaklega vel fyrir sér, áður en hún gengur til atkvæða, hvort rétt sé að leggja landsbankann niður, en láta hlutafélagsbankann einráðan um, hverjum hann lánar og með hvaða kjörum.

Sigurður Sigurðsson: Það var að eins eitt atriði, sem eg vildi fara nokkrum orðum um. Því hefir verið haldið fram, að hlutafélagsbankinn lánaði ekki út á fasteignarveð, og þess vegna ættum við að halda í Landsbankann. Eg skal nú ekki þrátta um það, en að eins taka

það fram, að Landsbankinn okkar hefir heldur ekki stutt landbúnaðinn svo að nokkru nemi. Hann hefir líka veitt stutt lán; en stutt lán geta ekki stutt landbúnaðinn að neinum mun.

En svo vil eg benda á það, að til eru aðrar lánsstofnanir, sem styðja og hafa stutt landbúnaðinn með nægilega löngum lánum, og vil eg taka til dæmis landssjóðinn, sparisjóðina og veðdeildina.

Enn fremur má nefna ræktunarsjóð Íslands, er tekur til starfa nú á næsta ári, og sem einmitt á að styðja að jarðabótum með nægum lánum, og eg hef mikla trú á, að hann komi landbúnaðinum að virkilegum notum.

Með frumv. því, sem hér liggur fyrir, er veðdeildin heldur ekki úr gildi numin, og henni eigum við að hlynna að. Þegar starfsté það, sem hún nú hefur með höndum, þver, er ekkert á móti því, að auka það, svo hún geti haldið starfi sínu áfram.

Með þetta fyrir augum get eg ekki séð, að við landbúnaðarmennirnir getum verið á móti hlutafélagsbankanum; hann er að mínu áliti til stór-bóta, og eg hika mér ekki við, að gefa honum atkvæði mitt.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg ætla strax að taka það fram, að þó eg eigi svari háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) öllu, þá er það ekki af því, að eg treysti mér ekki til þess, heldur álít eg ekki þörf á, að vera að tyggja upp sömu ástæðurnar umræðu eftir umræðu, og eg ætla að lýsa því yfir, að ef hann tekur þetta svo, sem eg geti ekki svarað honum, þá segi eg hann óheimildarmann að því.

Að því er málið á frumv. snertir, þá ætla eg strax að geta þess, að eg hef ekki lagt frumv. út, heldur gerði Benedikt heitinn Sveinsson það; svo var það sett í nefnd, og í henni sat einn háskólakennari og einn sýslumaður, en líklegast hefir þá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vantað til þess að setja kórónuna á það.

Eg ætla að eins að geta þess, að öll þau orð háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem hann hefir haft um, að bankinn verði of dýr, eru bygð á misskilningi og grýlu-ofsjónum.

Mönnum hlýtur líka að vera það ljóst, að stjórn og þing geta haft hemil á öllum málum bankans, þar sem þingið velur 3 menn í fulltrúaráðið, sem ekki þurfa að vera hluthafar, og ráðgjafinn er oddamaður, en renturnar má ekki hækka án samþykkis fulltrúaráðsins, og þar sem nú 4 af okkar hálfu eru á móti 3 af hálfu hluthafa, þá er auðsætt, að þing og stjórn geta ráðið þessu. Og það er engin einokun; það er sagt alveg út í hött. (*Lárus H. Bjarnason*: Gæti orðið). Gæti orðið; það má eins segja um Landsbankann, eins og hann er nú, en eins og fyrirkomulag hins bankans verður, á stjórnin að geta og getur hún séð og sér um, að féð sé ekki misbrúkað.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er líka alt af að vitna í þessa háu diskontó, er hafi verið í útlöndum undanfarið, og segir, að hún hafi verið 6—7 og 8%. En þetta er misskilningur; hann lítur að eins á Danmörku; en það eru fleiri lönd til, t. d. Þýzkaland og England; á Englandi hefir hún verið 3—4%. — En það er ekki meiri ástæða til að fylgja þar Danmörku en öðrum löndum fyrir banka hér. Það er eins með peninga og aðra vöru, að því minna, sem til er af þeim, því dýrari eru þeir, en því meira, sem liggur fyrir af þeim í bönkunum, því ódýrari verða þeir. Þetta er aðal-reglan í öllum bönkum. Verði diskonto of há, þá brúka menn eigi bankann, og kaupmenn eigi fremur en aðrir, þegar þeir geta fengið lán

fyrir 4% hjá umboðsmönnum sínum í Kaupmannahöfn. Afleiðingin af því verður, að peningarnir liggja ónotaðir í bankanum, þangað til hann lækkar aftur diskontóna. Þetta eru því ekki annað en grýlur, eins og eg áður hefi sagt.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er ekki sammála mér um neitt, og þess vegna heldur ekki um bankavaxtabréfin. — Eg sagði, að þau heyrðu undir eins undir opinber verðbréf, þegar þau væru komin á markaðinn, búin að fá gangverð, og þá er bankinn skyldugur til, að taka þau eftir lögunum. En sá er munurinn, að meðan þau ekki hafa gangverð, má ekki telja þau sem tryggingu fyrir seðlunum, eins og gull væri. Svo var það með skrifstofuna; háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að það hefði staðið í lagafrumv. 1899, að skrifstofan ætti að vera í Kaupmannahöfn. Þetta var nú ekki tekið fram. En þó svo væri, þá ráða stofnendurnir ekki, hvar skrifstofan á að vera; það er stjórnin sem ræður því; ráðgjafinn á að samþykkja reglugjörðina, og það yrði að standa þar. Eg þori líka að fullyrða, að skrifstofan verður ekki í Kaupmannahöfn. Ráðgjafinn hefir eftir samráði við þjóðbankann danska lýst því yfir, að það gæti ekki gengið.

Eg veit ekki, hvaða grýla þetta er, þegar þjóðbankinn segir, að jafnvel agentúr í Kaupmannahöfn komi í bága við einkarétt sinn, og stjórnin hefur gengið inn á þetta. Heldur hann þá, að stjórnin geti skrifað undir slíkt ákvæði?

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) skildist ekki annað en, að svo framarlega sem hinir 3 fulltrúar þingsins væru kjörnir upp á óákveðinn tíma, þá sætu þeir æfilangt. Eg neita því. Eg verð að lýsa því yfir, að þingið getur ráðið, hve lengi þeir sitja; það getur valið, þegar það vill, úr því ekki er til öðru vísi ákveðið.

Bankinn heldur aðal-fund sinn á hverju ári, þingið annaðhvort ár; í þetta sinn gæti þingið valið menn til 1, 2 eða 4 ára, eftir vild; það er enginn skuldbinding til um æfilangt val; þingið getur haft það alveg eins og það vill í þessu efni.

Hið annað, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, finn eg ekki ástæðu til að svara; eg hef áður svarað því. Hann hefir tekið það sama upp aftur og aftur, en eg finn ekki ástæðu til, að vera að þrátta um það fram og aftur.

Það er að eins eitt enn, sem eg vil benda háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) á; hann sagðist ekki hafa fundið það í áliti Þjóðbankans, að ekkert vantaði í lögin, en eg vil benda honum á, að það stendur á 7. bls., 7. línu að ofan. (*Lárus H. Bjarnason*: Engin opinberunarbók!). Ekki fyrir þá, sem þykjast bankaráði Þjóðbankans fremri.

Viðvíkjandi fulltrúaráðinu skal eg að lokum taka það fram, að í statútunum 1899, § 17, stendur, að á hverjum aðalfundi bankans eigi 2 meðlimir ráðsins að fara frá. Ef ákveðið yrði eins nú, þá yrði þingið, að binda sig við það líka.

Annars skal eg ekki lengja umræðurnar með því, að fara fleirum orðum um þetta; mér finst málið vera orðið svo ljóst, að þess sé engin þörf.

Pétur Jónsson: Það er út af breyt. till. á þingskj. 482, sem eg og nokkrir aðrir þingdeildarm. höfum leyft oss að koma með, sem eg ætlaði að tala fáein orð.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (Þ. J. Th.) tók vel í þessa breytingartill. að því leyti, sem hún er orðabreyting,

og því til bóta, en einn hanki fanst honum vera á henni frá hans sjónar miði, nefnilega sá, að einkaréttar-leyfið er fært niður í 25 ár úr 30 árum.

Eg tók svo eftir við 2. umr., að h. framsögum. (Þ. J. Th.) væri ekki á móti þessari breytingu, og því setti eg hana inn af því, að hún var mér í sjálfu sér geðfeldari, en alls ekki af því, að eg vildi gera það að neinu skilyrði fyrir atkvæði mínu með málinu, að hún kæmist að.

Þess vegna hefði eg alls ekki sett þetta ákvæði inn í breyt.till. 482, ef eg hefði verið búinn að átta mig á annari breyt.till., sem fram er komin á þingskjali 481, þar sem þessi breyting er tekin upp, heldur látið mér nægja, að greiða atkvæði með breytingartill. á þingskj. 481.

Eg vil því leyfa mér að skjóta því til hins hæstv. forseta, hvort ekki mætti haga því þannig, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, að að eins orðabreytingin á þingskj. 482 kæmi til atkvæða, en tölunni 25 (ɔ: ár) væri slept, og hún kæmi svo aftur til atkvæða, sem breyt.till. á þingskj. 481.

Mér skildist á hinum háttv. framsm. að hann áliti ekki sérlega þýðingarmikið, að þessi orðabreyting yrði samþykt, þótt hún væri til bóta. Svo framarlega sem orðabreytingin er til bóta frá málsins hlið, þá er hún ekki þýðingarlítil. Það er alls ekki þýðingarlítið, að gott mál sé á lögum alþingis. Eg tel þetta að vísu enga fullkomna lækning á málinu á frumv., en að því leyti sem þetta er eðlilegri setningaskipun, þá verð eg að álíta breyt.till. nauðsynlega.

Eg hafði í byrjun hugsað mér að koma með fleiri breyt.till. í þá átt, að reyna að laga málið á frumv., af því að mér hefir ekki þótt vera sem bezt mál á því yfir höfuð. Þeim, sem fjallað hafa um þetta mál, hefir ætíð láðst að laga málið á frumv., sem upphaflega var mjög vont. Á þinginu 1899 urðum við að lesa danska tekstann til þess að geta skilið, hvað átt væri við í íslenzka tekstanum, og kann eg mjög illa við það, að þurfa að lesa dönsku þýðinguna til þess að geta skilið íslenzkuna, og þótt við hér í þinginn eigum að heita skilja dönsku, þá finst mér þetta full ástæða til að bæta málið á frumv. og því ekki rétt að fella neinar breyt.till., sem gang í þá átt.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að eg mun greiða atkvæði með öllum þeim breyt.till. á þgskj. 481, sem miða að því, að Landsbankinn standi við hliðina á hlutafélagsbankanum, vegna þess, að mig tekur sárt, ef sú stofnun þarf að leggjast niður. Að öðru leyti mun það koma í ljós við atkvæðagreiðsluna, hvaða breyt.till. eg er meðmæltur.

Bj. Bjarnarson, þm. Borgf.: Mér kom kynlega fyrir, hve nægjusamur hinn h. 2. þm. Árn. (Sig. Sig.) var fyrir hönd bænda og landbúnaðarins. Hann áleit, að ekki væri ástæða til að óttast, að ekki væri nægt fé til handa landbúnaðinum, þótt hlutafélagsbankinn lánaði ekki fé út á þann hátt, sem gæti komið landbúnaðinum að notum. Hann vísaði bændum á sparisjóðinn, landssjóð, veðdeildina og ræktunarsjóðinn, og furðaði mig mikið á.

Á síðari árum hefir landsjóður ekki getað hjálpað bændum um neitt lán, og það er ekki ástæða til að búast við, að hann geti það frekara framvegis. Sparisjóðurinn getur ekki lánað fé til lengri tíma, eins og eðlilegt er um samlagsfé einstakra manna; lánum sparisjóða má venjulega segja upp með 6 mánaða fyrirvara, og má því segja, að það sé ekki lengur en til missiris í senn, því slíkt fé verður ætíð að vera

til taks, þegar eigendur þurfa á að halda.

Af ræktunarsjóðnum er enn sem komið er ekki nema fáar þúsundir laust til útlána og verður lítið fyrst um sinn.

Hann er stofnaður á þann hátt, að til hans er látið renna andvirði seldra þjóðjarða, og stendur því nú og kemur til að standa lengi enn inni hjá kaupendum jarðanna. (*Sig. Sig.*: Veðdeildin).

Hún er ekki svo mikil, að hún geti fullnægt þörfum landbúnaðarins.

Við síðustu áramót var landsbankinn búinn að lána út á fasteignir 700—800,000 kr. og mikið af þessum lánum var út á jarðeignir bænda, og má ætla að þau lán hafi eigi verið tekin án þarfa, því bændur eru ekki svo gjarnir á að taka lán að gamni sínu.

Eg er hræddur um, að bændastétt landsins verði ekki þakklát háttv. 2. þm. Árn. fyrir þessa nægjusemi, og furðar mig sérstaklega á því, að hann, sem er ráðunautur búnaðarfélagsins og því ætti að vera nákunnugur þörfum bændastéttarinnar og ætti að mega skoða sem nokkurs konar fulltrúa bænda hér á þingi, ekki síður en okkur hina, sem við bú erum, skuli vera svo lítilþægur fyrir hönd landbúnaðarins.

Með þetta fyrir augum mun eg greiða atkvæði með breyt.till. á þskj. 481 með tiliti til þess gagns, sem bændur hingaðtil hafa haft af landsbankanum.

Tryggvi Gunnarsson: Mér er satt að segja ekki svo mikið kappsmál, hvort þessar breyt.till. á þskj. 481 komast að eða hvernig fer með þær. Eg er ekki svo æstur út af þeim og skal því hvorki leggja með þeim eða mót, af því eg vona, að frumv. komi aldrei til framkvæmda, annaðhvort af því, að þingið sjálft eða þá stjórnin sjái, að þetta er ekki heppileg leið, sem hér er farin, að fleygja sér í faðminn á útlendingum, enda er það ekki aðalósk manna, heldur að fá nægilega peninga, en það hefir ekki komið eins skýrt fram, til hvers þurfi að nota peningana.

Flestir, bæði meðal þings og þjóðar, vilja í þeim efnum heldur leita hjálpar hjá innlendum mönnum en útlendingum, og orsökin til þess, að þetta frumv. er fram komið, er sú, að menn hafa ekki treyst þjóðinni til að geta fengið næga peninga með því fyrirkomulagi á landsbankanum, sem nú er. Þessi skoðun er það, sem ríkir hjá meiri hluta nefndarinnar, en hana get eg ekki fallist á.

Eg held að það sé hægt að hjálpa bankanum við með landsins eigin hjálp, og að þetta sé því alt of fljótráðið. Réttara væri að bíða nokkur ár enn og sjá, hvaða verkanir það hefði á Landsbankann, að bætt var við hann þessari $^1/_4$ miljón og eins að veðdeildin var stofnuð.

Engin von er til þess, að veðdeildin sé enn farinn að styrkja nokkuð Landsbankann, bæði vegna þess, að svo stutt er síðan að farið var að selja bankavaxtabréfin, og eins vegna þess, að ekki hefir verið hægt að selja bréfin erlendis af þeirri ástæðu að öll verðbréf hafa undanfarið staðið mjög lágt. Eftirspurn eftir peningum hefir verið svo mikil, að hægt hefir verið að fá miklu hærri rentu af þeim á annan hátt en með því að kaupa verðbréf fyrir þá. Þetta er óeðlilegt ástand og hlýtur að kippast aftur í samt lag, enda verðbréfin nú þegar farin að hækka í verði; en þegar þau eru komin í fult verð aftur, þá verður hægt að selja bankavaxtabréfin erlendis, og við það koma peningar inn í bankann. Eg veit sannast að segja ekki, af hverju menn eru svo ópolinmóðir. Eg get

fullvissað menn um, að síðasta árið hefir enginn skortur verið á peningum í Landsbankanum, og nú við áramótin voru yfir 100.000 kr. í sjóði. Eg vona því, að annaðhvort þessi deild eða háttv. Ed. sjái það, að landið fyrst um sinn getur hjálpað sér sjálft. Annars furðar mig stórlega á því, hve mikið traust þingið ber til þessara útlendu manna. Varla nokkurum innlendum manni mundu vera boðin önnur eins vildarkjör. Þeir eiga að vera lausir við alla skatta og skyldur til hins opinbera og fá seðlaútgáfuréttinn fyrir sama sem ekki neitt. Það þarf þó víst enginn að hugsa, að það sé af eintómri góðsemi, að þessir menn eru að bambra með þetta tilboð. Nei, þeir ætla sér auðvitað að græða á okkur, eins og eðlilegt er, því þeir þekkja okkur ekkert og hafa ekkert við okkur að virða. Engar skyldur eru lagðar á þá aðrar en þær, að stofna 3 útibú, en ekkert er sagt um, hvernig þessi útibú eiga að vera. Ef þeir setja niður skrifstofur á þrem stöðum, með svo sem 50 þús. kr. til að verzla með, þá er þeirri skyldu fullnægt. Það eru sem sagt í alla staði eintóm vildarkjör, en engar skyldur.

Að hafa Landsbankann við hliðina á hlutafélagsbankanum, er að sumu leyti hentugt, en að sumu leyti óhentugt. — Það er óhentugt að því leyti, að hætt er við, að þessum mönnum þyki það ekki tilvinnandi, að stofna hlutafélagsbanka hér, ef annar banki á að standa við hliðina á honum, en á hinn bóginn yrði það hentugt, þar sem starfsvið hlutafélagsbankans yrði alt annað en Landsbankans; því það er neyðarúrræði, að láta veðdeildinna fylgja hlutafélagsbankanum, en auk hennar eru líka ýms nauðsynleg störf, sem ekki eru samrýmanleg við störf hlutafélagsbankans, og sem Landsbankinn hingað til hefir haft á hendi. Það ætti því að láta Landsbankann standa við hliðina á hlutafélagsbankanum, bæði til þess, að hafa veðdeildina, og eins til þess, að veita lán til lengri tíma til styrkingar landbúnaðinum. Því þótt háttv. 2. þm. Arn. (Sig. Sig.) neiti því, að Landsbankinn hafi styrkt landbúnaðinn, þá er það alls ekki satt, og átti eg sízt von að heyra það frá honum, sem sjálfur hefir tekið þess háttar lán. Mér þykir það hart, þar sem hann oft hefir fengið lán til þess, að koma á þessum skilvindum, og veit eg ekki betur en að lán veitt til þeirra séu í þarfir landbúnaðarins.

Yfir höfuð hefir Landsbankinn stutt landbúnaðinn miklu meir en sjávarútveginn. Árið 1898 námu fasteignalán bankans 929 þús, og nú í ár voru um 300 þús. í ábyrgðarlánum, og meðal þeirra þetta lán til skilvindukaupa, sem eg mintist á; aftur voru víxillánin um 700 þús. Ábyrgðar- og fasteignalánin voru því til samans nær 1300 þús., en þau eru mest í þarfir landbúnaðarins, og sést greinilega af því, hvort hann hefir ekki verið styrktur meir en bæði fiskiveiðar og verzlunin, sem aðallega hafa notið víxillánanna.

Annars held eg að menn geri sér alt af miklar vonir um þennan hlutafélagsbanka og það gagn, sem kunni að verða að honum og þessum útibúum; að minsta kosti hefði mér fundist það eiga við, að meiri hlutinn hefði gert glögga grein fyrir, hvernig hann hugsaði, sér að þessi útibú ættu að vera. — Nú verður ekkert annað hægt að sjá af frumv. en að menn vilja fá meiri peninga; en þótt þessi hlutafélagsbanki stofni útibúin á þann hátt, að hann setji niður 3 skrifstofur með 50,000 kr. kapítali til að verzla með, þá verður

ekkert sagt, því útibúin eru stofnuð; en þess háttar útibú gæti Landsbankinn líka stofnað, ef hann vildi strax.

Að því er það snertir, að landsmenn fái ódýra þá peninga, sem þeir þurfa á að halda, þá skal eg taka það fram, að Landsbankinn hlýtur að verða ódýrari, bæði vegna þess, að stjórn er ekki eins kostnaðarsöm, og líka vegna þess, að Landsbankinn hefir minni hvöt til þess að græða fé en hlutafélagsbankinn.

Yfir höfuð er það tilgangur allra kaupmanna, að reyna að græða fé, og þá eðlilega eins hlutafélagsbankans, og það því fljótara og meira, sem tíminn er honum afmarkaður. Við það, að einkaréttartíminn hefir verið styttur, verður hann að reyna að græða meira á lega til að ná sér upp. Aftur á móti er það ekki tilgangur Landsbankans, að reyna að græða, heldur er hans hlutverk það, samkvæmt 1. gr. í bankalögunum, að greiða fyrir peningaviðskiftum landsins og styðja að atvinnuvegunum.

Hannes Þorsteinsson: Það mætti ef til vill segja, að það væri að bera í bakkafullan lækinn, að auka umr. um þetta mál, sem svo mikið hefir verið rætt og ritað um; en sökum þess, að eg hefi verið töluvert við það riðinn síðastliðin 2 ár, get eg ekki látið það fara svo úr þessari deild, að eg fari ekki um það nokkurum orðum.

Mér getur ekki dulist, að þetta er athugavert og varhugavert mál — það er stórmál, sem eg sannfærist æ betur og betur um, að ekki dugar að hrapa að. Það gengur út á, að setja hér á stofn nýja peningastofnun með útlendu fé, og leggja niður peningastofnun landsins, sem hefir staðið nú í mörg ár og gert mikið gagn, þótt hún auðvitað hafi verið ófullkomin að ýmsu leyti.

Það er nærri ótrúlegt, hve miklum æsingum og blekkingum hefir verið beitt í þessu máli til að afla því fylgis, og hve miklu ryki hefir verið þyrlað í augu almennings til að villa hann. T. d. má geta þess, að sumir helztu formælendur þessa máls hafi haldið því fram, hreint og og beint, að ef þessi banki yrði stofnaður hér, þá gætu menn fengið »nóga peninga«(!) til hvers, sem þeir vildu.

Fákænir og lítt hugsandi menn hafa látið blekkjast af slíku, eða öðru jafnfráleitu. Aðra hefir það auðvitað ekki getað vilt.

Menn mega ekki láta það rugla sig, þótt hringli í gullinu í vösum auðugra Gyðinga í Khöfn, því að vér fáum það ekki ókeypis, og það má kaupa það of dýrt, svo dýrt, að það sé ekki tilvinnandi fyrir þjóð vora. Það er tál eitt og flátskapur, að telja fólki trú um, að öll mein þjóðarinnar séu bætt með því, að gefa útlendingum einkarétt til seðlaútgáfu hér á landi, en koma Landsbankanum fyrir kattarnef. Menn verða vel að gæta þess, að peningaskorturinn í landinu stafar ekki fyrst og fremst af peningaleysi í Landsbankanum, eða af því, að hann geti ekki lánað nógu mikið, heldur liggja til þess alt aðrar og dýpri ástæður, þar á meðal sérstaklega þær, hversu markaðurinn fyrir afurðir landsins er illur og óhentugur og afurðirnar í lágu verði, en kröfur manna til lífsins hafa hins vegar aukist mikið. Það er þetta óeðlilega, ójafna hlutfall, sem gerir það að verkum, að oss vantar peninga — það, að vér getum ekki fullnægt þörfum vorum, þjáir oss, en ekki peningaleysi Landsbankans.

Það hefir verið tekið fram, að þessi hlutafélagsbanki mundi gjörbreyta verzluninni; en sú breyting verður varla í reyndinni eins mikil og formælendur þessa banka hafa látið í veðri vaka. Það getur verið, að eitthvað ofurlítið

grynkaði á verzlunarskuldunum, en ekki hefi eg samt mikla trú á því, og vöruskiftaverzlunin mundi haldast eins eftir sem áður.

Það er eflaust rétt athugað, að kaupmenn mundu græða á þessu nýja banka fyrirkomulagi, en þeir mundu varla brúka þann gróða til þess að kaupa innlendu vöruna fyrir peninga, heldur verja honum til að kaupa því meira af útlendu vörunni, ef til vill glysi og glingri, er þeir svo seldu fyrir peninga. Og er þá óséð, hvort kaupendur nytu góðs af því, þótt kaupmenn kæmust að betri kjörum í innkaupi ytra en þeir nú gera, því að samkepnina má hefta að nokkru með samtökum, eins og dæmin sýna.

Það er auðvitað ekki nema gott, að verzlunarstéttin græði, en hún á ekki að vera sú einasta, sem hugsað er um. Gróðinn verður að skiftast á fleiri hendur. Landbúnaðurinn eða réttara sagt bændastéttin hefir margar þarfir, og til þess að uppfylla þær, þarf að vera lánstofnun, sem getur veitt lán til langs tíma. Þessi banki, sem hér er um að ræða, er disconto-banki eða seðlabanki, sem þar af leiðandi veitir ekki lán lengur en til 6 mánaða — það er ekki »hypotek«-banki og getur þess vegna ekki orðið bændum að liði. H. framsm. hélt því fram, að þessi banki mundi veita löng lán líka; en það er að eins spádómur, bygður á misskilningi, því að eftir eðli sínu má seðlabanki ekki veita slík lán.

Það er einkenni á þessum bankamönnum, að þeir eru alt af að spá, klifa stöðugt á því, hvað bankinn muni gera; það muni verða svo og svo, þegar hann er kominn á laggirnar, þá muni alt breytast hér á landi. Eg þykist geta sagt eitt »muni« um banka þennan, sem bygt er á ótvíræðri vissu, og það er, að hann m u n i vilja græða. Eg skal ekkert segja um það, hve háar rentur þessi banki mundi taka, en það veit eg, að annar forsprakkinn fyrir þessu fyrirtæki, Warburg, hefir tekið 7–8% af peningum, sem hann hefir lánað mönnum hér á landi, og þessu verður ekki mótmælt, því að það hefir verið þinglesið. Eg geri lítið úr því, að bankaráðið eigi að ráða vöxtunum. Ætli hluthafar mundu ekki reyna að hafa hönd í bagga með því? En jafnvel þótt þessi banki lánaði peninga út gegn 6—7% vöxtum, þá væru það samt of dýr lán fyrir bændur hér á landi, þótt þeir gætu fengið þau. Slík lán gætu naumast borgað sig fyrir landbúnaðinn að minsta kosti. Þar er ekki svo fljóttekinn gróðinn.

Eg skal ennfremur geta þess, að eg hefi ekki heyrt skýrt tekið fram, hvernig fyrirkomulagið yrði, þegar þessi nýi banki tekur að sér útistandandi lán Landsbankans, t. a. m. þau, sem lánuð hafa verið til 10–20 ára. Ætli þessi banki, sem er disconto-banki og þar af leiðandi ekki má lána peninga út nema stuttan tíma, færi vægt í sakirnar? Eg er hræddur um, að það yrði kurr hjá bændum, ef þessum lánum yrði sagt upp, hvað lítið sem út af bæri, t. d. ef rentur og afborganir kæmu ekki á ákveðnum degi, sem oft vill brenna við hér á landi. Eg geri mér engar vonir um, að þessi nýi banki yrði jafn-þolinmóður við skuldunauta sína, eins og Landsbankinn hefir verið. Og reyndin mundi verða sú, að þessi löngu lán Landsbankans yrðu uppsegjanleg að 2–3 árum liðnum, eftir að nýi bankinn væri kominn á fót; því að það er eðlilegt, að hann vildi losast við lán þessi sem allra fyrst.

Þess vegna verður að finna eitthvert ráð til þess, að bændur geti fengið hag-

anleg lán. Og það er einmitt þetta, sem oss, sem erum miðlunarmenn í þessu máli, greinir á um við hina, sem annaðhvort ekki sjá eða ekki vilja sjá neitt annað ráð en þenna útlenda hlutafélagsbanka. Vér miðlunarmennirnir viljum ekki að óreyndu falla fyrir fætur útlendra aurapúka, eða réttara sagt, vér viljum ekki gera það fyr en í fulla hnefana.

Til þess að ráða fram úr þessu máli eru 3 aðferðir, eftir því, sem vér miðlunarmenn lítum á það: 1. aðferðin er, að auka landsbankann eftir þörfum með því, að taka fé til láns í útlöndum; 2. er sú, að láta landsbankann standa við hliðina á hlutafélagsbankanum; og 3. er sú, að taka hlutafélagsbankanum, og láta hann vera einan um hituna, en það álítum vér neyðarúrræði; en þetta er einmitt sá vegurinn, sem hinir vilja fara eingöngu vilja ekki líta við hinum leiðunum, og telja þær öldungis ófarandi. Þeir sjá ekki og vilja ekkert sjá, nema þennan hlutafélagsbanka, en niður með landsbankann, stofnunina, sem landið á. Þar skilur okkur; hér er princip-munur.

Það, sem vakti fyrir oss, sem komum með þessa brt. um að láta landsbankann standa við hliðina á hlutafélagsbankanum, var, að það gæti verið hagfeldara, að láta landið halda sínum banka, með veðdeild og sparisjóði, því, það gæti hugsast, að ekki væri heppilegt, að þessi hlutafélagsbanki hefði veðdeildina undir höndum.

Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) gat þess, að bankavaxtabréfin (veðdeildarbréfin) hefðu enn ekkert gangverð, og það er rétt, eins og nú stendur, því að þau ganga ekki kaupum og sölum á peningamarkaði eða kaupmannasamkundum ytra. En þá er hlutafélagsbankinn tæki að sér veðdeildina, yrði þess naumast langt að bíða, að hann hleypti veðdeildarbréfunum út á markaðinn, sem öðrum verðbréfum, og gæti þá farið svo, að þau féllu mjög í verði, ef til vill niður í 60—70%, og gæti það orðið ákaflegt tjón fyrir þá menn, sem keypt hafa þessi bréf í landsbankanum. Þess vegna verð eg að hallast að brt. á þskj. 481 um, að landsbankinn verði látinn standa við hlið hins bankans, því þá getur þetta síður komið fyrir. Að eg stend ekki meðal flutningsmanna á þeirri tillögu, er að eins tilviljun ein.

Verði sú till. feld, þá get eg ekki greitt atkvæði með þessu máli út úr deildinni. En eg mun gefa þingsál.till. hins háttv. minni hluta, um aukning landsbankans, atkvæði mitt, ef hún skyldi verða lögð hér fyrir deildina síðar.

Vér miðlunarmennirnir höfum með breyttill. þeim, sem vér höfum gert við málið, sveigt eins mikið til og oss var mögulegt. Nú eiga hinir eftir að gera sitt. En það eru einmitt þeir, sem ekkert vilja slaka til, enga miðlun vilja í þessu máli.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi ekki enn þá sem komið er talað í þessu máli, en eg kann ekki við, að láta það fara svo héðan úr deildinni, að eg fari ekki um það nokkurum orðum.

Eg á sammerkt við suma aðra í því, að eg er ekki ánægður með þetta frv.; en það er af gagnstæðum orsökum við flesta aðra, sem móti því eru; mér þykir nefnilega stofnféð of lítið. Eg álít, að þetta frv. geri ekki eins mikið gagn eins og ef hið upphaflega stofnfé hefði verið látið halda sér. Eg álít að bankinn geti ekki gert það gagn með 2 miljóna stofnfé, sem upphaflega var til ætlast.

Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) og h. þm. Árn. (H. Þ.) sögðu, að vér ættum ekki

að falla á kné fyrir útlendum aurapúkum, en reyna til, að eiga okkar banka sjálfir. Eg skal fúslega játa, að þetta væri ágætt, ef það væri mögulegt; en er ekki margbúið að sanna, að oss vantar fé til þessa? Er ekki marg sannað, að alt er í ólagi og niðurníðslu hjá oss sökum þess, að oss vantar peninga? Hefir ekki verið sýnt fram á, að atvinna og verzlun gætu blómgast hér, ef oss ekki vantaði peninga? Því þá ekki að taka þá, þegar þeir fást — vér getum þó varla vonast til, að þeim rigni yfir oss niður úr skýjunum og að vér fáum þá fyrir alls ekki neitt. Þm. Rvík. og hans fylgismenn vilja láta fresta málinu og að vér reynum til að fá lán og auka með því landsbankann. Hvers vegna þarf að fresta þessu máli? Hvers vegna hefir landsbankinn ekki grenslast eftir, hvort ekki væri hægt að fá lán? Það hefði þó staðið honum næst og hann hefði átt hægast með að komast eftir því, hvort það væri mögulegt. Að minsta kosti er það svo annarstaðar, að bankar eiga hægt með að komast eftir slíku. Landsbankinn hefir sannarlega haft tímann fyrir sér til þess, að komast eftir þessu, og það er ófyrirgefanleg vanræksla frá hans hálfu, að hafa ekki reynt til að komast eftir því, og hann mundi hafa álitið það skyldu sína, að komast eftir þessu, ef honum hefði verið þetta nokkurt kappsmál og þetta væri ekki að eins fleygur til þess, að tefja fyrir þessu nauðsynjamáli og halda öllu í gamla horfinu.

Það hefir verið haft á móti þessum fyrirhugaða banka, að landbúnaðurinn mundi ekki hafa nein veruleg not af honum; en hverjum er það að kenna, ef sú verður reyndin á? Ekki stofnendunum, sem buðu nægilegt fé og vildu lána að minsta kosti 1 miljón kr. gegn fasteignarveði — nei, það er stjórninni og þjóðbankanum danska að kenna, ef það verður. En þótt þessi banki ekki geti lánað mikið gegn fasteignarveði, þá getur hann orðið landbúnaðinum að gagni á margan hátt samt.

Jafnvel mótstöðumenn hans játa, að hann styðji verzlunina; og mundi það ekki verða til gagns fyr bændur, ef hún batnaði? Mundi það ekki styðja landbúnaðinn, ef þessi banki styddi iðnað og sjávarútveg, svo að markaður fengist fyrir vörur bænda? Það er þó mesta mein landbúnaðarins nú, að markaðurinn er slæmur fyrir afurðirnar. Blómgist iðnaður og sjávarútvegur, þá þurfa þeir, sem þessa atvinnuvegi stunda, að kaupa afurðir bænda.

Óskiljanleg er mér breyt.till. á þgskj. 481 um það, að bankinn skuli hafa meðal annars bankavaxtabréf eftir gangverði til tryggingar seðlunum, því þessi ósk er oss til skaða, en bankanum til góðs. Það hlýtur þó hver maður að sjá, að það er í bankans þágu, að mega hafa sem flest verðbréf til tryggingar þeim seðlum, sem ekki eru tryggðir með gulli. Eg gæti skilið, að menn vildu hafa sem mest gull eða auðseld verðbréf og sem minst af verðbréfum, sem erfiðara er að selja í skyndi; en þetta, sem breyt.till. fer fram á, er mér algerlega óskiljanlegt. Mér virðist því þessi breyt.till. hégómi einber, og er óskiljanlegt, að nokkur maður skuli leggja kapp á að koma slíku ákvæði inn í frumv.; enda er það ómögulegt, því bankavaxtabréfin hafa ekkert gangverð sem stendur; en þegar þau hafa fengið ákveðið gangverð, þá má bankinn auðvitað nota þau sem trygging fyrir seðlum, en það er í hans þágu, en ekki okkar, eins og eg benti á áðan.

Það var tekið fram við umr., að útibúin mundu ekki fá meira fé til umráða en c. 50,000 kr. Hvernig getur nokkrum manni dottið slík endemis vitleysa í hug? Er mögulegt að hugsa

sér, að nokkur bankastjórn sé svo heimsk, að stofna útibú og láta það svo hafa svo lítið fé undir höndum, að renturnar af því ekki einu sinni borguðu kostnaðinn, sem af útibúinu leiddi? Hver heilvita maður hlýtur þó að sjá, að það er í bankans þágu, að útibúin láni sem mest, til þess að þau borgi sig sem bezt, en til þess þurfa þau að hafa alt það fé undir höndum, sem þau geta komið út. Kostnaðurinn er hinn sami við útibúið, hvort sem það lánar út 100,000 kr. eða 200,000 kr.

Þá hefir verið farið fram á það, að landsbankinn væri látinn standa við hlið hlutafélagsbankans; en við það er margt að athuga. Fyrst og fremst eru lítil líkindi til þess, að þeir, sem ætla að standa fyrir hlutafélagsbankanum, muni ganga inn á það; og í öðru lagi getur það verið hættulegt fyrir landsbankann sjálfan, að hafa óinnleysanlega seðla við hliðina á seðlum, sem hægt er að fá gull fyrir, þegar þess er krafist. Ætli kaupmenn mundu ekki ýta frá sér óinnleysanlegu seðlunum og taka heldur innleysanlega seðla, ef þeir þyrftu að senda fé til útlanda? Seðlar landsbankans yrðu því aldrei teknir nema með afföllum, og það yrði tap fyrir menn að eiga þá. Eg get nefnt dæmi þessu til sönnunar. Eg fæ mikið af íslenzkum seðlum fyrir tímarit, sem eg gef út. Á hverjum 10 kr. seðli tapa eg 10 aurum, og mundi eg því heldur kjósa að fá innleysanlega seðla, sem eg ekki tapaði 1 eyri á. Svona mundi það verða með alla, sem þyrftu að senda peninga til útlanda; þeir mundu tapa á hinum óinnleysanlegu seðlum landsbankans, og þess vegna ekki vilja taka þá með ákvæðisverði. Hvað segir Þjóðbankinn danski um þetta? Hann segir, að óhætt sé að hafa þetta fyrirkomulag því að eins, að landsbankinn eða landssjóður hafi alt af við hendina 100,000 kr. til þess, að innleysa seðlana, ef þess sé krafist. *(L. B.:* Það getur hann haft). Það getur hann haft, segir háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), en mér heyrðist þó háttv. þm. Rvk. (Tr. Gr.) segja í dag, að bankinn hefði nú undir höndum 114,000 kr., og það hefir varla verið í gulli alt saman. En það, að bankinn hafi við hendina 100,000 kr. í gulli, gerir Þjóðbankinn í álitsskjali sínu þó að beinu skilyrði fyrir því, að bankinn megi gefa út $^3/_4$ eða í hæsta lagi 1 miljón í óinnleysanlegum seðlum. Eg skal því með leyfi forseta leyfa mér, að lesa upp úr álitsskjali Þjóðbankans eftirfylgjandi orð máli mínu til sönnunar:

»Direktionen maa derfor være af den Formening, at saa længe Seddeludstedelsen kan holdes paa sin nu normerede Størrelse, $^3/_4$ Million Kr., eller i det höjeste udvides til 1 Million Kroner, kan det nu gældende System opretholdes under Forudsætning af, at Landsbanken og i anden Række Landskassen stedse holdes saaledes forsynet med lovlig gangbar Mönt (Guld og Sölv), at eventuelle Begæringer om Indlösning, selv om de under særlige Omstændigheder maatte antage et större Omfang (f. E. 100,000 kr.), uden Utempe faktisk kunne efterkommes, uanset at der ikke paahviler nogen legal Forpligtelse i saa Henseende, og at saavel Banken som Landskassen bevare deres nuværende gunstige Status som betryggende Garanti for Kreditsedlernes Værdi. Viser det sig derimod, at Landets Behov kræver en større Seddeludstedelse end 1 Million Kroner, maa vi anse det for nödvendigt, at denne baseres paa anden Maade, og denne kunde da næppe med Rimelighed være

en anden end en Aktiebank með Seddeludstedelsesret«.

Með öðrum orðum, bankinn verður ekki að eins að hafa til taks alt af 100,000 kr. í gulli eða silfri, heldur verður ástand landssjóðs alt af að vera eins gott og það er nú; að eins með þessum skilyrðum álítur stjórn Þjóðbankans, að óhætt sé að halda þessu fyrirkomulagi. Þurfi landið á meiri peningum að halda, segir Þjóðbankastjórnin, að menn verði að stofna hlutafélagsbanka með seðlaútgáfurétti. En þess ber að gæta, að Þjóðbankinn hér miðar við, að Landsbankinn sé einn um hituna, og engir innleysanlegir seðlar við hliðina á hans seðlum.

En líti maður nú á, hvernig gullforði landsbankans hefir verið á undanförnum árum, þá sér maður, hve tregt það hefir verið. Árið 1894 hefir bankinn ekki nema 16000 kr. í gulli og liðugar 9000 kr. í útlendum seðlum. Árið 1895 hefir hann 55,000 kr.; 1896 hefir hann 32,000 kr., 1897 8,600 kr., 1898 4,600 kr., 1899 13,000 kr. (*Lárus H. Bjarnason*: Þetta hefir reynst nóg). Já, þetta hefir reynst nóg, en af hverju? Af því að aldrei hefir komið fyrir neitt tilfelli, að það væri ráðist á bankann og heimtað gull fyrir seðla, og það kemur naumast fyrir nú, af því það er ómögulegt að heimta það af bankanum; hann getur neitað því, ef hann vill. En ef hann stendur við hliðina á seðlabanka, sem innleysir alla sína seðla, þá kemur fyrir annað: að menn vilja ekki líta við hans seðlum, en allir vilja fá seðla hins bankans, og þá mundu seðlar landsbankans falla í verði, svo það getur orðið stórhættulegt fyrir landsbankann, ef hann ætti að standa við hliðina á seðlabanka.

Af því háttv. framsm. hefir svarað flestu af því, sem tekið hefir verið fram, þá skal eg ekki orðlengja þetta. Eg vildi að eins gera þessar fáu athugasemdir, því mér finst menn vera að stefna inn á hættulega braut, ef menn ætla að fara að halda landsbankanum við hliðina á banka, sem innleysir sína seðla með gulli; það getur orðið dýrt spaug fyrir landið.

Sigurður Sigurðsson: Eg geri það satt að segja hálfnauðugur að tala í þessu máli, af þeirri ástæðu, að eg finn mig ekki, að dæmi minni hluta nefndarinnar í bankamálinu, fullkomlega færan um að ræða svona vandasamt mál. En það voru sérstaklega ræður háttv. þingm. Borgf. (B. B.) og þingm. Rvík. (Tr. G.), sem gefa mér tilefni til að tala fáein orð. Háttv. þingm. Borgf. var að tala um það, að eg væri nægjusamur fyrir hönd landbúnaðarins. Eg verð að taka fram gagnvart honum, að það er enginn löstur að vera nægjusamur; en hvað þetta snertir sérstaklega, þá held eg, að eg sé ekki svo sérlega nægjusamur, sem hann hyggur. Eg benti áðan á ýmsa sparisjóði, sem gætu hjálpað landbúnaðinum; háttv. þingm. gerði ekki mikið úr því; en hinu mótmælti hann ekki, sem ekki var von, að veðdeildin væri sú lánsstofnun, sem við gætum farið til. En það er alls ekki loku fyrir það skotið, að hlutafélagsbankinn geti hjálpað landbúnaðinum, og framsögumaður benti einmitt á það við 2. umr. þessa máls, t. a. m. með því að stofna sér hlutafélög, og svo bjóði hlutafélögin bankanum hlutabréf sín til kaups; menn gætu á þennan hátt fengið lán, og svo innleyst hlutabréfin aftur með árlegum afborgunum. En hvað veðdeildina snertir, verð eg að taka það fram, að hún er einmitt stofnuð fyrir okkar landbúnað. (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.: Hún er ónóg).

Háttv. þing. Rvík. (Tr. G.) var að ávarpa mig; en það var of mikið

strokkhljóð í ræðu hans, til þess eg skyldi, hvað hann var að fara. Hann var að tala um, að eg hefði komið inn í bankann til að fá lán til þess að kaupa strokka. En það var nú alls ekki tilfellið; eg hafði aldrei beðið um lán til strokkunar; það er hann sjálfur, sem er að strokka. En eg hefi komið í bankann og beðið um lán til að koma á fót mjólkurbúum, kaupa skilvindur o. s. frv., en það var ekki fyrir sjálfan mig, og viðkomendur hafa borgað það. En slík lán eru hreinasta neyðarúrræði, þegar um landbúnaðarfyrirtæki er að ræða. Vitaskuld skal eg viðurkenna það, að bankastjórinn brást þar vel við og reyndist vel í því efni, sem reyndar ekki var neitt sérlega hrósvert, er um fulltrygga sjálfskuldarábyrgð var að ræða.

En viðvíkjandi hlutafélagsbankanum, þá er heldur ekki loku fyrir það skotið, að hann geti hjálpað undir svipuðum kringumstæðum, svo framarlega sem hann hefir meira fé fyrirliggjandi heldur en þarf til þess að innleysa seðlana, svo að þetta dæmi, sem háttv. þingm. Rvík. kom með, er í rauninni alls engin ástæða.

Eg skal svo ekki fara frekara út í þetta, en tek það fram gagnvart þessum br.till., að eg skil ekki, hvernig menn geta verið að tala um það, að viðhalda landsbankanum við hliðina á hlutafélagsbankanum.

Það er margbúið að sýna það og lýsa því yfir, að menn þeir, sem fá leyfi til að stofna hlutafélagsbankann, þeir geri það ekki, ef landsbankinn verði við hliðina. (*L. H. Bjarnason*: Hver hefir lýst því yfir?). Það er margbúið að gera það, og að neita því, er sama sem að berja höfðinu við steininn. Auk þess hefir háttv. þingm. Vestm. (V. G.) sýnt svo ljóslega fram á það, að slíkt væri bara bernatilræði við bankann.

Einar Jónson: Eg gat þess við 2. umræðu þessa máls, að eg vildi vera því mjög fylgjandi, að hægt væri að koma hér á fót öflugum banka, sem fullnægði peningaþörfinni í landinu, en að eg óskaði helzt, að hægt væri að bæta svo hag landsbankans, að hann gæti fullnægt þörfinni. Eg hætti þá við að gera athugasemdir við reikninga meiri hluta nefndarinnar um það, hvernig fara mundi, ef 1 miljón væri tekin að láni til að auka fé bankans, og gefnar út á hana 2 miljónir í seðlum. Eg ætla að gera þær athugasemdir nú.

Það er þá fyrst, að 1. og 2. liður í því, sem meiri hlutinn telur gjöld bankans, eru hreyfanlegar stærðir, svo að þó að samlögð upphæð liðanna sé sú sama, 65000 kr. á ári, þá fara vextirnir lækkandi, en afborgunin hækkandi. Eign bankans fer því vaxandi, að vísu ekki arðberandi eign, en bankinn stendur betur að vígi eftir en áður við það, sem eignin vex. (*Þ. Thoroddsen*: Ekki til árlegs útgjalds). Nei, það veit eg, en sem stofnun út af fyrir sig. (*Þ. Thoroddsen*: það er rétt).

Viðvíkjandi því, sem talið er að vanti til þess að tekjur standist á við gjöld, skal það athugað, að þar sem út kemur hjá nefndinni 14000 kr., þá er það dálitið villandi, þar sem lagðar eru í varasjóð 5000 kr, svo hallinn er eiginlega ekki nema 9000 kr.

Þá skal eg víkja að því, sem meiri hluti nefndarinnar heldur fram, að ekki sé viðlit að stofna banka með þremur útibúum á þennan hátt.

Nú hefði náttúrlega verið mjög æskilegt, að hafa reynslu fyrir sér til að byggja á, því hún er ólygnust; og þess vegna hef eg athugað það, hvernig Landsbankinn hefði staðið nú, ef hann

hefði verið stofnaður með láni 1885; ef þá hefði verið tekið 250,000 kr. lán, og gefnar út 500,000 kr. í seðlum. Auðvitað er ekki hægt að setja upp þann útreikning með fullkominni nákvæmni. En þegar maður lítur á, hvernig hagur bankans stóð við árslok 1898, þá var varasjóðurinn 203,000 kr.; bankinn hafði þá staðið í 13 ár og kemur því að meðaltali á hvort ár 15, 615 kr.; af því nú hefði átt að standa í járnum eftir þessi 13 ár, þá hefði hann átt að borga af láninu einmitt þessa upphæð að meðaltali á hverju ári.

Ef lán hefði verið tekið 1885, þá hefði vextir og afborgun verið árlega 16,250 kr.; hefðu þá vantað 635 kr. upp á það, að tekjur og gjöld stæðust á, eða samtals fyrir 13 árin 8,255 kr., og þó hafa útláns vextirnir ekki verið meira en $4^1/_2$%, en ekki $5^1/_2$%, eins og nefndin hefir reiknað af þessari miljón. Ef lánið er talið 1 miljón, þá ætti sjóðþurðurinn að vera að 13 árum liðnum 35,020 kr., en eftir reikningi nefndarinnar á að vanta eftir 13 ár 182,000 kr. upp á það, að tekjur og gjöld stæðust á. I varasjóð ættu þá að vísu að verakomnar 65,000 kr., svo það sem vantaði í raun og veru, ætti ekki að vera nema 117,000 kr., þótt útlánsvextir séu reiknaðir $5^1/_2$%.

Þessi reikningur er bygður á því, hvernig bankinn stendur í árslok 1898, eftir öll sín gjöld á 13 árum, og þá voru sem sagt í sjóði 203,000 kr.

Ef maður nú hækkaði vextina frá því sem þeir hafa verið í bankanum hingað til um 1%, og teldi þá hækkun að eins af 80 kr. af 100 í allri seðlaupphæðinni, sem bankinn hefði að líkindum haft úti, þ. e. bætti við vextina 1% vöxtum af 400,000 árl., þá mundi það auka vextina um 4000 kr. árlega eða í 13 ár um 52,000 kr. Eftir því hefði varasjóður Landsbankans 1898, eftir fyrstu 13 árin, ekki verið $\div$8,255 kr., heldur $+$43,745 kr.

Sé nú þetta heimfært upp á dæmi nefndarinnar, þá fjórfaldaðist sú upphæð eða yrði 174,980 kr., sem þá yrði í varasjóði, í staðinn fyrir að meiri hluti nefndarinnar gjörir ráð fyrir sjóðþurð að upphæð 182,000 kr. — Auðvitað er sparisjóðurinn hér með í reikningnum, og þess vegna má ekki hafa þessa upphæð alveg svona háa, ef sparsjóðurinn væri ekki reiknaður með.

Þetta er að eins yfirlitsreikningur og hvorki nákvæmur né alveg áreiðanlegur; en eg álít að hann sé eins áreiðanlegur og útreikningur nefndarinnar, (*Þórður Thoroddsen*: Hann er verri). Ætli þeir mætist þá ekki að minsta kosti á miðri leið, svo að tekjuhallinn yrði enginn eftir 13 árin? Það er eg fyllilega sannfærður um, og er ekki í neinum efa um, að það er réttari reikningur en reikningur nefndarinnar.

Eg sé því ekki, að hættan sé nein, þó tekið sé lán til þess að auka peningamagnið í landinu, allra sízt eins mikil og andmælendur þeirrar stefnu gera ráð fyrir, og óska því, að aukið væri peningamagnið á þann hátt, að efla bankann, sem nú er, en kasta honum ekki burtu. Væri þessu láni, 1 miljón, bætt við bankann sem nú er, í stað 750 þús., sem talað er um í síðara dæmi nefndarinnar, breyttist kostnaðurinn við bankahaldið í Reykjavík tiltölulega lítið frá því, sem nú er, því að það yrði auðvitað tiltölulega ódýrara sem bankinn væri stærri.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg skal víkja fáum orðum að reikningi háttv. 1. þm. N. Múl., og gera nokkurar athugasemdir við hann. Hann tók varasjóð bankans eins og hann var 1898, og bygði á því; hann hann var þá 203,000 kr.. og reiknaðist þm., að hann hefði átt að vaxa um 15

þús. á hverju ári. Þetta er ekki nákvæmlega rétt hjá háttv. þm., af því að í þessum 203,000 kr. eru vextir af varasjóðnum, sem alt af eru lagðir við. Eg hefi ekki tíma til þess að reikna þetta nákvæmlega út, en svo mikið er víst, að varasjóður nær ekki 200,000 kr.

Þau dæmi, sem þm. tók, voru ekki parallel, því að eins og nefndin hefir reiknað út, þá verður tekjuhallinn því meiri, sem lánið er meira, og kemur það af því, að afborgunin verður því meiri, sem lánið er meira. Reikningur h. þm. er alveg rangur frá rótum yfirfærður á þetta. Hann tók nefnilega ekki til greina kostnaðinn við útibúahaldið. Heldur ekki tók hann sparisjóðsvextina til greina; bankinn hefir þó nokkurn hag af því, 1% að minsta kosti, þó maður ekki geri annað en líti á það, að hann lánar út fé sitt fyrir $4^1/_2$—$4^1/_2$%, þá sér hver maður, hvernig hann mætti standa sig við að taka það sama fé til láns með $4^1/_2$% rentum og afborgun! Eg vona, að það sé óhrakið enn, að bankinn, ef hann tekur lán með þeim kjörum, sem nefndin hefir gert ráð fyrir, geti ekki borið sig. Að hann fái lán með þeim kjörum, að hann geti staðist, er hugsanlegt, en eg efast um það.

Eg ætla þá að víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Arn. (H Þ.), og þakka eg honum fyrir trakteringarnar. Hann skaut því fram, að það væri látið í veðri vaka af flutnings- og meðhaldsmönnum þessa frumv., að allir fengju nóga peninga, ef hlutafélagsbanki kæmist á.

Eg neita því, að þetta hafi komið fram hjá nefndinni. Eg minnist ekki að því hafi verið skotið fram annarsstaðar en í einu blaði, — og að fara að tilfæra orð úr gömlum Þjóðólfi, álít eg ekki heppilegt á þessum stað.

Aðal-efni ræðu hans var að slá á strengi bændanna; landbúnaðinum yrði lítið lið að bankanum, sagði háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.). En má eg spyrja: Hvað meira gagn hefir landbúnaðurinn af Landsbankanum, jafnvel þó hann væri aukinn með lánsfé?

Eins og eg þegar hefi tekið fram, hefir hlutafélagsbankinn meira fé en hann þarf til þess, að tryggja seðla sína með, og hann er ekki eftir lögunum bundinn við stutt lán; hann er að eins bundinn að því leyti, er innlausn seðlanna snertir. Hafi hann meira fé yfir að ráða en til tryggingarinnar þarf, þá er það undir vilja bankastjórnarinnar einnar komið, hvernig það verður lánað. Þessar 750,000 krónur getur hann lánað út á jarðeignir ef vill. Landsbankinn lánar nú, eftir því sem eg bezt veit, að eins til þriggja ára. Eg ætla, að svo stutt lán komi landbúnaðinum ekki að miklu liði. Þau geta kannske komið bændunum, sem taka þau, að liði í svipinn, en landbúnaðinum tæplega. Það eru að eins löng lán, sem hann getur haft gagn af. — Það er því sérstaklega veðdeildin, sem honum gagnar, og hana má auka, eftir því, sem veðdeildarbréfin seljast. Þess er líka að gæta, að sparisjóðsféð skal skilið frá hlutafélagsbankanum; í Danmörk er álitið hættulaust, að lána $^1/_3$ af innstæðufé sparisjóða út á fasteignir, og eftir þeirri reglu mætti 400,000 krónur af innstæðufé sparisjóðsins ganga til fasteignalána, svo landbændur gætu farið þangað, þeir sem ekki vildu eða gætu farið til veðdeildarinnar. En að hlutafélagsbankinn ekki styður landbúnaðinn, getur ekki verið mótstöðumönnum hans til stuðnings, vegna þess, að Landsbankinn getur heldur ekki stutt landbúnaðinn, þó að hans driftskapital væri aukið.

Svo er það misskilningur hjá háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.), að hlutafélagsbank-

inn mundi segja upp öllum lánum landsbankans þegar í stað, þó að hann tæki við öllum útistandandi skuldum hans. Það er hreinn misskilningur. Allir, sem setja jarðir í bankann, gera það með einhverjum skilmálum, og meðan þeir skilmálar eru haldnir af lántakanda, verður þeim ekki breytt.

Og hvað það snertir, að hlutafélagsbankinn muni undir eins þjóta í veðdeildarbréfin, og selja þau, jafnvel fyrir 70% af andvirði, þá sé eg ekki, að nokkur maður sjái nokkra ástæðu til, að ætla slíkt.

Það má gera ráð fyrir, að þau veðdeildarbréf, sem til eru, gangi til sparisjóðsins, og ætti hlutafélagsbankinn þá að geta haldið áfram að selja þau al pari, eins og Landsbankinn gerir nú. Og eg skil ekki, að landshöfðingi eða bankaráðið mundi samþykkja það, þó að einhver af hluthöfunum eða fulltrúum þeirra færi fram á slíkt. Svo þetta er engin ástæða.

Hann var að tala um það, sami h. 1. þm. Arn. (H. Þ.), að bankinn mundi láta fé sitt starfa í útlöndum, og eg get ekki annað um það sagt en að mig furðar á, að sú fjarstæða skuli heyrast hér enn þá.

Það fé, sem bankinn getur komið út hér, lætur hann starfa hér, og hvergi annarsstaðar, en eg hygg, að öllum megi standa á sama um það, hvar það fé verður sett á leigu, sem ekki er þörf á hér í landinu.

Að kaupmenn mundu ekki brúka fé til þess að kaupa innlenda vöru fyrir, þó þeir gætu fengið það að láni í bankanum, það getur h. 1. þm. Arn. (H. Þ) ekki sagt um. Eg segi að þeir mundu gera það.

Að minsta kosti veit eg til, að einn kaupmaður hefir orðið að flytja inn mikla peninga á hverju ári, vegna þess, að hann fekk þá ekki í Landsbankanum, — þeir voru ekki til.

Það voru nokkur atriði í ræðu háttv. þm. Rvík. (Tr. G.), sem eg ætlaði að minnast á, þó að eg sé áður búinn að svara þeim. Honum þótti það sérstaklega að, að afgjaldið í landssjóð væri of lítið, 10%. En menn verða vel að gá að því, að það er fleira, sem á bankann er lagt, en þetta afgjald, og það er kostnaðurinn við útibúin. — Vér viljum kaupa útibúin nokkru verði, og þau hefir Landsbankinn ekki getað stofnað þanu dag í dag, nema hann fengi fé til þess með öðrum kjörum en við getum hugsað okkur að hann fengi. — H. þm. Rvík Tr. G.) sagði, að við gerðum okkur glæsilegar vonir um útibúin. Hvaða vonir eru það? Við gerum okkur ekki aðrar vonir en þær, að settur verði banki á 3 stöðum til þess að þeir, sem geta, eigi hægra með að fá lán úr honum. Aðrar vonir höfum við ekki getað bundið við útibúin, nema þá, að þau reynist eins á þeim stöðum, sem þau eru sett, eins og Landsbankinn hefir reynst fyrir Reykjavík. Fyrir hvað er Reykjavík orðin það, sem hún er á síðari árum, nema fyrir Landsbankann? Ef Landsbankinn ekki hefir nægа peninga handa Reykjavík einni, þá má nærri geta, hvort hann hefir haft það handa hinum kaupstöðunum. En þó verður hver maður að játa, að Landsbankinn hefir eflt mikið sjávarútveginn hér með bráðabirgðalánum til útgerðarinnar, og það hefir gert útgerðina ódýrari, svo að hún hefir borgað sig betur, og þegar menn sjá, að hún hefir borgað sig, hafa þeir aukið hana; hún hefir dregið að sér menn, og þar af leiðandi skapað markað fyrir afurðir landbúnaðarins.

H. sami þm. Rvík (Tr. G.) sagði, að ekki væri rétt, að hafa veðdeildina í

sambandi við hlutafélagsbankann. — Hann færði ekki ástæður fyrir þessari skoðun sinni. Eg ímynda mér, að hlutafélagsbankinn gæfi betri tryggingu fyrir, að verðbréf veðdeildarinnar stæði í einhverjum kurs. Eg vildi sjá veðdeildina fara að bauka sér, og sjá hvernig færi!

Að stinga upp á því, að Landsbankinn sé látinn standa, og leyfa hlutabankanum að hafa seðlaútgáfurétt við hliðina á honum, er tilraun til þess að drepa alt málið. Því að þeir menn, sem bjóðast til þess, að stofna hlutafélagsbankann, þeim dettur ekki í hug, að taka leyfinu um bankastofnun með þessu litla kapitali, ef Landsbankinn er látinn standa eftir sem áður.

Eg vil enda með því, eins og h. 1. þm. Arn. (H. Þ.), að biðja bændur og landbúnaðarmenn að gá að því, að veðdeildin er stofnuð með ábyrgð landssjóðs, og verðbréf hennar standa því að eins í kurs, að tryggingin fyrir þeim sé góð, og tryggingin er: góður hagur landssjóðs. Ef landsbankinn nú er aukinn með 1 miljón kr. láni — hversu mikið mundi trygging veðdeildarinnar rýrast við það! Ef landssjóður á að ábyrgjast vexti og afborgun af 1 miljón kr., og það fréttist til útlanda, þá getur það haft þau áhrif, að verðbréfin falla, þar sem tryggingin minkar, og ný verða ekki gefin út, af því að menn vilja ekki eiga þau, af því að tryggingin er ónóg.

Þetta bið eg menn hugsa um, áður en þeir leggja úrskurð á þetta mál.

Tryggvi Gunnarsson: H. þm. Vestm. (V. G.) spurði, hvers vegna landsbankinn hefði ekki leitað fyrir sér með lán í útlöndum, og ráðið þannig fram úr peningavandræðunum. Hann veit þó vel, h. þm. (V. G.), að það hefir ekki verið hentugt, að taka lán í útlöndum síðustu 2 árin, og hví spyr hann þá, hví bankinn hafi ekki tekið lán? Það er sannarlega ekki til mikils, að leita lána, þegar bankarentan hefir komist upp í 7—8%, en bankinn hér tekur að eins 4½ %.

Hlutafélagsbankinn á að styðja svo vel verzlunina. Eg veit ekki, hvernig menn skoða þetta atriði. Er það betra, að lána hér peninga, fyrir þá kaupmenn, sem heima eiga í Kaupmannahöfn? Við vitum, að fullur helmingur íslenzkra kaupmanna er búsettur í Kaupmannahöfn, helmingur að tölu, en ekki auðmagni. — Það var hyggilega tekið fram af bónda hér á þingi ekki alls fyrir löngu, og sýnir vel, hvernig hagar til með gagnið af bankanum fyrir verzlunina. Allir stóru kaupmennirnir eru ytra eiga þar sína peninga og kredit, og mundu því ekki þurfa á bankanum hér að halda; þriðjungur þeirra, sem hér eru, mundu varla fá lán hjá þessum banka, svo að eins ⅓ hluti allra íslenzkra kaupmanna mundi hafa tök á að nota hann. En þar með er engin trygging fengin fyrir því, að þeir selji vöruna ódýrara. Þó alt af sé verið að stagast á því, að landsb. komi ekki kaupmönnunum að liði, þá sést það svo af bókum bankans, að margur kaupmaðurinn hefir fengið þar lán, meira og minna, eftir því, sem þeir þurftu og þeir voru álitnir menn fyrir; sumir hafa fengið þar 15,000; jafnvel 30,000 kr. hefir kaupmaður fengið þar á einu ári, — en enginn þessara manna hefir selt 1 eyri ódýrara vöru sína fyrir það. Svo að þetta um áhrif bankans á verzlunina eru orð, sem hljóma vel, en sem eru innantóm og þýðingarlaus.

Það var alveg rétt, það sem háttv. framsm. (Þ. J. Th.) sagði um bankavaxtabréfin, að þau yrðu tekin gild, eins

og hver önnur verðbréf, þegar þau væru búin að fá gangverð. Hann talaði líka um, hvort bankinn nú hefði það liggjandi í gulli, er Þjóðbankinn teldi nauðsynlegt. Eins og háttv. frsm. veit, þarf minna af gulli, þegar lítið er af seðlum; en nemi seðlarnir 2—3 milj., þá þarf auðvitað stærri gullforða. Eg skal fúslega játa, að þegar tiltölulega mikið er af seðlum, þá kýs hver banki heldur víxla og ávísanir en gull sem verðmiðil. Það má sjá það af skýrslum bankans, hve mikið af víxlum hann hefir keypt, og það er stór upphæð, sem hann hefir keypt einmitt á útlenda banka af víxlum. Háttv. framsm. áleit það hættulegt, ef landsbankinn, með hina óinnleysanlegu seðla sína, væri látinn standa við hlið hlutafélagsbankans. Eg álít það ekki hættulegt. Þegar Landsbankinn hefir 750 þús. í seðlum, er hann borgar af 1%, þá er það mjög ódýr vara, og hann þar að auki hefir 1—200 þús. í gulli og auk þess getur gefið út víxla á útlenda banka, þá er engin hætta á ferðum. Bankastjórnin á að geta séð við þeim leka, að seðlarnir séu jafn-útgengilegir.

Dæmi h. þm. N.-Múl. (E. J.), hvernig bankinn stæði sig nú og hvernig hann myndi standa sig, ef þetta lán væri tekið handa honum, er getgáta ein, og eins er um reikningsdæmi meiri hlutans; það eru tölur, er menn geta sett upp, sjálfum sér til gamans og öðrum til ánægju. Eg gæti sett upp 10 önnur eins dæmi. En reynslan hefir búið til dæmið að því er Landsbankann snertir, og því dæmi er ekki hægt að umsnúa; það sýnir, að ef bætt væri við kapital bankans, þá hlyti hann að græða; kostnaðurinn yrði nefnilega sá sami, en kapitalið meira til að græða á. Eg hafði skrifað hjá mér ýmislegt, er háttv. framsm. sagði, en bæði sé eg nú, að hann er ekki viðstaddur, og svo vil eg ekki tefja tímann. Eg skal að eins minna á það, að eins og nú stendur, getur þingið breytt til með landsbankann á hverjum 2 árum; en ef þessi hlutafélagsbanki kemst á, þá getur það ekki breytt til í 30 ár. Þetta er mjög athugavert; það þarf mjög að vanda alla samninga við útlenda menn. Þetta bið eg háttv. þm. að hugleiða vandlega. Það er ekki aftur tekið, ef illa fer.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi ekki tekið til máls áður í þessu máli, en ætla nú að gera grein fyrir atkvæði mínu, og það því fremur, sem eg greiddi eigi atkv. í málinu í hitt eð fyrra. Ástæðan var sú, að mér þótti eðlilegra, ef hægt væri, að efla Landsbankann svo, að hann fullnægði þörfum vorum. Háttv. bankastjóri var þá á þingi og talaði móti hlutafélagsbankanum, svo eg bjóst við, að bankastjórnin og landsstjórnin mundi búa málið vel undir til næsta þings; en þrátt fyrir þessar vonir manns hefir enn ekkert heyrst úr þeirri átt annað en að fresta málinu. En svo má ekki ganga. Samkv. 9. gr. bankalaganna áttu útibú að vera komin á fót fyrir löngu, en þau eru ókomin enn, og 16 ár síðan bankinn var stofnaður. Hvað lengi eigum við að bíða? Eg tel hæpið, að hægt sé að bæta úr þessu, þó vér tækjum 1 milj. kr. lán. Og eg er ekki trúaður á, að lánið fengist fyrir 4½%; það mundi öllu fremur verða 5½—6%, þar sem svo lítið þjóðfélag á hlut að máli. Hvað eigum vér að veðsetja? Háttv. meiri hluti hefir bent á tolla landsins, því jarðeignirnar mundu naumast teknar gildar erlendis, og ríkissjóðstillagið höfum við naumast heimild til að veðsetja, af því að það að minsta kosti að nokkuru leyti er veðbundið samkv. stöðulögunum og stjórnarskránni. En ef við veðsettum tolla landsins, þá mundi lán-

veitingunni fylgja eftirlitsmenn með tollgreiðslunni, eins og nú á sér stað á Grikklandi, en þeir mundu ekki vera hér fyrir ekki neitt; það þyrfti að launa þeim, og lánið yrði þeim mun dýrara. Vegurinn, sem þjóðbankinn danski hefir bent á, að tiltækilegt væri að auka þessa óinnleysanlegu seðla um 1/4 milj., er ekki hentugur, enda bætti það lítið úr skák.

Eg lít öðruvísi á þörfina en háttv. þm. Rvk. (Tr. G.); hann áleit þörfina enga, af því engum hefði verið neitað um lán hér í bankanum. Það getur nú verið, að engum þeim, sem beðið hafa, hafi verið neitað, en kaupmenn og aðrir, sem þurfa á stórum lánum að halda, hafa ekki leitað fyrir sér í bankanum,af því þeir hafa vitað fyrirfram, að það væri ekki til neins; bankinn hefir ekki það fjármagn. Hvað er það, þó menn geti fengið 10 - 20 þús.? Með alverzlanir þurfa að halda á 40—50 þús kr. láni á hverju ári frá nýári til hausts, og stærri verzlanir meira, til þess að kaupa vörur fyrir; en slík lán eru bankanum ofvaxin, og því verða þær að fá lán erlendis, en geta þó ekki fengið lánið í útlendum bönkum, sem ekki þekkja neitt til þeirra, og verða því að gera samninga við »kommissionæra« og fá lán hjá þeim gegn 6% vöxtum og fremur óaðgengilegum skuldbindingum. En með þessu móti er verzlun vor bundin á klafa útlendra stórkaupmanna. Ef aftur á móti kæmi á fót öflug peningastofnun í landinu, sem fullnægði þörfum verzlunarstéttarinnar, þá mundi það ekki einungis auka hag verzlunarstéttarinnar sjálfrar, heldur líka, — þó h. 1. þm. Árn. (H. Þ.) trúi því ekki, — hag allra viðskiftamanna verzlananna. Kaupmenn verða sakir samkepninnar að selja vöru sína með skaplegu verði, og þegar þeir gegn peningum fá betri innkaup, verður varan því ódýrari í útsölu, og þannig er það hagur bæði bænda og annara, að verzlunarstéttin fái sem bezt kjör.

Gáum vér því næst að því, að innfluttar vörur eftir útsöluverði nema árlega 6 - 7 milj., og geri maður ráð fyrir, að innkaupsverð þeirra sé 4—5 milj., þá má ætla að hérlendir kaupmenn þurfi 2 milj. árlegt lán, ef gert er ráð fyrir, að útlendir kaupmenn hafi eigi meir en frekan helming verzlunarinnar í höndum sér. Þó dubbað væri nú upp á landsbankann, þá gæti hann ekki fullnægt þessari þörf. Svo er aðgætandi, að ef öflug lánstofnun kæmist á fót í landinu, þá færu menn að garfa í ýmsu, nota fossaflið o. fl.; því hefir að vísu verið hreyft, að ekki sé alt fengið, þótt féð sé til í bankanum, því að bankinn geti eigi lánað nema gegn fullri tryggingu, en eg verð að álíta, að kaupmenn, sem í útlöndum geta fengið 60—80 þús. kr. lán, gætu fengið 40 - 50 þús. kr. lán hjá þessum innlenda banka, og það er auðsætt, að þegar svo öflug peningastofnun kæmist á hér, þá myndi hún sjálf gera sér far um, að skapa markað fyrir peninga sína, og því örva menn til gagnlegra fyrirtækja.

Þar sem háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) tók það fram, að diskontobanki lánaði ekki lengur en til 6 mánaða, þá kann það satt að vera; en lægi nú fé fyrir ónotað að vetrinum, eins og hér mun eiga sér stað, þá mundi ekki vera örðugt að fá víxlana framlengda, og það kemur í sama stað niður, eins og upphaflega hefði verið lánað til lengri tíma. Sami þm. talaði líka um það, að þessi »diskonto«-banki yrði eigi til eins mikillar stoðar fyrir landbúnaðinn eins og sá banki, sem nú er; en eg verð að álíta, að landsbankinn hafi heldur ekki

verið honum til mikils gagns, því þessi 10 ára lán hans eru landbúnaðinum líka ónóg, og þar sem landsbankinn jafnan hefir bundið lánið við 1/2 virð ingarverð jarðanna, og enda farið skemmra, þá hefir það að mínu áliti orðið til þess, að fella jarðirnar í verði, enda sé eg eigi betur, þar sem um eigi skemmri lán var að ræða, en óhætt hefði verið að lána út á 3/5 virðingarverðsins, en það hefði strax verið bót í máli.

Annars sé eg ekki, að mönnum þurfi að standa nokkur stuggur af þessum hlutabanka, þar sem lögboðinn starfstími hans er 30 ár, og þá hefir þingið á valdi sínu, hvort það veitir honum nýtt einkaleyfi eða ekki. Frv. tryggir enn fremur, að Íslendingar geti haft hönd í bagga, að því er ráðin yfir bankanum snertir, þar sem að minsta kosti 3 Íslendingar eiga að hafa sæti í fulltrúaráðinu, sem kosnir eru af alþingi, og ráðgjafinn sá 4., eða landsh. í forföllum hans. Auk þess hefir bankinn varnarþing og skrifstofu sína hér, og það er skýrt tekið fram, að einmitt aðalskrifstofan sé hér.

Hátt. þm. Rvk. (Tr. G.) talaði um, að við skyldum gjalda varhuga við þessu útlenda fé, og heldur reyna að bauka okkur. En þegar við nú ekki höfum »kapítal«, því þá ekki nota þetta útlenda fé, þegar það er ekki kostnaðarsamara? Seðlaútgáfurétturinn er þó ekki svo tilfinnanlegur missir til svo skamms tíma. Að lokum ætla eg að víkja fáeinum orðum að breyt.till. á þgskj. 481. Þær eru bersýnilega eingöngu gerðar til þess, að reyna að eyði leggja málið, enda eru það sömu mennirnir, sem koma með þessar breyt.till., eins og þeir, sem ekki vildu, að málið gengi fram á þessu þingi, heldur að eins að samþykt væri áskorun til stjórnarinnar, að rannsaka og undirbúa bankamálið fyrir næsta þing. Þeir hafa slegið því föstu, að þeir vilji ekkert gera í málinu að sinni, og nú eru þeir að reyna að fleyga það, því séu breyt.till. samþyktar, þá er málið þar með fallið. Hér liggja fyrir ákveðin tilboð frá þeim Arntzen og Warburg; sé horfið frá þeim, þá er hætt við, að þeir þakki fyrir gott boð, og vilji ekki hafa meira með þetta mál að sýsla. Þetta nær ekki sízt til þeirra breyt.till., er fer fram á að stytta einkaréttinn niður í 25 ár, sem mundi gera fyrirtækið mun óarðvænlegra. Upprunalega var talað um 90 ár, en með samningum við stjórnina var tímatakmarkið fært niður í 40 ár; nú hefir meiri hluti nefndarinnar sett það niður um 10 ár, niður í 30 ár, og eigi nú enn að klípa af því 5 ár, þá verður það til þess, að fæla þá Arntzen & Warburg algerlega frá.

Sömuleiðis skal eg benda á, að sú tillaga, að leggja á Íslandsbanka víst árgjald til landssjóðs, er mjög fráfælandi, á meðan menn vita ekki, hvernig fyrirtækið muni borga sig. Auk þess fæ eg eigi betur séð en að hún sé viðsjárverð frá sjónarmiði landssjóðs; landssjóður gæti einmitt haft tap af því, að tekjur hans af bankanum væru þannig fast ákveðnar; þær 10%, sem honum eru ætlaðar af gróða bankans eftir frumv., gætu, ef alt gengur vel, orðið meira en árgjald það, sem breyt.till. til tekur.

Eg finn svo ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um málið; en af þeim ástæðum, sem eg hefi tekið fram, mun eg greiða atkvæði með frumv., en á móti breyt.till.

Einar Jónsson: Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) áleit, að reikningur minn hefði ekki við rök að styðjast, en hrakti hann þó í engu. Hann sagði, að dæmi mitt væri ekki jafnhliða (parallelt)

dæmi meiri hlutans, en eg verð nú að halda því fram, að það hafi einmitt verið það. Hann sagði, að því meira lán, sem Landsbankinn tæki, því meiri hlyti tekjuhalli hans að verða, og þóttist sanna það með því að bera saman þau 2 dæmi, sem nefndin hefir sett upp, annað með 1,000,000 kr. láni, en hitt með 500,000 kr. láni. Reikningur nefndarinnar á þeim sýnir nefnilega, að með minna láninu verði reikningshallinn ekki nema 3,000 kr., en með stærra láninu 14,000 kr. En þessi dæmi eru ekki parallel; það er mitt dæmi, sem er ósambærilegt við fyrra dæmi nefndarinnar; en það eru dæmi meiri hlutans, sem alls ekki eru sambærileg, og það sem framsm. (Þ. J. Th.) dró út af þeim, er því alveg rangt. Þar er sá aðalmunur á, að í fyrra dæminu er reiknað með tómu láni, 1 miljón, og útlánsvextir taldir af 1,600.000 kr. En í síðara dæminu er reiknað með þeim 750.000 kr., sem bankinn má nú hafa úti, og svo bætt við 500.000 kr. láni, sem gefa mætti út á 750,000 kr. í seðlum. Og svo eru útlánsvextir reiknaðir af 1,300,000 kr., sem ekki er miðað við lánið eitt, heldur líka við þær 750,000 kr., sem eigi þarf að hafa gullforða til tryggingar. Væri að eins miðað við lánið (500,000 kr.), þá ætti ekki að reikna vexti nema af 800,000 kr., að því er það snerti, ef reikningurinn ætti að vera sambærilegur við fyrra dæmið, og þá kæmi alt annað út en framsm. (Þ. J. Th.) heldur fram, og yrði ekki honum í vil.

Háttv. þm. (Þ. J. Th.) sagði, að eg hefði ekki minst á útibúin í reikningi mínum yfir landsbankann. Það var satt, því að bankinn hefir engin útibú haft þessi ár, sem hann hefir staðið, og því var engin ástæða til, að taka þau til greina í svo löguðu yfirliti, sem eg gerði, og bygt var á því, hvernig bankinn hefir reynst. En víst er um það, að því meira fé, sem bankinn hefir til meðferðar, því arðvænlegri stofnun er hann, því að kostnaður við bankahaldið eykst ekki nærri að sama skapi sem starfsféð. Eg hygg, að banki, sem starfar með 1½ eða 2 miljónum, geti sett upp 3 útibú, án þess að kostnaðurinn verði tiltölulega meiri en banki með hálfri miljón hefir útibúalaus. Aftur tók eg útibúin til greina við reikninginn með 1 miljón króna láni. Hann talaði um, að eg hefði ekki tekið vexti af varasjóðnum til greina, og það var satt. En eg tók heldur ekki til greina vexti af þeim varasjóði, sem myndast hafði undir lántökufyrirkomulaginu, og sem auðvitað hefði hækkað mjög mikið þá varasjóðsupphæð, sem eg fekk þar út. Dæmið var því heldur ekki hvað þetta atriði snerti, reiknað svo, að það sýndi of háa varasjóðs upphæð, þó að það væri ekki nákvæmt reiknað.

Nú stendur landsbankinn miklu betur að vígi með að taka lán en hann hefði staðið upphaflega; því að þótt nú ætti að gera seðla hans alveg innleysanlega og taka einnar miljón kr. lán til þess, þá er þess að gæta, að hann gengur inn með 200,000 kr. varasjóð. (*Þ. Thoroddsen*: En varasjóður spari sjóðsins?). Það er áætlað, að bankinn muni eiga í varasjóði um næsta nýár 240—250 þús. kr., og eru þá eftir rúm 200 þús. kr., þótt sparisjóður fái þær 40 þús. kr., sem háttv. þingm. (Þ. Th), mun ætlast til að hann fái, samkv. frv. sem nýkomið er fram hér í deildinni. Að vísu er í þessum varasjóði fólgið bankahúsið, sem kostar um 85,000 kr., en þess er að gæta, að bankinn fær 2000 kr. leigu af því.

Menn hafa verið hræddir um, að torvelt mundi verða fyrir landið að fá peningalán, með því að það hefði ekki

nægilegt veð að bjóða. Eg skil ekki í, að land vort geti verið álitinn svo ó tryggur lánþiggjandi, þar sem landssjóður á nokkuð á aðra miljón kr. í viðlagasjóði og árstekjur landsins eru 3/4 milj. kr. Það er ekkert líklegra en að land, sem svo stendur, geti fengið lán með góðum kjörum.

Ef við gætum losað meiri hluta viðlagasjóðs, þá þyrfti ekki einu sinni að leita láns í útlöndum, og þá þyrfti ekki að gera neina grýlu úr vöxtunum af láninu. Þingið gæti ráðið þeim sjálft. Hvernig sem eg lít á, verð eg að álíta lántökuna tiltækilega og hættulausa, og mér væri hún miklu kærari en frumv. það, sem hér liggur fyrir.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) er sá eini, sem hreyft hefir verulegum mótmælum gegn breyt.till. mínum. Hann sagði, að hinn núverandi landsbanki hefði ekki mikið hjálpað landbúnaðinum. Eftir upplýsingum, sem eg hefi aflað mér um þetta, átti bankinn útistandandi 31. desbr. 1900 í fasteignarveðskuldabréfum 714,770 kr. 42 a., og af þessari upphæð munu um 600 þús. kr. hafa verið lánaðar út gegn jarðarveðum; sjálfskuldarábyrgðarlánin voru 288,148 kr. 53 a., handveðslán 111,493 kr. 16 a. og lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfélaga 55,446 kr. 77 a. Átti hann þannig alls útistandandi 31. des. 1900 1,169,858 kr. 88 a. Og þegar litið er á, gegn hvers konar tryggingum lánin eru veitt, þá er ekki ólíklega tilgetið, að um 2/3 miljónar af þeim hafi verið útistandandi hjá landbúnaðarmönnum.

Háttv. þingm. (S. S.) hafði mikið traust á því, að veðdeildin gæti hjálpað landbúnaðinum, en hún er þegar búin að lána út mikið af sínu fé. Mér er sagt að hún eigi ekki eftir nema um 500 þús kr., og ætla eg hinum háttv. þingm. að vera svo kunnugum þörfum landbúnaðarins, að hann viti, að það muni ná skamt til að fullnægja þeim. Veðdeildin getur ekki haldið áfram að lána, nema því að eins, að bréf hennar seljist, en verði menn mjög fúsir í að kaupa bankahlutabréfin, þá er hætt við, að ekki verði mikið fé eftir til þess að kaupa fyrir veðdeildarbréfin, og noti menn mikið heimild þá, sem gefin er í hlutafélagsbankafrumv. til að eignast hluti í bankanum gegn því, að gefa út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í fasteignum hér á landi, þá er hætt við, að fari að rýrna um veðdeildarveð bænda. Reyndar sé eg, að hér er komin fram tillaga um, að veita veðdeildinni heimild til að lána út á 3/5 virðingarverðs fasteigna í stað 1/2, en bæði er það, að veðdeildin er alls ekki skyldug til að nota heimild þessa, og svo gæti þetta ákvæði ómögulega náð til þeirra bankavaxtabréfa, sem þegar eru út gefin. Það mundi rýra gildi þeirra og spilla sölu þeirra. Þessi ákvæði hefðu og að eins gildi gagnvart veðdeildinni; hvorki landssjóður né sparisjóður mundi taka tillit þeirr við útlán sín. Auk þess mundi það ekki vera hættulaust, að lána út á 3/5 af virðingarverði fasteigna, því að það er alkunnugt, að virðingarmönnum hættir miklu fremur við að virða of hátt en of lágt.

Háttv. framsm. (Þ. Th.) kaus sér að halda sér mjög við almenn orðatiltæki, sem ekki er gott að festa á fingur; hann sagði, að vér andmælendurnir værum að koma með alls konar grýlur, en það má með fult svo miklum rétti segja um hann, að hann sé með draumóra. Hann sagði, að þingið hefði töglin og hagldirnar að því er það snerti, að ákveða vexti bankans. En þess er að gæta, að þingið kýs ekki nema 3 í fulltrúaráðið. Vitanlega má ætla, að

oddamaður muni verða maður, sem beri hag landsins fyrir brjósti, svo að meiri hluti fulltrúaráðsins verði þannig skipaður, að hann ætti að geta ráðið, en ekki þarf mikið út af að bera með kosningar þingsins, til að svo gæti farið að einn af þessum mönnum hallaðaðist heldur á eina hliðina, og þá er spilið unnið fyrir bankann; þá hefir hann meiri hlutann sín megin. Vér megum ekki búast við, að mennirnir séu tómir englar, og eg held, að það geti ekki kallast staðlausar getsakir, þótt eg gizki á, að svona kynni að fara, enda mundi framkvæmdarstjórnin, en ekki bankaráðið, ráða vöxtunum.

Háttv. framsm. (Þ. Th.) sagði, að þó að discontó væri há í Danmörku, þá væri ekki svo mjög að miða við það; bankinn mundi líka miða discontó sína við það, sem hún væri í öðrum löndum, og var svo á honum að skilja, sem peningar væru þar svo ódýrir, d.t. í Englandi.

En þetta er ekki rétt; diskonto þar hefir verið 6% og þar yfir og á Þýzkalandi líka, enda mundu bankamennirnir, sem eru danskir menn, fara eftir danska peningamarkaðinum fremur en utanríkismarkaðinum. Það er ekki til neins að vera að draga úr því, að hlutafélagsbankinn sé gróðastofnun; hann hefir meiri hvöt til að safna peningum en Landsbankinn, og því meiri hvöt hefir hann til þess, því styttri tíma sem hann hefir seðlaútgáfuréttinn. Háttv. þm. sagði, að ekki væri víst að hlutafélagsbankinn sækti eftir að taka háa vexti, því að svo færi, að eftirspurn eftir peningum gæti orðið lítil, og þá mundi hann verða feginn að koma fé sínu út, þótt hann fengi ekki háa vexti af því. Mig furðaði á því, að heyra þessi orð af vörum háttv. 1. þm. G. K. (Þ. J. Th.), hann sem heldur því annars svo sterklega fram, að þetta land sé ófýsilandi hít fyrir peninga, og sama segja fylgismenn hans.

Háttv. þm. sagði, að hlutafélagsbankinn væri skyldur til að taka á móti bankavaxtabréfunum, því að hann kæmi í staðinn fyrir Landsbankann. — Látum svo vera, að hann væri ekki skyldur til að kaupa þau; eina skyldan, sem á honum hvíldi væri sú, að koma þeim í peninga fyrir það verð, sem hann gæti fyrir þau fengið. — Þá amaðist háttv. þm. (Þ. J. Th.) við því í breyt.till. minni, að í staðinn fyrir aðalskrifstofa sé sett skrifstofa. — Hann kveður það þarflaust, að slá þann varnagla, sem eg vil slá við því, að bankinn geti haft skrifstofu út í Kaupmannahöfn; hann sagði, að ráðgjafinn mundi aldrei samþykkja slíkt. Það getur vel verið, að ráðgjafinn, sem nú er, gerði það ekki, en reglugjörðinni má breyta hvenær sem vill, og eftirmenn hans geta farið öðruvísi að. Sé orðið »aðalskrifstofa« látið standa, er varla hægt að banna mönnum að hafa skrifstofu í Kaupmannahöfn.

Háttv. þm. (Þ. J. Th.) þótti óþarfi að taka það fram í lögunum, að alþingi skyldi kjósa fulltrúana til tveggja ára í senn; hann sagði, að þingið gæti þrátt fyrir það, þótt ekkert væri um það ákveðið, skipað þá til svo langs eða skamms tíma í senn, sem því þóknaðist. En eg verð að líta svo á, að sé maður ráðinn til einhvers slíks starfa, án þess tímalengdin sé ákveðin, þá eigi hann rétt, að minsta kosti siðferðislegan rétt, til að sitja við hann, meðan hann vill, svo framarlega sem hann brýtur ekki beinlínis réttinn af sér, og upp í bankalög frá 1885 voru að minsta kosti tekin ákvæði um, hve lengi gæzlustjórar bankans ættu að gegna starfinu. En hvað sem því líður, getur þingið

ekki ráðið; hve lengi hinir fulltrúarnir sitja í bankaráðinu, nema ákvæði séu tekin um það upp í lögin.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) gladdi mig mjög með því að segja, að það mundi vera heppilegt fyrir landsmenn, að Landsbankinn stæði jafnhliða hlutafélagsbankanum; hann bætti því reyndar við, að það mundi verða skaðlegt fyrir bankann sjálfan; hann kvað seðla Landsbankans mundu falla í verði. En eg verð að segja, að ef það er heppilegt fyrir landsmenn, að Landsbankinn standi, þá er ekki í það að horfa, þótt hann kunni að eiga nokkuð örðugt uppdráttar, og skyldi sú verða reyndin á — sem eg eigi býst við, — að spár háttv. þm. (V. G.) rætist, þá er alt af hægt að leggja bankann niður. Eg skal sýna betur fram á, af hverju eg tel það líklegast, að Landsbankinn geti vel þrifist jafnhliða hlutafélagsbankanum. Eg tel það víst, að þótt seðlar Landsbankans haldi áfram að vera óinnleysanlegir, þá muni þeir ekki falla í verði. Fyrst og fremst er, eftir skoðun háttv. þm. (V. G.) og skoðanabræðra hans, full þörf á meira fé í landi hér en því sem hlutabankanum er ætlað að hafa til umráða; og í öðru lagi mundu Landsbankaseðlarnir halda áfram að vera löglegur gjaldeyrir hér á landi og því ekki hægt að neita að taka á móti þeim, þegar þeir væru boðnir fram sem borgun upp í skuld, og alt af mundu þeir ganga með ákvæðisverði upp í öll opinber gjöld og póstávísanir. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Og það má líka brúka þá til að kveikja í pípu við þá). Eins velstandandi menn og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) geta sjálfsagt staðið sig við að hafa þá til þess. Sömuleiðis verður sjálfur hlutafélagsbankinn að taka við þeim.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) þótti það óhæfa, að bankavaxtabréfin væru nefnd á nafn sem ein af tryggingum fyrir seðlum hlutafélagsbankans. Það er auðséð, að háttv. þm. (V. G.) veður hér reyk; hann sagði, að þetta mundi verða þjóðinni til skaða, með því að það miðaði að því rýra gullforða bankans. Þetta er misskilningur; það á ekki að hreyfa gullforðann; verðbréfin og þar á meðal bankavaxtabréfin eiga að vera til tryggingar þeim seðlunum, sem ekki eru trygðir með málmforða.

Háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.) hélt því fram, að reikningsyfirlit það, sem við höfum gert yfir hag bankans, sé ekki rétt. Þótt það liggi nú ekki beinlínis fyrir að fara út í það nú, þá tel eg þó rétt eftir atvikum, að brýna það enn einu sinni fyrir háttv. deild, að áætlun okkar er þó að minsta kosti mun áreiðanlegri en áætlun háttv. 1. þm G.-K. (Þ. J. Th.) og þeirra félaga. Tölurnar eru jafnan ólygnar, og er nú bezt að sjá, hvað þær segja.

Gjörum ráð fyrir, að bankinn taki til 28 ára einnar miljón króna lán í gulli upp á 4½% ársvexti. Setjum, að hann gæfi út 2 miljónir króna í seðlum út á þennan gullforða og tæki 5½% útlánsvexti. Gjörum enn fremur ráð fyrir, að hann gæti haft úti 90% af seðlum sínum alt árið; þá yrði dæmið þannig:

Tekjur.

1. Vextir af 1800 þús. kr. .	99000 kr.
2. Provision	4000 —
3. Leigulaus bústaður . . .	2000 —
3. Leiga undir forngripasafn.	2000 —
5. Vextir af varasj. bankans	2000 —
Tekjur samtals	109000 kr.

Gjöld.

1. Vextir af 1 milj. kr. láni	45000 kr.
2. Afborgun	20000 —
3. Kostnaður við bankann .	15000 —
4. Kostnaður við útibú . . .	12000 —
5. Seðlagerð	2000 —
Flyt:	94000 kr.

Flutt	94000 kr.
6. Varasjóður ½%	5000 —
Gjöld samtals	99000 kr.

Tekjuafgangur fyrsta ár yrði þá 10,000 kr. Við þessi 10,000 kr. nú bæta afborguninni, 20,000 kr. Svo að þegar á fyrsta ári yrði tekjuafgangurinn 30,000 kr. og tekjurnar færi vaxandi með hverju ári, og eftir 28 ár ætti landið banka sinn skuldlausan.

Ef vér tökum nú hitt dæmið, að bankinn hafi úti tvenns konar seðla, 750,000 kr. í óinnleysanlegnm seðlum og aðrar 750,000 kr. í innleysanlegum seðlum, og ef vér gjörum ráð fyrir sömu vöxtum og í hinu dæminu, og einnig, að 90% af seðlunum séu í útlánum, þá verður dæmið þannig:

Tekjur.

1. Vextir af 1350000 kr. .	74250 kr.
2. Provision	4000 —
3. Leigulaus bústaður . . .	2000 —
4. Leiga undir forngripasafn	2000 —
5. Vextir af varasjóði . . .	2000 —
Tekjur samtals	84250 kr.

Gjöld.

1. Vextir af ½ miljón kr. .	22500 kr.
2. Afborgun 2%	10000 —
3. Bankahald	15000 —
4. Útibú	12000 —
5. Til landssjóðs 1% , . .	7500 —
6. Varasjóður ½%	3750 —
Gjöld samtals	70750 kr.

Tekjuafgangurinn yrði þannig fyrsta árið	13500 kr.
og að viðbættri afborgun. .	10000 —
Samtals	23500 kr.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að breyt.till. mínar væru að eins fleygur, til að skaða frumv., en eg mótmæli því í kröftugasta máta og vísa fleygnum hans til hans aftur. (*Skúli Thoroddsen*: Það er ekki hægt; hann stendur fastur). Hann gat þess sérstaklega, að það væri fleygur í frumv., að færa leyfið úr 30 árum niður í 25 ár, og hafa gjaldið til landssjóðs prógressivt. H. frmsm. (Þ. J. Th.) sagði við 2. umr., að fyrir sitt leyti hefði hann ekkert á móti því, og nefndin mundi heldur ekki vera því fráhverf, að tíminn væri færður niður í 25 ár, og að láta tillagið hækka prógressivt. Fyrir þá sök hefi eg komið með þessa breyt.till., því eg hugsaði ekki, að háttv. framsögum. kúfventi og breytti skoðun sinni á einni nóttu. Hann hefir talað mikið um drátt þann, er mundi verða á málinu, ef frumv. um hlutafélagsbankann væri ekki samþykt á þessu þingi. Eg get ekki kannast við, að svo sé. Eins og allir háttv. þm. vita, eru þau ákvæði í stjórnarskránni, að stjórnin þarf ekki að samþykkja lagafrumv., sem komið hefir frá þinginu, fyr en daginn áður en næsta reglulegt alþingi kemur saman. Stjórnin getur því frestað að samþykkja þetta frumv., þar til í lok júnímán. 1903.

Eftir frumvarpinu sjálfu hafa bankamennirnir 12 mánaða frest til að ganga að eða frá heimildinni til að stofna bankann, og eftir gildandi lögum líða 12 vikur frá því lög eru birt í Stjórnartíðindunum og þangað til þau öðlast gildi. Samkvæmt þessu geta liðið 15 mánuðir frá 1. júlí 1903 áður bankinn tæki til starfa eða þar til í lok septembermán. 1904.

Nú er fyrirsjáanlegt, að aukaþing verður haldið næsta ár, og legði stjórnin þá fyrir það þing frumv. með svipuðu fyrirkomulagi og hér liggur fyrir, og væri það samþykt með litlum eða engum breytingum, þá stæði auðvitað ekki á því, að það yrði samþykt af stjórnarinnar hendi. Það er því enginn vandi á ferðum, þó frumv. verði ekki samþykt á þessu þingi. Verði hins vegar hrapað að því, að leggja

Landsbankann niður, verður það ekki aftur tekið; þá hafa menn brotið brúna að baki sér, og þar kynnu að sannast á oss vísuorðin:

»Því brosa menn fram á bráðfleygri stund,
sem burt þvær ei ára grátur«.

Landsbankinn verður ekki reistur upp næstu 30 ár, sé hann skorinn niður nú, en hins vegar alt af hægt að leggja hann niður, ef hann kynni ekki að borga sig.

Hannes Þorsteinsson: Eg hafði ekki ætlað mér að tefja umræðurnar, sem þegar eru orðnar nokkuð langar, og ætla því að eins að gjöra örfáar athugasemdir við ræðu háttv. framsm. (Þ. J. Th.), er vék nokkrum orðum að mér, og var meira að segja grimmur út af því, að eg hefði borið meiri hluta bankanefndarinnar á brýn, að hún hefði sagt, að menn gætu fengið »nóga peninga«, þegar nýi bankinn væri kominn, og þetta vilti margan, því að margir þarfnast peninga, og enginn þykist hafa of mikið af þeim. En eg mintist ekki á nefndina í þessu sambandi, og enda munu nefndarmennirnir vera skynsamari en svo, að þeir láti aðra eins fjarstæðu út úr sér. En mér þótti gaman að því, hve háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) var fljótur að átta sig á því, hvaðan þessi ummæli voru tekin, nefnilega úr bifliu þeirra bankamannanna. Og sýnir þetta, að hann er þaul-lesinn í þeirri ritningu, og hefir lesið bankavísdóm þenna mjög rækilega ofan í kjölinn. Enn fremur var hann gramur yfir því, að eg mintist á bændur, og að þeir mundu ekki hafa mikil not af hlutafélagsbankanum, því hann mundi ekki lána þeim mikið fé. Hann sagði, að ef hann hefði nægt fé fyrirliggjandi, mundi bankinn einnig lána þeim út á fasteignir til langs tíma. Eg hefi ekki neitað því, að svo kunni að verða. — Slíkt getur þó ekki orðið að miklum mun, því það kemur í bága við ætlunarverk seðlabanka, enda verða slík lán aldrei veitt nema fyrir stuttan tíma. En það eru einmitt þau lán, sem lánuð eru um langan tíma, sem koma landbúnaðinum að notum. Slík lán hefir landsbankinn veitt til 10–20 ára, og þó hann kunni að hafa gert það minna síðasta árið, þá kemur slíkt eingöngu af því, að nú hefir hann veðdeildina til að veita slík lán.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) sagði, að þó Landsbankinn væri aukinn og gjörður að seðla-banka, þá stæði hann ver að vígi en hlutafélagsbankinn. — Þetta er ekki rétt hermt, því fyrir utan sitt eigið veltufé hefir landsbankinn þar að auki veðdeildina og sparisjóðinn, en hlutafélagsbankinn hefir að eins veðdeildina, en engan sparisjóð sér við hlið.

Það hefir verið tekið fram, að af sparisjóðsfénu mundi mega lána 400 þús. kr. gegn fasteignarveði, ef hann væri gjörður að sérstakri stofnun; en því fé ræður hlutafélagsbankinn ekki yfir, þegar sparisjóðurinn er hafður út af fyrir sig.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) vildi ekki kannast við, að hlutafélagsbankinn mundi segja upp eldri lánum, sem Landsbankinn hefði veitt og lánuð hefðu verið um langan tíma; en þegar hann rankar við sér, mun hann kannast við, að sú muni geta orðið raunin á. — Hann veit, hve skilvísir menn eru almennt. Það eru ekki allir, sem greiða vexti og afborganir af lánum ákveðinn dag, og þó að Landsbankinn hafi verið vægur við menn, þegar svo hefir staðið á, þá eru engin líkindi til, að hlutafélagsbankinn mundi reynast þannig. Hann mundi ekki kinnoka sér við, að segja lánunum upp þegar, ef ekki væri borgað upp á vissan dag, og með þessu móti mundu lánin fljótt verða uppsegj-

anleg, þó þeir samningar væru haldnir að nafninu til, sem Landsbankinn hefði gert við lántakendur.

Eg skal benda h. framsögum. (Þ. J. Th.) á, að »forretnings-gangurinn« á ekki að verða seinn, þar sem selja á veð við opinbert uppboð eftir 20 daga. Þetta bendir dálítið á, hve seinir þessir herrar ætla að vera að heimta fé sitt, og að ekki muni mikillar vægðar vera að vænta frá þeirra hendi. — Þetta verð eg að álíta mjög þýðingarmikið atriði. Það má ekki byggja á því, að menn hafa verið illa aldir upp til að sýna skilvísi, og ekki vænta þess, að sama »slendrian« eða eftirgangsleysi verði sýnt gagnvart þeim, sem ekki standa í skilum, og hefir verið. En minna má nú gagn gera, en að veðin séu seld 20—30 dögum eftir gjalddaga.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) vildi halda því fram, að hlutafélagsbankinn mundi veita sjálfskuldar-ábyrgðarlán, ef ábyrgðarmennirnir væru álitnir tryggir, og tók til dæmis, að hann og eg mundum verða teknir gildir, til að ábyrgjast 1000 króna lán fyrir háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Eg get verið honum þakklátur fyrir traust það, er hann hefir á mér, en dæmið er mjög ófullnægjandi, því eg veit, að fæstir þeirra, sem skulda í banka, eru eins vel staddir og hann eða hafa jafn-mikið lánstraust, því flestir eru mjög efnalitlir og skuldum hlaðnir, og mundi því bankinn ganga undir eins að veðum þeirra og þeir sýndu hin minstu vanskil, sem hægt væri að hengja hatt sinn á.

Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) gat þess viðvíkjandi veðdeildarbréfunum, að engin hætta mundi vera á því, að þau yrðu sett á markaðinn svo ótt, að það yrði til að rýra gildi þeirra, því hæstv. landshöfðingi mundi sjá um, að slíkt væri ekki gjört. Eg get ekki verið svo vongóður, og hef ekki aðra eins oftrú á hlutafélagsbankanum, eins og háttv. framsögum. (Þ. J. Th.). — Eg ímynda mér, að bankinn mundi flýta sér að setja veðdeildarbréfin á markaðinn, til að koma þeim af sér. En þar af mundi leiða, að þau lækkuðu í verði, ef til vill niður í 60%, því að landshöfðingi mundi ekki ráða mikið við slíkt.

Þá gat háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) þess, að kaupmenn mundu kaupa íslenzkar vörur fyrir peninga, þegar hlutafélagsbankinn væri kominn á fót, og að þeir mundu selja útlendar vörur með betra verði, þegar þeir gætu fengið hér peningalán. Eg neita því ekki, að kaupmenn mundu hafa hag af því, að geta fengið lán hér á landi; en eg þekki kaupmenn þá ekki rétt, ef þeir notuðu ekki þann hagnað sjálfir, án þess að viðskiftamenn þeirra hefði hagnað af; því þó þeir hefðu keypt útlendar vörur ódýrara en áður mundi það renna í þeirra eigin vasa. Aðal-regla kaupmanna er sú, að knýja út hvern einasta eyri, sem þeir geta hönd á fest, og halda því, sem kemst í höndur þeirra. Eg hefi reynsluna fyrir mér í þessu efni, og ímynda mér, að þetta breytist ekki mikið, þó að hlutafélagsbankinn kæmist á.

Háttv. frmsm. (Þ. J. Th.) talaði um, að sumir kaupmenn flyttu peninga inn í landið og keyptu innlendar vörur fyrir peninga. Eg veit ekki um, að svo sé nú. Eg hefi að eins vitað af einni verzlun eystra, sem flutti inn peninga fyrir nokkurn mun, og menn gátu fengið peninga hjá henni fyrir vörur sínar; en mér er ekki kunnugt um, hvort svo er enn.

Eg vildi gjarnan, að peningar kæmu

inn í landið og peninga-viðskifti yrðu meiri í landinu. En eg vil ekki kaupa þetta svo dýrt, að menn fyrir það verði þjónar útlends auðvalds og peninga Gyðinga, að vér afsölum oss réttindum vorum, og slíkt hafi áhrif á fjármál vor. Þegar þetta auðvald væri komið inn, mundi það ekki víla fyrir sér, að færa sig upp á skaftið, og reyna að hafa áhrif á löggjöf vora, til að fá þeim samningum breytt, sem nú væru gjörðir, sér í enn meiri hag. Mundi þá létt, að fá lögunum breytt, því það er ekki að treysta á, að þingið stæði svo fast fyrir, sem þörf væri á. — Vegna þessa er nú slakað til í öllum kröfum, því það er um að gera, að koma höfðinu inn; en það mega menn reiða sig á, að meira kemur á eftir, áður langt um líður.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg verð að svara háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) örfáum orðum út af því, að hann er alt af að flagga með disconto bankans, og telur landsbankanum það til gildis, að hann hafi og geti haft disconto lágan og lægri en hlutafélagsbankinn. En þetta sýnir ekki annað, en að hann er ekki kunnugur bankamálum. Það er alþekt kenning í útlöndum, að bankar eigi ekki að hafa disconto alt af jafnlágan. (*Lárus H. Bjarnason*: Það er gott fyrir landið). Það er öðru nær en að það sé gott fyrir landið. Þegar peningar eru litlir, eru þeir dýrir, og þegar nóg er til af peningum, eru þeir aftur í lægra verði. Disconto af peningum á því að vera lág, þegar nóg er af peningum, en aftur á móti há, þegar lítið er um peninga. Orsökin til þess, að lán eiga að vera dýrari, þegar lítið er um peninga, er sú, að með því á að varna því, að óþörf lán séu tekin, sem ekki borga sig. Það, sem meðal annars hefir stutt að því, að landsbankinn yrði peningalítill, er, að hann hefir alt af haldið disconto sínum jafnlágt, og það er í raun réttri ein af aðalsyndum bankans.

Að öðru leyti álít eg ekki þörf að svara háttv. þingm. Það er búið að margtaka það upp, sem hann finnur að frumv., og það mætti æra óstöðugan, að taka það upp enn á ný.

Háttv. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) vildi ekki kannast við, að dæmi sitt væri rangt, en eg get fullvissað hann um, að það var gripið úr lausu lofti.

Háttv. 1. þingm. Arn. (H. Þ.) ætti að kynna sér betur málavexti, áður hann fer að finna að frumv. Hann fann að 18. gr. frumv. að því leyti, að í henni væri ákveðið, að selja mætti handveð eftir 20 daga, og notaði þetta sem sönnun fyrir því, að bankinn mundi ganga hart að mönnum. Það er auðséð af þessu, að honum er ókunnugt um lög 4. nóv. 1887 um veð, því þar stendur svo, að ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga eða vextir á ákveðnum tíma, hafi veðhafi rétt til að selja veðið á uppboðsþingi, en gera skuli hann veðsala áður viðvart um það með 8 daga fyrirvara, og sé veðsali ókunnur eða heimili hans, skuli veðhafi stefna hlutaðeigandi með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birtar skulu í auglýsingar stjórnarvalda. Hér í þessu frumv. er þá farið miklu vægara með skuldunauta en eftir gildandi lögum, þar sem eftir þeim má selja handveð með 8 daga fyrirvara, sé veðsali kunnur, en ella með 14 daga fyrirvara, en hér er veðsala veittur 20 og 30 daga frestur, eða um helmingi lengri tími. En, eins og eg tók fram við fyrri umræðu málsins, hefi eg ekkert á móti því, að fresturinn væri lengdur enn meir.

Þá sagði háttv. 1. þingm. Arn. (H. Þ.)

enn fremur, að svo mikið af veðdeildarbréfunum mundi verða sett á markaðinn, að þau mundu falla mjög í verði. En hver er sá, sem mundi ráða í því efni? Bankaráðið og landsstjórnin. En í bankaráðinu yrði landshöfðingi og þar að auki 3 menn aðrir, kosnir af þinginu, og þar að auki tel eg víst, að í framkvæmdarstjórn bankans og gæzlustjórn mundu verða hinir sömu menn, sem nú eru við stjórn landsbankans. Það er því engin ástæða til að ætla, að meiri veðdeildarbréfum yrði kastað á markaðinn en hættulaust væri fyrir gangverð veðbréfanna.

Háttv. sami þingm. lauk ræðu sinni með því, að fárast yfir, að það væri ekki gott fyrir landið, að verða þjónn útlends auðvalds, eins og liti út fyrir, ef þessi banki kæmist á; en eg verð að mótmæla því, að vér höfum hér neina reynslu í því efni, svo ástæða sé til að kvíða fyrir því eftirleiðis.

Hannes Hafstein: Eg ætla að eins að gera þá stuttu athugasemd, að þó eg greiði atkv. með þeim br.till. á þgsk. 481, sem fara í þá átt að ákveða, að hinn núverandi landsbanki skuli standa óbreyttur, þá er það engan veginn gert í því skyni, að spilla fyrir því, að veitt sé heimild til að stofna aktíubanka, því eg er á þeirri skoðun, að það gæti orðið til mikils góðs fyrir verzlun landsins, að slíkur banki kæmist á, og eg mun greiða atkv. mitt með því, hvernig sem fer um þessar br.till. hér í deildinni í þetta sinn, í þeirri von, að háttv. efri deild hrindi málinu í rétt horf.

Þó eg álíti, að aktíubanki, eins og hér er farið fram á, sé nauðsynlegur, einkum að því er verzlunina snertir, þá hefi eg þá skoðun, að mikið verksvið sé fyrir landsbankann, sem við höfum, og það sé engin ástæða til að kippa honum upp að svo stöddu. Það verða margir, sem sakna þess, ef þeir ekki geta fengið annað en stutt víxillán. Sérstaklega verður tilfinnanlegt fyrir sýslu- og sveitarfélög og bæjarfélög, ef þessi stofnun legst niður snögglega; sömuleiðis fyrir bændur og aðra, sem lán þurfa að fá með nokkurum fresti og með sem vægustum kjörum. Háttv. þingm., sem hafa talað gegn þessu atriði, hafa sagt, að svo framarlega sem bankinn yrði látinn standa, þá mundu þeir, sem sótt hafa um leyfið, ekki vilja stofna hlutafélagsbankann. Það get eg með engu móti skilið; því hver ástæða skyldi vera fyrir því? Væntanlega ekki sú, að þessi litla upphæð, 750,000 kr., sem landsbankinn hefir til umráða, væri þeim hættuleg. Því þessir sömu menn, sem nú sækja um leyfi til að stofna þennan hlutafélagsbanka, þeir hafa fyrir 2 árum treyst sér til að koma fyrir hér á landi 6 miljónum. Fyrst þeir gátu þá komið fyrir 6 miljónum, þá get eg ekki séð annað en þeir geti nú komið fyrir 2½ milj., þó annar lítill banki sé við hliðina, sem hefir 750,000 kr. til að ráða yfir. Hina ástæðuna, að landsbankinn muni verða því til tálmunar, að aktíubanki geti algerlega sett Íslendingum stólinn fyrir dyrnar, að því er vaxtahæðina snertir, svo að hann geti ekki gefið aktíuhafendum eins mikinn ágóða, ef landsbankinn stæði, álít eg ekki vera á móti þessum br.till., heldur með þeim. Eg ber engan kvíðboga fyrir því, að þessir menn gætu með nokkurum rökum, er hagsmuna landsins vegna mætti taka gild, talið frágangssök að stofna hlutafélagsbankann, þó landsbankinn stæði. Hver banki um sig hefði sitt verksvið, og er það mjög langt frá því að vera einsdæmi, að bankar standi hvor við hliðina á öðrum. Mér fyndist það yfir höfuð vera allnærri gengið af þessum herrum, að heimta ekki að eins margra áratuga

einkarétt til seðlaútgáfu sem skilyrði fyrir því, að setja hér upp slíkt fyrirtæki, heldur líka, að þessi eina peningastofnun, sem við höfum, sé lögð niður, til þess að ekki skerðist neitt gróðinn þeirra, sem aktíurnar eiga. Mér finst það vera eins og menn sæktu um heimild til að leggja járnbraut,en gerðu það að skilyrði um leið, að allar flutningabrautir og þjóðvegir á landinu væru niður lagðir, til þess ekki væri nein samkepni við járnbrautina. Og eg ímynda mér, að menn þeir, sem ætla að stofna hlutafélagsbankann, mundu alls ekki kunna formælendum frumv. neinar þakkir fyrir að gera þeim þær getsakir, að þeir séu svo heimtufrekir, eða svo deigir, að þeir sjái ekki ráð til að koma stofnuninni á fót, þótt eins lítill banki og landsbankinn yrði án seðlaútgáfuréttar stæði jafnframt.

Eg mun eftir þessari skoðun minni á málinu greiða atkv. í þá átt, að landsbankinn standi, eins og verið hefir, og jafnframt að veitt sé hið umbeðna leyfi eða heimild til að hlutafélagsbankinn sé stofnaður.

ATKVGR.: Br.till. 481, 482 og 485 var veitt undanþága. Br.till. 481, 1 við inng. frv. feld með 11 : 11. Br.till. 482 við inng. frumv. samþ. með 19 atkv. Br.till. 481, 2 við 2. gr. samþ. með 12 atkv. Br.till 473 1 við 2. gr. samþ. með 15 atkv. Br.till. 481 3 við 7. gr. feld með 12 : 8. Br.till. 481 4 við 8. gr. feld með 12 : 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Hermann Jónasson,	Magnús Torfason,
Jósaf. Jónatansson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnason,	Sigurður Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánsson, Eyf.,	St. Stefánsson, Skf.,
Tr. Gunnarsson.	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Br.till. 481 5 við 11. gr. þar með fallin. Br.till. 481 6 við 12. gr. þar með fallin. Br.till. 481 7 við 13. gr. þar með fallin. Br.till. 485 við 4. gr. feld með 14 : 5. Br.till. 473 2 við 11. gr. samþ. með 20 atkv. Br.till. 481 8 við 14. gr. feld með 13 : 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
H. Þorsteinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Herm. Jónasson,	Magnús Torfason,
Jósaf. Jónatansson,	Ólafur Briem,
L. H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
St. Stefánsson, Eyf.,	Sig. Sigurðsson,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánson, Skf.,
	Valt. Guðmundsson,
	Þ. Guðmundsson,
	Þ. Thoroddsen,

Br.till 486 við 14 gr. samþ. með 14 atkv. Br.till. 481 9 a við 17. gr. samþ. með 12 atkv. Br.till. 481 9 b. við 18. gr. samþ. með 12 atkv. Br till. 481 10 við 19 gr. feld með 11 : 8. Br.till. 481 11 við 20 gr. feld með 11 : 11. Br.till. 481 12 ný gr. feld með 11 : 11. Br.till. 481 13 ný gr. feld með 11 : 11..

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 16 : 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnars., Bf.[1],	H. Þorsteinsson,
Bj. Bjarnarson,Dal.	Herm. Jónasson,
Björn Kristjánsson,	Jósaf. Jónatansson,

1) Eg vil ekki hindra það, að háttv. Ed. gefist kostur á, að koma þeirri lagfæring á frumv., sem oss hér hefir ekki tekist, og segi því: já.

já:	*nei*:
Hannes Hafstein,	St. Stefánsson, Eyf,
Jóh. Jóhannesson,	Tr. Gunnarsson.
Magnús Torfason,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Sk. Thoroddsen,	
St. Stefánsson, Skf.	
Valt. Guðmundsson,	
Þ. Guðmundsson,	
Þ. J. Thoroddsen.	

Lárus H. Bjarnason greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hluta.

Ein umr., 26. ágúst (C bls. 823—826).

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Það eru ekki miklar breytingar, sem h. Ed. hefir gert við þettar frumv., en þær breytingar, sem hún hefir gert, eru ekki svo lítils virði. Það er aðallega ein breyting, sem h. Ed. hefir gert, og er í því fólgin, að ætlast er til, að Landsbankinn standi eftir sem áður, þó hlutafélagsbanki verði stofnaður hér á Íslandi, en þó svo að seðlana, sem Landsbankinn gefur út, megi ekki auka fram yfir það, sem nú er; þetta er breytingin, sem mest er í varið. Eins og menn muna, kom fram breyt.till. frá h. minnihluta í þessu máli hér í deildinni, sem fór í þessa sömu átt, en þá var það meiri hlutinn, sem mótmælti þeirri breyt.till., svo hún var feld. Ástæðurnar fyrir því, að nefndin var á móti þessari breyt.till., hef eg tekið áður fram; en aðallega voru það þær, að nefndin var hrædd um, að það, að setja svona ákvæði inn, mundi verða frumv. að falli, annaðhvort hjá stjórninni, eða þá þeim mönnum, sem höfðu boðist til að stofna bankann. Það hafa komið skeyti, eins og eg hefi áður tekið fram hér í deildinni, frá þessum háttv. herrum, að þeir mundu ófúsir að ganga að, að stofna þennan banka, svo framarlega sem Landsbankinn yrði látinn standa, og það einkanlega af 2 ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að þeir mundu ekki geta fengið peningamenn í öðrum löndum til þess að kaupa aktíur í þessum banka, et Landsbankinn stæði, þar sem þeir mundu ímynda sér, að þetta væri svo lítil Forretning, að það væri ekkert gerandi fyrir það.

Maður verður að gá að því, eins og málið lá fyrir 1899, með 5 milj. kr. kapítali og ótakmörkuðum seðlaútgáfurétti, að þá gat maður sagt, að þetta væri »Forretning«; en nú, eftir að það er ákveðið, að aktíukapítalið skuli vera 2 milj. og seðlaútgáfurétturinn að eins $2^1/_2$ miljón, þá álíta þeir, að það yrði ekki svo mikil Forretning eða gróðafyrirtæki, að það væri gerandi mikið fyrir, að seilast eftir því, sérstaklega þegar sú skylda ætti að hvíla á herðum þeirra, að stofna kostnaðarsöm útibú í helztu kaupstöðum landsins. Nú má nærri geta, að þegar Landsbankinn stendur, en sama skylda hvílir á herðum þeirra með að stofna útibúin, að þeim muni ekki þykja það gróðavænlegt fyrirtæki, og því hafði nefndin á móti þessu vegna þess, að hún óttaðist, að þetta mundi verða frumv. að falli.

Í öðru lagi áleit nefndin, að slíkt fyrkomulag mundi hvorki heppilegt fyrir Landsbankann né landssjóð, sem á að ábyrgjast hann. Eg hefi skýrt það greinilega áður; en til áherzlu ætla eg þó að taka upp höfuðatriðin aftur. Nefndin var einkum hrædd um, að þegar tvenns konar seðlar yrðu í landinu, innleysanlegir og óinnleysanlegir, og seðlafúlgan, sem úti væri, yrði ofmikil, mundu óinnleysanlegu seðlarnir falla í verði, en hinir héldu sér; því

eins og eðlilegt er, þar sem menn eru ekki skyldir að taka seðla Landsbankans nema í opinber gjöld, þá mundu menn ýta þeim frá sér, og ekki taka þá með fullu ákvæðisverði. Þeir eru líka miklu óhentugri fyrir kaupmenn, einkum út um land, þar sem ekki er hægt að senda þá til útlanda, nema með því að láta þá á pósthúsið og kaupa þar póstávísun, en innleysanlega seðla má senda til útlanda beina leið hvaðan sem er. Ræki nú að því, að seðlar Landsbankans féllu í verði, neyddist hann til annaðhvort að afhenda landssjóði seðlana, eða að hafa gull fyrirliggjandi til að tryggja þá með og leysa þá inn, þó hann væri ekki skyldur til þess; en við það, að hafa svo og svo mikið gull fyrirliggjandi, mundi starfsfé hans rýrna að töluverðum mun.

Enn er eitt athugavert, sem leitt gæti af þessari breytingu, og það er, að síðar verður ekki eins hægt að leggja Landsbankann niður og það er nú. Upphaflega var svo ákveðið í frv., að Islandsbanki átti að innheimta útistandandi skuldir hans fyrir ekki neitt, og er ekki lítið í það varið, því slíkt er allmikið verk. En sé nú Landsbankinn látinn standa, en síðar þyrfti að leggja hann niður, þyrfti aðstoð Íslandsbanka til að innheimta eignir hans, og þá mundi hann auðvitað ekki gera það fyrir ekki neitt.

Þetta voru aðalástæðurnar, sem ollu því, að meiri hluti nefndarinnar var á móti því, að landsbankinn yrði látinn standa. En úr því svo er komið, að þetta hefir verið samþykt í h. Ed. og frv. er komið hingað aftur, vill meiri hlutinn þó ekki ráða til að kippa þessum agnúa í burtu, því það væri sama sem að fella málið, en honum er annara um það en svo, að hann vilji ráða til slíks.

Eru það því tillögur okkar, að það verði samþykt í þessum búningi, því með því er málinu þó haldið vakandi, og þetta atriði getur komist undir »diskussion« stjórnarinnar og þeirra manna, sem hún mundi leita til, og þá munum vér aftur fá svar hennar svart á hvítu. Eg fyrir mitt leyti vildi, að Landsbankinn geti staðið, og honum gengi sem bezt, því fyrir meirihlutanum hefir ekki annað vakað en að bæta úr peningaþörf landsins; hann hafði ekki neitt annað augnamið og vildi gera alt, sem í hans valdi stæði, til þess að bæta úr þessari þörf.

Í einu atriði er það töluverð vanhugsun, að láta Landsbankann standa. Þingið í heild sinni, bæði meiri og minni hluti, hefir verið að berjast við, að gjöra hlutafélagsbankann sem mest innlendan, og þó nokkuð af fénu væri upprunalega frá útlöndum, þá væri sem mest trygging fyrir því, að vér hefðum gagn af því fé, og að það verkaði í landinu. En með þessari ráðstöfun finst mér, að við séum að gera þá trygging minni, og séum að benda stofnendunum á, að þeir geti látið nokkuð af fénu út úr landinu og ávaxtað það þar. Sérstaklega má búast við því, að aðaldeildin í Reykjavík hafi lítið að gera fyrst í stað við hliðina á Landsbankanum, og þaðan verði því leitað með fé til annara landa.

Þá var eitt atriði í frumv., sem mig furðar á, að ekki var breytt jafnframt og landsbankinn var látinn standa, og það er, að seðlafúlgan skuli eiga að vera $2^1/_2$ miljón, eins og áður; en þar sem landsbankinn heldur sinni sömu seðlafúlgu, $^3/_4$ miljón, verða allir seðlarnir $3^1/_4$ miljón. Eftir afstöðu meiri hlutans í þessu máli, þá er hann auðvitað ekki á móti þessu, þar sem hann vildi hafa bankann sem stærstan; en

vildi að eins benda minni hlutanum á þetta. Nú hafði Þjóðbankinn danski ráðið til, að seðlaútgáfan yrði trygð að helmingi, en með þessu móti verður þessi trygging minni, því þó hlutafélagsbankinn tryggi sína seðla að helmingi, þá bætast þar á ofan seðlar landsbankans, sem alls ekki eru trygðir neitt. Vér vonum þó og óskum, að alt fari vel, og efumst ekki um, að frumv. fái samþykki stjórnarinnar, því þar sem breytingin hefir verið gjörð fyrir tilmæli stjórnarfulltrúans hér á alþingi, teljum vér víst, að hann muni mæla með því, að frumv. verði staðfest, (*Landshöfðingi*: Sjálfsagt) og að því megi leggja ótrauður með frumv. út á hafið milli Íslands og Danmerkur, þó okkur, meiri hluta varkárari mönnunum í þessu máli, þyki það nokkuð varhugavert.

Eg verð að drepa nokkrum orðum á ræðu háttv. Rvk. (Tr. G.) í öðru máli, sem stendur í nokkuð nánu sambandi við þetta mál. Við umr. í fjárlögunum kom samþingismaður minn (B. Kr.) með fyrirspurn til reikningslaganefndarinnar um byggingarreikninga bankahússins. Nefndin þóttist hafa svarað því svo sem hægt væri í þetta sinn, en þá finnur háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) það köllun sína, að svara, og á þann hátt, sem nefndin gat ekki búist við. Fyrst vefengir hann rétt þm. að spyrjast fyrir um ástand opinberrar stofnunar, eins og landsbankinn er, og svo getur hann þess, að það muni vera gott að koma með þetta vegna hlutafélagsbankans. Eg verð fyrir hönd nefndarinnar algjörlega að mótmæla því, að hún hafi gert nokkuð til þess, að rýra álit landsbankans og bankastjórans, og eg skora á hann, ef hann finnur orðum sínum nokkurn stað, að tilgreina það atriði, sem gefi í skyn, að nefndin hafi verið að niðra hvort heldur bankastjóranum eða landsbankanum, því okkur finst það vera fyrir neðan virðingu okkar bæði sem manna og þm., að nota slík ráð. Annars finst mér, að háttv. þm. hefði ekki átt að láta þessi orð falla, og heldur þakka þinginu og reikningslaganefndinni, að hún skarst í, að komast eftir, hvernig bankareikningunum liði, þar sem allmikið þvaður gekk hér um bæinn um það efni, því reynist reikningarnir réttir, má búast við, að það þvaður detti niður.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend að eins upp til að þakka háttv. framsm. (Þ. J. Th.) fyrir till. hans, að málið gangi fram þrátt fyrir þá breytingu, sem orðin er á því, og sem féll hér í háttv. deild með jöfnum atkvæðum, líklega af því, að menn hafa þá ekki verið búnir að átta sig á málinu.

Eg þarf ekki að svara mótbárum hans; hann mun hafa hreyft þeim bara til að fóðra fráhvarf sitt; enda er eg margbúinn að svara þeim áður; hann óskaði, að frumv. yrði staðfest, og í því liggur viðurkenning um, að hann sé nú kominn á okkar skoðun, enda vona eg, að bæði hann og aðrir sannfærist um, að þetta fyrirkomulag muni reynast happasælt fyrir land og lýð.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Bankamál III.

FRUMVARP til laga um heimild til að veðsetja jarðeignir landssjóðs fyrir hlutum í hlutafélagsbanka (C bls. 608); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eins og háttv. þingdm. er kunn-

ugt, var í gær samþ. hér í deildinni frumv. til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka, og þar er landssjóði heimilað, að gerast hluthafi í bankanum að $^2/_5$ stofnfjárins; og þetta frumv. er því til þess, að gefa landsstjórninni, ef hún álítur það heppilegt, að landssjóður eigi fé í bankanum, leyfi til, að skrifa landssjóð fyrir hlutum í bankanum, að svo miklu leyti sem jarðeignir landssjóðs nægja. Eg vona, að eg þurfi ekki að skýra þetta frekara, og háttv. þm. sjái, að þetta frumv. sé nauðsynlegt fylgiskjal við frumv. um hlutafélagsbankann.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 16. ágúst (C bls. 608, brt. 620).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Það er hér framkomin breyttill., sem fer í þá átt, að breyta þessu frv. í heimildarlög fyrir stjórnina til að gerast hluthafi í hlutafélagsbankanum, gegn veði í tekjum landssjóðs eða jarðeignum hans. Nefndin hefir tekið þetta til yfirvegunar, og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða h. deild frá að samþykkja það, aðallega af 2 ástæðum. Í fyrsta lagi segja þeir, að nefndin þykist vita svo vilja stjórnarinnar, að hún muni ekki vilja taka lán, og sízt svo mikið, í þessu skyni, og svo framarlega, sem stjórnin ekki gengi að því, yrði ákvæði þetta frumv. að falli. Í öðru lagi vegna þess, að þótt stjórnin vildi inn á þetta ganga, þótti nefndinni ekki heppilegt fyrir landssjóð, að binda sér þann bagga. Auk þess er breyttill. ósamrýmanleg við bankafrumv., sem afgreitt var frá deildinni í gær. Þar er landssjóði heimilaðir $^2/_5$ hlutar hlutaupphæðar, en hún er öll 2 miljónir, og sú upphæð, sem landssjóður getur skrifað sig fyrir, að eins 800,000 kr., en hér er í breyttill. heimilað landsstjórninni, að taka hærri hlutaupphæð, 800,000 kr. og 20% af jarðeignum landssjóðs. Hversu mikils virði jarðeignir landssjóðs eru, er ekki gott að vita í fljótu bragði. En geri maður ráð fyrir, að þær væru 800 hundraða og hvert jarðarhundrað 100 kr., ættu allar jarðeignir hans að vera 800,000 kr. virði, og 20% þar af 160 þús. kr., og ætti þá eftir breyttill. stjórnin að hafa heimild til að kaupa hlutabréf fyrir 960,000 kr. alls.

Eg vildi því fyrir nefndarinnar hönd ráða h. deild frá að samþ. breyttill.

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) mælti á móti breyttill. minni á þgskj. 464, í fyrsta lagi af því, að hún kynni að verða málinu að falli hjá stjórninni. Viðvíkjandi því atriði skal eg taka það fram, að eg var með frv. um hlutafélagsbankann að eins með því skilyrði, að landssjóður ætti $^2/_3$ hluta stofnfjár hans, og eg vona að frv. verði skilið svo af stjórninni; að hluttaka landssjóðs sé skilyrði, sé eg ekki, að hér sé um það stórræði að tefla, að mikill voði stafi af, eða svo óhagkvæmilegt ráð, að ekki megi ráð þannig úr því. Ef stjórnin álítur málið þess vert, að hraða því, þá þarf þetta engin hindrun að vera; þetta er að eins heimild til að framkvæma það, sem gert er ráð fyrir í sjálfu bankafrv.

Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) áleit brtt. ósamkvæma bankafrumv. að því leyti, að hér væri farið fram á, að veita meiri eða víðtækari heimild en þarf til þess að fullnægja bankafrumv. En það er engin ósamkvæmni, — hið minna felst að eins í hinu meira. Eg vildi einungis, að stjórnin hefði þar svifrúm, hvort hún notaði heimildina sem veðbinding jarðeignanna út í æsar eða ekki. Sé stjórnin dræm í þessu máli, eins og háttv. framsögumaður heldur,

þá er engin hætta á, að hún noti þessa rýmri heimild um of. — Mér væri kært að heyra undirtektir hæstv. landshöfðingja og álit hans á þessu máli.

Landshöfðingi: Það er meiningin með brtt. á þgskj. 464, að nema burtu 1. gr. í frv. á þgskj. 445. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg felli mig betur við grein frumv., að stjórninni sé heimilað, að taka hluti sem svara 20% af virðingarverði þjóðjarða. Og eg hygg, að stjórnin, að minsta kosti sú, sem við stýrið sat, þegar eg var síðast í Kaupmannahöfn, mundi hafa gengið að þessu. Hins vegar hygg eg, að stjórnin muni ekki ganga inn á að taka lán til hlutabréfakaupa. Eg tek það fram, að þetta var skoðun þeirrar stjórnar, sem áður sat við stýrið; hvað hin núverandi stjórn álítur réttast í því efni, veit eg ekki. — Eg hygg, að það sé mjög varhugavert, að samþ. brtt. á þgskj. 464, því að það er ísjárvert að taka stórt lán fyrir landssjóð og verja lánsfénu í gróðafyrirtæki, sem áhætta er samfara. Og eg fyrir mitt leyti verð að ráða frá, að breyttill. verði tekin til greina, að því er snertir 1. gr.

Pétur Jónsson: Það er leitt, að h. landshöfðingi vill ekki fallast á tillögu mína, því að í því felst, að hann vill ekki að landssjóður taki þátt í hlutafélagsbankanum á þann hátt, sem eg álít skilyrði fyrir, að sú stofnun verði holl fyrir þetta land. En út í þá sálma ætla eg ekki að fara nú. Mér finst það ekki vera rétt hjá hæstv. landshöfðingja, að það sé í sjálfu sér áhættuspil fyrir landssjóð, að taka lán með 4% vöxtum og 2% árlegri afborgun til hlutabréfakaupa, svo framarlega sem það er ekki áhættuspil fyrir alla, sem hluti kaupa. (*Landshöfðingi*: Það er áhættuspil fyrir alla!). Ef svo er, þá eru það mótmæli gegn þessu bankamáli í heild sinni, en snertir eigi þetta frumv. út af fyrir sig, og tel eg það því engin sérstök mótmæli gegn brtt. minni.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg vil benda á, að svo framarlega sem brtt. er samþ., þá hafi landssjóður fyrst um sinn dálítil útgjöld við það, nefnilega 16,000 kr. útgjöld á ári, með 2% afborgun af þeim 800,000 kr., sem gert er ráð fyrir. Eg vil sömuleiðis stuttlega benda á það, að þessa lántökuheimild, sem menn endilega vilja veita stjórninni, hefir stjórnin þegar fengið óbeinlínis í bankafrumv., og þessi brtt. er því að því leyti alveg óþörf.

Lárus H. Bjarnason: Mér virtist h. framsm. (Þ. J. Th.) og hæstv. landsh. ekki skilja þetta rétt. Þeir héldu, að landssjóður mundi tapa á að kaupa hlutabréfin og vildu því ekki að heimildin væri gefin; hér er að eins að ræða um heimildarlög; sýnist stjórninni fyrirtækið glæfralegt, þá notar hún sér ekki heimildina.

Landshöfðingi: Eg leyfi mér að skilja heimildarlög nokkuð öðruvísi en háttv. þm. (L. H. B.). Í þeim liggur heimild til stjórnarinnar, gefin samkvæmt ósk og vilja þingsins, og þannig mun stjórnin skilja það. Slík lög hafa oft verið gefin. Eg verð að halda fast við það, að það er alt af áhætta að kaupa hlutabréf. Í þessu tilfelli gæti stjórnin skelt allri skuldinni á þingið, ef illa tækist til.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kvaðst ekki skilja, að stjórnin hætti sér ekki út í að kaupa hlutabréf, ef aðrir álitu það óhætt. Eg eg vil leyfa mér að minna á, að með stjórnina er öðru máli að gegna en einstaka menn.

Ef háttv. þm. hefði ómyndugrafé undir höndum, mundi hann þora að voga annara fé í eitthvert fyrirtæki, þó hann vogaði sínu eigin fé? Eins er það

með stjórnina; hún mundi ekki voga annara fé, þar sem spursmál gæti verið um hættu. Hér er að ræða um privatstofnun, sem alt af getur orðið fyrir tjóni. Eg mun af öllum kröftum leggja móti því, að landssjóður taki lán til þess að leggja í slíkt fyrirtæki eða setja jarðeignir sínar fastar að veði í því skyni.

ATKVGR. Brtt. 464 við 1. gr. feld með 11 : 4.

Þgskj. 445, 1. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 14 atkv.

Frumv. alt með áorðnum breytingum samþ. til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Þriðja umr., 19. ágúst (C bls. 608, brt. 683).

Pétur Jónsson: Eg hefi komið fram með breyttill. á þ/ý, sem eg þarf ekki að mæla fyrir, af því að eg gerði það við 2. umr., að því leyti sem ástæður leyfðu. Eg hefi minkað upphæð lántökuheimildarinnar um helming, af því að eg bjóst við, að mönnum þætti brt. því ísjárverðari, sem upphæðin væri hærri, en eg sé að tilganginum er náð með þeirri upphæð, sem tiltekin er, nefnilega að landssjóður geti tekið $^2/_5$ allrar hlutaupphæðar hins tilvonandi hlutafélagsbanka, þó ekki sé meira tekið til láns, ef fasteignir landssjóðs eru veðsettar og varasjóður brúkaður til hlutakaupa, eftir því sem hægt er. Eg vil að eins lýsa yfir því, að eg hefi ekki gert þetta til þess að spilla fyrir málinu, heldur vegna þess, að eg get ekki fylgt með bankamálinu, nema það princip fái framgang, sem breyttill. er af sprottin. Eg get því að eins verið með frv., að landssjóður eigi að minsta kosti $^2/_5$ hluta í bankanum. Eg sé ekki, að þau mótmæli, sem komið hafa fram, séu þessu til fyrirstöðu. Það hefir ekki verið sýnt fram á, að nokkur veruleg hætta fyrir landssjóð sé þessu samfara, og stofnunin getur ekki verið holl fyrir landið eða landsmenn, ef landssjóður hefir áhættu af að eiga hluti í henni. Aftur á móti mun það sýna sig með tímanum, að það er ekki óráð, að landssjóður hafi hönd í bagga með bankanum að því er fjármagn hans snertir. Eg fylgi hér sama principinu, eins og eg hefi fylgt í öðrum málum, nefnilega, að færa ekki burt frá landsvaldinu neitt af því valdi, sem það hefir í máli, sem skiftir sjálfstæði hvers einstaklings gagnvart eigingirni annara voldugri einstaklinga, jafn-miklu og hér á sér stað í bankamálinu.

ATKVGR. Breyttill. þgskj. 536, 1. feld með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson., Bf.,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson., Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Hannes Hafstein,	Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus Bjarnason,	Magnús Torfason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
St. Stefánss., Skgf.,	Sigurður Sigurðss.,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánss., Eyf.,
	Tr. Gunnarsson.
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Brt. 536, 2. þar með fallin.

Frumv. í heild sinni samþ. með 13 : 1 atkv. og sent til Ed.

Ein umr., 26. ágúst (C bls. 827).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Þetta frumv. kemur nokkuð öðruvísi frá háttv. Ed. en það fór héðan, — það hefir þanist út og það ekki svo lítið, — en ekki hefir það fengið þar neina sérlega holla fæðu, a. m. k. ekki fitandi fyrir landssjóð eða þjóðina. Í

því þar er ákveðið, að leyfa landsstjórninni að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að 800,000 kr. með alt að 4½% árs-rentu og árlegri afborgun 2% gegn á-byrgð landssjóðs og tryggingu í eigum hans, til hlutabréfakaupa. Hér í deildinni var mál þetta felt, af því ekki þótti gjörlegt að steypa fé landssjóðs í þetta, og af því landsstjórnin hafði lýst því yfir, að hún vildi ekki gerast hluthafi í bankanum. En bezt er að lofa því að sigla, sem öðrum dilk; vonandi er að því reiði vel af, þar sem formaðurinn á skipinu er stjórnarfulltrúinn sjálfur.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Áður en bankamálið með dilkum sínum skilur við þingið, ætla eg að leyfa mér að segja fáein orð. Um leið og greidd voru atkvæði um bankamálið við 3. umr. hér í deildinni, lýsti eg því yfir, að eg greiddi atkv. með því út úr deildinni, til að gefa háttv. Ed. kost á, að lagfæra það eftir ósk minni. Þetta hefir nú tekist, og get eg því með betra geði greitt því atkv. nú. Auk þess vildi eg með leyfi háttv. forseta minnast á annað atriði, sem í sjálfu sér kemur þessu máli ekki við, en sem snertir mig að nokkru leyti persónulega. Háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði síðastliðinn föstudag, að hér væru 2 bændur í deildinni, sem alt af greiddu atkvæði eins og einn sýslumaður gegn um þykt og þunt. Eg hefi nú reynt að veita því eftirtekt, hvort þetta væri á rökum bygt, og því farið í gegnum síðustu fundina til að athuga atkvæðagreiðslurnar, þar sem nafnakall hefir verið viðhaft — því við annað er ekki unt að styðjast —, en hefi ekki getað orðið þess var, að slík ummæli hafi við rök að styðjast. Verð eg því að álíta, að háttv. þm. hafi slegið þessu fram alveg út í bláinn, til að niðra oss bændum í deildinni; en svo framarlega sem hann ekki færir þessum orðum sínum stað, og tilnefnir þá þm., sem hann hefir átt við, mun bæði eg og aðrir skoða þessi orð hans sem ástæðulaus og ómerk. En það er annað, sem bæði eg og aðrir deildarm. höfum átt hægt með að sjá, og það er, hvernig »hans excellence«, »ráðgjafinn á þingi«, ráðgjafi h. þmanns. Vestm., hefir komið fram þinginu; vér höfum í sumar augljóslega séð, hvernig h. þm. Vestm. (V. G.) hefir »dominerað« á þinginu og »demoraliserað« þingið.

ATKVGR. Frumv. samþ. með 16 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Bankamál IV.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög 12. jan. 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbaukanum í Reykjavík (C bls. 609); 1. umr., 14. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af nefndinni, af því, að í þeim lögum sem nú gilda um veðdeildina er svo ákveðið, að hún megi ekki lána nema gegn 1. veðrétti út á fasteignir hér á landi. Nú er svo ákveðið í frv. því, sem liggur fyrir um hlutafélagsbankann, að jarðeigendur hér á landi geti skrifað sig fyrir hlutum í þeim banka með því að veðsetja honum 20% af virðingarverði jarðanna.

Nú með því, að enginn sjóður hér á landi mundi vilja lána út á þessar jarðir, sem þannig er búið að veðbinda, en veðlánið svo lítið, að óhætt er að lána meira út á jarðirnar, vill nefndin breyta lögunum í þá átt, að lána megi út á þær með 2. veðrétti, en þó ekki meiri upphæð en svo, að alt lánið nemi að eins helmingi virðingarverðsins.

Pétur Jónsson: Eg hefði óskað, að jafnframt og viðauki hefði verið gjörður við veðdeildarlögin, hefði nefndin stungið upp á breyt. við 7. gr. laganna, þar sem ákveðið er, að því að eins sé lánað út á hús á jörðum, að þau séu vátrygð. Eg hygg að það sé ekki tilgangur laganna, að útiloka hús á jörðum frá því, að lánað sé út á þau, sé þau ekki vátrygð. Eftir því fyrirkomulagi, sem nú er, þarf að virða hús á jörðum sér, og jarðirnar sjálfar í öðru lagi, en það er óhugsandi að nokkur maður geti leyst það verk samvizkusamlega af hendi, að virða jarðirnar án húsanna og húsin án jarðarinnar, því það er ómögulegt, að finna hlutfallið á milli þeirra, nema af handahófi. Hefði það ákvæði ekki verið í lögunum, að vátryggja skyldi einnig jarðarhúsin, mundi hafa verið hægt að virða jörðina með húsunum, en nú er það ómögulegt; húsin eru sem sé einskis virði nema til rifs, þegar þau fylgja ekki með jörðinni. Auk þess hygg eg, að það hafi ekki verið tilgangur laganna að vátryggja skuli öll jarðarhús; það væri tilgangslaust, að því er peningahús snertir, því á þeim er brunahætta engin. Þótt nú hús þessi séu vátrygð fyrir eldsvoða, og brynni svo, er ekki mikil trygging fyrir því, að hlutaðeigendur fengju þann skaða bættan, og er þá vátryggingin lítil trygging fyrir bankann.

Eg hygg að agentar brunabótafélaganna gjöri sér ekki far um, að aðgæta, hvort þau hús, sem vátrygð eru hjá þeim, séu í því ástandi, sem í pólísunum er að skilyrði sett, og að vátryggingin sé því lítið meir en á pappírunum.

Eg vil því óska, að inn í frv. þetta kæmi breyt. á 7. gr. veðdeildarlaganna í þá átt, að jarðarhús sé undanskilin vátryggingu nema timburhús sé; þau álít eg að eigi að vera vátrygð gegn eldsvoða hvort sem er.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhljóða atkv.

Önnur umr., 16. ágúst (C bls. 609, brtill. bls. 620, 653).

Framsögumaður (*Þórður J Thoroddsen*): Það er komin fram breyt.till. á þskj. 501, sem gengur nokkuð lengra en frv. nefndarinnar, og verð eg að lýsa því yfir, að nefndin leggur á móti, að breyt.till. þessi sé samþykt, og það af þeim ástæðum, að henni er umhugað um að sem flestir jarðeigendur öðlist kost á að skrifa sig fyrir hlutum í hlutafélagsbankanum, með því að gefa út skuldabréf gegn 1. veðrétti í jörðum sínum, samkvæmt því sem ákveðið er í hlutafélagsbankafrumv., og að þeir þó þrátt fyrir þetta veðband geti fengið peningalán út á jarðir sínar í veðdeildinni. Nefndin er hrædd um, að það verði frv. til falls, að breyt.till. sé samþykt Afleiðing þess, að breyt.till. sé samþykt, yrði sú, að trygging sú sem nú er fyrir veðdeildarbréfunum, mundi rýrna, því að eins og veðdeildarlögin eru nú, má lána út á jarðir með þeim kostum, að húsin á jörðinni séu dregin frá virðingarverði hennar, og svo sé lánað út á alt að helmingi þess virðingarverðs, sem þá er eftir, og út á húseignir lánar veðdeildin því að eins, að þær séu vátrygðar; en nú vill breyt.till gera þá breyting á þessu, að með jörðinni skuli talin venjuleg jarðarhús og lánað út á hvort tveggja, jörðina og húsin, og að hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum megi taka gild í veð fyrir veðdeildarlánum, ef þeim fylgir lóð eða lóðarréttur, er bankastjórnin telur óhultan og fullnægjandi. Eg geri ráð fyrir, að í sjálfu sér væri það óhætt, að stofna veðdeild á þennan hátt; en af því að hún nú var stofnuð á hinn veginn, yrði það svo,

að í augum margra mundu veðdeildarbréfin rýrna í gildi, og þar af leiðandi falla í verði og gerast óútgengilegri, ef breyt.till. yrði samþykt. Nefndin þykist þess viss, að hin litlu bankabönd, sem gert er ráð fyrir að leggja megi á jarðir, að eins 20% af virðingarverðinu, mundi fremur verða til að hækka jarðirnar í verði en lækka. Af sömu ástæðu, sem nefndin vill að breyt.till á þgskj. 501 sé feld, leggur hún til að breyt.till. á þgskj. 463 sé samþykt.

Pétur Jónsson: Það kemur margt undarlegt fyrir í þessum heimi. Háttv. sessunautur minn, sem einatt spjallar við mig í einrúmi, mælir nú á móti sumum breyt.till. mínum, þótt þær séu samdar með hans aðstoð og í samráði við hann; sérstaklega á þetta við þá brtill., sem hann nú telur vera mesta gallagripinn. Eg gat þess við 1. umr. máls þessa, að mér fyndust ákvæðin í 7. gr. veðdeildarlaganna næsta óhagkvæm og eg hef þar ekki að eins við að styðjast mína eigin skoðun, heldur get eg líka borið fyrir mig orð bankastjórnarinnar sjálfrar um þetta; eg hefi bæði talað við hana alla í heild sinni og hvern einstakan úr henni um þetta, og hefir skoðun þessi komið í ljós hjá þeim öllum; hún hefir sagt, að vátryggingarákvæðin að því er snerti hús, sem undirorpin væru jafnlítilli brunahættu og fénaðarhús vor, legðu að óþörfu skatt á lántakendur; þetta fanst mér svo þýðingarmikið atriði, að vert væri að kippa því þegar í lag. Að vísu lagði eg ekki út í það, að fara að semja sérstakt frv. í þessa átt, en þegar frv. það, sem hér liggur fyrir, kom fram, þótti mér rétt, að nota tækifærið til að fá lagaða galla þá á veðdeildarlögunum, sem eg þykist sjá, að á þeim séu.

Það getur hugsast, að breyt.till. mín rýri gildi jarðarveðanna í augum einhverra þeirra, sem bankavaxtabréf eiga; en ólíklegt er það; því að í fyrsta lagi er svo hverfandi lítill hluti veðanna fólginn í vátryggingu þessari; í öðru lagi má skjóta því að eigendum bankavaxtabréfanna, hve sáralítil trygging sé í þeim vátryggingum, sem hér er um að ræða á jarðarhúsum víðsvegar um land, þar sem ekkert eftirlit er með því, að beitt sé brunabótaskilyrðum.

Í þriðja lagi munu bankavaxtabréfaeigendurnir telja aðaltrygginguna fólgna í ábyrgð landssjóðsins, og því ekki leggja svo mikla áherzlu á, hvort hústryggingin er hóti ríkari eða rýrari.

Eg verð að játa það, að eg er einfaldur maður í samanburði við háttv. sessunaut minn (Þ. J. Th.), og því lét eg hann tæla mig til að koma með þessi ákvæði um lóðarréttinn, sem nú er orðin að þyrni í augum hans.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg vona, að háttv. þingm. (P. J.) vari sig á mér eftirleiðis; en eg vona líka, að hann kannist við það, að eg taldi í ræðu minni veðdeildarbréfin í sjálfu sér geta verið fulltrygð, þótt ákvæði br.till. kæmist að, en eg benti líka á það, að munur væri á, hvort þau væru látin ná til veðdeildarbréfa, sem þegar hefðu verið gefin út, eða til nýrra bréfa, sem gefin yrðu út, eftir að ákvæði br.till. væru komin í gildi. Eg skal gera háttv. þingm. til geðs, að kannast við, að hann hafi sýnt mér br.till. áður en hún kom fram í deildinni, og eg kannast við það, að eg hjálpaði honum til að koma henni í stílinn; en eg þykist ekki hafa táldregið hann, þótt eg hafi gert þetta, og þótt eg hafi kannast við, að í sjálfu sér væri hún hugsunarrétt, því að eg hefi aldrei verið á því, að hún ætti nú að komast að, heldur ætti að geyma að koma breytingunum á, þangað til

ný seria af bankavaxtabréfum væri gefin út. Og eg stend við það, að eg álít, að trygging veðdeildarinnar rýrni þó nokkuð, komist hún á; hitt er annað mál, hvort hún í sjálfu sér er ekki fullnægjandi eftir sem áður.

Eftir yfirlýsing háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.) eru líkindi til, að veðdeildarbréfin verði útgenginfyrir næsta reglulegt þing, og þá liggur fyrir að gefa út ný veðdeildarbréf, og þá skal eg verða fús á að flytja br.till. með háttv. þingm. (P. J.), er færi í sömu átt og br.till. hans nú. En eg vil ekki, að br.till. komist nú að, og verði máske málinu að falli.

Eg þykist nú hafa gert hreint fyrir mínum dyrum, og vona, að háttv. þm. (P. J.) vari sig eftirleiðis á mínum tillögum, eins og eg fyrir mitt leyti mun varast að gefa honum bendingar, nema þær komi opinberlega fram.

Pétur Jónsson: Eg gleymdi að taka það fram áðan, að eg get búist við, að það muni verða eins hættulegt í augum sumra, sem bankavaxtabréf eiga, að veðdeildin láni út á annan veðrétt, eins og það, sem eg fer fram á. Það hefir verið svo í landsbankanum, að hann hefir síður viljað lána út á part úr veði en veðheild. Komist það í kring, að hlutafélagsbankinn komist á og taki veðdeildina að sér, þá er að vísu minna athugavert við þetta, því það má gera ráð fyrir, að sú stofnun muni gera það sem hún getur til að tryggja alt sem bezt; en ekki er örgrant um, að sumir kunni þó að verða hræddir við að kaupa bankavaxtabréf hennar, og því er eg viss um, að þessi 2. veðréttartrygging verður engu síður fráfælandi, heldur en ákvæði þau, er br.till. min inniheldur. Það er ef til vill sjálfum mér að kenna, þessi ótti háttv. 1. þingm. Gb. og Kj. (Þ. Th.) við ákvæði br.till. minnar. Eg fór til eins hyggins og varfærs manns hér í bæ, manns, sem vegna stöðu sinnar stendur vel að vígi með að dæma rétt um málið, og bar br.till. undir hann, og kvað hann þessa hættu á rýrnun gildis bankavaxtabréfanna mögulega; en annar maður, sem líkt stendur að vígi með að dæma um málið, og eg einnig bar það undir, taldi það hégóma einn, að br.till. gæti haft nokkur áhrif á tryggleik bréfanna, því hér væri um svo hverfandi lítinn tryggingarmun að ræða. Eg skýrði háttv. þingm. (Þ. Th.) frá skoðunum þessara manna, og er mér ekki grunlaust um, að það hafi opnað augu hans fyrir hinni miklu hættu, er hann nú hefir að ástæðu móti br.till.

ATKVGR.: Br.till. 501 við 1. gr. feld með 11 : 9 atkv. Br.till. 501 2—3 þar með fallnar. Br.till. 463 samþ. með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundsson,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	B. Bjarnarson, Bf.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Jóhannesson,	Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatanss.,	Lárus Bjarnason,
Magnús Torfason,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
St. Stefánss., Skgf.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

1. gr. frumv. breytt samþ. með 14 atk. 2. gr. frv. óbreytt samþ. með 13 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr 19. ágúst (C. bls. 661, 689, 694).

Pétur Jónsson: Eg hefi komið með br.till við frumv. þetta á þingskj. 547, en sökum þess, að sú br.till er ekki að öllu leyti fullnægjandi, hefi eg aftur komið með br.till. við þá br.till. á þgsk. 555, sem nú er verið að útbýta meðal b. þingd.m. Mér skildist svo á mönnum við 2. umr. málsins, að þeim væri drumbs um br.till., sem eg kom þá með, svipaðs efnis, en hún styðst við reynslu mína á því, að erfitt er fyrir menn að fá nægilegt lán út á jarðeignir í veðdeildinni; eg hefi töluvert fengist við að útvega slík lán. Veðdeildarlagaákvæðin um vátrygging jarðarhúsa gera það að verkum, að vátryggingin verður talsverður skattur fyrir menn, sem þeir hafa ef til vill engin önnur not af en þau, að geta öðlast lítið eitt hærra lán út á jarðarhúsin.

Aðalatriðið fyrir mér með br.till. minni er þó það, að mér virðist skilningur sá, sem lagður er í 7. gr. veðdeildarlaganna, mjög viðsjárverður fyrir virðingargjörðir á jörðum, og verð eg því að leggja áherzlu á, að við virðingu jarðar þurfi ekki að gera mun á sjálfri jörðunni og húsum þeim, sem á henni standa.

Eg ímynda mér, að eg þurfi ekki að útskýra það frekara en eg gerði við 2. umr., hversu örðugt það verður fyrir virðingarmennina, að virða jörðina án húsa og húsin án jarðarinnar. Eigi að virða húsin án jarðarinnar, verða þau ekki metin nema til rifs og burtflutnings. Þetta gerir það að verkum, að menn virða jarðir öldungis af handahófi. Stundum hafa menn gert jarðeignina að engu, stundum hafa menn aftur haldið, að eigandinn mundi fá lítið lán út á hana með slíku mati, og virt svo jörðina sjálfa fyrir meiri hlutanum af heildarupphæð jarðarinnar eitthvað af handahófi og látið svo afganginn lenda á húsunum. Þannig verður þetta vanalega handahófsvirðing, sem ýmist er of há og ýmist of lág. Mér virðist það vera hægast að gera sér grein fyrir því, hvað jörðin kostar að leiguhúsum meðtöldum, með því að miða við afgjald hennar og söluverð, jafnvel þó það komi ekki til greina, hvers virði hún mundi vera án húsanna.

Eg hefi borið breyt.till. mínar undir lögfróða menn, og hygg að þær verði til bóta, ef þær yrðu samþyktar. Skal eg geta þess, að eg hefi reynt til þess, að stranda ekki á neinu skeri, og því þrætt 7. gr. veðdeildarlaganna sem eg gat, til þess þó að fá þá breytingu ljósa, sem eg nú hefi gert grein fyrir.

Vil eg svo að endingu mæla með því, að frumv. og breyt.till. mínar verði samþyktar.

Tryggvi Gunnarsson: Eg held, að það verði til lítilla bóta, þó þetta frumv. fái að ganga fram, því að það kemur naumast fyr til framkvæmda en svo, að þá verður búið að selja mestan hluta veðdeildarbréfanna. Því þó 100 þús. kr. verði þá eftir, er óviðkunnanlegt, að lána út á $^1/_{12}$ þeirra með öðrum skilyrðum en öll hin. Eg álít því rétt, að láta þetta frumv. ekki komast lengra; enda mundi það verða óheppilegt, að breyta tryggingu bankavaxtabréfanna, þegar búið er að selja þau. Eg álít slíkt ísjárvert; því færi þingið nú að breyta grundvellinum fyrir tryggingu veðbréfanna og rýra hann, mætti óttast fyrir, að menn yrðu hræddir við þau, og þau lækkuðu þar af leiðandi í verði. — Það ætti að vera regla þingsins, að breyta sem minst gildandi lögum, nema brýna nauðsyn beri til, og vona eg því, að h. þm. sjái, að það borgar sig ekki

að breyta til með skilyrðin fyrir útlánum á þeirri litlu upphæð veðdeildarbréfanna, sem enn er óseld, enda mundi það verða til skaða, þar sem tryggingin fyrir þeim yrði minni. Ætti því frumv. þetta ekki að verða samþ. Verði aftur á móti ófáanlegt, að frumv. verði felt, skal eg geta þess, að eg mundi skoða breytingartillögu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) til bóta, ef hún hefði komið strax inn í lögin, en síðari till. hans álít eg þó að sé fremtil skaða en gagns. Það hefir stundum komið óheppilega fyrir við jarðarvirðingar, þegar húsin hafa verið virt sér. Jörðin með húsunum er t. d. virt á 2000 kr. og hús jarðarinnar 800 kr. af þeirri upphæð. Verður þá að eins lánað út á 1200 kr., svo lánsupphæðin nemur eigi meira en 600 kr. Eg álít því rétt, að svo framarlega sem frumv. er samþ., þá sé líka samþ. fyrri breyt.till., því hún gæti orðið til bóta, en eg álít þó, að hvorki frumv. né breyt.till. geti nú orðið að notum, þar sem búið er að selja mestan hluta veðbréfanna.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg verð fyrir nefndarinnar hönd að lýsa yfir því, að hún getur hvorki fallist á breyt.till. á þgskj. 547, né á 555, og er það að nokkuru leyti af sömu ástæðum og háttv. þm. Rvk (Tr. G.), að hún vill ekki rýra tryggingu veðbréfa þeirra um of, sem búið er að gefa út. Eg skal játa, að með því áákvæði, að lána megi með 2. veðrétti, rýrist dálítið trygging veðbréfanna; en eftir því sem háttv. þm. Rvk (Tr. G.) hefir upplýst, verður búið að lána mestan hluta veðdeildarinnar, þegar lögin koma í gildi, og að eins tiltölulega mjög lítill hluti verður eftir. Ákvæði frumv. hafa því mjög litla rýrnun á tryggingu veðbréfanna í för með sér; en komist nú önnur, ný ákvæði í gildi, að rýra þessa tryggingu enn meir, eins og gert er ráð fyrir í breyt.till. á þgskj. 547, má gera ráð fyrir, að það kynni að hafa ill áhrif á sölu veðbréfanna. — Nefndin vill því ekki fara lengra að svo stöddu í að rýra tryggingina en farið er fram á í frumv., og mælir fastlega á móti því, að fleiri ákvæði sé tekin inn í það; enda væri ekki svo lítil rýrnun á tryggingunni, með því að lána út á helming af virðingarverði jarðarhúsanna fram yfir það, sem áður hefir verið gert.

Í sjálfu sér álít eg reyndar ákvæði það, sem fólgið er í breyt.till., nægja tryggingu fyrir veðbréfunum, og þegar ný »sería« af veðdeildarbréfum verður gefin út, sem eg ímynda mér að verði nauðsynlegt á næsta þingi, mætti taka þetta ákvæði til greina; og þá skal eg verða fyrsti maðurinn til að reyna að breyta veðdeildarlögunum í þessa átt.

Það sem oss ríður mest á nú sem stendur, er að fá markað fyrir veðdeildarbréfin í útlöndum; en væri nú farið að gjöra mikinn glundroða á lögunum og rýra tryggingina, gæti það orðið til þess, að veðdeildarbréfin féllu í verði; því þegar útlendingar, sem ekki þekkja neitt til hér, fréttu, að lögunum hefði verið breytt, og trygging veðdeildarbréfanna rýrð, gætu þeir fengið ranga hugmynd um breytinguna, og mundu þá ekki vilja kaupa veðbréfin með sama verði og áður.

Pétur Jónsson: Mér virðist háttv. framsm. (Þ. J. Th.) líta nokkuð einhliða á þetta mál. Hann lagði aðaláherzluna á það, að breyt.till. mín kæmi í bága við trygging veðdeildarbréfanna. Eg get ekki álitið, að nein hætta muni stafa af því, þó þessi breyt.till. mín yrði samþ., og álít, að ákvæði frumv. um að lána megi alls út á $^{3}/_{5}$ fasteignarinnar mundi miklu fremur verða frv. að falli en þótt breyt.till. mín yrði samþykt; því eg ímynda mér, að hún

mundi ekki hafa mikil áhrif á tryggingu veðdeildarbréfanna, þegar tekið er tillit til, hve mikil ábyrgð er fyrir þeim að öðru leyti.

Eg verð jafnframt að benda á, hve mikla þýðingu það hefir fyrir verð jarðeigna hér á landi, að fyrirkomulagið á veðlánunum sé bætt; því eg er sannfærður um, að fyrirkomulag veðdeildarlánanna, eins og það er í framkvæmd, hlýtur að hafa það í för með sér, að jarðeignir taka að falla í verði, sem áður voru í »Kurs«. Eg þekki vel til, hvernig ástatt er í Þingeyjarsýslu í þessu efni. Þar eru að tiltölu allmargir sjálfseignarbændur, en margir þeirra hafa þurft að fá lán út á jarðeignir sínar. Fyrst framan af gat landssjóður lánað allmörgum gegn jarðarveði og fóru þá jarðirnar að hækka í verði. Þar næst var Landsbankinn stofnaður og veitti hann lán út á fasteignir með heldur þægilegum lánskjörum. Hækkuðu þá jarðir enn í verði og gengu kaupum og sölum með svo háu verði, að afgjaldsrenturnar urðu ekki nema 4—5% af jarðarverðinu. — Þannig hefir það verið í Þingeyjarsýslu, og æði-víða annarsstaðar á Norðurlandi. Aftur á móti þekki eg ekki, hvernig þessu er varið á Suðurlandi. Nú er það sýnilegt, að ef ekki er hægt að fá lán nema út á 1/3 af verði jarðanna, þá hljóta jarðir að falla í verði, þar sem Landsbankinn hefir áður veitt lán út á helming verðs. Menn hljóta að taka eftir því, að lánskjörin eru verri í veðdeildinni en þau voru áður við Landsbankann, og það hlýtur að hafa þau áhrif, að jarðirnar lækka í verði. Fyrir þessu er komin fram nokkur reynsla strax. En það er sýnilegt, að lækkun á verði jarðeigna hefir afarmikla þýðingu fyrir alt landið og hina fyrirhuguðu bankastofnun. Og færi nú svo, að jarðeignir féllu, þá sé eg ekki, til hvers á að koma upp stærri banka. Það er hægt með slæmu veðlánafyrirkomulagi, að lækka allar jarðeignir á Íslandi svo í verði, að þær verði ekki nema í hálfvirði móti því, sem nú er, þar sem menn eru farnir svo mjög að taka veðlán út á fasteignir. Á hinn bóginn er hægt að hækka jarðir í verði með góðu bankafyrirkomulagi, og það hlýtur að vera tilgangur hvers almennilegs veðlánabanka.

Þannig hygg eg að það sé tilgangur veðdeildarlaganna, að hækka heldur jarðeignir í verði en lækka þær, og því muni vera töluverð bót í breyt.till. minni, og sé hún tekin til greina, þá muni það ekki vera lagafyrirmælunum að kenna, sé ekki hægt að fá lán út á helming jarðeignanna.

Lárus H. Bjarnason: Það er nú eiginlega ekki til annars, sem eg stend upp, heldur en til að endurtaka það, sem eg sagði við 2. umr. þessa máls; eg held að það sé ekki vanþörf á því. Bæði frumv. og breyt.till. miða að því, að veðdeildin megi ekki að eins lána gegn fyrsta veðrétti og út á 3/5 virðingarverðs. En þess er ekki getið í frumv. né í breyt.till., hvort þetta á að ná til þeirra vaxtabréfa, sem þegar eru út gefin, eða að eins til þeirra, sem kunna að verða út gefin. Það má ekki ná til þeirra vaxtabréfa, sem þegar eru útgefin; það stendur prentað á bréfunum sjálfum, að það sé að eins lánað út á fyrsta veðrétt og alt að helmingi virðingarverðs. Það er segin saga, að þau mundu verða sama sem ónýtgengileg; það mundi enginn vilja kaupa þau. Hins vegar álít eg, að það eigi ekki að ná til þeirra bankavaxtabréfa, sem kunna að verða út gefin; en eg skal játa það, að það mætti þó fremur vera.

Eg vil alls ekki amast við því, að

þetta frumv. gangi fram, ef sú yrði breyting á gjörð; að þessi heimild skuli ekki ná til þeirra bréfa, sem þegar eru út gefin. Ef það yrði gjört, þá gæti eg orðið með frumv. Eg vil því skjóta til háttv. framsm., hvort hann vill ekki taka málið út af dagskrá og laga það.

Guðlaugur Guðmundsson: Það voru að eins stuttar athugasemdir, sem eg vildi taka fram. Það er gagnvart br.-till. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og gagnvart háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), því sem þeir hafa tekið fram um frumv. Eg verð að segja það, að það er talsverður munur á því, hvort tryggingin fyrir veðdeildarbréfunum er orðuð á þann hátt, að það er veitt heimild til að lána gegn $^3/_5$, ef »Bankhæftelse« hvílir á 1. veðrétti, ellegar tryggingunni er breytt með því, að taka upp í hana ný veð. Það er ákaflega ólíkt, þegar maður miðar við útlenda markaðinn. Það er vel aðgætandi, að »Bankhæftelse« er vel þekt á útlendum peningamarkaði; þar vita menn glögglega, hvers konar band það er, og við þess konar veðbönd eru menn alls ekki hræddir, vegna þess, að þess háttar veðsetningar eru að eins fyrir örlitlum hluta af andvirði eignarinnar; og í annan stað vegna þess, að þau veðbönd eru óuppsegjanleg; og í þriðja stað vegna þess, að það er það opinbera, sem ábyrgist vaxtagreiðslu af þessum óuppsegjanlegu bankalánum. Þess vegna er þar svo litið á, sem þessi veðréttur rýri ekki að nokkuru leyti gildi eignarinnar fram yfir þá peningaupphæð, sem veðbandið er beinlínis fyrir. Eg get þess vegna vel ímyndað mér það, að þess konar veðbönd mundu í augum útlendra manna alls ekki vera neitt voðaleg, og þegar sérstaklega er líka tekið tillit til þess, að hækkunin á þeirri upphæð, sem leyfilegt er að veðbinda í veðdeildinni, að viðbættum veðböndum bankans,— það nemur ekki fyllilega því, sem veðbönd bankans eru heimiluð fyrir, sem sé 20%. Eg get þess vegna ekki séð, að það geti orðið neitt voðalegt í augum útlendra peningamanna. — En aftur á móti að bæta inn í það ákvæði, að það megi veðsetja jarðarhús með eignunum, það getur einmitt í augum útlendinga, sem alls ekki þekkja, hvernig jarðarhúsum er háttað, það getur — jafnvel þó það sé ekki í raun og veru — í þeirra augum rýrt trygginguna fyrir veðdeildarbréfunum. Þó það þess vegna í sjálfri sér kynni ekki að vera svo mikið á móti því, að aðhyllast breyt.till. h. þm., þá er það einmitt vegna útlenda markaðarins hættulegt að mínu áliti, jafnvel þó veðtryggingin sé ekki í sjálfu sér að verulegum mun rýrð. En h. þm. tók annað fram í ræðu sinni, sem eg fyrir mitt leyti var steinhissa á, sem er þveröfugt við reynslu allra manna um víða veröld, sem sé það, að fasteignir féllu í verði við það, að á 1. veðrétt fengist kapital, sem hlutaðeigandi ekki þyrfti að óttast að honum yrði sagt upp til útborgunar, en sem gæti staðið um 30 til 40 ár gegn vaxtagreiðslu og afborgunum. Það er nú reynsla um alla veröld, að allar fasteignir seljast því betur, því rólegra kapital sem á þeim stendur. Það er setning, sem eg ætla ekki að trúa að reynist öðru vísi á Norðurlandi heldur en annarsstaðar í veröldinni. Í öllu falli get eg sagt það, að reynsla háttv. þm., ef hún er þannig, er gagnstæð þeirri reynslu, sem er hér á Suðurlandi og alstaðar annarsstaðar í veröldinni, þar sem eg þekki til. Hann hefði eins vel getað talið mér trú um, að vatnið rynni upp á móti í Vindbelgsfjalli, eins og að þetta sé rétt. Enda er þetta svo skiljanlegt. Ef eg þarf að kaupa fasteign, sem kostar 10,000 kr., og eg hefi

ekki í höndum nema 5,000 kr., þá vil eg svo miklu fremur kaupa jarðeign, sem á stendur 5,000 kr. veðdeildarfé um 30—40 ár, heldur en taka 5000 kr. lán hjá seljanda, sem eg þarf að borga honum ef til vill á fáum árum. (*Pétur Jónsson*: Háttv. þm. hefir misskilið orð mín). Eg vona að eg hafi misskilið h. þm. En eftir því sem eg heyrði orð hans, gat eg ekki skilið þau öðru vísi. Mér fanst hann segja, að veðdeildarlánin hefðu gjört það að verkum, að eignir hefðu fallið í verði.

Eg hefi í rauninni ekki öðru við þetta að bæta, en álít í sjálfu sér enga hættu að samþykkja þessa hækkun upp í $^3/_5$ virðingarverðs. Vil eg ráða h. deild til að fella breyt.till., en samþykkja frumv. — Það er þá ekki hundrað í hættunni. Ef stjórnin álítur, að þetta muni rýra álit manna á verðbréfunum í útlöndum, þá er ekki önnur afleiðingin en sú, að hún synjar frumv. staðfestingar. Eg ímynda mér, að hún leiti álits bankastjórnarinnar hér og bankafróðra manna erlendis. Ef þeir bankafróðu menn komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé engin hætta á ferð um, þá samþykkir hún frumv. En komist hún að þeirri niðurstöðu, að þetta spilli fyrir, þá verður frumv. ekki sþ.

Lárus H. Bjarnason: Eg sé það, að eg og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) getum orðið samdóma að nokkuru leyti. Eg geng inn á það, að veðdeildin framvegis láni út á 2. veðrétt og $^3/_4$ virðingarverðs; en við hitt get eg ómögulega felt mig, að það nái til þeirra veðbréfa, sem þegar hafa verið gefin út; það væri að kippa þeirri tryggingu undan veðbréfunum, sem í þeim er ákveðin. Það er alls ekki svo lítill munur á þessu. Eg skal taka til dæmis jörð, sem er 400 kr. virði. Hlutaðeigandi maður fer í hlutafélagsbankann, kaupir hlutabréf, og fær 20% eða 80 kr. Svo fer hann til veðdeildarinnar og fær þar $^3/_5$ virðingarverðs eða 240 kr. (*Þórður J. Thoroddsen*: Misskilningur.) eða að minsta kosti 160 kr. Eftir núgildandi lögum mundi hann ekki geta fengið út á hana nema 200 kr. eða 120 kr. minna.

Að minsta kosti þarf, ef þetta frv. verður að lögum, að auglýsa út um víða veröld, að nú megi lána út á 2. veðrétt og $^3/_5$ virðingarverðs, svo að kaupendur hrekkist ekki; eins þarf að prenta upp bankavaxtabréfin. Mér finst við getum ómögulega verið þektir að því, að fylgja ráðum h. þm. V. Sk. (Guðl. G.), að okkur sé óhætt að gera svo mikil axarsköft, sem við viljum; stjórnin geti neitað lögunum, ef þau séu vansmíðuð. Við megum ómögulega hugga okkur við það, að við höfum stjórnina fyrir bakhjarl, heldur eigum við að gjöra lögin svo vel úr garði, sem við frekast megum. Það var af velvild til frumv., að eg benti h. framsm. á að taka málið út af dagskrá. Ef hann að eins vildi bæta inn í setningu um það, að lögin nái að eins til þeirra bréfa, sem verða gefin út hér eftir, þá get eg vel gengið inn á frumv., en ómögulega eins og það er nú.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): H. þingm. Snæf. (L. H. B.) hefir svolítið misskilið ákvæði frumv. Hann tók dæmi, að maður ætti 400 kr. jörð, og reiknaði, að hann gæti fengið út á hana alls 320 kr., 240 kr. í veðdeildinni og 80 kr. í bankanum. En þetta er misskilningur. Það stendur í frumv. með berum orðum, að lánið megi aldrei fara upp úr $^3/_5$ virðingarverðs; $^3/_5$ af 400 kr. eru 240 kr., og það sem hann þá getur fengið, það eru 240 kr. + þeim 20%, sem að hann hefir áður fengið í bankanum. (*Lárus H. Bjarnason*: Það yrði 40 króna munur). Það er $^1/_{10}$, sem það hækkaði um, og það

álít eg svo lítið, að það ætti alls ekkert að gjöra til.

Eg sé ekki ástæðu til að biðja um, að taka málið út af dagskrá, til þess að gjöra breytingu á frumv. í þá átt, sem háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) fer fram á; því eg þykist sannfærður um, að stjórnin, þó að hér sé talað um 2. veðrétt, muni ekki líta svo á, að þetta sé 2. veðréttur, því strangt tekið er það 1. veðréttur. Það er eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram, alment í útlöndum, og menn munu ekkert verða hræddir við það.

Annað er það, að bankastjórnin er ekki skyldug til að lána $^3/_5$ virðingarverðs. Hún má eftir veðdeildarlögunum núna ekki lána nema helming, en hún er ekki skyldug til, að lána helming; hún getur lánað minna, eftir því hvernig hún lítur á jörðina, hvort hún er í framför eða ekki, og hvar hún liggur; eins getur orðið með þetta, að hún lánaði ekki nema helming, þó að hún hafi leyfi til að lána $^3/_5$. Eg sé heldur ekki, að þessi trygging, sem er dálítið rýrð, geti náð til þeirra bankavaxtabréfa, sem þegar er búið að gefa út, af því, að það eru prentuð á þau útlánsskilyrðin, og það er náttúrlega ekki hægt að taka þau inn og prenta þau aftur, svo að strangt tekið getur það ekki felt nema þau verðbréf, sem gefin eru út eftir að lögin eru staðfest.

Eg mæli því móti breyt.till. og vona, að frumv. verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.: Br.till. við br.till. 555. 1. samþ með 11 : 3 atkv. Breyt.till. við breyt.till. 547 feld með 11 : 8 atkv. Breyt.till. við breyt.till. 555 2 a., þar með fallin. Br.till. við br.till. 555 2 b., þar með fallin. Breyt.till. við breyt.till. 355 2. c. þar með fallin.

Frumv. alt með áorðinni breytingu samþ. með 12 : 4 atkv., og afgreitt til efri deildar.

Ein umr., 26. ágúst (C bls. 827).

[Þórður J. Thoroddsen talaði fyrstur, sem framsögum.; en í handritinu frá þinginu er eyða fyrir ræðu hans og skrifað á spássíuna með blýant, að hlutaðeigandi þingskrifari hafi týnt uppkastinu að henni. — *Ritstj.*].

Skúli Thoroddsen: Áður en mál þetta fer út úr þingingu, skal eg lýsa óánægju minni við háttv. Ed. út af því, að hún hefir ákveðið svo í frumv., að ekki megi lána meira en helming virðingarverðs út á fasteignir í veðdeildinni.

Eg álít þessa stefnu alveg ranga: að pressa niður verð fasteigna og festa þær svo í veðdeildinni um lengri tíma. Þegar lánið er veitt um lengri tíma, 40 ár, með litlum afborgunum, er engin hætta á, að ganga þurfi að veðinu, og sýnist því óhætt að binda sig ekki við $^1/_2$ virðingarverðs, heldur lána út á $^3/_5$ hluti þess. Og þess mun varla langt að bíða, að áskoranir komi fram til þess, að laga betur peningahag landsins. Og þá verður fyrsta krafan sú, að lækka ekki verð á eignum landsmanna, fá löng lán með viðunanlegum kjörum.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Bankamál V.

FRUMVARP til laga um sparisjóð í Reykjavík (C bls. 608—609); 1. umr., 14. ágúst.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Það má að nokkru leyti segja um þetta frumv. eins og hið fyrra, að það sé fylgiskjal við hlutafélagsbankann. Meiri hluti nefndarinnar í bankamálinu varð að álíta sjálfsagt, ef hlutafélagsbankinn væri samþyktur, að skilja ætti sparisjóð Reykjavíkur frá honum.

þetta frumv. hefir því í sér fólgin ákvæði um skipulag sparisjóðsins og stjórn hans, svo og um það, hve mikinn varasjóð hann skuli hafa.

Eg sé svo ekki ástæðu til, að orðlengja þetta í þetta sinn, en mun betur gera grein fyrir hugsun nefndarinnar við 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Önnur umr., 16. ágúst (C bls. 608—609; breyt.till. bls. 620).

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eins og háttv. þingdeild mun kunnugt, er sparisjóðsdeild Landsbankans mynduð úr »Sparisjóði Reykjavíkur«. Þess vegna höfum við komið með þá tillögu, að þegar sparisjóðsféð verði skilið frá Landsbankanum eða hlutafé Lagsbankanum, fái sparisjóðurinn aftur sitt upprunalega nafn. Nefndin tók engin sérstök ákvæði í frumvarpið um, hvernig stjórn skyldi skipa, en fól hæstv. landshöfðingja, að sjá fyrir um skipun alla í samráði við sparisjóðsstjórnina. Nefndin hefir áður komið með breytingartill. um, að bæjarstjórnin velji annan gæzlumanninn, amtsráðið hinn. Sjóður þessi er aðallega fyrir Reykjavík og Suðuramtið og því eðlilegt, að svo verði skipað. Nefndin var í efa um, hvort nokkra ábyrgð skyldi setja eða ekki. I upphafi mun hann hafa verið á ábyrgð einstakra manna, en skilaði sér svo til Landsbankans, ásamt varasjóði, 36,000 krónum. En ákveðið var, að varasjóði skyldi verja til nauðsynlegra fyrirtækja. En nú er varasjóðnr 13 þúsund kr. Það verður að álítast nægilegur varasjóður fyrir sparisjóð, að taka 5—6 % af innstæðu fé hans. Skili bankinn 40 þúsund. kr. verða það rúm 50 þús. kr., þegar varasjóður, 13,000 kr., er lagður við.

Eg eða nefndin álít, að réttara sé að skamta hverjum sitt, en að láta landssjóð bera ábyrgðina. Sumir hafa álitið, að rétt væri að afhenda féð þeim af hinum upprunalegu stofnendum sparisjóðsins, sem nú lifa; en þeir verða að álítast hafa afsalað öllum rétti sínum, þar sem bankinn tók við sparisjóðnum 1885 með sparisjóðskjörum, og kemur því fé þetta Landsbankanum einum við. Eg hef því ekkert frekara að athuga við þetta.

Lárus H. Bjarnason: Þessu frumv. get eg með engu móti gefið atkvæði mitt. Gengi frumv. fram, gripi löggjöfin fram í mál, sem henni ekkert kemur við Sparisjóður er privat-fyrirtæki; þeir sem eiga hann, eiga ráð á sínu fé; hann er afhentur Landsbankanum með samningi og getur löggjöfin því hvorki skilið hann frá bankanum né sett honum stjórn. Það mætti alveg eins skipa mér, að afhenda einhverjum mitt fé.

Tryggvi Gunnarsson: Það sést ekki á frumv., hvort það stendur í sambandi við frumv. það, sem samþykt var hér í deildinni í gær, eða hvort það á eins að ganga fram, þó Landsbankinn haldi áfram. Hér stendur blátt áfram, að sparisjóðurinn skuli skilinn frá Landsbankanum. Eg held, að sá aðskilnaður sé alls enginn hagur fyrir sparisjóðinn; nei, því fer fjarri! — Það yrði kostnaðarmeira, og hætt er við, að ýmsir álitu minni tryggingu fyrir honum þá en meðan hann er samfeldur Landsbankanum.

Í frumv. vantar líka, að ákveða laun handa stjórn sparisjóðsins; og í frumv. stendur að eins: »Stjórn sjóðsins skipar landshöfðingi« o. s. frv. En á laun er ekki minst einu orði.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg er ekki samdóma háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að löggjöfin hafi ekki fullan rétt til að ákveða slík lög. — Um privat-eign er ekki að tala hér,

nema eign þeirra, sem lagt hafa inn í sparisjóðinn. Þeir geta ekki um það sagt, hvort sparisjóðurinn er sérstök stofnun eða í samsteypu við Landsbankann. Það var ekki hægt að hlaupa til allra, þegar honum var steypt saman við bankann. (*Lárus H. Bjarnason*: Stjórnin »organ«!). Já, en stjórnin getur líka tekið fé út. Ræða hins háttv. þingm. Snæf. (L. H B.) hafði ekki við nein sérleg rök að styðjast; hún var bara stingur af einu af þeim mörgu hornum, sem hann hefir otað í þessu máli.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Rvík (Tr. G.) sagði fyrst í ræðu sinni, skal eg geta þess, að eg tók það fram við 1. umr., að þetta mál væri fylgifiskur við lögin um stofnun hlutafélagsbanka. Synji stjórnin þeim lögum staðfestingar, synjar hún þessum að sjálfsögðu líka; eg treysti háttv. þm. Rvík (Tr. G.) vel til þess, að hnippa í stjórnina og segja vilja þingsins.

Hann vildi hafa skýrari ákvæði um laun stjórnar sparisjóðsins; en í 3. gr. stendur, að landshöfðingja skuli falið alt nánara fyrirkomulag sjóðsins í samráði við sparisjóðsstjórnina.

Við þóttumst ekki hafa rétt til þess, úr því við settum þetta undir yfirráð landshöfðingja, bæjarstjórnar Reykjavíkur og amtsráðs Suðuramtsins; þingið hafði því ekki vald til að ákveða um þetta. Sjóðurinn getur líka minkað, orðið 200 þús. kr. í stað 1200 þús kr., og verða launin því að ákveðast eftir atvikum.

Hannes Þorsteinsson: Út af ræðum háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) og háttv. framsm. vildi eg leyfa mér að gera fyrirspurn til hins hæstv. landsh., hvort löggjöfin hefði heimild til þessarar skiftingar?

Landshöfðingi: Eg get ekki svarað fyrirspurn háttv. þingm., því eg þekki ekki samninga þá, er gerðir voru, þegar bankinn tók á móti sparisjóðnum. Til þess að svara fyrirspurninni, verður að þekkja þá, og eins reglugjörð sparisjóðsins. En eg þekki hvorugt, og þekki því ekki hlutfallið milli sparisjóðsins og bankans. Eg veit ekki, hvort hann er sérstök deild eða grein af bankanum. Sé hann sérstök deild, hefir löggjafarvaldið ekki rétt að hlutast til um hann; en sé hann grein af bankanum, þá á löggjöfin auðvitað ráð á því. En mér er þetta ekki kunnugt, og skal eg því láta ósagt um það.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Málið virðist vera svo illa upplýst, að ástæða er til að skoða það betur, áður en þm. greiða atkv., og legg eg því til, að það sé tekið út af dagskrá.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefir verið tekið fram, að frumv. hefði engan fyrirvara, að það eigi því að eins að ganga í gildi, að landsbankinn sé lagður niður. Þetta er ekki nógu skýrt orðað, en auðvelt er að víkja við orðalagi 1. gr. þannig: »Verði landsbankinn lagður niður, skal sparisjóðsfé« o. s. frv.; þetta má athuga við 3. umr.

Svo er ágreiningur um rétt löggjafarvaldsins til þess að setja lagaákvæði um þetta fé. Sé sparisjóðurinn deild úr bankanum, er eg samdóma hæstv. landsh., að löggjafarvaldið hafi fullrétti; hér er annars um svo þýðingarmikla stofnun að ræða, að mér finst rétt, að þingið hafi hönd í bagga með undir ir öllum kringumstæðum. Þingið hefir líka ótilkvatt skift sér af privateignum. En sé sparisjóðurinn sérstök eign og löggjafarvaldinu óviðkomandi, þá mun það upplýsast við 3. umr.

Taki hlutafélagsbankinn ekki sparisjóðinn að sér, þá taka þeir privatmenn við honum, sem nú eru á lífi, ef

stofnendum hans, ef þeir vilja nota rétt sinn. Alíti stjórnin, að hér sé um prívateign að ræða, synjar hún auðvitað lögunum staðfestingar.

Tryggvi Gunnarsson: Eg kann betur við að orða 1. gr. eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) stakk upp á. — Um samninga milli sparisjóðs og bankans er mér ekki vel kunnugt; eg kann þá ekki utan að. En svo mikið er víst, að reikningar sparisjóðs eru sérstakir. Laun starfsmanna eru ekki aðskilin frá launum bankastarfsmanna; sömu starfsmenn sjá um beggja reikninga. Samningana er auðvelt að ná í. Nú munu 6 menn vera á lífi af stofnendum sparisjóðsins. Eg vil ekki láta samþykkja þetta út í bláinn, og legg til, að það tari ekki lengra.

Fleiri tóku ekki til máls. Bar *forseti* 1. gr. upp til atkv., en þm. Snæf. (L. H. B.) kvað tillögu komna fram um að taka málið út af dagskrá.

Forseti kvað hana órökstudda og því ekki koma til greina. Þingm. Snæf. (L. H. B) kveðst þá vildi leyfa sér að rökstyðja hana og tók til máls.

Lárus H. Bjarnason: Eg skildi hæstv. landshöfðingja svo, að viðurlitamikið væri fyrir þingið, að samþykkja þetta mál, án þess að kynna sér samningana, og það er sannarlega enginn sómi fyrir þingið, að samþykkja lög út í bláinn.

Forseti: Samkvæmt 34. gr. þingskapanna getur forseti tekið mál út af dagskrá, ef hann finnur ástæðu til þess, og skýrir hann þá þinginu frá þeim. Sem ástæðu til þess að taka mál út af dagskrá hefi eg talið það, ef nefnd í máli eða meiri hluti þingdeildar óskar þess; en þar sem hér liggur að eins fyrir beiðni frá einum, finn eg ekki ástæðu til þessa, nema framsögum. (Þ. J. Th.) óski.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Nefndin mótmælir.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 12 : 5 atkv. Breyt.till. við 2. gr. feld með 12 atkv. 3., 4., 5. gr. samþ. með 12 atkv. hver.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Þriðja umr., 19 ágúst (C bls. 660, brt. bls. 689).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Nefndin leyfir sér að koma með dálitla breyt.till., sem hún skýrði frá við 2. umr., að hún mundi koma fram með, nefnilega að ákvæði frv. kæmi ekki til framkvæmda, nema landsbankinn legðist niður. Það komu fram undir umr. síðast efasemdir um það, hvort löggjafarvaldið hefði heimild til að ráðstafa fé sparisjóðsins, og er það náttúrlega undir því komið, með hvaða skilyrðum sparisjóðurinn gekk inn í bankann 1887. Eg hefi nú fengið eftirrit af samningnum milli stjórnar sparisjóðsins og þáverandi bankastjórnar, og sýna þeir samningar, að sparisjóðurinn hefir verið afhentur landsbankanum skilyrðislaust, sem annað sparisjóðsfé. Þar stendur, að sparisjóðurinn í Reykjavík skuli frá $^{19}/_{4}$ 1887 ganga til Landsbankans, og að Landsbankinn skuli eiga allar útistandandi skuldir hans, áhöld og viðlagasjóð. Í 2. gr. er ákveðið, að landsbankinn skuli svara til allra skuldbindinga sparisjóðsins til þeirra, sem eiga fé í honum, og að engu verði breytt í stofnskrá hans nema með samþykki landshöfðingja. Ennfremur segir í samningi þessum, að Landsbankinn leyfi þeim, sem fé eiga í sparisjóðnum, að taka það innan 3 mánaða frá því, að bankinn tekur við sparisjóðnum. Ef það er ekki tekið innan þess tíma

á féð að skoðast sem innstæða, lögð í sparisjóðsdeild Landsbankans.

Undir þennan samning skrifar stjórn sparisjóðsins og Landsbankans.

Af þessum samningi er ljóst, að alt féð heyrir Landsbankanum til með þeim kjörum, sem hann gefur sem sparisjóður, og að því leyti hefir bankastjórnin full umráð yfir því, eins og öðrum eigum Landsbankans. Eg vona því, að enginn ágreiningur sé um það, hvort deildin hefir heimild til að samþykja svona lagað frumv.

ATKV.GR.: Breyt.till. 550 samþ. með 20 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 14 : 1 atkv. og sent til Ed.

Tollmál I.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 9. ágúst 1889 um aðflutningsgjald af kaffi og sykri (C bls. 100); 1. umr., 3. júlí.

Hannes Hafstein: Eg skal leyfa mér að vekja máls á því, hvort ekki væri heppilegt, að nota tækifærið til að endurskoða öll toll-lög landsins og koma þeim í eina heild. Eins og kunnugt er, eru toll-lögin nú í mörgum bálkum; þannig eru t. d. vínfangatoll-lögin í fernu lagi; auk þess tókbakstollur, kaffi- og sykurtollur og bittertollur, hvert um sig í sérstökum lögum, og er þetta að ymsu leyti óhagfelt. Í þessum mörgu lagabálkum er ýmisleg ósamkvæmni, sem athuga þarf, ýms ákvæði í sumum bálkunum, sem ekki eru í öðrum, t. d. er það ákvæði í vínfangalöggjöfinni, að ekki skuli heimta toll af því víni, sem skemmist eða lekur niður á leiðinni; sams konar ákvæði eru ekki í lögunum um tóbak, kaffi og sykur; þar af leiðandi verður að heimta toll af þessum vörum, þótt þær hafi ónýzt, áður en þær komu hér á land. Lögin um aðflutningsgjald af tóbaki gera viðtakanda að skyldu, að gefa vottorð upp á æru og trú um, hve mikið hann fær í hvert skifti af tóbaki, og er heimtað, að vottorð þessi, hin svo nefndu tóbaksvottorð, fylgi tollreikningunum. Aftur á móti er þetta ekki heimtað um vínföng, kaffi og sykur, og hefir þó reynslan sýnt, að munurinn á tollskránum og því, sem menn síðar gefa upp, er einna mestur að því er snertir exportkaffi og sykur. Þessum ýmsu sundurleitu ákvæðum þyrfti að koma í samræmi. Sömuleiðis er ósamkvæmni, að því er snertir ýmsar tollupphæðir; þannig er tollurinn á 16° spritti ákveðinn 60 aurar, en af 16° rommi er tollurinn að eins 45 aurar. Mismunurinn er óeðlilegur og sést það bezt af því, að ekki þarf annað til þess að komast hjá að borga hærri tollinn en láta setja ofurlítið af rommessents í sprittið áður en það er sent hingað. Þá er einnig hvítt borðvín tollað þrefalt hærra en rautt, og er þó munurinn enginn annar en sá, að annað er litað, hitt ekki. Auk þess kynni að virðast ástæða til að leggja toll á fleiri vörutegundir en þá, sem um er að ræða í hinu fyrirliggjandi frumv., og vil eg því leyfa mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd sé sett til að yfirfara öll toll-lögin, koma þeim í eina heild, og gera tillögur um þær breytingar, sem henni mætti þykja ástæða til að gera.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa 5 manna nefnd og hlutu kosningu:

Hannes Hafstein	með	14 atkv.
Björn Kristjánsson	—	11 —
Þórður J. Thoroddsen	—	10 —
Ólafur Briem	—	9 —
Bj. Bjarnarson þm. Bf.	—	9 —

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 19. júlí (C bls. 100, nefndarálit bls. 279).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Eins og fram er tekið í nefndarálitinu, hefir nefndin, sem falið var á hendur að íhuga mál þetta, komið fram með annað stærra frumv., sem tekur upp ákvæði þessa frumv., en leggur það jafnframt til, að þetta frumv. sé felt.

ATKV.GR.: Frumv. felt með 17 : 3 atkv.

Tollmál II.

FRUMVARP til toll-laga fyrir Ísland (C bls. 280—283, nefndarálit bls. 279); 1. umr., 19. júlí.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Nefndin, sem kosin var til að íhuga frumv. það, sem nú var felt, var samhuga um það, að rétt væri að tolla vörutegund þá, sem stjórnin stakk upp á að tolla. En bæði þótti naumast taka því, að búa til sérstök lög um brjóstsykurstoll einan, enda mundi hann lítt hrökkva til að auka landstekjurnar og fá eitthvað upp í þann tekjuhalla, sem þegar er í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir næsta fjárhagstímabil, og væntanlega verður meiri, þegar hin háttv. fjárlaganefnd eða þingið hefir lokið starfi sínu að þeim lögum. Nefndin taldi því ástæðu til að tolla fleiri tegundir, sem líkt stendur á með og með brjóstsykur. En úr því nú nefndin fór að hreyfa meir við tollamálinu, þótti henni heppilegt að nota tækifærið, og steypa um leið öllum aðflutningsgjaldslögunum, sem nú eru tvístruð í mörg lagaboð, saman í einn toll-lagabálk, svo að Íslendingar ættu aðflutningsgjaldslög sín í einni heild. Nefndin hefir þó ekki tekið neitt stórt stökk; hún hafði það fyrir augum, að vera varkár; henni var það ljóst, hve tolleftirlit er hér erfitt, og því hefir hún viljað forðast að leggja toll á þær vörur, þar sem búast mætti við, að tolleftirlitið væri miklum vandkvæðum bundið eða mundi hafa sérstakan kostnað í för með sér. Ennfremur fylgdi nefndin þeirri reglu, að því leyti sem um nýja tolla er að ræða, að ráða til að leggja tolla á þær vörur, sem annaðhvort má telja munaðarvöru eða þá eru þannig, að það er að eins efnaðri flokkurinn, sem þær brúkar. Nefndin hefir stungið upp á að tolla súkkulaði og kakaóduft, brjóstsykur og konfekt, skonrok og skipskex og allar aðrar aðfluttar brauðtegundir, og ennfremur niðursoðin matvæli. Flest af þessu, nema ef vera skyldi skonrok og skipskex, getur ekki talist með því, sem venjulega er nefnt nauðsynjavara.

Eins og sjá má, er tollurinn á skonroki og kexi settur mjög lágur, af því að næst lætur, að því megi skipa í flokk með nauðsynjavörum, og af því að það er að nokkuru leyti fæða efnaminni manna en ástæðan fyrir því, að nefndin vill þó að dálítill tollur sé lagður á vörutegundir þessar, er sú, að brauðgerðarhús eru hér á landi farin að baka brauðtegundir þessar, svo að þörfin á, að flytja þær frá útlöndum, er minni en áður, þegar þær fengust alls eigi á annan hátt. Eg játa það, að þessi tollur líkist helzt verndartolli; en þó svo sé, þá er mér óhætt að segja, að nefndin í heild sinni vildi ekki ganga út frá því sjónarmiði, hvorki að því er snertir þessa vörutegund né aðrar.

Hvað hin almennu ákvæði í frumv. þessu snertir, þá skal eg taka það fram, að nefndin hefir einnig þar reynt að vera sem varkárust í að setja ný ákvæði, sem gætu orðið frumv. til falls;

hún hafði þar þá aðferð, að hún valdi úr það, sem henni þótti bezt í hinum gildandi tolllögum, nam í burtu ósamkvæmni í þeim, og bætti inn í nokkurum ákvæðum, sem henni þótti vanta í hin eldri lög, og koma þeim sem mest í samræmi við það, er tíðkast hefir. Auðvitað geta verið skiftar skoðanir um það, hvernig nefndinni hefir tekist að leysa verk sitt af hendi í þessu. Í 1. gr. frumv. eru dálitlar breytingar frá núgildandi lögum; þar er t. d. það ákvæði, að af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gjörður óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skuli engan toll greiða. Þetta ákvæði áleit nefndin nauðsynlegt, af því að hér eru farnar að tíðkast þær iðnir, sem vínanda þarf við, og sömuleiðis er hann eigi svo lítið hafður til eldskveikju. Sömuleiðis hefir tollurinn verið færður dálítið upp á sumum tegundum, en aftur lækkaður á öðrum; en að öðru leyti sleppi eg að fara hér út í einstök atriði við þessa umræðu. Að því er almenn ákvæði snertir, er þess að geta, að hér eru nýmæli um endurgreiðslu tolls; áður hafði verið fylgt reglunni »borðið fangar«, með öðrum orðum, að sá tollur, sem einu sinni hafði verið borgaður af einhverri vöru, gat eigi orðið endurgoldinn, þótt varan væri flutt út úr landinu aftur og alls ekki notuð hér. Hingað til hefir ekki verið hægt að endursenda skemda tollvöru, né flytja út neitt það, er tollvara er notuð í. Það hefir ekki verið til neins fyrir þá, sem búa til vindla hér á landi, að reyna að flytja þá út, því að þeir hafa ekki getað fengið endurgoldinn innflutningstollinn á tóbakinu; hér eru bætur ráðnar á þessu á mjög einfaldan hátt, sem engin hætta virðist geta stafað af.

Flestar aðrar breytingar hafa fremur verið gerðar til skýringar en til að breyta hinum eldri meginreglum. Akvæðin um, að ekki megi byrja uppskipun fyr en skipsskjöl eru afhent, ekki afhenda vörur fyr en lóðsgjöld eru greidd, að hinar tollskyldu vörur skuli vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og að eigandi hafi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyr en búið er að greiða gjöld þessi, eru að því er efnið snertir söm og í gildandi lögum. Þau hafa flest verið lengi gildandi, þótt þeim hafi ekki stranglega verið fylgt, af því lögreglustjórar hafa þar kunnað að haga seglum eftir vindi og beita ekki meiri strangleik en nauðsyn hefir krafið. En þrátt fyrir það vildum vér ekki sleppa þeim, því að þótt þeim sé eigi að jafnaði beitt, þá getur þó verið mjög heppilegt að hafa þau, til þess að geta gripið til þeirra, þegar nauðsyn krefur.

Alt hið nánara viðvíkjandi breytingum þeim, sem frumv. hefir að geyma, verður að bíða 2. umr., því eg vona að frumv. þetta fái að halda áfram sinn veg.

Pétur Jónsson: Það gladdi mig að heyra, að háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) lýsti því yfir, að nefndin í máli þessu hefði eigi ætlað sér að hallast að verndartollastefnunni. Eins og kunnugt er, var flutt hér inn á þing frumv. um toll á margarine. Eg var að vísu stuðningsmaður þess máls, þrátt fyrir það, þó eg lýsti því yfir, að eg væri yfirleitt móthverfur verndartollum; en þar var um sérstök atvik að ræða, og því fylgdi eg málinu; en eins og líka er kunnugt, þá féll frumv., og það mun óhætt að segja, að það hafi fallið fyrir þá sök, að stefna þingsins hafi þá verið andstæð verndartollum, og svo vona eg að enn sé.

Þótt háttv. framsm nefndarinnar (H. H.) hafi lýst því yfir, að nefndin hefði eigi hallast að verndartollastefnunni, þá hefir hún þó látið slæðast inn í frumv.

sitt einstöku ákvæði, sem fara í verndartollaáttina, og vil eg skjóta því til hennar, hvort hún muni eigi tilleiðanleg til að nema ákvæði þessi burtu; það sem eg á hér sérstaklega við, er tollurinn á brauði og niðursoðnum matvælum. Reyndar veit eg, að nú sem stendur þarf eigi að vernda neina matvælaniðursuðu hér, en eigi að síður stefnir þó tollurinn í verndaráttina. Eg geri þó meira úr tollinum á brauðið, því að hér eru nú til allmargir brauðgerðarmenn, og þeir geta fært sér brauðtollinn í nyt sem verndartoll, og sett upp vöru sína það sem honum nemur. Hér er ekki um neina verulega tekjugrein að ræða fyrir landssjóð, og ekki veruleg hlunnindi fyrir landsmenn, að spornað sé á móti innflutningi brauðs í landið. En hér er smeygt inn litlafingri í tollverndarátt, sem getur haft óskyggileg eftirköst. Að öðru leyti er eg þakklátur h. nefnd fyrir það, að hún hefir leitast við að koma tolllögum vorum í samræmi og samhengi.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eg tók það áðan fram, að þótt nefnd in stingi upp á þessum litla tolli á skonrok og kex, þá er hún í raun og veru andstæð verndartollum yfir höfuð. En hvað sem segja má um skonrok og skipskex, þá er það víst, að annað útlent brauð er hér brúkað mjög í óhófi, og má telja sem munaðarvöru, og því engin ástæða til að undanskilja það tolli. En þegar alment kex og kaffibrauð er tollað, virðist ekki verða hjá því komist, að skonrokið og skipskexið fylgist með frændum sínum að einhverju leyti. Nefndin hefir reynt að gera sér grein fyrir tekjuauka þeim, sem líklegt er að trumv. þetta mundi hafa í för með sér, ef það næði fram að ganga, og skal eg leyfa mér að fara um það fáum orðum, þó að upplýsingar þær, sem eg hefi getað aflað mér um þetta efni, sé því miður ekki ítarlegar né áreiðanlegar. Að því er fyrst brauðið snertir, þá er ekki auðið að áætla nákvæmlega toll þann, er af því mætti vænta, því að af landshagsskýrslunum sést eigi, hve mörg pund af brauði eru flutt inn í landið, heldur að eins hve margar krónur hið innflutta brauð kostar. Sé gert ráð fyrir, að hvert pund af innfluttu brauði kosti að meðaltali 40 aura, þá mundi brauðtollurinn verða um 19500 kr. Tollurinn af niðursoðnum matvælum mundi verða um 5000 kr., og um hann skal eg taka það fram, að eg finn enga ástæðu til að kalla hann verndartoll, því að hér í landi er niðursuða vart stunduð sem iðnaðargrein og ekki líklegt að svo verði fyrst um sinn, og það því síður, sem ekki gekk betur en svo fyrir niðursuðuverksmiðju þeirri, sem upp var sett á Siglufirði, að hún mun hætt að flytja út niðursoðin matvæli. Ástæðan til þess að nefndin réði til þess að leggja toll á þessa vörutegund var sú, að hana nota því nær eingöngu efnamenn og útlendingar. Þó skal eg taka það fram, að ástæða getur verið til að hafa tollinn lægri á niðursoðnu kálmeti, af því, að svo erfitt er að afla sér þeirra matvæla hér á annan hátt. Má því vera, að rétt sé að binda tollinn að eins við niðursoðið kjöt og fiskmeti. Um súkkulaði og brjóstsykurstollinn er líkt að segja og um brauðtollinn, að af landshagsskýrslunum er ekki gott að gera sér grein fyrir, hve mikill hann mundi verða. Því að þar er alt talið saman, súkkulaði, brjóstsykur, rúsínur, gráfíkjur o. s. frv. undir nafninu: »Ýmsar nýlenduvörur«. En sé gert ráð fyrir, að hver maður á landinu noti ½ pund af súkkulaði að meðaltali á ári, þá yrði tollurinn af því með 15 aura tolli á pundið um 9000 kr.; tollinn af brjóstsykrinu má, eftir líkri ágizkun um,

hve mikið sé notað, áætla 10,500 kr, og á telaufi 2200 kr.

Eftir þessari áætlun, sem því miður er mjög ónákvæm, eins og eg hefi tekið fram, yrðu þá hinir nýju tollar þannig:

á niðursoðnum matvælum	5000 kr.
- súkkulaði	9000 —
- brjóstsykri	10500 —
- telaufi	2200 —
- brauði	19500 —
eða alls	46200 kr.

En þess ber að geta, að ætla má, að innflutningur minkaði stórum á sumum ofannefndum vörutegundum, og má því engan veginn byggja upp á tekjuhækkun eftir núverandi aðflutningsmergð.

Hvað hinar aðrar breytingar snertir, sem nefndin hefir stungið upp á í 1. gr. frumv., þá mun hækkun tolla og lækkun hér um bil vega salt. Nefndin hefir lagt til, að tollurinn hækkaði lítið eitt á brendum drykkjum öðrum en brennivíni; sömuleiðis hefir hún lagað þá misfellu, sem nú er á, að eigi er goldinn hærri tollur af 16° rommi en meinlausu sherry, og að sami tollur er á 12° brennivíni eins og 16° rommi. Sú tekjuaukning, sem fram kæmi við þetta, mundi hér um bil jafnast við tekjurýrnun þá, er leiðir af tillögunni um lækkun á tolli af hvítum borðvínum, þannig, að tollurinn verði eftirleiðis jafn af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum, 15 a af pottinum. Loks skal þess getið, að þó að nefndin hafi stungið upp á því, að akveða sérstakan toll á bittersamsetningum, talsvert lægri en bittertollurinn er, eftir lögum frá 1899, þá mun það fremur verða til þess, að auka tekjur en lækka; því að yfirvaldsúrskurðir hafa fallið þannig, að bittersamsetningar þær, sem ætlaðar eru til neyzlu óblandaðar, skuli tolla sem »önnur vínföng«, eins og hingað til, þ. e. með 30 a. lægra tolli á pottinum en stungið er upp á í frumv.

Skúli Thoroddsen: Það er sérstaklega út af einni athugasemd háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg tek til máls. Hann gat þess, að smjörlíkistollurinn hefði fallið hér í deildinni á síðasta þingi, af því að deildin hefði verið fráhverf verndartollum; en þetta verð eg að álíta, að eigi sé rétt. Þessi hugsun kann að vísu að hafa vakað fyrir einstöku þingmönnum; eg skal ekki fortaka það; en eigi var svo með mig, og umræðurnar um málið sýna það, að það var eigi ótti við tollverndina, sem úrslitum réði, heldur hitt, að smjörframleiðsla í landinu mundi vera oflítil til að fullnægja þörfunum og íslenzka smjörið þar að auki alt of víða of illa verkað til þess, að tollvernd gæti heppileg talist að svo stöddu. — Smjörlíkistollurinn mundi og harðast hafa komið niður á fátækum sjómönnum.

Annars get eg eigi dulist þess, að mér þóttu ummæli háttv. þm. (P. J.) og jafnvel háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), fremur óviðfeldin. Það var eins og þeir teldu orðið verndartoll einhverja grýlu, sem hér mætti ekki nefnast á nafn; en eg hika ekki við að játa það, að skoðun mín á tollmálum hneigist yfir höfuð fremur í verndartollaáttina að ýmsu leyti, enda veit eg ekki, hver vegur myndi líklegri til þess að bjarga bændum og iðnrekendum úr kreppunni, sem þeir eru í, en verndartollar, er trygt gætu atvinnu þeirra á ýmsa vegu; enda væri slíkt engin eins dæmi, þótt gripið væri til slíkra ráða, þar sem fá eru þau ríkin, sem eigi aðhyllast tollverndarstefnuna að meira eða minna leyti, og nægir í því skyni að skírskota til MacKinley-tolllaganna í Bandaríkjunum, eins og líka Þýzkaland og Norðurlandaríkin hafa löghelgað hana í

ýmsum greinum. Það er að eins enska ríkið, sem hingað til hefir haldið fast við fríhöndlunarstefnuna, og það eru alveg sérstakar ástæður, sem þar liggja til grundvallar. Það á nýlendur í öllum álfum heims, og á ekki gott með að tolla vörur, sem þaðan koma. En fyrir oss Íslendinga, sem erum fáir og smáir og búum á hala veraldar, getur það ekki verið rétt né hyggilegt, að gefa útlendum þjóðum ótakmarkaðan rétt til þess, að keppa við landsins börn, að því er þær vörutegundir snertir, sem vér getum sjálfir framleitt eða unnið að.

Það fer því mjög fjærri, að eg sé háttv. nefnd ópakklátur fyrir það, að álitsskjal hennar sýnir — þrátt fyrir orð háttv. framsm. (H. H) — að hún hefir hneigst að verndartollum. Eg sé t. d. ekkert á móti því, að efld sé atvinna bakara hér á landi á þann hátt, að tollaðar séu ýmsar brauðtegundir, svo að sú atvinnan lendi þó hér innan lands, en eigi í öðrum löndum.

Finn eg svo ekki ástæðu til að tala meira um málið að sinni, en býst við að fá tækifæri til að finna orðum mínum frekari stað við 2. umr., ef þurfa þykir.

Pétur Jónsson: Það er að eins stutt, sem eg ætla að segja. Það voru orð seinast í ræðu háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.), sem eg vildi andmæla. Hann var að tala um að auka atvinnu í landinu með verndartollum og að það mundi hafa vakað fyrir nefndinni, að auka atvinnu landsbúa með brauðtollinum. Það er þessi eilífa tugga um það, að atvinnan aukist í landinu, sem eg álít engu síður háskalega en það, að láta tómt orðið verndartollar hræða sig frá að fylgja réttum principum í löggjöfinni.

Það kemur reyndar ekki þessu máli við, en eg ætla að eins að benda á það, að margt af því, sem talað er um að auki atvinnu í landinu, það sé eiginlega að teyma frá einni atvinnu til annarar, t. a. m. að einhver góður bóndi í sveit taki sig upp og fari í kaupstað og baki brauð, af því að það eru komin toll-lög, sem gjöra það, að baka brauð, svo einkar arðsamt. Það er eins og ýmsar aðrar byltingar, sem eiga sér stað við sjó og í kaupstað, er verða til að teyma landsmenn frá þeirra réttu atvinnu, heldur en það auki atvinnuna. Þetta mundi verða beinasta afleiðingin af verndartollum.

Sessunautar mínir eru að segja, að eg hafi í hitt eð fyrra verið á alt annari skoðun en nú; en eg verð að segja, að þeir hafa þá ekki skilið mig, eða eg hefi ekki tekið skoðun mína nógu glögt fram þá.

Eg er á þeirri skoðun, að það sé hættulegt, að »smeygja inn litlafingrinum« og geti orðið til skaða fyrir þjóðina.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Mér finst þessir tollar okkar séu svo smáir og fáir, að taki því naumast að fara í miklar stælur út af þeim um meginreglur þær og grundvallarskoðanir, sem fylgja beri við álagning tolls yfir höfuð. Og þó að mér áður yrði að láta í ljósi, að ástæðan fyrir því, að nefndin hefir lagt toll á skonrok, væri ekki aðallega sú, að hún vildi búa til verndartoll fyrir innlenda bakara, þá var það engan veginn meining mín, að vekja máls á slíku.

Háttv. samþingism. minn lýsti því yfir, að hann væri hlyntur verndartollum, og eg get hugsað mér að br.till. sú, sem eg hefi séð, en sem ekki eru enn til umr., muni kannske stefna að því. En eg fyrir mitt leyti álít, að tollur þessi geti varist á annan hátt heldur en sem beinn verndartollur; svo ekki þarf að verða til neinn slagur milli tollverndarmanna og fríverzlun-

armanna út af þeirri tillögu. Eg vona að menn geti í friði og spekt rætt þetta frumv. og þess smáu atriði, án þess að fara að etja kappi um þessi miklu principspursmál, sem menn hafa flokkast um hjá stórþjóðunum, og vildi eg biðja menn að athuga vel hin almennu tollheimtuákvæði frumv.; því þau eru mjög áríðandi, og það er hætt við, að svo vandasömu verki, sem það er, að koma þessum ákvæðum saman í eina heild, geti orðið ábótavant, þegar það er gjört í annríki í þingnefnd, hversu gjarna sem nefndin vill vanda verk sitt.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 24. júlí (C bls. 280—283, br.till. bls. 311, 325, 337, 349, 352, 353, 365).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Sem framsm. nefndarinnar í máli þessu skal eg leyfa mér að taka fram hið helzta, sem nefndin hefir um það að segja. Eins og eg tók fram við 1. umr., hafði nefndin það fyrir augum, að vera sem allra varkárust í breytingum sínum og fara ekki lengra en nauðsyn krefði. Aðalstarf hennar hefir verið í því fólgið, að steypa saman öllum hinum almennu ákvæðum eldri tollalaga, koma þeim í samræmi og laga þau þannig, að úr þeim yrði ein hentug heild. Hitt er ekkert aðalatriði, að nefndin hefir lagt það til, að tollur væri lagður á nokkurar vörutegundir, auk þeirra, er stjórnarfrumv. tiltók. Hinar nýju vörutegundir, sem nefndin hefir lagt til að tollaðar séu, telur hún megi setja flestar hér um bil jafnhliða þeirri vörutegund, sem stjórnin fór fram á að leggja toll á, og áleit nefndin, að úr því byrjað væri að tolla eina af slíkum tegundum, væri rétt að taka fleiri. — Henni fanst varla taka því, að bæta þessu eina smáatriði við, úr því á annað borð er farið að fjölga tollstofnum, enda var hún og þeirrar skoðunar, að ekki veitti af að reyna að fá eitthvað upp í þann tekjuhalla, sem fram kemur í fjárlögunum, og búast má við að aukist að stórum mun hér á þingínu. — Eg skal nú leyfa mér að víkja nokkrum orðum að breytingum þeim, er í frumv. nefndarinnar eru gjörðar á gildandi lögum og skýra þær að nokkuru.

Í 3. lið 1. gr. er breyting frá lögunum 7. nóv. 1879. Þar er lagt til, að tollurinn af öðrum brendum drykkjum en brennivíni og vínanda, svo sem rommi, kognaki, arraki, whisky og öðrum sams konar drykkjarföngum með 8° styrkleik eða minna, skuli vera 50 aurar, frá 8°—12° 75 aurar og yfir 12° 100 aurar; áður hefir hann verið 45 a. af öllum þessum drykkjartegundum, hvaða styrkleik sem þær hafa haft; þar hefir meðal annars komið fram sú ósamkvæmni, að töluvert hærri toll hefir orðið að greiða af 16° vínanda en 16° rommi, og kaupmenn því getað selt 8° romm, sem þeir ekki hafa borgað hærri toll af en 22½ a. af pottinum.

Í 4. lið er gjörð sú breyting frá því sem nú er, að tollur af hvítu borðvíni er settur jafn tollinum af sams konar víni rauðu. Hingað til hefir tollurinn á þessum mjög óskaðlegu og ódýru vínum verið þrefalt hærri, ef þau hafa borið rauðan litblæ, og þótti nefndinni þetta engin samkvæmni, því að styrkleiki þeirra er hinn sami, og yfir höfuð jafnt á komið með þeim hvorutveggja. Eg skal taka það fram, að nefndin gengur út frá því sem sjálfsögðu, að kampavín og öll þau hvít vín, sem talin eru »heit« vín, sé tolluð sem »önnur vínföng«.

Í 5. lið er gjörð sú breyt. að tollurinn af svo nefndum »öðrum vínföngum« er

settur 50 a. í stað þess, sem hann er nú 45 a.; var það mestmegnis til að gjöra hægra fyrir með útreikningana á tollinum. Þá hefir nefndin gjört mun á bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, og öðrum bittertegundum (bitteressents-elixir o. s. frv.); hún hefir stungið upp á að tollurinn á bittersamsetningum t d. Köstersbitter og þess háttar blöndun skyldi vera 75 a. af pottinum; reiknaði hún svo út, að þannig mundi hér um bil fást tollurinn af vínandanum, sem í honum er, að viðbættum bittertollinum eftir næsta lið.

Í athugasemdinni í 7. lið vill nefndin breyta til frá því, sem óvart hefir slæðst inn í frumv. hennar eftir gildandi lögum, að nefna bitterefnin »drykkjarvöru«, því að slíkt efni, sem ætlað er til að blanda með drykkjarföng, getur naumast kallast því nafni, og er réttara að nefna það eins vöru.

Eftir lögunum frá 7. nóv. 1879 átti að greiða tollinn af öllum öðrum vínvínföngum en brennivíni, vínanda, rauðvíni og messuvíni þannig, að hann væri 45 aurar af hverjum potti, en vínföngin væru flutt í flátum stærri en svo, að þau rúmuðu tvær merkur; en væru þau flutt í minna íláti, þá skyldi greiða sama gjald af hverjum þrem pelum, sem af potti í stærri flátum. Af þeim vínföngum, sem flyttust í pottflöskum, eins og t. d. oft er um »genever«, franskt cognak o. fl., ber þá að reikna tollinn fyrst af þrem pelum og síðan af einum pela í viðbót; þetta hefir oft valdið vafningum, og hafa oft spunnist út af því athugasemdir frá endurskoðara. Þessu hefir nefndin breytt þannig, að séu vörutegundir þær, er hún tilnefnir, fluttar í flátum, er rúmi minna en tvær merkur, þá skuli greiða sama gjald af hverjum þrem pelum, sem af heilum potti, og er þetta í fullu samræmi við það, að gjald er miðað við einn pott.

Að því er 9. liðinn snertir, þá höfum vér stungið upp á þeirri breytingu, að tollur skuli eftirleiðis greiddur af vindlum eftir þyngd, en eigi eftir tölu eins og verið hefir. Ástæðan er sú, að það verður ekki talið réttlátt, að borga sama toll af mjög smáum vindlum eins og mjög stórum, enda hefir nefndin heyrt, að hingað séu farnir að flytjast þannig tilbúnir vindlar, að hvern einn þeirra megi skera sundur í tvent.

Í 12.—17. lið eru taldar þær tegundir, sem nefndin vill leggja toll á um fram það, sem nú er tollað, þ. e. tegras, súkkulaði og kakaóduft, skonrok og skipskex, og aðrar brauðtegundir og niðursoðin matvæli. Við þessa liði eru komnar ýmsar breyt.till., sem eg mun víkja síðar að. Þó skal eg geta þess hér, að nefndin hafði fyrst ætlast til þess, að enskt pund reiknaðist sem danskt pund til tollgreiðslu, og gjörði hún það til þess, að gera hægra fyrir með tollreikninginn, þar sem vörur væru taldar í enskum pundum á tollskrám eða vöruskrám. En við nánari íhugun hefir nefndin þó horfið frá þessu, og er frá henni breyt.till. hér að lútandi.

Að því er tollfrjálsan skipsforða snertir, hefir hingað til ekki verið neitt ákveðið um annað en vínföng.

Í niðurlagi 1. gr. höfum vér tekið upp alment ákveðnara ákvæði um hann en eru í tilskipun 26. febrúar 1872, og höfum vér þar farið eftir venju í því efni og eftir því, sem úrskurðir landshöfðingja hafa fallið um það atriði.

Í 2. gr. er skotið inn í ákvæði um það, að tollgjaldið skuli, að því er lausakaupmenn snertir, greiðast þar, sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Þetta er líka samkvæmt venjunni, en bein á-

kvæði um það vantar í núgildandi toll-lög.

Í hinum gildandi toll-lögum er gert ráð fyrir, að innheimtumaður tolls sé skyldur til að taka á móti toll-gjaldinu í ávísun á áreiðanleg verzlunarhús í Kaupmannahöfn. En þar er sá agnúi á, að þótt innheimtumaður hljóti að telja þá stofnun, sem ávísunin er gefin út á, hvort heldur það nú er verzlunarhús eða banki, góða eða gilda, þá er ekki víst, að hún vilji borga ávísunina fyrir þann, sem hana gaf út, þekki hann annaðhvort ekki, eða viðskiftum þeirra sé á einhvern veg þannig varið, að hún vilji ekki borga fé fyrir hann; því hefir nefndin bætt þeim ákvæðum inn í lögin, að innheimtumaður sé því að eins skyldur að taka við ávísun, að nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, séu fyrir því, að ávísanin verði greidd.

Í byrjun 3. gr. er það beint tekið fram, að eigi megi byrja að flytja tollskyldar vörur í land fyr en búið sé að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í greininni um afhending skipsskjala o. s. frv. Síðar í sömu grein er bætt við nánari ákvæðum en eru í gildandi lögum um skipsforðann, þar sem heimtað er, að það sé beinlínis tekið fram í tollskránni eða sérstakri skipsforðaskrá, að það sem talið er til skipsforða, sé að eins ætlað til neyzlu í skipinu. — Í 4. gr. er ákveðið, að afhenda megi tollskyldar vörur með samþykki innheimtumanns, áður en tollgjaldið er greitt. Þetta er nýtt ákvæði og alveg nauðsynlegt, því að annars má gjöra ráð fyrir stöðugri keðju af lagabrotum. — Eg álít að eigi þurfi að veita þetta samþykki í hvert einstakt skifti, heldur geti lögreglustjóri gefið það í eitt skifti fyrir alt þeim, er hann ber traust til. En það er þó hagkvæmt, að hafa ákvæðið þannig, að lögreglustjórinn geti heimt tollinn áður en vörurnar eru afhentar, þyki honum nauðsyn krefja. — Í niðurlagi 4. gr. standa orðin: »en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar varan er aðflutt«. Nefndin var í talsverðum vanda um það, hvernig ætti að orða þetta. Ef sett er: »flutt á land« í staðinn fyrir »aðflutt«, þá hefði það ekki náð til þeirrar vöru, sem seld er beint frá skipi; það er ekki áhlaupaverk, að finna hér full-tryggjandi orðatiltæki; má vera að réttara hefði verið að setja: »þegar skip það, sem vöruna flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiða«; en það nær ekki fyllilega saman við það, það sem ákveðið er í 9. gr. um vörur, sem skemmast eða farast við uppskipun. Áður hefir það verið þannig, að tollurinn hefir verið fallinn í gjalddaga, þá er skipið hefir hafnað sig. Af þessu hefir það leitt, að úrskurðir hafa fallið í þá átt, að tollur skyldi greiðast af vörum, enda þótt þær hafi skemst eða glatast áður en þær komust á land. En það liggur í augum uppi, að slíkt er ekki sanngjarnt.

Í 5. gr. er það ný-mæli, að beita megi þvingunarsektum við þann, er tregðast við að sýna vottorð þau eða skjöl, er hann er skyldugur að sýna, og er það ákvæði algerlega nauðsynlegt.

Í 6. gr. eru ákvæðin að því er snertir vínanda og brennivín hin sömu og í lögunum 11. febr. 1876; en vér höfum bætt því við, að hinum sömu reglum skuli fylgt um aðra brenda drykki, og að styrkleiki þeirra skuli einnig tilgreindur á tollskrám skipa og vöruskrám; að öðrum kosti skuli farið eftir þeim reglum, sem teknar eru fram í síðari hluta fyrsta kafla 6. gr.

Það getur verið, að nokkrir erfiðleikar verði á, að framfylgja þeim ákvæðum um þess háttar vínföng, sem ekki koma frá Danmörku, þar sem styrk-

leikinn er ekki ákveðinn í gráðutali á skipsskjölunum; en engan veginn á það að vera ókleift, því að kognak, whisky o. s. frv., sem í flöskum flyzt, mun yfir höfuð vera þannig blandað, að það sé ekki með öllu meiri styrkleik en 8 gráða, og má ganga út frá því, að svo sé, nema sérstök ástæða sé til að gruna, að varan hafi meiri styrkleik en venja er til. En á þess háttar drykkjum, sem flytjast í stærri flátum, er oftast all-auðvelt að mæla styrkleikann, enda verður það og nauðsynlegt, sé hann ekki gefinn upp, því það er algengt, að t. d. romm sé miklu sterkara en 8 gráður.

Í 7. gr. frumv. hefir nefndin bætt inn í orðunum »vísvitandi« og af »ásettu ráði« við það, er rangt er sagt til um gjaldskyldar vörur, eða rangar skýrslur gefnar þar að lútandi; en við nánari athugun hefir nefndin þó komist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að láta þessi ákvæði falla burtu, því að gefi einhver ranga skýrslu móti betri vitund, þá varðar það ekki sektum, heldur refsingu fyrir svik, með öðrum orðum, það varðar þyngri hegning en sektum.

Við 8. gr. er það að athuga, að nefndin hefir ákveðið, að hinar aðfluttu tollskyldu vörur skuli vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og að eigandi hafi eigi rétt til, að ráða yfir þeim, fyr en búið sé að greiða gjöld þessi, og enn fremur að veðrétturinn haldist, þótt búið sé að afhenda vörurnar viðtakanda, og að séu ekki tollskil gjör, samkvæmt 4. gr., þá hafi lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar tolli og sektum. Þetta er gjört til að flýta fyrir og til að gera alt sem umsvifaminst. Þetta er að vísu nokkuð öðru vísi en hingað til hefir tíðkast, en vér álítum þó, að afbrigðin séu ekki svo mikil frá gildandi venju, að þessi ákvæði geti orðið því til fyrirstöðu, að lögin öðlist staðfestingu.

Við 9. gr. hefir nefndin gjört þá breyting, er eg benti til áðan, að nú er gjört ráð fyrir, að eigi þurfi að greiða toll af öðrum vörum en þeim, sem komast í höndur viðtakanda. Aftur á móti skuli ekkert gjald greitt af því, er farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að tollskráin eða vöruskráin telji meira en viðkomandi fær, og sýnast þau ákvæði eðlilegri en núgildandi fyrirmæli, þar sem það getur komið fyrir eftir þeim, að greiða verði toll af þeim vörum, sem aldrei koma neinum til nota.

Eftir gildandi lögum er svo fyrir mælt, að amtmaður ákveði sektir þær, sem greiða ber fyrir brot gegn tollögunum, ef dómur gengur ekki í málinu; en bæði tefur það fyrir, að þurfa að bíða amtsúrskurðar um slíkt, og sýnist ekki nauðsynlegt, og enda hefir, síðan þau lög, er þetta ákvæði hafa, voru sett, komið út ný lög um almenn lögreglumál, þar sem lögreglustjóra er gefið það vald, að taka við sektarframboðum í öllum lögreglumálum. — Hvernig sem á er litið, sýnist liggja beinast við, að fela lögreglustjórunum á hendur, að ákveða sektir í þessum málum, eins og öðrum sams konar málum.

Í 12. gr. eru sett þau ákvæði, sem eru í samræmi við núgildandi fyrirmæli, að lögreglustjóri skuli gjöra reikning fyrir tollheimtum og sektum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða; og skal eg taka það fram, að ef þessi lög skyldu verða staðfest, mun þurfa að gjöra nákvæmar reglur um,

hvernig skuli haga toll-bókum, og ætti landsstjórnin helzt að sjá um, að nýjar toll-bækur séu tilbúnar og sendar í öll lögsagnar-umdæmi, svo að samræmi verði í þeirri bókfærslu.

Í 14. grein er sett nýtt ákvæði um endurgreiðslu á tolli af vörum, sem fluttar eru út úr landinu aftur, og er því þannig fyrir komið, að peningarnir séu útborgaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra gegn skírteini frá útlendri tollstjórn fyrir því, að varan sé þangað innflutt, og á skírteini þetta að fylgja toll-reikningnum sem fylgiskjal, og hin útlagða upphæð að teljast þar til útgjalda. Þetta ákvæði hefir vantað til þessa, og er það bæði sanngjarnt og vel framkvæmanlegt.

Í 15. gr. eru sett ákvæði um, að sérprentuð útlegging af lögum þessum á dönsku og ensku sé afhent lögreglustjórum til útbýtingar meðal kaupmanna og skipstjóra. Þetta er gjört til þess, að hægt sé að gjöra hlutaðeigendum skiljanlegt, hvað þeir eiga að gjöra, og hvað þeir eiga að varast, og geti ekki afsakað sig með því, að þeir hafi ekki haft hugmynd um skyldur þær, er lögin leggja þeim á herðar. — Þessar eru helztu breytingarnar frá núgildandi lögum.

Eg skal svo leyfa mér að fara nokkrum orðum um breytingartill. þær, sem fram hafa komið frá háttv. þingmönnum.

Í breyt.till. á þingskj. 128 er stungið upp á því, að færa tollinn af tegrasi niður um helming, úr 50 aurum á pundi niður í 25 aura. Viðvíkjandi þessu skal eg taka það fram, að af tegrasi er flutt til landsins 4000–4500 pund á ári; svo að ef tollurinn væri að eins 25 aurar á pundi, þá væri tollurinn af öllu landinu ekki nema um 1100 krónur, en það er svo lítil upphæð, að naumast tekur því, að innheimta hana. Nefndin gat eigi heldur séð, að ástæða væri til að hafa tollinn á te-inu svo lágan í samanburði við kaffitollinn; því eins og allir vita, er tegras svo létt í sér, að eitt pund af því endist margfalt meir en eitt pund af kaffi. Nefndin heldur sér því við, að tollurinn sé 50 aurar. Annað mál hefði það verið, að færa tollinn lítið eitt niður, t. a. m. í 45 aura, 40 eða í mesta lagi 35 aura. Þessu hefði nefndin ef til vill getað orðið samþykk, ef breyt.till. um það hefði komið fram; en hún hefir sjálf ekki komið fram með neinar uppástungur í þá átt, því hún álítur, að 50 aurar séu ekki svo hátt gjald, að það sé tilfinnanlegt fyrir þá menn, sem brúka te til drykkjar.

Á sama þingskj. (128) er breyt.till. við 13. lið, að 20 aurar komi fyrir 15 aura. Það er náttúrlega álitamál, hvort menn vilja láta súkkulaði bera mikinn toll; eg hef ekkert við það að athuga, þó það sé fært niður um þessa 5 aura; það gjörir hvorki til né frá.

En þar á móti við 3. lið á þessu þingskjali, um að tolla jarðepli, hefur nefndin mikið að athuga. Henni finst, að á meðan vér höfum ekki svo mikla framleiðslu af kartöflum, að vér getum fullnægt þörfum landsmanna, þá sé ekki rétt, að vera að leggja toll á þessa nauðsynjavöru fátæklinganna, enda mundi þessi tollur verða talsvert hár, í samanburði við innkaupsverð. — Tunnan af kartöflum er eftir því, sem flutningsmaður breytingartill., háttv. samþingismaður minn, 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), hefir sagt mér, venjulega um 200 pund. Tollurinn yrði því 2 krónur á hverja tunnu, og yrði það tiltölulega ákaflega hátt gjald, því tunnan kostar í útlöndum ekki nema 4—5 krónur. — Nefndin álítur af þessum ástæðum, að það sé ekki rétt, að leggja þennan toll á, og þar með gjöra kartöflur miklum

mun dýrari en þær eru nú eftir verzlunarskýrslunum 1899.

Þá er breyt.till. á þingskj. 142 frá Valtý Guðmundssyni og Stefáni Stefánssyni. Það er við 1. gr. tölulið 2., að þar komi 50 aurar fyrir 45 aura í toll af brennivíni, sem er að styrkleik yfir 8° og alt að 12°. Nefndin hyggur, að þetta sé ekki rétt hlutfall, þar sem 8° brennivín er tollað með 30 aurum, en 16° brennivín með 60 aurum, og þá á 12° brennivín, sem er þar mitt á milli, að vera tollað með 45 aurum; svo að annaðhvort hefði verið að hækka toll á öllu brennivíni, eða láta það óbreytt. Nefndin getur því ekki álitið rétt, að setja slíka ósamkvæmni inn í lögin.

Hvað snertir súkkulaði og kakaoduft, þá eru sumra tillögur, að setja tollinn upp í 20 aura, en aðrir vilja fella tollinn burtu af kakaó-duftinu. - En nefndin álítur, að ekki sé nein ástæða til þess. Ef meiningin skyldi vera sú, að vernda innlendan súkkulaðitilbúning, þá held eg tillagan sé alt of framsýn, því eg tel naumast líkindi til, að sú atvinnugrein komi hér upp í bráð. Að öðru leyti virðist engin ástæða til, að kakaó-duft sé fremur toll-frítt en súkkulaði.

Aðal-breyt.till. á þessu þingskj. er sú, að leggja toll á mjöl. Eg veit ekki, á hverju sú tillaga byggist. Það er eins og flutningsmenn tillögunnar hafi álitið, að nauðsyn bæri til, að útvega tekjur upp á einhvern máta, sama hvernig.— Það gæti að minni hyggju alls ekki komið til mála, nema sem neyðarúrræði, þegar landssjóður væri í sérlegri peningaþröng, að fara að leggja toll á lífsnauðsynjar fólksins. Það vitum við allir, að mjöl er nú keypt og notað til matar meir en korn. Það mun nú að vísu satt vera, að hið útlenda mjöl sé misjafnlega gott, en að menn fái betra mjöl með því, að mala kornið sjálfir. En almenningur hefir ekki föng á því, mylnurnar eru ekki víða til, en þó þær væru til í hverri sveit, þá mundi það kosta mikinn tíma og fyrirhöfn, að flytja korn til mylnu og frá. Eg er viss um, að þó tollur væri á mjöli, þá yrði það keypt engu að síður, því heima mölun verður erfiðari og erfiðari eftir því, sem vinnufólkseklan og kauphæðin eykst.

Nefndin ræður því eindregið frá, að þessi breyt.till. sé samþykt.

Þá er breyt.till. á þingskjali 168. Þar er stungið upp á, að tolla óáfenga gosdrykki með 5 aurum af hverri flösku. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki mundi gjörlegt, að tolla gosdrykki; en henni fanst eftirlitið svo örðugt, að hún slepti því, enda hér um svo litla tekjugrein að ræða, að ekki þótti taka því, að leggja toll á þessa vöru. H. háttv. flutningsmaður tillögunnar sýnist vera nokkuð harður í kröfum, þar sem hann fer fram á, að af pela-flösku af meinlausu vatni skuli greiða eins mikið eins og af potti af áfengu öli. Dýrt er drottins orð. Það er eins og þetta væri gjört beinlínis í þeim tilgangi, að gefa bindindismönnum bendingu um, að halda sér heldur við ölið. Eg er viss um, að þingið misti algjörlega hylli allra Good Templara í landinu, ef annað eins og þetta væri leitt í lög.

Nefndin áleit, að ef tolla ætti þessa drykki, þá væri ekki hægt að leggja meir en 1 eyri á flösku, og þá mundi tollurinn nema ákaflega litlu, ekki 1000 krónum fyrir alt landið, en auk þess mundi tollur þessi rýrna ár frá ári fyrir það, að nú eru komnar upp innlendar gosdrykkja-verksmiðjur, svo að engin þörf er á, að seilast til útlanda eftir þessum drykkjum.

A sama þingskj. er stungið upp á, að færa niður tollinn á óunnum tóbaks-

blöðum. Vakir það að líkindum fyrir uppástungumanni, að þetta skuli vera verndartollur fyrir tóbaksverksmiðjur. En eg veit ekki til að hér sé neinskonar tóbaksgjörð nema vindla, og munurinn á tolli á tóbaki og vindlum er svo mikill, að eg verð að álíta, að vindlagjörðarfélaginu sé gjört fullhátt undir höfði, þar sem tollur á vindlum er 4 sinnum hærri en á tóbaki, og virðist engin ástæða til að hafa muninn meiri. Og þó svo væri, að einhver vildi koma upp öðruvísi tóbaksverksmiðjum, þá finst mér ekki ástæða til að setja neina vernd á það.

Á þgskj. 172 er stungið upp á að fella burtu toll af skonroki og fleiri brauðtegundum, þar sem lagt er til að 16. liður 1. gr. orðist þannig: »af öllum öðrum brauðtegundum en skonroki og skipskexi, hagldabrauði og tvíbökum, sem ekki er sykur í, greiðist 10 a. af hverju pundi«. Þessi tillaga styðst við það, að skonrok sé nauðsynjavara fyrir þá, sem eru á þilskipum. Nefndin getur ekki fallist á, að brýn nauðsyn sé að flytja að skonrok, kex eða tvíbökur; enda er sumstaðar, að minsta kosti á Akureyri og Ísafirði, tekið að baka nægilegt skonrok fyrir skipin, svo að mjög lítið mun flytjast inn af þessu þar; og mun þess ekki vera langt að bíða, að það komi einnig til hér í höfuðstaðnum. Enda fæ eg ekki séð, að skipsútgjörðarmenn séu svo sérstaklega fátækir eða illa staddir, að ástæða sé til að hlífa þeim fremur en öðrum. Eg hefi heyrt, að eftir skonroksbrúkun á skipum mundi tollurinn nema um 12 kr. fyrir hvert skip, og um það finst mér virkilega ekki vera vert að gjöra mikið þóf. En ástæðan til að halda tolli þessum er sú, að ef aðrar brauðtegundir eru tollaðar, mundi það gjöra tolleftirlitið miklum mun erfiðara, ef svona tegundir væru undanskildar. Eg skil ekki hvernig háttv. tillögumaður ætlast til, að lögreglustjóri geti haft eftirlit með því, hvort sykur er í tvíbökum þeim, er flytjast, eða ekki. (*Þórður J. Thóroddsen*: Smakka á þeim). Við höfum ekki neina »smakkara« til að fara út í skipin og bíta í tvíbökurnar, og þar að auki getur ósætt kex verið fullkomulega eins dýrt eins og það sem er sætt; eg veit ekki betur en að sumar allra-dýrustu og fínustu kextegundirnar séu alveg sykurlausar. Eins og þessi breyt.till. er orðuð, álítur nefndin ómögulegt að fallast á hana.

Þá er að eins eftir þgskj. 174. Þar er fyrsta tillagan, að tollar af niðursoðnum matvælum falli burt. Nefndin hefir stungið upp á, að í stað niðursoðinna matvæla komi: niðurstoðið kjöt og fiskmeti; hún kom með þá breyt.till. fyrir þá sök, að henni þótti ekki ástæða til að leggja svona háan toll á niðursoðið kálmeti og ávexti, sem þetta land gefur ekki af sér, því það er bæði holl og góð fæða. En nefndin þóttist ekki geta slept því, að leggja það til, að tollur væri lagður á niðursoðið kjöt og fiskmeti; því að það er naumast brúkað af öðrum en efnameiri mönnum, svo sem embættismönnum og kaupmönnum og ferðamönnum, sem búa sig út í skemtiferðir; það er alls ekki fæða almennings eða fátæklinga, þessi niðursoðni matur frá útlöndum, og eg skil ekki, með hverjum rökum er hægt að segja, að það sé nauðsynjavara. Hér er nóg af kjöti og fiski í landinu, svo að óþarft er að það flytjist inn hingað frá öðrum löndum.

Þá er önnur till. á þessu þgskj., að leggja toll á rúsínur, gráfikjur og svezkjur. Nefndin tók til íhugunar, hvort ráðlegt væri að leggja toll á þessar vörur; en henni kom saman um, að ekki væri fremur ástæða til að tolla þetta en alla aðra ávexti, t. d. döðlur,

epli, perur og aðra þurkaða ávexti, og þótti varhugavert að taka svo yfirgripsmikinn og eftirlitsfrekan toll-lið upp í lögin.

. Við 6. gr. er sú breyt.till., að í staðinn fyrir »tollskrá og vöruskrá« komi að eins »tollskrá. Nefndin hefir það hér við að athuga, að frá öðrum löndum en Danmörku koma aldrei tollskrár, heldur að eins vöruskrár, og væri ekki tekið fram, að styrkleikinn skuli tiltekinn á vöruskránni, þá væri ekkert að halda sér til, að því er útlend skip snertir.

Þá er í breyt.till. á þgskj. 168 farið fram á, að sleppa ákvæðinu um, að tollgreiðandi skuli greiða hæsta gjald af vínföngum þeim, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið 1. gr., ef styrkleikinn er ekki tiltekinn í skipskjölunum, nema hann á sinn kostnað láti rannsaka vöruna o. s. frv. Þetta ákvæði er ekki fundið upp af nefndinni, en stendur þegar í lögunum um gjald af brennivíni frá 11. febr. 1876, og hefir því þannig verið fylgt, að því er brennivín snertir, 20—30 ár, og gefist vel. Nefndin hefir að eins lagt til, að þetta ákvæði væri látið gilda einnig um aðra brenda drykki; eg sé ekki, að kaupmenn hér í Reykjavík þurfi að óttast neitt ójöfnuð af þessu. Að því er snertir ákvæði 6. gr., sem breyt.till. vill fella burt, er það sett til þess, að tryggja sér sem bezt, að skipstjóri gjörist ekki valdur að því, að tollskrár eða vöruskrár séu ógreinilegar eða rangar, og eg álít ekki rétt að sleppa því.

Eg held nú ekki, að fleiri breyt.till. séu, sem eg ekki hefi þegar minst á, og skal eg því ekki orðlengja meir að sinni.

Landshöfðingi: Háttv. nefnd hefir tekist þann starfa á hendur, að gjöra ein lög úr öllum tollákvæðum síðan 1870, sem eru á víð og dreif, og er það miklu þægilegra fyrir alla þá, sem eitthvað eru við tollmál riðnir, að hafa þessi ákvæði á einum stað. Auk þess tel eg það hentugt, að nefndin hefir gjört sum af þessum ákvæðum, sem að eins náðu til tiltekinna tollskyldra vara, svo víðtæk, að þau ná til allra tollskyldra vara. Hvorttveggja þetta er mjög gott, og er öll ástæða til að vera hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir starfa hennar. — Þar næst hefir nefndin tekið ýmsar vörur, sem ekki hafa áður verið tollskyldar, og lagt toll á þær. Það getur nú alt af verið álitamál, hvaða vörur eigi að tolla og hverjar ekki. En það getur verið varhugavert fyrir okkur hér, að fjölga um skör fram tollskyldum vörum, vegna þess, að við höfum ekkert tolleftirlit sjálfir. Það er kunnugt, að eftir núverandi fyrirkomulagi er það danska tollstjórnin, sem hefir það eftirlit á hendi fyrir okkur. Og þó hún hafi hingað til viljað gjöra okkur þennan greiða, þá má búast við því, að ef tollskyldum vörum fjölgar mjög, muni danska stjórnin koma og segja: »Nú er orðið nokkuð mikið um tollskyldu vörurnar, svo nú verðið þið að hafa eftirlitið sjálfir«. Eg verð því að leggja eindregið á móti öllum breyt.till. í þá átt, að fjölga tollskyldum vörum, en hins vegar verð eg að viðurkenna, að hin háttv. nefnd hefir farið mjög varlega í því efni, svo að deildin má yfir höfuð vera ánægð. Það voru ýms smáatriði, sem eg fann athugaverð, þegar eg fyrst las frumv., en sem eg sé að nefndin hefir breytt og lagað á þann hátt, sem vel má við una, t. d. 4. tölulið 1. gr. Eg skil háttv. framsm. svo, að tolla skuli öll rauð vín og hvít vín um 15 aura pottinn, t. d. Rínarvín, Moselvín o. fl.

Eg álít það gott, að það komi í ljós við umræðurnar, hvernig á að skilja ákvæði laganna, því það getur orðið

ið til leiðbeiningar fyrir úrskurðarvaldið. Eg skal geta þess, að mér finst minni ástæða til þess að leggja toll á vörur þær, sem nefndar eru í 15. og 17. tölulið, en flestar þær vörur, sem bætt hefir verið við. Að vísu er tollurinn á skonroki og skipskexi lítill, en hingað til hefir það verið svo, að ekki hefir fengist nóg af þess konar brauði hér og getur vöntun brauðsins því orðið talsvert óþægileg, að minsta kosti eins og nú er ástatt með bökunarhúsin. Og að því er snertir 17. tölulið, þá skil eg ekki, hvers vegna á að tolla niðursoðin matvæli, en ekki söltuð og reykt. Og þar sem framsm. sagði, að við hefðum nóg kjöt og fisk, þá er ekki alt af svo, því á ýmsum tímum er það mjög erfitt að fá þessar vörur.

Orðalagið á 16. tölulið »af öllum tilbúnum brauðtegundum« kann eg ekki vel við. Eða eru til brauðtegundir, sem ekki eru tilbúnar?

Upphaf 6. gr. finst mér geta verið talsvert óþægilegt. Að vísu er það gamalt, að fá tilgreindan styrkleika vínsins á tollskrám og vöruskrám og hægt að fá því framgengt, að því er snertir brennivín og vínanda, en hins vegar getur orðið erfitt að fá styrkleikann tilgreindan að því er snertir aðra brenda drykki í ílátum, er rúma ekki meira en pott, það er að segja á flöskum, og yrði framkvæmdin miklu léttari, ef allir drykkir, sem fluttir væru á flöskum, væru skoðaðir sem 8° að styrkleika, sem mun vera hið vanalega eða hér um bil undantekningarlaust. Held eg því, að það væri rétt að taka af öll tvímæli um það, að ákvæðið um, að skýrt skuli frá styrkleika drykkjarins á tollskrá, eigi að eins við brenda drykki, sem fluttir eru í ílátum, sem rúma meira en pott. Úr því eg nefndi pottinn, skal eg laka það fram, að eg kann illa við, að í 7. tölul. er talað um 2 merkur, þar sem sama rúmtak alstaðar annarstaðar í frumv. er kallað pottur. 9. gr. hefir nefndin gert vel viðunanlegar breytingar á.

Mér þætti gaman að heyra skýringu á því, hvers vegna nefndin ætlast til að tekin séu helmingi hærri innheimtulaun af öllum þeim vörum, sem nú á að gera tollskyldar, en ekki hafa verið það áður: 4% af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í 12.—17. tölulið. Eg sé ekki í fljótu bragði, hvers vegna sá mismunur er gerður, nema ef vera skyldi af því, að eftirlitið væri erfiðara, og skal eg játa, að ekki er óliklegt, að eftirlitið verði erfiðara, einkum á þeim vörum, sem koma frá Englandi. Þær standa ekki á tollskrá og verður því að fara eftir vöruskrám, og getur það oft valdið erfiðleikum að gæta að því, að ekki sé stungið undan, þegar vöruskrárnar eru óglöggar.

Valtýr Guðmundsson: Eg á nokkurar br.till. á þgsk. 168 og skal eg fara um þær nokkurum orðum. Eg skal játa, að háttv. framsm. hefir rétt fyrir sér í því, að ekki væri rétt hlutfall milli tollsins á áfengum drykkjum í hlutfalli við styrkleikann, ef þessi br.till. yrði samþ.; en það væri ef til vill rétt, að hækka nokkuð hina liðina, og gæti eg verið með því, ef nefndin vildi koma með br.till. í þá átt við 3. umr. Eg skal að eins nefna, að í 2. br.till. á þingsk. 142 er »20« prentv.; það átti að standa 15; breyt.till. var að eins orðabreyting, til þess að nöfnin stæðu rituð á íslenzku. Eg hefi síðar, á þingsk. 168, farið fram á, að í 1. gr. tölul. 13. falli orðin »og kakaóduft« burt. Er það af þeirri ástæðu, að vel getur svo farið, að menn taki að búa til súkkúlaði hér á landi, og ætti að styðja að slíkum fyrirtækjum með því

að tolla sem minst óunnin efni. Framsm. var mótfallinn toll á gosdrykkjum, en eg vil tolla þá einmitt af þessari sömu ástæðu, að eg vil styðja að innlendum iðnaði; og þar sem nú er farið að búa þá til víða hér á landi, er engin ástæða til að flytja þá inn. Við þetta er br.till. miðuð og jafnframt við tekjur landssjóðs, en alls ekki við hitt, að gera godtemplurum erfitt fyrir.

Þar sem eg hefi farið fram á að færa niður tollinn á óunnum tóbaksblöðum, þá getur það verið álitamál, hvort það sé rétt. En meðan við höfum að eins eina vindlagjörðar verksmiðju hér á landi, virðist rétt að styðja að því, að fleiri gætu byrjað, því það er ekki lítið fé, sem gengur út úr landinu fyrir vinnuna. 3. br.till. á þingsk. 168 miðast við, að 50 aura tollur á te er of hár í samanburði við tollinn á kaffi. Í öðru lagi vil eg styðja að því, að tedrykkja aukist, af því hún er hollari en kaffidrykkja; auk þess er te lítið brúkað hér, og ætti að brúka það meira en gert er.

Háttv. framsm. var mótfallinn því, að leggja toll á mjöl, og játa eg að vísu, að það er nauðsynjavara, en þó ekki í þeim skilningi, að ekki sé hægt að afla sér hennar á annan hátt. Hér á landi er létt að breyta korni í mjöl, þar sem lækur er svo að kalla við hvern bæ, og hægt að láta hann vinna fyrir sig, enda er reynsla fengin fyrir því, að mylna getur borgað sig á stuttum tíma. Vinnulaunin ganga út úr landinu, þegar mjöl er keypt, og auk þess skaðast menn að öðru leyti; því, að því er kaupmenn segja, er ómögulegt að fá alveg hreint mjöl; það er ætíð meir og minna blandað. Með því að mala kornið sjálfur fær maður því bæði ódýrara og betra mjöl. Og þótt samstaðar sé ekki auðvelt að hafa mylnu, þá er þó óvíða langt til staðar, þar sem það er hægt, og mætti þá fá malað þar. — Framsögum. var mótfallinn tolli á jarðeplum, en eg verð að mæla með honum. Að vísu eru þau nauðsynjavara, en mér finst ekki ætti að flytja inn vöru, sem jafnlétt er að framleiða í landinu sjálfu. En hér á landi er svo auðvelt að rækta jarðepli, að við ættum ekki að eins að hafa nóg handa sjáltum okkur, heldur og að geta flutt jarðepli út.

Eins og háttv. framsm. tók fram, má skoða niðursoðin matvæli sem munaðarvörur, og þar sem hann tók fram, að ekki væri rétt að tolla niðursoðna ávexti, af því að þeir eru ekki framleiddir í landinu sjálfu, þá má geta þess, að þeir eru að eins notaðir af efnaða fólkinu, og því full ástæða til að tolla þá. Að því er snertir kjöt og fisk, þá ætti að styðja að því með tollum, að farið yrði að sjóða þau matvæli niður hér á landi, enda er það nú farið að tíðkast. Eg verð að vera því mótfallinn, að fella burt 15. tölul. og sömuleiðis að 16. tölul. sé öðruvísi orðaður, því eg álít, að þessar brauðtegundir séu nokkuð, sem við getum búið til, og eigum að styðja að, að gert sé.

Tryggvi Gunnarson: Eitt af aðalatriðum í toll löggjöf okkar Íslendinga er það, að fara ekki lengra í að leggja á nýja tolla en það, að von sé um að geta náð þeim inn, án þess að þurfa að fara að setja á stofn nýja tollstjórn, því yrði það tilfellið, er hætt við hún mundi gleypa mest af tekjunum. Það virðist heldur ekki vera svo vel í haginn búið af undanfarandi þingum fyrir nýja tollstjórn með þessum stöðugu löggildingum, því það segir sig sjálft, að því meir sem kaupstöðunum fjölgar, því örðugra verður eftirlitið. Nefndin virðist nú einnig hafa haft þetta í

huga, að fara ekki svo langt í breytingunum, að þörf væri á nýrri tollstjórn, en sýnist þó ekki hafa hugsað það atriði nægilega rækilega, þar sem hún hefir lagt til að leggja toll á ýmsar vörur, sem ekki hafa verið tollaðar áður. Væri hér sérstök tollstjórn, þá væri heppilegt að tolla ýmsar fleiri tegundir en farið er fram á í frumv.; sérstaklega skal eg benda á klæðavöru alla og járnvöru; en svo er ekki, og verð eg að álíta sumar breytingar nefndarinnar svo vaxnar, að eg trúi ekki, að hinni háttv. nefnd hafi verið sagt satt frá um vörur, sem hún vildi leggja toll á. Það má nú að vísu segja, að eg leggi sjálfur til að tolla nýjar vörutegundir, en það er þó hvað mig snertir að eins til vara, af því að eg álít að hægra sé að forðast tollsvik á rúsínum, gráfíkjum og svezkjum heldur en á niðursoðnum matvælum, því það er svo hægt að draga undan þessari síðustu tegund, og því er það, að eg hefi stungið upp á að tolla rúsínur, svezkjur og gráfíkjur, eingöngu í þessum tilgangi, ef það væri álitið nauðsynlegt að bæta upp þann toll, sem missist við að fella burt uppástuuguna um toll á niðursoðnum matvælum, en verði sá tollur feldur, og ekki álitið þörf á að setja annan í staðinn, þá skal eg fúslega greiða atkv. móti breyt.till. við 17. liðinn. Það sem eg álít erfiðast að gæta tolls á, er kakaó, tegras og niðursoðin matvæli, og þess vegna hefi eg stungið upp á tollinum á rúsínunum og svezkjunum í staðinn, að þessar vörur flytjast æfinlega í nákvæmlega eins löguðum kössum, og það þarf því ekki annað fyrir því að hafa en telja kassana.

Að öðru leyti skal lýsa eg því yfir, að eg mundi greiða atkvæði á móti flestum þeim liðum, sem hljóða um að bæta við nýjum tollskyldum vörum, en sérstaklega skal eg þó taka það fram, að eg álít 3. breyt.till. á þgskj. 142 um að leggja 50 aura toll á hver 100 pd. af mjöli alveg ófæra. Sömuleiðis verð eg að álíta það misráðið, að leggja toll á skonrok og skipskex.

Þar sem hinn háttv. flutnm. (H. H.) sagði, að þessi tollur kostaði ekki hvert skip meira en 12 kr. yfir vertíðirnar, þá hygg eg að honum hafi ekki verið gefnar réttar upplýsingar; eg hygg að það nemi miklu meira. En það er ekki einungis til þess að létta á skipseigendum og útgerðarmönnum, sem eg er á móti tollinum, heldur vegna þess, að eg er yfir höfuð á móti því, að tolla nokkur matvæli, og þá einnig þessi. Eg mun því greiða atkvæði móti 15., 16. og 17. lið frumv., og eins og eg gat um áðan, jafnvel móti sumum af mínum breyt.till.; aftur er mér ant um, að breyt.till. mínar við 6. gr. komist að. Í fyrri málsgreininni stendur, að viðtakandi skuli greiða hæsta gjald, ef eigi er tiltekinn styrkleiki vínfanganna á tollskrá skipsins og vöruskrá. Þetta ákvæði vil eg fella burtu, því mér finst það óeðlilegt, að hann skuli vera sektaður fyrir það, sem hann getur ekki gert að; þó að sá, sem sendir vörurnar, hafi slept að geta styrkleika víns, þá er auðséð, að sá, sem tekur á móti því, er alveg saklaus. Einnig sýnist mér réttast, að fella alveg burtu 12. lið frumv.: toll á tegrasi.

Eins og hinn hæstv. landsh. tók fram, skil eg ekki í því, hvers vegna nefndin hefir hækkað innheimtunarlaunin af þeim tegundum, sem nú verða tollaðar, og ekki hafa áður verið tollskyldar, upp í 4%. Hingað til hafa innheimtulaunin verið 2% og það sýnist vera hæfilegt.

Þá skal eg minnast fáum orðum á breyt.till. á þskj. 128 um toll á jarðeplum. Þegar litið er á það, að landsmenn gætu sjálfir ræktað svo mikið

af kartöflum, að þeir þyrftu ekki að flytja inn eina skeffu af kartöflum, þá finst mér nærri því vorkunn, þótt menn vilji leggja toll á þessa vörutegund; og að eg samt sem áður mun greiða atkvæði á móti breyt.till. er eingöngu af því, að eg er á móti því yfir höfuð, að leggja nokkurn toll á matvæli.

Þórður Guðmundsson: Eins og hinni háttv. þingd. er kunnugt og sjá má af þingtíðindunum frá undanfarandi þingum, þá hefi eg verið því mótfallinn að leggja á nýja tolla. En á hinn bóginn get eg játað það, að tollnefndin hefir farið mjög varlega í sakirnar með að leggja á nýja tolla í þetta sinn og ekki lagt nýjan toll á margar vörutegundir, sem gæti talist virkilega nauðsynjavar. Nefndin hefir auk þess unnið mjög þarft verk með því að draga saman í eitt og koma á einn stað allri tollöggjöf landsins. Þegar mér aftur verður litið á þær mörgu breyt.till. við frumv. nefndarinnar, sem komið hafa fram hér í deildinni og eg hef liggjandi hér fyrir framan mig, þá blandast mér ekki hugur um, að hér er um mikla ástríðu, já næstum því sjúkdóm að ræða hjá hinum háttv. þm. í þá átt, að auka stöðugt tollana. Eg skal leyfa mér að benda á, að með því að leggja á nýja tolla, þá er í raun og veru nýr skattur lagður á þjóðina. Það er vitanlegt, hvernig ástandið er nú í landinu. Aðalatvinnuvegur landsmanna, búnaðurinn, gengur til þurðar, og meir og meir þrengist að honum. Að fara nú að leggja nýja tolla á, get eg því ómögulega talið hættulaust. Í fyrstu af því, að það er í raun og veru nýr skattur, og í öðru lagi af því, að þeir hljóta að hafa í för með sér nýja tollstjórn, og mundi hún þá éta upp all mikið af tekjunum.

Eg skal sérstaklega benda á brtill. á þskj. 142 frá tveimur háttv. þm., þar sem þeir fara fram á, að gera þá breytingu á 17. tölulið frumv., að á eftir honum komi nýr liður þess efnis, að leggja toll á mjöl. Hinn háttv. flutnm. (H. H.) hefir þegar bent á, hve hættuleg þessi breyt.till. er. Mér sýnist undarlegt, og mér er meira að segja ómögulegt að skilja það, að undir þessari breyt.till. skuli standa nafn sveitabónda. Miklu betur get eg skilið það, að nafn þm. Vestm. (V. G.) skuli standa undir henni, því hann er búinn að lifa sig svo inn í kringumstæður annara þjóða og að nokkru leyti gleyma hvað við á hér á landi, að eg tek minna til þess. Það hefir verið tekið fram af þm. Vestm. (V. G.), að hægt sé að hafa vatnsmylnu til að mala kornið í; en það hagar ekki svo til nema á stöku stað; og jafnvel þar, sem því verður komið við, er mér óhætt að fullyrða, að það verður dýrara að mala kornið en mismunurinn er nú á verðinu á korni og mjöli. En hvernig á svo að fara að, þar sem 2—3 tíma ferð er til vatns? Ætli þar verði ekki óhægra um vikin? (*St. St.* þm. Skagf.: Vindmylnur). Já, vindmylnur, ætli þær verði ódýrari? Enda heimtar fólkið að fá þessa vörutegund, nefnilega mjölið, og það fremur eftir því, sem skorturinn á vinnukrafti er tilfinnanlegri. Hér er ráðist á þá vörutegund, sem er ein af þeim allra skaðlegasta að tolla, enda er það auðsjáanlegt, að þetta er með ráði gert, og að hér er verið að smeygja inn höfðinu til þess að fara að leggja toll á allar okkar nauðsynjavörur, og vona eg að þingd. hugsi sig vandlega um, áður en hún gengur inn á það princip.

Þá skal eg minnast lítið eitt á brtill. á þgskj. 128 frá hinum háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.) um toll á jarðeplum. Eg skal játa það, að þegar eg fyrst leit á

þessa breyt.till, þá lá nærri, að eg hefði talsverða hvöt til að vera henni meðmæltur; en eftir því, sem eg hugsa betur um það, þá held eg meir og meir, að það sé tæplega kominn tími til að leggja toll á þessa vörutegund; því það eru ýmsir partar af landinu, sem enn þá framleiða svo að segja ekkert af kartöflum. En óhætt er að fullyrða það, að engin jarðrækt borgar sig betur víðast hér á suðurlandi en kartöfluræktin. Því var haldið fram af háttv. flutnm. (H. H.), að það væri ófært að leggja toll á þessa vöru vegna þess, að við getum ekki fullnægt þörfinni og að það ætti langt í land meðan innflutningurinn væri svo mikill. Í tilefni af þessu skal eg þó benda á, að þá fyrst fara menn fyrir alvöru að leggja kapp á jarðeplaræktina, þegar búið er að tolla jarðepli og eftirspurnin eftir þeim vex. Nú er það svo, að margur maðurinn vill ekki rækta meira en hann sjálfur þarf að nota til heimilisbrúks. Eg held því, að það þurfi ekki að líða langur tími þangað til við getum fullnægt þörfinni.

Að fara að rekja allar þær breyt.till., sem hér liggja fyrir mér, dettur mér ekki í hug; en áður en eg sezt niður, skal eg að eins stuttlega drepa á breyt.till. á þgskj. 168 um toll á gos drykkjum. Það hefir verið minst á þessa breyt.till. áður af nokkrum háttv. þingdm. Vitanlega er hér um ónauðsynlega vöru að ræða; að vísu ekki skaðlega fyrir líf eða heilsu, eins og áfengið, en þó vöru, sem við hjartanlega getum komist af án, og sem því er ekki til annars en hreint og beint að eyða peningum landsmanna. Eg geri því ráð fyrir, að þeir, sem á annaðborð vilja eyða peningum sínum í þessa vöru, telji ekki eftir sér, að borga lítinn toll af henni fyrir þá ánægju, sem þeir hafa víst af að brúka þessa drykki, eins og við verðum að borga af kaffi og sykri m. m.

Eg ætla ekki að rekja sundur meir af þessum breyt.till., en skal að síðustu taka það sterklega fram, að það er mín fasta von, að háttv. þingd. sýkist ekki enn þá meir af þessari tollálaga-ástríðu eða sjúkdómi, heldur láti sér nægja að halda sér yfirleitt við þær breytingar, sem nefndin hefir lagt til að gerðar verði á toll-löggjöfinni.

Lárus H. Bjarnason: Það mál, sem hér liggur fyrir háttv. þingd., er mikið mál. Það þarfnast mikils undirbúnings, og það því fremur, sem hér er farið fram á bæði að safna saman í eina heild allri toll-löggjöf landsins, og leggja á ýmsa nýja tolla. Það getur nú ætlið verið álitamál, bæði hvaða vöru eigi að tolla, og eins hitt, hvað hár tollurinn skuli vera. Eg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að rétt sé að tolla ekki einungis alla munaðarvöru, heldur einnig alla þá vöru, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, þótt nauðsynjavara sé. En að svo stöddu máli álít eg, að okkur sé þetta ekki fært, því eg býst ekki við, að eftirlit frá lögreglunnar hendi yrði nægilegt. Eftirlitið mundi verða miklum mun erfiðara en nú, og það því fremur, sem hætt kynni að verða við, að vér mistum að öllu eða nokkru leyti það eftirlit, sem hingað til hefir verið haft í Danmörku með þeim vörum, sem þaðan eru fluttar hingað.

Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg hefði kosið að lengri tími hefði verið látinn líða milli 1. og 2. umr., svo mönnum hefði gefist kostur á að athuga málið nákvæmara. Menn eru alment svo uppteknir af nefndum, að þeir hafa að kalla má engan tíma afgangs; að vísu veit eg það, að nefndin hefir athugað þetta mál eins og hún hefir getað bezt; en engu að síður hygg

eg þó, að það hefði þurft að íhuga það enn þá nánara.

Það fyrsta, sem eg rak augum í þegar eg leit á frumv. tollmálanefndarinnar, var nýbreytni ein undir tululið 9 við 1. gr. Hingað til hefir það verið venja, að reikna tollinn á vindlum og vindlingum eftir tölu, en nú leggur nefndin það til, að hann sé reiknaður eftir pundum. Háttv. framsm. (H. H.) vildi verja þessa nýbreytni með því, að það hefði komið í ljós, að sumir kaupmenn hefðu flutt inn vindla, sem væru þannig gerðir, að það mætti skera þá í sundur og fá úr þeim tvo vindla, með öðrum orðum nokkurs konar tvöfalda vindla, sem þeir borguðu jafnan toll af og öðrum vindlum. Eg skal alls ekki neita, að þetta geti átt sér stað eða kunni að hafa átt sér stað; en eg tel það mjög ólíklegt, að það hafi nokkra praktiska þýðingu; að minsta kosti verð eg að efast um, að það vegi upp á móti þeim erfiðleikum, sem þessi nýbreytni hefir í för með sér. Svo vil eg leyfa mér að spyrja að einu: Á nú að heimta tollinn af þeirri brutto-vigt, sem tilfærð er á tollskránum, eða ekki? Eg hygg það, því eg býst ekki við að menn ætlist til, að lögreglustjórarnir fari að taka vindlana upp úr kössunum og vega þá. (*Hannes Hafstein*: Það stendur á tollskránum). Já, það er tilfærður þunginn á tóbaki, en ekki á vindlunum. En svo er önnur spurning. Skyldi tóbakstollurinn ekki lækka, ef tolla ætti vindla og vindlinga eftir þyngd? Eg held að tollurinn á vindlingunum minkaði að minsta kosti.

Í 5. gr. stendur, að lögreglustjóri geti heimtað »æru- og samvizkuvottorð« frá þeim, sem ástæða er til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum. Þessi orð: »æru- og samvizkuvottorð« get eg ekki felt mig vel við; mér finst þau óvið kunnanleg; eg hefði kunnað langtum betur við að það hefði staðið »drengskaparvottorð«. Hegningarákvæðinu í 155. gr. alm. hegningarlaga hefði mátt beita alveg eins fyrir það, því þar stendur heldur ekki »upp á æru og samvizku«, heldur »upp á æru og trú«. Þá kann eg heldur ekki vel við síðustu setninguna í 1. málsgr. þessarar sömu greinar. Þar stendur, að viðtakandi skuli greiða það, sem á vantar tollinn, ef það reynist, að hann hafi ekki verið goldinn að fullu þegar í upphafi, »enda sé eigi »þyngri« ábyrgð fallin á hann eftir þessum lögum«. Mér finst þetta orð »þyngri« hefði vel mátt missa sig. Það er engin ábyrgð, þótt maður greiði tollinn.

Í 6. gr. frumv. finst mér koma fram dálítil ósamngirni. Þar er tekið fram, að tollgreiðandi skuli borga hæsta gjald, ef styrkleikur vínfanganna er ekki tiltekinn, nema hann á sinn kostnað láti rannsaka vínföngin; en í 2. málsgrein er sagt, að ef tollskrár yfir tollskylda þungavöru eru ógreinilegar, skuli lögreglustjóri láta rannsaka farminn og landssjóður borga kostnaðinn, sem af því leiðir, ef skýrslurnar reynast réttar. Í öðru tilfelli verður tollgreiðandinn sjálfur að borga allan kostnað at rannsókninni, hvort sem hann á nokkra sök eða ekki, en í hinu tilfellinu landssjóður, skipstjóri eða viðtakandi. Mér finst engin ástæða til að gera nokkurn mun á, hvort vörurnar eru þungavörur eða drykkjuvörur. Sé það rétt, að láta landssjóð borga rannsóknina á þungavörunni, þá finst mér líka rétt að hann borgi rannsóknina á drykkjuvörunum, en réttast finst mér, að láta viðtakandann borga rannsóknina, hvernig sem á stendur, sé það að eins nauðsynlegt, að hún fari fram. Mér er kunnugt um það, að á þýzkum og enskum tollskrám er ekki tilfærð nein þyngd, en væri viðtakandanum

gert að skyldu að borga rannsóknina, mundi hann láta segja til vörunnar erlendis, og þar mundi þá varla koma fyrir, að skýrslurnar væri ógreinilegar.

7. gr. frumv. get eg ómögulega felt mig við. Það er auðséð af orðalaginu í greininni, að meiningin hefir verið að binda hegninguna við, að maður segði vísvitandi rangt til. En til þess að koma að hegningu fyrir það, að gefa vísvitandi rangar skýrslur, er greinin algjörlega óþörf, því samkvæmt 155. gr. hegningarlaganna er lögð hegning við því, ef það reynist rangt, sem maður hefir lýst yfir, og það er í þeim tilfellum, þar sem slíkt er boðið eða leyft í lögum. Nú hefir nefndin sjálf komið með breyt.till. um að fella þetta orð: »vísvitandi« burtu, en þá fæ eg eigi betur séð en að 1000 kr. sekt sé alt of há, fyrir að eins af vangá að segja rangt til um tollvörur. Þegar svo stendur á, finst mér réttlátast, að sektin sé hvorki stór né smá, heldur alls engin. Í sömu grein er einnig gert ráð fyrir tvenn skonar sekt. Þetta held eg sé ekki rétt. Í seinna tilfellinu er ekki um neina sekt að ræða, hvorki hegningarsekt né þvingunarsekt, heldur að eins um tvöfalt gjald, og það er eftir minni meiningu nægileg ábyrgð fyrir þá, sem af vangá segja rangt til um tollskyldar vörur, en til þess að hegna þeim, sem segja vísvitandi eða af ásettu ráði rangt til, þarf ekkert sérstakt ákvæði, því þeir heyra undir 155. gr. hegningarlaganna, eða þá að minsta kosti undir 156. gr.

Eg er ekki viðbúinn að kritisera verulega breytingarnar á tollupphæðunum á hinum einstöku vörutegundum, enda getur það ætíð verið álitamál, hvað háar þær eigi að vera. Eg skal taka það fram, að eg teldi það æskilegt, ef nokkur tími væri látinn líða á milli 2. og 3. umr., svo menn ættu kost á að átta sig betur á hinum einstöku breyt.till., og verð eg að álíta það heppilegast, að menn héldu sér sem næst áliti tollmálanefndarinnar, en langæskilegast væri það þó að mínu áliti, ef stjórnin vildi taka málið að sér, og leggja fyrir næsta þing nýtt toll lagafrumv., því hún hefir bæði bezt tæki og tima til að kynna sér málið til hlítar.

Skúli Thoroddsen: Það eru að eins stuttar athugasemdir út af þeim brtt., sem eg hefi leyft mér að koma fram með.

Tillögur mínar hafa því miður ekki fundið náð hjá nefndinni nema að litlu leyti.

Eg skal geta þess, að því er snertir fyrstu brtt. mína, um að færa niður tollinn á tegrasi, þá vakti það fyrir mér, að mér virtist það nokkuð ósanngjarnt, að leggja svo háan toll á te, þar sem hér er um vörutegund að ræða, sem vanalega kostar milli 50 og 60 aura, svo að tollurinn yrði þá því sem næst 100%.

Í öðru lagi er þetta sú vörutegund, sem eg álít að væri heppilegt að heldur flyttist meira inn, heldur en nú er, og kæmi að nokkru leyti í staðinn fyrir kaffi. Eg álít að te sé yfir höfuð hollari drykkur heldur en þessi mikla kaffi eyðsla.

Að því er snertir aðra brtt. mína, að hafa tollinn á súkkulaði 20 a. í staðinn fyrir 15 a., þá skýrði háttv. frsm. nefndarinnar frá því, að nefndin hefði ekki neitt sérstakt við það að athuga, svo að eg þarf ekki að fara frekara út í það. Tillaga mín er bygð á því, að hér sé um munaðarvöru að ræða, og það munaðarvöru, sem getur eins vel borið 20 a. toll, eins og 15 a.

Að því er snertir þriðju brtt. mína, hefir hún mætt heldur slæmum byr hér í deildinni hjá sumum þeirra, sem tal-

að hafa. Það er sú tillaga að leggja ½ kr. toll á tunnuna af jarðeplum. Mér finst háttv. framsm. (H. H.) og h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) líta svo á, að ef þessi tollur væri lagður á jarðepli, þá væri þar með fyrirgirt, að nokkur innflutningur af þeirri vörutegund gæti átt sér stað; en þetta er bygt á fullkomnum misskilningi. Eins og háttv. framsm. drap á, þá er innkaup á jarðeplum í útlöndum vanalega — það er auðvitað nokkuð breytilegt, eftir því á hvaða tíma þau eru keypt, svo og eftir árferði o. fl. — svona frá 3,50 upp í 4,50 - 4,75 eða 5 kr. tunnan. Komi nú 2 kr. tollur á tunnuna, þá verður það — ef tekið er meðalverðið 4,25 — 6 kr. 25 a. og með fragt, 2 kr. á tunnu, kemur jarðeplatunnan hingað komin til að kosta 8 kr. til 8 kr. 50 a., og það sjá allir að það er engin frágangssök fyrir þá menn, sem vildu fá sér útlendar kartöflur, annaðhvort af því þeim fellur það betur, eða þeir í svip ekki geta fengið jarðepli innanlands. Það er engin frágangssök að afla sér jarðepla á þann hátt. Það kann að vera, að eins og stendur framleiði landið ekki alveg nægilegt af þessari vörutegund; en hér er á hinn bóginn um þá vörutegund að ræða, sem allir þeir, sem hafa landsstykki, ekki að eins bændur, heldur jafnvel húsmenn og menn í kaupstað, eiga kost á að framleiða, ekki að eins til heimilisþarfa, heldur jafnvel, að því er bændur snertir að minsta kosti, til þess að geta haft það fyrir verzlunarvöru. Jarðepli hafa ekki getað orðið að verzlunarvöru að neinum mun, vegna þeirrar samkepni, sem útlend jarðepli hafa valdið; kaupmenn mundu auðvitað ekki vilja kaupa innlendar kartöflur, nema þeir gæti fengið þær fyllilega jafn-ódýrar, eins og útlend jarðepli kosta hingað komin, þar sem margar tegundir útlendra jarðepla eru álitnar að sumu leyti betri heldur en innlend jarðepli, að undanteknum einstöku stöðum, eins og t. d. Akureyri og Akranesi, þar sem jarðeplarækt er komin lengst hér á landi.

Eins og landbúnaðurinn er bágstaddur hér á landi um þessar mundir, þá held eg einmitt, að það sé hvöt fyrir löggjafarþingið til þess að hlynna að honum upp á þennan máta. Það getur verið ekki lítið í það varið fyrir bóndann, ef hann getur haft svo og svo margar tunnur af jarðeplum til innsetningar í kaupstaðinn, og þar sem þilskipaútvegurinn vex ár frá ári og þar af leiðandi vex markaðurinn fyrir þessa vörutegund, þá má gera ráð fyrir, að þörfin vaxi ár frá ári. Auk þess er á það að líta, að það kostar ekki mikið í samanburði við, hvað það borgar sig mikið betur, að framleiða jarðepli heldur en að framleiða töðu. Dagsláttan, ef hún er notuð til að framleiða jarðepli, mun geta gefið af sér 80—100 tunnur. En ef við lítum á, hvað dagsláttan gefur af sér í túni — við lítum ekki á heyverðið, því það eru fæstir, sem geta selt töðuna — heldur á það, hvað bóndinn hefir af dagsláttunni, þegar hann er búinn að breyta heyinu í kjöt eða smjör, þá ætla eg að sú muni verða raunin á, að það sé varla einn sjötti partur móti því, sem fæst með því að nota jörðina til jarðeplaræktar. Líka er á það að líta, að vinna við jarðeplaræktina er ekki eins kostnaðarsöm, eins og önnur vinna, þar sem við hana má nota ódýrari vinnukraft; þess vegna þótti mér mjög leitt, að heyra ræðu háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) í þessu máli, og eg vona, að það hafi verið með fram af því, að hann hafi ekki verið búinn að átta sig á málinu, og atkvæðagreiðsla hans sýni, að hann hafi sannfærst af þessari ræðu.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á 2 eða 3 aðrar breyttill., þó eg sé ekki við þær riðinn. Það er brtt. á þgskj. 168 frá háttv. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann leggur það til að 5 aura tollur sé lagður á hverja flösku af gosdrykkjum, þá vil eg benda honum á, að ef þessi brtt. næði fram að ganga, þá yrði að athuga hana til 3. umr. Það er engin sanngirni í því, að leggja sama toll á hálfflösku og heilflösku. Hér mun vera sérstaklega átt við limonaði og sódavatn og þess háttar drykki; en það eru til fleiri óáfengir bindindisdrykkir, eg skal nefna t. d. bindindisdrykkinn »chika«; hann er fluttur inn í heilflöskum, og að leggja 5 a. toll á þá vöru, það væri hlægilega lítið, þar sem um vörutegund er að ræða, sem í útsölu er seld á nokkuð yfir krónu. Þetta er bara bending til háttv. flm., ef hann vildi lagfæra þetta til 3. umr. Mun eg því, þó tillagan sé nokkuð ófullkomin, greiða henni atkvæði mitt í von um, að það verði bætt úr henni við 3. umr.

Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) og reyndar fleiri hafa bent á það, að það sé varhugavert að fjölga mikið tollum, og að afleiðingin verði sú, að það megi til að setja upp tollstjórn, sem gleypi allan tollinn. Eg er á því, að þetta mikla tal um nauðsyn á tollstjórn og að það sé svo ægilegt — að það sé gjört alt of mikið úr því, því eg ímynda mér, að það sé hægt að koma tolltökunni fyrir hér á landi á ekki mjög kostnaðarsaman hátt, með því að hafa sérstaka innheimtumenn; það mætti setja til þess leikmenn, sem fúslega mundu taka að sér tolltökuna fyrir t. d. 4%; og ef sú breyting yrði, þá yrði það öllu betra tollefirlit, sem maður fengi upp á þann máta, heldur en það, sem nú á sér stað, þar sem það er á ábyrgð lögreglustjóra og manna, sem hann fær til að annast um tollheimtuna fyrir sína hönd; það eru vanalega hreppstjórarnir, menn, sem engin trygging er fyrir, að séu vel til þess starfa fallnir, og sem auðvitað er ekki eins tryggilegt, eins og ef einhver maður á viðkomandi verzlunarstað væri ráðinn til þess beinlínis af landsstjórninni og sem þá yrði að setja einhverja trygging, að minsta kosti þar sem eitthvað töluvert væri um að gjöra.

Viðvíkjandi þeirri athugasemd háttv. þm. Rangv., að þingið væri alt af að leggja á nýja og nýja tolla, og það væri óheppilegur rekspölur, þá lít eg svo á, að það sé ekki svo óheppilegur rekspölur, þó lagðir séu á ýmsir óbeinir tollar, og það er náttúrlega fyrirsjáanlegt, að það geta ekki liðið nema örfá ár, þangað til tolla verður margar fleiri vörutegundir; því alt af eru kröfurnar til landssjóðs að vaxa; menn eru að heimta meiri fjárframlög úr landssjóði, heimta betri samgöngur og þess háttar. Þessum kröfum, hversu sem þær eru á góðum rökum bygðar, getur landssjóður ekki fullnægt, nema að auka tekjur sínar; og ef stjórnarfyrirkomulagið væri ekki eins óheppilegt, eins og það er, ef þingið hefði þá stjórn, sem það gæti borið nokkurt traust til að mundi ráðstafa þeim tekjum heppilega, ef samvinna stjórnarinnar við þingið væri eins og hún á að vera, þá væri þegar búið að taka til gagngjörðrar endurskoðunar tolllöggjöf landsins. Það er ekki það hættulega að mínu áliti, þó menn hér eins og annarstaðar tolli allmargar vörutegundir, væri þeim tolli vel varið. Og vegurinn til þess að styrkja landbúnaðinn — það verður aðalráðið til þess óbeinir tollar, sem svo verða látnir ganga til þess að rétta landbúnaðinum hjálparhönd.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Eg vil leyfa mér að minnast á tvö atriði, brt.

um toll á mjöli og toll á jarðeplum. Eg þykist vita, að tilgangur flm. brtt. með uppást. þessar er sá, að stuðla að því, að jarðeplarækt in aukist, og að korn sé malað í landinu. Þar við er það að athuga, að eins og við vitum, eru allar framfarir seinfara hjá oss, og yrði því þess töluvert langt að bíða, að verulegar framfarir sæjust í þessum atriðum; aftur koma tollgreiðsluákvæðin strax til framkvæmda, og þar sem árangur hans til að auka framleiðslu og vinnu í landinu sæist ekki fyr en eftir allmörg ár, þar sem allar framfarir eru hægfara hér af fátækt og félagsleysi, þá yrði afleiðingin af álagning tollsins sú, að þeir fátæku yrðu enn fátækari; þeir ættu þar af leiðandi enn óhægra með að koma upp hjá sér mylnum og auka jarðeplaræktina, en í þeirri grein eru framfarirnar, þó hægt fari, alt af að aukast, og mundu gera það engu síður, þó að tollurinn ekki væri lagður á. Eg held, að það væri heppilegra og beinni vegur til að ná tilganginum, ef háttv. flm. vildi stuðla að framförum í þessa átt á annan veg, t. d. með því að stinga upp á verðlaunum fyrir útflutt jarðepli frá þeim stað, þar sem þau eru ræktuð, og fyrir hverja tunnu korns, sem möluð er í landinu, og væri þá eðlilegast, að veita Búnaðarfélagi Íslands fé til þess, að veita slík verðlaun. Þetta væri líkt og nú á sér stað með verðlaun fyrir útflutt smjör. Yrði þetta auðvitað að gera eftir nákvæmari reglum, sem búnaðarþingið setti. Síðar mætti svo leggja tollinn á, og verja honum til verðlaunanna, ef ástæða þætti til. En hér á ekki við, að koma fram með nákvæmari tillögu um þetta. (*Stefán Stefánsson* þm. Skgf.: Hún kemur annarstaðar!). Því hún kemur ekki þessu máli við. Ef hún kæmi fram, mundi eg vera með henni og þá máske með tolli síðar; en að svo stöddu get eg ekki greitt atkvæði með þessum breytingartillögum.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Eg vildi leyfa mér að benda á, að eins og 2. gr. frumv. nú er orðuð, gerir hún kaupmönnum og öðrum, sem tollskyldar vörur fá með skipum, næsta örðugt fyrir, fyrst og fremst vegna þess, að hún gerir þeim að skyldu, að borga tollinn á þeirri höfn, þar sem skip kemur fyrst við land, löngu áður en þeir selja vöruna, og í öðru lagi vegna þess, að þeir vita ekki fyrirfram, hvort lögreglustjóri á þeim stað tekur gildar ávísanir þeirra. Þessir agnúar mundu hverfa, ef þeir mættu borga tollinn á þeim stað, sem vörurnar eiga að fara á land á.

Hin aths. sem eg vildi gera, er út af 9. gr. Það hefir komið fyrir mig sem tollstjóra, að ekki hefir fyrir fundist í skipinu eins miklar vörur og á tollskrá hefir staðið, og lögreglustjóri hefir orðið að votta, að þær vörur hafi ekki komið. Á nú að greiða toll af þessum vörum, sem standa á tollskrá, en sem ekki fyrirfinnast í skipinu, eða ekki? Um það vantar alveg ákvæði í frumv.

Eg skal enn geta þess, að mér finst varla ná nokkurri átt, að leggja eins mikinn toll á vöru eins og hún kostar í innkaupi, en það er gert með sódavatn og gosdrykki hér í frv. Eg er aftur með því, að leggja toll á mjöl og og jarðepli, sérstaklega af því, að það mjöl, sem til landsins flyzt, er mjög svo lélegt. Eg hefi tekið eftir því, þegar eg hefi ferðast um hérað mitt, að eg hefi þekt brauð úr útlendu mjöli frá því brauði, sem gert hefir verið úr mjöli, sem heima var malað. Auk þess er 200 pd. af mjöli 2 krónum dýrara hjá kaupmönnunum hér á landi en 200

pund af korni, og hins vegar veit hver maður, að það kostar ekki 2 kr. að mala 200 pd. af korni í útlöndum, heldur að eins um 50 aura, og rennur þá mismunurinn í vasa kaupmannsins, og má það með réttu kallast skattur á þá, sem mjölið kaupa, í vasa kaupmannsins. Flutningskostnaði á korni til mylnu geri eg ekki mikið úr; það er óvíða mjög langt í mylnu hér á landi, og þar sem menn hafa tekið fram, að mylnan kostaði líka nokkuð, þá er það sannarlega ekki mikið, enda geta fleiri bygt í samlögum.

Einar Jónsson: Eg vildi sérstaklega minnast á 2 atriði, þau sömu, sem síðasti háttv. ræðumaður mintist á, toll á kartöflum og mjöli. Eg er hvorutveggja mótfallinn. Hvað mjöltollinn snertir, þá viðurkenni eg, að hann væri þarfur, ef hann gæti náð þeim tilgangi, að mjöl yrði til muna minna keypt, en kornið heldur keypt ómalað. En það er kunnugt, að kaupmenn leggja tollinn ekki æfinlega beinlínis á þá tollskyldu vöru, heldur jafna honum niður á bæði þá vöru og aðrar, eftir því sem þeim þykir haganlegast með tilliti til sölu á vörunum, og fyrir því geta menn búist við, að sá tollur, sem hér er um að ræða, verði eigi fremur lagður á sjálft mjölið, en á aðrar vörur, ef kaupmenn álíta það haganlegra til að geta selt það, og þá næst tilgangurinn með tollinum ekki. Flestum mun nú ljóst, að útlent mjöl er verra en hið innlenda, og lízt mér, að flutnm. ætti að treysta svo skynsemi landsmanna, að þeir sjái og sannfærist um það, að minsta kosti smátt og smátt, að það er betra að kaupa kornið og mala það heima, þar sem því verður viðkomið, og er vonandi, að það verði ofan á víðast hvar. En það er allvíða, að erfitt er og dýrt að fá kornið malað, og þeir menn mundu helzt kaupa mjölið. En það er ekki sanngjarnt, að þeir menn borgi einmitt þennan toll, sem af einhverjum ástæðum eiga óhægt með að fá kornið malað hér.

Það er álíka með kartöflutollinn, að þeir mundu helzt verða að borga hann, sem erfiðast eiga með að rækta þær. Það er kunnugt, að landið er mjög misjafnt fallið til kartöfluræktar. Þannig er miklu örðugra og tvísýnna um sumartímann að rækta kartöflur á Norður- og Austurlandi, en í hinum fjórð. landsins, einkum vegna næturfrosta, sem þar eru miklu tíðari en annarstaðar, og má segja, að það sé allvíða, sem þær jtæplega eða alls ekki verða ræktaðar. Ef tollurinn hitti þá menn, sem fyrir framtaksleysi og hirðuleysi ekki rækta kartöflur, og gæti knúð þá til að rækta þær framvegis, þá væri hann góður og næði auðvitað tilgangi sínum. En það er ekki svo. Hann hæmi einmitt helzt niður á þeim, sem sízt geta ræktað þær, þó þeir vildu. Annars er eg yfir höfuð mótfallinn því, að tolla nauðsynlega matvöru, fyr en neyðin knýr til þess, til þess að auka tekjur landsjóðs, en það álít eg ekki vera enn.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg hafði hugsað mér að fresta því að tala um þetta tollamál til 3. umræðu, en eg vil nú þegar geta þess, að eg hefi einsett mér, að greiða atkv. móti 12.—17. tölulið frumv., og sömuleiðis öllum br.-till, sem fara í þá átt, að hækka eða breyta tolli frá því sem nú er. (*Þ. J. Thoroddsen*: Ástæður!). Ástæðurnar eru þær, að eg sé ekki knýjandi ástæðu til að leggja á nýja tolla. (*Þ. J. Thoroddsen*: Hvers vegna ekki?). Mér er það að vísu fullkunnugt, að fjárhagur landssjóðs er fremur veikur gagnvart þeim vaxandi kröfum, sem til hans eru gerðar. En hins vegar verð eg að segja, að eg veit með vissu, að tekjurnar af

hinum nýju tollum verða eigi svo miklar, að nokkuru verulegu nemi. Það er sjálfsagt, að það þarf að endurskoða toll-löggjöfina innan skamms tíma, og þá verður að tolla ýmsar vörur, sem í þessu frumv. er slept, og færa upp tolla á öðru, og í sambandi við það verður að endurskoða og lagfæra ýmislegt, sem stendur í sambandi við tolla, svo sem tollgreiðslumáta, innheimtueftirlit o. s. frv. Sömuleiðis skal eg taka það fram, að þó að eg í sjálfu sér ekki hafi mikið að athuga við það, sem nefndin hefir tekið upp í frumv., þá sakna eg þess, að hún hefir slept t. a. m. tilbúnum fatnaði; af honum er flutt ákaflega mikið til landsins, og eftir þeirri stefnu, sem nefndin hefir tekið, þá stendur sú vara nær því að tollast, heldur en ýmsar aðrar, sem hún hefir tekið með, eins og t. a. m. tegras, brauðtegundir ýmsar, og enda niðursoðin matvæli. Sömuleiðis skal eg benda á, að eg sakna þess, að ekki er farið fram á í frumvarpinu, að tolla aðfluttan skófatnað og skinnavöru; það væri dálagleg upphæð, sá tollur, sem af því fengist, og það væri fult eins mikil ástæða til að leggja toll á það, eins og ýmislegt annað, sem hér er farið fram á að tolla, þar sem bæði er að komast hér upp sútun og atvinna skóara ykist.

Enn sakna eg þess, að nefndin hefir ekki lagt toll á margarine, sem hingað flyzt svo mikið af; eg tala ekki um verndartoll, heldur að eins um toll, sem gæfi landssjóði töluverðar tekjur, og ekki væri tilfinnanlegur fyrir þá, sem brúka það. Það er einhver hin hentugasta vara til tollálagningar, af því að mikið flyzt af henni, og af því hún er ekki dýr. Ef lagðir væru 8—10 aurar á pundið, mundi það gefa landssjóði í tekjur 14—16 þúsundir. Tollur á þessum 3 vörutegundum, sem eg hefi nú nefnt, mundi efalaust gefa landinu meiri tekjur en sumt það, sem farið er fram á að tolla í frumv., t. d. brauðtegundir, súkkúlaði o. fl., auk þess sem eftirlitið mundi verða miklum mun hægara. Eg vildi láta í ljósi þessar bendingar, jafnvel þó eg búist ekki við, að þær verði teknar til greina, jafnframt og eg lýsti því, að eg gæti ekki greitt atkv. með, að frumv. gangi til 3. umr.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eins og eg bjóst við, þá hefir komið fram talsverð mótspyrna móti ýmsum tillögum nefndarinnar. Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir athugasemdir hans og kannast fúslega við, að þær eru yfir höfuð á góðum rökum bygðar. Eg verð að halda því fram, að ákvæðin um rannsókn þrendra drykkja séu nógu skýr í frumv. Það stendur að vísu ekkert um það í 6. gr., hvernig sú rannsókn skuli fara fram, sem þar er gert ráð fyrir, en þar er talað um, að sá, sem fær vínföng þau, er styrkleiki þeirra er ekki tilgreindur, skuli fá vottorð lögreglustjóra um hann, og lögreglustjóri ræður, á hvern hátt hann aflar sér þeirrar vitneskju um styrkleikann, sem nauðsynlegt er í hverju tilfelli. Þó mun nefndin taka þetta atriði til íhugunar.

Eg játa það, að mér gleymdist að geta um ástæðuna fyrir því, að nefndin leggur til að greiddir séu 4% í innheimtulaun af hinum nýtolluðu vörum; en hún er sú, að nefndin hélt, að tolleftirlitið mundi verða svo miklu erfiðara eftir en áður við það, að svo mörgum nýjum vörutegundum er bætt við flokk hinna tollskyldu vara, en hins vegar þó um svo litlar tollupphæðir að ræða á mörgum stöðum, að erfitt mundi verða fyrir lögreglustjórana að inn-

heimta tollinn, nema með því að borga umboðsmönnum ómakslaun, meir en hingað til. Þó skal eg játa það, að það er hálfóviðkunnanlegt að hafa tvenn mishá innheimtulaun; eigi að síður tók nú nefndin þann kostinn heldur en að hækka öll innheimtulaunin, t. d. upp í 2½%, eins og kom til tals í nefndinni, og sem eg persónulega hefði álitið réttara, en með því móti hefðu innheimtulaunin í heild sinni orðið hærri en þau munu verða eftir uppástungu nefndarinnar. Það er rétt athugasemd hjá hæstv. landsh. um 2 merkurnar, og mun eg leggja til að nefndin komi þar fram með breyt.till.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) mælti fram með tolli á gosdrykkjum, kvað hann innflutning þeirra hingað mundu hverfa, ef tollurinn yrði lagður á þá. En eg held að hann muni hverfa hvort sem er, og eg sé ekki ástæðu til að vera að leggja innflutningstoll á vörutegund, sem er í andarslitrunum; það væri að eins til að gefa fjárhagslegar gyllivonir, sem ekki geta rætst. Að minsta kosti er um svo lítla upphæð að tala, að það mundi muna mjög lítið um hana, og 5 aura tollur á pelann af vatninu væri sama sem fullkomið aðflutningsbann og mundi þá alls ekki gefa neinn tekjuauka.

Háttv. þm. (V. G.) vildi lækka tollinn á tóbaksblöðum til þess að styðja að tóbaksgjörð og vindlagjörð í landinu. Það er vafalaust ekki nema lofsverð stefna, að vilja styðja innlenda framleiðslu og framtakssemi, og mjög er það mikil framför frá stefnu síðasta þings, sem bannaði harðlega ölgjörð í landinu að viðlögðum þungum sektum (*Valtýr Guðmundsson*: Eg var ekki með því); slík lög munu vera einsdæmi í þessari heimsálfu og þótt víðar væri leitað. Það getur sem sé ekki verið, að þar sé að eins um bindindismannakreddu að ræða, því að öl flyzt til landsins og er drukkið eins mikið og þó að það væri tilbúið hér í landi, að eins keypt nokkuru dýrara. Lögin hafa því enga aðra stefnu en þá, að banna arðvæna atvinnugrein í landinu. En þó að það gleðji mig, að h. þm. Vestm. (V. G.) er horfinn frá þeirri stefnu, þá álít eg þó ekki nægja ástæðu til, að aðhyllast þessa breyt.till. háttv. þm. (V. G.), því eins og nú stendur, er nógur munur á vindlatollinum og tóbakstollinum og óþarfi að gera hann meiri, enda tollurinn á tóbaki og tóbaksblöðum ekki mjög hár í sjálfu sér í sambandi við toll á sams konar vöru víða annarsstaðar.

Það hefir verið talað mjög mikið um toll á kartöflum, og er eg þar samþykkur háttv. þm. Borgf. (B. B.). Eg álít að enn sé ekki tími til kominn að leggja toll á þær, meðan svo er, að þær eru alls eigi ræktaðar á stórum svæðum í landinu, og verzlun með þær ekki neitt verulega komin í gang enn inn anlands. Það er að vísu satt, að það gæti verið ýmsum, sem nú ekki rækta kartöflur, til hvatningar að byrja þá rækt, ef kartöflur stigju í verði. En nú mun mörgum finnast, að þær séu fulldýrar, eins og nú stendur, en eg held að réttara sé þó að fylgja þeirri aðferð, sem h. þm. Borgf. (B. B.) benti á, að heita verðlaunum fyrir jarðepli ræktuð í landinu, heldur en að vera að leggja toll á innflutt jarðepli. Þegar svo hefir gengið um nokkur ár, þá má vænta þess, að jarðræktin hafi vaxið svo, að landið sjálft geti byrgt sig upp að þeirri vöru, þá fyrst getur tollur á útlendum kartöflum komið til tals.

Um tollinn á mjöli er nokkuð svipað að segja; það á ekki við að leggja hann á, á meðan eigi eru til mylnur í landinu, nema svo mjög af skornum skamti, til að mala korn í. Verð eg því að mæla á móti honum að svo stöddu,

þótt eg játi að tilgangurinn sé góður, þar sem þessi tollur á að miða að því að útvega mönnum betri fæðu.

Hér er annars um töluverða fjárupphæð að ræða, ef þessi tollur yrði lagður á, og er því gott að eiga hann í vitum sínum til að grípa til, þegar á fé er þörf í landssjóð síðar meir.

Háttv. þm. Snæf. (L. B.) talaði um, að ekki mundi vera heppilegt að breyta tollinum á vindlum, þannig að hann væri miðaður við þyngd þeirra; en eg hygg að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi ekki gætt þess, að á öllum tollskrám er bæði færð til þyngd vindlanna með umbúðum og líka án umbúðanna, þótt tollurinn sé tekinn eftir tölu. Það er því þegar, eins og nú er, hægt að koma því við, að tolla vindlana eftir þyngd, eins og tóbakið, sem er réttlátara heldur en að leggja víst gjald á hvern vindil, af því vindlar geta verið til afar misstórir. Það annað sem hann talaði um, að réttara væri að setja drengskaparvottorð í staðinn fyrir æru- og samvizkuvottorð, þá er þess að geta, að þetta orðatiltæki er tekið upp úr hinum gildandi toll lögum. Þetta atriði er annars svo lítilfjörlegt, að varla tekur að breyta því, einkum þegar þess er gætt, að í hegningarlögunum er haft »upp á æru og trú«. Þá þótti háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) ósamræmi í því, að sá sem vínanda fengi, þann, er styrkleikinn væri eigi tiltekinn, ætti jafnan að borga kostnað þann, er leiddi af rannsókn hans, en væri ógreinilega skýrt frá þyngd einhverrar vöru, svo að rannsókn þyrfti fram að fara fyrir þær sakir, þá lenti kostnaðurinn ekki jafnan á viðtakanda eða skipstjóra, heldur stundum á landssjóði. En þess er að gæta, að skýrslan er jafnan ófullnægjandi og ófullkomin, þegar eigi er tilgreindur styrkleiki vínfanganna, svo að rannsókn getur þar aldrei fram farið ófyrirsynju; hér er því ekki um ósamkvæmni að ræða.

Þá þótti háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) 7. gr. óþörf; en svo er ekki, því að hver sem skýrslu gefur hann á að vita, um hvað hann gefur skýrsluna, og ekki nema rétt, þótt hann verði að taka afleiðingarnar, sé misbrestur á því. Sömuleiðis er það rétt, að hver sá, sem vanrækir að gefa skýrslu þá, sem hann eftir 4. gr. á að gefa, sæti refsing, og það er einmitt nauðsynlegt, að taka það hér fram; því að ákvæði hegningarlaganna ná ekki til þess. Eg kannast ekki heldur við, að sektaákvæðin séu ósanngjarnlega há. Það má setja sektina svo lága, sem vera skal; en fyrir getur það komið, að ekki sé það ósanngjarnt, þótt hún stigi upp í 1000 kr. Þess er og að gæta, að sé hinn seki óánægður með sektina, þá mun hann eiga kost á að leita réttar síns fyrir hærri dómstólum. Það er ekki nýtt ákvæði, að sá, sem sekur hefir orðið um tollsvik, greiði, auk hinnar ídæmdu sektar fyrir brotið, aðra sekt, er sé tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan; þetta eru ákvæði; sem tekin eru óbreytt úr lögunum um kaffi- og sykurtollinn, og fanst oss ekki ástæða til, að breyta orðalagi þeirra. En það mun eigi rétt hjá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að að eins eigi að borga tollinn tvöfaldan, heldur hitt, að fyrst á að borga tollinn, og síðan sekt, er nemi tollinum tvöföldum eða alls sama sem tollinn þrefaldaðan.

Háttv. 1. þm. Ísf. (S. Th.) studdi tillögu sína um að færa niður toll á tegrasi með því, að það kostaði ekki nema 50—60 aura pd. í innkaupi. Mér er þetta ókunnugt, og mikið mega kaupmenn græða á verzlun sinni, ef þeir græða að sama skapi á öðrum vörutegundum, eins og þeir græða á tegrasi

eftir frásögn háttv. þm. (S. Th.); því að það vitum vér, að hér er pundið selt á 1 kr. 50 a. til 2 kr..

Háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) taldi það rétt, að fela sérstökum tollheimtumönnum í hverri sveit — öðrum en lögreglustjórum — tollheimtuna á hendur. Eg held að þessi tillaga hafi ekki verið sem bezt íhuguð. Vér vitum það, að það er mjög farið að tíðkast, og fer að líkindum í vöxt, að menn út um sveitir panti vörur sínar sjálfir í smáum skömtum, og jafnvel í sumum smáum kauptúnum nemur tollurinn ekki meira en svo sem fáum hundruðum króna Ef ekki ætti að borga þessum nýju tollheimtumönnum hærra kaup en 2% af hinu innheimta fé, er hætt við, að þeim þætti lítið koma í aðra hönd fyrir alt ómakið, og er eg hræddur um, að það yrði erfitt, að fá áreiðanlega tollheimtumenn, þar sem ekki er fyrir meira að gangast. Það mundi því sjálfsagt verða torvelt fyrir háyfirvöldin, að sjá tryggilega fyrir því, að tollarnir greiddust í landssjóð eins og vera ber, og er því tillaga þessi meir en varhugaverð frá landssjóðsins sjónarmiði.

Háttv. þm. Dal. (B. B.) vildi eigi að tollur væri greiddur þar að sjálfsögðu, sem varan kæmi í land, heldur á þeim stað, sem varan ætti að fara til. — Við þetta er það að athuga, að öll fyrirhöfn við tollheimtu hlýtur að fara fram þar, sem varan er, er tollurinn hvílir á. Strandi skip, þannig, að vörur úr því séu seldar, er alveg sjálfsagt, að taka tollinn um leið af andvirði hinnar seldu vöru; þegar vörurnar á annað borð eru komnar í land, ber sá lögreglustjóri, sem þar á hlut að máli, ábyrgð á því, að þeim sé ekki slept aftur, fyrr en vissa er fyrir því, að tollurinn sé greiddur. Þar sem öll fyrirhöfnin þannig hvílir á honum, er réttast, að hann undir þessum kringumstæðum innheimti tollinn sjálfur, í stað þess, að geyma vörurnar þangað til hann hefði fengið vottorð frá lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, er vörurnar voru ætlaðar til, um það, að tollur af þeim væri greiddur, og það er auðsætt, að slíkt er óþarfatöf og vafningar.

Þá vildi háttv. þm. Dal. (B. B.) láta bæta inn í 9. gr. ákvæði um það, að engan toll skuli greiða af vörum, sem oftaldar eru á tollskrám; en eg álít, að eigi þurfi að taka þetta fram, því að það felist í fyrstu grein með því, að þær vörur geta ekki talist fluttar til Íslands, sem aldrei eru sendar þangað, þótt þær ranglega séu tilgreindar á tollskránni.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) vildi fella alla þá nýju liði, sem nefndin hefir stungið upp á að tolla. Það er ekki til neins að vera að deila við hann um það, því nefndin er þar á gagnstæðri skoðun. Hann vildi aftur á móti láta leggja toll á tilbúinn fatnað, skinn, skófatnað og smjörlíki. Það getur vel verið, að ástæða verði til, að leggja einhvern tíma toll á þessar vörutegundir. — En þó skal eg taka það fram um smjörlíkið, að um það ættu menn að hugsa sig vandlega áður en þeir fara að draga svo mjög taum sveitanna gagnvart sjávarplássunum, að leggja toll á þá nauðsynjavöru. Smjörið, sem fæst hér á landi, er því miður hvorki mikið né gott, og þó svo færi bráðlega, sem vonandi er, að smjörgerð hér í landi fari vel fram, svo að um verulegan útflutning smjörs gæti orðið að ræða, þá væri heldur ekki heppilegt fyrir landbændur, að smjörlíkið væri orðið mjög dýrt, því það má búast við, að þeim fari eins og smjörbændum erlendis, að

þeir selji smjörið sitt og þurfi þá aftur að nota smjörlíkið til sinna heimilisþarfa.

Það er leitt, að frumv. skuli ekki finna meiri náð fyrir augum háttv. þm. V.-Sk. (G. G.). Mundi þess enginn kostur, að hann tæki það til nýrrar yfirvegunar, og komi þá með breytingartill. til 3. umræðu, ef honum finst nauðsynlegt, og veiti oss þannig hið mikilsverða fylgi sitt?

Lárus H. Bjarnason: Háttv. frmsm. (H. H.) gat ekki verið mér sammála, og þykir mér það leitt. Eg hefi von um, að geta sannfært hann, og stend því upp aftur. Það er ekki rétt, að »bruttó- og nettó«-þunga vindla sé alt af getið á tollskránum. Hans er sjaldan eða aldrei getið, og því yrðu lögreglustjórar að láta vega kassana utan af vindlunum, ef ætti að fara að tolla vindla eftir þyngd.

Það er satt, að það er ekkert höfuðatriði, hvort maður kallar vottorð viðtakenda »æru- og samvizku-vottorð« eða »drengskapar-vottorð«. »Æra- og samvizka« er ljótara en »drengskapur« og verður ekkert betra fyrir það, þótt það sé tekið upp úr eldri lögum.

Háttv. framsögum. (H. H.) fann enga ósamkvæmni í því, að láta misjafnar reglur gilda um rannsóknar-kostnað drykkjarvöru og þungavöru. Hann vill láta viðtakanda borga rannsókn drykkjarvara, þegar styrkleiki er ótiltekinn, og eg hefi ekkert á móti því, en viðtakandi á þá, einmitt eftir sömu reglu, að borga rannsóknina, þegar enginn þungi er tiltekinn.

Háttv. framsögum. (H. H.) álítur 7. gr. ekki óþarfa og taldi rétt, að þeim, er vanrækti að segja til afhentrar, tollskyldrar vöru eftir 4. gr., væri hegnt eftir 7. gr.; en hann gjörði enga tilraun til að rökstyðja þessa skoðun, og eg leyfi mér að leggja það svo út, sem greinin verði ekki varin. Greinin leggur hegningu við tvenns konar brotum, því, að segja rangt til um mótteknar tollvörur, og því, að vanrækja að segja til afhentrar tollvöru eftir 4. grein. — Upphaflega var refsingin bundin því skilyrði, að brotið væri framið »af ásettu ráði«, en nú eru þau orð numin úr greininni, og líklega í því skyni, að greinin geti átt við vangá. Sé til þess ætlast, verður hegningin alt of hörð og eigi í samræmi við 1. málsgrein í 5. gr., sem leggur enga hegningu við því, að »factura« viðtakanda sýni, að »æru- og samvizkuvottorð« hafi verið ranglega gefið. Ef um vangár-brot væri að ræða í 7. gr., ætti að fara með hlutaðeiganda eins og farið er með hann í 5. gr.; hann ætti að eins að borga það, sem vantaði til, að hann tollaði til fulls. Eigi greinin hins vegar að eins við ásetningsbrot, og til þess bendir niðurlagið á greininni, þá ber þess að geta, að í 155. gr. hegningarlaganna er næg heimild til að refsa fyrir slík brot. En þar er ekki lögð hegning við vanrækslu tilkynningar eftir 4. gr., kann einhver að segja. Það er satt. En ætti að beita 7. gr. í því tilfelli, yrði refsingin alt of hörð, og það því fremur, sem þar yrði ekki heimtaður undandráttarásetningur. 4. gr. gengur út frá því, að vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda, og leggur alt að 1000 króna sekt við því, að segja ekki til hinnar afhentu vöru innan þriggja daga. — Manninum kann að hafa verið ómögulegt, að koma boðum til lögreglustjóra í tækan tíma, og svo á hann fyrir það eitt að borga 1000 króna sekt og tollinn þrefaldaðan; en það væri sannarlega alt of hart. Þetta mun hafa verið sett til að girða fyrir »smugleri«, en nær ekki til þess. Það er engin hegning sett við því, að maðurinn flytji vöruna sjálfur inn og segi ekki til

hennar. Það er mjög óviðkunnanlegt, að segja, að sá, sem brýtur, skuli borga alt að 1000 krónu sekt og auk þess gjalda »sekt«, er sé tvöföld við tolluppháeðina. Sekt á seinni staðnum þýðir ekki hegning; það ætti að heita tvöfalt það »gjald«, er hann reyndi að draga undan.

ATKV.GR.: Breyt.till. 142, 1. við 1. gr. 2. tölul. feld með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 154. 1. við 1. gr. 4. tölul. samþ. með 20 samhlj atkv.

Breyt.till. 154. 2. við 1. gr. 7. tölul. samþ. án atkvæðagr.

Breyt.till. 168. 1. við 1. gr. 7. tölul. feld með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. 168. 2. við 1 gr. 8. tölul. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 128. 1. við 1. gr. 12. tölul. feld með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. 168. 4. við 1. gr. 13. tölul. feld með 11 : 6 atkv.

Breyt.till. 142. 2. við 1. gr. 13. tölul. samþ. án atkvæðagr.

Br.till. 128. 2. við 1. gr. 13 tl. feld með 13 : 7 atkv.

Breyt.till. 172. 1. við 1. gr. 15. tölul. feld með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. 172. 2. við 1. gr. 16. tölul. þar með fallin.

Br.till. 174. 1. við 1. gr. 17. tl. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. 154. 3. við 1. gr. 17. tölul. samþ. með 14 : 3 atkv.

Breyt.till. 128. 3. við 1. gr. 17. tölul. feld með 13 : 6 atkv.

Br.till. 142. 3. við 1. gr. 17. tl. feld með 14 : 3 atkv.

Breyt.till. 174. 2. við 1. gr. 17. tölul. tekin aftur.

Breyt.till. 189. 1. við 1. gr. 17. tölul. samþ. með 12 samhlj. atkv.

1. gr. frv. með áorðnum breytingum samþ. með 16 : 3 atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 189. 2. við 4. gr. samþ. með 16 atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 174. 3. við 6. gr. feld með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. 174. 4. við 6. gr. feld með 14 : 1 atkv

Breyt.till. 174. 5. við 6. gr. skoðuð sem fallin.

Breyt.till. 174. 6. við 6. gr. feld með 15 : 1 atkv.

6. gr. frv. samþ. með 14 : 2 atkv.

Breyt.till. 189. 3. við 7. gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

7. gr. frumv. með breytingum samþ. með 13 : 4 atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 189. 4. við 9. gr. fyrri lið: »á leið« falli burt, samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 189. 4. síðari liður samþ. með 13 atkv.

9. gr. frumv. með breytingum samþ. með 12 atkv.

10. gr. og 11. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 154. 4. við 12. gr. samþ. án atkvæðagr.

12., 13., 14., 15. og 16. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Þriðja umr., 29. júlí (C bls. 370—373, brt. bls. 369, 375, 383, 385, 400, 401).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Þótt þær breyt.till., sem fram hafa komið síðan við 2. umr., séu á æðimörgum skjölum, þá eru þær í sjálfu sér ekki svo margbrotnar eða sundurleitar, að eigi sé allauðvelt að átta sig á þeim. Skal eg þá byrja á því, að víkja að þeim breyt.till., sem nefndin sjálf ann-

aðhvort hefir komið með eða getur aðhylst. Fyrst er þá að minnast á breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 211; *hún er fram komin eftir bendingu* hæstv. landsh. Við 1. gr. 7. lið er breytingin sú, að í staðinn fyrir 2 merkur komi: 1 pottur, og við 1. gr. 16 lið, að orðið »tilbúnum« falli í burtu. Hér er ekki um efnisbreyting að ræða, heldur að eins lögun á orðalagi frumv. En svo kemur sú efnisbreyting, að við 6. gr. á eftir orðunum »þessara laga« í fyrsta málslið bætist: »nema vínföngin flytjist í flöskum, er taki 3 pela eða minna«. Eins og eg talaði um við 2. umr., gengur nefndin út frá því, að þegar whishy eða kognak er flutt á flöskum frá útlöndum, þá muni það hafa þann styrkleika, er hæfilegur sé til þess að það verði notað á venjulegan hátt, en þegar það sé sterkara en svo, þá sé það flutt í stærri ílátum, og að þá sé allauðvelt að koma því við, að mæla styrkleikann. Þá kem eg að breyt.till. á þgskj. 235, og skal eg geta þess, að nefndin hefir gert þær breytingar í samráði við háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og meðflutnm. hans. Við nánari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að réttara mundi, eins og nú stendur, að halda tollinum á vindlum eftir tölu þeirra, en leggja hann ekki á eftir þyngd, eins og hún fyrst vildi; hún hefir nú rannsakað æðimargar tollskrár og komist að þeirri niðurstöðu, að 100 vindlar verði að jafnaði eftir því sem upp er gefið á þeim talsvert þyngri en 1 pd., hlutfallið þar ekki fjarri því að vera 5 á móti 7, svo að hér yrði um töluverða tollhækkun að ræða, en það var ekki tilgangur nefndarinnar; hún hafði gengið út frá því, að 100 vindlar mundu að meðaltali vera í kringum 1 pd., og studdist hún þar við upplýsingar, sem hún hafði fengið frá kaupmönnum, en tollskrárnar hafa sýnt henni, að þetta er ekki svo, hvort sem það nú kemur til af því, að eitthvað af umbúðunum sé reiknað með á tollskránum, eða hinu, að þeir séu í raun og veru þyngri. En um leið og nefndin hefir komið með þessa breytingu, hefir hún og greint í sundur vindla og vindlinga, og skipað vindlum í flokk sér undir staflið a. með 200 a. tolli á 100, og vindlingum undir staflið b með 100 a. tolli á 100.

Þá er breyt.till. við 7. gr., sem gengur í sömu átt sem breyt.till. á þgskj. 215, sem vill gera greinarmun á því, hvort það hafi verið óvart eða af ásettu ráði, að ekki hefir verið rétt skýrt frá tollskyldri vöru, eða að slept hefir verið að greina frá henni, með öðrum orðum: þegar vöru hefir verið smeygt inn ótollaðri; um það vantaði ákvæði áður, en nú felst og í 7. gr. hegningarákvæði fyrir slíkt athæfi. Þessi ákvæði eru nánara tiltekin í kafla þeim, sem bætt er aftan við greinina, og sem er þannig: »Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að álíta, að lögreglustjóri hefði af tollskrám eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða«.

Ef þessar breyt.till. komast að, sem nefndin hefir komið með, þá mun verða hægt að gera hæfilegan mun á stórum og litlum brotum. Hegningarramminn verður þá svo víður, að hann byrjar á engum sektum og nær alt upp að 1000 kr. sektum; er þá nóg svigrúm til þess að gjöra greinarmun eftir því, hvort um afsakanlegt ógát er að ræða, eða grunsamlegar rangfærslur, og því, hvort að eins afsakanlegur undandráttur hefir átt sér stað, eða tilkynning hefir verið látin fyrir farast á

þann hátt, að tollgreiðsla geti þar við undan fallið.

3. breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. 17. lið er sú, að í stað orðanna »öllum niðursoðnu kjöti og fiskmeti« komi: »öllu niðursoðnu kjöt- og fiskmeti«. Þetta er að eins leiðrétting og orðabreyting, sem ekki þarf að fjölyrða um.

Ennfremur leggur nefndin til, að orðið »búsettum« falli burt úr 5. gr. Nefndinni þótti ekki ástæða til að binda ákvæðið við búsetta menn eina; hún tók ákvæðið upp úr eldri lögum, en það geta verið fleiri en búsettir menn í umdæminu, sem koma með tollskyldar vörur eða fá þær, og er þá réttara að breyta þessu.

Önnur breyt.till. við 5. gr., sem nefndin hefir komið með, er líka samkvæmt samkomulagi við háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), — eg skal geta þess, að í prentuninni hefir svo farið, að hún er látin eiga við 3. gr. — Hún fer ekki fram á neina efnisbreyting, en kemur fram af því, að orðin í niðurlagi síðara hluta fyrri liðs 5. gr. mega teljast óþörf. Það þarf ekki að taka það fram, að gjalda skuli fult toll-gjald af vörum þeim, sem síðar uppgötvast, að komist hafa að einhverju eða öllu leyti undan tollgjaldi, heldur er það sjálfsagt, undir öllum kringumstæðum, hvort sem hegning er beitt eða ekki.

Svo hefir nefndin loks lagt það til, að aftan við 8. gr. bætist ákvæði um, hvernig fara skuli að, ef tregða verður á tollgreiðslunni og ekki næst til vöru þeirrar, er tollinn átti að greiða af. Það getur komið fyrir, að vörur þær sem hafa verið að veði fyrir tolli, verði að engu, eða að tollgreiðandi komi þeim undan, eða að þær misfarist á einhvern annan veg. Nefndin vill því bæta við: »Nú næst eigi til vöru þeirrar, er tollinn átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir tolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina tollskyldu vöru«. Til þess að dráttur verði ekki oflangur, þá er nauðsynlegt að taka það fram, að lögtakið megi fara fram án undanfarandi birtingar, enda er það í samræmi við það, að tollinn skuli greiða undir eins; líka tel eg nauðsynlegt, að ákvæðin um borgun við hamarshögg nái einnig til þessarar sölu; annars yrði eftir lögtakslögunum að gefa frest, sem ekki er samrýmanlegur við ákvæðin um tollgreiðslu, þegar er gjaldið færi fram úr 50 krónum.

Enn þá er lítil breyt.till. við 6. gr. ónefnd. Um hana er það eitt að segja, að hana leiðir beint af breyt.till. þeirri, sem nefndin fer fram á að gerð sé á tollgreiðslunni á vindlum, og er engin efnisbreyting í sjálfri sér.

Á þingsk. 198 eru 2 br.till. um það, að felia það burt, að greiddir séu 4% í innheimtulaun af hinum nýju tollstofnum, og farið fram á, að innheimtulaun séu sem fyr 2% af öllum tollskyldum vörum.

Eg tók það fram við 2. umr., að fyrirhöfnin við að innheimta toll af þessum vörum mundi verða tiltölulega mikil, en tekjurnar af því aftur á móti svo litlar, að 2% mundi verða sáralítil þóknun fyrir þá auknu fyrirhöfn, sem þessi lög hafa í för með sér. Það kom því til tals í nefndinni, að hækka innheimtulaun af öllu upp í $2^1/_2$%; en nefndin sá, að það mundi verða talsvert meiri hækkun og dýrara fyrir landssjóðinn, heldur en að hafa það eins og hún hefir stungið upp á, nl. að innheimtugjaldið sé 2% af vörum þeim, sem tollskyldar hafa verið til þessa, en 4% af hinum nýju vörutegundum, tegrasi, súkkúlaði o. s. frv., og mundi þó nema tiltölulega mjög

lítilli upphæð, sem landssjóð drægi lítið um. Nefndin ræður því deildinni til að fella þessa br.till.; en auðvitað er hér ekki um neitt kappsmál að ræða, og mun hvorki eg né nefndin taka sér það nærri, þó að br.till. nái þar fram að ganga.

Þá er br.till. 202 um að leggja ½ eyri á hvert pd. af kartöflum. Það hefir áður komið fram br.till. um; að leggja 1 eyri í toll á hvert pd. af þessari vöru, en nefndin var á móti því og er á móti því enn, að leggja nokkurn toll á þessa vöru, af sömu ástæðum og fyrri. Nefndin leggur því til, að þessi br.till. sé sömuleiðis feld.

Ef þessi lög ná fram að ganga, verður þingið að treysta því, að landstjórnin komi því til leiðar við tollstjórnina í Khöfn, að þessum vörum, sem nú eru tollaðar, verði bætt við á tollskrárnar. Það er auðvitað, að það yrði talsvert ómak fyrir þá menn, sem skrifa tollskrárnar, og það eru vanalega sömu mennirnir; það sér maður á því, að þær eru alloftast ritaðar með sömu hendi. Það væri því ekki ósanngjarnt, að þessir menn fengju einhverja þókn un fyrir starfa sinn. Eins væri það mikil hjálp, ef stjórnin gæti fengið utanríkisstjórnina til að skipa verzlunarerindrekum að aðgæta, hvort tekin sé fram á vöruskránni þyngd þeirra vörutegunda, sem tollaðar eru eftir þyngd. Auðvitað er það ekki meiningin, að konsúlarnir séu skyldaðir til að sjá um, að þyngdin sé rétt tilgreind, heldur að eins, að þeir leiðbeini skipstjórunum og láti þá vita, að þetta eigi að vera tekið fram. Helzt ættu þeir í áteiknun sinni að taka fram, að athygli skipstjóra hefði verið að þessu leitt; það mundi koma í veg fyrir margar mistellur og erfiðleika.

Lárus H. Bjarnason: Það var að eins lítil athugasemd. Nefndin hefir að mestu leyti fallist á br.till. á þgsk. 215 og 227 og tekið þær upp sem sínar; tek eg því aftur br.till. á þessum þingskj.

Hannes Þorsteinsson: Það voru að eins nokkur orð viðvíkjandi br.till. á þgsk. 198, sem eg ætlaði að segja. Oss flutningsmönnum fanst eðlilegast, að innheimtulaunin væru jöfn fyrir allar tollskyldar vörur, gamlar og nýjar, og vér álítum, að 2% væru viðunanleg innheimtulaun, eins og verið hefir, Þar að auki var það álit okkar, að varhugavert væri að koma þeirri venju á, að hækka innheimtulaunin til muna, þótt einhverjum nýjum vörutegundum væri bætt við sem tollskyldum, því að þá mætti síðar vitna í þessa hækkun, þegar nýjar vörur eru tollaðar, og lögreglustjórarnir mundu þá krefjast að fá jafnhá innheimtulaun, sem þeir vilja nú fá af hinum nýju vörutegundum, nfl. 4%, eða helmingi meira en verið hefir. Erfiðið við að innheimta þessa nýju tolla getur varla verið svo mikið, að sýslumennirnir geti ekki vel staðið sig við að gera það fyrir sama verð og áður, auk þess sem það gæti orðið ilt afspurnar, ef þetta þing færi að hækka innheimtulaunin. Það kynni að verða álitið svo, sem sýslumennirnir hér á þingi vildu toga skækilinn sinn frekara en góðu hófi gegnir, en eg vil ekki, að fólk þurfi að segja það. Þá er sýslumenn í erfiðum sýslum verða hvort sem er að hafa umboðsmenn fyrir sína hönd við tollheimtuna, þá munu menn þessir geta bætt á sig þessu lítilræði: tollheimtunni fyrir þessar nýju vörutegundir, án þess að krefjast hærri þóknunar en fyr; og þótt þeir gerðu það, gætu sýslumenn staðið sig við, að borga þeim ofurlítið meira, er þeir fá þessar auknu tolltekjur.

Eg sé því enga ástæðu til að breyta þessu gamla fyrirkomulagi, og vona, að deildin samþykki br.till. á þingsk. 198.

Að endingu skal eg geta þess, að í fyrri lið br.till. er villa; þar stendur: »Orðin »í 1.—11. tl.« falli burtu«, en þar á að standa: »Orðin »1.—11. tl« falli burt. »Í« verður að halda sér; en þetta er að eins orðabreyting, sem skrifari getur leiðrétt.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd við ræðu háttv. þingm. Árn. Það var tekið fram við 2. umr., að það er svo lítið, sem flyzt til landsins af þessum vörum, að innheimtulaunin, ef þau eru 4%, mundu naumast nema meir en c. 900 kr. fyrir alt landið, og þar frá ganga þá aukin ómakslaun til umboðsmanna, og afgangurinn skiftist niður á alla sýslumenn landsins. Háttv. þingm. hlýtur því að sjá, að þessi hækkun er alveg hverfandi frá sjónarmiði þess opinbera. Aftur á móti verður ómakið við að innheimta þetta eins mikið og við að innheimta tollinn af öllum þeim tegundum, sem tollaðar hafa verið til þessa, því sumar þeirra eru þess eðlis, að eftirlitið yrði miklu örðugra. Auk þess er vafasamt, hvort fást mundi, að hinar nýju vörutegundir séu settar á tollskrárnar, og þyrfti þá miklu víðtækari rannsókn en fyr og miklu erfiðari skýrslusmölun, mjög aukna eyðublaðaútsending o. s. frv. En hér er um svo lítið að ræða, að eg get ekki skilið, að þetta geti verið neitt kappsmál, hvorki fyrir einn eða annan.

ATKVGR.: Br.till. 211 1. l. samþ. með 21 atkv.

Br.till. 235 1. l. samþ. með 20 atkv.

Br.till. 235 2. l. samþ. án atkv.

Br.till. 211 2. l. samþ. í einu hl.

Br.till. 235 3. l. samþ. án atkv.

Br.till. 202 feld með 12 : 8.

Br.till. 235 4. l. við 5. gr. samþykt með 20 atkv.

Br.till. 235 5. l. við 5. gr. samþykt með 19 atkv.

Br.till. 211 3. l. við 6. gr. samþykt með 18 atkv.

Br.till. 245 5. l. við 6. gr. samþykt án atkv.

Br.till. á þingsk. 235 6. l. við 6. gr samþ. með 21 atkv.

Br.till. á þingsk. 235 7. l. við 8. gr. samþykt í einu hl.

Br.till. á þingsk. 198 1. l. við 12. gr. samþ. með 13 atkv.

Br.till. á þingsk. 198 2. l. við 12. gr. samþykt með 14 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt með 20 atkv.

Málið afgreitt til Ed.

Ein umr., 19. ágúst (C bls. 637, nefndarálit 672).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Frumv. það, sem samþ. var hér í deildinni, hefir ekki fundið náð fyrir augum hinnar háttv. Ed., nema að sumu leyti. Lagabálkurinn sjálfur er að vísu óbreyttur, en öllum nýjum tollum hefir verið umturnað. Þeir hafa verið hækkaðir, lækkaðir og feldir burt. Lækkaður hefir t d. verið tollurinn af tegrasi og súkkúlaði; feldur burt á kakaó, skonroki og öðrum brauðtegundum, niðursoðnu kjöti o. s. frv., svo að í frumv. eru engir nýir tollar nema á súkkúlaði, tegrasi og brjóstsykri.

Til þess að bæta úr þessu hefir Ed. stungið upp á, að hækka toll á brennivíni um 25%, en um 17—18% af öðrum vintegundum. Það getur nú verið álitamál, hvort þetta sé til bóta, því það gæti orðið til þess, að landssjóður fengi minni tekjur en áður, og það var þó ekki meiningin með frv. En samt

sem áður verður nefndin að ráða h.d. til þess að samþ. frv. til þess, að málið komist fram á þessu þingi. 2 úr nefndinni hafa þó ekki getað fallist á þetta og skrifað það á framhaldsnefndarálitið, en eg vona, að hin háttv. deild skilji þetta ekki eins og »dama«, sem heyrði talað um þetta í gær, og sagði: »Drottinn minn! eru mennirnir svona miklir brennivínsberserkir?«

Nefndin verður samt að ráða deildinni til að samþykkja frumv. af 2 ástæðum; fyrst og fremst er það gott, að fá öll tolllög landsins í eina heild, og eins getur það aukið tekjur landssjóðs að einhverju leyti með tímanum. Auðvitað sér nefndin eftir brauðtegundatollinum og álítur það miður heppilegt, að tolla vindla eftir pundatali, en hún vill ekki gera þetta að kappsmáli, því hún efast ekki um, að hæstv. landsh. komi því til leiðar, að hin rétta netto vigt á vindlum verði gefin upp.

En eins og eg tók fram áðan, álítur nefndin mikið undir því komið, að tolllög landsins komist í eina heild, og vegna þess að hún álítur ekki, að breytingar Ed. séu alveg óaðgengilegar, þá verður hún að ráða háttv. deild til þess, að samþykkja frv.

Þórður Guðmundsson: Eg skal ekki vera langorður, því eg ætla ekki að ganga inn á breytingar Ed., þótt eg helzt hefði óskað, að hún hefði ekki gert þær, því þær eru tæplega til bóta.

Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi minnast á. Það er athugasemdin við 1. gr. 2. lið um það, að af 16° vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er ónýtur undir umsjón yfirvalds, skuli ekki greiða toll.

Mér þykir þetta viðsjárvert, sökum þess, að sterkur grunur liggur á því, að kaupmenn blandi úr þessum skemda vínanda brennivín og selji það. Sé þetta rétt, þá er mjög óheppilegt að hafa þetta ákvæði í lögunum; því freistingin er mikil fyrir kaupmanninn til þess, að nota sér þetta, en drykkur sem þannig er tilbúinn hlýtur að vera mjög spillandi fyrir heilsu manna. Raunar á það að bæta úr skák, að þessi vínandi á að eyðileggjast undir umsjón yfirvalds, en eg verð að álíta, að þetta hafi tiltölulega litla þýðingu vegna þess, að yfirvaldið hefir lítið vit á, hverjum efnum er blandað saman við. Eg hef þess vegna haft sterka hvöt til þess, að koma með breyt.till. um þetta, en hef þó ekki gert það vegna þess, að það gæti orðið til þess, að málið komist ekki fram á þessu þingi.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg tók það fram hér í deildinni, þegar þetta mál var hér til meðferðar, að eg væri principielt á móti því.

Eg áleit ekki þörf á, að leggja nú á nýja tolla, sem hefðu auknar tekjur í för með sér, þar eð þingið hefir ekkert mál til meðferðar, sem hefir í för með sér aukin útgjöld. Frumv. það, sem háttv. Ed. hefir samþykt, er frá mínu sjónarmiði að því leyti aðgengilegra en frv. Nd., að þar eru feldir burt allir nýir tollar, nema á tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri. Það eina, sem eiginlega mælir með frv. Nd., var það, að þar voru toll-lög landsins dregin saman í eina heild, og ýms vafasöm atriði í eldri lögunum skýrð. Þessu hefir Ed. ekki gert neina breytingu á, og það er gott. En svo hefir Ed. gert annað, sem gerir þetta frv. óaðgengilegra. Það var útlit fyrir, að frv. Nd. hefði í för með sér tekjuhækkun; en það er útlit fyrir, að frv. Ed. hafi í för með sér tekjulækkun. Nd. lagði með sínum nýju tollum skatt á efnamennina, en Ed. leggur skatt á fátækasta og ráðlausasta part hinnar íslenzku þjóðar.

Þetta er gersamlega rangt, að leggja

nýjan skatt á þessa menn, að gera þennan hluta þjóðarinnar enn fátækari og vesalli en hann þegar er. — Þetta getur undir engum kringumstæðum verið rétt gjört.

Það er fulltrygg reynsla fengin fyrir því, að hækkaður vínfangatollur hefir í för með sér minkuð vínfangakaup í eitt eða tvö ár, en svo byrja þau aftur engu betri en áður. Svo leiðir líka af þessu það, að kaupmenn flytja verri vörur en áður, til þess, að verðið verði ekki eins hátt. En vond vara spillir heilsu manna enn meir en góðar tegundir.

Þessi hækkun á vínfangatollinum hefir þess vegna þrent ilt í för með sér. Tekjur landssjóðs lækka í 1 eða 2 ár, fátækasti hluti landsmanna verður enn fátækari, og sökum þess, að verri vörur flytjast til landsins, spillist heilsa þeirra, sem neyta hennar, enn fljótara og enn ver en áður.

Eg er því ekki í efa um, að greiða atkvæði á móti þessu frv., því þótt tilgangurinn með því sé sá, að hækka tekjur landssjóðs, þá næst hann ekki, eins og eg þegar hef bent á.

Eg hefi að eins talað um frumv. frá nationalökónómisku sjónarmiði, en ekki sem bindindismaður; en eg hefði getað það, ef eg hefði kært mig um það. Mér finst vér getum verið án nýrra tollaga í 2 ár enn, eins og hingað til.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Háttv. þm. Rangv. (Þ. G.) var hræddur við, að það kynni að verða misbrúkað þetta ákvæði, að 16° vínanda megi flytja inn ótollaðan, ef hann er ætlaður til eldsneytis. En eg held honum hafi sést yfir eitt orð, nefnilega það, að þessi vínandi á að vera gjörður óhæfur til drykkjar, það er að segja: blandaður einhverjum þeim efnum, sem gjörir það að verkum, að enginn maður geti haft hann sér til nautnar, t. a. m. með terpentínu eða benzíni eða steinolíu, er engan skaða gjöra hvað eldfimið snertir. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fekk hjá apótekaranum, mun benzín vera hið heppilegasta efni til þess, því það er eins eldfimt eins og spíritus og samlagar sig honum fullkomlega, og er eitthvert hið bragðversta efni. Háttv. þm. þarf ekki að vera hræddur um, að það sé hægt að fara í kringum þetta, þar sem kaupmenn verða látnir greiða toll af öllu, sem á tollskránni stendur, nema því sem þeir fyrir augunum á lögreglustjóranum gjöra óhæfilegt til drykkjar með því að hella saman við það ólyfjani.

Mér skildist h. þm. álíta, að þessi spiritus ætti að vera alt önnur tegund en sá, sem notuður er í brennivín, og að kaupmenn gjörðu það að eins af skömmum sínum, að nota þá tegund, er til eldsneytis er höfð, til að búa til brennivín úr. En þetta er ekki svo, heldur mun það alloft vera sami spiritusinn, sem brúkaður er til sprittblöndu, og hinn, sem notaður er til eldsneytis.

Eg vona að h. þm. fallist á, að þegar ákvæðin um að gjöra spiritusinn óhæfan til drykkjar, eru rétt skilin, þá sé engin hætta á að farið sé í kringum það, heldur sé þetta réttarbót, að menn skuli ekki skyldir að borga háa tolla af þessu eldsneyti, fremur en steinolíu og öðru, sem er brúkað til ljóss og hita (*Þórður Guðmundsson*: Er það þá pantað til eldsneytis?). Það gjörir ekkert, hvort það er pantað eða ekki; tollur er goldinn af því, svo framarlega sem það er ekki eyðilagt.

Viðvíkjandi því, sem h. þm V.-Sk. (G. G.) tók fram, þá álít eg að hann hafi tekið of djúpt í árinni með því að fullyrða, að af breytingum Ed. leiddi tekjulækkun; enda fanst mér það ekki fullkomlega samkvæmt hjá háttv. þm. Hann sagði það væri reynsla fyrir því,

að tollhækkun á vínföngum hefði þau áhrif, að menn keyptu minna af þeim að eins eitt eða tvö ár, en er frá liði og menn vendust þessu hækkaða verði, sækti aftur í sama horfið. *(Guðl. Guðmundsson:* Það lækkar í svip). Að eins í svip, en ekki til frambúðar.

Eg álít það hefði verið heppilegra, að frv. hefði verið eins og það var, þegar það fór hér frá deildinni; en nú er ekki tími til að gjöra breytingar á því aftur. Eg get með engu móti séð, að þessi hækkun á vindlum og víni sé svo hættuleg, að það sé ástæða til að fella frumv. fyrir það. Það hefir verið játað af öllum, að það sé hentugra, að hafa tolllagaákvæðin öll saman, og vona eg að háttv. þingd. geri ekki ónýtt alt það starf, sem búið er að leggja í lagafrv. þetta á þessu þingi.

ATKVGR. Frumv. samþ. með 15 atkv. gegn 2 og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tékk-ávísanir.

FRUMVARP til laga um tékkávísanir (C bls. 312—315); fyrsta umr., 20. júlí.

ATKVGR. Frumv. vísað til nefndarinnar í bankamálinu með 19 atkv. Fyrstu umr. frestað.

Framh. fyrstu umr., 20. ágúst (C bls. 312—315, nefndarál. 694).

ATKVGR.: Málinu vísað til annarar umr. með 16 atkv.

Önnur umr., 22. ágúst.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14. atkv.

2.—16. gr. frv. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til þriðju umr. með 15 atkv.

Þriðja umr., 24. ágúst.

ATKVGR. Frumv. í heild sinni sþ. með 19 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Gjafsóknir.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir (C bls. 210); 1. umr., 25. júlí.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eins og háttv. deild er kunnugt, þá er svo ákveðið í lögum 12. júlí 1878, að gjafsókn megi veita snauðum mönnum, kirkjum, spítölum og stofnunum, sem ætlaðar eru fátækum til framfærslu; enn fremur embættismönnum, sem boðið er að höfða mál. Með öðrum orðum; þessi lög álíta svo mikils um vert, að embættismenn hafi gjafsóknarrétt, að þau skipa þeim við hlið fátæklinga og ýmsra almennra stofnana. Það, sem gefið hefir tilefni til þessa, er sjálfsagt það, að virðing embættismannsins er talin svo frábrugðin virðingu annara borgara þjóðfélagsins, að samkvæmt tilskipun 27. sept. 1799 er embættismanninum gert að skyldu að hreinsa sig með dómi af sakargiftum, er á hann eru bornar og misbjóða þykja virðingu þeirri, er stöðu hans hæfir, og af þessari skyldu embættismannsins, að höfða mál eftir boði yfirboðaranna, hefir það svo þótt leiða, að hann yrði að sjálfsögðu að hafa gjafsóknarrétt í slíkum málum.

Þegar vér nú lítum á það, í hverju gjafsóknarréttur embættismanna er fólginn, þá er hann fólginn í því, að sá embættismaður, sem verður fyrir móðgun á prenti eða á annan hátt, og feng-

ið hefir gjafsókn, getur fengið sér skipaðan málfærslumann, og öll gjöld, sem af málinu leiðir, eru greidd úr landssjóði til bráðabirgða, svo að embættismaðurinn þarf ekkert fé að leggja fram frá sjálfum sér undir rekstri málsins. Þegar þessa er gætt, og þegar svo á það er litið, að oftast nær verður að skipa setudómara, sem venjulega þarf að ferðast um lengri eða skemmri veg til þess að gegna dómarastarfi sínu, þá verður kostnaðurinn við þetta gífurlegur og margfalt hærri en kostnaður við önnur sams konar mál. Allan þennan kostnað verður sá að greiða, sem málið er höfðað gegn, ef hann tapar því. Það er því auðsætt, að þessi gjafsóknarréttur embættismannanna getur komið ærið þungt niður á einstökum mönnum. Hér kemur og talsvert misrétti fram, þegar á það er litið, hvernig sá er settur, sem þarf að lögsækja embættismann fyrir einhverja móðgun. Þá er ekki um gjafsókn að ræða, nema þá ef vera skyldi í einstaka tilfelli, ef hlutaðeigandi legði fram fátækravottorð og háyfirvöldin væru málstað hans hlynt, sem sjaldnast mun vera, eins og nú er ástatt, þegar embættismaður á í hlut. Hann verður því að kosta því til, að fá setudómara, og yfir höfuð reka málið á eigin spýtur. Það dylst því ekki, að þar sem gjafsóknarréttur embættismanna er, þá er um forréttindi að ræða, sem embættismaðurinn nýtur, forréttindi, sem naumast geta samrýmst við 60. gr. stjórnarskrárinnar; það eru leifar af fornri venju, sem ættu að leggjast niður sem fyrst.

Þegar litið er á það, hvernig gjafsóknarréttinum er beitt, þá sjáum vér enn betur, hve óheppilegur hann er; dæmi þess eru mörg, en eg ætla ekki að nefna þau nú; það mun gefast tækifæri til að minnast á þau síðar. Algengt er, að þótt yfirboðararnir finni ekki ástæðu til að skipa embættismanni að höfða mál, þá fer hlutaðeigandi embættismaður þess sjálfur og að fyrra bragði á leit við yfirboðara sinn, að hann gefi sér skipun til málshöfðunar, því að skipunin er skilyrði fyrir því, að hann fái gjafsóknina. Þannig er gjafsóknarréttinum oft beitt, þótt yfirboðara embættismanns finnist í sjálfu sér ekki ástæða til að skipa fyrir um málshöfðun, heldur gefur hann skipunina eingöngu út fyrir tilmæli embættismannsins.

Þess eru líka mörg dæmi, að þótt þær misfellur í fari embættismannsins sannist, sem um er kvartað t. d. í blaði, þá skiftir yfirboðarinn sér ekkert frekara af þeim. Þótt 5—6 lagabrot sannist upp á hlutaðeigandi embættismann, þá er ekki hrært við minsta hári á höfði hans; en hitt þykir ágætt, ef hægt er að klína einhverri sekt á mótpartinn fyrir móðgandi ummæli eða af því, að ekki hafi verið ástæða til að brúka alveg eins hörð ummæli um embættismanninn, eins og viðhöfð hafi verið í aðfinslunni. Þegar þetta er athugað, sjáum vér, hvílíkur hégómi þessar gjafsóknir eru í sjálfu sér. Vér sjáum, að tilgangurinn er oft bersýnilega eigi annar en sá, að fá hlutaðeigandi blaðstjóra dæmdan í lítilsverð fjárútlát. Vér vitum líka, að gjafsóknarrétturinn hangir eins og sverð, ekki einungis yfir höfði blaðstjóranna, sem hafa þá skyldu, að vekja athygli á og finna að því, sem miður fer, heldur og yfir höfði allra annara borgara í þjóðfélaginu. Afleiðingin af þessu verður sú, að því nær enginn þorir að koma fram með kæru gegn yfirvaldi sínu, því að hver, sem slíkt leyfir sér, má búast við, að yfirvaldinu verði látið í té eftirrit að kærunni af yfirboðurum þess, og því svo skipað að höfða mál gegn kæranda, sem þá náttúrlega verður gjafsóknar-

mál, og verða gjafsóknarveitingarnar þannig oft og einatt til þess, að hindra réttláta rannsókn málsins, baka saklausum mönnum fjárútlát, og losa embættismanninn undan því, að bera ábyrgð gjörða sinna, og mætti nefna þess eigi allfá dæmi, ef þurfa þætti.

Vér vitum og, að gjafsóknarleyfin fara mjög eftir því, hvernig embættismaðurinn er kyntur hjá yfirboðurum sínum. Þessari aðferð, sem að framan er nefnd, er einkum beitt, ef embættismaðurinn er í náðinni, en hlutaðeigandi ritstjóri aftur á móti illa kyntur hjá yfirvaldinu fyrir pólitiska framkomu sína eða annað. Tilgangar lagafyrirmælanna um gjafsóknir er auðsjáanlega sá, að gera embættismönnum auðvelt að hrinda af sér röngum sakargiftum; en það fer svo, að í stað þess að þeim á að beita í þjónustu réttlætisins, er þeim oft og einatt beitt í þjónustu ranglætisins. Ár angurinn af því, að þeim er þannig beitt, verður svo sá, að þjóðin fær fyrirlitning fyrir lögum og rétti; gjafsóknarrétturinn hefir þannig mjög spillandi áhrif á réttlætistilfinning þjóðarinnar.

En hann er líka mikið haft á prentfrelsinu hér á landi. Meðan hann er í lögum, má í raun og veru enginn blaðamaður að ósekju finna að gjörðum embættismanns, hvernig sem hann hegðar sér, einkum þegar þess er gætt, hvernig meiðyrðalögin hér á landi eru. Eins og stendur, er því nær ómögulegt að orða aðfinslur þannig, að ekki megi heimfæra ummælin undir ákvæði hegningarlaganna og koma fram sektum eftir þeim; þeim, sem það er áhugamál, að prentfrelsið sé í heiðri haft, þeim hinum sömu hlýtur að vera ant um, að fá gjafsóknarréttinn úr lögum numinn. Á meðan hann er í gildi, geta blöðin ekki gætt skyldu sinnar, eins og vera ber og með þarf.

Alþ.tíð B. 1901.

Vitaskuld verður jafnframt að nema úr lögum fyrirmælin um það, að yfirboðarar geti skipað embættismönnum að höfða mál út af meiðyrðum og móðgunum. Eg sé ekki heldur neina knýjandi þörf slíkra lagafyrirmæla. Séu svo alvarlegar sakir bornar á embættismann, að yfirboðurunum finnist ástæða til að grenslast eftir málavöxtum, þá ætti sú rannsókn að geta farið fram hlutdrægnislaust. En finnist embættismanni sjálfum sóma sínum misboðið, þá sé eg ekki betur en að hann eigi, eins og hver annar borgari, að geta kostað til þess, að verja æru sína, sem þurfa þykir.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið í þetta sinn, en eg vona, að háttv. deild sjái, að eins og gjafsóknarréttinum nú er beitt hér á landi og hefir verið beitt síðasta tíu ára bil, þá er það þýðingarmikið fyrir þjóðina, að fá þessi forréttindi embættismanna úr lögum numin.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv.

Önnur umr., 30. júlí.

ATKVGR.. Frumv.gr. samþ. með 14 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 15 atkv.

Þriðja umr., 1. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18:2 atkv. og sent Ed.

Botnvörpumál I.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum (C bls. 143); 1. umr., 4. júlí.

ATKVGR.: Samþ. að kjós 3 manna nefnd og hlutu kosning:

Hannes Hafstein með 11 atkv.
Guðl. Guðmundsson m. 11 atkv.
Björn Kristjánsson m. 10 atkv.
Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 17. júlí (nefndarál. C bls. 253).

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg finn ekki ástæðu til að vekja langar umræður um málið á þessu stigi þess, en læt mér nægja að vísa til nefndarálitsins, og þeim sem hefðu löngun til að kynna sér málið nánara, skal eg leyfa mér að benda á þingtíðindin 1899, þar sem svipað mál var ítarlega rætt.

Eg mundi vera hæstv. landsh. þakklátur, ef hann vildi benda á þær misfellur, sem kynnu að vera á tillögum nefndarinnar, svo þær yrðu lagaðar til 2. umr.

Landshöfðingi: Afstaða mín til þessa máls er nokkuð einkennileg, þar sem eg á síðasta þing lagði kapp á að fá samþykt lög mjög svipuð þeim, sem hér liggja fyrir. En allir vita, hvernig það fór. Stjórninni þóttu lögin of harðneskjuleg, og eg gat ekki komið mér saman við hana. Eg býst því við, að þótt eg geti felt mig við ýms ákvæði á lögunum, t. d. það ákvæði, að þeir, sem geri það að vana sínum að dvelja í botnvörpuskipum, meðan þau eru við veiðar, eða hittast þar meðan þau stunda ólöglegar veiðar í landhelgi, án þess þeir geti gert grein fyrir hvers vegna þeir séu þar, — eg býst við, þótt eg geti felt mig við þetta ákvæði, að þá sé það engin trygging fyrir því, að stjórnin gangi líka að því. Það er erfitt fyrir mig að segja um skoðanir stjórnarinnar á þessu máli. Eg er á sömu skoðun og í hitt eð fyrra, að eg tel það nauðsynlegt, að reisa sterkar skorður við þessum viðskiftum við botnverpinga og gjöra mönnum ómögulegt, að hafa þessi mök við þá; en eg get af fyrgreindum ástæðum ekki lofað neinu um samþykki stjórnarinnar, og hinsvegar get eg ekki mælt á móti þessum lögum, þar sem þau eru í samræmi við þá skoðun, sem eg persónulega hefi á málinu.

Lárus H. Bjarnason: Það er mjög leitt, að geta enga bendingu fengið um það, hvernig stjórnin mundi taka í þetta frumv. Eg býst þó við, að hún vilji ekki samþykkja það, eins og það liggur fyrir í nefndarálitinu. Eg býst við, að ef ákvæðunum í 2.gr. um að hegna þeim, sem dvelja á botnvörpuskipum meðan þau eru við veiðar í landhelgi er haldið, þá gæti það orðið frumv. að falli hjá stjórninni. Stjórnin hefir í athugasemdum við frumv. lýst því yfir, að hún teldi líkt ákvæði í frumv. alþingis 1899 of víðtækt. Þar sem þetta ákvæði að mínu áliti er ekki svo sérlega þýðingarmikið fyrir frumv. í heild sinni, þá verð eg að telja það mjög illa farið, ef það yrði öllu málinu að falli, því frumv. hefir að innihalda mjög mikilsvarðandi ákvæði. Eg á bæði við ákvæðið um, að eigi megi liðsinna skipi við ólöglegar veiðar, og ákvæðið um að skipstjórar, sem geri sig seka í brotum á botnvörpulögunum 6. apríl 1898, sæti fangelsi.

Hvað það atriði snertir, að leggja hegningu á skipverja sjálfa, þá getur það oft komið mjög illa niður. Í öllum síðuðum löndum er lögskráðum skipverjum gert að skyldu takmarkalaus hlýðni gagnvart skipstjórunum, og í okkar eigin lögum, farmannalögunum 32. gr., er þessi sama skylda lögð skipverjum á herðar, og í 34. gr. er skipstjóranum gefið vald til að þröngva skipverjum til hlýðni; hann getur bundið þá við siglutréð, beitt næstum því hvaða ráði sem hann vill, til að þröngva þeim til hlýðni. Það getur því svo farið, að sjómanninum, íslenzka sjómann-

inum, ekki síður en útlendingnum, verði hegnt, hvernig sem hann hagar sér. Vilji hann ekki hlýða skipstjóra, fær hann refsingu fyrir það, og hlýði hann honum, fær hann refsingu fyrir brot á botnvörpulögunum.

Eg verð að telja réttara að skipverjum verði ekki refsað fyrir liðveizlu við ólöglegar veiðar. Stjórnin vildi líka hafa þá undanskilda, og eg get vel búist við, að frumv. yrði ekki samþykt, ef breytt yrði til um það. Þó legg eg aðaláherzluna á ákvæðið í 2. gr., um að hérlendur maður megi ekki vítalaust hittast í botnvörpuskipi við landhelgisveiðar.

Hér er löghelguð præsumption fyrir því, að maðurinn sé sekur, geti hann ekki sannað sýknu sína. Raunar eru slíkar præsumptionir ekki eins dæmi í lögum vorum; eg skal nefna lögin frá 9. febr. 1900 um brot á veiðirétti í ám og vötnum; en þær ættu hvergi að eiga sér stað. Það er að hafa hausavíxl á réttu og röngu, og ríður í bág við öll refsilagaprincip, að refsa manni, ef hann getur ekki sannað, að hann sé sýkn, enda getur það oft verið ómögulegt að sanna sýknu sína. Sem sagt, þetta er ekki nýtt og hefir komið fyrir í eldri lögum, en eg get sem sagt hugsað mér, að það hefði töluverða þýðingu fyrir frv., ef þessum 2 ákvörðunum væri breytt, og eg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvert hún vilji ekki draga þau út úr frumv.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Flest af því, sem hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði um, átti heima við 2. umr. málsins, og ekki við þessa 1. umr.; en eg skal þó svara því stuttlega. --

Það virðist svo sem h. háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) hafi ekki lesið 1. gr. frumv., því þar er sleginn varnagli við þessari hættu, sem honum finst frumv. stofna skipverjum í. — Í fyrri málsgrein 1. greinar stendur nefnilega, að sá, sem leiðbeini botnvörpuskipi við ólöglegar veiðar eða liðsinni þeim »framar en hann er skyldur til, sé hann lögskráður skipverji«, skuli sæta sektum, og í seinni málsgrein, að sömu sektum sæti sá, sem hjálpar til að koma þeim undan hegningu, sem brotið hefir botnvörpulögin, »nema hann sé lögskráður skipverji á hinu brotlega skipi«.

Það, sem því h. háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) talaði um, að skipverjar gætu ekki komist hjá refsingu, hvernig sem þeir færu að, átti því alls ekki hér við.

Viðvíkjandi »præsumptioninni« skal eg taka það fram, að hún nær að eins til þeirra manna, sem gera það að vana sínum, að dvelja í botnvörpuskipum eða sem hittast þar, meðan skipin eru við ólöglegar veiðar, og ekki geta gert grein fyrir veru sinni þar. Mér finst það liggja í hlutarins eðli, að grunur falli á þessa menn, ef þeir geta ekki fært nokkra sennilega ástæðu fyrir veru sinni í skipinu, enda tók háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) það sjálfur fram, að slíkt ákvæði væri til í ýmsum öðrum lögum. Eg sé því ekki ástæðu fyrir nefndina til að verða við þeirri áskorun hans, að nema þessi ákvæði út úr frumv. Það voru heldur ekki þessi áákvæði, sem frumv. strandaði á síðast, heldur ákvæðin um viðskiftabannið og ótti dönsku stjórnarinnar við England, óttinn við, að Englendingar mundu telja það of nærri sér gengið, ef farið væri að hegna fyrir brot, sem framin væri í landhelgi hér á skipum, sem sigldu undir ensku flaggi.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal að eins gjöra ofurlitla athugasemd. Eg hafði lesið þetta vel og eins ítarlega og mér var unt; og eg sá það strax, að þetta

átti að vera takmörkun, en eg verð að segja, að það er takmörkun að eins á pappírnum. Hér stendur, að maður skuli sæta sektum, ekki einungis, ef hann »leggur það í vana sinn«, heldur einnig, ef hann einu sinni er staddur úti í skipinu, þegar það er á veiðum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Ólöglegum veiðum). Með viðauka nefndarinnar er það princip brotið, sem er það eina rétta, að engum manni sé hegnt nema sönnuð verði upp á hann sök. — Að hegna manni nema því að eins, að hann sanni sýknu sína, það er að hafa hausavíxl á hlutunum, og stríðir gegn öllum siðaðra þjóða lögum; þetta er því óviðfeldnara, sem sektirnar geta numið frá 50—1000 kr., og geta eyðilagt framtíð margs mannsins.

Það er alls ekki svo, að eg vilji amast við lögum þessum; eg álít þau vera til mikilla bóta. En eg er hræddur um, að þessar tvær breytingar nefndarinnar á stjórnarfrumvarpinu kunni að verða öllu frumvarpinu að falli, og það teldi eg illa farið.

Eg skal fúslega játa það, að nefndarmönnum hefir ekki gengið annað en gott til þess, að koma með þessa till., og eg skil líka vel, að það var freisting til þess, því að annað markmiðið, sem frumv. þetta hefir fyrir augum, er að sporna við sóttkveikju frá útlendum skipum. En eg verð að taka undir með stjórninni í því, að sóttvarnarákvæði heyri ekki framar til laga um botnvörpuskip, heldur en um önnur skip. Annars tel eg það mjög illa farið, að vér höfum ekki séð neina tilraun frá stjórnarinnar hendi gjörða til þess með sóttvarnarlögum að vernda landið fyrir útlendum sóttum; þó það ekki komi þessu máli við, verð eg þó að geta þess, úr því að eg fór að minnast á sóttvarnir, að réttara mun að leggja meiri áherzlu á tilraunir til að verja landið fyrir sóttum utan að, heldur en á sóttvarnar-tilraunir í landinu, eftir að sóttin er orðin landföst, og er það bæði af því, að flestar sóttir koma utan að, og eins af því, að það er hægra að verjast sóttum utan að, en að reisa rönd við þeim eftir að þær eru komnar inn í landið.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg skal að eins stuttlega svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), án þess að ganga inn á alla rökleiðslu hans; hann er nú hvort sem er dauður; enda snerti hún of mjög einstök atriði. Eg skal að eins benda honum á, að þetta er mjög altítt um svona löguð verk, að einmitt vegna þessarar præsumptionar eru þar gjörð að sérstökum brotum; það er einmitt mjög alment í lögreglufyrirskipunum um þau efni, sem hætta stafar af, að leggja hegning við, jafnvel þó í einstökum tilfellum hafi ekki verið hægt að sanna brotið. (*Lárus H. Bjarnason*: Dæmi). Dæmi skal háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) fá við 2. umr.

Landshöfðingi: Það var út af ummælum háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) um þá hættu, sem gæti stafað af mökum við botnverpinga viðvíkjandi innflutningi sjúkdóma, að eg vildi leyfa mér að geta þess, að stjórnin hefir á prjónunum frumv., sem átti að leggja fyrir þingið í ár, en til allrar ólukku var ekki búið nógu snemma. Það var búið að leita álita hjá hlutaðeigandi yfirvöldum hér; frumv. var afgreitt að öllu leyti héðan frá landinu, en því var ekki lokið í stjórnarráðinu svo tímanlega, að það gæti komið fyrir þingið. Það mun verða að hafa þolinmæði í 2 ár, ellegar kannske ekki nema 1 ár. Í annan stað skal eg geta þess, að á þessu ári hafa farið fram samningar milli dönsku stjórnarinnar og ensku stjórnarinnar, um að ákvæðin í þeim

samningi, sem kallaður er »Haager-convention« og er um fiskiveiðar í Norðursjónum, nái einnig til fiskiveiða kringum Ísland. Eftir því sem eg frétti með seinasta póstskipi, þá mun þessi samningur nú vera undirskrifaður; og þar er áskilið af Englendinga hálfu, fyrir það, að þeir gangi inn á nokkru rýmri landhelgistakmörk hér við land, heldur en þeir nú vilja viðurkenna, að gjörðar verði lítilfjörlegar breytingar á botnvörpulögunum frá 6. apríl 1898, sem mér finst ekki hafa mikla þýðingu fyrir okkur, og má kannske búast við, að frumvarp um það málefni komi fyrir þingið í ár.

Það væri þess vegna kannske rétt, að þessu máli væri ekki flýtt, fyrr en næsta póstskip er komið, og menn sjá, hvort það koma ný frumvörp frá stjórninni viðvíkjandi þessu máli.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg er hæstv. landsh. mjög þakklátur fyrir upplýsingar þær, er hann gaf um það, að samningar séu nú komnir á milli dönsku stjórnarinnar og Englendinga; því, eins og menn muna, sem áttu sæti í deildinni hér árið 1897, þá var það gjört af þingsins hálfu að skilyrði fyrir samþykki þingsins við lögin 6. apríl 1898, að svona lagaðir samningar fengjust. Og eg ímynda mér, að mér sé óhætt fyrir nefndarinnar hönd að lýsa því yfir, að það sé ekki frá okkar hendi neitt á móti því, að þessu máli sé ekki hraðað, svo að hægt sé, ef frumv kemur frá stjórninni, að setja það í samband við þetta frumv.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 3. ágúst (C bls. 143, nefndarálit bls. 253, breyt.till. bls. 352 og 462).

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Við breytingartill. nefndarinnar eru komnar fram breytingartillögur á þingskj. 173 og 290 frá þm. Snæf. (L. H. B.). — Um breytingartill. þessar hefir nefndin það að segja, að hún getur ekki gengið inn á breyt.till. við 1. gr., né heldur breytingartill. við 2. gr., hvorki a. né b. Þessar breytingartill. fara sem sé fram á, að fella burt þá undanþágu undan hegningu fyrir að leiðbeina skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi, sem gjörð er fyrir skipverja. Eg hefi skilið ástæðu stjórnarinnar fyrir synjun á frumv. 1899 svo, að hún teldi alls eigi rétt, að hegna skipverjum fyrir þessi brot, og þess vegna hefir nefndin farið þennan veg, sem hún telur réttan, að láta hlýðnisskyldu hásetans við formanninn ráða, og losa hásetann undan hegningu fyrir þessi verk, að svo miklu leyti, sem hásetinn er skyldur að vinna þau verk. En undir hlýðnisskyldu hásetans fellur ekki, að leiðbeina skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi, sem er að fremja lagabrot.

Mér skildist á háttv. þm. Snæf. (L. H. B) við 1. umræðu þessa máls, að honum fyndist tillögur nefndarinnar ganga of nærri skipverjum, en breytingartillögur háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) miða einmitt að því, að þröngva kosti skipverja, því yrðu þær samþyktar, mætti hegna skipverja jafnvel fyrir að vinna verk, sem formaður skipar og skipverji er skyldur til að vinna. — Nefndin álítur því rétt, að leggja ekki fangelsishegningu við brot gegn 1. gr. laganna 6. apríl 1898, þannig, að sá skipstjóri, sem gripinn er í því, að fiska í landhelgi, skuli sæta fangelsishegningu, en ekki sá, sem hittist í landhelgi, en ekki er að fiskiveiðum, jafnvel þó hann hafi ekki veiðarfærin

í búlka. — Hins vegar skal eg benda á, að breytingartill. 3.–a. kemur dáltið illa heim við orðalagið í frumv., en það má laga til 3. umr. Breyt.till. 4. er ekki annað en orðabreyting, sem nefndin leggur til að sé samþykt. — Aftur leggur nefndin til, að fella breytingartill. 1. og 2. bæði a. og b.

Lárus H. Bjarnason: Eg gat þess á dögunum, hvers vegna eg gat ekki greitt atkvæði með frumv. eins og það lá þá fyrir, en nú er orðið langt síðan og því get eg ekki komist hjá að taka sumt upp aftur. Eg hef komið fram með breytingartill. á þingskj. 173, og eru 3 þeirra efnisbreytingar, en sú 4. orðabreyting. Það eru breytingartill. 1. og 2. a. og b., sem eg skal fara nokkrum orðum um. Um eina breyt.-ingartillöguna, tillöguna um að fangelsishegning skuli að eins beitt við skipstjóra, er hann hittist við veiðar í landhelgi, þarf eg ekki að tala. Nefndin hefir aðhylst hana.

Í stjórnarfrumv. voru skipverjar undanskildir, og verð eg að álíta, að stjórninni hafi gengið eitthvað til, að undanskilja þá.

Eg get ekki betur séð en að það sé rangt, að hegna skipverjum fyrir liðsinni við ólöglegar veiðar. Farmannalögin 32. grein bjóða skipverjum ótakmarkaða hlýðni við yfirboðara sína, og 34. gr. veitir skipstjóra rétt til, að beita valdi og þvingun til að þröngva skipverjum til hlýðni. Ef ákvæði nefndarinnar yrðu að lögum, gæti svo farið, að lögskráðum skipverja yrði hegnt, hvort sem hann hlýðnast yfirboðara sínum eða ekki. Hlýðnist hann botnvörpulögunum, yrði honum hegnt eftir farmannalögunum, og brjóti hann botnvörpulögin, verður honum hegnt eftir þeim.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat þess, að skipverjum yrði að eins hegnt eftir botnvörpulögunum að svo miklu leyti, sem verknaður þeirra hlytist ekki af hlýðnisskyldu þeirra við skipstjóra, og væri það að vísu nokkur takmörkun, ef farmannalögin byðu ekki skipverjum takmarkalausa hlýðni. Þeim er bönnuð liðveizla við ólöglegar veiðar; en orðið er svo víðtækt, að nálega hvert verk í skipsins þarfir fellur undir það.

Það er heldur enginn skaði skeður, þótt breyt.till. gengi fram. Skipverjar eru svo sem ekki undanþegnir hegningu fyrir það. Það væri að eins lagt á vald dómstólanna, að skera úr því í hvert skifti, hvort hegna skyldi skipverjanum eða ekki. Það yrði með öðrum orðum »fortolkningsspörgsmaal«.

Eg verð að líta svo á, að þetta hafi vakað fyrir stjórninni, og leggi hún áherzlu á þetta atriði, gæti það orðið frumv. að falli. 2. gr. fer fram á að hegna þeim mönnum, sem leggja það í vana sinn, að vera á botnvörpuskipum þegar þau eru að ólöglegum veiðum, eða hittast þótt ekki sé nema einu sinni í slíkum skipum. Eg tók það fram áður, að præsumptionir væru óhæfar í hegningarlögum. En enn þá óhæfara er að láta slíka præsumption ná jafnt til þeirra manna, sem leggja það í vana sinn að dvelja í skipunum, og hinna, sem hittast þar alls einu sinni. Það er ósanngjarnt að hegna þeim manni eins mikið, sem hittist að eins einu sinni í botnvörpuskipi, og þeim, sem leggur það í vana sinn að vera þar, enda stendur hættan að eins af vanalögbrjótunum. Setjum svo, að við værum á sjó og hefðum ekkert að drekka, og neyddumst því til að fara út í botnvörpuskip. Ef við hittumst þar, mætti sekta okkur um 50 1000 kr. Það er engin minsta meining í að leggja sýknusönnunarskylduna á sakborning, enda getur það orðið næsta erfitt, að

sanna, að maður sé sýkn, þar sem það er komið undir skipshöfninni, hvað hún ber í því efni, enda er dómarinn ekki skyldur að leiða hana sem vitni.

Eg get, eins og eg tók fram áður, búist við, að stjórnin leggi svo mikla á herzlu einmitt á þetta atriði, að lögin fengjust ekki staðfest, og væri það sannarlega of dýrt keypt, því að frv. horfir að öðru leyti til stórbóta.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg skal með fám orðum benda á, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir bitið sig fastan í misskilning á ákvæði því, sem um er að ræða. Mér finst sem sé, og það vil eg bera undir aðra, að skipverjar standi ver að vígi eftir breyt.till. h. þm. Snæf. (L. H. B.) en eftir breyt.till. nefndarinnar. Mér finst nefndin með ákvæði sínu hafa tekið skipverja undan hegningu, þegar um þau verk er að ræða, sem þeir eru skyldir að vinna. Skipverjar eru skyldir að hlýða yfirmönnum sínum, nema þeir skipi þeim að fremja lagabrot, en til þess geta engin lög skyldað. Hitt er annað mál, að verk það, sem skipverji er skyldur að vinna, getur verið liður í lagabroti, sem skipstjórinn vinnur, ef t. d. skipstjóri skipar skipverja að standa við stýri, meðan hann fiskar í landhelgi; en eg skal ekki útlista þetta frekara, því eg vona menn sjái, að það er á réttum rökum bygt.

Þar sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vék að því, að þetta ákvæði mundi ef til vill verða til þess, að stjórnin synjaði frumv., þá skal eg taka það fram, að eg lít svo á, að þetta atriði hafi ekki verið fullnæg ástæða fyrir stjórnina til að leggja á móti frumv. 1899, því þingið tór ekki út yfir það löggjafarsvið, sem því er afmarkað, en hins vegar get eg mjög vel skilið, að stjórnin notar þessa ástæðu, af því hún kinnokaði sér við að leggja með lögum, sem voru svo ströng í garð Englendinga, einmitt meðan á samningum stóð milli Englands og Danmerkur, sem enduðu með samningnum 24. júní í ár. — Háttv. þm. Snæf (L. H. B.) þótti 2. gr. of ströng. Fanst honum það ganga nokkuð vítt, þar sem mönnum væri gjört að skyldu að sanna sakleysi sitt, En það er að eins heimtað, að menn gjöri grein fyrir því, að vera þeirra í botnvörpuskipi sé til annars en að leiðbeina eða liðsinna skipinu við ólöglegar veiðar. Það kom t. d. fyrir 1899, að 18 þm. fóru út í botnvörpuskip og fóru út að fiska í svartaþoku. En það tel eg áreiðanlega víst, að þótt varðskipið hefði handsamað skipið í landhelgi, þá mundu hinir 18 þm. ekki hafa orðið sektaðir, af því þeir gátu gjört grein fyrir veru sinni þar, og svo mundi oftar verða, t. d. þegar maður kemur sem farþegi með botnvörpuskipi frá útlöndum; en flakki í botnvörpuskip er engin skylda að halda hlífiskildi yfir. Annað eða fleira held eg ekki hafi komið fram í ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.).

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki kannast við, að orð háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) séu á rökum bygð. Hann sagði, að breyt.till. mín, um að undanþiggja skipverja hegningu, þröngvaði meir kosti skipverja en frumv., er vill hegna þeim. Þetta er svo sýnileg hausavíxl, að um þau þarf engum orðum að eyða. Eg geng út frá því, að skipverjar eigi að sýna yfirboðurum sínum takmarkalausa hlýðni, og eigi ekki að filosofera yfir því í hverju einstöku tilfelli, hvort það, sem þeim er skipað, sé löglegt eða ekki.

Að því er snertir hitt atriðið, sem sé ákvæði 2. gr., þá fanst mér háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) eiginlega vera mér sammála; það var auðséð á vörninni; svo þunn var hún. Hann sagði, að

þeir, sem hittust á skipunum, þyrftu að eins að gera sennilegt, að þeir væru eigi að veita skipverjum lið. En þetta er rangt. Frumv. heimtar af þeim, að þeir geri sýknu sína auðsæja, að þeir með öðrum orðum sanni sýknu sína. En þó ekki væri heimtað af þeim meira en líkur, þá gæti oft staðið svo á, að þeim væri enda það ómögulegt. Eg vil taka eitt dæmi: Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) er einn og kútlaus úti á sjó, leitar til botnvörpuskips, er gripinn og hefir ekki annað en sitt ærlega andlit til að sanna, að hann hafi ekki haft annað erindi en að fá sér að drekka. Hvernig á hann að fara að? Það er heimtað ekki að eins, að hann gjöri grein fyrir veru sinni í skipinu, heldur einnig að hann sanni, að hann sé sýkn. Auk þess leggur stjórnin áherzlu á þetta atriði, og gæti hæstv. landsh. ef til vill, skýrt þá hlið málsins. En það er auðvitað tilgangslaust að stæla lengur um þetta. Háttv. framsm. (Guðl. G.) segir alt af klipt var það, og eg býst við, að og segi: skorið var það.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Má eg að eins benda á, að fyrra ákvæðið á við menn utan landhelgi, hitt við menn innan landhelgi.

ATKV.GR.: Breyt.till. 173, 1. feld með 13 : 1 atkv.

Breyt.till. 290 feld með 12 : 1 atkv.

Breyt.till. 92, 1. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 173, 2. a. feld með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. 173, 2. b. feld með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. 92, 2. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 173, 3. a. sþ. með 11 atkv.

Breyt.till. 173, 3. b. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 92, 3. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 173, 4. samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 92, 4. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Þriðja umr., 7. ágúst (C bls. 464, breyt.till. 509).

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg vil benda á, að hér er komin breyt.till. um, að bæta inn tveimur orðum, vegna þess, að breyt.till. sú þótti óheppilega orðuð, sem kom fram við 2. umr. frá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Breyt.till. þessi er á þgskj. 352, og fer fram á, að bætt sé inn í tilvitnun til laga 6. apríl 1898.

ATKV.GR.: Breyt.till. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðinni breyt. samþ. með 19 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 17. ágúst (C bls. 649; nefndarálit 648).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Botnvörpumál II.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum; 1. umr., 24. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr., og því næst til nefndarinnar í næsta máli á undan, hvorttveggja í einu hlj.

Önnur umr., 3. ágúst (nefndarál. C. bls. 447).

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg tók það fram undir umr. um næsta mál hér á undan, að sú breyting, sem hér er farið fram á, stendur í sambandi við samninginn 24. júní 1901. Breytingin er í því fólgin, að nema úr gildi ákvæðin í 3. gr. laganna um bann gegn botnvörpuveiðum

6. apríl 1898 um fiskiveiðaskip, sem hittast í landhelgi með botnvörpu innanborðs og er þó ekki að veiðum, og setja í staðinn það ákvæði, að öll botnvörpuskip skuli skyld að hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs þann tíma allan, er skipið er í landhelgi. Þetta er vitaskuld nokkur breyting, en er þó ekki eins stórfeld og virðast kynni í fljótu bragði, því öllum lögreglustjórum mun kunnugt, að stjórnin hefir áminnt um, að fara í framkvæmdum varlega með ákvæði 3. gr. laganna 6. apríl 1898, og er því engum verulegum rétti spilt.

Breyt.till. nefndarinnar við 2. og 3. málslið frumv.greinarinnar eru að eins orðabreytingar, og ekki farið fram á neina efnisbreytingu.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 269 við 2. og 3. málslið frumv.gr. samþ. með 16 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum sþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 7. ágúst (C bls. 471).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Botnvörpumál III.

FRUMVARP til laga um heimild til að veita undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apr. 1898 (C bls. 453); 1. umr., 8. ágúst.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Áður en eg sný máli mínu að frumv. sjálfu, ætla eg að skýra hinni háttv. deild frá tildrögum þessa máls.

Hugsun sú, er liggur til grundvallar fyrir þessu máli, er, að veiðiréttur með »trawl« í landhelgi gæti orðið auðsuppspretta fyrir landsmenn sjálfa, sé þeim veittur sérstakur einkaréttur til þessa.

Þessi hugmynd kom fram 1896; maður nokkur íslenzkur ritaði um þetta greinar í blaði einu, sem vöktu allmikla eftirtekt og umtal. Svo kom þetta fram á þingi 1897 og urðu allmiklar umræður um það. Þá var hér staddur enskur sjóliðsforingi, sem vildi ná samningum um að veiða mætti í landhelgi á vissum stöðum og að leyfi fengist fyrir öll botnvörpuskip, sem sigla undir ensku flaggi, til þess að veiða í landhelgi fyrir vissum parti suðurstrandar Íslands, gegn því að ekki væri veitt á vissum fiskimiðum öðrum utan landhelgi.

Privatfundur var haldinn um þetta mál í sameinuðu þingi og farið fram á að opna erlendum trollurum landhelgi á þessum stað, gegn friðun fiskimiðanna í Faxaflóa. Móti því var mælt af 2 ástæðum: að ekki væri rétt að veita erlendum mönnum þetta leyfi, og að ekki væri réttlátt, héraðsins vegna, er hlut átti að máli, að veita þetta leyfi án endurgjalds til héraðanna. Fórst málið því fyrir.

Á þingi 1899 kom fram frumv. í sömu átt. En því varð það að fótakefli, að rangt þótti að veita útlendum mönnum þennan rétt að fornspurðum héraðsbúum og gegn endurgjaldi, sem var að eins $^1/_{10}$ af skatti þeim, er skipin áttu að greiða. Þetta var álitið bæði prin cipbrot, og órétt gagnvart héruðunum.

Tildrög þess, að frumv. þetta kemur nú fram, eru þau, að nú eru aðrir skildagar fyrir hendi. Maður skrifaði mér í desember síðastl. haust ítarlegt bréf, sem nú er orðið kunnugt, um þetta mál, og bað þess, að leitað væri undirtekta héraðsbúa. Það hefir verið gert. Héraðsbúar finna málinu ekkert til foráttu;

hver atkvæðisbær maður hefir átt kost á að greiða atkv. um það, og meiri hluti hefir verið með því, að réttur þessi væri veittur gegn fullkomnu endurgjaldi, en það er, að fá tryggar hafnir eða trygga lendingarstaði.

Frumv. fer fram á, að veita landshöfðingja heimild til að gefa undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiði 6. apr. 1898, bundna lögákveðnum skilyrðum, er héraðsstjórnin setji í samráði við landshöfðingja, þar á meðal þeim, er standa í frumv.

Mér er þetta ekki neitt kappsmál, og skal eg ekki við þessa umr. fara út í einstök atriði.

Frá lagalegu sjónarmiði er ekkert á móti þessum atvinnurekstri. En auðvitað þarf að hafa traust skilyrði fyrir því, að ekki verði notaðir leppar, og ætti það að vera auðvelt, að búa svo um hnútana, að því yrði ekki komið við.

Þýðing þess, að þetta næði fram að ganga, er ekki auðsæ í fljótu bragði fyrir alt landið. Setjum svo, að ísl. maður eða félag setti upp 16 gufuskip til veiða og 2 flutningaskip.

Sjálfsagt mundu slíkir atvinnurekendur verka hér á landi meiri hluta aflans og yki það ekki lítið útflutningsgjald, húsaskatt og fleiri beina skatta til landsjóðs. Auk þess yki það stórum samgöngur, veitti betri atvinnu og leiddi auðmagn inn í landið. Eg get ekki séð, hvað því verður fundið til foráttu, að íslenzkur eignarréttur og yfirráð gangi í félag við erlent fé og vit til þess að auka auðmagn og framleiðslu í landinu sjálfu.

Eg hefi aldrei álitið, að kotungsskapur og kotungshugsunarháttur séu aðalþættirnir í hinu íslenzka þjóðerni, og því mun eg aldrei trúa.

Svið þetta, sem um er að ræða að opna landhelgi á, er úti fyrir Skaftafellssýslum. Það nýtur lítillar verndar af hálfu varðskipsins, staðhátta vegna, og mig minnir ekki betur en að hæstv. landshöfðingi segði eftir ummælum sjóliðsforingjans á varðskipinu danska, að mjög væri örðugt að gæta svæðisins, sem er um 45 mílna langt; ströndin er lágir sandar, og enginn punktur að ganga út frá til mælingar, nema á litlu sviði við Hjörleifshöfða og Ingólfshöfða austan og vestan. Varðskipið á því ilt með að ná í botnverpinga í landhelgi; gæzlan verður sljó og svæðið er langt frá mannabygðum.

Það er og enginn efi á því, að erlend botnv.skip vaða upp í landhelgi, t. d. er mér kunnugt af frásögn þýzks manns, að um 100 þýzk botnvörpuskip héldu sig þar; vitaskuld sagði hann að þau væru utan landhelgi alt af, og eflaust hafa verið jafnmörg eða fleiri frá öðrum löndum. Með 16 skipum mundi því ekki verða »trawlað« meir í landhelgi en nú, og mjög mikil ástæða er til að ætla, að þau skip, er rétt hefðu til veiða í landhelgi, og hefðu borgað hann dýrum dómum, mundu bægja hinum frá.

Eg get því ekki séð tjón fyrir landið í því, þó lög þessi kæmust á.

Er það meiri skaði, að útlendir ránsmenn veiði í landhelgi en skattskyldir borgarar, sem leggja fram stórfé fyrir rétt sinn? Það þarf önnur augu en mín til að sjá það! — Á þessu langa svæði fyrir ströndinni er aðgrynni mikið, þarf að róa langt til þess að ná 30 fðm. dýpi. Fiskur gengur því varla mjög nærri landi.

Það er óhætt að fullyrða, að fiskiveiðar innan landhelgi trufla ekki veiðar fremur en veiðar utan landhelgi nú. Það er bitamunur, en ekki fjár.

Eg skal svo benda á, að fyrir héraðið hefir þetta stórkostlega þýðingu. Héruð þessi eru einna farsælust undir bú

hér á suðurlandi að almennum dómi, en vegalengd til markaða, vegalengd til hafna geypileg. Það er hreint og beint lífsspursmál fyrir héraðsbúa, að fá hafnir.

En fáist þessi heimild, er eg viss um, að innan fárra ára verða komnir þar allgóðir lendingarstaðir. Þó það yrði ekki trygg höfn, er samt framför í því. Þýðingu þessa fyrir héraðið og jafnvel landið gæti skilið hver maður með heilbrigðri skynsemi.

Það er fylsta ástæða fyrir þingið að styðja þetta. Því ykist verzlunin, þá hækka eignir í verði. En landsjóður á einmitt 4/5 part jarðeignanna, svo verðhækkunin gengur til landssjóðs.

Þessi héruð hafa borgað árlega stórfé í landssjóð, en verið frá aldaöðli olnbogabörn þings og stjórnar. Það væri sönn meinbægni, að veita ekki þetta leyfi, þar sem það er héraðinu til stórgagns, en getur ekki skaðað önnur héruð. Auðvitað leitar hæstv. landshöfðingi sér upplýsinga og veitir leyfið því að eins, að hér sé um meiri hagnað að ræða en tjón.

Eg skal nú ekki fara langt út í þá sálma, en skýrslur hef eg í höndum frá 1899, sem sanna vísindalega, að botnvörpuveiðar geri ekki þann skaða, sem menn halda, en sem sagt: eg læt ósagt um það. Og það er nú það sama: ekki gera þær minni skaða í ræningja höndum en í höndum þeirra, er leyfi hafa til þeirra.

Eg vildi óska, að málið fengi að ganga til 2. umr. og, mun stinga þar upp á, að málinu verði vísað til nefndar, sem fjallar um botnvörpumál, eða þá til sérstakrar nefndar. Eg skal svo lúka máli mínu, en vona að háttv. þm. vildu kynna sér málið.

Einar Jónsson: Háttv. flutnm. frv. þessa (G. G.) rakti sögu málsins í sambandi við þingið; hann gat meðal annars frumv. þess, sem eg bar fram á síðasta þingi og sem var mjög líkt frv. þessu. Hann gat þess, að sá galli hefði verið á því frumv., að svo lítið tillit hefði verið tekið til hlutaðeigandi héraða. Eftir því frumv. hefðu Skaftafellssýslur átt að fá að eins 10% af leyfisbréfagjaldinu. Eg skal leyfa mér að leiðrétta þetta, því að það er ekki rétt. Það var gert ráð fyrir í því frumv., að greiða skyldi 1800 kr. árlega fyrir hvert skip, sem leyfi fengi að fiska með botnvörpum í landhelgi, og að leyfi þetta mætti ekki veita nema eitt ár í senn. Ennfremur gerði frumv. ráð fyrir, að helmingurinn af leyfisbréfagjaldinu af 4 hinum fyrstu skipum árlega, er leyfi keyptu, skyldi renna í sýslusjóði Skaftafellssýslna, og enn fremur 10% ef leyfisbréfagjaldi hinna skipanna. Þá átti einnig að tvöfalda sektir botnvörpuskipa þeirra, er veiddu í heimildarleysi á svæðinu milli Horns hins vestra og Hjörleifshöfða, og átti helmingurinn af sektum þessum að renna í sýslusjóði Skaftafellssýslna. Af þessu sést það, að miklu meira tillit var tekið til hlutaðeigandi héraða en háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) gaf í skyn. Eg gat þess við umræðu málsins á síðasta þingi, að þótt það væri ekki beinlínis tekið fram í frv., að leyfið skyldi bundið við samþykki sýslunefndanna í Skaftafellssýslum, þá væri ekkert á móti því, að þeim ákvæðum væri bætt inn í frumv.

Háttv. þm. er kunnugt um, hvernig þá var tekið í málið, eigi sízt af háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) Það hefir víst ekki verið tekið öllu óþyrmilegar á móti nokkuru öðru frumv. hér á þingi; það var talað um bíræfni, landráð og annað slíkt. Það var einkum tvent, sem að frumv. var fundið; annað var það,

að útlendingum væri jafnt sem innlendum gefinn kostur á að kaupa leyfisbréfin, en hitt var það, að botnvörpuveiðar í landhelgi á hinu tiltekna svæði mundu verða til þess, að eyðileggja fiskiveiðar landsmanna, ekki einungis Skaftfellinga, heldur og þeirra, er fyrir austan þá og vestan byggju. Um fyrra atriðið fór háttv. þm. (G. G.) þeim orðum, að farið væri fram á að ofurselja nokkurn hluta þegnanna útlendum yfirgangsmönnum; en um síðara atriðið sagðist hann vilja benda á, að búast mætti við, að einmitt á svæðinu frá Vestur-Horni til Hjörleifshöfða mundi verða krökt af botnverpingum, þegar göngur kæmu, og að sú þvaga mundi stemma stigu fyrir göngunni vestur með landi, og mundi það geta komið víðar niður.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að botnvörpuveiðar þessar í landhelgi mundu ekki einungis hafa mikil áhrif á fiskiveiðar í Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmanneyjum, heldur mundu þær einnig geta haft skaðleg áhrif austur á bóginn. Eg lýsti þá yfir áliti fiskifræðings vors á máli þessu og kvað hann ekki telja mikla hættu stafa af veiði þessari. Færði hann líkar ástæður fyrir máli sínu og h. þm. V.-Sk. (G. G.) gerði í dag, nefnilega þær, að grynningarnar væru svo miklar langt út frá landi. Það var einmitt þessi yfirlýsing fiskifræðingsins, sem gerði það að verkum, að eg kom nokkurn tíma fram með frumv.; ef hann hefði álitið leyfið hættulegt, þá hefði mér ekki komið til hugar að koma með frumv. Það má vera mér gleðiefni, að háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) er nú kominn að líkri niðurstöðu og eg hafði komist að 1899, að hér sé ekki um svo mikla hættu að ræða, hvað fiskigöngur snertir, af botnvörpuveiðum í landhelgi. Eg þykist sjá þetta af því, að í frv. er eigi talað um skaðabætur til annara en Skaftfellinga, en í frv. því, sem eg flutti, var svo til ætlast, að Skaftfellingar fengju mest af fénu, en jafnframt var ætlast til, að sjávarútvegur alls landsins nyti góðs af því, með því að svo var ákveðið, að af þeim hluta leyfisbréfagjaldsins og sektanna, sem ekki rynni til Skaftafellssýslna, skyldi mynda sjóð til eflingar sjávarútvegi landsins. Eg hafði það nefnilega fyrir augum, að færi svo, að önnur héruð en Skaftafellssýslur hefðu óhagnað af veiðileyfinu, þá væri og rétt, að þau og landið alt nytu góðs af arðinum af leyfinu. Það gleður mig því mikið, að h. þm. V.-Sk. (G. G.) hefir breytt svo mjög skoðun sinni á þessu máli síðan 1899. Mér þykir það meira vert, að frumv. þetta er nú komið frá honum, en þótt hann hefði sett þá yfirlýsing í öll blöð landsins, að hann vildi að ókvæðisorð sín um málið á þinginu 1899 væru ómerk talin.

Eigi þykir mér heldur minna um það vert, að málið er nú komið inn á þing eftir áskorun sjálfra Skaftfellinga. Þegar eg bar það fram, gat eg ekki leitað til þeirra, og þótti það ilt; en að þeir taka nú þannig í málið, bendir á, að þeir álíta það ekki mikla hættu fyrir Skaftafellssýslu, þótt leyfi þetta sé veitt, og eru þeir þá ekki á þeirri skoðun, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) hélt fram 1899, að eg vildi með frv. mínu »ofurselja þau héruð til eyðileggingar«. Að vísu er í frv. þessu að eins talað um hérlent hlutafélag; og það er mikill munur á pappírnum frá því sem var í mínu frumv. En þess er að gæta, að þar sem talað er um félag, sem halda muni úti mörgum gufuskipum, þá má búast við, að mestur hluti fólksins, sem hjá félaginu starfar, muni verða útlendingar, og voðinn því svipaður því sem hann þótti mundu verða í hitt eð

fyrra af útlendingum. Að minsta kosti verður hættan af botnvörpuveiðunum sjálfum jafnmikil nú og hún þótti vera 1899, og það var þá einmitt aðalmótbáran gegn málinu. Eg verð meira að segja að álíta, að eftir þessu frv. verði hættan töluvert meiri en eftir hinu; því að í frumv. 1899 var talað um að veita leyfið að eins til 4 ára og þó ekki nema til eins árs í senn, því að mér þótti varhugavert, að veita leyfið til lengri tíma, á meðan engin reynsla væri fengin. Hér er aftur á móti farið fram á, að veita leyfið alt að 50 árum, og að því leyti er það miklu varhugaverðara en hitt.

Hæstv. landsh. gat þess í hitt eð fyrra, að foringinn á varðskipinu danska hefði sagt sér, að mjög ilt væri að gæta þess, að landhelgisbrot væru ekki framin á því svæði, sem hér ræðir um; sjálfsagt má hið sama segja um þetta í sambandi við þetta frumv., sem þá var sagt. Eg hélt því þá fram, að skipstjórar þeir, sem veiðileyfið hefðu fengið, mundu verja landhelgina á því svæði, sem þeir hefðu fengið leyfi til að fiska á, og því sama heldur nú háttv. þm. V. Sk. (G. G.) fram, svo að við erum einnig þar ordnir sammála.

Háttv. þm. (G. G.) gerir ráð fyrir, að endurgjald fyrir skaða þann, er fiskiveiðar Skaftfellinga muni bíða við leyfisveitingu þessa, eigi að ákveðast eftir tillögum sýslunefndanna í Skaftafellssýslum. Eg get ekki séð, hvernig þessu verður við komið. Það verða líklega gerðir einhverjir samningar fyrir fram um það, hvernig eigi að ákveða skaðabætur þessar. En það virðist nokkuð athugavert, að sýslufélögin eigi sjálf og einsömul að ákveða skaðabæturnar þessar, einkum þegar litið er á, til hve langs tíma leyfið á að veitast. Mér finst ekki vera unt, að ákveða skaðabæturnar fyrir fram, né heldur ráðlegt að veita leyfið takmarkalaust, um svo langan tíma, sem frv. nefnir, heldur þurfi að búa svo um hnútana, að hægt sé að stytta leyfistímann, ef það kemur í ljós, að það hefir í för með sér meira tjón en ætlað var. Eg álít líka, að ekki megi eingöngu miða skaðabæturnar við Skaftafellssýslurnar, heldur þurfi einnig að taka tillit til annara héraða fyrir austan þær og vestan, sem tjón kynnu að hafa af veiðunum.

Eg álít, eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. G.), að málið sé svo vaxið, að það þurfi að athugast í nefnd. En að sjálfsögðu er eg ekki á móti málinu; það er alt of svipað því máli, er eg flutti inn á síðasta þing, með fullri sannfæringu þess, að það væri landinu til gagns, en ekki til ógagns.

Að endingu skal eg svo einlæglega þakka háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) fyrir, að einmitt hann varð til þess að flytja málið nú á þing.

Flm. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg skal byrja ræðu mína eins og háttv. kollega minn hér í þingsalnum, með þakklæti, með því að þakka honum fyrir hin kristilegu og hógværu orð hans um málið. En eg vildi leyfa mér að benda háttv. þingm. (E. J.), á, að samanburður hans á hinum tveim frumv. var á skökkum grundvelli bygður. Hann vildi gera lítið úr mismuninum á þessu frumv. og frumv. því, sem hann flutti inn á þingið 1899; þetta er ekki rétt; það er um fullkomlega principiellan mismun að ræða. Þá var farið fram á að veita útlendum mönnum leyfið; nú er farið fram á að veita búsettum mönnum hér á landi það; þá hlutu aðalyfirráðin að vera í útlöndum; nú eiga þau að vera inni í landinu. Nú er ætlast til þess, að málið sé undir höndum landsstjórnarinnar; þá var það eigi. Þetta eru höfuðatriðin; hitt er miklu lítilvægara, að eg var ekki

ánægður með endurgjaldið fyrir veiðileyfið. Yfir höfuð liggur málið alt öðruvísi fyrir nú en það gerði 1899. Eg tek það skýrt fram, að eg var ekki heldur jafnkunnugur botnlagi og sjávardýpt út af Skaftafellssýslum, eins og eg er nú. Eg hefi síðan fengið ítarlegar skýrslu um þetta, og samkvæmt þeim upplýsingum er víðast grunt mjög út frá landi á þriggja mílufjórðunga svæðinu, dýpi helzt austast og vestast, og bátar, sem stunda veiðar í Skaftafellssýslum, verða oftast að róa eftir fiskinum út fyrir landhelgislínuna.

Eg hefi sem sagt fengið greinilegar upplýsingar í málinu síðan 1889, og eg hefi fengið þær frá fyrstu hendi, frá botnvörpuveiðurum, sem sjálfsagt hafa töluvert kannað botninn innan landhelgi, þótt þeir hafi þrætt fyrir það við mig, að þeir hafi verið að veiðum í landhelgi.

Þar sem háttv. þingm. (E. J.) minti st á það, að farið hefði verið ómjúkum orðum um málið á síðasta þingi, einkum af mér, þá réttlætist það af því, að leyfið átti að ná til útlendinga, og því, að mér sárnaði það, að þetta skyldi vera borið upp að héraðsbúum mínum fornspurðum. Auk þess mun háttv. þingm. muna, að málið var þá borið fram hér í deildinni á baráttu- og ófriðartímum, og tillit til þess vona eg að nægi, ef ekki til að réttlæta ummæli þau, sem þá féllu, þá samt til að afsaka þau.

Háttv. þingm. (E. J.) sagði, að útlendingar mundu verða á skipunum. En nú er eitt af skilyrðunum fyrir því að leyfið fáist, það, að innlendum sé veitt þar atvinna; og eg veit, að hinn eini maður, sem hreyft hefir því að hagnýta sér leyfið, hefir að fyrra bragði boðið, að á þeim 10—16 skipum, sem ætlast er til að við veiðarnar fáist, skuli vera að minsta kosti 200—300 Íslendingar, bæði til þess að kenna þeim veiðarnar, og af því, að Íslendingar eru viðurkendir einna beztir fiskimenn. Eg veit, að bæði enskir og þýzkir botnvörpuveiðendur telja Íslendinga og Færeyinga betri skipverja en sína eigin landa.

Þá þótti háttv. þingm. (E. J.) leyfið vera veitt til nokkuð langs tíma. Tímalengdin er hér sett af handahófi, og um hana er mér ekkert kappsmál. Eg vil að eins benda á, að ef félagið er stofnað með miklu fjármagni, og því er gert að skyldu að byggja að minsta kosti eina trygga höfn í Skaftafellssýslu, auk alls annars byrjunarkostnaðar, þá er ekki við að búast, að það vilji leggja á stað nema það eigi það víst, að fá að reka atvinnu sína um nokkurra ára bil.

Það er annars einhuga álit allra, sem um málið hafa fjallað, að miklu álitlegra sé, að byrjað sé á fyrirtækinu fremur í stærri stíl en smærri, og að slíkt sé hagnaðarvænlegra, ekki að eins fyrir félagið sjálft, heldur og fyrir héraðið og landið alt. Það er svo miklu hættara við, að byrjun í smáum stíl muni fara í mola. Vér höfum nú þegar fengið nokkura reynslu fyrir oss. Á seinustu árum hafa 2—3 atvinnuveitendur byrjað hér botnvörpuveiðar. Fyrirtækin hafa reyndar farið á höfuðið. En geta menn bent á, að þeir hafi gert landinu skaða? Eg held ekki. Þeir hafa fært landinu mikið fé og mikla atvinnu, og skilja svo eftir verðmætar byggingar og önnur mannvirki, sem verður þjóðarinnar eign.

Einmitt nú er hentugur tími til að byrja á fyrirtæki þessu, og efalaust, að það mundi flytja mikið fjármagn inn í landið. Nú er svo komið, að botnvörpuveiðar á gufuskipum borga sig ekki vel, og ástæðan til þess er sú, að það gengur svo langur tími til heimfluta-

ings á aflanum á hinum smáu veiðiskipum, í samanburði við veiðitímann. Þau eru stundum ekki nema 5—6 daga að ná aflanum hér við land, en svo gengur kringum hálfan mánuð til heimferðarinnar og þangað til þau eru aftur komin á veiðistöðvarnar. Þetta borgar sig ekki, og vér vitum, að svo er nú komið, að útgerðarmenn í Grimsby og Hull vilja ekki lengur borga fiskimönnum sínum eins hátt kaup og hingað til, og er nú svo komið, að skip svo hundruðum skiftir hafa verið látin hætta vinnu nú í bráð, en fólkið gengur atvinnulaust. Þess vegna segi eg, að nú sé hagkvæmr byrjunartími; það er auðsætt, að það er miklu arðvænlegra, að geta haft bækistöð sína hér, heldur en hitt, að þurfa alt af að vera að hringla smáskipum fram og aftur.

Einar Jónsson: Háttv. flutnm. (Guðl. G.) heldur því enn fram, að það sé principmunur á frumv. mínu 1899 og frumv. hans, en eg get með engu móti séð það. Aðalatriðið er í báðum, að leyfa botnvörpuveiðar í landhelgi, í stað þess að þær annars eru bannaðar, en hvort útlendir menn veiða eða innlendir, eða útlendir menn á skipum, sem hér búsettir menn eiga, það gjörir eigi aðalmun. Annars ætla eg ekki að tala meira um það. En eg finn ástæðu til að þakka flutnm. (Guðl. G.) aftur fyrir þá upplýsingu, sem hann gaf nú um það, hvernig stóð á þeim illu og lítt skiljanlegu viðtökum, sem málið fekk 1899. Eg sé nefnilega, að það hefir átt að vera hefnd fyrir það, hvernig eg greiddi atkvæði í stjórnarskrármálinu þá, — þó að ekki væri það sérlega sanngjarnt eða vel viðeigandi. En eg sé þá einnig, að eg hefi farið rétt að, bæði gagnvart árásinni þá og árásunum síðan í sumum blöðunum út af því máli, að skoða það sem hefndarmál, og láta sem eg hvorki heyrði það né sæi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 4 atkv.

Vísað samkvæmt framkominni uppástungu til nefndarinnar í málinu næst á undan með 12 atkv.

Önnur umr., 17. ágúst (C bls. 453, nefndarál. 650, brt. 660).

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eins og deildin getur séð, þá hefir nefndin ekki getað orðið á eitt mál sátt. Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað séð neitt sérlega varhugavert í því, að veita landsh. heimild til, samkvæmt tillögum sýslunefnda þeirra, er hlut eiga að máli, að veita það leyfi, sem farið er fram á í frumv.; en minni hlutinn hefir eindregið lagt á móti, að þessi heimild væri gefin, og talið sjálfsagt, að slíkt leyfi hlyti að verða til skaða öðrum héruðum landsins.

Háttv. minni hluti hefir nú byrjað með að herma ekki rétt það, sem hann fer með. Hann byrjar nefndarálit sitt með því að segja, að meiri hlutinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að veita félagi rétt til þess að fiska með botnvörpum í landhelgi á öllu svæðinu fyrir báðum Skaftafellssýslum, eða frá Jökulsá á Sólheimasandi austur að Eystra-Horni. Þetta er ekki rétt. Í frumv. er að eins farið fram á, að sýslunefndunum veitist heimild til að leyfa félaginu að fiska í landhelgi einhverstaðar á þessu umgetna svæði, innan þeirra þrengri eða rýmri takmarka, sem sýslunefndirnar setja, en það svæði, sem spurning er um, að veita megi leyfi fyrir, nær frá Jökulsá og austur að Hvítingum.

Háttv. minni hluti hefir því annaðhvort ekki kynt sér nægilega frumv. og nefndarálit meiri hlutans og breyt-

till. hans, eða þá, að hann viljandi hermir rangt. Ennfremur segir háttv. minni hluti, að það sé órækt reynsla fyrir því, að fiskurinn komi fyrst að landi á vetrum á þessu svæði (fyrir Skaftafellssýslum), og gangi svo vestur með landi. Eg held að það eitt sé ó rækt reynsla þeirra manna, sem vit hafa á fiskiveiðum, að ekki sé enn sem komið er hægt að segja neitt um, hvernig fiskigöngur hagi sér. Eg fyrir mitt leyti skal ekkert um þetta fullyrða, því eg er ekki fiskifróður, en þetta er álit fiskifróðra manna.

H. háttv. minni hluti ber fyrir sig orð 24 skipstjóra. Eg held eg segi ekki mikið rangt, þótt eg fullyrði, að fyrir ekki rétt mörgum árum síðan hefði verið hægt að fá undirskriftir ekki 24 skipstjóra, heldur 124 skipstjóra og formanna undir það, að síldarbeita eitraði sjóinn. Þessi alda um síldareitrunina reis upp hér, þegar verið var að koma upp frystihúsunum. Hvað er nú orðið um þessa síldareitrun? Eg hefi að eins bent á þetta, til þess að sýna fram á það, að það er valt að treysta um of skoðunum sjómannanna; þær eru oft bygðar í lausu lofti og blátt áfram á hjátrú.

Hvað það snertir, er minni hlutinn vitnaði í, til sanninda-merkis um það, að fiskur komi fyrst upp að landinu að austan og haldi svo vestur með því, nefnilega, að frakkneskar fiskiskútur komi ætíð fyrst upp að Skaftafellssýslunum austast, þá kann það að hafa verið svo; en það er nú ekki lengur. Það eru að minsta kosti alt eins mörg skip, sem koma upp undir Vestmanneyjum eins og Eystra-Horni. En að þau séu vön að koma upp að landinu við Ingólfshöfða, það er með öllu rangt. Þau hafa aldrei verið vön því, heldur voru þau vön að koma upp undir Eystra-Horni áður fyrri, en því eru þau mikið til hætt nú. — Á þessum ferðum frakknesku fiskiskipanna er því ekkert að byggja. Það væri líka dálítið skrítið, ef það væri rétt, að fiskurinn kæmi ætíð fyrst upp að landinu austast, þegar vertíðin oft byrjar miklu fyr vestur á Loftsstöðum heldur en í Vík. Það kemur oft fyrir, að fiskiveiðar eru byrjaðar fram með öllum vesturhlutanum á Suðurlands-strandlengjunni, bæði fyrir Rangársandi, í Vestmanneyjum, Loftsstöðum, Stokkseyri og Eyrarbakka, áður en vart verður fiskjar í Mýrdal. Og nú síðustu árin hefir verið bezta fiskirí við Vestmanneyjar, þó lítið hafi fiskast í Skaftafellssýslunum. Hvernig stendur nú á þessu, ef fiskurinn kemur allur upp að landinu að austan og heldur fram með því vestur eftir? — Þetta virðist ekki benda á það, að fiskurinn komi upp austast, því í öllu falli ættum við þó að verða varir við það, Skaftfellingar, þegar hann skryppi fram hjá okkur.

Þetta álit um fiskigöngurnar mun yfir höfuð vera meir bygt á lauslegri ætlun manna, heldur en á reynslu, og að minsta kosti er engin ástæða til að ætla, að sá fiskur, sem veiddur er hér í Faxaflóa, komi upp að landinu að austan og haldi vestur fram með því, og beygi svo við inn flóann hér. Það er álit flestra fiskifræðinga, að þorskkynjaðar fiskitegundir komi beint upp úr djúpinu, en gangi ekki fram með landinu. Eg er auðvitað sjálfur ekki »fagmaður«, og get ekki dæmt um þetta, en eg skal vísa til þess, sem fiskifræðingur Bjarni Sæmundsson hefir sagt um þetta mál í Andvara.

Í sambandí við þetta skal eg einnig benda á, að það liggur hér fyrir breytingartill., sem fer í þá átt, að fella megi leyfið úr gildi að 4 eða 5 árum liðnum,

ef nú sú verður raunin á eða það sannast, að botnvörpuveiðar þessar spilla fiskigöngu fyrir öðrum héruðum landsins, og ætti þessi breytingartill. þó að friða þessa hræðslu hjá h. háttv. minni hluta. —

En setjum nú svo, að það væri alveg rétt, að fiskuriun kæmi fyrst upp að landinu að austan, við Eystra-Horn, og héldi svo vestur fram með ströndinni. — Til þess að dæma um, hvaða áhrif þessi lög gætu haft á fiskigöngurnar, jafnvel þótt þetta væri rétt, þá verð eg að biðja menn að gæta vel að því, hvernig ástandið er nú. Á þessu umræddu svæði hafa nú í síðustu 8—9 ár verið stöðugt við fiskiveiðar um 150 botnvörpuskip, og þar sem ekkert eftirlit hefir verið með þeim, þá má telja það sjálfsagt, að þau hafi verið meira eða minna í landhelgi. Úr landi verður, eins og allir geta hugsað sér, ekki hafður minsti hemill á þeim, og varðskipið hefir heldur ekki getað haft neitt eftirlit með þeim, sérstaklega þeim, sem halda sér á miðkaflanum á þessu svæði. Hver hefir nú verið afleiðingin af þessum ólöglegu botnvörpuveiðum? Eg veit ekki til þess, að fiskirí hafi minkað neitt í Vestmanneyjum þessi 8—9 ár, og því síður á Stokkseyri eða Eyrarbakka, og meira að segja, þá veit eg ekki betur, en þær tvær síðustu vertíðir í Vestmanneyjum séu með þeim beztu, sem þar hafa komið í ómunatíð. Spurningin er því þessi: eru óleyfilegar botnvörpuveiðar í landhelgi síður hættulegar fyrir fiskirí og fiskigöngur heldur en löglegar og leyfðar fiskiveiðar í landhelgi geta orðið í framtíðinni? Þetta ætti hinn háttv. minni hluti að gera sér ljóst, því engin líkindi eru til þess, að fleiri botnvörpuskip mundu veiða í landhelgi fyrir það, þótt þessi lög yrðu samþykt, en þau, sem nú gera það í óleyfi allra; það er mér óhætt að fullyrða. Spurningin er því nú aðal-lega þessi: vill þingið leyfa þeim héruðum, sem hér er að ræða um, að fá þann skaða bættan, sem þau bíða við það, að þeim er tálmað frá að stunda fiskiveiðar sínar og þeim spilt? Með tilliti til þessa ástands, sem nú er, finst mér það ranglátt og eingöngu af meinsemi sprottið og gersamlega ástæðulaust af þingsins hálfu, ef það bannar héruðunum, að nota sér það tækifæri, sem þeim býðst nú til að fá þennan skaða bættan að því er til framtíðarinnar kemur.

Önnur ástæða minni hlutans móti þessu frumv. er sú, að fiskur sá, sem þessi botnvörpuskip mundu veiða, mundi spilla íslenzkum saltfisksmarkaði. Einnig þessi ástæða er gripin úr lausu lofti. Mikið og það lang-mestur hlutinn af botnvörpufiskinum mundi þá verða settur í ís, og fluttur út í honum og seldur sem nýr. En þótt eitthvað af honum yrði þurkað og hert, eða saltað og þurkað, þá yrði sá fiskur háður sömu lögum og annar saltfiskur, sem menn flytja út úr landinu, að hann yrði flokkaður niður eftir gæðum; og yrðu þessi tvö vragara-embætti stofnuð, sem komið hefir til orða, að veita styrk til í fjárlögunum, þá yrði þess enn betur gætt, að flokka fiskinn vandlegar niður en áður hefir verið. Séð í því ljósi hefir því þessi mótbára alls ekkert gildi. — Yfir höfuð er eg alls ekki hræddur um, að þetta verði ekki hagur fyrir þessi héruð fyrst og fremst, og svo landið alt í heild sinni, og eg skil ekki, að minni hlutinn skuli ekki geta séð þetta. Mér er kunnugra um það en honum, að hér á þessu svæði hafa í mörg ár verið haldar í frammi mjög ólöglegar veiðar, án þess nokkuð hafi komið fyrir, og það, sem frumv. fer fram á, það er

að sporna við eða koma í veg fyrir þessar ólöglegu veiðar, og að gera þann auð, sem nú er í hers höndum, arðberandi fyrir land og lýð. Engar líkur hafa verið færðar fyrir því, að önnur héruð biðu skaða við þessar veiðar, og því óskiljanlegt, að hafa það sem mótbáru móti frumv., sérstaklega þó, þegar sleginn er sá varnagli við því, að leyfið skuli úr gildi felt, ef það sannast að 4—5 árum liðnum, að önnur héruð bíða nokkurn skaða á fiskiveiðum sínum við þessar botnvörpuveiðar í landhelgi. Þegar litið er til þess, að fyrir það tjón, sem fiskiveiðum okkar nú er unnið í leyfisleysi, fáum við ekki neitt, þá er sannarlega undarlegt, að vilja ekki taka þessu tilboði, og þegar enn fremur er litið til þess, að hér er ekki um neina loftkastala að ræða, og það er eins víst eins og 1 + 1 = 2, að hér er um mikla auðsuppsprettu, stóra fasta tekjugrein fyrir þessi héruð að ræða, og auk þess tekjuauka fyrir landssjóð, þá er það með öllu óskiljanlegt, hve fast er staðið á móti þessu frumv., og hve fastlaga það er sótt, að reyna að eyðileggja málið. —

Hér er að ræða um íslenzkt fyrirtæki, íslenzkt hlutafélag, sem verður að fullnægja öllum skilyrðum, sem sett eru fyrir að veiða í landhelgi, og er því alt annað en að fara til útlendinga og segja við þá: við skulum selja ykkur leyfi til að fiska í landhelgi með botnvörpum, ef þið viljið borga okkur svo og svo mikið fyrir. Það er principiel mismunur á þessu tvennu. — Það má segja, að norður og suðurpóll séu pólar hvorirtveggja, og að því leyti líkir, en norðurpóll er þó ekki sama og suðurpóll. Suður og vestur eru áttir hvorttveggja, en kallaður væri engu að síður sá maður bjáni, sem færi í vestur, er hann ætti að fara í suður. — Þótt útlendingar séu notaðir sem verkfæri til að vinna það með auði sínum, sem við sjálfir erum ekki færir um, þá er það alt annað en að leyfa útlendingum þær veiðar, sem okkur sjálfum eru bannaðar, og þeir menn, sem ekki sjá þetta, hafa annaðhvort starað sig blinda á einhverri grýlu, sem eg ekki eygi, eða þá að það er viljann, sem vantar.

Þar sem minni hlutinn í niðurlagi nefndarálits síns segir, að félagið gæti komið sér hjá, að kaupa leyfisbréf, nema fyrir t. d. 2—4 skip, og gæti svo leyft svo mörgum skipum, sem það vildi, að fiska á þessu svæði fyrir borgun, er rynni til félagsins sjálfs, þá er þetta svo pervert, að því er varla svarandi. Félagið getur ekki leyft neinum útlendum skipum fiskiveiðar á þessu umrædda svæði. Félagið er íslenzkt fiskiveiðafélag, og verður því að láta skrásetja öll sín skip hér á Íslandi, og þá eðlilega öll þau botnvörpuskip, sem stunda fiskiveiðar á þessu svæði. Sá hugsunargangur, sem liggur á bak við þetta, er svo langt fyrir norðan og neðan alla heilbrigða skynsemi, að mér er lífs ómögulegt að fylgja honum.

Eg skal geta þess, að nefndarálit meiri hlutans er styttra og flaustursleg ra en það hefði átt að vera, en sé eitthvað ekki rétt í því eða miður heppilega orðað, þá ber eg einn ábyrgð á orðalaginu, en ekki meðnefndarmenn mínir, sem skrifað hafa undir það. — Þeir eiga ekki annað í því en að þeir ráða deildinni til, að samþykkja frv.

Í 3. gr. er ákveðið, að í leyfisbréfi félagsins skuli ákveða endurgjald til sýslusjóða Skaftafellssýslnanna eftir tillögum sjálfra sýslunefndanna. — Meiningin með þessu ákvæði er sú, að héraðsbúar óska, að löggjafarvaldið leyfi héruðunum sjáltum að ráða yfir málinu á þann hátt, sem hagkvæmast væri,

auðvitað undir þeim skilyrðum, sem þingið setti með lögunum. En að því er veitingu á leyfinu snertir, þá hafa héraðsbúar í báðum sýslunum lýst yfir því, að hún verði ekki gefin nema fult endurgjald komi fyrir spillingu fiskiveiðanna í sýslunum, en það telja þeir fyrst verði, er trygg lending eða höfn sé fengin í héraðinu, og að það fáist, til þess eru öll líkindi, ef þingið veitir þessa heimild með því, að samþykkja þetta frumv., sem hér liggur fyrir.

Þær breytingar, sem meiri hluti nefndarinnar ræður til að gera á frv., eru allar í þá átt, að fá veitingu leyfisins bundna strangari skilyrðum og koma í veg fyrir það, að leyfið verði misbrúkað, og í þeim efnum hefir nefndin bæði komið með þá breytingartill., að leyfið skuli að eins veitt hérlendum mönnum, sem búsettir hafa verið hér á landi 3 síðustu árin og séu jarðeigendur, og að leyfið skuli að eins veitt til 20 ára í staðinn fyrir 50 ára, eins og í frumv. stendur.

Þá hefir nefndin enn fremur lagt til, að fé það, sem af hendi félagsins eða leyfishafa skuli sett sem trygging fyrir að hann uppfylli þær skyldur, sem á honum hvíla, skuli hækkað úr 150,000 kr. upp í 250,000 kr., og að þessa ¼ miljón kr. skuli leggja inn í peningastofnun þá hér á landi, sem landshöfðingi ákveði, og að það skuli vera stofnuninni leyfilegt, að nota hana sem starfsfé. Það er með öðrum orðum, að fé yrði lagt inn í Landsbankann, ef hann er við lýði, eða þá í sparisjóðinn eða hlutafélagsbankann.

Í 5. breytingartill. okkar er það skýrt tekið fram, að leyfið veiti ekki heimild til botnvörpuveiða á öllu þessu 60 mílna svæði fyrir báðum Skaftafellssýslunum, heldur skuli leyfið bundið við eitthvert víst svæði innan þessara takmarka, sem sett eru í 1. gr., eftir þeim tillögum, sem sýslunefndirnar gera. — Hinar aðrar breytingartill. nefndarinnar um hækkunina á gjöldunum til landssjóðs álít eg þýðingarminni, en þær geta þó ekki frá þingsins sjónarmiði verið til neins spillis.

Mál þetta, sem hér er um að ræða, er æðiþýðingarmikið bæði fyrir hlutaðeigandi héruð og eins fyrir sjálft landið í heild sinni; komist fyrirtæki þetta á, eins og menn hugsa sér það, þá mundi af því leiða bæði beinlínis og óbeinlínis hag fyrir landið. — Mikill auður kæmi inn í landið, atvinnuauki mikill og bættar samgöngur að stórum mun. Þetta eru alt þýðingarmikil atriði; en ekki væri hvað minstur hagur að því, að starfsfé þess banka, sem veðféð yrði sett í, ykist um ¼ miljón. Á umræðum þeim, sem fóru hér fram í deildinni í gær um hlutafélagsbankann, hefir víst öllum háttv. þm. orðið ljóst, hve mikið viðskiftalíf manna á milli munar um ¼ miljón. En mesta áherzlu verð eg þó að leggja á þann hag, sem þessi hlutaðeigandi héruð mundu hafa af þessu fyrirtæki. En hagur héraðanna er hagur landssjóðs og það sérstaklega í þessu tilfelli, af því landssjóður á mestan part af öllum jörðunum í þessum sýslum. Það vita allir menn, að þegar verzlunin batnar og samgöngurnar verða liðugri og samgöngufærin betri, þá hækka allar jarðir í verði. Það er enginn efi á því, að þessar jarðir mundu hækka um ⅓ í verði, kæmist þetta fyrirtæki í framgang, og það er þó beinn hagur fyrir landssjóðinn, eiganda jarðanna.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meir að sinni, en vona fastlega, að deildin samþykki fyrst og fremst br.till. meiri hluta nefndarinnar og því næst frv. í heild sinni.

Um breyt.till. háttv. þm. N. Múl. (E. J.) álít eg ekki þörf að svo stöddu að ræða neitt sérstaklega, en skal taka það fram, að eg álít hana ekki nauðsynlega, og er því fremur mótfallinn því, að hún komist að, en geri það engan veginn að kappsmáli.

Björn Kristjánsson: Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefi eg því miður ekki getað orðið samþykkur meira hluta nefndarinnar. Astæður mínar hefi eg flutt fram í nefndaráliti minni hlutans, en þær eru ekki svo ítarlegar sem skyldi, þar sem eg hafði mjög nauman tíma til að semja það og ekki nema einn klukkutíma til að íhuga málið í nefndinni. Framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) hefir nú rakið nefndarálit mitt í sundur, og reynt til að hrekja það, og sagt, að það væri rangt, er eg segi, að botnvörpuveiðar eigi að leyfa í landhelgi frá Horni til Jökulsár á Sólheimasandi. En eg verð þó að álita, að eg hafi hér rétt fyrir mér, því í 1. gr. frv. stendur, að veita megi undanþágu frá lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum fyrir báðum Skaftafellssýslunum. Háttv. framsm. gerir lítið úr áliti 24 skipstjóra héðan úr bænum, sem álíta slíka undanþágu hættulega, en eg verð þó að álíta, að þessir menn hafi þó meira vit á þessu máli en bæði eg og hann sjálfur. Þeir skýra svo frá, að útlend fiskiskip byrji fyrst veiðar sínar í febrúar undan Ingólfshöfða og austar, og færi sig svo smám saman vestur með landinu, með fiskigöngunni, en sjálfir byrji þeir veiðar fyrir austan Vestmanneyjar, og haldi svo vestur á bóginn. Þetta er bygt á margra ára reynslu, og eg skil ekki betur en að það sé sönnun fyrir því, að fiskigöngur komi fyrst upp að austurhluta Suðurlands og haldi svo vestur með landi. En sé því ekki þannig varið, þá hlýtur fiskurinn þó að fara upp að landinu til að hrygna, og þá skil eg ekki betur en að það muni spilla fyrir fiskiveiðum landsmanna, ef fiskurinn fær ekki næði til að hrygna undir landinu.

Eg verð að halda því fram, að fiskurinn gangi vestur með landinu, og styðst eg þar við persónulega reynslu, því eg er uppalinn í Arnessýslu og dvaldi þar í 15 ár, og þar var reynslan jafnan þannig, að fiskigangan kom fyr á Stokkseyri en Eyrarbakka, og fyr á Eyrarbakka en í Þorlákshöfn. Á hið sama bendir einnig, að vertíðin byrjar fyr í Vík og Vestmanneyjum en á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þetta er bygt á margra ára reynslu, og get eg ekki annað séð en að það sé sönnun fyrir því, að fiskurinn gangi fyrst að landi að austan, og fari svo vestur með landinu.

Mér þykir vænt um, að h. framsm. er mér samdóma um, að varðskipið geti ekki gætt þess, að ekki sé veitt í landhelgi á þessu svæði, enda mundu botnverpingar hæglega geta misbrúkað þetta leyfi, þar sem engin vörn er við höndina. Hann gat ekki fært neina vörn fyrir þessum síðustu ályktunum í áliti mínu, enda er hér um hættulegasta punktinn að ræða.

Mér dettur ekki í hug að kasta þungum steini að háttv. framsm., þótt hann kæmi með frumv. þetta. Það stendur hér öðru vísi á en þegar sams konar frumv. var hér upp borið 1899, af manni, sem ekki átti heima í sýslunni, þar sem þm. sjálfrar sýslunnar vill tryggja sýslunni hag með því, að leyfa botnvörpuveiði í landhelgi fyrir sýslunum.

En það er hætt við, að slíkar botnvörpuveiðar mundu spilla fiskiveiðum manna víðar en þessu á svæði, og að þeir, sem hefðu leyfi til botnvörpuveiða í landhelgi, mundu hæna aðra menn að

til að veiða þar á sama hátt í skjóli sínu, fyrir sérstaka borgun til sín, og það því fremur, sem engin löggæzla er á landhelgissvæðinu fyrir Skaftafellssýslu. Eg álít enga bót í því, þó félagið kallist innlent félag, því féð hlýtur að verða útlent og stjórn þess »strámanna«-stjórn, þó í henni sé Íslendingar að nafninu til. Og þar sem talað er um í frumv., að merki skuli sett á landi, svo hægt sé að sýna, hvar takmörkin séu, þá eru slík ákvæði þýðingarlaus, og bæði þessi skip, sem leyfið fengju, og önnur gætu, eftir sem áður, veitt í landhelgi, austan og vestan hinna ákveðnu takmarka.

Mér finst það og óviðfeldið af þinginu, að bjóða botnverpingum að koma og veiða hér í landhelgi, því enginn hefir beðið þingið um þetta leyfi mér vitandi, og enginn umsókn liggur fyrir þinginu í því efni. Eg verð þar að auki að álíta, að bæði frumv. 1899 og frumv. nú sé fram komin af misskilningi á staðháttum á því svæði, þar sem farið er fram á, að leyfa botnvörpuveiðarnar. Þannig gat háttv. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) þess við 1. umr. þessa frumv., að hann hefði komið með frv. 1899 vegna þess, að fiskifræðingur landsins og aðrir, sem þektu til, hefðu sagt, að sjávardýpið væri mjög lítið á þessu svæði innan landhelgi, og fiskur gengi þar því ekki.

Sömuleiðis hélt háttv. framsm. (Guðl. G.) því fram við 1. umr., að það væri ekki meira dýpi en 15—18 faðmar. Nýjustu rannsóknir á dýpinu á þessu svæði sýna, að menn hafa farið mjög vilt í þessu efni. Vil eg nefna dýpið á nokkurum stöðum á landhelgissvæði þessu, vestan frá og austur eftir. Við Vík er það 45 faðmar; fyrir Dýralæk 63 faðm.; fyrir Kúðafljótsmynni 45 fðm.; fyrir Skaftárós 74 faðm.; frá Núpsvötnum og austur eftir 60—73 faðm., og 1/4 mílu frá landi 40 faðm.; fyrir Skeiðarárós 69 faðm.; fyrir Ingólfshöfða 37 faðm.; fyrir Jökulsá á Breiðamerkursandi 90—100 faðm. og 1/4 mílu frá landi 90 faðm; þaðan til Hornafjarðar um 45 faðm. og frá Hornafirði til Eystra-Horns 25—34 faðm. Dýpið á þessu svæði er því eins mikið, eða þó öllu dýpra, en hér í flóanum, og má því geta nærri, hvort fiskur gengur ekki á þetta svæði, sem liggur beint fyrir opnu hafi!

Háttv. framsm. (G. G.) gat þess, að meiri hluti þess fisks, sem veiddur yrði á þennan hátt, mundi verði fluttur burtu í ís, og hann mundi því ekki spilla markaði fyrir íslenzkum saltfiski. Eg vil viðurkenna, að þetta muni verða rétt, en þá er annars að gæta: Hvernig á að borga útflutningsgjald af fiski þeim, sem lagður er í ís, þar sem fiskinn verður að leggja strax í ísinn, um leið og hann kemur úr sjónum? Yrði því að rífa fiskinn upp aftur og vega hann í landi, til þess hægt væri að vita um upphæð tollsins, en eg hygg, að slíkt mundi valda svo miklu umstangi og toll-eftirliti, að lítt mögulegt yrði að framkvæma það, svo nokkurt lag væri á.

Ennfremur er mjög óvíst, þó frumv. þetta gengi í gegnum deildina og þingið, að það yrði samþ. af stjórninni, eftir því, sem hæstv. landsh. fórust orð 1899 út af frumv. sem þá lá fyrir þinginu. Lýsti hann þar skoðun foringjans á varðskipinu og skal eg með leyfi h. forseta lesa þar upp lítinn kafla. Lh. lýsir skoðun foringjans á þessa leið: »Hann áleit, að ekki væri praktiskt, að lögheimila botnvörpuveiðar í landhelgi á svæði því, sem hér ræðir um«, og á öðrum stað: »Hann áleit því að ekki væri rétt, að gera frumv. slíkt sem þetta að lögum, og gat þess, að ólíklegt væri, að stjórnin mundi staðfesta

slík lög, því að hvergi annarstaðar væru til samsvarandi lög, er leyfðu útlendingum að fiska í landhelgi, og grípa þannig inn í atvinnu landsmanna«. Jafnframt því, að lýsa þessari skoðun foringjans á varðskipinu á málinu, réð ldsh. til, að frv. væri ekki samþykt.

Í 2. gr. frumv., sem hér liggur fyrir, er svo fyrir mælt, að ekki megi veita undanþágu frá banni gegn botnvörpuveiðum í landhelgi lengur en 20 ár. En ekki er þar með girt fyrir, að ekki megi endurveita leyfið hvað eftir annað, og þá gæti hið sama orðið uppi á teningnum, eins og leyfið hefði upphaflega verið veitt um aldur og æfi.

Í frumv. er ekki getið um nein sektarákvæði, og hljóta þó að geta orðið miklu fleiri brot gegn lögum þessum en sem nefnd eru í lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Þannig geta þeir, er leyfi hafa, meðal annars leyft öðrum að veiða í skjóli sínu. Það hefir því litla þýðingu, þó verðið hafi verið hækkað upp í 250 þús. kr., þar sem engin sektarákvæði eru í frumv. og landsh. ekki einu sinni falið að ákveða þær, og loksins, að engin trygging er fyrir, að nokkuru broti verði upp komið.

Eg verð því að vera frumv. mótfall inn, meðan engin sönnun er fyrir því, að botnvörpuveiðar spilli ekki fiskiveiðum, og engin löggæzla er til, sem geti komið þeim brotum upp, sem framin yrðu gegn slíkum lögum.

Ekki get eg heldur séð, að mikið sé unnið við það, þó verðið, 250 þús. kr., megi nota í bankanum eða öðrum op inberum sjóðum, úr því engin ákvæði eru um það, hvað háa vexti landssjóður eigi að greiða af því fé.

Eg vona að háttv. 1. þm. N. Múl. (E. J.) falli frá brtt. sinni á þgskj. 508, þegar hann veit, að dýpið á þessu svæði er miklu meira en hann hélt og bygði brtt. sína á. Sama er með varatillögu hans, að taka aftur leyfið eftir 4 ára tíma, ef það reynist, að botnvörpuveiðarnar spilli öðrum fiskiveiðum. Það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann, og það er of seint, að afnema þessar botnvörpuveiðar, þegar þær eru búnar að gera tjón. Auk þess er allsendis ómögulegt að sanna fullkomlega, að þessar botnvörpuveiðar hafi spilt fiskiveiðunum, því þó 4 fiskileysisár komi í röð, hvert eftir annað, er ekki hægt að segja um, hvort slíkt er botnvörpuveiðunum að kenna, eða af því, að fiskur hafi ekki gengið að landinu um 4 ár, eins og stundum kemur fyrir.

Landshöfðingi: Mér heyrðist háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) vitna í orð *mín* á þ. 1899, viðvíkjandi frumv., sem þá lá fyrir og fór fram á undanþágu frá lögunum 6. apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum, eins og farið er fram á í þessu frumv., og að eg hefði þá ráðið frá, að slík undanþága væri veitt. En eg verð að geta þess, að nú víkur alt öðruvísi við, þar sem þar var farið fram á, að veita utanríkisskipum leyfi til, að veiða með botnvörpum í landhelgi, en hér er að ræða um, að skipum í innlendu fiskiveiðafélagi megi veita undanþágu frá lögunum. — Það er auðvitað mjög erfitt fyrir þingið, að eiga við þetta mál, því skoðanir á botnvörpuveiðum eru svo sundurleitar. Sumir álíta botnvörpuveiðar slíkar meinvættir, að þær ætti að banna um allan heim. Aðrir segja aftur á móti, að þær geri engan skaða, og álíta sannað með vísindalegum rannsóknum, að þar, sem botnvörpuveiðar hafa verið reknar um 16—17 ár, sé ekki mögulegt að sjá neina þurð á fiskinum, og þar sem friðað hefir verið fyrir botnvörpuveiðum, hafi fiskmergðin ekki aukist fram úr

því, sem áður var. Hvorir hér hafi réttara fyrir sér, er ekki hægt að dæma um að svo stöddu, en það sýnir að eins, hvað skoðanirnar eru sundurleitar á þessu máli.

Yrði frumv. þetta samþykt, mundi það hafa í för með sér mikil hlunnindi fyrir landið, ef þetta leyfi væri veitt, og færi svo, að enginn vildi kaupa veiðileyfið, yrðu lög um þetta efni að skoðast eins og annað humbug, en gerðu að öðru leyti hvorki gott né ilt. En yrði leyfið keypt, er auðsætt, að fyrir utan þau hlunnindi, sem beinlínis eru ákveðin með frumv., mundi það verða mjög mikill hagur fyrir búnað og verzlun, að slíkt fiskiveiðafélag yrði rekið þar eystra. Bændur gætu t. d. sent smjör til Englands á hverj- um hálfsmánaðar fresti; nýr markaður mundi rísa upp fyrir kjöt, með því að senda það í ís til útlanda, og ennfremur mundi vera hægt fyrir kaupmenn að fá fluttar vörur með skipum félagsins frá útlöndum fyrir lágt verð, þar sem þau mundu vanalega vera mestmegnis tóm þá leiðina. Þetta eru þau hlunnindi, sem ekki eru nefnd í frumv., en sem það mundi meðal annars hafa í för með sér ef það yrði að lögum og leyfið væri veitt. — Hins vegar mælir það móti frv., ef botnvörpuveiðar eru taldar hættulegar og bannaðar sem slíkar í gildandi lögum, og það er hætt við, að margir séu búnir að bíta sig fasta í þá skoðun, að það sé nokkurs konar sjálfsmorð fyrir allan sjávarútveg, að leyfa þær í landhelgi. Bera þeir fyrir sig fiskigöngurnar til að rökstyðja þessa skoðun sína, sem þeir vita þó jafnlítið um, eins og um það, hvort botnvörpuveiðar séu hættulegar fyrir aðrar fiskiveiðar yfir höfuð að tala.

Eg get ekki sagt um, hvernig stjórnin mundi líta á þetta frumv., hvort hún skoðar það haganlegt eða ísjárvert. Eg get búist við því, að hún kunni að skoða umráð landhelginnar vera sameiginlegt mál og að veiði í landhelgi hér við land sé ekki séreign Íslendinga, heldur sameiginleg eign allra þegna Danakonungs. Eg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki vill breyta ákvæðum 1. gr. frv. til 3. umr. þannig, að það sé ekki landshöfðingi, heldur stjórnin, sem veiti undanþáguna. Eg gæti ímyndað mér, að stjórnin vildi ekki sleppa þeim rétti úr höndum sér, og held, að frumv. yrði með því móti aðgengilegra en ef landshöfðingi veitti leyfið, án þess stjórnin hefði þar hönd í bagga með.

Eg ímynda mér, að háttv. þingm. séu búnir að ákveða, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði um þetta mál, og ætla mér ekki að reyna að hafa áhrif á atkvæði þeirra. En hér er auðvitað úr nokkuð vöndu að ráða, þar sem sumir óttast annars vegar, að hér sé verið að spilla fyrir fiskiveiðunum, en aðrir hins vegar líta meir á það, að frumv. hafi í sér fólgið fyrirheit um ýmsa mikilsverða hagsmuni fyrir Skaftafellssýslu og að allt landið í heild sinni gæti haft afarmikið gagn af fyrirmælum þess.

Þórður Guðmundsson: Á þinginu 1899 datt mér ekki í hug, að á þinginu 1901 kæmi fram frumv., sem gengi í líka eða jafnvel sömu stefnu og frv. það, sem var hér til umræðu þá í deildinni. Eg man það vel, að þeim 6 þingmönnum, sem greiddu atkvæði með því frumv., var valið það óvirðulega nafn, að kalla þá landráðamenn og föðurlandssvikara. Eg dáist að þreki háttv. þingm. V-Sk. (G. G.), að hann skuli nú flytja þetta frumv. hér á þingi, því þótt það sé að nokkuru leyti ólíkt frumv. frá 1899, sem hann mælti þá svo kröftuglega á móti, þá er það þó í aðalatriðunum það sama,

þar sem það fer fram á, að leyfa botnvörpuveiðar í landhelgi. Eg er samdóma honum í því, að hlutaðeigandi hérnð og jafnvel landið gætu haft gagn af þessum lögum í peningalegu tilliti í svipinn. En þetta er að eins betri hliðin. Það verður að líta á það frá fleiri hliðum, þar sem um jafnþýðingarmikið atriði er að ræða. Eg er ekki fær um, og eg ímynda mér, að enginn háttv. þingm. sé fær um, að segja með vissu, hverja þýðingu slík lög sem þessi mundu hafa fyrir fiskiveiðar vorar framvegis. Það þori eg þó að fullyrða, að það er ekki rétt, sem háttv. flutnm. (G. G.) sagði, að fiskiveiðar hefðu ekki spilst við Rangársand síðan botnvörpuveiðar byrjuðu fyrir suðausturlandi. Jú, einmitt síðan að botnvörpuveiðarnar byrjuðu, hefir fiskurinn horfið og er að hverfa fyrir Rangársandi og Loftsstaðasandi. Mér er þetta fullkunnugt, því eg hefi verið formaður um síðastliðin 30 ár fyrir Rangársandi og á Loftsstöðum, og vitað, að fiskiveiðarnar eru að hverfa þar, síðan botnvörpuveiðarnar hófust austur með landi. Fiskileysissvæðin eru árlega að stækka vestur með ströndinni og austangöngurnar alveg horfnar, og alt sýnist benda á, að fiskiveiðar á opnum bátum á þessu fiskisæla svæði séu að hverfa.

Eg skil ekki, hvernig háttv. flutnm. hugsar sér, að koma eigi löggæzlu við á svæði því, þar sem veita á undanþágu frá banninu gegn botnvörpuveiðunum, því eg er hræddur, um að það mundi koma æði oft fyrir, að skipin færu vestur eða austur fyrir línuna, og þá væri engin löggæzla til að hafa eftirlit með því. (*Guðl. Guðmundsson*: Varðskipið) Varðskipið er hér ekki um miðjan vetur, og þó menn sjái óleyfilegar botnvörpuveiðar úr landi, þá kemst enginn út á sjó til að sannfærast um, hver brotið hafi framið, og þótt skip sjáist við botnvörpuveiðar í landhelgi fyrir Skaftafellsýslu, þá vita menn ekki, hvort það eru skip, sem hafa leyfi til þess, eða ekki. Þetta er þó ekki nema önnur hlið málsins; en á hina hliðina er það hlægilegt, að þingið er í öðru orðinu að biðja stjórnina um konónubáta til að verja oss fyrir yfirgangi botnvörpunga, en í hinu orðinu er það að koma með lög um, að heimila botnvörpuveiðar í landhelgi. Eg þekki ekki hugsunargang dönsku stjórnarinnar, en eg gæti hugsað mér, að hún tæki ekki mikið tillit til ályktana þingsins, ef það sýndi af sér slíka ósamkvæmni.

Eg vil ekki fjölyrða um þetta mál; en þó eg sé samdóma flutnm. um, að hagnaðurinn af þessum lögum yrði mikill á aðra hliðina, þá treysti eg mér ekki til að greiða því atkvæði mitt, því þó að nú sé svo kemið, að fiskur er nærri horfinn fyrir Rangársandi, þá má búast við, að Rangæingar og yfir höfuð allir fyrir suðurströnd landsins færðu þinginu engar þakkir fyrir það, ef það leyfði botnvörpuveiðar í þessu svæði, þó endurgjald kæmi fyrir. Gæti farið svo, að þingið færði sig upp á skaftið og leyfði »troll« í landhelgi á mjög stórum svæðum, ef ekki kringum land alt, og álít eg, að það væri mesta skaðræði fyrir þjóðina í heild sinni. Verð eg því að vera á móti frumv.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil reyna að tala um þetta mál af stillingu. (*Guðl. Guðmundsson:* Þess gerist ekki þörf; ekki mín vegna). Gott er að heyra það; eg skal nú reyna það samt.

Eg hefði satt að segja ekki búist við, að þetta frumvarp kæmi fram hér á þingi 1901, eftir þeim undirtektum, sem

frumv. í líka átt fekk 1899, og einmitt þeim undirtektum, sem það fekk hjá háttv. flutnm. þessa frumv. (G. G.). Eg hefði heldur ekki búist við, að svona mikið kapp væri lagt á að koma þessu frumv. fram.

Eg heyrði háttv. þingmann segja, að málið hefði verið rætt í nefndinni heilan hálfan klukkutíma; annar þingmaður sagði, að það hefði ekki verið hálfan tíma, ekki nema »kortér«. Í gær var það tekið út af dagskrá, af því að meiri hluti þingdeildarinnar vildi fá tíma til að átta sig á því; það mæðist rétt í gegn; en svo er það tekið á dagskrá aftur strax í dag. Til hvers er þetta kapp? Eg þarf ekki að svara því.

Eg ætla þá, áður en eg vík að frumv., að taka nefndarálitin, og einkum nefndarálit meiri hlutans, nokkuð til athugunar.

Nefndarálit meiri hlutans byrjar á því, að það séu engin líkindi til, að fiskigöngurnar komi frá þessum stöðvum; það sé ósannað. Meiri hlutinn ætlast til, að við, sem erum á móti þessu frumv., eigum að sanna, að þessi lög verði skaðleg; en það er einmitt flutningsm., sem á að sanna, að þau verði skaðlaus. Hann fer fram á nýbreytni í þessu frumv., undanþágu frá gildandi lögum, en hann á að sanna, að þetta sé skaðlaust; það sér hver heilvita maður. En það er svo langt frá, að hann hafi sannað það eða geti sannað það, að það liggja miklu fremur fyrir sannanir í gagnstæða átt, eða að minsta kosti mjög sterkar líkur. Eg hefi nú í höndum bréf frá 24 skipstjórum, og maður má ætla þeim að hafa betur vit á þessu máli heldur en háttv. flutningsmanni. Þeir segja, að það mundi skaða fiskiveiðarnar vestur með landinu og í Faxaflóa, ef þetta frumvarp yrði að lögum. Þeir segja enn fremur, að það geti skaðað víðar. Auk þess er eg svo vel staddur, að eg hefi í höndum Alþingistíðindin 1899, og þar segir einmitt hinn háttv. flutningsm., að þetta »mundi stemma stigu fyrir göngunni vestur með landi og mundi það geta komið víðar niður«. Hefir hann nú fært nokkurar sönnur á, að þessi orð hans 99 hafi ekki verið á rökum bygð? Hann hefir ekki gjört það hér; hann hefir kannske gjört það þetta »kortér«, sem hann sat á nefndarfundi.

Eg verð að álíta, að hér sé um mjög varhugavert mál að ræða; og það má enn nefna einar líkur fyrir því, að það mundi verða til stórskaða. Flutningsmaður segir, að á þessu svæði séu oft skip svo tugum skifti, þvaga af þeim. En hvers vegna? Einmitt af því, að þar er fiskur fyrir; þess vegna halda skipin sig þar, að þar er fiskisælt; líklega er þar svo kallaður »fiskibanki«. Það eru því mestu líkur fyrir því, að frumv. þetta, ef það yrði að lögum, mundi gjöra stórskaða.

Önnur ástæða, sem h. flutningsmaður færir fyrir þessu frumv., er sú, að það sé til mikils hagnaðar fyrir héraðið. En á meðan það er ósannað, að það sé ekki til skaða fyrir landið alt, þá verður hagnaðurinn fyrir einstakt hérað öldungis að hverfa.

Í þriðja lagi taldi framsm. það, að menn hafi óskað eftir þessu í sýslunni. Eg hef ásamt öðrum h. þm. leitað með logandi ljósi að þingmálafundargjörðum úr Skaftafellssýslu, en þær finnast hvergi. Hvar eru þær? (*Guðl. Guðm.*: Þær eru hérna). Eru þær þarna? Já, rétt er það. Mér er sagt, að héraðsbúar mundu ekki setja sig á móti líku frumv. og þessu, ef þeir fengju í aðra hönd svo og svo mikið; en eg skal nú athuga

þetta; eg býst við að mér gefist tækifæri til að standa upp aftur.

Enn er eitt, sem mælir á móti þessu, og tekið er fram í áliti minnihlutans, það sem sé, að færi maður að veita þetta leyfi, þá gæti maður búist við, að sá fiskur yrði fluttur á útlendan markað saman við íslenzkan fisk. Nú liggur gott orð á íslenzkum saltfiski, en botnvörpufiskur er mjög vond vara; kæmist hann nú saman við íslenzka fiskinn inn á markaðinn, þá er mjög hætt við, að það mundi spilla.

Það hefir verið sagt, að þetta verði til hagsmuna fyrir landbúnaðinn. Þetta skil eg ekki. Það hefir þvert á móti allt af verið sagt, að sjávarútvegurinn dragi ofmikið frá landbúnaðinum, og ef við hugsum okkur, að upp kæmi þarna stór skipafloti, þá yrði það til þess, að það vildu en færri sinna landbúnaðinum; það yrði honum til niðurdreps, því sá litli vinnukraftur, sem er við landbúnaðinn, mundi minka enn meir.

Þá vík eg að frv. Það er í fljótu bragði sagt eitt það óglæsilegasta og litthugsaðasta frv., sem eg hefi nokkru sinni séð. Við 1. gr. frv. er komin breyt.till., að þar bætist við orðin: sem hafa verið búsettir hér á landi í 3 ár og eiga hér jarðeign. Þetta sýnist vera til bóta; það sýnist útiloka, að aðrir en Íslendingar standi fyrir þessum félögum. En það er að eins á pappírnum.

Það er farið fram á, að leyfisbréfin kosti 2000 kr.; það er farið fram á, að hvert skip borgi 300 kr. og þar að auki 3 kr. fyrir hverja smálest. Þetta er auðsjáanlega ekki ætlað innlendum mönnum, heldur útlendum, og það útlendum auðkýfingum. Innlendir menn verða settir fyrir það í orði kveðnu.

Eg get sagt h. deild dæmi, sem sýnir, hvernig farið er kringum þess konar lög.

Samkvæmt gildandi lögum verða yfirmenn á skipum, er fiska hér í landhelgi, að eiga heima í ríkinu. Eins og mönnum er kunnugt reka nokkrir Norðmenn, hér hvalveiðar. Þeir fóru svo í kringum þessi lög, að þeir létu hina og þessa stráka kaupa leyfisbréf sem skipstjóra og stýrimenn; strákarnir höfðu náttúrlega ekkert að segja, en fengu þó að standa á stjórnpallinum. — Eins verður hér. Það verður fenginn einhver Íslendingur, sem á eitthvert kot, 1, 2, 3 eða 4 hundruð í jörðu, til þess að standa fyrir félaginu á papírnum; hann fær einhverja ofurlitla sleikju fyrir; það er alt og sumt.

Eftir frv. á þett leyfi að veitast til 50 ára; en þar við er gjörð breyt.till. um, að það veitist til 20 ára, sem sýnist vera til bóta. Eins er um breyt.till. h. þm N.-Múl (E. J.), að það megi taka leyfið aftur eftir 4 ár, ef það sannast, að það gjöri skaða; h. flutningsmaður vill, að það megi taka það aftur eftir 5 ár. En hví ekki fyr en eftir 4—5 ár? Setjum svo, að það sannist á 1. ári, að botnvörpuveiðarnar séu til skaða. Hvi á að bíða með að fella leyfið úr gildi í 4 eða 5 ár?

Þá kemur að 3. grein, og það er langversta greinin. Þar er farið fram á, að landshöfðingi ráði öllum skilyrðum öðrum en þeim, að eitthvert endurgjald á væntanlegum skaðabótum og veð á hann að heimta.

Það má gleðja h. landsh., hvað flm. sýnir honum mikið traust í þessu efni. En enda þó eg ekki bæri brigður á, að landstjórnin vildi alt hið bezta, þá álít eg þó rétt, að við vörpum sem minst áhyggjum vorum upp á hana í þeim efnum, sem við getum ráðið sjálfir. En það sem gerir greinina ómögulega,

er einkum tvent. Það er, eins og allir vita, dómsmál, að ákveða um skaðabætur; en eg sé ekki betur en að í grein þessari sé umboðsvaldinu ætlað að ákveða skaðabæturnar, og verð eg að álíta það brot á 1. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir, að dómsvaldið sé hjá dómendum.

En svo kemur spurningin, hvernig á að tiltaka þetta endurgjald? Hvernig á að fara að meta þann skaða, sem Skaftfellssýsla verður fyrir? Það sé eg ekki að sé mögulegt. Til þess þyrfti maður að vita, hvað mikið hefir aflast áður og hvað mikið aflast eftir að lög þessi koma í gildi. En það sjá allir menn, að þetta er ómögulegt. Þetta er annar höfuðgallinn

Mér virðast tillögur hæstv. landsh. um þetta mál 1899 og nú nokkuð andstæðar. En af því h. landsh. er ekki viðstaddur, skal eg ekki fara langt út í þetta. Eg get þó sagt það, að 1899 mælti hann móti frv. af þeim ástæðum, að það mundu ekki verða margir til að kaupa leyfið; það mundi verða lítt mögulegt að hafa eftirlit með þessum veiðiskap, enda væri slík lög hvergi kunn, og fyrir þessu hafði hann foringjann á danska varðskipinu.

Hæstv. landsh. sagði nú, að botnvörpuskipin gætu flutt út smjör og ýmislegt fleira, og þannig komið almenningi að notum. En fyrst væri slík hjálp lítilræði eitt, og svo þykir mér kynlegt, að búast við því, að þau mundu ekki hafa annað að flytja en sendingar hinna og þessara.

Eg vil svo ekki fara lengra út í þetta mál. Eg mun greiða atkvæði móti því; enda stóð eg ekki upp fyrir því til 2. umr.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg finn ástæðu til að víkja fyrst að þeim þm., sem síðast talaði. Hann vék að sýslufunda- og þingmálafundagjörðum úr Skaftafellssýslum, og skal eg taka það fram, að fyrir báðum sýslufundunum lá beiðni frá einum manni um, að svona leyfi væri veitt, og eftir mínu ráði voru yfirlýsingar héraðsbúa orðaðar svo varlega, til þess að það kæmi fram, að héraðið fyrir sitt leyti hefði að vísu ekki á móti því, að þannig lagað leyfi væri veitt, en að hins vegar sæktist það ekki eftir því. Það er því mitt orðalag á þessum ályktunum. Annars lagði eg ekkert til þeirra mála, hvorki til né frá, vegna þess, að eg vildi láta vilja héraðsbúa koma sem frjálslegast fram um þetta, en það er nú víst ekki eftir kokkabók háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Þm. sagði, að við ættum að færa sönnur á, að ekki hlytist skaði af að veita þetta leyfi. En eg hefi fært sönnur á, og enginn þorað að mæla móti því, að á því svæði, sem um er að ræða, fiska eins mörg botnvörpuskip nú, þvert ofan í landsins lög, eins og þó það væri leyft með lögum, og þess vegna eykst ekki skaðinn, þó veitt væri leyfi til að fiska þarna, en sá auður, sem nú er stolið frá okkur, yrði gjörður arðberandi fyrir landið. Skaðinn er skeður, hvort sem menn vilja eða ekki, því ástandið er eins ilt, eða verra, en þó það væri heimilað með lögum, að veiða þarna. Eg var búinn að svara háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) upp á fyrirspurn hans, en háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), leikur þann leik hér í þingsalnum, að látast ekki heyra orð andstæðinga sinna. (*Lárus H. Bjarnason*: Sleggjudómur). Þm. verður að fyrirgefa, þó eg segi satt og rétt og frá, og nefni framkomu hans eins og hún á skilið. Eg veit ekki, hvort eg ætti að víkja hér að einu litlu atriði, sem alt í einu flýgur mér í hug. Þegar eg var ungur drengur

stóð mér oft geigur af mannýgum nautum; það voru þær einu skepnur, sem mér var ómögulegt að lynda við. Þegar eg sá slíkt naut hamast og róta í moldarflagi með hornum og klaufum, standa svo upp og snugga sig, skakkreigja hausinn, leggja höfuðleðrið í þessar einkennilegu rhomboëdrisku fellingar, og stara á mann með svo voðalega hátíðlega hrokafullum »hæstaréttar«-augum, þá man eg það, að mér þótti þessi sjón mjög ógeðsleg og egnandi. Eg vil nú ekki draga neinn parallel milli þessarar skepnu, sem eg nú lýsi, og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), en mér er ómögulegt að verjast því, að framkoma þm., eins og hún var í einu máli um daginn, þar sem hann gekk berserksgang, þyrlaði upp moldrokum, og rótaði í málinu alt hvað hann orkaði, og endaði svo með því, að segjast ekkert vera á móti því, að málið gengi fram, — að þessi framkoma hans þá og svo framkoma hans nú minnir mig dálítið á þetta, sem eg nefndi. Það er þetta mannýga sjálfsálit (*Lárus H. Bjarnason*: Eru þetta allar sannanirnar?), sem gjörir þm. ómögulegt að fjalla um nokkurt mál með alvöru; hann lítur ekki á málið sjálft, heldur á sjálfan sig, og svo verður alt hjá honum að útúrsnúningum, rangfærslum og orðaleik. Hver sem vill vera samvizkusamur þm., má ekki að eins leggja sig eftir orðaleik, en það er það, sem mér finst bera ofmikið á í framkomu þm. Snæf. (L. H. B.), eins og hann gæti þó verið nýtur þm., því um glögskygni neitar honum enginn. Eg segi þetta svo menn skilji, að eg get ekki verið að elta þm. í öllum hans útúrkrókum; eg álít þeim nægilega svarað með þessu. Þm. var að upplýsa, að hann eða annar maður honum kunnugur hefði lagt ráðin á, hvernig hægt væri að fá »strámann« fyrir svona fyrirtæki, og er hann því sjálfsagt kunnugastur. Það er að eins eitt atriði í 3. gr., sem eg skal svara í alvöru. Þm. tók það fram, að það væri hvergi ákveðið í lögunum, hvernig skaðabætur ætti að ákveða. Ef þm. á við endurgjald það, sem leyfishafa ber að inna af hendi fyrir þann skaða, er fiskiveiðar Skaftafellssýslnanna bíða, þá er það ljóst, að það verður ákveðið með samningi fyrir fram milli sýslunefndanna og félagsins, sem kaupir leyfið, hvort sem nú endurgjaldið verður fólgið í því, að byggja höfn, eða í árlegu peningagjaldi. Hér er ekki að tala um neitt eftir á, heldur um að greiða fyrir fram ákveðna upphæð. En hafi þm. átt við, að leyfishafi yrði skaðabótaskyldur, svo að taka yrði til veðsins, þá skal eg benda á, að það er ekki óvenjulegt, að umboðsstjórnin annist það, t. d. í útflutningslögunum, þar sem landshöfðingi úrskurðar skaðabætur af hendi útflutningsstjóra, og tekur þær af veðinu. Eg sé því ekki, að þessar mótbárur séu á rökum bygðar. Eg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir þær, sem málið fekk af hans hálfu. Og eg skal taka það fram viðvíkjandi skaðsemi botnvörpuveiðanna yfir höfuð, að eg hefi hér vísindalegt rit um það efni, sem eg hafði ekki kynt mér 1899, því þá var það ekki til, og er þar gjörð grein fyrir því, að skaðsemd sú, sem stafi af botnvörpuveiðum, sé ekki eins mikil og alment er ætlað. Eg skal nú ekki leggja dóm á það, en hitt segi eg, að botnvörpuveiðar í lagaleyfi eru ekki skaðlegri en botnvörpuveiðar, sem menn reka þvert ofan í gildandi lög. Ýmsir háttv. þm. hafa talað um, að þetta frv. væri skylt eða sviplíkt frv. frá 1899; en þau frumv. eru álíka sviplík og svart og hvítt, þar sem í öðru er að ræða um útlenda menn og útlendan

atvinnurekstur, en í hinu um alinnlent fyrirtæki. Og þó að stjórnin gæti ómögulega heimilað skipum að reka botnvörpuveiðar undir útlendu flaggi á þessu svæði, þá gæti hún heimilað það skipum undir innlendu eða dönsku flaggi. Hér er ekki eins og háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) sagði, verið að bjóða fram rétt til að veiða í landhelgi, heldur hefir verið beðið um leyfi og boðnir fram peningar til að byrja á þessum atvinnuvegi, ef leyfið fæst. (*Björn Kristjánsson*: Það liggur engin beiðni um þetta fyrir þinginu). Beiðnin liggur fyrir mér, og það veit háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) frá mér, en ef til vill trúir hann mér ekki, og ætti hann þá að tortryggja mig um fleira. Félagið gæti tekið til starfa 1902, og þetta fyrirtæki gæti orðið til mikils hagnaðar fyrir héraðið, en skaðinn yrði ekki meiri þó þessar fiskiveiðar væru reknar að lögum en móti lögunum, eins og nú er. Og fyrir hin héruðin yrði skaðinn ekki meiri en nú. Þá talaði þm. um löggæzluna. Eg veit nú ekki, í hverja átt menn hugsa sér frekari löggæzlu gegn innlendum skipum en útlendum. Þar sem innlend skip veiða í óleyfi laganna, er farið með þau eftir almennum lögum, og þau eru háð hinu almenna eftirliti; en hvernig geta menn hugsað sér, að innlend skip brjóti lög, þar sem þeim er leyfilegt að fiska? Háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að þau mundu leyfa útlendum skipum að fiska þarna, en þá væru þau sannarlega vitlaus, ef þau hleyptu útlendum skipum að til að fiska þar, sem þau hafa sjálf keypt sér réttinn til þess dýrum dómum. En eg get ekki gengið út frá, að mennirnir séu vitlausir. Eg skil því ekki, á hverju menn byggja kröfur um sérstaka löggæzlu. Merkistengur er hægt að reisa svo háar á landi, að varðskipinu sé auðvelt að átta sig á þeim. Eg tók það fram, að talsvert dýpi væri austan til á þessu svæði, en á miðsvæðinu 16 faðmar. Þetta er rétt eftir kortinu, og eg skal taka það fram, að háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) kannaðist við það, að hann vissi ekki, hvort merkin á kortinu táknuðu fet eða faðma. Eg skil ekki merkin, en eg verð að taka reynda sjómenn trúanlega, sem róið hafa til fiskjar mörg ár á þessum svæðum. Hvað það snertir, að vertíð byrji í Vík um kyndilsmessu, þá veit eg ekki til að vertíð byrji þar fyr en í 1. eða 2 viku góu, eða um sama leyti og í vestursveitunum og hér sunnanlands, og það hefir oft komið fyrir, að frézt hefir um veiði á Eyrarbakka áður en farið var að róa í Vík. (*Magnús Torfason*: Gæftaleysi). Nei. Háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði, að fiskiveiðar eyðilegðustu fyrir Rangársöndum. Um það er mér ókunnugt; en ef það er satt, að aflinn sé þegar horfinn þar, er það þá til skaða fyrir héraðið að fá höfn eftir á við Dyrhólaey? Það mundi hafa fjarskamikla þýðingu fyrir landbúnaðinn; menn fengju markað fyrir vörur, sem nú er enginn markaður fyrir, og auðvelda flutninga að sumrinu, sem hefði mikil áhrif á verzlunina.

Þar sem hér er um innlenda þegna og innlendan atvinnuveg að ræða, get eg ekki selt mig inn í, að þörf sé á neinni sérstakri löggæzlu gagnvart þessum mönnum. Og þegar eg skoða þetta mál frá viðtækara sjónarmiði, þá er eg sannfærður um, að okkar sjávarútvegur hlýtur með tímanum að taka stórfeldum breytingum; það er gersamlega nauðsynlegt, ef við viljum fylgja með í samkepninni í kringum okkur. Fyrir mér vakir, að þilskipaútvegurinn standi enn lengi, en að opnu bátarnir leggist alveg niður. En ef við ætlum að standa okkur í samkepninni og fá

verulega hlutdeild í fiskiveiðunum kringum landið, þá verður okkar sjávarútvegur að snúast í botnvörpuveiðar, því það er sú veiðiaðferð, sem gæti borgað sig bezt, ef hún væri stunduð hér frá landinu. Eg tók það fram aðan, að það sem gerir Englendingum útveginn svo dýran, er það, að þeir flytja fiskinn út í svo litlum skipum. Og enginn skaði væri það fyrir Ísland, þó opnu báturnir legðust niður. Við erum búnir að missa svo mörg mannslíf fyrir þær fleytur, að ekki er vanþörf á að fyrirgirða slíkt fyrir eftirtíðina. A síðari árum hafa verið 4—5 stórir skipskaðar, þar sem hafa farist 20—30 manna í hverjum. Hvílíkur skaði er það fyrir landið og hve mikinn afla þyrfti ekki til að bæta það upp? Þessi breyting mundi að mörgu leyti horfa til framfara og til að auka auðmagn í landinu, því framleiðsla á fiski ykist árlega um 30—33%, og jafnframt hefir verðið hækkað. Þetta sýnir, að nautn fiskmetis er að aukast svo mjög í veröldinni, að framboðið nægir ekki eftirspurninni. Það er því ekki ofmikið sagt, að hér eru gullnámur, sem lítið eru notaðar, en sem vér stöndum betur að vígi til ngta en nokkurir aðrir. Og þetta sem hér liggur fyrir, er spor í þá átt, að gera okkur þessa gullnámu arðberandi.

Lárus H. Bjarnason: Eg býst við að háttv. deild hafi tekið eftir öllum rökunum, sem háttv. þm. V. Sk. (Guðl. G.) hafði fram að færa. Ekki vantaði hávaðann og ofsann. Það er engu líkara, þegar háttv. þm. talar, en að hann sé að lemja utan tóma tunnu, stórt, tómt »uxahöfuð« (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það var líka. — Hlátur); sitt eigið uxahöfuð. Annars kemur mér það ekkert undarlega fyrir, að þetta frumv. er borið fram einmitt af þessum manni. Þegar valtýskan kom fyrst fram, kallaði þm. V.-Sk. hana »stórt spor í öfuga átt«. Nú hælir hann henni á hvert reipi. Þegar hlutafélagsbankinn var til umr. á borgarafundi hér í bænum 1899, kallaði þm. bankann glæfrafyrirtæki. Nú telur þm. bankann bezta bjargræðið okkar. Þegar botnvörpumálið var fyrir síðasta þingi og farið var fram á það sama og hann fer nú sjálfur fram á, kallaði hann það minkun fyrir þingið, landráð o. s. frv. að fara fram á slíkt. Færi annar maður en þm. V.-Sk. svona að ráði sínu, mundi maður undrast það; en maður getur búist við öllu af þessu politiska »perpetuum mobile«, þessari »politisku reikistjörnu«, af þessu politiska skoffíni, sem ætíð endar hringferð sína með því, að bíta í sinn eigin stert, eða í sitt eigið skott. (*Forseti*: Þetta eru ekki parlamentarisk orð). Annars var þm. alt af betri og betri við mig, eftir því sem á ræðu hans leið. Hann endaði með því að kalla mig glöggskygnan, og þakka eg auðvitað fyrir komplimentin. Annars dettur mér ekki í hug að bregða honum um aðra gáfu en þessa dæmalausu liðamótamýkt. Það lítur annars helzt út fyrir, að þessi maður leggi sig í framkróka um að flytja alt innlent út úr landinu, stjórn, banka o. s. frv., og því sem ekki verður flutt út reynir hann að spilla með útlendum elementum. Þetta frumv. er verra en það frumv., sem þm. dæmdi svo harðlega fyrir 2 árum; það er verra af því, að þá var farið fram á að leyfið væri veitt að eins til eins árs, og það er verra af því, að í frumv. 1899 var það tiltekið, hve mikið skyldi greiða til hlutaðeigandi sýslna í bótaskyni, sem sé helming af leyfisbréfsgjaldinu af 4 hinum fyrstu skipum, er leyfi keyptu, en 10% af gjaldinu, ef fleiri keyptu leyfið. Nú þykist háttv. þm. V.-Sk. hafa sannað, að ekki vanti ákvæði um þetta. — Hann sagði, að skaðabæturnar ætti að

tiltaka í leyfisbréfinu. Það er alt á eina bókina lært hjá þm. Það á að dæma mennina til að greiða svo og miklar skaðabætur, áður en þeir hafa gjört nokkurn skaða; það er spánný kenning.

Flutningsm. sagði, að það væri ekki þörf á að líta eftir þessu svæði fremur en áður, en þörfin er einmitt miklu ríkari nú, þar sem um slíka gullþúfu er að ræða. Ef hvert leyfisbréf á að kosta 2 þús. kr., árgjaldið 300 kr. og 3 kr. fyrir hverja smálest, þá þarf auðvitað að hafa eftirlit með því, að menn misbrúki ekki þetta svæði. Svo ætla eg að minnast á þessar fundargjörðir, sem flutnm. hefir verið svo djarfur að vitna til. Eg ætla að sýna mönnum, hvernig hann fer að lesa. Hann segir í nefndarálitinu og sagði í framsögu sinni, að sýslubúar hefðu óskað eftir slíkum lögum. Eg hefi þá hér fyrst fyrir mér fundinn að Hofi. Þar stendur undir liðnum »Fiskiveiðamál«, að »Fundurinn vildi fyrir sitt leyti, að mál þetta væri vandlega athugað og taldi eigi frágangssök að leggja með því, að slíkt leyfi væri veitt, svo framarlega sem fyrirsjáanlegt væri, að sveitarfélagið hefði verulega hagsmuni af því«. Á fundinum að Bjarnanesi kemur hið sama fram og þar er samþykt samhlj. tillaga. Á fundinum að Efri Fljótum, þriðja fundinum, er því enda mótmælt, að leyfið verði veitt, nema því að eins að héraðið fái fullkomið endurgjald fyrir skaða allan og gerð verði trygg höfn eða lending innan skamms tíma þar fyrir landi. Síðasti fundurinn, fundurinn í Vík, lýsir yfir hinu sama. Eg þarf ekki að stimpla þm. fyrir aðra eins sannsögli og þetta; hann gjörir það sjálfur; enda býst eg við, að hann með framkomu sinni hafi höggvið frumv. þetta niður fyrir sér hér í deildinni.

Björn Kristjánsson: Eg ætla að leyfa mér að gera stutta athugasemd við ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Hann sagði, að lægi fyrir beiðni frá manni um að fá leyfið, en sú beiðni liggur ekki fyrir þinginu. Svo hélt háttv. þm. því fram, að úr því að fyrirtækið gæti talist innlent, þá væri engin sérleg þörf á löggæzlu; en eg held því fram, að það þurfi löggæzlu alstaðar, ekki síður á sjó en landi, og eg álít að þetta fyrirtæki sé óráðlegt annars. Háttv. þm. gat þess, að eg hefði verið í efa um, hvort mælingarnar á kortinu þýddu fet eða faðma, en nú hefi eg spurt mig fyrir, og bað eg skipstjórann á gufuskipinu »Patria« að vitna skriflega á kortið, að það væru faðmar. Háttv. flutnm. (Guðl. G.) hélt því fram, að þetta mundi veita landsmönnum auðmagn. Það er óvíst. Það getur orðið misbrúkað; menn geta farið á bak við lögin og heimilað öðrum veiðina fyrir borgun, án þess landið hafi nokkur veruleg not af því. Eg tek til dæmis enska útgerðarmenn. Það er ekkert, sem hindrar þá í að fá sér »leppa« hér, og því skyldu þeir þá ekki gera það?

Einar Jónsson: Háttv. flutnm. (Guðl. G.) hélt því fram, að það væri afarmikill munur á þessu frumv. og því, sem lá fyrir þinginu í hitt eð fyrra; hann sagði, að þeir, sem héldu öðru fram, hefðu annaðhvort starað sig blinda á eða vildu ekki sjá sannleikann í þessu efni En eg get ekki verið á þeirri skoðun. Það er sama aðalefnið í frv. báðum, að þau leyfa botnvörpuveiðar í landhelgi, og eg álít, að hvað þetta frumv. snertir, þá sé fullur grunur á, að enda þótt eigendurnir verði að nafninu til innlendir, þá muni þeir nota útlendinga á skip sín að mestu eða öllu leyti. Eins var það í hitt eð fyrra, að það var útlent félag, sem þó að nafninu til var búsett hér, er óskaði leyfisins, og það yrði líklega eitt-

hvað líkt, þó að þetta frv. yrði samþ. En það gerir í sjálfu sér ekkert til, hver munurinn er á þessum tveim frv. Eg skal játa, að þetta frv. er að sumu ólíkt; en það er sá athugaverði munur á því og hinu, að hér er farið fram á svo langt leyfi, miklu lengra en þar var gert, og það er viðsjárvert, ef fyrirtækið reynist skaðlegt fyrir fiskigöngur landsins. Þess vegna hefi eg á þgskj. 508 komið fram með breyt.till., er takmarkar leyfið við 1—4 ár, svo hægt sé að fella það úr gildi attur, ef sú verður raunin á, að það verði skaðlegt. Það verður auðvitað erfitt, að sanna, hvort fiskileysi stafaði af botnvörpuveiðum eða öðrum ástæðum. Það koma oft fyrir mörg fiskileysisár í senn, og ef fiskileysi kæmi fyrir, þegar leyfið væri nýbyrjað og héldist nokkurn tíma, má ske svo árum skifti, mætti kenna það botnvörpunum, að þær spiltu veiðinni, þó að það væri ekki þeim að kenna. En ef svo færi, að fiskileysi kæmi upp beggja vegna við það svæði, sem hér er um að ræða, og héldist áfram í ein 4 ár, þá væri það svo grunsamt, að vert væri að gefa því gaum, og það kalla eg að nokkur raun sé orðin á því að veiðin spilli, þó að það verði eigi »sannað« á svo stuttum tíma. Eg hygg, að það yrði alt af torvelt að »sanna« það, að veiðin spilli fiskigöngunum, þó að menn væru fulltrúa þess, að svo væri; þess vegna er eg á móti breyt.till. flutnm. við brt.till. mína, að bæta við orðunum: »ef sannast«. Það er ómögulegt að sanna neitt í því efni á svo stuttum tíma. Þar sem háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) lýsti þetta mína tillögu, þá er það ekki rétt. Eg álít það réttara, eins og farið var fram á 1899, að veita leyfið til stutts tíma fyrst um sinn. Það væri heppilegt, ef hægt væri að fá reynsluna á þann hátt.

Það er máske annarsstaðar komin raun á, hvort botnvörpuveiðar spilla fiskiveiðum, og það er ef til vill sýnt í þeirri bók, sem háttv. flutningsm. (Guðl. G.) hélt á og átti að vera svo vænleg til fróðleiks í þessu efni; en eg hefi eigi átt kost á, að kynna mér hana, og á ekki gott með að gjöra það núna í svipinn, en treysti háttv. flutningsm. (Guðl. G.), að hann hafi kynt sér hana, og bygt þá skoðun sína á henni, sem er svo gjörsamlega gagnstæð þeirri skoðun, er hann hélt fram árið 1899. En hafi hann fengið þessa nýju skoðun án þess, að hafa bók þessa, eða aðrar slíkar til að fræðast af síðan 1899, þá hygg eg að þessi fjögur ár mín verði betri, úr því að þau veita hálfu lengri tíma til að fá þekkingu á áhrifum veiða þessara. — Eg skal verða manna síðastur til að neita, að fiskigöngur hafi verra af löglegri veiði en ólöglegri, þó að háttv. flutningsm. (Guðl. G.) virtist ekki þykja neinn skaði að ólöglegu veiðinni 1899.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg hefi nú raunar fáu við að bæta við það, sem eg þegar hefi sagt, en ætla þó að svara háttv. síðustu ræðumönnum nokkrum orðum. — Háttv. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að félagið yrði að eins að nafninu til búsett hér; en það gerir ekkert til, úr því að trygging er fyrir því, að bæði starfsfé og arðurinn lendir í landinu. Slíkt fyrirtæki hefir líka mikla atvinnu í för með sér, bæði fyrir háseta á skipunum og svo á landi við verkun á fiskinum; því gera má ráð fyrir, að talsvert af honum verði verkað hér, þó nokkuð ef til vill verði flutt út óverkað.

Að því er frumv. það snertir, er lá fyrir þinginu 1899, þá voru það einkum tvö atriði, sem gerðu það óaðgengi-

legt. Hið fyrra var það, að það átti að geta útlendingum leyfi til, að veiða í landhelgi, en hið annað það, að það átti að gera það að fornspurðum héruðunum. Fram hjá þessu hvorutveggja er nú siglt; hér er um innlent fyrirtæki að ræða, sem hefir verið borið fram fyrir héraðsbúa. A fundum þeim, er það hefir verið rætt, sagði eg ekki orð; eg skýrði þeim að eins og formúleraði þær ályktanir, sem gerðar voru, með svo varlegum orðum, sem mér var unt; eg var hvorki með né móti, en lét héraðsbúa sjálfráða. —

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) ætla eg ekki að svara einu orði; að ekki hafi verið of hörð orð mín fyr, það sýndi hann með ræðu sinni. Eg ætla nú ekki að höggva meira í hans garð að þessu sinni, enda er hann dauður. —

Háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að fáein skip að eins mundu fá þetta leyfi; en þetta er ekki rétt; leyfisbréfið er einmitt svo dýrt og árgjaldið svo hátt, að það er ekki formandi fyrir neitt félag nema með mörgum skipum; það væri meiningarleysa, að hafa ein 3—4 skip, og gæti á engan hátt svarað kostnaði. Lítið félag gæti látið sér nægja lítið og ódýrt svæði, en frumv., er fer fram á, að veita heimild til að leigja svo stórt svæði, stefnir að stóru félagi; til þess að gera litlum félögum erfitt fyrir, er tryggingarfé ákveðið 1/4 miljón krónu, og árgjaldið sett svo hátt.

Háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) hélt því fram í fyrra skiftið, að það væri lítil hlunnindi fyrir nokkra peningastofnun, þó að hún fengi 1/4 miljón króna sem depositum. — Háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) er bankafróður og veit, að ekki er svarað jafnaðarlega nema 1—2% af geymslufé í erlendum bönkum, en nú er auk þess hér það ákvæði sett inn, að það megi nota þetta fé með ábyrgð landssjóðs sem starfsfé. Eg þarf ekki að útlista, hvílíkur hagur þetta er fyrir land, sem hefir lítið veltufé, að fá svo stórt starfsfé með litlum vöxtum. — Hagurinn er svo bersýnilegur, að það þarf ekki útlistunar við.

Magnús Torfason: Eins og menn vita liggur Rangárvallasýsla næst þessu svæði, sem leyfa á botnvörpuveiðar í landhelgi á, og það er því nærri okkur höggvið og náttúrlegt, að við gefum þessu máli gaum. — Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafði það eftir háttv. samþingismanni mínum (Þ. G.), að fiskiveiðar væru horfnar fyrir Rangársandi, en hann mun ekki hafa tekið alls kostar rétt eftir; háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði það ekki, heldur »sama sem horfnar«, og það munar nokkru. Það er gæftaleysi, sem hefir bagað þeim síðustu árin; á þeim tíma, er róðrar eru stundaðir og fiskur hefir verið fyrir landi, hefir ekki gefið. — Þá vil eg geta þess, að margir Rangæingar róa í Vestmanneyjum, og sækja þeir oft fiskinn upp undir sandinn, svo við erum ekki alveg út úr spilinu. — Það var einkanlega tvent, er mér þótti athugavert við ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Hann sagði, að það væri ekki sannað, að fyrirtæki þetta spilti fiskiveiðunum á þessu svæði, og það væri í sjálfu sér ósennilegt, þar sem botnverpingaflotinn á þessu svæði sé orðinn svo mikill, að hann geti naumast orðið meiri; en einmitt þetta er ósannað, og verður aldrei sannað. — Það er líka ósannað, er hann sagði um fiskigöngurnar, að þær byrjuðu stundum fyr í Vestmanneyjum en í Vík, og því, eins og eg sagði áðan, þá er það gæftaleysið, sem oft og einmitt bannar mönnum útróðra úr Vík, þó það gefi úr Vestmanneyjum. Eins er það með

okkur; það gefur oft ekki á Söndunum, þó það gefi á Stokkseyri, Eyrarbakka og í Þorlákshöfn, og þegar loksins gefur hjá okkur, eru fiskigöngurnar oft komnar fram hjá. — Eg vona því að mönnum skiljist það, að þetta mál hefir talsverða þýðingu fyrir Rangæinga. Og mér þykir það hart, þar sem Rangárvallasýsla er næst að bera skaðann, ef fiskigöngur eru hindraðar, að hún fái engan part af þessum skaðabótum. Eg skal geta þess, að eg get eigi sem stendur gefið neitt svar um það, hvað sýslubúar minir muni segja um þetta mál, en að því er mig snertir, þá er það nokkuð komið undir svari háttv. fluthingsm. (Guðl. G.), hvoru megin eg verð við þessa umræðu, og sé hann því meðmæltur, að Rangárvallasýsla fái nokkurn hluta skaðabótanna, þá mun eg greiða atkvæði með málinu við þessa umræðu, og athuga það nákvæmara til 3. umræðu, og ná tali af nefndinni.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg gleymdi einmitt að minnast á þetta atriði, sem háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.) talaði fyrir; en nú skal eg svara því. Svo framarlega, sem það álízt sennilegt, að botnvörpuveiðar á þessu svæði hafi áhrif á fiski veiðarnar fyrir Rangársöndum, þá er meiri hluti nefndarinnar fús á, að semja við þingmenn þessa héraðs um réttmætan þátt í skaðabótum; sé það viðurkent, þá er eg fús á, að koma með breytingartill. við 3. umr., er gangi í þá átt, að skaðinn að því er Rangárvallasýslu snertir væri ákveðinn procentvis af landshöfðingja. Eg ímynda mér líka, að hæstv. landsh. sjái um, að frumvarpið nái ekki staðfestingu né leyfið verði veitt nema því að eins, að Rangárvallasýsla bíði engan halla af því, og málið sé borið undir hana. Eg skal viðurkenna, að sönnunarskyldan, eins og háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.) tók fram, hvílir á mér, en eg vona, að eg hafi sýnt fram á, að löglegar veiðar séu engu skaðlegri en þær ólöglegu veiðar, sem landið nú svo að segja varnarlaust verður að þola — Það er eitt, sem eg ætla að taka fram viðvíkjandi kvörtunum manna yfir, að aflinn sé að þverra, að aðal-orsökin mun vera sú, að fiskurinn kynnir dýpra nú á göngu sinni vegna niðurburðarins frá botnverpingum. Því víkur alveg eins við hér á þessu svæði eins og við Faxaflóa, að fiskurinn legst dýpra nú en áður. Annars ætla eg að segja háttv. 2. þingm. K.-G. (R. Kr.) það, að hann mun vinna kjósendum sínum mest gagn með því, að greiða atkvæði með þessu máli, því þetta er heldur til að hlynna að veiði-miðunum hér, af því að þau skip, sem nú eru notuð hér á Faxaflóa, verða líklegast keypt og flutt austur; félagið kaupir naumast ný skip.

Eg vona nú að breytingartill. komist að, og sú eina breytingartill., sem eg legg enga sérstaka áherzlu á, er breytingartill. háttv. þingm. N.-M. (E. J.). — Um löggæzluna hefi eg það eitt að segja, að séu menn ákafir með henni og geti fært sönnur á, að þörf sé á henni, þá gjöri eg það atriði ekki að kappsmáli, og skal athuga það til 3. umræðu.

ATKV.GR.: . Breyt.till. 148. 1. við 1. gr., samþ. með 12 : 2 atkv.

1. gr. frumv. feld með 10 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Hannes Hafstein,	Hermann Jónasson,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Torfason,	Lárus H. Bjarnason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Skf.,	Sigurður Sigurðsson,

já:	*nei:*
Valtýr Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.	St. Stefánsson, Eyf.

Frumv. þar með fallið.

Fjárkláðamál.

FRUMVARP til laga um viðauka við tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa (C bls. 151); 1. umr., 3. júlí.

Pétur Jónsson: Eg ætladi ekki að biðja um orðið, en af því eg sé, að enginn ætlar að verða til þess, þá ætla eg að eins að minna á, að þetta er stórmál, og hæfir ekki annað en að það sé tekið til rækilegrar íhugunar af þinginu. — Eg hefi því í hyggju, að stinga upp á nefnd í málinu, en vil þó ekki gjöra það strax, ef fleiri óskuðu að tala.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meir, en geymi mér rétt til að stinga upp á nefnd.

ATKV.GR.: Með því ekki tóku fleiri til máls, var eftir tillögu þingm. S.-Þ. (P. J.) samþykt að kjósa 5 manna nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:

Jósafat Jónatansson	með	12	atkv
Pétur Jónsson	—	12	—
Stefán Stefánsson, Eyf.	—	11	—
Lárus H. Bjarnason	—	10	—
Björn Bjarnarson, þm. Bf.	—	9	—

Fyrstu umræðu frestað.

Framhald 1. umr., 26. júlí (C bls. 151, nefndarálit bls. 349).

Framsögumaður (*Lárus H. Bjarnason*): Eg skil það svo, sem það sé stjórnarfrumv., sem nú er til umræðu; nefndin hefir fundið ástæðu til, að breyta því og búa til nýtt frumv., og hefi eg að svo stöddu ekki ástæði til annars en en ráða háttv. deild til að fella þetta frumv.

Landshöfðingi: Eg get ekki verið svo óhreinskilinn að lýsa ánægju minni yfir meðferð nefndarinnar á þessu frv. Þetta frumv., sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, hefir ekki fengið betri undirtektir en svo, að nefnd sú, er kosin var til að íhuga það, lýsir það óbrúklegt og ræður deildinni til að fella það, án þess að láta það koma til umræðu, og setur annað frumvarp í þess stað. Eg gæti skilið, að nefndin gerði þessa uppástungu, ef hún gæti hvorki felt sig við grundvöll frv. eða form. En það skrítna er, að breytingar þær, er nefndin hefir stungið upp á, eru mjög óverulegar, og hægt að koma þeim að sem brtt. í 4—5 liðum. Það, sem nefndin helzt finnur frv. til foráttu, er stillinn eða málið á því, og skal eg játa, að það er ekkert gullaldarmál á því, og Sturla Þórðarson eða Snorri mundu sjálfsagt hafa orðað það öðruvísi; en það er ekki vant að vera neitt gullaldarmál á frumv., sem fyrir þingið koma, og sé eg ekki, að þetta frumv. standi öðrum á baki, hvað stílsmáta snertir, hvorki þeim, sem frá stjórninni koma, eða þingmönnum.

Eg hygg að háttv. forseti muni leyfa mér, að ganga nokkuð nákvæmlega inn á nefndarálitið og einstök atriði í frumv. nefndarinnar, til þess að eg geti sýnt, í hverju efnisbreytingar þess séu fólgnar.

Aðalbreyting nefndarinnar á frv. er viðauki við það, sem sé stofnun nýrrar sýslunar, að skipaður skuli eftirlitsmaður, eða, eins og sumir komast að orði, kláðakóngur, í hverri sýslu, hvort sem nokkur líkindi eru til að kláði sé þar eða muni koma þar, eða ekki, og þá

eins t. d. í Skaftafellssýslum, þar sem ekki hefir orðið kláða vart á þessari öld; í Vestmanneyjasýslu, þó að þar hafi aldrei nokkurn tíma sést kláði í kind, svo dæmi séu til; og í Rangárvallasýslu, þar sem ekki hefir komið kláði í síðustu 40 ár, það eg veit til. Hvers vegna eiga þessar sýslur að fá skipaðan eftirlitsmann og veita honum þóknun, og hana að öllum líkindum ríflega, úr sýslusjóði? Þar að auki eru engin ákvæði um það í frumv., hver eigi að ákveða borgun til þessara manna; væri það amtmaður, sem skipa ætti manninn þá er líklegt, að hann sæi um, að borgunin væri svo rífleg, að velja mætti um menn til starfsins, og mætti gera ráð fyrir, að sýslunefndirnar yrðu ekki sérlega ánægðar með það. Ef sýslunefndir ættu að tiltaka borgunina, er ekki líklegt, að hún mundi verða svo rífleg, að hæfir menn fengjust til starfsins, og yrðu þá amtmennirnir í vandræðum; og þyrfti þá ákvæði um það í lögin, að amtmenn gætu skikkað menn til eftirlitsins. Enntremur þyrftu þessir eftirlitsmenn að vera á ferðalagi um sýsluna, og kæmi talsverður kostnaður fram við það, og þá þyrfti ákvæði um það, hvernig borga skyldi þann kostnað. Sá kostnaður, sem yfir höfuð leiðir af þessum eftirlitsmönnum, gæti orðið sýslusjóðunum, sem þegar hafa marga byrði að bera, talsvert tilfinnanlegur; svo eg álít, að það sé ekki vert, að íþyngja þeim með borgun til þess konar sýslunarmanna að óþörfu, og ekki nema þeir séu álitnir alveg nauðsynlegir.

Nefndin byggir tillögu sína um eftirlitsmenn aðallega á ummælum dýralæknisins í Suður- og Vesturamtinu, er ganga í þá átt, að eftirlitið sé falið mönnum, sem þekkja kláða. Stjórnin hafði hugsað sér það eftirlit þannig, að hreppstjórar hefðu eftirlitið á hendi, og að dýralæknirinn ferðaðist um og kendi þeim að þekkja kláðann og baða, og þeirra aðstoðarmönnum, þannig, að það þyrfti ekki neina eftirlitsmenn; en í Norður- og Austuramtinu er, eins og kunnugt er, beðið um sérstaka fjárveiting handa manni, sem ætlast er til að hafi það sama starf á hendi, sem dýralæknirinn hér. Þannig hafði stjórnin hugsað sér þetta, og áleit þetta nægja, og eg verð því að leggja á móti því, að þetta ákvæði 2. gr. frv. verði samþykt.

Hinir aðrir viðaukar, sem nefndin stingur upp á, eru til bóta, t. d. ákvæðið um einangrun og að farið skuli með brot móti lögunum sem opinber lögreglumál, og get eg fallist á þær breytingar að öllu leyti. En breytingar nefndarinnar á 2. gr. get eg ekki felt mig við. Það á sem sé samkvæmt uppástungu nefndarinnar, þegar kláða verður vart milli rétta og jólaföstu, að skera allar hinar sjúku kindur, nema fjárhafi setji tryggingu fyrir að þær verði læknaðar. Í frumv. stjórnarinnar stendur, að sjúkar kindur skuli skera, nema eigandi kjósi heldur að hreppstjóri eða aðstoðarmenn hans taki þær til lækninga á kostnað eiganda; það ákvæði er ekki fundið upp af stjórninni, heldur stendur það í frv., sem þingið áður hefir haft til meðferðar, en stjórnin áleit ákvæðið gott og því er það tekið upp hér. Nefndinni finst ákvæðið eins og það er í hennar frumv. þýðlegra. Mér finst það mjög óþjált. Hvað duga nokkur hundruð í jörðu, eða sjálfskuldarábyrgð sem trygging fyrir því, að læknað sé, ef samt sem áður ekki tekst að lækna, og kláðinn breiðist út yfir heila sýslu? Það er skárri tryggingin. — Eg held því, að það sé betra að halda ákvæðinu í stjórnarfrumv. ó-

breyttu, enda er það tekið upp úr frv., sem verið hefir til umræðu margoft áður hér á þingi.

Eg verð, eftir því, sem eg hefi tekið fram, að álíta, að frumvarp stjórnarinnar sé betra en nefndarfrumv., og yfir höfuð álít eg það viðsjárvert, að fella þetta frumv., því að það gæti hugsast, að ekki litu allir sömu augum á það eins og nefndin. Eg hefi nýlega lesið það, að á amtsráðsfundi í Austuramtinu hafi kláðamálið verið til umræðu, og þess verið getið þar, að amtráðsmönnum væri það kunnugt, að stjórnin legði frumv. fyrir þingið um það mál og hefði amtsráðsmönnum gefist kostur á, að kynna sér það frumv. Og út af því var samþykt sú yfirlýsing í amtsráðinu, að því geðjaðist sérlega vel að frumv., og skoraði á þingmennina í Austfirðingafjórðungi, að samþykkja það óbreytt. Það er mikil hugsvölun fyrir mig, að amtsráðinu geðjaðist svona vel að frumv., þó að nefndin álíti það óbrúklegt. — Eg verð fyrir mitt leyti að leggja með því, að frumv. stjórnarinnar verði látið ganga til 2. umr., en frv. nefndarinnar felt, einmitt hið gagnstæða við það, sem nefndin stingur upp á. Eg treysti því, að háttv. þm. Norðurmúlasýslu að minsta kosti meti svo mikils tillögur amtsráðsins og áskorun þess til þeirra, að þeir leggi frv. lið.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg hefi eiginlega lítið að þakka hinum hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans í þessu máli. Hæstv. lh. fann fyrst og fremst að því, að ordalagið á frumv. nefndarinnar væri lítið betra en á frumv. stjórnarinnar. Það er ekki til neins að deila um það; eg býst við, að við nefndarmennirnir séum undir sama breyskleikann seldir og stjórnin, að hverjum þyki sinn fugl fagur. Hæstv. landsh. fann þó ekki annað að ordalaginu á frumv. en að við hefðum byrjað sumar greinar frumvarpsins með orðinu »nú« og á einum stað notað orðið »útlægur« í staðinn fyrir sektaður. Eg veit nú ekki betur en að bæði þessi orð séu fyrst og fremst falleg í sjálfu sér og enda algeng í eldri lögum. Eg sé því ekki, að það sé nein ástæða til að amast við þessum orðum, en ef hæstv. landsh. setur þau svo mjög fyrir sig, þá er eg fyrir mitt leyti og eg ímynda mér nefndin yfir höfuð ekki ófús á að breyta þeim.

Hæstv. landsh. byrjaði ræðu sína með að neita því, að nefndin hefði komið fram með miklar efnisbreytingar; en eftir því sem lengra leið á ræðu hans, taldi hann upp fleiri og fleiri efnisbreytingar, sem nefndin hefði gert á frumv. stjórnarinnar. Strax á 1. gr. hefir nefndin gert tvær efnisbreytingar. Önnur er sú, að amtmanni sé heimilt að valdbjóða einangrun á sauðfé, og skal eg ekki gera svo mikið úr þeirri breytingu, en því meira verð eg að gera úr hinni breytingunni, viðaukanum við greinina, að amtmaður skuli því að eins hafa heimild til að valdbjóða almennar fjárkláðaráðstafanir, að það sé gert með ráði dýralæknis eða annars kláðafróðs manns. Þessi viðauki er nýmæli, sem eg verð að leggja nokkura áherzlu á að nái fram að ganga, því kláðaráðstafanir kosta of fjár, og ætti amtmaður að geta valdboðið þær eftir eigin hyggjuviti að eins, þá ímynda eg mér, að þær gætu stundum orðið nokkuð dýrkeyptar.

Til þess að hafa eftirlit með heilbrigði sauðfjár í hverri sýslu höfum við nefndarmenn álitið réttast, að hafa sérstakan mann til aðstoðar sýslumanni. Sýslumennirnir hafa meir en nóg að starfa, svo þeir eiga fult í fangi með að annast það, sem nú hvílir á þeim, og ætti nú að fara að bæta við þá eftirliti með umsvifamiklum ráðstöfunum,

þá er eg hræddur um, að eftirlitið yrði eftir því, það kæmi að litlu eða engu gagni. Hinn hæstv. landsh. spurði, hver ætti að ákveða laun eftirlitsmannanna. Auðvitað sýslunefndin. Það stendur í frumv., að þóknun til eftirlitsmanna skuli borga úr sýslusjóði og er því sjálfsagt, að nefndin, sem borgar launin, ákveður líka, hve mikil launin skuli vera. Hinn hæstv. landsh. var hræddur um, að sýslunefndirnar mundu ákveða launin svo lág, að amtmaður kæmist í vandræði með að fá menn til að gegna starfanum. Eg held það sé óþarfi að vera að gera sér grýlu út af því. Í greinni stendur að amtmaður tilnefni manninn eftir tillögum sýslunefndarinnar, og mér finst því að sjálfsögðu mega ganga út frá því, að sýslunefndin hafi kynt sér áður, hvort sá maður, sem hún leggur til að amtmaður tilnefni, sé fús á að takast starfann á hendur fyrir þá ákveðnu þóknun. Eg skal líka geta þess, að það er ekki víst að þessi þóknun verði svo sérlega lítil; auðvitað er þóknun ekki að eins greidd fyrir sjálft eftirlitið, heldur líka fyrir nauðsynlegar ferðir.

Hæstv. landsh. lýsti yfir því, að hann væri óánægður með breytingar nefndarinnar á 2. gr. stjórnarfrumv. Eftir frumv. stjórnarinnar átti bóndinn ekki úr öðru að velja en annaðhvort að skera niður hið sjúka fé, eða þá koma því fyrir til lækninga hjá hreppstjóra eða umboðsmanni hans. Eg skal játa, að eg í fyrstu kaus heldur að halda ákvæðum stjórnarfrumv. óbreyttum; en við nánari yfirvegun, og eftir því sem mér var bent á af háttv. meðnefndarmönnum mínum, þá komst eg að þeirri niðurstöðu, að tilganginum yrði jafnvel náð með tillögum nefndarinnar, enda yrðu ákvæðin eftir þeim þýðari. Eg sá sem sé það vandkvæði á stjórnarfrv., að örðugt gæti verið að koma fyrir mörgu fé, og að svo gæti farið, að hreppstjóri gæti alls ekki tekið féð til sín, og þá er ekki annað fyrir bóndann að gera, en að skera það niður. Við skulum setja það dæmi, að hæstv. landsh. væri stór fjárbóndi; ætli honum fyndist það ekki hart aðgöngu, ef hann þyrfti að skera niður hjá sér ef til vill 500 fjár, af því hreppstjóri, vegna skorts á húsum, gæti ekki tekið féð til sín, en hann sjálfur hefði næg hús til að einangra hið veika fé í? Skyldi ekki fara að renna tvær grímur á hæstv. landsh., ef þetta kæmi fyrir hann sjálfan? (*Landshöfðingi*: Nei, eg mundi hiklaust skera niður. Eg er gamall niðurskurðarmaður). Hæstv. landsh. segist vera gamall niðurskurðarmaður, og það má vel vera, að hann teldi ekki eftir sér að skera niður; en eg býst ekki við að það finnist margir hans jafningjar í þessu, fremur en ef til vill í mörgu öðru. Hæstv. landsh. leit svo á, sem trygging væri sett fyrir því, að hið sjúka fé yrði læknað til fulls; en þetta er misskilningur. Tryggingin er sett fyrir því, að farið sé svo með hið sjúka fé, að ekki hljótist hætta af. (*Landshöfðingi*: Í hverju er sú trygging fólgin?). Hún er fólgin í einangruninni.

Það er annars mjög óviðkunnanlegt, og væntanlega ekki eftir þingsköpunum, að vera alt af að ræða frv., sem alls ekki liggur fyrir til umr.; en eg sé ekki, að eg geti komist hjá því, með því hæstv. landsh. með leyfi forseta hefir farið út í einstök ákvæði frumv., og eg finn mér skylt sem framsm. nefndarinnar að svara aðfinningum hans.

Þá hefir nefndin enn bætt við stjórnarfrumv. Eftir frumv. stjórnarinnar áttu baðlyfin sjálf að fást ókeypis, en eftir frumv. nefndarinnar eiga bændur ekki einungis að fá baðlyfin sjálf ó-

keypis, heldur á líka að flytja þau á alla viðkomustaði strandsiglingaskipanna.

Loks skal eg taka það fram, að mér finst það mjög undarlegt, að bæði í tilsk. 5. jan. 1866 og tilsk. 4. marz 1871 er lögð hegning við því, að brjóta þessar tilskipanir, en aftur á móti mjög efasamt, hvort hægt sé að lögsækja fyrir brot á tilskipunum þessum, af því það vantar inn í þær öll ákvæði um, hvernig eigi að koma hegningunni fram. Í frumv. stjórnarinnar nú hefir stjórninni einnig yfirsést, að gera nokkrar ákvarðanir um þetta atriði, en í nefndarfrumv. er í 6. gr. skýrt tekið fram, að með mál, sem rísi út af brot um gegn þessum lögum, skuli fara sem almenn lögreglumál. Einnig finst mér það undarlegt, að þau ákvæði í tilsk. 5. jan. 1866, sem ríða í bága við þessi lög, skuli ekki vera upphafin með berum orðum í stjórnarfrumv. Í frumv. nefndarinnar eru þessi ákvæði tilskipunarinnar beinlínis upphafin í 7. gr.

Hæstv. landsh. lét í ljós ótta fyrir því, að hugsast gæti, að fleiri kynnu að líta sömu augum á frumv. nefndarinnar og hann. Er það svo að skilja, að stjórnin muni neita frumv. um staðfestingu, ef breytingar nefndarinnar komast að? (*Landshöfðingi*: Nei, eg átti við þingmenn). Það gleður mig, að hæstv. landsh. neitar því, enda hefði eg enga ástæðu séð fyrir stjórnina til að synja frumv. staðfestingu fyrir það. Að það sé ástæða fyrir háttv. þm. N-Múl. (E. J.) til að greiða atkv. móti frumv. nefndarinnar, að nefndin hefir hallast að tillögum amtmannsins yfir Austuramtinu og tekið upp í frv. sitt tillögur hans um eftirlitsmenn, sem ekki var gert í stjórnarfrumv., það get eg ekki séð, enda vænti eg líka, að háttv. þingd. trúi betur þeim fjórum bændum, sem átt hafa sæti í nefndinni, og nákunnugir eru öllum kláðamálum, til að sjá, hvað heppilegast er í þessu máli, heldur en mér og enda jafnvel betur en hæstv. landsh. sjálfum.

Eg verð því að leggja eindregið með því, að frumv. stjórnarinnar verði felt og nefndarfrumv. látið ganga áfram. Séu einhver ákvæði, sem ekki væru sem heppilegust, þá mætti laga þau til 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Eg hugsa að það geti farið fyrir fleiri þm. eins og mér, að þeir séu í vandræðum með, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði í þessu máli, vegna þess, að sum ákvæði virðast betri í stjórnarfrumv. heldur en nefndarinnar, en aftur önnur betri í frumv. nefndarinnar heldur en frumv. stjórnarinnar. Það er sérstaklega eitt atriði, sem mér finst vera sérlega ísjárvert hjá nefndinni. Það er ákvæðið í 4. gr. um tilsjónarmennina, sem setja á við hlið sýslumanna. Ef þetta á að vera nokkuð annað og meira en að eins pappírsákvæði, þá er hér bæði um mjög vandasamt og kostnaðarsamt verk að ræða. Ef einn maður á að hafa eftirlit með öllu sauðfé í heilli sýslu, þá hefir hann sannarlega mikið verk að inna af hendi, því til þess verður hann á hverju hausti og jafnvel oftar að ferðast um alla sýsluna þvert og endilangt. Tilsvarandi ákvæði í stjórnarfrumv., um að hreppstjórar skuli hafa umsjón á hreppsfénu, og tilkynna sýslumanni, þegar er grunur leikur á, að einhver kind sé kláðaskjúk, finst mér ólíkt hagvæmari. Það er þetta atriði, sem gerir það að verkum, að eg á svo erfitt með að gefa nefndarfrumv. atkv. mitt. Eg vona, að allir háttv. þingdm. sjái, að þetta er tilskipun, sem hefir mjög mikla þýðingu, sem bæði getur orðið til þess, að gera eftirlitið enn óglöggara en það er nú, og eins er það í sjálfu sér ákaflega óviðfeldið, þar sem

það flytur ný gjöld yfir á sýslusjóði í þeim héruðum, þar sem kláða hefir aldrei orðið vart, og í sumum sýslum ekki næstum því í hálfa öld. Aftur á móti sakna eg í bæði frumv. ákvæða um það, að banna að flytja sauðfé inn í heilbrigðar sýslur úr þeim héruðum, sem orðið hefir vart við kláða. Það eru raunar til einhver ákvæði hér að lútandi, en þau eru ekki svo glögg sem skyldi, og það hefði átt vel við, að taka það bann hér skýrt fram, svo það gæti engum vafningum verið undirorpið.

Eg verð að telja það mjög leiðinlegt og skaðlegt, að þetta ákvæði um eftirlitsmennina skuli hafa komist inn í frumv., sem gerir það að verkum, að mér er ómögulegt að greiða atkv. mitt með frumv.

Pétur Jónsson: Hæstv. landsh. kom fram með ýmsar athugasemdir við hið nýja frumv. nefndarinnar, sem raunar liggur þó ekki beint fyrir nú, og umræðurnar hafa snúist mest um einstakar greinar, og verð eg því að fylgja þessari sömu aðferð, þótt það eiginlega sé óleyfilegt við þessa umræðu málsins.

Aðfinningar hins hæstv. landsh. voru, eins og vænta mátti, á talsverðum rök um bygðar, en hins vegar virtust mér þær ekki vera neitt sérlega viðfeldnar. Hann hefir áður kallað meiri hluta þingm. hér í deildinni börn; en hann hefir ekki komið fram sem neitt sérlega góður barnakennari í þetta sinn.

Eg skal játa, að það hefði verið réttara, að mæla ekki svo fyrir, eins og gert er í 3. gr nefndarfrv., um eftirlitsmennina, að sjálfsagt hefði þótt að skipa þá í öllum sýslum, hvort sem þörf væri á þeim eða ekki, heldur láta það vera komið undir amtmanni, eða þá haga því á einhvern annan veg. Þetta hygg eg landsh. hefði getað bent á, til að gera greinina aðgengilegri, ef hann hefði viljað. Eg sé ekki annað ráð, ef annars á að gera nokkurar gagngerðar ráðstafanir á móti kláðanum, en að skipa vissan mann, sem hafi aðalumsjón á tilteknu svæði, t. d. sýslu, á því, að fyrirskipuðum læknisaðgerðum sé fullkomlega fylgt. Menn segja auðvitað, að nægir umsjónarmenn séu í sveitunum. En með þá umsjón gengur mjög misjafnlega, því það er, eins og gengur, misjafn sauður í mörgu fé, og það er ákaflega valt að treysta á aðgerðir allra þeirra mörgu, sem eftir núgildandi lögum eiga að sjá um útrýming kláða. Af því flýtur kák, sem eins vel getur orðgagnslaus kostnaður. En verði tillögur nefndarinnar að lögum, er hægt, ef nauðsyn virðist á, að byrja á gagngerðri útrýming, t. d. á einhverju litlu svæði.

Eg ætla að minnast lítið eitt á ákvæðið í 2. gr., um að nægilegt sé, að fjáreigandi setji tryggingu fyrir því, að hið sjúka fé verði einangrað og læknað til fulls. Mér finst það undarlegt, að segja, að það sé óhugsandi, að fjáreigandi geti sett tryggingu fyrir því, að féð verði læknað eins vel hjá honum og hreppstjórunum. Það hagar víða svo til í sveitum, að hreppstjórar og tilsjónarmenn hafa ekki húsakynni til að taka mikið fé heim til sín. Aftur getur það verið, að sá, sem kláðinn kemur upp hjá, hafi langt um betri húsakynni og baðáhöld. Á nú að taka féð frá honum úr góðum húsakynnum og flytja það á miklu lakari stað? Það var þetta, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún breytti þessu ákvæði; til þess að ákvæðið í stjórnarfrumv. gæti komið að fullum notum, yrði að byggja sérstakt hús í hverri sveit, þar sem

hægt væri að koma hinu sjúka fé fyrir. Þetta vona eg að allir skynsamir menn sjái, og hugsa eg, að ekki þurfi að verða neinn ágreiningur út af því. Yfir höfuð býst eg ekki við neinum verulegum mótmælum móti frumv. nefndarinnar frá öðrum en þeim, sem vilja hlíta því, sem nú er, og engar ráðstafanir vilja gera til, að ákvæði og tilgangur núverandi kláðalaga verði framkvæmanleg og gagnsamleg.

Framsögumaður (*Lárus H. Bjarnason*): Það eru að eins örfá orð út af ræðu háttv. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.).

Þingm. var mjög illa við þessa eftirlitsmenn; hann hélt, að þeir yrðu til byrði einnig fyrir þær sýslur, þar sem kláða ekki hefir orðið vart um lengri tíma. Það stendur vitaskuld í frumv., að eftirleiðis skuli vera maður í hverri sýslu; en það er auðvitað, að þar sem hann hefir ekkert að gera, þar fær hann heldur engin laun, svo eg sé ekki, að hann þurfi að bera neinn kvíðboga út af þessu. En væri deildinni það ljúfara, þá mætti ógnar-vel breyta þessum orðum: amtmaður »skal« í: amtmanni er »heimilt«, og væri þá siglt hjá þessu skeri.

Háttv. þingm. fann að því, að í frv. nefndarinnar vantaði ákvæði, er heimilaði að banna innflutning sjúkra kinda inn í heilbrigð héruð; en það er ekki rétt. Í 1. gr. frumv. er amtmanni einmitt heimilað að fyrirskipa einangrun.

Eg verð annars að taka það upp aftur, að formlega séð er það ákaflega skrítið, að vera að þrefa fram og aftur um frumv., sem alls ekki liggur til umræðu, og til þess að koma málinu aftur í formelt rétt spor, þá sé eg ekki annað ráð, en að vísa því frumv., sem nú er til umræðu, til 2., umr. og taka frv. nefndarinnar út af dagskrá.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að eins að tala nokkur orð, til þess að benda á, að ástæðan til þess, að þetta framh. 1. umr. hefir í raun og veru orðið að 2. umr., er sú, að 2 frumv. liggja fyrir um sama efni, svo ómögulegt var að ræða annað frumv., án þess að ganga inn á hitt, og þess vegna hafa menn orðið að ræða einstök atriði. Þetta er að nokkuru leyti nefndinni að kenna, af því hún hefir borið málið þannig upp. Öll þau atriði, sem nefndin hefir komið fram með, hefði mátt bera upp sem br.till. við stjórnarfrumv., og hefði það verið hin eðlilega, vanalega og praktiska aðferð. Eg vil því láta vísa stjórnarfrumv. til 2. umr., og má þá gera br.till. við það.

Forseti: Eg vil að eins taka það fram, að eg er samdóma háttv. þingm. V.Sk. (G. G.). Það var ómögulegt að haga umræðum öðru vísi vegna þess, að 2 frumv. lágu fyrir um sama efni. Eg álít, að ekki hafi verið hægt að ganga öðru vísi inn á málið; þegar farið var að tala um annað, hlaut hitt að dragast með inn í umræðurnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 30. júlí (C bls. 151, nefndarálit bls. 349, br.till. 399).

Framsögumaður (*Lárus H. Bjarnason*): Nefndin sá strax í hendi sér, þegar hún fór að fjalla um málið, að tveir vegir voru færir: annar sá, að ráða deildinni til þess að samþ. lög, er beinlínis skipi fyrir um, hvernig kláðann skuli uppræta; hinn, að samþ. heimildarlög til útrýmingar kláðanum, líkt og stjórnarfrumv. Nefndinni þótti ekki ráðlegt að fara fyrri veginn. Það er fyrst og fremst efasamt, hvort unt er að útrýma kláðanum, eins og háttar hér á landi, og í öðru lagi er hann

ekki svo mikill, að sagt verði, að hann sé regluleg landplága; það eru ýmsar sýslur, þar sem kláðans ekki hefir orðið vart, svo sem Ísafjarðarsýsla, Barðastrandarsýsla, Vestmanneyjasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla (*Guðl. Guðmundsson*: Og Austur-Skaftafellssýsla), Austur-Skaftafellssýsla og kannske fleiri. En hvað sem því líður, þá er kláðinn ekki eins útbreiddur og almennt er haldið. Eftir síðustu skýrslum voru á öllu landinu 517,000 sauðkindur; þar af voru í Suður- og Vesturamtinu eftir skýrslu dags. 5. þ. mán. 274 sjúkar.

Í Norðuramtinu voru eftir skýrslu frá árinu 1899, nýjustu skýrslunni, 2270 sjúkar kindur eða alls á landinu 2540 kindur sjúkar. Eg skal fúslega kannast við, að þessar skýrslur kunna að vera nokkuð ónákvæmar, og vel líklegt, að hinar kláðasjúku kindur séu fleiri; en mjög miklu munar það ekki, og annar mælikvarði en þessi er ekki til. En nefndin horfði einkum í kostnaðinn.

Skipunarlög mundu hafa lítt bærilegan, ef ekki óbærilegan kostnað í för með sér, og hann lenti allur á landssjóði. Ef kostnaður við böðun á hverri kind væri reiknaður 9 aur., þá mundi böðun á öllu sauðfé á landinu kosta rúm 46 þúsund krónur. Nefndinni þótti því minni ástæða til að leggja út á þessa leið, sem dýralæknirinn telur sýkina milda, og bakteríu þá, er sýkinni veldur, svo úrættaða, að sjúkt og heilt fé geti verið vikum og mánuðum saman, svo að hið heila fé ekki smittist; og í síðasta lagi er þess að geta, að munurinn á skipunar- og heimildarlögunum mundi verða meiri í orði en á borði. Vér vitum, að báðir hinir núverandi amtmenn hafa látið sér mjög ant um kláðamálið, og mundu þeir nota heimildarlögin eins og frekast væri unt. — Nefndin álítur, að stjórnin hafi farið rétt að, þar sem hún valdi heldur heimildarlög en skipunar, og að það ráð, sem stjórnin hefir tekið til útrýmingar kláðans, sé viðunanlegt.

Eg vil taka það strax fram, að það sem nefndinni gekk til, að sníða frumvarpið upp, var það, að henni fanst hægara að koma breytingum fyrir með því móti.

Eg sagði, að vegur sá, sem stjórnin hefði valið í þessu máli, væri viðunanlegur. — Kláðalækningarnar hafa etlaust öðru fremur strandað á því, að kostnaðurinn lá á fjáreigendunum. — Eftir frumvarpinu á landssjóður að borga böðunar- og sótthreinsunarlyf. Við það er sérlega mikið unnið, því að vegna þess, að fjáreigendur urðu sjálfir að kosta baðlyfin, mun böðun sumpart oft hafa farist algerlega fyrir, og sumpart orðið að litlu gagni vegna þess, að hin ódýrustu og þá jafnframt hin áhrifaminstu baðlyf hafa verið brúkuð. — Fyrsta tryggingin fyrir því, að böðun komi að haldi, er sú, að baðmeðalið sé gott, og að sama meðalið sé brúkað um alt land. — Með þessu er trygging fengin fyrir því, að brúkað verði gott baðmeðal.

Annar aðal-gallinn á kláðalöggjöfinni er brestur á góðu eftirliti. Eins og eg tók fram við 1. umræðu, er það varla gjörlegt, að leggja eftirlitið á sýslumennina, af því að þeir hafa þegar í æði-mörg horn að líta, og alt af er að bætast á þá; því höfum við lagt það til, að eftirlitsmenn megi skipa í sýslu hverri.

Þriðja aðal breytingin á gildandi lögum er sú, að sektir fyrir brot gegn lögunum eru hækkaðar að miklum mun; enda er það all-líklegt, að hin þrönga sektarheimild gildandi laga hafi valdið því, að nokkuð lítið hefir orðið úr framkvæmdunum.

Eins og deildin sér, hefir nefndin sett inn þær breytingar, sem hún hefir gert við stjórnarfrumv. og sem hún áður flutti í frumvarpsformi, sem breytingartill. við stjórnarfrumv., og lýsi eg hér með yfir því, að nefndin tekur aftur frumv. sitt.

1. breytingartill. er samhljóða 1. gr. stjórnarfrumv. að öðru leyti en því, að vald amtmanns til að fyrirskipa böðun og skoðun, þótt ekki hafi fundist kláði, er bundið því skilyrði, að dýralæknir eða annar kláðafróður maður hafi ráðið til þess; það ákvæði er ekki sett af því, að nefndin óttist, að amtmenn muni misbrúka vald sitt í þessu efni, heldur sem eðlileg afleiðing þess, að vér nú höfum fengið dýralækni og eigum von á fleirum. Líka er bætt inn í ákvæði um einangrun hins sjúka fjár.

Við 1. umræðu var hreyft nokkrum aðfinningum við 2. grein frumvarps nefndarinnar. Meðal annara kom hæstv. landshöfðingi fram með nokkrar bendingar þar að lútandi, og hefir nefndin tekið þær til greina að sumu leyti. — Nefndin hafði upphaflega komið sér saman um, að eftirlitsmenn skyldi setja í hverja sýslu. Menn óttuðust kostnaðinn, sem af því mundi leiða. — Eg get nú ekki gjört mikið úr þeirri mótbáru, því að vitanlega hefðu þeir enga þóknun fengið, ef þeir hefðu ekkert aðhafst. Og ekki held eg að ráð þurfi að gjöra fyrir því, að sýslunefndirnar verði of ríflegar. Þær eiga sjálfar að leggja fram féð.

Hins vegar er engu tapað, þótt ekki sé settir eftirlitsmenn þar, sem enginn kláði er. Því höfum við breytt til og áskiljum að eins, að eftirlitsmennirnir megi skipa.

Þriðja breytingartill. er alveg samhljóða 3. gr. stjórnarfrumv., nema hvað ákveðið er, að hreppstjóri geti tekið við umsjón með lækningunni. Nefndinni þótti það orðalag heppilegra. — Í því á að liggja, að hreppstjóri þurfi eigi að taka hið sjúka fé af heimili fjárhafa, eins og ákvæði stjórnarfrumvarpsins virðist benda til. Aðal-atriðið er, að hreppstjóri eða aðstoðarmaður hans líti eftir lækningunni, en á sama stendur, hvar eftirlitið fer fram. — Akvæðinu um setning tryggingar er slept eftir bendingu hæstv. landshöfðingja.

Inn í 3. grein stjórnarfrumv. höfum við aukið ákvæði um, að greiða skuli á kostnað landssjóðs flutningskostnað undir lyfin á viðkomustaði strandsiglingaskipanna; en ætlumst til, að fjárhafi sæki lyfin þangað.

Í 6. breytingartill. er farið fram á þá efnisbreytingu, að sektir renni í sýslusjóð í stað sveitarsjóðs, og það kemur til af því, að nú er allur annar kostnaður en verð lyfjanna lagt á sýslusjóð. — Sömuleiðis er hér bætt inn í ákvæði, sem vantað hefir í hina eldri kláðalöggjöf: að brot gegn lögunum skuli vera opinber lögreglumál.

Í 7. breytingartill. er og tekið fram, hver ákvæði í eldri löggjöfinni sé feld úr gildi. Er það gjört til þess, að þeir, sem eftir lögunum eiga að fara, séu fljótari að átta sig á því, hvaða ákvæði séu í gildi og hver ekki.

Eg skal að lokum geta þess, að af þýðingarmiklum ákvæðum stjórnarfrv. er engu slept, en hins vegar nokkru við bætt af nefndinni, og leyfi eg mér að vænta þess, að hin háttv. deild líti svo á, sem það sé til bóta, og veiti málinu greiðan gang.

Landshöfðingi: Eg hefi ekki mikið að athuga við nefndarálitið, eins og það nú er úr garði gert frá nefndinni. — Breytingartill. ganga flestar í sömu átt og eru bygðar á sama grundvelli og

stjórnarfrumv. Mikið af þeim eru orðabreytingar og nokkuð viðaukatillögur, sem sumpart eru til bóta og fæstar til spillis.

Það er að eins ein breytingartill. frá nefndinni, sem eg ekki get felt mig við og það er breytingin á 2. gr. frumv. Að vísu er breytingin aðgengilegri en áður, en það sem mér nú finst athugavert við greinina er það, að það vantar inn í hana ákvæði um, hverir skuli ákveða þóknunina til eftirlitsmannanna, og hve mikil hún skuli vera — hvort hún skuli ákveðin þannig, að þeir fái eitthvað víst um árið, eða þá þeir fái dagpeninga og ferðakostnað í hvert skifti, sem þeir fara út af heimilinu í kláðaráðstafanir og þá ekkert annað. —

Það var líka annað, sem eg vildi biðja h. háttv. nefnd að athuga til 3. umr, og það var það, hvort henni finnist það hentugt, að amtmaður útnefni eftirlitsmennina eftir tillögum sýslunefndanna. Í sjálfu sér er ekkert á móti þessu ákvæði, en það gæti orðið til þess, að valda miklum drætti á nauðsynlegum kláðaráðstöfunum. Ef kláði kæmi upp snögglega í einhverri sveit, þá er það nauðsynlegt, að eftirlitsmaðurinn sé strax við hendina, en það gæti dregist að útnefna hann, ef amtmaðurinn á fyrst að bíða eftir tillögu sýslunefndarinnar. Eg get þessa að eins til athugunar fyrir nefndina, hvort það geti ekki gengið greiðara að skipa þessa eftirlitsmenn, fyrst hún á annað borð álítur þá svo bráðnauðsynlega.

Að öðru leyti hefi eg ekkert við tillögur nefndarinnar að athuga, því eg get ekki kallað það aðfinningar, þó eg segi, að eg kunni illa við orðið »valdbjóða«. — Mér finst það benda á, að ráðstafanirnar hvíli á valdi, en ekki rétti; það bendir huganum til, að beitt sé valdi, og farið sé eiginlega út fyrir lögin.

Framsögum. (*Lárus H. Bjarnason*): Eg er þakklátur h. hæstv. landsh. fyrir bendingar hans, og mun nefndin taka þær til íhugunar til 3. umr.

Það, sem h. hæstv. landsh. fann till. nefndarinnar helzt til foráttu, var það, að ekki væri tekið fram, hver ætti að ákveða þóknunina til eftirlitsmannanna og hve mikil hún skyldi vera. Eg held þó að hægt sé að lesa þetta út úr 2. breytingartill. nefndarinnar, ef hún er lesin nákvæmlega, því þar stendur, að launin skuli borgast úr sýslusjóði, og leiðir þar af, að það eru sýslunefndirnar, sem ákveða bæði hve þóknunin skuli vera mikil, og hvernig henni skuli hagað; hvort hún skuli vera árleg og föst eða þá fyrir hvert skifti, eftir því, sem þörfin krefur Mér finst það vera frjálslegra, að fela sýslunefndunum þetta, og eg get ekki séð neitt óviðkunnanlegt í því, þótt enda hver sýsla hagi þessu á sinn hátt; en eg skal þó ekki hafa neitt á móti því, að breyta þessu þannig, að tiltekið sé með berum orðum, hver eigi að borga þóknunina til eftirlitsmannanna, ef þess er óskað af þingdeildinni, og jafnvel þótt mér sýnist það vera óþarfi.

Hæstv. landsh. var einnig hræddur um, að það kynni að valda óþægilegum drætti á útnefningu eftirlitsmannanna, ef amtmaður ætti að tilnefna þá eftir tillögum sýslunefndanna. Þetta er að vísu rétt, ef það álitist nauðsynlegt, að kalla saman sýslunefndarfund í hvert skifti, til að stinga upp á eftirlitsmanni, en þess ímynda eg mér að ekki sé þörf. Eg hugsa, að sýslumaður geti stungið upp á eftirlitsmanninum upp á væntanlegt samþykki sýslunefndar. — Þetta veit eg er algild regla, þegar líkt stendur á, og því til sönnunar skal eg geta þess, að amtmaður hefir beðið mig

að stinga upp á yfirsetukonuefnum í stað sýslunefndar. — Eg hygg því, að sömu reglu megi fylgja með þetta, en það má þó líka taka þetta beint fram, ef þess er óskað.

Hæstv. landsh. sagðist kunna illa við orðið »valdbjóða«. Það er auðvitað tilfinningamál, hvort menn fella sig vel eða illa við orðið, en eg hygg þó, að sá imugustur, sem hann hefir á því, hafi ekki við mikil rök að styðjast, og stafi fremur af því, að orðið er óalment, en af hinu, að það sé í sjálfu sér óviðfeldið. Eg fyrir mitt leyti kann ekki við, að nota í íslenzkum lögum þetta danska orð »fyrirskipa«, og þótt eg sé enginn dönsku-hatari, þá verð eg að segja, að eg felli mig ólíkt betur við íslenzkuna. Það er heldur ekki rétt, að orðið sé misvísandi, því það getur komið fyrir, að það þurfi að beita valdi í þeim tilfellum, nefnilega, að ráðstöfunum amtmanns sé ekki hlýtt. — Það má þó taka þetta til íhugunar til 3. umr., ásamt hinum öðrum bendingum, h. hæstv. landsh., ef h. háttv. deildar menn leggja svo mikla áherzlu á þetta. Annars skal eg lýsa gleði minni yfir því, að h. hæstv. landsh. hefir ekki haft annað að athuga við tillögur nefndarinnar, því það er mér sönnun fyrir því, að þá sé ekki hægt að finna neitt að þeim með rökum.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þingskj. 233 samþ. með 19 atkv.

1. gr. frumv. þar með fallin.

2. breyt.till. á sama þingskj. samþ. með 15 atkv.

3. breyt.till. á sama þingskj. samþ. með 18 atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

4. breyt.till. á þingskj. 233 samþ. með 19 atkv.

3. gr. frumv. þar með fallin.

5. breyt.till. á þingskj. 233 samþ. með 17 atkv.

4. gr. frumv. þar með fallin.

6. breyt.till. á þingskj. 233 samþykt með 18 atkv.

5. gr. frumv. þar með fallin.

7. breyt.till. á þingskj. 233 samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umr., 1. ágúst (*C* bls. 406).

Framsögumaður (*Lárus H. Bjarnason*): Eg skal geta þess, að inn í frv. hefir slæðst prentvilla í 3. gr. Þar stendur »lækningunum«, en á að hvera »lækninganni«. Eg tók það fram við 2. umr., að nefndin mundi verða við bendingum hæstv. landsh. og athuga nákvæmara, hvort ekki væri ástæða til að taka það með berum orðum fram, hvernig þóknun eftirlitsmannsins skyldi vera ákveðin og af hverjum, og koma þá fram með breyt till. um þetta, ef því væri að skifta. Satt að segja hefir þetta farist fyrir hjá nefndinni, enda tel eg þess ekki svo mikla þörf, að breyta hér neinu. Það er tekið greinilega fram í frumv., að borgunin eigi að greiðast úr sýslusjóði, og þá virðist það vera bein afleiðing af því, að það sé sýslunefndin, sem á að taka hana til.

ATKVGR. Frv. samþ. með 18 samhljóða atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 23. ágúst (C bls. 684, nefndarálit 733).

Framsögumaður (*Lárus H. Bjarnason*): H. Ed. hefir gjört tvær breytingar við frv. Hin fyrri er sú, að eftirlitsmenn megi vera fleiri en einn í sýslu, og hefir nefndin ekkert á móti því.

Önnur breytingin er sú, að hreppssjóður greiðir kostnað þann, er frumv. Nd. lagði á sýslusjóð.

Þessa breytingu telur nefndin fremur

til skemda en hitt. En hins vegar er tíminn orðinn svo naumur, að málið kæmist ekki í gegn, ef farið yrði að gjöra breytingar við það, og væri þá of mikið í sölurnar lagt. Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

ATKVGR. Frumv. samþykt sem 16 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Fátækramál I.

FUMVARP til laga um breyting á opnu bréfi 6. júlí 1848 (C bls. 185); 1. umr., 9. júlí

Flutningsmaður (*Magnús Torfason*): Eg get hugsað, að h. þingdm. muni þykja það dálítið einkennilegt, að þetta frumv. er komið hér fram, þar sem á dagskrá er tillaga um skipun milliþinganefndar í fátækramálum, og því skal eg taka það fram, að það er fram komið samkvæmt áskorun kjósanda í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum. Það sem vakað hefir fyrir oss flutningsmönnum, er vér komum fram með þetta frumv. nú, er það, að við álitum að það þurfi að stytta sveitfestitímann strax; en það er hins vegar ekki víst, að þó að milliþinganefnd verði skipuð í fátækramálin, sem alls eigi er víst, komi áranguriun af störfum hennar fram á næstu árum. Þegar vér gætum þess, að hér er um efni að ræða, sem gengur hvað mest inn í líf þjóðarinnar, og lögin, sem um þau gilda, eru frá 1848, þá má það þykja eðlilegt, að þau þurfi breytinga við. Vér vitum það, að ástandið hefir breyzt mjög mikið á síðasta aldarhelming; lögin eru miðuð við strjálar og örðugar samgöngur, en engu hefir fleygt eins mikið fram á síðustu tímum, eins og einmitt þeim, og því er það náttúrlegt, að lögin eigi ekki lengur við í sumum greinum. Auk þess hafa nýir atvinnuvegir risið upp, eins og þilskipaveiðar og bátafiski á Austfjörðum, en aðrir lagst niður, eins og útræði hér sunnanfjalls, og gerir þetta sitt til, að gera lögin úrelt.

Fyrir fáum árum var vistarbandið uppleyst, með þeim afleiðingum, að miklu meiri flótti er á fólkinu en áður. Þetta er vitaskuld ekki fullnæg ástæða til að stytta sveitfestitímann; því það gæti hugsast, að flakkið kæmi jafnt niður á öllum sveitum landsins. En svo er ekki. Að því er framfærslu snertir, standa héruðin mjög ójafnt að vígi. Í sumum sveitum fækkar fólkinu, og það á sér stað t. a. m. í mínu kjördæmi, en fjölgar aftur í öðrum.

Ef þetta er nánara athugað, kemur það fram, að einstöku sveitir verða að uppala vinnukraftin handa hinum, sem eflast og blómgast. Og allir sjá, að þetta er hvorki hentugt né sanngjarnt. Það virðist því vera náttúrlegt, að spornað sé af alefli við því, að til þess komi, að þessar sveitir, sem uppala vinnukraftinn fyrir aðra, verði að taka við honum útslitnum aftur og forsorga hann á sinn kostnað.

Það er kunnugt, að sumir setja alt sitt traust á milliþinganefndina; en hún er ekki komin á enn þá, og þó að hún komi á, þá er ekki víst, að gerðir hennar komi fram á næstu árum, svo það er líklegt, að ef sveitfestitíminn er styttur, eins og hér er farið fram á, og hafður að eins 3 ár, að það hafi talsverða þýðingu einmitt fyrir starf milliþinganefndarinnar, að svo miklu leyti sem það sæist, áður en hún lyki starfi sínu, hvernig það ákvæði gæfist í reyndinni, og það því fremur, sem skoðanir um sveitfestitímann eru svo sundurleitar, að það ráð virðist einna bezt, að prófa sig fram, og láta reynsluna skera úr, hvað hentugast sé.

Lárus H. Bjarnason: Mér sýnist fátækralöggjöfinni gert nokkuð lágt undir höfði, með því að taka að eins eitt atriði úr henni og breyta því, og allra helzt þegar þetta eina atriði er ekki stórvægilegra en þetta er. Eg kynni betur við, ef háttv. flutnm. tækju málið út af dagskrá, og því verði svo vísað til fátækramálanefndar, ef hún verður skipuð.

Flutningsmaður (*Magnús Torfason*): Eg álít hægt, að haga kosningu nefndar í þetta mál þannig, að til hennar megi vísa öllum öðrum fátækramálum, sem fram kunna að koma.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Mér þykir vænt um, að þetta frumv. er komið fram, því það er til stórbóta og mjög sanngjarnt. Það er sannarlega hart fyrir landsveitirnar, að ala vinnufólk upp handa sjávarsveitunum, og fá það svo aftur uppgefið og örvasa, og það er engin sanngirni í því, að fólk sé forsorgað af þeim, sem það hefir unnið minst fyrir. Eg vil mæla fast lega með því, að frumv. nái fram að ganga á þessu þingi, því að þó aldrei nema milliþinganefndin komist á, þá er árangurinn af starfi hennar ekki kominn að gagni fyr en eftir langan tíma. Eg skal um leið geta þess, að sveitfestitíminn, 3 ár, þykir mér of stuttur, og vil eg áskilja mér, að koma með breyt.-till. því viðvíkjandi síðar.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg stend víst sem einn af flutnm. af þessu frv., en eg skal taka það skýrt fram, að eg vil, að sveitfesttíminn sé 5 ár, en ekki 3. Eg skal benda á það, að 10 ára sveitfestitími gerir það að verkum, að sveitarþyngsli lenda á landsveitunum miklu meir að tiltölu en á sjávarsveitum. Það eru enn þá fleiri atriði, sem gætu tekist til athugunar í fátækramálunum, í sambandi við þetta. Til dæmis er eitt nauðsynlegt ákvæði, sem hreyft var hér á þingi 1899, að dvalarhreppur, sem veitir utanhreppsmanni styrk, beri tiltölulegan hluta af styrknum sjálfur; það mundi reynast aðhald. Í öðru lagi væri nauðsynlegt, að taka upp einhver ákvæði, sem gerðu það að verkum, að gangur sveitfestimála yrði greiðari, því, eins og flestir vita, sem eru svolítið kunnugir þessum málum, eru þau oft dregin von úr viti af hreppsnefndum og enda sýslumönnum. Enn þyrfti að skýra og skerpa skilyrðin fyrir styrkveitingu úr sveitarsjóðum.

Eg vildi benda á þessi atriði til athugunar fyrir væntanlega nefnd; þeim mætti vel ráða til lykta í þingnefnd, og þyrfti enga milliþinganefnd til þess. Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd sé skipuð í málið.

Lárus H. Bjarnason: Við höfum ekki ráð á því að skipa nefnd í hverju máli, og allrasízt fjölmennar nefndir. Eg vil leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa 5 manna nefnd, og hlutu kosningu:

Magnús Torfason	með	17 atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	14 —
Jósafat Jónatansson	—	14 —
Jóh. Jóhannesson	—	12 —
Þórður Guðmundsson	—	11 —

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 17. júlí (C bls. 185, nefndarál. 252).

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Eg finn ekki ástæðu til þess nú, að hafa miklar umræður um þetta mál. Skal eg því láta mér nægja, að bera fram þá ósk, að deildin sýni frumv. þá velvild, að taka það til svo rækilegrar íhugunar, sem jafnþýðingarmikið mál á skilið.

Jósafat Jónatansson: Eins og deildinni er kunnugt, þá var nefnd kosin til að íhuga frumv., sem kom fram um

breyt. á opnu bréfi 6. júlí '48. Nefnd þessi hefir nú lokið starfi sínu. Hún hefir ekki getað orðið samdóma að öllu leyti. Alit meiri hlutans er, að það sé til stórbóta, að setja sveitfestitímann ofan í 5 ár; en álit minni hlutans er það, að það muni ekki geta orðið til bóta, sé að eins kák við fátækralöggjöfina. Það er svipuð stefna meiri hlutans, eins og þeirra sem sömdu þurrabúðarlögin. En minni hlutinn verður að halda því fram, að þetta út af fyrir sig, að setja tímann úr 10 árum í 5 ár, mundi ekki gjöra til né frá. Eg er á móti því að þröngva mönnum með lögum. Eg álít það eigi að vera komið undir vilja mannsins sjálfs og hæfileikum, hvar hann starfar og hvað hann leggur fyrir sig. Og eg vona, að þess verði ekki langt að bíða, að landbúnaður og sjávarútvegur skilji á eðlilegan hátt, svo að eigi stundi sömu menn hvorttveggja; það þarf aðra mentun til landbúnaðar, og aðra til að vera háseti og formaður á þilskipi, og eg ímynda mér, að það sé ekki bráðnauðsynlegt, að gjöra með lögum neinar ákvarðanir til að skilja að þessa atvinnuvegi.

Eg þykist vita það, að þessir menn hafi komið fram með þetta af góðum hvötum, og í þeim tilgangi, að það væri til bóta fyrir landbúnaðinn; en eg get ekki séð, að það eigi við svona lagað, eða eitt fyrir sig.

Að svo mæltu ætla eg ekki að þessu sinni að segja meira um málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 8 atkv.

Önnur umr., 19. júlí (C bls. 185, nefndarál. 252).

Framsögumaður meiri hlutans (Magnús Torfason): Eg finn mér skylt með fám orðum að andmæla nefndaráliti minni hlutans. Aðalmótbára hans móti því frumv., sem komið hefir hér fram, er sú, að það sé kák eitt við fátækralöggjöfina, sem gæti orðið þess valdandi, að frekari umbótum á fátækralöggjöfinni verði slegið á frest. Eg get nú ekki neitað því, að mér hefði þótt það bezt fara, að öll fátækralöggjöfin hefði verið endurskoðuð í einu lagi; en eg verð jafnframt að minna á það, sem eg skýrði frá við 1. umr., að það hefir verið beðið um milliþinganefnd á 4 síðustu þingum í röð, en það hefir aldrei fengið áheyrn. Það lítur út fyrir, að sú nefnd eigi erfitt uppdráttar, og á meðan minni hlutinn getur ekki fært sterkar líkur fyrir, að nefndin verði sett á þessu þingi, þá er þeirri ástæðu hrundið. Eg get heldur ekki fallist á, að þetta sé kák við fátækralöggjöfina. Þetta, sem frumv. fer fram á að breyta, er það atriði í fátækralöggjöfinni, sem mest hefir verið rætt um, og það atriði, sem ósanngjarnast hefir þótt, og líka er það það atriði, sem kjósendur heimta fastast, að breytt sé. Og að líkindum verður einmitt það atriði mest rætt í milliþinganefndinni, ef hún nokkurn tíma kemst á, og það því fremur, sem um það atriði hafa skoðanirnar verið svo skiftar hingað til, sem mest má verða. Það væri því mikill ávinningur fyrir væntanlega milliþinganefnd, að sjá, hvernig stytting sveitfestitímans reyndist í framkvæmdinni. Og það væri því meiri ávinningur, sem þær þjóðir, er oss standa næstar, hafa ekki treyst sér til að leggja framfæri ómaga á dvalarhreppinn, sem helzt er talað um. Önnur ástæðan, sem minni hlutinn styðst við, er sú, að stytting sveitfestitímans muni hafa í för með sér aukinn hrakning á fólki frá því, sem nú er; en þar sem eg þekki til, er það fátítt, að þurfa-

menn séu hraktir úr hreppnum sakir sveitarstyrks; hitt er ráðið, að láta þá þiggja sveitarstyrk.

Og það er ekki hægt að neita því, að 5 ára sveitfestitími er stórum hagkvæmari en 10 ára. Menn geta ekki neitað því, að þegar t. d. maður fer úr sveit, og giftir sig, þá er næsta líklegt, að hann eigi fleiri börn á 10 árum heldur en á 5. Eg vil taka það fram, að skoðun meiri hlutans um 5 ára sveitfestitímann er ekki ný, að minsta kosti ekki frá sjónarmiði landsveitanna, sem frumv. á að hjálpa. Það stendur í ástæðunum fyrir tilskipun 6. júlí 1848, að aðalástæðan fyrir því, að framfærslutakmarkið var haft 10 ár, í stað 5, var sú, að sveitir þær, er liggja að sjó, verða fyrir ofmikilli byrði af því, að fólk sækir þangað úr sveitum; þetta tímatakmark var þá sett eingöngu sjávarsveitunum í hag; enda voru hér ýmsir málsmetandi menn í móti því, t. d. konungsfulltrúinn og amtmaður Melsteð, að tímatakmarkinu yrði breytt. Og eg get yfir höfuð sagt, að 10 ára tímanum hafi 1848 verið neytt upp á þjóðina. Stjórnin samþykti breytinguna af þeirri ástæðu, að henni þótti rétt að taka tillit til tillögu þingsins, og það er skýrt tekið fram í ástæðum stjórnarinnar, að það sé gert til þess að íþyngja ekki sjávarsveitunum, af því að fjöldi manna, sem ekki geti hafst við í sveitunum, flytji sig að sjónum. Sama löggjöfin gilti í Danmörku þá, og því var það náttúrlegt, að stjórnin legði áherzlu á, að það væru sérstakar kringumstæður hér, sem gerðu það að verkum, að heppilegra væri að hafa sveitfestitímann 10 ár. A móti því að framfærslutíminn væri lengdur tekur stjórnin loks fram, að ósanngjarnt sé, að þeir sem hafa dvalið 5 ár í einum hrepp, og haft þar ofan af fyrir sér, verði reknir úr hreppnum.

Þá hefir það loks verið tekið fram af minni hlutanum, að þessi breyting mundi skerða atvinnufrelsi manna. — Mér er ómögulegt að sjá, að svo verði, nema sjóplássin ætli sér að hlaða kínverskan múr í kringum sig, og munu þó varla geta það nema með skaða fyrir sjálf sig; og kalla eg þetta getsakir. Eg ætla ekki bæjarstjórnum það, að þær muni slá hendinni á móti þeim vinnukrafti, sem þörf er á, vegna þess ákvæðis, að sveitfestitíminn er 5 ár. Og svo verðum við að gá að því, að hreppapólitíkin er ekki alveg eins einvöld í hugskoti manna eins og áður var. Það kann að vera, að gamlir oddvitar, sem aldrei hafa út fyrir hrepp inn séð, haldi, að hreppapólitíkin sé einvöld, og að sveitirnar geti enn hlaðið kínverskan múr í kringum sig; en aðrir gera það varla. Annars kemur þetta alls ekki hinu fyrirliggjandi máli við; ef það getur náð til nokkurra laga, þá á það við þurrabúðarlöggjöfina. — Þetta frumv. getur aldrei haft þrenging á atvinnufrelsi manna í för með sér.

Eins og eg þegar hefi margtekið fram, er aðalástæðan fyrir breyting sveitfestitímans sú, að hið núverandi fyrirkomulag er svo voðalega ósanngjarnt í garð landsveitanna. Bezta fólkið fer svo úr sveitunum, gjaldþol þverrar, en jafnframt streyma þurfalingarnir frá sjónum. Hið átakanlegasta dæmi þess er, sem eg veit að er satt, að á 1 ári komu 20 þurfamenn í einn hrepp með 30 búendum. Eg veit ekki, hvað er ósanngjarnt, ef ekki þetta. Eg get nefnt fjöldamörg önnur dæmi, en eg vil að eins nefna tvö, sem eg veit, að h. þingdm. eru kunnug, Biskupstungnahrepp og Bessastaðahrepp. —

það er komið svo fyrir þeim hreppum, að sveitarþyngsli eru orðin þar svo mikil, að þangað vill enginn nýtur maður flytja, að heita má. Og ef menn gæta þess, að þessi sveitarþyngsli stafa hvað mest einmitt frá sjávarsveitunum, þá vona eg að h. þingdm. sjái, hversu sanngjarnt og nauðsynlegt frv. er.

Nefndin hefir leyft sér að gera nokkurar breytingar á frumv., og er ein þeirra efnisbreyting, að sveitfestitíminn sé ekki 3, heldur 5 ár; hinar breytingarnar eru að eins orðabreytingar.

Sigurður Sigurðsson: Áður en gengið verður til atkvæða, vildi eg leyfa mér að leita upplýsinga hjá nefndinni í fátækramálinu um það, hvað hún ætlar sér að gera við milliþinganefndina okkar. Eg get tekið undir með minni hluta nefndarinnar, að þetta frumv. sé að eins kák við fátækralöggjöfina; en vegna þess, að það fer í þá átt, sem eg álít rétta, og ákveður sveitfestitím ann styttri en nú er, þá er eg frumv. hlyntur. En það er skoðun mín, að sveitfestina beri að miða við dvalarhreppinn. Þó að frumv. sé því að eins bráðabirgðalöppun upp á fátækralöggjöfina, þá miðar það þó til að tryggja sveitunum vinnukraft og hindra strauminn af fólkinu þaðan. En eg vil vita, hvað nefndin hugsar sér að gera við milliþinganefndina, því að ekki vil eg kaupa frumv. svo dýrt, að framgangur þess verði henni að fjörtjóni.

Þórður J. Thoroddsen: Það er eitt atriði í nefndaráliti meiri hlutans í þessari nefnd, sem eg get ekki gengið þegjandi fram hjá. Nefndin gengur út frá því, að hreppsnefndirnar hafi það fyrir reglu, sérstaklega í sjávarsveitunum, að reyna að gera fátæklinga að ósjálfstæðum mönnum, að þær fari þannig að við þá menn, sem ekki eru búnir að vinna sér sveitfesti, svo að landsveitirnar fái þá aftur, og þá hálfu verri en þeir komu þangað.

Eftir þeirri þekkingu, sem eg hefi, þá verð eg algjörlega að mótmæla þessu. Eg er búinn að vera 18 ár í sjávarsveit og á þeim tíma í hreppsnefnd 14 ár í einum hreppi, og þar að auki þekki eg og er meir að segja gagnkunnugur í fimm öðrum sjávarhreppum hér suður með sjónum; og eg veit ekki eitt einasta dæmi til, að hreppsnefnd hafi reynt til að gjöra menn ósjálfbjarga. Það hlýtur því að vera einhver misskilningur, sem ríkir hjá h. nefnd í því tilliti. Það er annað mál, þó hreppsnefndir, þegar einhverir eru langt komnir með að vinna sér sveitfesti, en viðkomandi hreppsnefnd sér, að þeir einhverra hluta vegna muni verða hreppsómagar, þó þær þá reyni á góðmótlegan hátt að koma þeim burtu, áður en þeir verða sveitfastir; en það er alt annað en svo, að þær reyni að gera þá ósjálfbjarga. Eg skal sem sönnun fyrir þessu máli líka taka það fram, að eins og kunnugt er voru á síðasta þingi veittar 10,000 kr. til jarðyrkju í Gullbringusýslu, og var mönnum veitt atvinna við jarðabætur fyrir þetta fé; þá voru allir utanhreppsmenn látnir fá þá atvinnu engu síður en innanhreppsmenn. Ef hreppsnefndirnar hefðu haft það fyrir mark og mið, að gjöra utanhreppsmenn ósjálfstæða, þá hefðu þær dregið við þá eða sett þá hjá þessari vinnu. (*Magnús Torfason*: Þó þeir væru á 10. ári?). Já, jafnvel þó þeir væru á 10. ári; það get eg, hve nær sem er, fært sönnur á.

Úr því eg er staðinn upp, þá skal eg minnast dálítið á þetta þrætuepli, sveitfestitímann; það hefir lengi verið rætt um það, hver tími væri heppilegastur sem sveitfestitími. Reglugjörðin frá 1834 ákveður 5 ára tíma; fyrir

þann tíma mun það hafa verið 20 ára tími; en svo með þessu opna bréfi 1848 er sveitfestitíminn gjörður að 10 ára tíma, sem nú gildir. Það er sérstaklega á seinni árum, sem eru farnar að heyrast raddir um það, að rétt sé að stytta tímann; sumir hafa stungið upp á 5 árum, aðrir upp á 3, enn aðrir upp á 1 ári og sumir jafnvel styttri tíma, nefnilega þeir, sem vilja binda sveitfesti við dvalarhreppinn; og aldrei getur mönnum komið saman. En það er enginn, sem hefir stungið upp á því, að það væri lengdur sveitfestitíminn; enda væri það ekki heppilegt; því að því lengri sem sveitfestitíminn yrði, því heldur mundi byrðin hrúgast á fæðingarhreppinn.

Eg hefi dálítið aðra skoðun á þessu máli heldur en eg hefi heyrt menn láta í ljósi hér í þingsalnum, og enda í ræðum og ritum. Eg álít, að þegar ákveðið er um sveitfestitímann, þá eigi maður að hafa það fyrir augum að vera réttlátur við alla; bæði í þessari lagasetningu og allri annari er það aðalatriðið að styðja réttlætið, en aftra ranglætinu. Og í því tilliti finst mér það vera tvent, sem maður þarf að hafa fyrir augunum, að því er það snertir, sem hér ræðir um. Annað er það, að hefta ekki of mikið atvinnufrelsi manna; en hitt það, að gjöra það að verkum með löggjöfinni, að þurfalingar hrúgist ekki upp á sérstaka landsparta, að þeir hrúgist hvorki á landsveitir né sjávarsveitir.

Eg skal nú taka sveitfestitímann; ef hann er styttur, svo að hann sé t. a. m. 1 ár eða 3 ár, — hver verður þá afleiðingin? Afleiðingin verður annaðhvort sú, að hreppparnir, þar sem atvinnu er að leita, og í flestum tilfellum sjávarplássin, girða um sig þessum kínverska múr, sem framsögum. talaði um, eða leyfa engum að koma inn. En ef þeir leyfa mönnum að koma inn, þá eiga þeir það á hættu, að hrepparnir offyllist af þurfafólki. Ef því fyrra er fylgt, að banna mönnum að koma inn í hreppinn, þá er heft atvinnufrelsi manna, en í síðara tilfellinu getur það orðið til þess, að sveitirnar fari á vonarvöl og fái of mikla byrði. Aftur á móti, ef sveitfestitíminn er hafður of langur, þá verður afleiðingin sú í flestum tilfellum, að framfærsluhreppurinn fellur saman við fæðingarhreppinn, og það álít eg órétt, því það er ekki víst, að sá heppur hafi haft mest gagn af vinnu mannsins. Það er ekki víst, að sá hreppur hafi haft annað af honum að segja en að hjálpa til að koma honum í heiminn; og þá mundu í mörgum tilfellum þeir hreppar, þar sem minstu vinnuna er að fá, verða fyrir ofmikilli byrði í samanburði við gjaldþol.

Þetta er það sem mér finst móti því, bæði að hafa of stuttan tíma og of langan tíma. En getur maður ekki fundið meðalveg?

Eg álít að heppilegasti og eðlilegasti vegurinn væri sá, að þeir hreppar hjálpuðu manninum, ef hann kæmist á vonarvöl, sem hefðu haft mest gagn af vinnu hans, þar sem, eins og nú er, byrðin getur lent þar, sem maðurinn vinnur minst. Væru þá tveir vegir til, annaðhvort að sleppa öllu um fæðingarhrepp og tímatakmörk og gefa lögin þannig út, að hver maður eigi framfærslu í þeim hreppi, sem hann hefir lengst unnið í; þó mætti setja eitthvert takmark þar við hann, ekki skemur en 5 ár; ellegar þá að ákveða, að dvalarhreppurinn skuli undir öllum kringumstæðum leggja út kostnaðinn, en hann skuli svo aftur fá það endurborgað tiltölulega eftir dvalartímanum af þeim hreppum, sem maðurinn hefði dvalið í

meðan hann var á vinnandi aldri, t. a. m. frá 20 til 60 ára. Þetta væri eðlilegasti vegurinn að mínu áliti til að koma þessu í lag.

Eg skal um leið geta þess, að eg greiði atkv. móti bæði frumv. og br. till. nefndarinnar, en felst á álit minni hlutans í þessu máli. Eg er svo hræddur um, þó að það verði nú samþykt, að það verði þessi 5 eða 3 ára sveitfestitími, þá hafi landsveitirnar — eins og mér heyrist á flutnm. að aðaltilgangurinn sé — lítið gagn af þessu. — Eg ímynda mér kannske að þjóðin láti ekki tjóðra sig svona við þúfurnar, eins og flutnm. virðist vilja gjöra; og eg er hræddur um, svo framarlega sem þessi breyting gjörir það að verkum, að sjóplássin girða sig þessum kínverska múr, að landsveitirnar hafi ekki það gagn af þessu, sem ætlast er til, heldur verði einhver sá, sem ekki lætur tjóðra sig svona, slítur tjóðurbandið, ekki til þess að leita til annara sveita á Íslandi, heldur til þess að leita út úr landinu, til Ameríku,— að þetta veki útflutning og verði til að auka enn meir fólksekluna í landinu, heldur en hitt, að það verði til þess, að sveitamenn fái vinnukraft frá sjónum.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Það kom frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) fyrirspurn til nefndarinnar um það, hvað hún mundi ætla að gera viðvíkjandi tillögunni um milliþinganefnd. Að vísu er nefndin ekki skyldug til að láta uppi á þessu stigi málsins neina yfirlýsingu; en eg ímynda mér, að mér sem formanni nefndarinnar sé leyfilegt að geta þess, að nefndin hefir hneigst að því, að leggja til að slík nefnd verði sett, hver sem hin endilega till. verður í málinu.

Úr því eg á annað borð stóð upp, þá skal eg leyfa mér að víkja fám orðum að h. þm., sem talað hafa, án þess eg vilji fara að blanda mér inn í hlutverk frams.m. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sló því fram, að sér þætti þetta kák, og að það væri réttara, að hver maður ætti þar sveit, sem hann væri, er hann yrði styrks þurfandi. En eg mundi, eftir því sem mér eru þau mál kunnug, álíta það ákvæði mjög skaðlegt fyrir land og lýð. Eg skal nefna mönnum eitt ákveðið dæmi þessu til skýringar; eg tek það fram um leið, að eg þykist vera nokkuð kunnugur meðferð fátæklinga hér á landi, er til vili kunnugri flestum háttv. þingd.mönnum; eg get því gert mér nokkurn veginn ljósa grein fyrir, hvaða áhrif hinar ýmsu breytingar kynnu að hafa á málið.

Eg hefi fengist við málið verklega nál. 11 ár og talsvert um það hugsað — og eg skal benda á ákveðið dæmi, sem við þetta á.

Það er hreppur í Suður-Múlasýslu, þar sem var maður með fylgikonu og 3 börn, er hann var að vinna fyrir, maður sem á sveit í hreppi utan sýslunnar. Eg ætla ekki að lýsa aðferð hreppsnefndarinnar gagnvart manninum til að koma honum í hjónaband við fylgikonuna né gagnvart þessari familíu á eftir; það liggur fyrir í opinberum skjölum og óvéfengjanlegum skýrslum; en það má óhætt fullyrða að sú hreppsnefnd gerði sig seka í því sem háttv. þm. G.-K. var að bera af nefndunum, sem sé því, að útarma daglaunamenn, og beitti við hann meðferð, sem menn tæplega mundu trúa hér í deildinni, ef maður lýsti henni. Svo þegar maðurinn er kominn svo langt, að hann er orðinn öreigi og heilsulaus að auki, þá fer hann með fjölskyldu sína um borð í Hóla, fer suður í Vík og er fluttur þar á land. Þeir, sem manninn fluttu í land, héldu að þetta væri fátækraflutn-

ingur; en þegar á land var komið, þá kom það upp úr kafinu, að hann hafði ekkert lögflutningsbréf með sér. Þessi familia var ómótmælanlega styrksþurfi þar; henni er þar svo veittur styrkur, og farið að grafast eftir sveitfesti mannsins. Meðan á því stóð, lagðist maðurinn og dó skömmu síðar. Hvernig hefði nú farið, ef það hefði verið í lögum, að þessi maður hefði sveitfesti, þar, sem hann þyrfti styrks fyrst? Hreppsnefndin hefði flutt hann yfir hreppsmörkin inn í næsta hrepp. Mundi svo sá hreppur hafa styrkt hann? Nei, það hefði hann ekki gjört; hann hefði flutt hann á þann næsta; svo þetta mundi leiða með sér verðgang þurfamanna um alt land. — Það má nærri geta, hvort hver »dvalarhreppur« um sig ekki mundi gera alt, sem hann gæti, til að koma þurfamanninum af sér, þegar hann færi að verða þurfandi. Þetta ákvæði mundi vera jafnskaðlegt fyrir alla stjórn fátækramálanna og þurfamennina, og það ætti þó ekki að vera markmið laganna, að kosti fátæklinganna yrði þröngvað meir en með þarf.

Hinn háttv. 1. þm. G. K. (Þ. J. Th.) bar á móti því, að það hefði átt sér stað, að hreppsnefndir hefðu gert sig seka í að útarma fátæklinga og senda þá svo aftur heim á sína sveit; en eg get nefnt háttv. þm. dæmi, sem komið hefir fyrir í einum af þeim hreppum, sem hann mun vera einna kunnugastur. Hreppsnefndin gerði sig ekki að eins seka í því, að hrekja burt úr hreppnum gamla fátæka konu, heldur fekk hún einnig sýslumanninn til þess, alveg að ólögum, að gefa henni lögflutningsbréf, því konan hafði aldrei orðið sveitarþurfi, en var til húsa hjá bónda einum í hreppnum. Það var því ekki einungis beitt brögðum til að losna við konuna, heldur var hún rekin burt með hreinum og beinum ólögum. (*Þórður J. Thoroddsen*): Misskilningur). Nei, þetta er enginn misskilningur, og eg get með skjölum fært skilríkar sannanir fyrir þessu. Þetta er að eins eitt dæmi, sem eg tók, af því það lá næst, en ætti eg að fara að rekja öll þau dæmi þessu til sönnunar, sem eg þekki, þá yrði það lestur, sem ekki yrði búinn fyr en á morgun. Eg þekki ekki tugi, heldur hundruð dæma upp á svipað framferði hjá hreppsnefndum gagnvart fátæklingum. Eg segi ekki, að þetta sé neitt sérstakt fyrir hreppsnefndirnar í sjávarsveitunum, síður en svo; það er of algengt til þess um alt landið, að hreppsnefndirnar reyni að koma af sér þeim mönnum, sem þær eru hræddar við, að með tímanum geti orðið hreppnum að byrði. — Vitaskuld er öll pólitik miskunnarlaus, en engin pólitik er þó miskunnarlausari en hreppapólitíkin.

Hinn háttv. þm. (Þ. J. Th.) sagði, að hann vildi að í þessu máli ætti að koma fram réttlæti við alla, og er eg honum fyllilega samdóma um það. En er það víst, þótt þessi 10 ára sveitfestitími hafi verið réttlátur gagnvart öllum fyrir 50 árum síðan, þegar straumurinn að sjávarsveitunum var svo miklu minni, samgöngurnar langtum örðugri og atvinnuvegunum hagaði alt öðru vísi, að hann einnig sé réttlátur nú? Eg verð að biðja menn, að gæta að því, að það er alls ekki víst, að það, sem var réttlátt árið 1848, sé einnig réttlátt árið 1901; það getur verið orðið að hreinasta ranglæti. Að ákveða sveitfestitímann nú 10 ár, það er það sama sem að ákveða, að fæðingarhreppurinn skuli vera framfærsluhrepp urinn, og það er hreint og beint ranglæti gagnvart landsveitunum. Að þetta er, sem eg segi, sést bezt, ef maður athugar, hvernig straumurinn til og frá

kauptúnunum hefir hagað sér síðustu ár aldarinnar. Eftir 1880 streymdi fólkið úr sveitunum til Austfjarða, þegar hinn mikli síldarafli byrjaði þar, en um 1890–95 kom svo afturkast og því er ekki lokið enn. Þá er atvinnuna farið að bresta og aðkomufólkið fer að flosna upp; heilar fjölskyldur eru teknar upp og sendar heim á sína sveit, hreppinn, sem það hafði flutt sig úr. Má eg nú spyrja: er nokkurt réttlæti í því, að láta fólkið eyða sínum beztu vinnukröftum í sjávarplássunum, og senda það svo á sína sveit? Sumir, og þeir eigi allfáir, koma aftur sem heilsulausir vesalingar, en jafnvel þó þeir hafi fulla heilsu, þá eru þeir þó allflestir orðnir óbrúkandi við alla landvinnu, þegar þegar þeir eru búnir að dvelja 6—9 ár í sjávarsveitum. Þeir eru orðnir þollausir, eljulausir og þá vantar alla þolinmæði, sem við alla landvinnu þarf að hafa; þetta liggur í að vinnulagið er svo nauða-ólíkt. Ef straumunum er haldið opnum til sjávarsveitanna jafnmikið og hingað til hefir verið gert, án þess að nokkuð sé gert til að hamla honum frá að ganga þaðan aftur til landsveitanna, þá er ekki jöfnuður á milli lands og sjávarsveitanna, heldur er framið beinlínis ranglæti gegn landsveitunum. Vilji menn ekki stífla strauminn að sjávarsveitunum, þá verða menn að stífla hann frá þeim aftur. Eg fyrir mitt leyti skil mjög vel skoðun þeirra manna, sem vilja halda honum opnum, og látum svo vera; en þá verða þær sveitir líka að bera afleiðingarnar; því það er ekkert réttlæti í því, að ómagastraumurinn frá sjávarsveitunum sé jafn-greiður og straumurinn til þeirra af vinnandi mönnum; það get eg ekki kallað réttlæti við alla.

Hinn háttv. þm. sagði ennfremur, að þessi 5 ára sveitfestitími mundi hafa þær afleiðingar, að sjávarsveitirnar mundu reisa eins konar kínverskan múr í kringum sig. Að sjávarsveitirnar reisi kínverskan múr til að hamla duglausum mönnum frá að flytja sig til þeirra, get eg ekki verið svo sérlega hræddur við, en þótt þær reisi múr, með það bak við eyrað, að hleypa ekki takmarkalaust inn alls konar ráðlausum og efnalausum ónytjungum, þá get eg ekki talið það svo sérlega mikinn skaða. Þar sem háttv. þm. var að ögra mér með, að Ameríkuferðir mundu vaxa stórum, þá get eg ekki heldur talið það svo mikinn skaða, þótt þess háttar fólki fækki hér. Já, eg verð að telja það beinlínis ábata bæði fyrir landið, fólkið sjálft og Ameríku. Þeir, sem ekki nenna að vinna hér á landi neitt ærlegt verk, þeir eiga að fara til Ameríku, því þar er annaðhvort að duga eða drepast, og þar læra þeir að vinna. Og að minsta kosti er það ekki verra, þó þess háttar fólk taki sig sjálft upp og fari til Ameríku, heldur en að hreppsnefndirnar sendi það, því það bæði hafa þær gert, og munu einnig gera eftirleiðis. Þær hafa sent heilar fjölskyldur til Ameríku, og það verð eg að telja meiri skaða en þótt heilum hópum af duglausum óreglumönnum sé ekki leyft að streyma taumlaust að sjávarsveitunum.

Þar sem háttv. þingm. (Þ. Th.) taldi það eðlilegasta veginn, að dvalarhreppurinn legði fram framfærslutillagið gegn því, að fá tiltölulegan hluta þess endurborgaðan frá þeim hreppum, sem maðurinn hefði dvalið í meðan hann var á vinnandi aldri, t. d. frá 20—60 ára, þá skal eg játa það, að þetta hljómar mjög fallega, en rekistefnan við að grafast eftir öllum dvalarhreppunum, jafna tillaginu niður á þá, og svo innheimta það, mundi valda svo miklum vafningum, að það veitti ekki af að

fjölga hreppstjórunum um helming. (*Þ. J. Thoroddsen*: En sýslumennirnir?) Eg geri ekki ráð fyrir, að háttv. þm. mundi vilja fjölga þeim svo nægði, enda mundi eg varla telja það heppilegt.

Eg verð því að halda fast við 5 ára sveitfestitímann, enda var hann í gildandi lögum þangað til 1848. Eg skal leyfa mér að lesa upp kaflann úr þingtíðindunum 1847, um ástæður kansellíisins fyrir 5 ára sveitfestitímanum. Þar segir svo: »Kansellíið kvað helzt vera á móti því, að tiltekið yrði langt tímabil, að af því mundi leiða, að menn mundu langt um oftar lenda á fæðingarhrepp en þegar tímabilið er skemmra, og mundi það valda mörgum óhagnaði, bæði fyrir þá sök, að við þyrfti að hafa örðuga og langa flutninga á þurfamönnum og líka langar og efasamar rannsóknir, og eins vegna þess, að þurfamaður mundi komast af með minni hjálp í þeim hreppi, þar sem hann hefir dvalið í mörg ár, heldur en í fæðingarhreppnum, er hann máske ekki hefir komið þar í 50 ár, og á þar engan kunningja, enda væri og líklegt, að sá hreppur mundi verða ófúsari á að veita honum móttöku, heldur en hreppur sá, er hann um langan tíma hefir dvalið í, að lofa honum að vera«. Allar þessar ástæður, sem þá eru færðar fyrir 5 ára sveitfestitímanum, eru enn gildandi; en sú eina ástæða, sem færð er fyrir 10 ára tímanum 1847, að annars mundi ofþyngja á sjávarsveitunum, er nú fallin burt. Aukning á samgöngunum og breyting á atvinnuvegunum gerir það að verkum, að hún hefir ekki lengur sama gildi og 1847. Nú er ekki lengur ástæða til að óttast, að fólkið streymi að sjávarsveitunum til þess að liggja upp á þeim. Eg skal leyfa mér að benda á, að 5 ára sveitfestitíminn er samhljóða því, sem gildir um þetta mál í öllum öðrum hlutum konungsríkisins.

Það hefir stórmikla þýðingu fyrir allar landsveitir, að þessi lög verði samþykt einmitt nú á þessu þingi, því þá þurfa þær ekki að búast við, að þeir verði reknir heim aftur á sína sveit, sem nú eru búnir að vera full 5 ár, en það er mér óhætt að segja, að þó að straumurinn af hreppsómögunum væri mikill, þegar síldarveiðin fór að bregðast á Austfjörðum, þá verður hann þó tífalt meiri, þegar afturkastið af lausamenskulögunum ríður á. Eg ímynda mér, að það fái þeir að finna, sem við fátækramál eiga að fást þegar fer að líða fram á árin 1903—04, því þá kemur aftur straumurinn af fátæklingunum, sem eftir 8—9 ára dvöl við sjóinn eru orðnir útarmaðir.

Jósafat Jónatansson: Háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.) mintist eitthvað á gamla oddvita fyrir austan, sem aldrei hefðu séð út fyrir hreppatakmörk sín, og er það að vísu leiðinlegt, ef svo væri; en hálfu síður væri þó óskandi, að hér í þingdeildinni ætti sæti lögfræðingur, sem hægt væri að segja það sama um. Eg skal svo ekki svara frekara ræðu hins háttv. þingm., en það, sem eg vildi sérstaklega taka fram, var það, að mér finst það, að stytta sveitfestitímann, vera að skerða atvinnufrelsi manna. Það sem eg við 1. umr. þessa máls sérstaklega hafði í huga með þessum orðum, var það, að með þessari styttingu er sama sem lagt bann fyrir gift fólk, að flytja sig úr landsveitum til sjávarins, þar sem aftur á móti einhleypir menn og lausafólk, einmitt það fólk, sem við megum sízt missa úr sveitunum, geta streymt hópum saman til sjávarins, þótt þetta frumv. verði að lögum. Það er þetta, sem mér finst svo misráðið. Önnur ástæðan

fyrir mig til að vera á móti þessu frumvarpi er það, að þá mundu fátækari bændur verða hraktir úr einum stað í annan, því þeim yrðu þá auðvitað ekki bygðar jarðir lengur en 3, í hæsta lagi 4 ár, svo ekki væri hætt við að þeir yrðu sveitfastir í hreppnum. Það yrði með öðrum orðum til þess, að valda hrakningi á fátækari sveitabændum.

Það eru þessi þrjú atriði: skerðing á atvinnufrelsinu, bann gegn fátæku giftu fólki búlausu að flytja sig hvert sem það vill, og hrakningur á fátækum bændum úr einum stað í annan, sem eru afleiðingarnar af því, ef sveitfestitíminn yrði styttur. Eg er sjálfur landbóndi, og vil því ekki, að fólk streymi um of úr sveitunum að sjónum, en eg vil ekki taka þessi ráð til að koma í veg fyrir það; til þess má finna önnur hæfilegri ráð, sem betur ná tilganginum, því eg verð að álíta það sprottið af misskilningi, að taka það ráð, að stytta sveitfestitímann að öðru óbreyttu.

Það var þetta, sem eg vildi taka fram, til að lagfæra þann misskilning, sem mér heyrist sumir háttv. þingdm. hafa gert sig seka í.

Það hafa margir talað um þetta mál, og þar á meðal háttv. þingm. V.Sk. (G. G.), og hélt hann því fram, að það mundi verða til mikils hags fyrir landið, ef þetta frumv. yrði að lögum; en eg verð að vera á þeirri skoðun, að það sé svo langt frá því, að það væri miklu fremur til skaða.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meir að sinni. En eg vona, að þingið láti þetta mál fá þau úrslit, sem það á skilið.

Hannes Hafstein: Eg vil að eins leyfa mér að gera stutta fyrirspurn til flutningsmanna frumv. Frá hvaða ári hugsa flutningsmenn sér að byrjað verði að telja þennan 5 ára sveitfestitíma, sem frumv. ákveður? Er meiningin sú, að sá maður, sem 14. maí 1902 er búinn að vera 5 ár samfleytt í einhverjum hreppi, skuli með lögum gerður sveitlægur þar þá þegar? Eða eiga ákvæði laganna fyrst að byrja að verka eftir þann dag, er frumv. tiltekur? Sé ætlast til, að lögin nái til tíma, sem liðinn verður 1902, ætti helzt að taka það sérstaklega fram, af því að slíkt er svo óvanalegt, að lög séu gefin fyrir liðinn tíma.

Það má hugsa sér ýms undarleg tilfelli, sem spurning gæti orðið um, ef lög þessi væru látin verka aftur á bak. Maður hefir t. d. 1902 verið 9 ár í einhverjum hreppi og þegið 4 síðustu árin sveitarstyrk frá öðrum hreppi. Hvernig á þá að fara að? Á að borga styrkinn aftur, eða hvað? Eg hirði ekki að telja öll þau vafaspursmál, er fram gætu komið, en vil að eins skjóta því til háttv. flutningsmanna, hvort ekki mundi vera réttara, að setja einhverjar millibilsráðstafanir, sem gæfu reglur um, hvernig telja ætti sveitfestina, meðan fyrsta sveitfestistímabilið er að líða eftir að lögin öðlast gildi.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal játa, að eg er ekki vel inn í þessu máli en kjósendur mínir hafa á þingmálafundum ár eftir ár lagt mikla áherzlu á, að fá sveitfestitímann styttan. Sama hefir komið fram við umræðurnar hér í deildinni, og þar sem nú raddirnar hljóma þannig úr öllum áttum, virðist það benda á, að nauðsyn sé að fá breytingu í þessa átt. Það virðist og vera ljóst, að stytting sveitfestitímans yrði til talsvert mikils hagnaðar fyrir landsveitirnar. Menn leita oft úr landsveitunum til sjóarins, verða þar óreglumenn og eru svo sendir aftur á

sveit sína. Hins vegar skil eg vel minni hluta nefndarinnar, að honum þykir viðsjárvert, að taka þannig eitt atriði út úr fátækralöggjöfinni, þar sem í ráði er, að setja milliþinganefnd til að athuga hana. En bæði er það, að þessi breyting lítur út fyrir að vera bráðnauðsynleg, og hins vegar er á það að líta, að þótt sú nefnd yrði sett, þá verður hún að starfa í 1—2 ár, og gæti þó dregist mörg ár eftir þann tíma, að tillögur hennar yrðu að lögum. Allan þann tíma yrði þetta mál að bíða, og virðist það ekki heppilegt. Eg hefi alt af verið að bíða eftir því, að stjórnarfulltrúinn léti álit sitt uppi um þetta mál, og það því fremur, sem hann er æðsta úrskurðarvald í sveitfestimálum.

Landshöfðingi: Eg skal ósköp stuttlega skýra h. þm. Vestm. frá því, að það sem hér er um að ræða, að stytta sveitfestitímann, færa hann úr 10 árum niður í 5 ár, þá tel eg þá breytingu í rétta átt; en hins vegar er eg samþykkur minni hluta nefndarinuar um það, að ekki sé rétt að taka þannig eitt atriði út úr fátækralöggjöfinni og breyta því, ef von er um, að gjörð verði breyting á henni allri innan skamms.

Pétur Jónsson: Eg hefi hugsað mér, að gjöra grein fyrir afstöðu minni gagnvart þessu frv. Eg hefi heyrt á mörgum, að þeim finst frv. að eins vera kák, úr því breyta eigi fátækralöggjöfinni í heild sinni að mun. Eg er nú raunar á því, að breyta þurfi fátækralöggjöfinni í verulegum atriðum og hefi gert grein fyrir því, í hverja átt þær breytingar ættu að fara. Eg hef haldið því fram, og margir hafa mér verið sammála um, að stytta ætti sveitfestitímann, eða færa hann svo niður, að það væri eiginlega dvalarhreppurinn, sem sæi fyrir þurfalingnum. En til þess að það kæmist á, þyrfti að líkindum jafnframt að breyta löggjöfinni í öðrum efnum, t. d. viðvíkjandi atvinnumálum. Þess vegna mundi vera réttara í þetta sinn að stíga minna spor í áttina, nokkurs konar millispor. Eg hugsa mér, að þó að milliþinganefnd verði sett í fátækramálið, þá verði það alllangur tími þangað til hin stærri breyting kemst á. Á meðan er gott að prófa hinn styttri sveitfestitíma, og yrði þá fengin reynsla um það, hvernig haga þyrfti til breytingum á hinum öðrum atvinnulögum í sambandi við stærri breytingu á fátækralögunum. Þess vegna mun eg greiða atkvæði með frumv. þessu og helzt án breyt.till. nefndarinnar.

Sigurður Sigurðsson: Eg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd. Eg þakka háttv. þm. V.-Sk. fyrir svarið. Mér datt ekki í hug, að slá um mig með neinni sérstakri þekkingu á fátækramálum, og allrasízt kom mér til hugar að jafna mér við h. þm. V.-Sk., sem allir vita, hve fjölfróður er í þeim efnum, enda hefur hann viðurkent það sjálfur.

Hann hélt því fram, að ef framfæri ómaga væri lagt á dvalarhrepp, þá mundi af því leiða flakk og ýmsa óreglu. Þetta er gagnstætt því, sem tekið hefir verið fram af mótstöðumönnum dvalarhreppsins.

Þeir hafa jafnan haldið því fram, að slíkt ákvæði skapaði ófrelsi og byndi hvern þar, sem hann væri kominn. Eg lít svo á, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, sé hreppsnefndum gefið undir fótinn, og að þær leyfi sér enda að styðja að því, að gera menn að þurfalingum til þess, að losna við þá; en ef ómagaframfærsla er lögð á dvalarhrepp, mundu hrepsnefndir róa að

því, að sem fæstir yrðu þurfamenn, en sem flestir sjálfbjarga og bjargálnamenn.

Magnús Torfason: Það er reyndar búið að taka ómakið af mér. En eg skal taka það fram út af ræðu h 1. þm. G.-K., að eg var alls ekki að væna hann þess, að hann sem hreppsnefndaroddviti stuðlaði að því, að gera menn ósjálfbjarga. Hann er alt of mikill sómamaður til þess. En það er ekki rétt, að það sé að eins skoðun meirihluta nefndarinnar, að slíkt eigi sér stað; allir nefndarmenn eiga hér óskilið mál. Það er búið að taka það fram, að hér er ekki um neina þrengingu á atvinnufrelsi manna að ræða. Þm. talaði mikið um, að leggja framfærsluskylduna á dvalarhreppinn, og hótaði því, yrði það gert, aftur, að sjávarsveitianar mundu hlaða um sig kínverskan múr; en eg sé ekki betur en að slík hótun fari fyrir ofan garð og neðan, því hér er að eins að ræða um að stytta sveitfestitímann niður í 5 ár.

Mér þótti leitt, að h. 2. þm. Húnv. tók svo nærri sér það, sem eg sagði um gamla hreppsnefndaroddvita, sem ekki sæju út fyrir hreppstakmörkin. Mér datt ekki í hug að beina slíku að þm., þekki hann alt of lítið til þess að geta felt slíkan dóm. En hins vegar get eg ekki gjört að því, þótt þm. þykist þurfa að taka þetta til sín. Þar sem h. 2. þm. Ísf. spurði um, hve nær þessi lög ættu að ganga í gildi, þá vil eg benda á, að í nefndarálitinu stendur 14. maí 1902, og er þar með væntanlega slegið föstu, að þeir, sem þá hafa dvalið 5 ár samfleytt í einhverjum hreppi, eigi þar framfærslu. Að öðru leyti er hér um lögskýringarreglu að ræða; en auðvitað hef eg ekkert á móti því, að taka bendingu þm. til athugunar.

Það gleður mig, að hæstvirtur landshöfðingi er frumv. meðmæltur, því hann hefir langbezta og víðtækasta reynslu í þessu efni. Það var spurt um, hvað milliþinganefndinni liði, og hefir formaður nefndarinnar svarað því. En það svar nær auðvitað að eins til þessarar deildar, en það var Ed., sem drap þá till. á undanfarandi þingum; og auk þess mun óhætt að gera ráð fyrir, að það mál eigi langt í land. Hver höndin upp á móti annari, og einkum um það atriði, sem hér er um að ræða. Yrði því með þessu frumv. rutt úr vegi, mundi verða betra útlit fyrir að samkomulag kæmist á.

Jósafat Jónatansson: Það er búið að ræða töluvert um þetta mál hér í deildinni, og held eg það sé rétt, að eg láti skoðun mína á fátækramálinu í ljósi.

Hún er sú, að væri framfærslan miðuð við sýslufélögin, mundi frumfærsla ómaganna verða betri og jafnari; í öðru lagi mundi það fyrirkomulag draga mjög úr Ameríkuferðum, því það væri vel hægt að sýna fram á það, að Ameríkuferðir eiga rót sína í því, að framfærslan er miðuð við hreppana, og mundi margur maður, sem nú er í Ameríku, vera ófarinn þangað, ef framfærslan hefði verið miðuð við stærra svæði.

I þriðja lagi mun þetta fyrirkomulag auka atvinnufrelsi fátæklinga; í fjórða lagi mundi það koma í veg fyrir, að menn yrðu braktir af jörðum sínum; og að síðustu mundi það draga úr sundurlyndi og málaferlum innan héraða. Að öðru leyti skal eg ekki fara frekara út í málið, en vona, að milliþinganefndin, er væntanlega verður skipuð í þetta mál, taki það, sem hér er sagt, til rækilegrar íhugunar.

ATKVGR. Tillaga frá 7 nafngreindum þingmönnum um að hætta umræðum var samþykt með 17 atkv.

Því næst var brtill, á þskj 91,. samþ. m. 12:10 atkv að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	H. Þorsteinsson,
Magnús Torfason,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jósaf. Jónatansson,
Pétur Jónsson,	L. H. Bjarnason,
Sig. Sigurðsson,	St. Stefánsson, Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,
St. Stefánson, Skf.,	Þ Thoroddsen.
Valt. Guðmundsson,	
Þ. Guðmundsson.	

Breyt.till. á þskj. 91, 2. feld með 12 : 10, að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.
Guðl. Guðmundsson,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Hafstein
Hermann Jónasson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Torfason,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Pétur Jónsson,	Lárus Bjarnason,
Sigurður Sigurðsson	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánss., Skgf.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórður Guðmundss.	Tr. Gunnarsson.
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Frv.gr. því næst feld m. 11 : 11 atkv.

Fátækramál II.

TILLAGA til þingsályktunar um milli þinganefnd í fátækramálefnum (C. bls. 184); fyrri umr., 10. júlí.

Flutningsmaður (Hannes Þorsteinsson): Af því eg er 1. flutnm. tillögu þessarar, vil eg fara um hana örfáum orðum. Reyndar býst eg við, að henni verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í gær til að athuga fátækralögin. Ástæðan til, að till. þessi kemur fram, er hinar eindregnu áskoranir frá flestum þingmálafundum um að þingið taki þessi mál til meðferðar; og sé eg ekki, að annað betra ráð sé fyrir hendi en að skipa milliþinganefnd, til að íhuga sveitarstjórnar- og fátækralögin. Menn hafa séð, að það bætir lítið úr, þó tekin séu einstök atriði úr fátækralöggjöfinni og fjallað um þau út af fyrir sig; en þannig hafa flest undanfarandi þing haft einhvern þátt úr fátækralöggjöfinni til meðferðar: um þurfamannaflutning, um sveitfesti o. fl. Auðvitað er það, að milliþinganefnd mundi hafa töluverðan kostnað í för með sér; en ekki má horfa í það, ef þessum málum yrði á þennan hátt heppilega ráðið til lykta. Í sveitarstjórnarlögunum eru ýms ákvæði, sem eg er óánægður með; þannig eru hreppsnefndirnar að margra dómi óþarfar, og mætti í þeirra stað setja sveitarstjóra. Amtsráðin eru líka óþörf og afardýr í samanburði við gagnið, sem þau gjöra. (*Landshöfðingi*: Eru ekki sýslunefndir óþarfar líka?). Jú, eg get vel fallist á, að sem mest sé lagt undir vald sýslumanna, og að því er kostnaðinn við amtsráðin snertir, þá finst mér að það geti varla svarað kostnaði, að landssjóður kosti menn eins margar vikur að heiman, eins og þeir sitja margar klukkustundir á fundi, eins og menn hafa dæmin fyrir sér nú nýlega um amtsráðsfund Vesturamtsins. Auðvitað stafaði það í þetta skifti af óheppilegri fundarboðun. En svona getur oftar orðið. Í tillögunni er ekki minst á, hvaðan fé eigi að taka til að greiða kostnaðinn við þessa milliþinganefnd; en það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að það fé verði veitt í fjárlögunum, ef þingið samþ. að skipa nefndina. Svo var og gert hér á árunum, þá er skipaðar voru milliþinganefndir í skattamálum, landbúnaðarmálum,

brauðaskipunarmálinu o. fl. Tillögur þessara nefnda eða nefndarálit þeirra greiddu mjög fyrir heppilegum framgangi hinna fyrtéðu mála á þingi. Sumir hafa viljað fela stjórninni að undirbúa mál þetta, varpa því að öllu leyti á hennar herðar, en eg hefi enga trú á því, að mikið mundi verða úr þeim framkvæmdum, og hún gæti naumast skipað vissum embættismönnum (t. d. amtmönnunum), eins og sumir hafa stungið upp á, að vinna að þessu fyrir ekki neitt. Þær framkvæmdir mundu allar lenda í molum, verða kák eitt, alveg eins og þegar þingið er að taka einstök atriði úr máli þessu til meðferðar, því að þá lendir alt í stappi og rifrildi, eins og reynslan hefir sýnt.

Vér vildum ekki ákveða í tillögunni, eins og stundum hefir gert verið áður, að 4 nefndarmanna skyldu vera valdir svo, að 1 væri úr hverjum landsfjórðungi og hinn 5. úr Reykjavik; oss virtist heppilegra að fela landstjórninni að skipa þá menn, er sýnt hafa áhuga á að kippa máli þessu í æskilegra horf, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir. Og eg veit, að það er völ á einum embættismanni, hér nærlendis, sem sérstaklega hefir mikinn áhuga á því, að koma gagngerðri, víðtækri breytingu á sveitarstjórnarlöggjöfina, og tel eg mann þennan sjálfsagðan í þessa milliþinganefnd, ef hún yrði skipuð.

Þar sem hin síðari till. fer fram á, að fengnar séu skýrslur og upplýsingar hjá embættismönnum og sveitarstjórnarvöldum, þá er ætlast til, að nefndin fái með þessu móti þann grund völl, er á megi byggja, áður frumv. er lagt fyrir þingið 1903. Eins er sjálfsagt, að nefndin beri frumv. sitt undir sveitarstjórnarvöld landsins, svo að þau geti sagt álit sitt um það, áður en það kemur fyrir þingið. Slíku frumv. má ekki lauma þegjandi inn á þing, að þjóðinni fornspurðri, eins og gert er með stjórnarfrumv.

Pétur Jónsson: Ýmsar spurningar vakna, þegar minst er á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina. Eg felst á það, að þörf sé á að endurskoða rækilega sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina, safna því í eina heild, sem dreift er víða, breyta ýmsum ákvæðum, og ef til vill bæta nýjum við. En hefir þingið tíma til þess, eða ekki? Þeirri spurning er enn ósvarað; en auðvitað yrði það ódýrara, ef þingið gæti leyst þetta af hendi, en að kjósa milliþinganefnd. Í öðru lagi er spurning um það, hvort ekki væri nægilegt að kjósa 3 menn í milliþinganefnd. Og loks tel eg það heppilegt, yrði slík nefnd valin, að hún hafi í höndum álit þingsins um það, í hvaða átt breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralögunum skyldu ganga. Ætti því að liggja fyrir frá nefndinni eða deildinni sjálfri rökstutt álit um þetta mál.

Eg skal geyma rétt minn til að stinga upp á, að málinu verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í frumv. á þingskj 31; en að eins taka það fram, að það sem sú nefnd ætti að gjöra, er að leggja fyrir deildina rækilegt og rökstutt álit.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að vísu að játa það, að eg hefi ekki eins vel vit á þessu máli og margir aðrir háttv. þingdm., en skal þó segja nokkur orð til athugunar. Þegar er lít á landshagsskýrslurnar, er mér það ljóst, að fátækraútsvarið er þyngsti skatturinn á landsmönnum, og hlýtur eitthvað að vera bogið við það. Þetta sést bezt, sé Ísland borið saman við Færeyjar. Í Færeyjum þiggja um 1880 3 af 1000 af sveit, en hér á landi 53 af 1000 á sama tíma, og bendir það á, að hér sé

eitthvað í ólagi. Eg skal ekki um það segja, hvort þetta stafar af göllum á löggjöfinni, eða kemur af því, að lögunum sé ekki beitt sem skyldi. En hitt finst mér liggja í augum uppi, að vel væri verjandi nokkrum þús. króna til milliþinganefndar, fengi hún ráðið bót á þessu ólagi. Þegar eg kom til Ameríku fyrir nokkrum árum, varð mér að spyrja: »Hvað er orðið af öllum hreppsómögunum íslenzku?« Því svo sem kunnugt er, hafa ýmsir hreppar sent hreppsómaga sína hópum saman til Ameríku. En þessir sveitarómagar voru þá allir orðnir þar að sjálfbjarga mönnum, og þiggur enginn þeirra opinberan styrk. En þetta kemur ekki af því, að þessir hinir sömu menn hefðu ekki alveg eins getað unnið fyrir sér hér á landi, heldur af hinu, að ónytjungum er hér sýnt of mikil miskunnsemi; þeir mega fara ofan í vasa dugnaðarmannanna og lifa á þeim. Þetta þarf að laga. Aðalorsök þessa ólags er sú, að hér þykir engin minkun að því, að þiggja af sveit. Menn heimta af sveitinni kaffi, sykur og tóbak, auk heldur annað, og láta sér enga skömm þykja. Í öðrum löndum þykir það svo mikil minkun, að þiggja af sveit, að margur fátæklingur ræður sér bana heldur en þiggja sveitarstyrk. Víða er hér sá siður, að láta sveitarómaga halda áfram að hokra, og leggja þeim alt til, sem þeir þurfa, en þetta er mjög óhentugt, og eins hitt, að hola sveitarómögum, einkum börnunum, niður til framfærslu. Bezta ráðið mundi, að setja hér á fót vinnustofnanir fyrir þurfamenn og uppeldisstofnanir fyrir börn þeirra, í líkingu við það, sem tíðkast sumstaðar erlendis; því hér á landi er reynsla fyrir því, að börn þeirra, sem þegið hafa sveitarstyrk, verða oft þurfamenn, þegar þau fara að eiga með sig sjálf. Það er kannske hvað mest hugsunarhátturinn, sem þarf að breytast í þessu efni hjá þjóðinni, og einkum hjá hinni uppvaxandi kynslóð. Eg vildi að eins benda á þetta til athugunar fyrir nefndina.

Guðlaugur Guðmundsson: Ef það stendur til, sem eg þykist sjá fram á, að vísa þessari þingsályktunartillögu til nefndar þeirrar, sem hér var kosin í fátækramálin í gær, þá ætti ekki að gera það fyr en við 2. umr., til þess að menn hér í deildinni geti látið uppi skoðanir sínar á helztu ráðum til umbóta á þessu máli, sem yrði til þess, að álit nefndarinnar yrði ítarlegra og til meira gagns fyrir málið síðar meir.

Eg get tekið undir með háttv. þm. Vestm. (V. G.), að sveitar-útsvörin eru þyngsti skatturinn á þjóðinni; en þó ber hins líka að gæta, að á sveitarsjóðunum hvíla önnur gjöld en fátækra-útsvörin, og er oft erfitt að sjá, hvað er fátækra útsvör og hvað ekki, því reikningarnir eru sjaldan svo glögglega sundurliðaðir; en þó má all-oftast sjá, að fátækra-útsvörin eru þyngsti skatturinn.

En aftur á móti er eg ekki samdóma háttv. þm. Vestm. (V. G.) um hitt, að ólagið komi eingöngu af miskunnsemi landsmanna eða meinleysi, eða af því, að Íslendingar séu gjarnari til að liggja upp á sveitarsjóðunum en aðrar þjóðir. Eg þekki að minsta kosti alveg gagnstæðan hugsunarhátt, þar sem menn hafa beinlínis stofnað heilsu sinni í voða og lagt á sig langvarandi hungur til þess, að þurfa ekki að leita til sveitarsjóðsins. En það sem ólagi þessu veldur, er án efa fyrirkomulag sveitarstjórnanna og það, hve lítill hemill er hafður á hreppsnefndunum, sem veita utanhreppsmönnum sveitarstyrk bara til að geta losnað við þá. Það er ekki fátítt, að minsta kosti, er mér óhætt

að segja, í sjávarsveitunum, að hreppsnefndir gera menn fyrst öreiga, og svo varna þeim atvinnu til þess þeir verði að þiggja sveitarstyrk, — og senda þá svo á sína sveit

Ef til væru skjallegar tölur yfir allan þann sveitarstyrk, sem þannig er til kominn, þá mundi það sýna sig að vera afar mikið fé, allra helzt nú á síðari árum, og síðan héruðunum við Faxaflóa fór að hnigna, og aflinn að bregðast á Austfjörðum; síðan veit eg til, að komið hafa í margar sveitir fjölskyldur með 3—4 börnum á hverju ári, og dæmi veit eg til þess, að í einn litinn hrepp með tæplega 30 búendum komu á einu ári 20 þurfamenn! — Þetta, í fyrsta lagi, að samvizkusemi hreppsnefnda er svo lítil, þegar þær veita styrkinn utanhreppsmönnum, í öðru lagi, að þær hafa engan kostnað og enga ábyrgð, og í þriðja lagi tillátssemi yfirvalda, að samþykkja reikninga þeirra, — alt þetta er undirstaða ólagsins, og í gegnum þessar glompur fara peningar landsmanna.

Eg er sömuleiðis samdóma háttv. þm. Vestm. (V. G.) um það, að vinnustofur mundu gjöra nokkuð gagn. — En þar sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) taldi undirrótina liggja sumpart í því, að heilum heimilum væri haldið frá sveit með þurfamannastyrk, þá ætla eg, að svo sé ekki nærri alstaðar; að minsta kosti þekki eg heil héruð, þar sem það er föst regla, að veita aldrei slíkan styrk, heldur taka heimilin upp þegar, og setja alt niður. Sú regla er góð til að lækka sveitarstyrkinn; en það er ómögulegt að lögleiða slíkt; það er ómögulegt, að gjöra það að skyldu fyrir hreppsnefndir, að taka upp öll heimili þegar í stað, sem styrks þurfa, enda mundi það ekki einu sinni vera hentugt í öllum tilfellum.

Eg álít það mjög þýðingarmikið fyrir framtíðina, ef finnast skyldi ráð til að bæta úr þessu, og eg vil í því sambandi benda á, að ekki væri ólíklegt, að það mundi leiða til nokkurs, að taka upp það ráð, sem Danir hafa, að gefa ellihrumum fátæklingum, sem ekki hafa þegið af sveit, dálitinn ellistyrk af landssjóði, og þetta mætti setja í samband við alþýðustyrktarsjóðinn, þegar farið verður að veita af honum, þannig, að sú upphæð, sem veitt yrði úr landssjóði, yrði miðuð við þá upphæð, sem viðkomandi hreppur fengi úr alþýðustyrktarsjóði; enn fremur má benda á, að gefa mætti ungum mönnum færi á, að kaupa sér elli-ábyrgð.

Væri slík fyrirtæki studd, þá er líklegt, að þau mundu verða til þess, að létta talsvert á þeirri byrði, sem nú hvílir svo þungt á landsmönnum.

Skúli Thoroddsen: Af því eg er á þeirri skoðun, að það geti verið gott til leiðbeiningar fyrir nefndina, að sem flestir láti í ljósi skoðun sína um málefni þetta, þá skal eg með fáum orðum láta í ljósi mína skoðun á máli þessu.

Eg held það séu ekki að eins sveitfestislöggjöfin, sem á þátt í sveitarþyngslunum, heldur með fram húsmannalöggjöfin. Eg lít svo á, að eigi þetta að komast í betra horf, þá þurfum vér að umturna alveg bæði húsmannalöggjöfinni og sveitfestislöggjöfinni. — Mín skoðun er sú, að það mundi verða happasælast, að hver maður, sem hefir fjölskyldu fram að færa, hafi rétt til, að hafa ofan af fyrir sér, hvar sem hann vill. En nú vitum vér, að slíkir menn verða að ganga á eftir hreppsnefndunum með grasið í skónum, til að fá leyfi til að setjast að í hreppnum. Vér vitum, að þeim er oft neitað, og ef þeim er ekki neitað, þá eru þeir

að eins liðnir, þangað til fer að líða að þeim tíma, að hreppsnefndin fer að óttast, að þeir verði sveitfastir, og þá eru höfð samtök um það, t. a. m., að enginn láni þeim hús, svo að þeir neyðast til að biðja hreppsnefndina, að útvega þeim hús. Jú, hreppsnefndin verður fús til þess, því það er sveitarstyrkur; og svo er byrjað á rekistefnu, til að vita, hvar maðurinn er sveitfastur. Þetta kemur fjölda manna á vonarvöl. Þessi húsmannalöggjöf, sem gildir hér á landi, er gagnstæð mannfrelsi og atvinnufrelsi. En að því er snertir sveitfestisreglurnar, þá er það mín skoðun á þessu máli, að við verð um að vera fjarskalegá »radikalir«, svo »radikalir«, að hverjum manni sé liðsint þar, sem hann verður hjálparþurfi. — Í stað þess, að hreppsnefndirnar nú stuðla að því, að menn þurfi að leita til sveitarstjórnarinnar, að þá mundu hreppsbúar verða sem einn maður, að reyna að hjálpa hinum fátæka, svo hann kæmi ekki til sveitar. Þeir mundu vita það, að ef maður styrkti þennan mann og hann bjargaðist af, þá styrkti maður sjálfan sig um leið.

Eg skal svo ekki fara frekara út í þetta; en hefi að eins viljað taka þetta fram sem bending fyrir þá nefnd, sem væntanlega kemur til að fjalla um þetta mál.

Þórður Guðmundsson: Tillaga þessi, sem hér liggur fyrir, er ekki neinn nýr gestur, þar sem hún hefir verið borin upp á fjórum þingum undanfarandi, en hefir alt af átt að sæta þeim forlögum, að verða feld hér á þinginu.

Sú skoðun hefir komið fram á þingmálafundum í flestum kjördæmum landsins, að tæplega verði þessu ráðið til lykta nema með milliþinganefnd. — Enda hefi eg verið á þeirri skoðun og er enn, að þingið sé svo önnum kafið í öðrum málum, að það geti ekki ráðið þessu til lykta, og því fremur, sem sveitarstjórnarlöggjöfin þyrfti að endurskoðast öll í heild sinni.

Það hefir verið fundið að því, að setja milliþinganefnd, að kostnaðurinn yrði all-mikill. En eg álít, að við getum eytt ekki litlu fé til þess, að vera að ræða þetta mál aftur og fram hér á þinginu, og þegar það er búið að þvælast í báðum deildum, þá er það felt. — Eg held, að sá kostnaður geti orðið hátt upp í þann kostnað, sem milliþinganefndin hefði í för með sér. Það hefir líka verið talað um það, að það verði ekki heppilega ráðin bót á því nema upp á þennan máta.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) tók fram dæmi upp á það, að hér væri ekki fátækralöggjöfinni um að kenna, og dró af því þá ályktun, að hér væri alt of mikil vægð sýnd þurfamönnum; og var dæmið það, að þeir sem til Ameríku hefðu flutt bláfátækir eða jafnvel kostaðir af sveitarsjóðum þangað, kæmust af mjög sómasamlega. Þetta veit eg að er satt, að þeir komast vel af; en að taka slíkt til samanburðar, það álít eg að ekki geti átt við okkar land, því að þar er miklu fjölbreyttari atvinnuvegur, og því margfalt hægara að fá vinnu.

Að benda á það hér nú, hvernig bezt verði ráðin bót á því ólagi, sem talið er hér á fátækramálunum, er ekki hægðarleikur; en hægt er að rekja sögu fátækraskattsins, því fram að 1850 var hér sama sem enginn fátækraskattur. En eftir þann tíma fór hann stórvaxandi á skömmum tíma, og var það hér á Suðurlandi mest af völdum fjárkláðans. — Það voru til hér á Suðurlandi víða mjög álitlegir fátækrasjóðir, sem allir voru teknir til baðmeðala-kaupa. Og þegar menn fóru að rétta við aftur eftir fjárkláðann, þá er hugsunarhátt-

urinn farinn að breytast hjá fólkinu, og lífskröfurnar að aukast, og einkum þessi óróleiki, sem fór að koma þá í ljós, og hefir farið sívaxandi; menn hafa farið í aðra landsfjórðunga, að leita sér atvinnu, sem hefir ekki viljað lánast svo vel; og það álít eg eitt af því, sem mest hefir stuðlað til að eyðileggja sveitirnar, þegar menn hafa rifið sig upp með lítil efni, og flutt sig á aðra staði, og ekki náð tilgangi sínum með að verða hóti sjálfstæðari.

Eg er alveg á sama máli og háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) um húsmenskulöggjöfina seinustu, því það held eg sé hreint og beint dauður bókstafur. — Menn virðast hafa átt hægt með að komast að sjónum; virðingin á efnum þeirra hefir verið svo úr garði gjörð, að þeir hafa getað orðið svo ríkir, að eiga 400 kr., þó efnin hafi verið mjög lítil.

Eg skal svo ekki fara út í þetta mál lengra, og sérdeilis þar sem eg er við þessa nefnd riðinn. Eg vildi að eins taka fram mínar tillögur í þessu máli; en eg er líka á sama máli og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að það sé nauðsynlegt, að láta málið ganga til 2. umræðu.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Mér finst þeir menn, sem talað hafa í þessu máli, hafi málað ástandið nokkuð svart. Þar sem eg þekki til, eru þessi vandræðaútgjöld til þurfamanna ekki svo afarmikil, að það sé svo mjög ástæða til að kvarta. Það er auðvitað, að fyrir nokkrum árum, 10 til 20 árum, var ástandið alt annað; en nú hefir það batnað að miklum mun, og fer heldur batnandi, þar sem eg þekki til. — Engu að síður gæti það þó verið betra, og miklu betra. — En eg held að ástæðan til þess, að það sé ekki betra en það er, liggi hvorki í því, að fyrirkomulagið á sveitarstjórninni sé svo ilt, eða hinu, að fátækralöggjöfinni sé svo ábótavant. Eg álít, að ræturnar fyrir þessu liggi mikið dýpra og séu mikið viðtækari. Það er fyrst það, að efnahagur manna alment er undur-rýr, og það álít eg eigi rót sína að rekja til þess, að atvinnuvegirnir eru ekki stundaðir eins og skyldi; en aðal-rótin til alls þessa er það, að þjóðin er ekki nógu mentuð; það er einmitt mentunarskorturinn hjá almenningi, sem veldur því, að menn hafa ekki eins glögga tilfinningu fyrir sínu persónulega sjálfstæði, og að þeir leita ekki eins örugglega atvinnu sinnar, eins og ef þeir væru mentaðir. Þótt eg játi, að það sé gott, að ýmislegt væri fært í lag í fátækragjöfinni, þá álít eg þó, að byrja ætti á því, að menta þjóðina. Það ætti að byrja á því, að gefa út lög og reglur fyrir því, hvernig því máli yrði sem bezt fyrir komið. — Eg skal ekki fara út í nein einstök atriði í þessu máli. Eg verð þó að minnast á eina tillögu, sem hefir komið fram; það var um það, að stofna vinnustofnanir fyrir þurfamenn. Eg hefi töluvert hugsað um það mál, en hefi ekki getað sannfærst um annað en að slíkt væri takandi í mál; en eg hefi hugsað mér það nokkuð á annan veg heldur en háttv. þm. Vestm. (V. G.); eg hefi fremur hugsað það sem framfærslu-stofnun, heldur en sem vinnustofnun. — Nú er farið svo að, þegar eitthvert heimili verður þurfandi, að þá er því annaðhvort lagt heim, eða »familíunni« sundrað. Það er ekki alveg sjálfsagt, að það sé svo hægt fyrir sveitarstjórnir, að taka upp »familíur«; það er oft ómögulegt, bæði af því, að það vill enginn taka »familíu«-feðurna í vinnu; og hins vegar geta börnin verið svo mörg, að það sé ómögulegt, að útvega þeim þá staði,

sem hentugir séu; en það tel eg mikinn ábyrgðarhluta fyrir sveitarstjórnina, að sundra fjölskyldunni og setja svo börnin í mjög misjafna staði. Eg hefði þess vegna hugsað mér að það gæti verið heppilegt, að stofnuð væri í hverri sýslu framfærslustofnun, þar sem öll gamalmenni fengju samastað, sem ekki gætu lengur unnið fyrir sér, og öll munaðarlaus börn. Þar yrði svo gamalmennunum séð fyrir þeirri vinnu, sem þeim yrði hentug, og börnunum kent bæði til munns og handa. Ef svo kæmi fyrir, að einhverir vinnandi menn þyrftu á sveitarstyrk að halda, þá er sjálfsagt að láta þá á þessa stofnun líka; þeir ynnu þá kauplaust á stofnuninni. Eg fer svo ekki lengra út í þetta, en vildi að eins benda nefndinni á þessa hugmynd.

Kostnaðurinn við þetta ætti ekki að vera tilfinnanlegur, að minsta kosti ekki meiri en hann er nú. En við verðum að gæta að því, að þó kostnaðurinn yrði meiri, þá yrði líka árangurinn langtum meiri, börnin yrðu betur uppalin, og því margfalt meiri líkur til þess, að þau yrðu nýtir borgarar og örvasa gamalmennum liði betur í ellinni en nú er alment.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekara, en ímynda mér, að till. sú verði samþykt, að málinu verði vísað til nefndar.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eg þykist vita það með vissu, að mál þetta að lokum muni verða sett í nefnd; en eg vildi að eins leyfa mér að láta í ljósi þær hugmyndir, sem eg hefi gert mér um það.

Eg hefi einhvern tíma í blaðagrein einni, sem eg gjarnan skal afhenda þeirri nefnd, sem kosin verður, látið það álit mitt í ljósi, að bezta og einfaldasta meðalið til að fá verulega lagfæringu í þessu efni, væri að slá striki yfir alla fátækramála-löggjöfina. Það mundi enginn verða látinn deyja úr sulti fyrir það. Í einu orði sagt, fátækramálin ættu að vera félagsmál, og að á þann hátt yrði langtum betur ráðið fram úr þeim en með öllu þessu margbrotna ógrynni af reglum og umfangsmiklu lagabálkum.

Eg er annars mótfallinn þessari millipinganefnd; mér finst það ekki vert að vera að biðja stjórnina um að gera það, sem þingið getur gert eins vel sjálft. Það þarf ekki annað en að fela einhverjum einstökum manni á hendur að safna saman öllum gögnum og skilríkjum. Auðvitað þyrfti að veita nokkurt fé til þess; en það hefir oft verið veitt töluvert fé til starfa, sem óþarfari hafa verið. Þessi aðferð álít eg að sé líkleg til að bera góðan árangur. Undirbúningsstarfið er svo mikið, að þingið getur ómögulega bætt því við sig á hinum stutta þingtíma, ofan á öll önnur störf, sem það hefir á hendi. Það þarf að fara í gegnum alla löggjöfina frá byrjun og rannsaka hana, frá minstu fátækramála- og sveitarstjórnartilskipunum og alt til stjórnarskrárinnar, því á henni (52. og 53. gr.) byggist fátækraframfærsluskyldan. Þetta hygg eg vera nægilegt tveggja ára starf fyrir 3 samvizkusama menn, því auðvitað verða þeir að hafa þetta starf í hjáverkum; því eg býst ekki við, að launin fyrir það verði svo rífleg. -- Eg slæ þessu að eins fram, til athugunar fyrir þá nefnd, sem kosin verður, og skal, eins og eg áðan gat um, vera fús á að láta henni í té það álit mitt á fyrirkomulagi fátækramálanna, sem eg drap á að eg hefði birt opinberlega.

Flutningsmaður (*Hannes Þorsteinson*): Viðvíkjandi framfærslustofnun háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) skal eg taka það fram, að eg felli mig vel við hugmynd-

ina sjálfa. Einungis er eg hræddur um, að slík stofnun geti orðið landinu ofvaxin; eg get búist við að svo margir fari á stofnunina, að öll sýslan lendi þar á endanum. Að sveitarþyngsli fari minkandi, kann að vera rétt, að því er Norðurland snertir, um það skal eg ekki segja; en á Suðurlandi er það ekki. Þar hafa sveitarþyngsli farið mjög mikið í vöxt hin síðustu 20—30 ár, að minsta kosti í mjög mörgum hreppum. Eg þekki hreppa, þar sem útsvörin fyrir 20 árum voru mjög létt, en nú eru orðin ákaflega há. Þetta stafar af því, að fólkið hefir streymt til sjávarins, og verið svo sent aftur heim á sveit sína, þegar aflinn hefir brugðist við sjóinn, eins og raunin hefir orðið á. Það er auðvitað ekki gott að benda á neitt óbilugt ráð gegn þessu þjóðarböli, sveitarþyngslunum. Það hefir verið tilnefndur ellistyrkur í sambandi við alþýðustyrktarsjóðinn, en eg held að sá styrkur væri ekki heppilegur. — Betur lýst mér á elliábyrgð, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) drap lauslega á. Ábyrgð þessi ætti að vera keypt þá er maðurinn er um tvítugt eða yngri og henni haldið við árlega, unz hún yrði útborguð ábyrgðartakanda við 60 70 ára aldur; en næði ekki hlutaðeigandi þeirri aldurshæð, yrði ábyrgðargjaldið greitt erfingjum hans að minsta kosti að hálfu leyti. Þetta yrði þá jafnframt eins konar lífsábyrgð. Það hefir komið til orða, að hér þyrfti að stofna innlent lífsábyrgðarfélag, og það er full nauðsyn á því. Væri þá rétt að athuga, hvort ekki væri tiltækilegt að gera öllum að skyldu að kaupa sér lífsábyrgð. Þetta er að eins bending til þeirrar nefndar, er fá mun mál þetta til athugunar.

Ekki get eg felt mig við það fyrirkomulag, sem háttv. þm. Borgf. (B. B.) vildi hafa á fátækramálum vorum. Eg er hálfhræddur um, að ef hún kæmist á — þessi sjálfráða líknarstarfsemi —, þá mundi einhver öreiginn fá að velta út af úr snlti.

Lárus H. Bjarnason: Það er að eins ein athugasemd við kritik háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) á tillögum þm. Borf. (B. B.), sem eg vildi bæta við, og hún er sú, að það er ekki auðið að koma þeirri tilhögun á, nema með stjórnarskrárbreyt. I 52. gr. stjórnarskrárinnar er nefnil. skýrt tekið fram, að sá, sem ekki getur séð fyrir sér og sínum og ekki sé skylduómagi annars manns, skuli eiga rétt á að fá styrk úr almennum sjóði.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Því miður hefi eg landshagsskýrslurnar ekki fyrir mér, svo eg get ekki séð, hvort það er rétt hjá háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), að sveitarþyngslin hafi vaxið hér á Suðurlandi, en eg skal taka það fram, að eg miðaði eingöngu við þar, sem eg þekti til. Eg stóð annars upp til þess að mæla á móti till. háttv. þm. Borgf. (B. B.). Ekki af því, að eg væri svo mjög hræddur um margir mundu deyja úr hungri; nei, það er alt annað, sem eg óttast. Eg skil ekki, hvernig nokkurum geti komið til hugar að afnema alla fátækra framfærslu. Eg sé í huga mér, hvernig ástandið mundi þá verða. Framfærsla þurfamanna mundi að mestu leyti hvíla á herðum örlátra og brjóstgóðra efnamanna, en hinir, sem naumari væru, mundu hliðra sér hjá að láta mikið af mörkum. Hins vegar get eg verið á sama máli og þingmaðurinn um það, að ekki sé rétt af þinginu að vera að skora á stjórnina að setja milliþinganefnd í málið, heldur eigi þingið að velja einhvern hæfan mann til þess að afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga um málið og koma fram með ákveðnar tillögur fyrir næsta þing.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.) sagði um framfærslustofn-

unina, að hún mundi verða ofvaxin sýslunum, þá skal eg geta þess, að eg treysti mér vel til að koma fram með áætlun um, hvað mikið slík stofnun mundi kosta, og eg sé ekki, að það gæti verið dýrara fyrir sýsluna, að hafa eina slíka stofnun og leggja til hennar, heldur en það fyrirkomulag, sem nú er. Svo álít eg það einnig margfalt heppilegra fyrir landið, að hafa slíka stofnun eða stofnanir, þar sem börnin gætu fengið almennilegt uppeldi, betra en ella, svo jafnvel þótt það væri dýrara, þá mundi það margfaldlega borga sig.

ATKVGR.: 1. liður samþ. með 14 : 1

2. liður samþ. með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til síðari umr. í einu hljóði.

Síðari umr., 12. júlí (C bls. 184, brtt. 232).

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eins og háttv. þm. sjá, er kominn fram brtill., sem fer í sömu átt og tekið var fram í umræðunum við fyrri umræðu málsins. Mismunurinn á breyttill. og aðaltill. er sá, að samkvæmt brtt. er það meiningin, að þingið velji sjálft mann til að undirbúa málið, en feli ekki stjórninni það. Af því eg hefi talað nokkuð um þetta atriði við fyrri umr., álít eg ekki þörf á að fara frekara út í það nú. — Eg ímynda mér, að bæði eg og aðrir geti bent á einn, tvo eða fleiri menn, sem væru færir um að taka þetta að sér, bæði samvizkusama, áhugamikla og kunnuga málinu. En nú skal eg ekki fara frekara út í það.

Pétur Jónsson: Eg geri ráð fyrir, að áður en lýkur muni tillögu þessari verða vísað til nefndar þeirrar, sem þegar hefir verið skipuð í fátækramálinu. En áður vil eg eins og fleiri aðrir háttv. þm. fara nokkurum orðum um málið og láta í ljósi skoðun mína á því, nefndinni til íhugunar. Mér virtist svo við fyrri umræðu tillögu þessarar að þeir væru sumir, sem álitu, að sveitarstjórnarlöggjöfin ætti mikinn þátt í því, hve sveitarþyngsli hér á landi væru mikil. Eg játa það að vísu, að hún muni þurfa umbóta við, en þó hygg eg, að hún þrátt fyrir alt og alt hafi verið til töluverðra bóta frá því, sem áður var; að minsta kosti hafa sveitarþyngsli minkað síðan hún kom í gildi. Fátækraskatturinn er mun minni nú en hann var 1880. Þess verður vel að gæta, að þegar um sveitarþyngsli er að ræða, þá er nú varið minna af fé því, sem goldið er í sveitarsjóð, til fátækraframfærslu en áður var. Það hafa á síðari árum lagst ýms gjöld á sveitarsjóðina, sem ekkert eiga skylt við fátækraframfæri, og í sumum hreppum mun svo komið, að jafnvel minni hluti sveitarútsvaranna gangi til framfæris fátæklinga. Eg hefi gert þessar athugasemdir til að benda á, að eigi er rétt, að kenna fátækralöggjöfinni og sveitarstjórnarlöggjöfinni að öllu leyti um sveitarþyngslin.

Eins og kunnugt er, þá er framfærsluskyldan almenn þegnskylda hér á landi, og því ætti það að vera sprottið af skyldurækt hjá hverjum einstaklingi þjóðfélagsins, að sjá þeim borgið, sem eigi eru sjálfbjarga. Af þessum rótum ætti hjálpsemin að vera runnin; en hitt er algengast, að fátækraframfærið er skoðað eins og ill nauðsyn eða plága; við það verður fátækraskatturinn svo tilfinnanlegur. Löggjöfin hefir og, að því er mér virðist, í ýmsu miðað að því, að gera framfærsluskylduna að plágu, í stað þess, að gera hana að skyldurækt. Orsökin til þessa er að minni hyggju fólgin í sveitfestisákvæðunum; þau fæða af sér hreppapólitík,

og verða valdandi margs konar hnotabits. Eg skal að eins minna á kerlinguna í »Pilti og stúlku«, sem hreppstjórarnir voru að hrekja milli sín, en loks dó á hrakningi á hreppatakmörkunum. Þar sjáum vér dregna skýra mynd af hreppapólitík vorri.

Það sýnist svo, sem löggjöfin hafi stefnt í þá áttina, að ala á hrepparígnum, í stað þess, sem hún ætti að miða að hinu gagnstæða: að því að koma þeim hugsunarhætti inn hjá börnum þjóðarinnar, að hér sè um þjóðfélagsskyldu að ræða gagnvart þurfalingunum og þegnskyldu gagnvart félagsheildinni. Hugsjónin er því sú, að landið alt, en ekki einstakir hreppar eigi að annast þá, sem skortir óhjákvæmilegt framfæri handa sér og sifjaliði sínu, og eigi geta aflað sér þess af sjálfsdáðum. Eg þarf varla að slá þann varnagla, að þetta nær þó ekki til þeirra, sem brotið hafa þennan rétt af sér með leti, ómensku, óráðsemi eða öðru verra. Þetta er í stuttu máli hugsjón mín, og vil eg, svo fjarlæg sem hún mun vera því, að koma í framkvæmd, að hún sé höfð fyrir augum við breytingar á fátækralöggjöfinni og sveitarstjórnarlögunum. Það er alls eigi svo, að eg geri ráð fyrir, að landið alt sé þegar í stað gert að einum hreppi, og einn hreppstjóri eða ein hreppsnefnd sett yfir. Það eru margir millivegir milli slíks og þess, sem nú er. Það má byrja á að stækka fátækraumdæmin; láta eigi hvern hrepp út af fyrir sig vera einan um, að sjá fyrir þeim, sem fyrir einhverra hluta sakir ber þar ósjálfbjarga að landi. Það má t. d. hugsa sér, að hver sýsla eða landsfjórðungur væri gerður að fátækraumdæmi fyrir sig.

Þegar nú litið er á, hvers konar menn það eru, sem fátækrastyrkinn þurfa, þá vil eg skifta þeim í tvo flokka.

Í fyrra flokkinn set eg atvinnurekandi menn, sem fyrir einhver óhöpp, heilsubrest o. s. frv., þurfa liðsinnis við; en í hinn flokkinn munaðarlaus börn, heilsuleysingja og gamalmenni; og álít eg réttast að hin árlegi dvalarhreppur annist fyrra flokksmennina; en að hinn flokkurinn njóti sameiginlegs styrks stærri líknarstofnanna, svo sem sýslna, lansdfjórðunga eða alls landsins.

Þetta er breinagrind þess fyrirkomulags, sem eg hef hugsað mér, að á ætti að komast í framtíð.

Jósafat Jónatansson: Eg vildi að eins með fáum orðum láta í ljósi þakklæti til h. þm. S.-Þing (P. J.) fyrir hina góðu bendingu, er hann hefir gefið við þessa umr. En það sem eg í dag ætlaði eiginlega að víkja orðum mínum að, er það, að af því að eg er í nefndinni um fátækramálefnin, þá vildi eg óska, að h. þm. vildu ræða málið frá sem flestum hliðum; það gæti væntanlega orðið styrkur fyrir nefndina, og við 1. umr. voru ýmsir deildarmenn, sem tóku fram ýmisleg atriði viðvíkjandi þessu máli. Sérstaklega væri gott að heyra álit h. þm. um lengd sveitfestitímans og um stærð héraða, sem sveitfesti skal miða við. Mér finst, að vér nefndarmenn höfum ekki ástæðu til að útlista skoðanir vorar á málinu við þessa umr. þess, því oss mun gefast kostur á því í nefndinni og síðar meir á þingfundum, og því vil eg ekki nú láta uppi skoðun mína á þessu stigi málsins.

Magnús Torfason: Það er komin hér fram breyt.till. við þá tillögu, sem hér liggur fyrir til umr. Eg fyrir mitt leyti get ekki vel fallist á þá breyt.till., og vil eg fara þar um nokkrum orðum til skýringar, þar sem eg býst við, að þessu máli verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í frv. til l. um breyting á tilskipun 6. apríl 1848.

Mér finst það alls ekki heppilegt, að fela einum manni endurskoðun fá-

tækralöggjafarinnar, eins og breyt.till gerir ráð fyrir. Það er ómögulegt annað en að það verði einhliða, það álit, sem einn maður gefur; en eins og menn vita, hagar ýmislega til hér á landi í þeim efnum, sem fátækralögin taka yfir, og þess vegna æskilegt, að það verði skoðað frá sem flestum hliðum.

Það er líka annað atriði, sem athugavert er, og það er, að þegar endurskoðunin er falin einum manni, þá er sjálfsagt að hann verður fyrst og fremst að vera lögfróður; en þó maður sé lögfróður, þá þarf hann ekki að vera reyndur í stjórn fátækramála; því reynsla í þeim málum þarf ekki að vera samfara lagaviti; þess er heldur ekki getið í brtill., hvort fela skal landsstjórninni, að kjósa þennan eina mann, eða hvort þingið á að gera það. Eg álít mikið undir því komið.

Loks skal eg hreinskilnislega lýsa því yfir, að eg þekki engan mann hér á landi, sem væri því vaxinn, að endurskoða fátækralöggjöf vora einsamall, og eg vildi óska, að þeir, sem stungið hafa upp á þessu, vildu tilgreina þann mann, svo að við hinir væðum ekki í villu og svíma.

Mér varð, satt að segja, ekki vel við, þegar þessi brtill. kom fram; því að tillagan um milliþinganefndina hefir átt erfitt uppdráttar hingaðtil; tillagan hefir verið borin upp þing eftir þing, en alt af verið kveðin niður. Og mér finst, að þessi hreyt.till., eins og hún liggur nú fyrir, miði í þá átt, að koma málinu fyrir kattarnef; eg ímynda mér þó, að aðalflutningsmaður brtill. hafi ekki þann tilgang; en eg sé hér ýms nöfn með honum, sem eg býst við, að vildu gera alt, sem þeir gætu, til þess að tillagan komist ekki fram.

Eg vil að lokum geta þess, að mér þætti æskilegt, og vil eg geyma mér rétt til að stinga upp á því, að 3 menn verði kosnir í nefndina, í stað 5, með sérstöku tilliti til, að ýmsar raddir hafa heyrst um það, að þessi milliþinganefnd mundi verða ærið kostnaðarsöm fyrir landið.

Forseti: Eg vil út af orðum háttv. 2. þingm. Rangv. (**M. T.**) geta þess, að þetta er síðari umræða málsins, og br.till. komast því ekki að úr þessu, nema málið sé tekið út af dagskrá og umræðunni frestað.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Eg vil leyfa mér að beiðast upplýsinga hjá hinum hæstv. forseta, hvort þörf sé á að bera br.till. undir atkv. nú, eða hvort ekki megi vísa málinu í heild sinni til nefndar.

Forseti: Það leiðir af sjálfu sér, að ef nefnd verður kosin í málið, þá verður umræðunni frestað.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Þá þarf alls ekki að vera að meta tillögurnar eða vigta þær hvora á móti annari nú; það getur væntanleg nefnd gert. En eg vil geta þess, út af því sem fram hefir komið í ræðu hér í dag, að það er ekki meiningin, að sá maður, sem endurskoðun fátækralöggjafarinnar verður falin, eigi að gera það verk aleinn. Það getur heldur alls ekki verið ætlað neinum einstökum manni; og eg get varla trúað því, að nokkur geti talið það ofverk þingsins, fremur en stjórnarinnar, að finna mann, sem verkinu sé vaxinn og kann að velja sér hæfa meðstarfsmenn. Svo mikið vantraust sýnist mér enginn ætti að hafa á þinginu, að ætla því, að það geti ekki valið slíkan mann, eins og t. endurskoðanda landsreikninganna eða slíka starfsmenn, er það velur. Frekari athugasemdir ætla eg að geyma mér, þar til málið kemur aftur frá nefndinni.

Forseti: Það hefir engin uppástunga komið fram um það, að kjósa nefnd í málið, né heldur um, að vísa því til

nefndar þeirrar, er kosin var í frumv. til laga um breyting á tilskipun 6. apríl 1848.

Björn Bjarnarson, þingm. Borgf: Eg vil þá leyfa mér að leggja það til, að málinu verði vísað til þessarar nefndar.

ATKVGR.: Samþ. með 16 atkv. að vísa tillögunni til nefndarinnar.

Síðari umræðu frestað.

Framh. síðari umr., 27. júlí (C bls. 184, brt. 252, nefndarálit 362)

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Menn munu sjá á skjölum þeim, sem fyrir liggja, að nefndin hefir hallast að því, að fela landsstjórninni að skipa menn í hina fyrirhuguðu milliþinganefnd, en síður álitið heppilegt, að þingið kysi þá. Í annan stað hefir hún lagt það til, að kosnir verði að eins 3, í stað 5. Álítur nefndin, að 3 menn muni nægja, og að ekki séu líkur til að verkið yrði betur af hendi leyst, þó fleiri væru, þar sem gert er ráð fyrir, að milliþinganefndin leiti sér upplýsinga hjá þeim utannefndarmönnum, er bezt kunna skyn á þessu máli, og ættu 3 menn að geta það eins vel og fleiri. Aftur virðist nefndinni ráðlegra að skipa 3 menn en einn, því þá verður síður hætt við því, að tillögur um málið yrði einhliða og meiri líkur fyrir góðar undirtektir frá þingsins háifu.

Nefndin hefir enn fremur fundið ástæðu til að gera tillögu um hlutverk það, er milliþinganefndinni er ætlað að inna af hendi, og er þá í fyrsta lagi farið fram á, að nefndin safni saman í eina heild fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins og endursemji hana með þeim breytingum, er þurfa þykir; því bæði er það, að mörg ákvæði í löggjöf þessari eru óhentug, og hins vegar eru þau svo á víð og dreif, að alþýðumenn, sem mest þurfa á þeim að halda, geta ekki fundið þau ákvæði, sem eiga við í það og það skiftið. Löggjöfin er svo í brotum og molum, að jafnvel lögfræðingar eiga fullerfitt með að finna samhengið. Þetta er ákaflega mikill galli, og þess vegna er ætlast til, að milliþinganefndin geri sitt til að bæta úr honum. Nefndin hefir bent á ýms atriði, er æskilegt væri að milliþinganefndin tæki til íhugunar, svo sem það, hve langan dvalartíma þarf til að vinna sér sveit, hve stór framfærsluumdæmin skuli vera, hvort heppilegt muni vera, að skifta framfærinu milli dvalar- og framfærsluhreppsins, hvort ástæða sé til að koma upp fátækrahælum, og hvort það skuli vera vinnustofnanir, eða uppeldishús fyrir börn, eða framfærslustofnanir fyrir uppgefin gamalmenni. Einhverju af þessu ætti að mega koma upp hér án tilfinnanlegs kostnaðar. Sérstaklega væru uppeldishús fyrir sveitarbörn æríð þýðingarmikið spor í fátækralöggjöfinni. En nefndin hefir farið lengra, og vill hún að séu íhuguð ráð til að létta af fátækrabyrðinni, og hefir nefndinni hugkvæmst tvö ráð til þess: 1) að landssjóður legði ellihrumu alþýðufólki, sem eigi hefir þegið af sveit, ellistyrk til móts við og í sambandi við styrktarsjóði handa alþýðufólki. Þessi aðferð mun vera nokkuð almenn í nágrannalöndunum, og í Danmörku eru lagðar nokkurar miljónir til að styrkja örvasa gamalmenni, sem náð hafa vissum aldri án þess að þiggja af sveit. 2) hefir nefndinni hugkvæmst, hvort eigi muni ráðlegt, að landssjóður styðji að stofnun ábyrgðarsjóðs, er veitir alþýðumönnum tækifæri til að tryggja sér ellistyrk, er þeir fengju, t. d. eftir að þeir eru orðnir 60 ára. Nefndin sér, að þetta mundi valda nokkurum útgjöldum fyrir landssjóð, og að árangurinn mundi ekki sjást undir eins, en hún vonar,

að það yrði gagnlegt til að létta fátækrabyrðinni, og að sérstaklega mundu margir mikið til vinna að halda sér frá sveit, ef þeir ættu víst, þegar þeir hefðu náð vissum aldri, að verða aðnjótandi þessa styrks, sem ekki er neinn sveitarstyrkur og hefir ekki missi borgaralegra réttinda í för með sér.

Í þessa stefnu höfum við viljað gefa milliþinganefndinni bendingu. Þetta mál er eitt af mestu áhugamálum manna, og tel eg sjálfsagt, að þingið eigi að gjöra sitt til, að milliþinganefndin verði skipuð, í von um góðan árangur. Eg gjöri ráð fyrir, að landsstjórnin hafi ekkert á móti því, að skipa nefndina, svo framarlega sem þingið vill leggja fram fé til að kosta hana Verði samþykt, að skipa milliþinganefnd, gjörir nefndin ráð fyrir, að koma fram með viðaukatillögu við fjárlögin um að veita þá fjárupphæð, sem þarf.

Eg skal geta þess, að á þingskj. 61 hefir komið fram breyt.till. við 1. lið á þgskj. 33, en ætlast til, að síðari liður haldist óbreyttur. Eg verð að mæla móti breyt.till. á þgskj. 61, og vildi eg helzt, að flutnm. tækju till. aftur, og ræð eg til að í staðinn komi tillögur nefndarinnar á þgskj. 186.

Hannes Þorsteinsson: Að því er snertir till. á þgskj. 33, sem eg ásamt 2 h. þingdm. flutti, þá get eg verið nefndinni þakklátur, að hún hefir tekið 2. lið alveg óbreyttan, og 1. lið í aðalatriðinu, þó hún hafi farið fram á, að skipa 3 menn í stað 5; því á það legg eg enga áherzlu, og álít það jafnvel heppilegra að ýmsu leyti, auk þess sem sparnaður er að því. Eg skal ekki fara út í breyt.till. á þgskj. 61, af því hún kemur ekki til greina; en eg áleit hana þegar í upphafi óheppilega, þar sem hún ræður til að fela einum manni þetta starf á hendur, og að því er snertir það atriði, að þingið skipi mann til þessa, þá vita menn, hvernig kosningar þingsins oft ganga. Að því er snertir tillögurnar á þgskj. 186, þá lízt mér yfir höfuð vel á þær, og ekki sízt það atriði, að sveitarstjórnarlöggjöfin sé tekin fyrir um leið og fátækralöggjöfin. Hvað viðvíkur því, að landssjóður leggi ellihrumu alþýðufólki ellistyrk til móts við alþýðustyrktarsjóðina, þá býst eg við, að landssjóður hafi svo mörgum kröfum að gegna, að hann geti ekki að sinni veitt slíkan styrk til muna. Hins vegar lízt mér vel á, að landssjóður styðji að stofnun ábyrgðarsjóðs, og ættu þá allir, er hefðu trygt sér ellistyrk, að fá hann útborgaðan árlega, er þeir hefðu náð vissum aldri, væru t. d. 70 ára, hvort sem þeir væru þurfandi eða ekki; en næðu þeir ekki þeirri aldurshæð, þá ætti ellistyrkurinn að falla til erfingjanna eða til varasjóðs ábyrgðarsjóðsins. Þetta þyrfti ekki að baka landssjóði mikinn kostnað, nema að því leyti, sem hann veitti í upphafi einhverja verulega upphæð til sjóðsstofnunarinnar. Það sem hann veitti stofuninni til láns, meðan hún væri að komast á laggirnar, ætti að endurborgast aftur smátt og smátt. Annars álít eg, að afskifti landssjóðs af þessu fyrirtæki þyrftu ekki að vera önnur en þau, að hann styddi þennan ábyrgðarsjóð með því, að ganga í ábyrgð fyrstu 20 árin, svo að hann gæti staðið í skilum. Eg held það sé fylsta ástæða til, að milliþinganefndin tæki þetta atriði til íhugunar. Aftur á móti get eg síður verið með því, að landssjóður sjálfur leggi beinlínis fram fé til ellistyrks, vegna þess, að það mundi verða svo afarkostnaðarsamt. Landssjóður mundi ekki geta risið undir því. En auðvitað væri gott, að þetta hvorttveggja gæti komist á, ef unt væri.

Framsögumaður (Guðlaugur Guð-

mundsson): Eg hefi lítið að segja út af ræðu háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.). Að eins skal eg taka það fram, að í þeim löndum, þar sem veittur hefir verið ellistyrkur úr sjóðum ríkjanna, eins og t. d. á sér stað í Danmörku, hefir reyndin orðið sú, að fátækrabyrðin hefir minkað. En í þessu efni stöndum við betur að vígi en hinir, af því við höfum alþýðustyrktarsjóði fyrir, sem einmitt byrja nú í ár. Þess vegna þyrfti landssjóður að leggja tiltölulega minna fram hér en menn þurfa erlendis, til að ná sama takmarki. Og eg verð að leggja áherzlu á, að þetta yrði ekki í raun og veru útgjöld fyrir landssjóð, af því það mundi létta af þyngri byrði á öðrum stað. Hvað viðvíkur 3. lið nefndarálitsins, þá ber hann það með sér, að þessi ellistyrkur, er ætlast er til að menn geti trygt sér, á ekki að vera bundinn við efnaástæður hlutaðeiganda; og þar sem ætlast er til, að landssjóður styddi að stofnun ábyrgðarsjóðsins, þá var tilgangur nefndarinnar sá, að landssjóður annaðhvort legði til í upphafi einhverja upphæð, eða gengi í ábyrgð fyrir sjóðinn í 10—20 ár. Og slíkt mundi létta mjög fátækrabyrðinni í landinu.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Af því að eg ásamt fleirum stend á breyt.till. á þgskj. 61, skal eg taka fram, að eg gjöri það ekki að neinum ágreiningi, hvort skipaðir verða 3 menn eða 1, til þess að athuga og koma fram með á kveðnar tillögur í fátækramálinu fyrir næsta alþingi, jafnvel þótt eg að hinu leytinu álíti, að einn maður heppilega valinn gæti unnið þessu máli eins mikið gagn og þó fleiri væru. Umr. þær, sem orðið hafa um fátækramálin, hafa að mestu leyti snúist um sveitfestitímann. Auðvitað verður að leggja nokkra áherzlu á þetta atriði; en eg verð að leggja meiri áherzlu á hitt, að fátækrahéruðin yrðu stækkuð. Með því móti, að fátækrahéraðið næði yfir alla sýsluna, væri mjög mikið unnið. Hefi eg hugsað mér að því mætti haga þannig, að hver einstakur hreppur hefði alla umsjá sinna þurfamanna, og færði þar af leiðandi gjöld í sveitarsjóðsreikninginn, og til tekna það, sem fengist upp í sveitarskuldir, ásamt hinum öðrum tekjum. Þegar svo sýslunefndin endurskoðaði alla viðkomandi hreppareikninga, þá deildi hún þurfamannakostnaðinum niður á hreppana eftir lausafé, fasteignum og atvinnu manna; þeir hreppar, er lagt hefðu meira en þeim bar til fátækraframfærslu, samkvæmt þessum mælikvarða, fengju mismuninn greiddan úr fátækrasjóði sýslunnar, er myndaðist af tillögum hinna hreppanna. Með þessu móti yrði ekki spurning um það, hvar sá og sá þurfalingur ætti sveit innan sýslunnar, heldur yrði honum komið þar fyrir, sem minst meðlag þyrfti að greiða með honum, en það yrði aftur þar, sem hann hefði bezta atvinnu. Væri þessu hagað þannig, mundi hver hreppur kynna sér, fyrir hve lítið hægt væri að koma þurfalingnum fyrir í öðrum hreppum sýslunnar. Ef menn kynnu að óttast, að eftirlitið með hag þurfalinga og ársmeðgjöf yrði minna með þessu móti, þá hygg eg, að sú yrði ekki raunin á, því að á þennan hátt mundi félags- og bróðurandi hinna einstöku hreppa innan sýslunnar þróast, en hreppsnefndirnar síður vinna hver annari og einstökum þurfamönnum fjárhagslegan stórskaða, eins og þeim undir núverandi fátækralöggjöf alloft virðist að þær næstum vera neyddar til.

Forseti: Má eg skoða svo, að breyt.-till. á þgskj. 61 sé tekin aftur?

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Já.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Ekki frá minni hálfu.

Forseti: Þá liggur breyt.till. enn fyrir til umræðu og atkv gr.

Jóhannes Jóhannesson: Eg skal geta þess, að eg setti nafn mitt á breyt.-till. á þgskj. 61 að eins til þess að hún gæti komist að, en ekki af því, að eg ætlaði eða ætli að greiða atkv. með henni.

Björn Bjarnarson (þm. Borgf.): Eg sé að h. nefnd hefir ekki getað fallist á breyt.till. á þgskj. 61, og þykir mér það leitt, ekki vegna þess, að eg vantreysti landsstjórninni til að skipa hæfa menn í nefndina, heldur af því að eg vildi að sú venja væri innleidd, að þingið skipaði sjálft nefndir þær, sem það vill láta starfa að einhverjum málum milli þinga. Eg vil að það geri sjálft það sem það getur gjört jafnhæglega og þetta, og sé ekki að fela stjórninni fleiri störf á hendur en nauðsyn krefur. Eg sé ekki, að tryggingin geti í nokkru orðið betri, þótt landstjórnin skipi nefndina, en þótt þingið gjöri það. Það er mjög sennilegt, að stjórnin snúi sér fyrst til einhvers eins manns, og að hann svo bendi henni á, hverja hún skuli skipa í nefndina með honum. Hvernig sem á er litið, þá getur nefndin orðið alveg eins einhliða, þótt stjórnin velji hana, eins og þótt þingið útnefni einn mann til starfsins, er svo leiti aðstoðar hjá öðrum, sem hann áliti færasta til þess. Fyrir mér vakti það eitt, að þingið ætti sjálft að gera þetta, sem það hlýtur að hafa heimild og kraft til að gera. Manninn mætti velja á utanþings-fundi, gjöra samning við hann, og veita svo fé í fjárlögunum til starfsins, ekki síður en til ýmsra annara starfa. Eg vildi nú gefa þinginu kost á að skera úr því með atkv. sínu, hvort það vildi aðhyllast þessa meginreglu (princip) eða ekki.

Alþ.tíð B. 1901.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg skal taka það fram, að það sem nefndin hafði á móti því, að einum manni væri fengið starfið í hendur, hvort sem hann nú væri útnefndur af stjórninni eða þinginu, var það, að meiri hætta væri á því, að litið yrði einhliða á málið en ef fleiri fjölluðu um það, og að tillögur þessa eina manns mundu því fá verri byr.

Þetta er sú ástæða, sem nefndin hefir komið fram með; en fyrir henni vakti og önnur ástæða, sem hún hefir ekkert hreyft við í áliti sínu. Það er sú spurning: Hefir þingið vald til að skipa stjórninni, að heimta af embættismönnum sínum skýrslur og aðrar upplýsingar handa svona lagaðri milliþinganefnd? Eg veit ekki betur en að þessi spurning hafi einmitt vaknað hjá nágrannaþjóð vorri, og að stjórnin hafi þar neitað milliþinganefnd, skipaðri af þingi, að láta henni umbeðnar skýrslur í té, — eg á við millaþinganefndina í skattamáli Dana. Að vísu lét stjórnin þar undan; en þess er að gæta, að þingið í Danmörku hefir betri tök á sinni stjórn en vér á vorri. Eg hygg að það sé langt frá, að nú sé heppilegur tími til að vekja deilu við landsstjórnina út af þessu. Eg er eins og háttv. þm. Borgf. (B. B.) á því, að eg treysti landsstjórninni vel til að velja menn í nefndina, og því fremur tel eg óheppilegt og ástæðulaust, að fara að vekja þetta pólitiska spursmál nú. H. þm. Borgf. (B. B.) sér vonandi af þessu, að það er ekki einungis ótti nefndarinnar fyrir því, að álit eins manns mundi verða einhliða, sem réð því, að hún gat ekki aðhylst breyt.till., því að vitaskuld gat þingið eins vel valið þrjá menn í nefndina eins og einn, ef það hefði þótt ráðlegra. En þá var eftir spursmálið um það, hvort landsstjórnin

mundi vilja beita embættismönnum sínum í þjónustu nefndarinnar, og þá spurningu tel eg réttara að vekja ekki nú.

ATKV.GR.: Breyt.till. 61, 1 feld með 16 : 3 atkv.

Breyt.till. 61, 2 þar með fallin.

Breyt.till. 186 samþ. með 17 : 1 atkv.

Tillagan í heild sinni með áorðinni breyt. samþ. með 18 atkv. og send Ed.

Fátækramál III.

FRUMVARP til laga um niðurfærslu á gjaldi til fátækra af fiskiafla á helgum dögum (C bls. 278); 1. umr., 19. júlí.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Frumv. þetta höfum við leyft okkur að koma fram með, eg og 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Það er oft ágreiningur út úr þessu gjaldi, og mönnum þykir óeðlilegt að hafa önnur ákvæði gildandi í sumum héruðum landsins heldur en í öðrum. Þar sem frumv. fer fram á, að setja nýtt ákvæði um, að skipstjórar skuli gefa til kynna, eigi að eins upphæð, heldur líka verðmæti aflans, mætti vera ástæða til að athuga þetta mál í nefnd, og þess vegna vil eg stinga upp á, að því verði vísað til helgidaganefndarinnar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til nefndarinnar í málinu um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar með 18 atkv.

Framh. 1. umr., 12. ágúst (C bls. 278, nefndarál. bls. 362).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Nefndin, sem hefir haft þetta frumv. til athugunar, komst að þeirri niðurstöðu, að í raun og veru væri eðlilegast, að nema þetta gjald alveg burtu, bæði vegna þess, að það væri óeðlilegt í sjálfu sér, og eins vegna þess, að gjaldið er að eins lagt á opna báta, en ekki á þilskip, þótt þau fiski á helgum dögum. Eins getur það komið fyrir, að ekki sé hægt að ná lóðum, netum og öðrum veiðarfærum úr sjó fyr en á helgum, þótt þau hafi verið lögð á rúmhelgum degi, og verður þá að gjalda fátækragjaldið af aflanum, ef hann að eins er sóttur á helgidegi, þótt ef til vill ekki í rauninni hafi verið meiningin að hafa helgidagaveiði um hönd. — Engu að síður vill þó nefndin ekki ráða til, að nema gjaldið alveg burtu, vegna þess, að það yrðu svo snögg umskifti, og mundi höggva talsvert skarð í tekjur ýmsra sveitarsjóða, sem þetta gjald er töluverður tekju-auki fyrir, einkum þar sem síldar- og ufsaveiði er stunduð, en um það er síld eða ufsi er lokuð inni í nót á helgum degi eru sérstök gjald-ákvæði í lögunum frá 12. febr. 1872, er einnig þyrfti að nema úr gildi, ef ákvæðin um fátækrahluti yrðu burtu feld.

Nefndin ræður því h. háttv. deild til að samþykkja frumv. með þeim breytingum, sem hún leggur til, að gjörðar verði á því. — Af því að málið er til 1. umræðu nú, þá skal eg ekki fara út í þessar einstöku breytingar, en láta mér nægja, að skírskota til nefndarálitsins á þingskjali 187, og að öðru leyti leyfa mér að óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Önnur umr., 14. ágúst (C bls. 287, nefndarálit 362).

ATKV.GR.: Breytingartill. við 1. gr. frumv., á þingskjali 187, samþykt með 14 atkv.

Breyt.till. 187 2. við 2. gr. samþykt án atkvæðagr.

2. gr. frumv. samþ. með 14 atkv.

Viðaukatill. við 1. gr. samþykt með 15 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. samþykt með 17 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. samþykt með 16 atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 atkvæðum.

Þriðja umr., 16. ágúst (C bls. 630).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. og afgreitt til Ed.

Fátækramál IV.

FRUMVARP til laga um styrktarsjóði fyrir fjölskyldur sjódruknaðra manna (C bls 661); 1. umr., 19. ágúst.

Valtýr Guðmundsson: Þó að nú sé nokkuð áliðið þingtímans, álít eg að þetta mál sé svo vaxið, að nauðsynlegt sé að athuga það í nefnd. Það inniheldur ákvæði um, að gjöra landssjóði 2000 kr. árleg útgjöld til þeirra sjóða, sem stofnaðir munu verða. Því að auðvitað er það tilgangurinn, að hvetja menn til að stofna slíka sjóði, en ekki hitt, að styrkja þá, sem þegar eru til og orðnir öflugir.

Það stendur í frumv., að sjóðunum skuli úthlutað tillagið í hlutfalli við tekjur þeirra næsta ár á undan. — Eftir því fá þeir mest, sem efnaðist eru, en hinir minst, sem helzt þyrftu styrks með. Eg held því að það sé nauðsynlegt, að koma annari tilhögun á útbýtingu landssjóðs-styrksins, og þar sem hávaðinn af þingdeildarmönnum eru þegar önnum kafnir við önnur mál, þá virðist nauðsynlegt, að þetta mál sé athugað í nefnd, enda þó að það verði þess valdandi, að málið ekki nái fram að ganga á þinginu.

Eg leyfi mér því, að stinga upp á 3 manna nefnd.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ímynda mér að hugsunin í frumv. sé góð. — Af því að þetta snertir svo náið fjárhag landsins, er eðlilegast, að fjárlaganefndin hafi það til meðferðar.

Eg vil því stinga upp á því, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Sérstök 3 manna nefnd samþ. með 17 atkv., og kosnir:

Valtýr Guðmundsson	með 8 atkv.
Jóhannes Jóhannesson	— 8 —
Ólafur Briem	— 6 —

Viðauki við sveitarstjórnarlög.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breytingu á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872 (C bls. 386); 1. umr., 8. ágúst.

Flutningsmaður (Þórður J. Thoroddsen): Við flutningsmenn höfum komið fram með þetta frumvarp eftir óskum kjósenda okkar; virðist full ástæða til þess, að koma fram með það, og er aðal-orsökin sú, að það er farið að tíðkast sumstaðar, einkum í kringum kaupstaðina, að menn eru farnir að tíðka utanhreppsábúð þannig, að utanhreppsmenn taka jarðir úr öðrum hreppi og búa á þeim um nokkurn tíma árs, helzt um heyskapartímann, en þó ekki svo lengi, að þeir eftir gildandi lögum geti orðið útsvarsskyldir; hafa svo hinn tíma ársins einhvern og einhvern á jörðunni, sem ekkert getur goldið til sveitarþarfa. Enn eru aðrir, sem nota ítök og afnytjar jarða úr öðrum hrepp-

um nokkurn tíma árs, án þess að þeir þurfi nokkuð til þarfa þess hrepps að gjalda. Afleiðingin verður sú, að hlutaðeigandi hreppar missa af því, að góðir gjaldendur búi á jörðunum í hreppunum, og þar með að meira eða minna leyti eyðingu undirorpið. Sé nú, eins og gjört er með þessu frumv., 4 mánaða dvalarskyldan fyrir útsvarsgjaldi afnumin, fæst því framgengt, að menn, sem svona er ástatt um, eru skyldir að greiða til þess hrepps, sem þeir hafa afnotin af. — Yfir höfuð er þetta frumv. bygt á því, að það sé rétt, að leggja á allan arð, sem hreppurinn gefur af sér, hvort sem atvinnan fram leiðir arðinn á stuttum eða löngum tíma.

Þó frumv. þetta sé lítið, hefir það þó eigi litla þýðingu fyrir sum hreppsfélög. Eg vona því að það nái samþykki í hinni háttv. deild. Sumir kunna nú að telja það óþarft, að koma fram með þetta nú, þar sem búið er að setja milliþinganefnd í fátækramálum, sem að sjálfsögðu mun taka þetta atriði til athugunar. En eg álít samt ekki rétt, að bíða með þetta. Fyrst er nú það, að þó að nefnd þá sé búið að samþykkja, þá er ekki búið að skipa hana, og þó hún sé skipuð, er hún ekki á einu augabragði búin með álit sitt, og því síður komin fram með það. — Og svo er nú þingið ekki búið undir eins að átta sig á tillögum þessarar nefndar. Ef að vanda lætur um mál, sem snerta fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf, er eg hræddur um, að þingið hlaupi ekki orðalaust inn á þessar tillögur, og get eg þá ímyndað mér, að nokkur ár dragist enn með það, að fátækramálin séu til lykta leidd.

Þetta atriði í sveitarstjórnar-löggjöfinni, sem er svo þýðingarmikið, vona eg því að þingdeildin vilji taka til meðferðar, og leyfi frumvarpi þessu fram að ganga.

ATKV.GR.: Fleiri tóku ekki til máls og var svo málinu vísað til 2. umræðu með 15 atkv.

Önnur umr., 12. ágúst (C bls. 386, brt. bls. 521).

Ólafur Briem: Eg hefi komið hér með breyttill. á þgskj. 427, sem gengur út á það, að leggja megi aukaútsvar á afgjöld af jörðum einstakra manna og aðrar tekjur af jarðeignum í þeim hreppi, þar sem jarðirnar liggja, þó eigendur þeirra hafi þar ekki aðsetur.

Mönnum er kunnugt, að þegar fasteignartíundin var upphaflega lögleidd jafnhliða lausafjártíundinni, þá voru báðar þessar tíundir nægilegar til þess að bera þann þunga, sem lá á sveitarfélögunum, og þá var ekki niðurjöfnunin fólgin í öðru en að skifta tíundum. Þessi fasti skattur af jörðum er nú orðinn alveg hverfandi á móts við þau útgjöld, sem lagst hafa á sveitarsjóðina, og afleiðingin af þessu er sú, að ýms sveitarfélög hafa alt of litlar tekjur af jörðum, sem liggja í hreppnum, þegar eigendur þeirra eiga heima utansveitar. Látum oss taka dæmi. Það er góð jörð í hreppnum, en eigandi hennar er í annari sveit. Þessa jörð sína byggir hann einhverjum fátækum manni, eða jafnvel þurfamanni annars sveitarfélags, sem því ekki getur borið neitt útsvar. Hann getur notað jörðina, án þess að hafa sjálfur áhöfn á hana, t. d. með því að taka fóðurpening og hagagönguhross, lána slægjur og mótak o. s. frv., en það kemur ekki sveitarfélaginu að neinum notum, þó jörðin liggi í sveitinni, þar sem það fer á mis við allar tekjur af henni. Hagi nú svo til, að margt af jörðum í einhverju sveitarfélagi sé eign utanhreppsmanna, sem

byggi þær á þennan hátt, er hætt við, að af því leiði að gjöld hlaðist á sveitarfélagið, sem því verði ofvaxið að bera, og það fæli dugandi menn frá, að setjast að í hreppnum. — Sérstaklega kemur þetta illa við, þegar svo er ástatt, að menn sem búa erlendis eiga slíkar jarðir, þar sem þeir gjalda ekki af þessari eign sinni til sveitarþarfa neinstaðar á landinu. Því jafnvel þótt nokkur takmörkun verði sett fyrir eign utanríkismanna til jarðeigna hér á landi með frv. því, sem hefir verið til meðferðar á þessu þingi, ef það verður að lögum, þá nær það frumv. ekki til þeirra manna, sem eru búsettir í Danmörku og eiga jarðeignir hér á landi.

Eg get því ekki betur séð, en að það sé rétt, að útsvar eigi að greiða af jörð í þeim hreppi, sem hún liggur í, og að upphæð þess fari eftir þeirri byrði, er hvílir á hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Þórður Guðmundsson: Eg verð að álíta, að þessi viðaukatillaga sé mjög varhugaverð. Það kæmi jarðeigendum mjög á óvart, að á þá yrði lagður nýr skattur á þennan hátt. Því jafnvel þó dæmi það, er háttv. flutnm. (Þ. J. Th.) kom með, geti verið rétt, að fátækir menn sitji á góðum jörðum, sem séu eign utanhreppsmanna, og að þeir ljái slægjur, mótak og hagagöngu út úr hreppnum, þá er víst, að slík dæmi eru ákaflega fá. Hér er líka farið fram á mjög óeðlilegan skatt, þar sem jarðeigendur borga bæði tekjuskatt til landssjóðs af jarðeignum sínum og þar að auki sveitarútsvör af þeim eftir efnum og ástæðum, þar sem þeir eru búsettir. Engar raddir hafa heldur heyrst um, að þetta væru ekki nægileg gjöld, og eg álít, að það mundi verða ákaflega óvinsælt, að breyta þessu og leggja á jarðeigendur ný gjöld af þessum eignum.

Eg verð því að vera á móti þessari viðaukatillögu.

Ólafur Briem: Það hlýtur að vera bygt á misskilningi hjá háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.), þar sem hann segir, að þetta sé nýr skattur, sem sé lagður á jarðeigendur, því það er ekki meining viðaukatill. að svo sé, og það er auðsætt, að svo er ekki, þegar hún er skoðuð í sambandi við frumv., heldur er ætlast til að aukaútsvar það, er jarðeigendur greiða nú af jarðeignum sínum, þar sem þeir eru búsettir, sé framvegis greitt í þeim hrepp, þar sem jarðeignin er. Það getur þó verið, að þetta mætti orða betur og skýrara en nú er í viðaukatill., og mætti laga það til 3. umr.

Hannes Hafstein: Eg get ekki annað en tekið undir með h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.), að eg furða mig mjög á þessari viðaukatill., því hún er brot á því, að aukaútsvarið sé persónulegt gjald, eða að minsta kosti bundið við ákveðna atvinnu eða fyrirtæki, en hér á að leggja það á »afgjald«, án þess að neitt tillit sé tekið til persónu þeirrar, er í hlut á. Slíkt fyrirkomulag gæti valdið ninu mesta ranglæti, því jarðeigendur fengju víðast hvar ekki vitneskju um upphæð þessa gjalds fyr en kærufrestur væri útrunninn, og gætu því ekki fengið neina leiðréttingu á því, hversu hátt, sem þetta gjald væri ákveðið. Með þessu móti gæti líka orðið tvöfalt gjald á sama mann fyrir sama tekjustofninn, því að þar, sem maðurinn á heima, er lagt á hann eftir öllum efnum hans og ástæðum, að meðtöldum jarðarafgjöldum þeim, sem eftir þessu einnig mætti skatt á leggja annarstaðar.

Eg get því ekki annað en verið á móti þessari viðaukatillögu.

Pétur Jónsson: Eg verð að taka í sama strenginn og háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), að eg álít varhugaverða stefnu

þá, sem kemur fram í viðaukatill., og eg verð einnig að álíta, að frumv. í heild sinni sé athugavert. Mér finst, að það ætti að halda sér sem mest við það, að leggja aukaútsvörin á menn þar, sem þeir eru heimilisfastir. Þegar þess er gætt, að lögin kveða svo á, að menn geti unnið sér þar sveit, sem þeir hafa árlangt heimilisfang um 10 ára bil, finst mér rétt, að þeirri sveit sé gefinn meiri álöguréttur gagnvart manni, sem veitir honum heimilisfang, en annari sveit, þó hann hafi þar dá litla atvinnu lítinn tíma ársins. Og þar sem það fylgir heimilisfanginu, að menn geta unnið sér sveit með því einmitt, álít eg varhugavert, að fara mikið út af þeim grundvelli. Eg hefi að sönnu ekki sett mig mikið inn í afleiðingar þessa frv., af því það kom svo seint fram hér í deildinni, en mér finst þó, að það mundi verða til þess, að skapa réttaróvissu í hreppunum, en slíkt getur valdið miklum vafningum, þrætum og málaferlum, eins og menn þekkja. — Það þarf að mega haga þessu þannig, að útgjöldin sé haganleg og sanngjörn og lagaákvæðin um þau föst og skýr, en mér finst, að eftir þessu frumv. séu þau óviss og mjög athugaverð.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg verð að taka í sama strenginn og margir aðrir, sem hafa haft á móti þessari breyttill. Eg hefi að sönnu ekki haft mikinn tíma til að hugsa um hana, en eg verð að álíta varhugavert, að leggja aukaútsvar á jarðeignir í þeim hreppi, sem jarðeigandinn er ekki búsettur í. Í frumv. er farið fram á það, að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafi leyfi til, að leggja aukaútsvar á hvern arð, sem hreppurinn gefur af sér, en þegar þess er gætt, að menn reka atvinnu á þeirri jörð, sem afgjald ið er af, ættu sveitarstjórnirnar að láta sér það nægja. — Þetta er ekki alveg í samræmi við frumv., því það er meining þess, að afgjald náist af þeim, sem hafa arð af einhverri atvinnugrein í hreppi, en ekki af eign.

Ef farið væri að gera jarðeignir þannig útsvarsskyldar, eða afgjöld þeirra, mundi það að mínu áliti hafa illar afleiðingar. Eg ímynda mér, að afleiðingin yrði, að menn vildu ekki eiga og ekki kaupa jarðir nema í þeim hreppi, sem þeir væri búsettir í, og hlytu jarðir þar af leiðandi að falla í verði. Mér finst, að eftir núgildandi lögum sé næg útgjöld lögð á jarðeigendur, þar sem þeir bæði verða að greiða af eignunum tekjuskatt, og þar að auki tekjuskatt eftir efnum og ástæðum, þó ekki sé bætt þar á ofan, að jarðeigandinn verði að greiða aukaútsvarið á tveim stöðum. Eg get því ekki gefið þessari breyt.till. atkvæði mitt.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að frumv. þetta væri athugavert, þar sem gjaldið væri ekki bygt á heimilisfangi, og vildi setja það í samband við sveitfestina. En eg get ekki verið honum samdóma í því, að réttur til að leggja á aukaútsvar standi nú í nokkuru sambandi við sveitfesti, og hann er ekki bundinn við heimilisfang. — Samkvæmt núgildandi lögum má leggja aukaútsvar á menn, ef þeir dvelja 4 mánuði í sama hreppi, þótt þeir hafi þar ekki lögheimili. Löggjöf vor er þannig búin að ganga út fyrir þau takmörk, að leggja aukaútsvar á menn þar, sem þeir hafa lögheimili, og aðalmunurinn á frumv. og núgildandi lögum er þá einungis sá, að með því er 4 mánaða dvöl og atvinnurekstur í hreppnum numin burt og enginn tími tiltekinn.

Eftir lögum þeim, sem nú gilda, þar sem því að eins má leggja aukaútsvar á menn, er reka einhverja atvinnu í

hreppnum, að þeir dvelji þar 4 mánuði ársins, þá er ekki hægt að koma ýmsum undir útsvarsskyldu, því það má reka atvinnu skemur en 4 mánuði. Þannig er því varið með kaupafólk í sveit og útveg við sjó og ýms önnur arðsöm fyrirtæki, en verði þetta frv. að lögum, þá má taka alt þetta til greina og leggja aukaútsvar á alla at vinnu, hvort sem hún er rekin lengur eða skemur, án nokkurs tímatakmarks. En hreppsnefndir þurfa þó ekki að leggja aukaútsvar á slíka aukaatvinnu fremur en þeim finst ástæða til, eftir þeim arði, sem atvinnureksturinn hefir gefið af sér.

Björn Bjarnarson, þm. Bf: Eg vildi óska skýringar frá háttv. flutnm. (Þ .J. Th.) á orðum frumv. viðvíkjandi. Eins og kunnugt er, hafa útlendingar keypt 4 jarðir hér í grend við Reykjavík og veiðirétt fyrir 2 öðrum fyrir nærfelt 100,000 kr. Þeir leigja nú veiðiréttinn og jarðirnar, og munu hafa í tekjur af eigninni 11—12000 kr. Nú vildi eg spyrja, hvort unt muni, samkv. frv. þessu, að leggja aukaútsvar á eigendurna, sem hafa tekjurnar af eigninni, ef breyt.till. kemst ekki að. Notendur veiðiréttarins, leigjendurnir, hafa máske engan arð af honum, og væri þá ó sanngjarnt að leggja gjald á þá, en mér skilst, að tilgangurinn sé sá, að sveitarfélögin ættu að geta lagt aukaútsvar á tekjur þær, sem eigendurnir hafa af jörðunum. Verði þessum tilgangi ekki náð með frumv., finst mér ætti að samþykkja breyt.till.

Flutningsmaður (Þórður J. Thoroddsen): Við flutnm. vorum að reyna að koma slíkum tilfellum, sem háttv. þm. (B. B.) gat um, undir ákvæði frumv.: og álitum, að þau mundu geta komist undir orðin í 1. gr., að leggja mætti útsvar á »notkun ítaka á jörðum eða hlunninda, slægna, veiði eða veiðiréttar í ám eða vötnum«. Við erum ekki lögfróðir, og ættu því lögfræðingarnir að geta skýrt, hvort þetta getur staðist, en eg sé ekki betur en að þótt útlendir menn eigi í hlut, megi leggja á þá útsvar fyrir notkun veiði og veiðiréttarins, þannig, að á eigendurna sé lagt fyrir veiðiréttinn, en á þá, sem veitt hafa, fyrir notkun veiðinnar. En ef til vill er ekki svo ljóst orðað sem skyldi.

Pétur Jónsson: Eg kannast við, að það er rétt, sem háttv. flutnm. (Þ. J. Th.) sagði, að það er komið inn í löggjöfina að leggja útsvar á menn víðar en þar, sem þeir eru búsettir; en eg hefi bent á, að það væri hægt að fara mismunandi langt í því efni. Með lögum 9. ágúst 1889 er þetta innleitt, en þó er ekki farið lengra en nauðsynlegt þótti, þar sem með þeim lögum er að eins leyft, að leggja útsvar á menn og stofnanir fyrir 4 mánaða dvöl í hreppnum, og er með þessu gefið leyfi til að leggja útsvar á það, sem mestu varðar. Þetta var þó varhugavert spor, eins og komið hefir margvíslega í ljós síðan, og því athugaverðara er það, sem lengra er stigið. Eftir því, sem frv. fer fram á, tel eg hér engin takmörk, því eftir frumv. má leggja aukaútsvar á daglaunamann, sem unnið hefir í hreppnum, og á mann, sem stundað hefir veiði að eins einn dag. Eg hlakka því ekki til fyrir hreppsnefndir að framfylgja slíkum lögum. Viðaukatill. gengur þó enn lengra, því eftir henni má leggja aukaútsvar á allan tekjuarð í hreppnum, hvort sem eigandinn er búsettur þar eða ekki. Það getur eftir henni jafnvel staðið svo á, að maður dvelji í einhverjum hreppi, vinni sér þar sveit, en hafi þar enga atvinnu, og lifi að öllu leyti af eignum, sem hann á í öðrum hreppum. Hann vinnur sér sveitfesti í dvalarhreppnum, en geldur þar þó ekkert til sveitar, eftir þeirri tillögu,

Eg álít því frumv. óhafandi, en br.till. þó enn verri.

Hermann Jónasson: Eg býst við að þetta frumv. hafi komið fram af þeirri ástæðu, að lögin frá 9. ágúst 1889, sem eru viðauki við lög 9. jan. 1880, hafa reynst óhagfeld eða menn hafa ekki skilið þau, því um þau lög hefir sérstaklega mikið verið deilt, og það hafa orðið 2 mál, sem hafa gengið til landsyfirréttarins, út af þeim lögum, svo það er full ástæða til þess að taka þá grein til yfirvegunar. En því miður er eg hræddur um, að þetta frumv. muni valda misskilningi. Það hafa verið tekin fram ýms atriði að þessu sinni og ætla eg ekki að tala neitt um þau. En það var eitt, sem eg vildi leyfa mér að benda á. Eftir þessum lögum get eg ekki séð annað en að þeir menn, sem reka atvinnu, við skulum segja lausamenn, í einhverri sýslu, verði að gjalda þar, sem þeir vinna; og þetta er fjarskalega sanngjarnt og réttlátt. En hvernig á að fá þessu framgengt? Eg set svo, að það væri maður einhvern hluta af árinö í öðrum landsfjórðungi, t. d. á þilskipum eða til sjávar, og svo kemur fólk úr öðrum landsfjórðungum og er t. d. allan heyskapartímann í kaupavinnu. Nú fer það í burtu að haustinu áður en niðurjöfnun á útsvörum fer fram. Hver á þá að innheimta þetta gjald? Þetta eru menn í öðrum landsfjórðungum, og þó það sé í sjálfu sér alveg rétt, að þessir menn gjaldi til þeirrar sveitar, sem þeir hafa atvinnu í, þá er lítt mögulegt fyrir hreppsnefndina að innheimta þetta gjald, en ekki hægt að skuldbinda húsbændur þessara manna til að halda eftir gjaldinu, af því þeir vita ekki um upphæð þess. — Það er ýmislegt fleira, sem eg álít að hér þyrfti að koma til greina; en af því þessi viðauki við lögin frá 1880 hefir gefist illa, þá álít eg það sé heppilegt að fá þeim lögum breytt, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á, að það sé sett nefnd í þetta mál.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg verð að játa, að eg get ekki verið á sama máli og þeir háttv. þm., sem hafa talað á móti þessu frumv., því eg álít að það hljóti að verða til mjög mikilla bóta. Lögin frá 9. ág. 1889 voru til mikilla bóta frá því sem þá var; en þessi lög breyta aðallega þessu 4 mánaða takmarki, sem þar var sett. Þar sem eg þekki til, hefir þetta 4 mánaða takmark orðið til þess, að ekkert útsvar hefir náðst af atvinnurekendum í hreppnum. Eg hefi tekið eftir því, að það eru einkum menn úr landsveitunum, sem hafa eitthvað að athuga við þetta frumv. Sérstaklega tók eg eftir því, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hafði mikið á móti því, og eg get vel skilið það, því þar ber minna á göllunum á lögunum heldur en í sjávarsveitunum. Í Árnanesshreppi og víða í Eyjafirði er það alment, eins og tekið var fram í umræðunum um þetta mál, að menn reka þar atvinnu ekki nema nokkurn hluta af árinu, 1, 2 eða 3 mánuði, og þá næst ekkert gjald af þeim. Aftur á móti kann að vera varhagavert, að hafa ekkert ákveðið tímataknark. Frumv. þetta á að vera til að bæta úr þeim galla á eldri löggjöfinni, að menn geti rekið arðsama atvinnu um lengri eða skemmri tíma í hreppnum, án þess að gjalda til sveitar. Eg get ekki séð annað en að þetta sé fullkomlega réttmætt, því mér finst hvert sveitarfélag eiga að hafa tekjur af hverjum þeim arði, sem tilfellur í því sveitarfélagi.

Það er að eins eitt, sem mér virðist dálítið athugavert við þetta frv.; það eru þau ákvæði, að 2. gr. laga um bátfiski á fjörðum skuli vera afnumin. —

Eg skil það svo, að háttv. flutnm. hafi sérstaklega átt við 4 vikna ákvæðið, að það sé afnumið; og það geng eg fyllilega inn á; en það er ýmislegt annað í þessari grein. Þar stendur meðal annars: »Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfé lögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef eitthvað er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra«. Sé þessi undantekning feld úr gildi, þá verð eg að játa, að það verður erfitt að framfylgja lögunum. Við vitum það, að lengra að koma menn varla til að reka atvinnu örstuttan tíma; en úr nærhreppunum koma menn oft, t. a. m. veit eg til, að af Akureyri fara menn oft út með Eyjafirðinum með báta sína, og dvelja nokkura daga út í veiðistöðunum, og yrði það erfitt, að fara að leggja á þá aukaútsvar fyrir svo stuttan tíma.

Hvað breyt.till. snertir, þá verð eg líka að vera á því, að hún sé réttmæt; því þar er eiginlega ekki farið fram á annað en það, að í staðinn fyrir að nú er aukaútsvarið lagt á manninn í þeim hrepp, þar sem hann býr, þá verði það lagt á hann þar, sem honum tilfalla tekjurnar. Eigi maður jörð eða jarðir í öðrum hrepp, þá er eins og nú stendur lagt á þessa tekjugrein hans, þar sem hann er búsettur, en eftir þessu yrði aukaútsvarið lagt á afgjaldið í hreppnum þar, sem það tilfellur. (*Þórður Guðmundsson:* Það verður tvöfalt). Nei, það er ekki tvöfalt, getur aldrei orðið nema einfalt, og get eg ekki séð annað en að þetta sé heppilegt, sérstaklega þegar maður tekur tillit til útlendinga, sem eignast jarðir hér. Við fáum ekkert gjald af þeirra tekjum; við fáum að vísu gjöld af afurðum jarðarinnar, en ekkert gjald af afgjaldi jarðarinnar.

Eg get, eins og eg hefi tekið fram, ekki betur séð, en að frumvarp þetta sé til bóta, þar sem nú næst ekkert gjald af þeim, sem eru skemmri tíma í hrepp en 4 mánuði. En afnámið á 2. gr. í lögum um bátfiski á fjörðum álít eg varhugavert, og vildi óska, að flutningsmenn tækju það til íhugunar til næstu umræðu.

En að setja nefnd í málið álít eg óþarft; flm. geta alveg eins vel athugað það, eins og nefndin mundi gera; þau ganga ekki svo greiðlega, þessi nefndarstörf, svo að ef málið væri sett í nefnd nú, þá álít eg enga von um, að það nái fram að ganga.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi lata það í ljósi um frumv. og viðaukatillöguna, að mér finst þetta vera kák við fátækralöggjöfina; það hefir verið brúkað að vopnum á tvö önnur mál, er flutt hafa verið á þinginu, — kák, sem er ástæðulaust, sérstakl. að því er þetta mál snertir. Eg mun því »principielt« greiða atkv. bæði móti frv. og br.till.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir verið samþykt í báðum deildum þings ins, að setja nefnd milli þinga til að taka þessa löggjöf til gagngerðrar endurskoðunar, og eg sé þess vegna ekki nokkura ástæðu til þess, að fara að hræra í þessum atriðum, heldur en tveim öðrum þýðingarmiklum atriðum, sem legið hafa fyrir þinginu í ár. Auk þess finst mér háttv. flutningsmenn frumv. hafa »seilst um hurð til loku«, Þeir hafa verið að tala um það, að það væri nauðsynlegt, að leggja skatt á afgjald jarðeigna, sem renna til utanríkismanna, sem hér eiga eignir. Þeim tilgangi hafa þeir svo ætlað að ná með því, að setja í löggjöfina ákvæði, sem gera það að verkum, að daglaunamaður, sem vinnur fyrir 1,50 kr. á dag, verður skattskyldur því hreppsfélagi,

er hann vinnur þessa fáu daga í. Þetta kalla eg að »seilast um hurð til loku«. Það hefði verið langt um hyggilegra fyrir háttv. flutnm., að hafa ákvæðin í frumv. skýrari og þrengri, svo að þau taki að eins til þess, er þeir hafa haft fyrir augum, en ekki fleiri.

Yfir höfuð finst mér ákvæðin í frv. vera svo löguð, að ekki geti verið viðlit að samþykkja þau. Það er viðvíkjandi frumv. En br.till. tekur af skarið. Af því háttv. flutnm. nú er dauður, þá vil eg ekki gera honum það sama vinarbragð, sem hann gerði mér við fjárlögin, er hann réðst á mig með mjög hrottalegum orðum. Eg vil að eins taka það fram, sem eg hefi skýrt tekið fram áður, og háttv. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.) og 2. þm. Isf. (H. H.) áður hafa tekið fram, að þetta lendir í því, að tví, ef ekki þrífalda skatt á jarðeignum, og svo framarlega sem við aukatillagan ekki hefir þær afleiðingar, sem eg strax skal benda á, og eg býst ekki við, að hafi verið tilgangur flutningsm. Afleiðingin af viðaukatillögunni, ef hún verður lögleidd, og innleitt það fyrirkomulag, að hver jarðeigandi skuli gjalda aukaútsvar, miðað við afgjald eignarinnar, í þeim hreppi, þar sem eignin liggur, — afleiðingin mundi verða sú, að hver einasti jarðeigandi áskilur sér af sínum leiguliða, að hann greiði það aukaútsvar, sem verði lagt á afgjald jarðarinnar. Ef það er ekki nýr skattur á eigandann, þá er það nýr skattur á leiguliðann. Nýr skattur á leiguliðann er það sjálfsagt, þar sem hann áður er búinn að greiða útsvar af jörðunni eftir efnum og ástæðum og ábúðarskatt til landsjóðs; og það er mjög hætt við því, að það verði í hverju einasta byggingarbréfi skýrt tekið fram, að leiguliðinn skuli skyldur til að bera þessa kvöð. Auk þess sem eg ímynda mér, að í allflestum byggingarbréfum hér á landi sé ákvæði um, að leiguliði haldi uppi öllum lögskilum af jörðunni, og að þessi skattur verði látinn falla undir þessi ákvæði byggingarbréfanna. En hvaða ástæðu hafa menn til að íþyngja leiguliðum þannig?

Það er vitnað svo mikið í þetta, að menn, sem ekki eru búsettir í sveitarfélaginu, taki afgjald, sem gengur út úr hreppnum, hvort það eru innlendir menn eða útlendir eða stofnanir; en hvaða ástæða er til að fara að leggja þessa útsvarsskyldu á einstaka menn, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir, en láta t. d. landssjóð taka tekjur, sem skifta kannske í einstökum héruðum þúsundum á hverju ári? Er þá ekki »konsekvens«, má eg spyrja, að gera landssjóð líka útsvarsskyldan í þessum hreppum? Ekki get eg betur séð. Mér finst, að ef hreppsfélagið hefir heimting á að leggja aukaútsvar á tekjur, sem Mr. Paine, eg eða einhver annar hefir af eignum sínum í hreppnum, þá eigi hreppsfélagið líka réttmæta kröfu á að leggja aukaútsvar á þær tekjur, sem landssjóður hefir. Í öllu falli verð eg að halda því skýrt fram, að þar sem landssjóður styður að engu leyti þau héruð, sem hann tekur afgjöld af, fremur en önnur héruð, þá hafi hann alls engan frekari rétt en hver annar jarðeigandi. Hvers vegna er landssjóður ekki tekinn með?

Mér finst það vera skýr »konsekvens«. Hann á að styðja sérstaklega landsetana á sínum jörðum og þau héruð eða félög, sem eru sérstaklega undir hann gefin, eða hann á miklar eignir í.

Hvernig sem á málið er litið, get eg ekki séð, að ástæða sé til að láta það ganga áfram, og eg fæ ekki séð, á hvaða rökum menn geta bygt það, að greiða atkvæði með svona löguðu máli.

Einar Jónsson: Háttv. þingm. V.Sk.

(G. G.) tók fram tvent, sem eg vildi minnast á, sem sé afstöðu þessa máls, að því er snertir milliþinganefndina, og að því er snertir landsyfirsjóðsjarðir. Eg vil einnig benda á, að ákvæði þessa frumv. í sjálfu sér yrðu mjög vafningasöm í framkvæmdinni. Eg kannast að vísu við, að gott er að geta náð í menn, til að fá tekjur af eignum þeirra og atvinnurekstri, en þegar ekkert tímatakmark er sett, til að ákveða, hve lengi menn þurfa að reka atvinnu í einhverjum hreppi, til þess að hægt sé að leggja á þá útsvar, þá getur þetta orðið vafningasamt. Mér dettur í hug bóndi einn í Fljótsdalshéraði, sem á jörðina, sem hann býr á, og afréttarland, er henni fylgir, sem sumt liggur í sama hrepp og jörðin, en sumt í öðrum hrepp, og þar eru í því býli, sem stundum hafa verið bygð, en eru nú í eyði, og auk þess á hann sandpart við sjó í 3. hreppnum, sem gefur af sér dálitinn reka. Eftir ákvæðum þessa frumv. yrði hann að borga hreppsgjald í 3 hreppa o. fl., af heimajörðinni, afréttarhlutanum, sem liggur í næsta hreppi, og rekanum. Ef hann nú í 4. lagi hefði mann við sjó, t. a. m. að haustlagi, yrði hann líka að greiða þar útsvar, og það gæti verið í annari sýslu; það mundi því verða ærið vanda samt, að ákveða útsvar hans þannig í 4 hreppum. Þar sem því þetta leiðir af sér svo mikla vafninga, finst mér ótækt, að setja það í lög. Það verður því hollast að halda sér við, að aðal útsvar sé greitt þar, sem menn búa, en hafi menn líka atvinnu í öðrum hreppi, þá sé útsvar greitt þar, sem atvinnan er rekin um einhverju ákveðinn tíma. Mætti því gjarnan lækka tímatakmark það, sem nú er lögtekið. En að fara svona langt, er ekki gerandi. Og hins vegar er þetta atriði, sem frumv. vill breyta, ekki svo mikilvægt, eða svo knýjandi ástæða til að breyta því, að það megi ekki bíða þess, að menn hafi betri tíma til að athuga það en nú á sér stað á þinginu.

Flutningsmaður (Þórður J. Thorodd sen): Það hafa komið fram töluverð mótmæli móti þessu frumv., og skal eg nú minnast á þau.

Hinn háttv. þm. V.Sk. (G. G.) áleit, að ekkert lægi á þessu, enda væri það kák við sveitarstjórnarlöggjöfina, og í sama streng tók 1. þingm. N.Múl. (E. J.). En eg tók það fram við 1. umræðu, að þetta væri svo nauðsynlegt, sérstaklega vegna hreppa, sem liggja nálægt Reykjavík og öðrum kaupstöðum, að mikill skaði, væri að láta það bíða eftir milliþinganefnd. Því þó þessi nefnd sé nú komin á pappírinn hjá þinginu, þá er hún ekki búin að aflúka störfum sínum, og þó málið væri komið svo langt, þá er ekki þingið strax búið að segja álit sitt um gjörðir hennar. Ef dæma skal eftir þeirri reynslu, sem menn hafa á meðferð þingsins á þessum málum, þá ímynda eg mér, að það gæti tekið 2—4 þing, að komast að einhverri niðurstöðu. Því þegar þessi mál hafa legið fyrir þinginu, hafa skoðanirnar verið eins margar og þingmenn eru. Eg sé því ekki ástæðu til að láta þetta bíða. Með því að samþykkja þetta er engu slept, og það gerir engan skaða, því ef við fengjum ný sveitarstjórnarlög, er færu í aðra átt, yrði þetta numið úr lögum. En eg býst nú við það sýni sig, að þetta er sá eini rétti grundvöllur að byggja aukaútsvar á.

Háttv. 1. þingm. Húnv. (H. J.) talaði um, að það yrði vafningasamt og örðugt, að innheimta aukaútsvör með þessu móti; en eg get ekki skilið, að það yrði svo örðugt, að heimta auka-

útsvör af manni, sem rekur atvinnu í hreppnum, ef sveitarstjórnin er vakandi. Sumir hafa fært þetta út í æsar og sagt, að þá mætti leggja útsvar á menn, sem að eins væru einn dag í hreppnum, en það mundi engin skynsöm sveitarstjórn gera, þó það mætti. Eins og menn vita, má, eftir núgildandi lögum, sveitarstjórnin jafna niður á alla, sem lögheimili eiga í hreppnum, eftir efnum og ástæðum; en fæstar sveitarstjórnir gera þetta. Sveitarstjórnin sleppir mörgum, af því hún álítur þá ekki færa um að greiða útsvar, enda þótt leggja mætti á þá 10—20 aura. Eins yrði auðvitað farið með daglaunamenn, sem vinna 1 dag í hreppnum; engin sveitarstjórn mundi gera tilkall til útsvars hjá þeim, því eftir lögunum má ekki leggja á þá meir en samsvarar arðinum, sem þeir hafa af vinnu sinni.

Maður úr Mosfellssveit kemur t. d. til Reykjavíkur og vinnur hér einn dag og fær í kaup 3 kr. Setjum svo, að hann hafi í árstekjur 600 kr.; þá er dagskaup hans hér $^1/_{300}$ af árstekjunum. Nú skulum við setja, að hann sé fátækur barnamaður, og því álitið nóg að láta hann borga 10 kr. í útsvar um árið. Eftir því ætti hann að greiða 5 aura fyrir þennan dag sem hann vann hér.

Getur nú nokkur ímyndað sér, að bæjarstjórnin mundi heimta þessa 5 aura af manninum? Menn gjöra ekki svo margt, sem þeir hafa rétt til. Eg ímynda mér, að iögin yrðu framkvæmd svo, að hrepsnefndir settu sér eitthvað tímatakmark. Þó að maður kæmi af Akranesi í Garð og reri þar einn róður yrði ekki lagt á hann aukaútsvar, en aftur á móti yrði það gert, ef hann reri þar heila viku, eða fleiri vikur.

Það er með ráði gert, að við viljum nema úr lögum 2. gr. laganna 16. júní 1888, því þar stendur svo: »Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við«. Eftir þessu má t. d. ekki leggja aukaútsvar á mann af Seltjarnarnesi, sem rær í Rosmhvalaneshreppi; það eru sömu fiskimiðin, en 2 hreppar, og því næðist ekki í útsvar af manninum í þeim hreppi, sem hann væri frá. Eg skal lýsa því yfir, að við flutningsmenn munum taka þeim bendingum, sem okkur verða gefnar, því okkar mark og mið er að gera frumv. sem bezt úr garði að við getum.

Þórður Guðmundsson: Ef háttv. flm. hafa haft fyrir augum að bæta sveitarstjórnarlögin með frum. þessu, þá hefir þeim skjátlast; því eg minnist ekki, að fyrir mín augu hafi borið viðsjálla frv. en þetta er. Eg veit að það er ekki tilgangur háttv. flm., að skaða atvinnuvegi landsins; en eg sé ekki betur en að með þessum ákvæðum væri 2 aðalatvinnuvegir landsins stórskaðaðir, auk þess, að þau eru undir öllum kringumstæðum óframkvæmanleg. Að hugsa sér að nokkur sveitarstjórn geti haft hemil á öllu því fólki, sem rekst að og dvelur í hreppnum viku eða nokkra daga, það er svo mikil fjarstæða, að það er furða, að nokkrum þm. skuli hugkvæmast slíkt. Ef á að leggja útsvar á alla þá menn, sem stunda sjó bæði á þilskipum og opnum bátum úr landbúnaðarsveitunum, og svo á alt kaupafólk, sem dvelur í sveitunum á sumrin, þá þykir mér vera farið að ganga nokkuð langt í álögum á almenning. Eg verð að taka í sama strenginn og h. þm. V. Sk., að mikið minni ástæða er til að vera að rugla í sveitarstjórnarlöggjöfinni með þessum ákvæðum, heldur en var til að fella frv., sem lá hér fyrir í byrjun þingsins. Eg vona því, að menn láti þetta frv. sofna þegar í stað.

ATKVGR. Uppástunga um nefnd feld með öllum þorra atkv.

Viðaukatillaga á þskj. 427 við 1. gr. feld með 19 : 4 atkv. 1. gr. frv. feld með 13 : 7 atkv., og frv. þar með fallið.

Helgidagahald.

FRUMVARP til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C bls. 256); 1. umr., 17. júlí.

Flutningmaður (*Hannes Hafstein*): Eg er viss um, að allir lögreglustjórar, sem hafa átt að framfylgja tilskipuninni um sunnu- og helgidagahald á Íslandi frá 28. marz 1855 með þeirri breyting, sem á henni var gerð með opnu bréfi 26. sept. 1860, eru á eitt sáttir um það, að ákvæði hennar hafa ýmsa galla, er nauðsyn er að ráða bót á. Eg held líka, að það sé leitun á lögum, sem eru í öðru eins ósamræmi við önnu gildandi lög og þessi eru. Eg skal fyrst nefna, að samkvæmt 12. gr. þessara laga má dæma hinn brotlega í vandarhaggarefsingu, ef álitið er, að brotið sýni fyrirlitning á kristilegri siðsemi og fremjandi býr utan þinghár Rvíkur; en búi hann í Rvíkurþinghá, má dæma hann til vatns- og brauðshegningar, þar sem það annars er almenn regla, að hegningin fyrir lögreglubrot, eins og helgidagabrot eru, sé að eins sektir. Enn fremur er það óvenjulega strangt ákvæði, að gestgjafar skuli, hvernig sem á stendur, missa rétt til að reka atvinnu sína í þriðja skifti, sem þeir verða sekir í áfengisveitingu á sunnudögum.

Eg er ekki að fást um, að þetta ákvæði sé ranglátt í sjálfu sér, en það er ósanngjarnt í samanburði við ákvæði þau, er gilda um kaupmenn. Þeir fá að eins lítilfjörlegar fjársektir fyrir vínsölu á helgum dögum, en engan atvinnumissi. Það er mér sérstaklega minnisstætt, að eftir þessu ákvæði 12. gr. helgidagatilskipunarinnar hefi eg orðið að dæma gamlan borgara til að hafa fyrirgjört atvinnuvegi, er hann hafði stundað í fullan mannsaldur, fyrir það, að honum hafði orðið á að láta útlenda sjómenn fá eitthvert lítilræði af öli eða öðru áfengi á sunnudegi. Hann var fyrir elli sakir löngu orðinn ófær til þess að leita sér nýrrar atvinnu; eignir átti hann engar, og varð því ósjálfbjarga öreigi fyrir þennan óvenjulega strangleik laganna.

Og það er meðal annars þetta, sem hefir vakið hjá mér löngun til að fá helgidagalöggjöfinni breytt. En það eru fleiri atriði, sem breyta þyrfti, einkum þar sem þau eru í mótsögn við öll önnur lögreglulög. Eitt af því óvanalega við þessi lög er það, að lögregluefirlitið er ekki eingöngu falið lögreglustjórninni, heldur og prestum, próföstum og biskupi. Þessum mönnum er ætlað að grenslast eftir því, hvernig lögunum er framfylgt, og leiðir þar af, að klerkar hafa að jafnaði látið til sín taka að koma fram sem kærendur í þessum málum. En af þessu hefir aftur leitt, að í sumum lögsagnarumdæmum, þar sem verið hafa frjálslyndir lögreglustjórar, sem hafa viljað leiða sem mest hjá sér að raska atvinnu manna, en þó að sjálfsögðu sint kærum prestanna, þegar þær hafa komið fyrir, þar hefi orðið töluverður mismunur á framkvæmd laganna í hinum ýmsu prestaköllum. Þannig getur það komið fyrir, að í 2 prestaköllum í sama lögsagnarumdæmi sé sinn siður í hvoru, hegnt fyrir það sem helgidagsbrot í öðru þeirra, sem ekki er átalið í hinu, þótt jafngild ástæða hafi verið til; því einn presturinn leiðir hjá sér að kæra það, sem annar kærir.

En þetta er óviðfeldið, og er hvort-

tveggja ilt, bæði að verða að sekta einn fyrir það, sem öðrum helzt uppi, og hitt, að láta einum haldast uppi það, sem annar er sektaður fyrir.

Oss flutningsmönnum var ljóst, að til þess að ráða bót á hinum ýmsu anmörkum á núgildandi helgidagalöggjöf, varð að gjöra gagngjörða breyting á þeim ákvæðum, og sáum vér ekki annan líklegri veg til þess en þann, að taka upp frv. það, er flutt var hér á þinginu 91 og 93. Frv. var upphaflega búið til af stjórninni og samþykt 91 af efri deild, en felt af neðri deild. 93 var frv. samþykt af neðri deild, en þá felldi efri deild það. Við flm. athuðum okkur ekki þá dul, að við gætum fundið ákvæði, er betri væru og aðgengilegri til samþykkis en þessi, sem búið er að margræða og gagnskoða á tveim þingum.

Við höfum að eins gjört þá breytingu við frumv., eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. 1893, að við höfum bætt við niðurlag 2. greinar orðunum: «á þeim tíma, sem tiltekinn er í 1. gr.«, en eg skal taka það fram, að mæti þessi viðbætir mikilli mótspyrnu, þá erum við flutningsmenn fúsir til, að nema hann burt, heldur en að hann verði frv. að fótakefli.

En hins vegar hygg eg, að lögreglustjórar í kaupstöðum, að minsta kosti, hafi nóga reynslu fyrir því, að friður helgidagsins truflast ekki minna við það, að útlendir sjómenn og annar slíkur lýður gengur með flöskur upp á vasann á sunnudögum og drekkur á götum úti, en þótt þeir söfnuðust á einn stað. — En eins og eg hefi sagt, er flutningsmönnum alls ekki neitt kappsmál, að þetta ákvæði haldist.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum, að þessu sinni um frumv., en óska, að hin háttv. deild gefi því góðan byr.

Lárus H. Bjarnason: Eg get tekið undir með h. flutningsm. (H. H.) um það, að helgidagalöggjöfin sé ekki nærri eins góð og hún ætti að vera, og þyrfti því mikilla umbóta við. En spurningin er þá sú, hvort breytingar þær, sem farið er fram á í frumv. þessu, séu til nokkurra verulegra bóta. Eg skal nú játa, að frumv. bætir úr lökustu eða óviðkunnanlegustu ákvæðunum. — En þegar svo er spurt um, hvort helgidagalöggjöfin yrði verulega bætt, þó frumv. næði fram að ganga, þá verð eg að svo stöddu að telja það efasamt, ef ekki neita því. Á þessu stigi málsins má ekki fara út í einstök atriði, og get eg því ekki fundið orðum mínum eins góðan stað og ella. Tilgangur með breytingu lagsa er, að gjöra þjóðina ánægðari en áður.

En þótt þetta frumv. yrði að lögum, mundi enginn verða ánægðari. — Það er sem sé ómögulegt að vita, hvað væri leyfilegt og hvað óleyfilegt; því ákvæðin eru svo beygjanleg. Það yrði að mestu leyti undir tilfinningunni komið, hvernig lögunum ætti að beita, og varla mundu tveir lögreglustjórar á landinu leggja sama skilning í þau. — Maður má eftir frumvarpinu vinna verk, sem ekki má fresta; en hvaða takmörkun er það? Setjum svo, að eg ætli út að ríða kl. 12, og láti sækja hestinn minn kl. 11. Hann kemur ójárnaður. Eg get ekki riðið ójárnuðum hesti; en má eg þá láta járna hann? Það hefir líka verið tekið meira inn í frumvarpið en frumvarpið frá 1893, og sumt af þeim nýmælum eru nokkuð óákveðin. — Í 2. gr. stendur t. d.: »Þar sem mjólk, brauð og annar tilbúinn matur er seldur«. — Hér er bætt við »annar matur«; en hvað er annar tilbúinn matur? Það er t. d. ostur, pylsur, niðursoðinn matur o. s. frv.

Ef til vill mætti láta frumv. ganga til 2. umræðu, og laga það þar með breytingartillögum, en þó vildi eg heldur, að nefnd yrði sett í málið.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eg hefi litlu að svara ræðu háttv. síðasta ræðumanns (L. H. B.); til þess yrði eg að fara út fyrir það svið, sem 1. umr. málsins er afmarkað. Eg gat nú ekki sannfærst af ræðu hans um, að hægt sé eða heppilegt, að orða 1. gr. öðru vísi en í frumv. er gert. — Ætlast h. þm. Snæf. (L. H. B.) til, að talin séu upp öll þau verk, sem geti haft hávaða í för með sér? Eg álít það kost á lögunum, að ákvæðið er nokkuð vítt, svo að hægt sé að gæta sanngirni og réttlætis í hverju einstöku tilfelli. — En að setja saman langa upptalning á verkum, er vinna megi í einstökum tilfellum, mundi eg álíta skemd á lögunum.

Eg sé ekki, að það sé nauðsynlegt, að setja nefnd í þetta mál, því að það hefir verið rætt og hugsað svo itarlega á þingi, bæði í nefnd og utan nefndar, og sést það alt með því, að líta í þingtíðindin; en ef menn endilega vilja setja nefnd í það, þá er auðvitað tíminn nógur.

Guðlaugur Guðmundsson: Háttv. flutningsm. (H. H.) hefir þegar bent á, að hverju leyti þetta frumv. er frábrugðið því, er eg greiddi atkvæði með á þinginu 1893, en það er niðurlag 2. greinar. Það ákvæði stóð í hinu upphaflega frumv. stjórnarinnar 1893, og ætla eg að einmitt það hafi orðið málinu að fótakefli; eg greiddi þá atkvæði móti þessari ákvörðun, og gjöri það eins nú. — Eg hefi tekið það fram, að eg hefi gjört það að skilyrði fyrir mínu atkvæði með þessu máli í heild sinni, að þetta sé felt úr frumv. — Eg sé enga ástæðu til þess, að breyta þessu 40 ára gamla ákvæði um veitingahúsin. Að öðru leyti er víða kvartað undan helgidagalöggjöfinni, og eg sé ekkert á móti, að setja önnur ákvæði í hennar stað.

Lárus H. Bjarnason: Það er síður en svo, að mér sé þetta nokkuð kappsmál, en eg er ekki svo sannfærður um gæði og yfirburði þessa frumv., að eg vilji greiða atkvæði með því, að svo stöddu. — Eg skal fúslega játa, að ákvæði hinna núgildandi helgidagalaga eru nokkuð teygjanleg, en það má sannarlega ekki gjöra þau enn teygjanlegri. Í þessu frumv. er margt of óákveðið. Það er víða talað um brot á friði helgidagsins; en hvað er friður helgidagsins? Ef á annað borð á að breyta helgidagalöggjöfinni, þá þarf að skoða hana ofan í kjölinn, og ætti þá um leið að afnema óþarfa helgidaga. Vér þurfum sannarlega að nota þá daga, sem forsjónin gefur yfir okkur, af öllum kröftum, og eg sé ekki, að það sé neitt réttara eða guði þóknanlegra, að hann sé vegsamaður með slæpingsskap og iðjuleysi, en með vinnu, og jafnvel þó hún hafi nokkurn hávaða í för með sér. —

Eg er samdóma h. flutningsm. (H. H.) um það, að hinni núgildandi helgidagalöggjöf sé ábótavant; en svo skilja leiðir okkar. Hann álítur þetta bót, sem frumv. hans inniheldur, nóga og góða, en eg álít hana alls ekki fullnægjandi.

Eg ætla, að það verði frumv. alls ekki að fótakefli, þó það verði sett í nefnd; það hefir að vísu gengið gegnum stjórnina, og verið í nefndum í báðum deildum þingsins, og hefir því þannig verið þvælt nokkuð; en ekki nógu þvælt.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): H. þm. Snæf. (L. H. B.) taldi það æskilegt, að nota tækifærið og fækka helgidögunum um leið og helgidagalöggjöfinni væri breytt.

En eg sé ekki, að það verði gert með þessu frumv., eða eigi neitt skylt við það. Því þetta frumv. inniheldur að eins lögreglu-ákvarðanir; það skipar ekki að halda hvíldardaginn heilagan, heldur dregur upp takmörkin fyrir því, hvað leyfilegt er að gjöra, til þess að þeir, sem vilja, geti haldið hvíldardaginn heilagan og geti gjört það í friði. Það ákveður, hverjum sérstökum reglum lögregluvaldið eigi að halda í hefð, til þess að þjóðkirkjan geti óhindruð haft um hönd guðsdýrkun sína á helgidögum sínum, hverir sem þeir eru. — Ákvæði um fjölgun eða fækkun helgidaga eiga því alls ekki heima í þessu frumv., heldur þyrfti sérstök lög til slíks.

ATKV.GR.: Samþ. með 16 atkv. að kjósa 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Jóhannes Jóhannesson	með 17	atkv.
Hannes Hafstein	— 15	—
Magnús Torfason	— 12	—
St. Stefánsson, þm. Skgf.	— 12	—
Þórður J. Thoroddsen	— 11	—

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 27. júlí (C bls. 256, nefndarálit 353).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Nefndin, sem hin háttv. deild kaus til að íhuga þetta frumv., hefir yfirfarið það vandlega, og orðið samdóma um, að hér væri um mikla réttarbót að ræða. Hún hefir gert nokkrar orðabreytingar, og felt burt ákvæðið um, að veitingamenn megi selja vín eftir miðaftan. En með því, að þetta er framhald 1. umr., þá skal eg ekki fara nánar út í einstök atriði, en að eins óska þess, að málið fái að ganga sinn gang gegnum deildina.

Lárus H. Bjarnason: Eg var ekki ánægður með þetta frumv., þegar það kom fyrst fram hér í deildinni, og er það ekki enn, þótt hin háttv. nefnd hafi síðan fjallað um það.

Formælendur frumv. töldu því það til gildis, að það bætti úr agnúunum á eldri löggjöf um þetta efni, og rýmkaði frelsi manna. Það var sagt, að eftir núgildandi lögum mætti dæma menn í fangelsi upp á vatn og brauð í Reykjavík, og í vandarhagga-refsingu annarstaðar á landinu, fyrir brot á helgi dagalöggjöfinni. Eg hafði ekki athugað þetta svo nákvæmlega þá, að eg treysti mér til að mótmæla því, en nú veit eg, að það er óþarfi, að samþykkja þetta frumvarp til þess, að nema burt þetta ákvæði úr tilsk. frá 28. marz 1855, því að það er upphafið með 313. sbr., 158. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869.

Ekki fæ eg heldur séð, hvernig frv. þetta rýmkar frelsi manna; og í eldri lögum eru ákvæðin um það, hvað megi gera á helgidögum, skýr og greinileg; þar stendur, að gegna megi öllum heimilisstörfum og yfirleitt vinna alla nauðsynlega vinnu, en í þessu frumv. stendur, að það megi að eins vinna þau verk, sem ekki megi fresta. — En hver eru þau verk, sem ekki má fresta? Þetta ákvæði er svo reikandi, að það er ómögulegt, að byggja á því, og það er svo langt frá, að það rýmki frelsi manna, að það þvert á móti leiðir til þess, að enginn getur verið óhultur. Bóndinn, sem í óþurkatíð á heyið úti, getur aldrei verið viss um, að prestinum hafi ekki fundist hann geta frestað að hirða það þenna sunnudag, sem þurkurinn var. — Bóndinn getur að minsta kosti ekki verið viss um, að rannsókn verði ekki hafin út af því, og hann á á hættu, að verða dæmdur fyrir það.

Það hefir líka verið fundið hinni eldri

löggjöf um þetta efni til forátttu, að prófastar og prestar eftir henni hefðu censur-vald yfir dómurunum; en þetta er alls ekki rétt, því þeir hafa að eins áminningarvald, og það yrði ekki tekið frá þeim, þótt þetta frumv. yrði að lögum.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingar, sem að mestu leyti eru orðabreytingar, en af því þetta er framhald 1. umr., þá skal eg ekki fara nánara út í einstök atriði.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil að eins stuttlega taka það fram, að eg get því að eins gefið atkvæði með frumv. þessu, að breyting sú verði samþykt, sem nefndin stingur upp á, nefnilega, að felt sé burt ákvæðið um, að veitingamenn megi hafa opna veitingastaði á sunnudögum eftir miðaftan, því það er ekki leyfilegt eftir gildandi lögum, og mér virðist engin þörf á, að leiða slíkt í lög.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) fanst ákvæði frv. um það, hvað mætti vinna á helgidögum, svo reikandi, að það væri að því leyti verra en núgildandi lög. Eg get ekki fallist á það. Mér finst skýrt tekið fram í frumv., hvað ekki megi vinna. Í fyrstu grein frumv. stendur nefnilega, að bönnuð skuli öll sú vinna, sem hlýtur að raska friði helgidagsins; þó eru þau verk undantekin, sem ekki má fresta.

Háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) talaði um, að bóndi, sem léti menn vera að heyvinnu á helgum, gæti orðið fyrir málssókn. Mér fyrir mitt leyti finst heyvinna ekki vera þess eðlis, að hún geti að neinu leyti raskað friði helgidagsins, nema ef vera skyldi rétt fyrir utan kirkjugluggana um hámessuna. — Þessi lög eru ekki nein útvíkkun á boðorðinu »halda skaltu hvíldardaginn heilagan«, heldur segja þau: »þú mátt ekki gera náunganum ómögulegt, að halda hvíldardaginn heilagan«.

Eg fyrir mitt leyti mun gefa frumv. atkv. mitt til 2. umr.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Það var dálítil athugasemd við ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem eg ætlaði að gjöra. Hann hélt því fram, að þessi lög væru ófrjálslegri heldur en gamla tilskipunin, að því leyti að þau kæmu í veg fyrir það, að menn mættu sinna heyverkum á sunnudögum. (*Lárus H. Bjarnason*: Það var að eins dæmi). Já, en eg get ekki séð, að það sé rétt; því að hér er tekið fram, að vinna megi þau verk, er eigi má fresta; og í gömlu tilsk. var leyft að nota sunnudaginn til að þurka hey, þegar ekki má draga það. Eg álít, að það eigi að koma skýrt fram í lögunum, að menn megi ekki ganga að almennum verkum á helgidögum, nema svo sé, að ekki megi fresta því, eða það geti verið skaðlegt að fresta því, og það getur maður séð, að það má ekki fresta því að bjarga heyi undan skemdum; svo að þessi ákvæði í hinum nýju lögum eru enn þá ákveðnari; þau verða fremur til þess að hindra þá menn, sem nota hvíldardaginn til ónauðsynlegra verka, og eg fyrir mitt leyti vil einmitt að það sé skýrt tekið fram í lögunum, að það sé óleyfilegt að láta vinna ónauðsynlega vinnu á hvíldardögum; eg vil láta hvíldardaginn vera helgan og frían fyrir alt vinnandi fólk, og að þetta kemur skýrt fram í frv., álít eg kost á því, en ekki galla.

Lárus H. Bjarnason: Ómögulega get eg fengið það út úr gömlu helgidagatilskipuninni, sem háttv. sessunautur minn sagði. Hver sem er læs — og allir þm. eru prýðisvel læsir — getur borið saman frumv. og tilsk. Eg tók það fram, að frumv. væri mjög óá-

kveðið, og eg verð að álíta það ókost við lög, að þau séu óákveðin, en einkum er það stór galli á hegningarlögum, og allra helzt þegar þess er gætt, að hegningin getur orðið töluverð. Eg sagði það, að frumv. væri ófrjálslegra en lögin sem eru, og eg stend við það enn þá; því að eldri lögin leyfa yfirleitt að vinna megi hverja vinnu sér til bjargar, t. a. m. róa á sjó og þar fram eftir götunum. En nýju lögin banna að róa á sjó og leita sér bjargar, svo framarlega sem eigi vofir yfir hungursneyð. (*Hannes Hafstein:* Misskilningur). Það er þýðingarlaust að fara að rekja þetta með dæmum, að frumv., eins og það liggur fyrir, er æðióljóst. Það er alt saman miðað við, hvað mikið eða hvað lítið lagt verður í það, að raska friði á helgidögum. En hvað er »friður á helgidögum«?

Eg verð þess vegna að greiða atkv. á móti frumv., enda er mér allsendis ókunnugt um, að kvartað hafi verið undan hinum gildandi lögum; að minsta kosti hefir það ekki komið fyrir mig, þann tíma sem eg hefi verið lögreglustjóri.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Mér finst það vera misskilningur hjá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að það geti komið til tals eftir þessum lögum, að menn megi ekki bjarga heyi sínu eða róa á sjó. Það er með öllu augljóst, að 1. gr. frumv. bannar að eins þau störf, sem hafa þann hávaða í för með sér, er raskar almannafriði. Ummæli háttv. þm. um, að frumv. sé ófrjálslegra en gildandi lög, eiga sér engan stað. Yfir höfuð finst mér háttv. þm. hafa tekið stefnu í þessu máli, sem virðist benda á, að hann hafi annaðhvort ekki lesið frumv. niður í kjölinn, eða hann lesi það öðruvísi en menn alment eru vanir að lesa. Eins virðist mér hann hafa nokkuð annarlega skoðun á eldri ákvæðum um þetta efni. Þannig get eg t. d. með engu móti fallist á röksemdaleiðslu hans viðvíkjandi því, að 12. gr. í tilsk. 28. marz 1855, um líkamlega refsingu og fangelsi upp á vatn og brauð fyrir helgidagabrot, sé úr lögum numin með 313. gr. hegningarlaganna, því að í hegningarlögunum eru engin ákvæði, hvorki í 158. greininni eða annarstaðar, er komi í bága við 12. gr. helgidagatilskipunarinnar. Þvert á móti er það tekið fram í 16. gr. nefndrar tilsk., að ákvæði hennar snerti ekki það efni, sem 158. gr. hegningarlaganna og önnur hegningarlagaákvæði ræða um. Eg sé ekki betur en að mjög mikil réttarbót sé að þessu frumv. í öllu tilliti. En aðalkostinn tel eg það, að frumv. gengur í þá réttu stefnu, að blanda sér ekki inn í guðsdýrkun manna eða helgihald, en heldur sér við lögregluákvarðanir. Frumv. friðar að eins helgihald þjóðkirkjunnar, með því að banna ýmislegt, sem raskað gæti friði, eða truflað guðsþjónustu, og ákveður, hvers lögregluvaldið hefir að gæta fremur á helgidögum en öðrum dögum. Öll þau ákvæði, sem óviðkunnanleg eru í hinni eldri löggjöf, eru tekin burt, en að eins tekinn kjarninn úr henni. Eg vil þess vegna fastlega mæla með því, að háttv. deild láti þetta frumv. ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Önnur umr., 29. júlí (C bls. 256, n. bls. 353).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eins og eg tók fram við frh. 1. umr., eru breyt.till. þær, sem nefndin hefir komið fram með, mestmegnis orðabreytingar til skýringar. Efnisbreytingar eru aðallega tvær. I fyrsta lagi við 1. gr., orðin: »Þau verk, sem talin eru í

annari málsgrein þessar greinar, á húsbóndi heimting á að hjú hans vinni jafnt á helgum dögum sem virkum dögum« — falli burt. Slíkt ákvæði gæti ef til vill átt heima í hjúalögum, en alls ekki í þessum lögum; því eins og áður hefir verið tekið fram, eru þau að eins lögreglulög, til að ákveða, hvað gjöra megi á helgum dögum, án þess að friði þeirra verði álitið raskað, og hvers lögreglan hafi að gæta á þeim dögum, framar en á öðrum dögum.

Önnur efnisbreyting er sú, að gestgjafar og veitingamenn megi ekki veita mönnum áfenga drykki eftir kl. 6 á helgum dögum, og er það fullkomlega í samræmi við það, sem kom fram við 1. umr. málsins. Báðar þessar breytingar vona eg að gjöri frumv. aðgengilegra, og sama er að segja um orðabreytingarnar. Og með því ekki hafa komið fram neinar aðrar breyt.till., þá vona eg að málið fái að ganga sinn gang.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekki komið fram með neinar breyt.till. við þetta frumv. Eg ætla að eins að gjöra fáeinar athugasemdir, ef eg skyldi verða svo heppinn að háttv. framsm. eða nefndin verði mér samdóma og gjöri breytingar til 3. umr.

Í 1. gr. finst mér vera ofaukið nokkrum orðum; það eru orðin: »eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti«. Eg skil ekki, hvað þessi orð eiga að þýða, og álít þau með öllu óþörf.

Í 2. gr. eru það orðin: »og annar tilbúinn matur er seldur«, seinast í fyrstu málsgrein 2. gr. Í stjórnarfrumv., er lá fyrir '93, voru þessi orð ekki, og eg álít þau vera heldur til skemda en bóta. Það er í hverri sölubúð seldur tilbúinn matur, reyktur og niðursoðinn o. fl., svo að þess vegna má halda þessum búðum opnum og selja í þeim.

Ut af annari málsgrein vildi eg spyrja framsm., hvort það sé meiningin, að veitingamenn megi ekki selja næturgestum sínum öl eða vín með mat. Eg álít, að það nái engri átt, að maður geti ekki fengið öl eða vín með mat sínum jafnt á helgum dögum sem öðrum.

Þá virðist mér það óþarft, eins og nefndin hefir gjört, að búa til heila grein móti því, að halda markaði á helgum dögum.

Í 4. gr. kann eg ekki við orðalagið: »veizlur eða aðra hávaðasama fundi«; og virðist það hefði verið nóg að segja: »hávaðasama fundi«.

Í 7. gr. vildi eg gjarnan fá að vita, hvað meint er með »veraldleg efni«. Það held eg séu nokkuð óákveðin orð.

Um 9. gr. vildi eg gjarnan fá upplýsingu. Þar stendur, að kveldin fyrir stórhátíðarnar megi engar almennar skemtanir standa lengur en til miðnættis. Hér er sett tímatakmark að eins að aftan, en ekki að framan. Hvað á þá að reikna kveldið? (*Björn Bjarnarson*, þm. Dal.: Frá nóni). Það er nú ekki vanalegt, að kalla kvöld frá nóni.

Eg vil ennfremur spyrja háttv. frsm. hvort það sé meiningin, að kenna megi í skólum. Í tilsk. 28. marz '55 minnir mig að sé grein, sem bannar að kenna í skólum á helgidögum.

Svo gleymdi eg að minnast á annað. Eftir gildandi lögum er það eigi að eins brot að selja áfenga drykki á helgidögum, heldur einnig fyrir gestinn að láta veita sér vín á þeim dögum. Er það meiningin, að þetta sé svo eftir þessu lagafrv.?

Eg hefi ekki komið fram með neina breyttill.; eg álít að málinu væri miklu betur borgið, ef eg gæti sannfært nefndina um, að athugasemdir mínar séu á rökum bygðar, og taki hún þær að

einhverju leyti til íhugunar til 3. umræðu.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eg skal reyna að svara fáeinum orðum þessum atriðum, sem h. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir hreyft; og skal eg fylgja sömu röð og hann gerði.

Í 1. gr. fann hann að orðunum »á þeim stað eða með þeim hætti« og áleit þau óþörf. Eg álít ekki, að þau séu óþörf; því að ýms störf, sem ekki gera neinn sérlegan hávaða í sjálfu sér geta farið fram á þeim stað, að þau raski friði helgidagsins. (*Guðl. Guðmundsson*: Til dæmis að mala í handkvörn á kirkjulofti, meðan á guðsþjónustu stendur). Það er ekki einungis komið undir, hvar verkið er unnið, heldur og hvernig það er unnið; margt getur orðið truflandi að eins af þeirri aðferð, sem viðhöfð er, án þess þ ð í sjálfu sér þurfi að raska ró að neinu leyti, ef gætilega og stillingarlega er að farið.

Í 2. gr. fann hann að því, að það mætti halda opnum þeim búðum, þar sem seldur er tilbúinn matur, og fann því til foráttu, að þar undir kæmust allar búðir, af því að í flestum búðum séu seld niðursoðin matvæli. Eg get ekki fallist á að þau séu »tilbúinn matur«; með þeim orðum álít eg ekki hægt að meina annað en þann mat, sem er tilbúinn til þess að megi borða hann þá þegar; en sá matur, sem er í óuppskornum dósum, er ekki tilbúinn matur. (*Lárus H. Bjarnason*: Hann er tilbúinn, en ekki framreiddur). Hann er soðinn, en ekki búinn til neyzlu. (*Lárus H. Bjarnason*: En t. a. m. Skinke?). Skinke álít eg geti fallið undir tilbúinn mat, þegar búið er að skera hana niður í flísar. Það er hér talað um þann mat, sem seldur er í smáskömtum, sem ætlaður er til þess, að hans sé notið án frekari tilbúnaðar, en ekki um það, sem getur orðið matur einhvern tíma síðar.

Þá spurði hann viðvíkjandi sömu grein, þar sem veitingamönnum er bannað að veita áfengi á helgidögum þjóðkirkjunnar, hvort gestir, sem þar ættu heima, mættu ekki fá öl með mat sínum. Eg álít að þessi lög breyti engu í því frá því sem hefir verið. Slíkt hefir verið skoðað sem partur af matnum, en alls ekki sem sérstök vínveiting. Vínveiting er, að hafa þess konar drykki á boðstólum fyrir gesti, sem koma eingöngu í þeim tilgangi að fá sér drykkjarvöru; þeir, sem í veitingahúsi búa, skoðast alls ekki sem aðvífandi gestir. Gistihúsið er þeim heimili, meðan þeir búa þar, og þeim er frjálst að neyta í sínum híbýlum þess, er þeim sýnist. Það mun enginn kalla það veitingu, þó föstum gesti sé boðið öl með mat sínum. Háttv. þm. (L. H. B.) þarf vafalaust engan kvíðboga að bera fyrir því, að hann geti ekki fengið »snaps með matnum«, þótt frumvarpið verði að lögum.

Við 3. gr. fann hann að því, að markaðir væru bannaðir á helgum dögum, og skildist mér á honum, að það þyrfti ekki að banna það. En eg álít mjög óheppilegt að hafa hrossamarkaði og fjármarkaði, þegar lögreglan á að halda uppi almannafriði; því að slíkar samkomur geta oft verið hávaðasamar, og þar að auki er það kaup og sala, sem er bannað á öðrum stað í frumv. Þá fann hann að því, að vera að búa til heila grein um þetta efni; en þessi gr. er ekki nema liðlega hálf lína, svo að það ætti ekki að geta verið honum þyrnir í augum.

Í 4. gr. fann háttv. þm. (L. H. B.) að því, að talað er um »veizlur eða aðra hávaðasama fundi«. Það liggur ekki í orðunum, að veizlur þurfi að vera hávaðasamar. Mér finst það vera

alveg skýrt, þetta ákvæði, sem hér er. Það er leyft að halda allar veizlur, jafnvel þótt með vínföng sé farið og gleðskapur um hönd hafður eftir kl. 6 á sunnudögum, en ekki fyrir kl. 6; og eg skil ekki, hvernig hægt er að leggja annan skilning í það.

Í 9. gr. fann hann að því, að hann vissi ekki, hvað ákvæðið þýddi, um bann gegn almennum skemtunum kveldið fyrir helgidag, og talaði hann um, hve nær kveldið byrjaði.

Mér finst það ekki koma málinu við, hve nær kveldið byrjar; hér er að eins tiltekið, að skemtanirnar megi þau kveld ekki standa lengur en til miðnættis; endatakmarkið er tiltekið. Dagurinn fyrir helgidaginn er ekki helgi dagur og þá er öllum heimilt að halda áfram að skemta sér fram til kl. 12. (*Lárus H. Bjarnason*: Má maður skemta sér frá nóni til miðaftans?). Háttv. þm. blandar saman deginum fyrir helgidaginn og helgideginum sjálfum. Öðruvísi get eg ekki skilið þessa spurningu hans, nema hann eigi að eins við kveldin fyrir stórhátíðirnar. Ef svo er, þá liggur það svar við, að um það virðist sjálfsagt að fylgt sé þeirri reglu, sem farið hefir verið eftir til þessa. Eg veit ekki betur en að helgin hafi hingaðtil verið talin byrja kl. 6 fyrir stórhátíðir; þá hefir kirkjuklukkum verið hringt hér í Rvík og víðar, og gera þessi lög enga breytingu í því efni, heldur eru hér að lútandi ákvæði laganna að eins þess efnis, að friða þar þann tíma, sem eftir reglum þjóðkirkjunnar álízt heyra helginni til.

Þar nnæst kom háttv. þm. (L. H. B.) með fyrirspurn um, hvort mala mætti á mylnu á sunnudögum, og virðist ekki neitt vera móti því; en auðvitað má ekki mala á kirkjuloftum, meðan á guðsþjónustu stendur, eins og tekið var fram áðan. Eins virðist ekkert vera á móti því, að halda sunnudagaskóla, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við messugjörðina, enda eru slíkir skólar í sjálfu sér mjög lofsverðir. (*Lárus H. Bjarnason*: En latínuskólinn? Má hann ekki starfa á sunnudögum?). Frá sjónarmiði þessara laga er ekkert á móti því, en hér er auðvitað ekki verið að semja reglugerðir fyrir þá skóla, sem landið kostar og sér um. Fyrirkomulag þeirra kenslustofnana liggur fyrir utan þessa lagabálks verksvið. Háttv. sami þm. fann það enn til foráttu, að í þessu frumv. væri ekki talað neitt um, þá er veitingamenn selja vín á helgum dögum, og spurði, hvort þeir ættu ekki að teljast meðsekir veitingamanni.

Gagnvart þessu skal eg að eins taka það fram, að það er einn af kostum þessa frumv., að það sleppir því óeðlilega ákvæði núgildandi helgidagatilskipunar, er gerir ráð fyrir því, að sunnudagagestir verði fyrir sektum líka, þar sem þó hvergi er bannað neinum, að drekka hvað sem lystir á helgum dögum sem öðrum. Þetta, að gera ráð fyrir hegning fyrir verk, sem hvergi er bannað, er ósamkvæmni, sem ekki á að standa í lögum, og um meðsekt í slíku lögreglubroti getur naumast verið að ræða, að því er gestina snertir.

Það gladdi mig, að háttv. þm. Snæf. hafði ekki fleiri ástæður né þyngri á metunum gegn frumv., og vona eg, að það spái frumv. góðs byrjar hjá deildinni.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 175 1. gr. frumv.

1. liður samþ. með 20 atkv.

2. liður samþ. með 20 atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 20 atkv.

Breyt.till á þgskj. 175 við 2. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

2. gr. þannig br. samþ. m. 21 atkv.

3., 4 gr., 5. gr., 6. gr. samþykt með 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 175 við 7. gr. sþ. 20 atkv.

7. gr. þannig breytt sþ. m. 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 175 við 8. gr. sþ. með 19 atkv.

8. gr. þannig breytt sþ. m. 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 175 við 9. gr. sþ. með fyrri atkvgr.

9. gr. þannig breytt sþ. m. 18 atkv.

10. gr. samþ. með 20 atkv.

11. og 12. gr. samþ. með 20 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. m. 20 atkv.

Þriðja umr., 31. júlí (C bls. 406, breyt.till. 405).

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eg hefi á samt nokkurum öðrum háttv. þingdm. leyft mér að koma með breyt.till., sem fer fram á það, að skemtanir megi eiga sér stað á helgidögum þjóðkirkjunnar fyrir miðaftan, ef lögreglustjóri með samþykki sóknarprestsins leyfir það. Það getur verið óþægilegt að slíkar skemtanir séu með öllu bannaðar hvern ig sem á stendur. Eg skal nefna eitt dæmi. Eftir þessum lögum mundi vera ómögulegt að halda þjóðminningardag á helgum degi. En eins og til hagar í sveitum, er það nálega sama sem að fyrirgirða það hátíðarhald, með því að þjóðminningardagurinn mun falla á þann tíma árs, sem almenningi í sveitum er lítt-mögulegt eða jafnvel ómögulegt að taka þátt í honum. Breyt.till. er ekki einungis hagkvæm, heldur er hún líka mjög saklaus, þar sem bún setur þá trygging, að bæði þurfi samþykki lögreglustjóra og prests, til þess að opin ber skemtun megi hefjast fyrir miðaftan á helgum degi. Eg vona því að h. deild aðhyllist breyt.till. þessa.

Einar Jónsson: Eg verð að vera því mótfallinn, að þessi lög nái samþykki hér í deild, því að eg álít að hér sé um enga breyting til bóta að ræða. — Meginþorri ákvæða er hér hinn sami sem í tilskipun um sunnu- og helgidagahald 28. marz 1855. Það er að, eins 1. gr., sem hefir verulega önnur ákvæði en tilskipunin. Breytingin, sem hún fer fram á, er sú, að til miðaftans á helgidögum er bönnuð sú ein vinna, sem hefir þann hávaða í för sér eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins. Af þessu leiðir, að engin önnur vinna er bönnuð á helgum dögum. Aðalbreytingin verður því sú, að lögin miða að því, að draga úr þýðingu helgidagsins sem hvíldardags. Mér hefir heyrst á ýmsum háttv. þingdm., að þeir vilji í raun og veru engan veginn stuðla að þessu; en, eins og greinin er orðuð, stefnir hún þó beint að þessu, því að eftir miðaftan er engin vinna bönnuð á helgum degi, og fyrir miðaftan sú vinna ein, sem raskar friði helgidagsins. Af því að eg nú er á móti því, að dregið sé úr þýðingu helgidagsins sem hvíldardags, verð eg að vera á móti aðalbreytingu frumv. þessa. Hinar aðrar breytingar frumv. frá núgildandi löggjöf eru svo þýðingarlitlar, að eg tel það ekki borga sig, að fara að búa til ný lög til að koma þeim fram.

Öll helztu ákvæði frumv. er að finna í helgidagatilskipun 1855, þau er nokkurs er vert um, nema þetta atriði 1. gr., að ónauðsynleg vinna er ekki bönnuð. 8. gr. helgidagatilskipunarinnar er slept hér, það er að segja þeirri grein, að ekki megi kenna í skólum á sunnudögum og helgidögum. Mér finst að ekki hefði átt að sleppa með öllu ákvæðum þeirrar greinar, þótt eg hins vegar telji alveg rétt, að eigi sé hindruð kensla í hinum eiginlegu sunnudagaskólum.

Í 10. gr. er ekki neitt ákveðið um

það, hvert sektir þær, sem þar er gert ráð fyrir vegna brota á lögunum, eigi að renna, og væri þó þörf á því. Í tilskipun 1855 er ákveðið, að þær skuli renna í fátækrasjóð.

Í 12. gr. er svo ákveðið, að tilskipun 28. marz 1855 og opið bréf 26. sept. 1860, svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald séu feld úr gildi, en þó er í 1. gr. frumv. beinlínis tekið fram, að fyrirmæli laga $^{6}/_{11}$ 1897 skuli þó óröskuð standa. Þetta er að vísu ekki þýðingarmikið atriði, en færi þó betur á, að það væri lagað, t. d með því að taka ákvæðin úr lögunum frá 6. nóv. 1897 beinlínis upp í 1. gr. frumv. En hver eru svo þessi »önnur lagaákvæði«, sem nefnd eru í niðurlagi 12. gr.? Eg geng út frá því, að þar sé ekki átt við neitt, sem snertir sjálfa guðsþjónustuna, en þó vildi eg gjarna fá að heyra hjá háttv. framsm. (H. H.), við hvað þar er átt. Það sem eg hefi tekið fram í síðari hluta ræðu minnar, eru smáatriði, sem auðvelt er að laga. En það er 1. gr. frumv., sem gerir það að verkum, að eg get ekki greitt atkv. með málinu.

Framsögum. (*Hannes Hafstein*): Mér kemur það nokkuð óvart, að þessi mótmæli háttv. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skyldi koma fram fyrst nú við 3. umr. málsins. Eg fæ heldur ekki séð, að þau hafi við næg rök að styðjast, því þessi lög draga alls ekki úr helgi hvíldardagsins, heldur ákveða þau að eins nánara og »princip«-réttara verksvið löggjafarinnar í slíkum efnum. Þau afmarka þá skyldu, er hið opinbera tekst á herðar vegna guðsþjónustu þjóðkirkjunnar, en segja ekkert af né á um, hvort halda skuli hvíldardagana heilaga eða ekki. Þessi lög eiga að vera konfessionslaus og eiga eingöngu að vernda þá, sem vilja halda hvíldardaginn heilagan.

Eg hefi áður bent á, að það eru hegningarákvæði í hinni núgildandi helgidagalöggjöf, sem eru orðin úrelt. Auk þess er það mjög hart ákvæði, að veitingamenn skuli missa atvinnu sína, ef þeir brjóta lögin með því, að selja vín á helgidögum, þar sem kaupmenn fyrir sams konar brot að eins verða fyrir litlum sektum. Sömuleiðis er það óviðkunnanlegt fyrirmæli, að gestirnir sæti sektum, þegar veitingamaður verður sekur um ólöglega veitingu á helgidegi, þar sem það hvergi er bannað í lögum, að neyta víns á helgum dögum.

Úr öllu þessu bætir þetta frumv.

Eftir eldri lögum um þetta efni er lögreglueftirlitið, að því er helgidagsbrot snertir, að nokkuru leyti fengið í hendur próföstum og prestum. Eg lít svo á, að þetta heyri eingöngu undir lögreglustjórnina, og að það sé engin ástæða til að breyta út af venjulegum reglum í þessu efni. Eg álít réttast að hver hafi sitt, — borgaralegur réttur það sem honum ber, og kirkjan það »sem hennar er«.

Sé eitthvað við orðalagið á frumv. eða einstök smáatriði þess að athuga, þá efast eg ekki um, að hin háttv. Ed. muni lagfæra það.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 244 samþ. með 12 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 19 atkv. og afgreitt til Ed.

Einum r., 24. ágúst (C bls. 734, nefndarálit 748).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Háttv. Ed. hefir gjört nokkurar breytingar á frumv. frá því sem það var, er það fór héðan úr deildinni. Aðalbreytingin er í því fólgin, að bannið gegn þeirri vinnu, sem hefir þann hávaða í för með sér, að það raski friði helgidagsins, er látið gilda yfir allan daginn, í staðinn fyrir, að í frv., sem fór héðan úr deildinni, gilti það að eins

til kl. 6 e. m. — Þetta er í samræmi við þau lög, sem hingað til hafa gilt; önnur ákvæði í frumv., þar sem ýmislegt er bannað á þeim tíma, sem tiltekinn var í 1. gr., nefnilega tímanum til miðaftans, það er nú í frumv. frá Ed. leyft eftir miðaftan, svo að breytingin verður eiginlega engin.

Háttv. Ed. hefir bætt frumv. í ýmsum smáatriðum, þar á meðal tiltekið, hvert sektir ættu að renna, sem hafði fallið burt, en háttv Ed. hefir sett það inn aftur. Og sömuleiðis er skýrara tiltekið, að helgin á kvöldin fyrir stórhátíðir byrji við miðaftan, eins og tíðkast hefir.

Nefndin hefir athugað frumv. og komist að þeirri niðurstöðu, að þær breytingar, sem orðnar eru á því, séu ekki þannig, að þær gjöri frumv. óaðgengilegra, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumv. óbreytt.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Sjálfstjórnarkirkjufélög.

FRUMVARP til laga um óháð sjálfstjórnarkirkjufélög á Íslandi (C bls. 182); 1. umr. 8. júlí.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.): Það munu víst flestir skynsamir, hugsandi menn vera mér samdóma um, að það mál, sem hér liggur fyrir, sé í eðli sínu félagsmál. Eins og nú er ástatt, gengur allmikill hluti af starfstíma þings og stjórnar til þess að fjalla um trúar- og kirkjumál. Frumv. þetta miðar til að koma þessu í réttara horf og mundi það spara þingi og stjórn mikinn tíma. Málið er nýmæli, en eg vona að enginn finni að því, þó á þessu fyrsta þingi hinnar nýbyrjuðu aldar komi fram nýjar hugsjónir í einhverjum atriðum í löggjafarstarfinu. Geta skal eg þess, að frumv. er samið af nefnd, sem prívatfélag skipaði í vetur til að finna ráð í þessa átt. Málið er svo vaxið, að eg get búist við, að háttv. þingd. vilji láta íhuga það nánara í nefnd, en eg vil þó ekki nú þegar gera tillögu um nefndarkosningu, ef ske kynni að fleiri vildu taka til máls.

Þórður Guðmundsson: Þó að eg álíti að það séu mörg mál, sem standa mikið nær þörf og ósk þjóðarinnar, heldur en þetta mál, og tími þingsins svo dýrmætur, að ekki megi eyða honum að óþörfu. En hvað þetta mál snertir, þá er því að minu áliti svo varið, að ekki er gjörlegt að stinga því algjörlega undir stól þegar í stað, en aftur á móti vona eg að deildin vilji ræða það áður en hún tekur ákvörðun í því. Eins og eg sagði, eru þau mál æðimörg og mikilsvarðandi, sem liggja eða koma til að liggja fyrir þessu þingi, og deildin ætti ekki að eyða tímanum frá þeim, með því að kjósa nefndir í þau frumv., sem hún ætlaði sér að fella. Með tilliti til þess frumv., sem hér liggur fyrir, þá er það augljóst, að það snertir afarþýðingarmikið mál, mál, sem er nú mjög ofarlega á dagskrá hjá þjóðinni, nefnilega aðskilnað ríkis og kirkju. — Að þetta frumv. sé spor í áttina er nú engum vafa undirorpið, en hitt er óvissara, hve langt sporið sé stigið, hvort það sé stigið heilt eða hálft, og til þess að athuga það væri máske þörf á að nefnd sé kosin í málið. Eg fyrir mitt leyti er nú á þeirri skoðun, að sporið sé ekki stigið alt, heldur hálft, en með því þó að það er þó spor í áttina, og með því að málið sjálft, — aðskilnaður ríkis og kirkju — er svo afar-þýðingarmikið í sjálfu sér, þá verð eg þó að vera með því, að kjósa nefnd í málið,

jafnvel þótt búið sé að skipa töluvert margar nefndir nú þegar; eg vil þó ekki gera neina uppástungu í þá átt, bæði vegna þess, að fleiri háttv. þm. kunna að óska eftir að taka til máls, og eins vegna þess, að eg býst við uppástungu í því efni frá flutningsmönnum frumv.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.): Úr því menn ekki taka til máls, þá skal eg leyfa mér að óska þess, að 5 manna nefnd sé skipuð í það.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Samþ. að kjósa nefnd.

Að viðhöfðu nafnakalli var fyrst borin upp tillagan um 3 manna nefnd, og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundsson,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	B. Bjarnarson, Bf.
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Torfason,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Skúli Thoroddsen,	Lárus Bjarnason,
St. Stefánss., Skgf.,	Pétur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.,	Sigurður Sigurðsson
Þórður Thoroddsen.	St. Stefánsson, Eyf.,
	Tr. Gunnarsson.
	Þórður Guðmundss.

Með því að 3 manna nefnd þannig var feld með 12 : 10, áleit forseti 5 manna nefndina samþykta, og voru í hana kosnir:

Einar Jónsson	með 17	atkv.
Björn Bjarnarson þm. Bf.	m. 16	—
Hannes Þorsteinsson	með 12	—
Bj. Bjarnarson þm. Dal.	m. 11	—
Magnús Torfason	með 9	—

Fyrstu umr. frestað.

Nefndarálit C bls. 794.

Gjaldskylda utanþjóðkirkjumanna.

FRUMVARP til laga um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna (C bls. 231); 1. umr., 11. júlí.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.): Þetta frumv. sem hér liggur fyrir er svo einfalt, að það virðist ekki þurfa að mæla mikið með því. Eins og kunnugt er, voru, samkvæmt heimild í 46. gr. stjórnarskrárinnar, 1886 gefin út lög fyrir utanþjóðkirkjumenn. Í lögum þessum er þó ekki farið lengra í að losa utanþjóðkirkjumenn við gjöld til prests og kirkju en það, að þeir eru losaðir við að borga offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund. Eins og þá stóð á, þótti ekki vogandi að fara lengra; en nú er í þessu frv. farið fram á, að leysa þá undan öllum gjöldum til prests og kirkju. Þau gjöld, sem nú eru heimtuð af utanþjóðkirkjumönnum, eru jarðartíund og húsa, og breytingin, sem farið er fram á, er því ekki önnur en sú, að losa þá einnig við þessi gjöld. Eg ímynda mér, að það sé almenningsálit og verði einnig álit þingsins, að öll sanngirni mæli með því, að þeir séu einnig lausir við þessi gjöld. Eg vona, að svona óbrotið mál fái að ganga rakleiðis í gegnum þingið, án nokkurs farartálma, og skal því ekki tefja tímann með langri ræðu.

Þórður Guðmundsson: Það verður ekki sagt, að þetta frumv. sé svo langt eða margbreytilegt, að það þess vegna þurfi mikilla athugana við; en þó vildi eg leyfa mér að leiða athygli manna að því, að það er engu að síður ýmislegt, sem þarf að athuga og taka til greina, áður en það er samþykt. Eg skal gjarnan játa það, að það er margt, sem mælir með því, að það sé sanngjarnt, að losa utanþjóð-

kirkjumenn við þessi gjöld; en á hinn bóginn má maður heldur ekki gleyma því, að málsaðilarnir eru tveir, og að það þarf að athuga, hvernig þeir hvor um sig standa gagnvart frumv. Það er enginn vafi á því, að verði frv. samþykt nú, sem eg fyrir mitt leyti ekki eindregið vil leggja á móti, þá legst hér mikil byrði á landssjóð. Hvað hinn aðalmálsaðilann snertir, nefnilega prest og kirkju, þá er það auðséð, að verði sú hugsun ríkj, að losa sig úr þjóðkirkjunni og á þann máta undan öllum gjöldum til prests og kirkju, þá er réttur þeirra þar með fyrir borð borinn. Við skulum setja það dæmi, að helmingurinn eða jafnvel $^2/_3$ partar af einhverjum söfnuði finni hvöt hjá sér til að mynda nýjan söfnuð, þá er auðsætt, að tekjur prestsins og kirkjunnar skerðast stórkostlega, og mundi það vera rétt, að láta það koma niður á prestinum og kirkjunni? Það er hætt við, að ef mikið þykir um beiðnir frá prestum nú um eftirgjöf af lánum og uppbót á brauðum, þá mundi það sannarlega ekki minka við þessi lög. Eg býst nú við, að eg mundi fá það svar, að nóg ráð séu fyrir prestinn til að fá sér aðra atvinnu eða komast í annan söfnuð, sem óskertur er; en eg vil benda flutnm. á það, að prestar hafa fulla rétt á að fá laun sín bætt, ef þau missast upp á þennan máta; en þá standa kirkjurnar eftir ráðalausar til að fullnægja þeim hluta safnaðarins, sem eftir er. Þetta var það, sem eg vildi að þingdeildin tæki til athugunar, áður en hún samþykti frumv., enda kom fram á þinginu '93 frumv. mjög líks efnis, en var þá felt. Eg tók það fram þegar í upphafi, að miklar sanngirniskröfur mæltu með því, að losa utanþjóðkirkjumennina við þessi gjöld, en verð jafnframt að taka það fram, að mér finst það vera réttara af löggjafarvaldinu, að stíga sporið heilt í þessu máli um aðskilnað ríkis og kirkju, heldur en að hleypa inn fleygum, sem geta grafið ræturnar undan þjóðkirkjunni, svo að hún hljóti að hrynja, því það mundi særa tilfinningar margra manna. Enginn skyldi þó skilja orð mín svo, sem eg sé algerlega mótfallinn þessu frumv., heldur vildi eg að eins leiða athygli þingsins að þessu.

Sigurður Sigurðsson: Eg stend upp að eins til að gera stutta athugasemd. Eg verð að líta svo á, að þetta frumvarp sé hvorki heilt né hálft. Það eru vitanlega til menn, sem ekki kæra sig um að vera í neinu kirkjufélagi. Til þessara manna tekur frumv. ekkert tillit, og verða þeir jafnt eftir sem áður að borga öll gjöld til prests og kirkju, þótt þetta frumv. yrði lög. Færi frv. aftur á móti fram á, að losa einnig þá undan öllum gjöldum til prests og kirkju, þá skyldi eg fyrir mitt leyti vera með því.

Eg fæ ekki betur séð, en að þeim mönnum, sem þannig er ástatt fyrir, sé óréttur gjörður með því, að neyða þá til að vera í kirkjufélögum, sem þeir helzt vilja vera lausir við; og eitthvað finst mér það vera leiðinlegt, að neyða menn til að borga gjöld til manna og stofnana, sem þeir hafa ekkert traust á og helzt vilja ekkert hafa saman við að sælda. Í því trausti, að frumv. verði lagað eitthvað í þessa átt, sem eg hefi tekið fram, skal eg leyfa mér að stinga upp á, að því verði vísað til nefndarinnar um sjálfstjórnarkirkjufélög.

ATKVGR.: Samþ. með 16 atkv., að vísa málinu til nefndarinnar í næsta máli á undan

Kirkjugarðar.

FRUMVARP til laga um kirkjugarða og viðhald þeirra (C bls. 360);. 1., umr., 26. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 30. júlí (C bls. 360; brt. 413).

Einar Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með br.till. við þetta frumv.; þær eru ekki mikilvægar, og vona eg að háttv. deild fallist á þær.

Sú 1. er, að orðið »sálaðra« í 1. gr. falli burt. »Sálaðra«-hlið hefi eg aldrei heyrt, heldur sáluhlið, og hygg, að það eigi ekki skylt við »sálaður«, heldur hafi þar sama hugsun vakað fyrir mönnum, eins og þegar talað hefir verið um, að svo og svo margar sálir væru í sókn eða kalli, í staðinn fyrir »menn«, og manntal var kallað »sálnaregistur« o. s. frv. Enda fara fleiri um þetta hlið kirkjugarðsins en sáluðir menn. Mér finst því nægja, að hafa orðið »hlið« eingöngu.

Eins og 3. gr. er orðuð í frv., geta hvað fáir menn sem vera vill ráðið úrslitum á fundi, jafnvel þó ekki séu fleiri en 3, og er það ekki sanngjarnt, að þeir fái að ráða fyrir alla sóknina. Ef t. a. m. væri um það að ræða, hvort gera skyldi girðing úr torfi, steini eða tré, er ekki rétt, að það geti orðið afgert af örfáum sóknarmönnum og allir aðrir sóknarmenn verði að hlíta þeirra ákvörðun. Ályktun fundarins á auk þess að vera fullnaðarályktun, sem ekki verður breytt eða skotið lengra. Því er farið fram á í br.till., að ályktun fundarins skuli þá fyrst gild, ef helmingur atkvæðisbærra sóknarmanna er á fundi. Eg þykist reyndar vita, að háttv. Ed. hafi álitið nægа tryggingu fyrir því, að fundur yrði eigi gjörræðisfullur sökum fámennis, vera setta með því, að í upphafi greinarinnar er ákveðið, að fund skuli boða með nægum fyrirvara og skýrt skuli tiltekið fundarefni; en það kann oft til að vilja, að færð eða veður banni fundarhald, nema máske fáeinum mönnum, að sjómenn séu af nauðsyn á sjó o. s. frv. Þess vegna hefi eg álitið réttara, að binda úrslit málsins ekki við einn fund að eins, heldur skyldi kalla til fundar aftur, ef fyrsti fundur yrði of fámennur. En til þess að sóknarmenn geti þó ekki eytt máli með því að mæta ekki, álít eg rétt, að sá fundur sé fullnaðarfundur, þó að þá mæti eigi helmingur atkvæðisbærra manna, og $^2/_3$ atkv. þeirra manna, sem á fundinum eru, ráði úrslitum. Þetta er aðalefnisbreytingin í br.till., og gerir hún ákvæði greinarinnar mildari og sanngjarnari.

Eg skal að lokum geta þess, að eg hefi talað við einn mikilsvirtan þm. í Ed., og hefir hann tjáð mér, að ekkert muni vera því til fyrirstöðu, að frumv. nái samþ. þeirrar deildar, þó að breyt.-till. þessar verði samþ. hér.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 251 við 2. gr. samþ. með 19 atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. þgskj. 251 við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig breytt sþ. í einu hlj.

Viðauki á þgskj. 251 við 3. gr. samþ. með 20 atkv.

4., 5. og 6. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 251 við 7. gr. samþ. án atkv.gr.

7. gr. þannig breytt sþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 251 við 8. gr. samþ með 16 atkv.

8. gr. þannig breytt sþ. með 20 atkv.

9. gr. óbreytt samþ. í einu hlj.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 9. ágúst (C bls. 417, breyt.till. 420).

Björn Bjarnason, þm. Borgf.: Eg hefi komið hér fram með breyt.till. við 7. gr. 5. málsgr. frumv. þessa á þgskj. 256. Breyt.till. fer fram á að gjöra það mögulegt, að löngum tíma liðnum, að byggja í gömlum niðurlögðum kirkjugarði hús, sem ekki er kjallari undir, og að leggja nauðsynlegar neðanjarðarleiðingar. Því svo getur staðið á í bæjum eða kaupstöðum, að hinn niðurlagði kirkjugarður liggi í miðjum bæ, en skurði þurfi að grafa til rafmagnsleiðslu, vatnsleiðslu eða lokræsa, og væri ósanngjarnt að hindra slíkt um alla ókomna tíð. Eg álít, að 50 ár sé nægilega langur tími, frá því er síðast var grafið lík í garði, og mun það vera fult svo langur tími eða lengri en ákveðinn er um slíkt í öðrum löndum. Eg sé þess vegna ekkert því til fyrirstöðu, að breyt.till. geti komist að, og vænti samþykkis deildarinnar á henni.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 256 samþ. með 14 atkv.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í einu hlj., og endursent Ed.

Fjárhald 3 landssjóðskirkna.

FRUMVARP til laga um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfuðum í hendur (C bls. 357); 1. umr., 29. júlí.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Frumv. þetta er þannig til orðið, að í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er farið fram á töluvert miklar fjárveitingar til viðgerðar og viðhalds Langholtskirkju og Þykkvabæjarklausturskirkju, og þar að auki hafa fjárlaganefndinni borist tillögur landsh., þar sem hann fer fram á, að veittar séu undir 3000 kr. til viðgerðar Vestmanneyjakirkju, en jafnframt skýrt frá, að ekki mundi veita af 5000 kr. til þess, að gera svo við hana, að hún yrði í viðunanlegu standi. Þessar fjárbænir til landssjóðskirkna koma fram á hverju þingi, og fara alt af vaxandi, og það er augljóst, að það er að eins til óhagnaðar fyrir landssjóð, að hafa fjárhald og umsjón kirknanna á hendi. Tekjurnar af þeim eru ekki nema um 100 kr. á ári, en útgjöldin til þeirra fara stöðugt vaxandi. Það virðist sama eiga sér stað með kirkjurnar og annað, sem landssjóður kostar, að menn geri nokkuð rífar kröfur, þegar hann á í hlut. Vildum vér því, að söfnuðirnir tæki sjálfir kirkjurnar að sér, því þá virtist oss, að eftirlitið með þeim mundi verða betra, og fjárhaldið færi fram með meiri sparnaði og hagsýni en nú. Fjárlaganefndin vildi því gera alt það, sem í hennar valdi stæði til þess, að fá söfnuðina til þess að taka þessar kirkjur að sér. Söfnuðum þeim, sem hér eru nefndir, hefir að sönnu verið boðið áður, að taka kirkjur sínar að sér, en þeir hafa neitað því til þessa með þeim kostum, sem í boði hafa verið. Þannig var samþ. á þinginu 1897, að söfnuður Langholtskirkju gæti tekið þessa kirkju að sér gegn 2,500 kr. álagi, en söfnuðurinn hefir neitað að ganga að þessu boði. Fjárlaganefndin hefir því stungið upp á, að hækka tillagið, og bjóða söfnuðinum 3,200 kr. með kirkjunni, og vonar hún, að hann standi sig við að gera kirkjuna sómasamlega úr garði fyrir þá upphæð, og muni ganga að boðinu.

Á þinginu 1897 var söfnuði Þykkvabæjarklausturskirkju sömuleiðis boðið, að taka að sér umsjón og fjárhald þeirrar kirkju, með því að hann fengi 1000 kr. álag og fjörur þær, er kirkj-

unni fylgja, en söfnuðurinn hefir ekki viljað ganga að því. Nefndin hefir því farið fram á, að hækka álagið upp í 1800 kr.

Söfnuður Vestmanneyjakirkju vildi taka að sér kirkjuna þar með 7000 kr. álagi, en þinginu þótti það of hátt, og vildi ekki ganga að því. Mál þetta var fyrir síðasta þingi, og vildi nefnd sú, er skipuð var í málið, færa tillagið niður í 6000 kr., en frumv. um þetta efni féll hér í háttv. Nd. með 11 atkv. gegn 11, en 1 þm. var fjarverandi. En þar sem útgjöldin til kirkju þessarar fara sívaxandi, og fara langt fram úr tekjunum, hlýtur það að vera hagur fyrir landssjóð, að losna við kirkjuna, þótt henni væri lagt ríflegt tillag í eitt skifti fyrir öll. Fjárlaganefndin mun því vera á móti fjárveitingum til viðgerðar kirkjunnar, til þess að knýja söfnuðinn að taka því fremur við henni, en vill hins vegar hækka meðlagið með henni til þess, að fá söfnuðinn til að taka því fremur við henni.

Eg sé, að hér er komin breyt.til. um, að lækka þetta tillag, en hún liggur ekki fyrir til umr. nú, enda er tími til, að minnast hennar við 2. umr.

Eg leyfi mér því, að óska þess, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Eg sé, að fjárlaganefndin vill vinna mikið til, til þess að losna við landssjóðskirkjurnar, enda munu allir vera samdóma h. framsm. (V. G.), að það væri mikil þörf fyrir landssjóðinn, að losna við tillögin til þessara kirkna. Þessar landssjóðskirkjur hafa líka verið að flækjast fyrir þinginu ár eftir ár, og þannig tafið fyrir öðrum málum, og þar að auki gjörast þær æ heimtufrekari um meira tillag úr landssjóði. En eg vil þó vara háttv. deild við því, að viðhafa sparn að í fjárframlögum sínum, svo kirkjur þær, sem eftir verða, hafi ekki réttlætiskröfu, að krefjast hins sama tillags eftir réttu hlutfalli við mannfjölda safnaðanna. (*Landshöfðingi*: Það er þá ekki eftir nema Reykjavíkurkirkja). Þegar minst er á Reykjavíkurkirkju, þá má taka hana til samanburðar. Það virðist æði-ríft tillag, að vilja leggja 6500 kr. með Vestmanneyjakirkju, því það yrði sama sem 12 kr. á hvern mann í þeim söfnuði eftir manntalinu þar. Eftir sama hlutfalli væri það réttmæt krafa, að Reykjavíkursöfnuður fengi 80,000 kr. álag með sinni kirkju eftir mannfjölda, og gæti það orðið æðitilfinnanleg útlát fyrir landssjóð.

Eg er einn í tölu þeirra manna, sem er á því máli, að nauðsynlegt sé fyrir landssjóð, að losna við landssjóðskirkjurnar, en eg vil fara varlega í því, að fara fram yfir álag það, sem sanngjarnt er, eða leggja kirkjunum eins mikið og þær væru bygðar frá grunni, því eitthvað úr viðum gömlu kirknanna ætti þó að mega nota í nýja kirkjubyggingu.

Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta við 1. umr., en geymi mér rétt til, að minnast breyt.till. þeirrar, er eg hefi komið fram með til 2. umr.

Landshöfðingi: Eg álít illa farið, að fjárlaganefndin hefir farið þessa leið, sem háttv. framsm. (V. G.) hefir skýrt frá, gagnvart 2 af kirkjum landssjóðs, nefnilega Langholtskirkju og Þykkvabæjarklausturskirkju. Stjórnin hefir farið fram á, að veitt yrði fé það til aðgjörða á þeim, sem nefnt er í fjárlagafrumv., vegna þess, að kirkjustjórnin sýndi fram á, að kirkjur þessar væru orðnar í svo lélegu ástandi, að þær væru ekki messufærar, og væri það skylda landsstjórnarinnar, að koma þeim í sæmilegt ástand. En sé nú skelt skolleyrunum við þessu, er hætt við að söfnuðirnir fari aðra leið, eins

og minst hefir verið á úr annari átt, og fari í mál við landstjórnina.

Það er kunnugt, að söfnuðir þessir eru ófúsir á, að taka þessar kirkjur að sér með álagi, að minsta kosti því, sem boðið hefir verið, og jafnvel þó það væri hækkað; en öðru máli væri ef til vill að gegna, ef gert væri við kirkjurnar svo sem nauðsynlegt er, og þeim væri lögð nauðsynleg áhöld og ornamenta, því þá væri miklu meiri líkur til, að söfnuðirnir mundu fást til að taka kirkjurnar að sér, enda mundi sú aðferðin mælast betur fyrir heldur en að reynt sé að neyða söfnuðina til að taka við kirkjunum með því að neita um viðgerð og viðhald á þeim.

Eg vildi gjarnan, vita hvað stjórnin eigi að gjöra, ef söfnuðirnir neita að taka að sér kirkjurnar, og vilja fá viðgjörð á þeim, en landstjórnin hefir ekkert fé milli handa til þess. Á hún þá að taka féð traustataki úr landssjóði eða bíða eftir málssókn og borga svo á sínum tíma bæði viðgjörðina og málskostnað?

Mér finst þetta töluvert vandamál, og leið sú, er h. fjárlaganefnd hefir valið í því, hvorki hin liðlegasta né heppilegasta.

Guðlaugur Guðmundsson: Hæstv. lh. hefir tekið það ómak af mér, að tala verulega í þessu máli að því er þessar 2 kirkjur, Langholts- og Þykkvabæjar-klausturskirkjur, snertir. En eg skal að eins gefa þær upplýsingar, að því er söfnuði þessa snertir, að eg tel mjög óvíst, að þeir vilji taka við kirkjunum með framlagi því, sem hér er farið fram á að veita. Það hagar nokkuð sérstaklega til í þessum bygðarlögum, sérstaklega í Langsoltssókn. Svo stendur á, að landssjóður á þar allar jarðir, en þær eru undirorpnar stöðugum skemdum og eyðingu ár frá ári, og það er hætt við, að sé framvegis eins og hingað til sýnt gersamlegt skeytingarleysi í því, að verja hérað þetta skemdum, þá mundi bygðarlag þetta verða gjöreytt eftir 15—20 ár.

Eg álít, að það hafi verið betra og hyggilegra fyrir fjárlaganefndina, að leggja til að verja því fé, er hún vill láta ganga til álags þessum 2 kirkjum, til varnar skemdum á þeim 100 fasteignarhundruðum, sem landsjóður á þar í bygðarlaginu. Hefði ef til vill hrokkið langt til þess álagið, er hún vill veita til annarar kirkjunnar. Eg held að það hefði verið hyggilegra, en að bjóða þetta fjárframlag, því það er naumast að búast við því, að menn vilji takast þungar fjárábyrgðir á hendur í þeim héruðum, sem auðn og eyðing vofir yfir. Mér finst það engum vafa undirorpið, að fari söfnuðirnir í mál við landstjórnina, geti þeir fengið hana dæmda til að gera við kirkjurnar og setja þær í sæmilegt ástand.

Eg kann ekki við, að fara að greiða atkvæði á móti þessu frv., en eg vil að eins láta fjárlaganefndina, sem flytur þetta mál, vita, að eg álít að heppilegra hefði verið, að láta gera fyrst við kirkjurnar, og bjóða söfnuðunum þær í sæmilegu standi, og þyrfti þá ekki nýrra lagaákvæða við, því lögin frá 1897 eru enn í gildi.

En að öðru leyti álít eg, að hyggilegra hefði verið, að veita fé til að verja landeignir landsjóðs þar eystra fyrir ágangi og eyðilegging, en að kaupa af sér þessa kirknaskrokka, sem söfnuðirnir vilja ekki taka við.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundson*): Það getur verið álitamál, hvort annar vegur sé betri en sá, sem fjárlaganefndin hefir valið í þessu máli.

Það hefir sýnt sig, að þó veitt hafi verið fé til að gera við landssjóðskirkjur, þá hafa þær eftir fá ár verið orðnar í jafnslæmu ástandi og áður,

og gert enn þá hærri kröfur en fyr. Þessar landssjóðskirkjur eru eins og botnlaus hít, eins og sálir prestanna, sem aldrei er hægt að fylla.

Þar sem hæstv. lh. áleit, að bezt mundi að gera við kirkjurnar fyrst, og bjóða söfnuðunum þær eftir viðgerðina, þá virðist fjárlaganefndinni heppilegra, að hækka álagið svo sem viðgerðinni nemur, því hún mundi verða ódýrari og jafnvel betri í höndum safnaðanna en landstjórnarinnar. Viðgerðin við Þykkvabæjarklausturskirkju er samkvæmt athugasemdum við fjárlagafrv. áætluð 750 kr. fyrir utan skrúða, er hana vantar, en nú er farið fram á að hækka álagið um 800 kr. Álagið á Langholtskirkju er líka hækkað um 700 kr., en viðgerðar kostnaðurinn áætlaður 900 kr. í frv. stjórnarinnar, en yrði líklega minni, ef söfnuðurinn annaðist sjálfur viðgerðina. Það er því vonandi, að söfnuðirnir vilji nú taka kirkjurnar að sér fremur en áður, þegar kostnaðurinn til viðgerðarinnar er tekinn með upp í álagið, svo framarlega sem þeim er ant um, að halda uppi guðsþjónustu hjá sér.

H. lh. spurði, hvað landstjórnin ætti að gera, ef söfnuðirnir vildu ekki taka við kirkjunum með þessum kjörum, hvort þingið vildi þá veita fé til viðgerðar kirknanna með aukafjárveitingu, eða láta söfnuðina fara í mál við landstjórnina. Eg efast um, að kirkjurnar sé í svo illu ástandi, sem sagt er, en séu skýrslurnar réttar, þá hefir líka því fé, er þeim hefir verið veitt áður, ekki verið vel varið.

Eg álít, að fara eigi þá leið, er nefndin stingur upp á, og að hún verði farin til þrautar, og beðið átektar með málssókn, ef á þarf að halda.

Þar sem háttv. þm. Skaftf. (Guðl. G.) tók fram, að hann vildi, að því fé, sem verja ætti til kirknanna, væri varið til einhvers, sem væri arðberandi fyrir héraðið (*Guðlaugur Guðmundsson*: Með því, að bæta jarðirnar), þá liggur slíkt fyrir utan það mál, sem hér liggur fyrir.

Finn eg því ekki ástæðu til, að svara því, og vona, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr., 31. júlí (C bls. 357, breyt.till. bls 401).

Þórður Guðmundsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með litla breyt.till. á þingskj 236 viðvíkjandi þeim landssjóðskirkjum, sem hér á þingskj. 179 er farið fram á að fá hlutaðeigandi söfnuðum í hendur. Hér er vitaniega ekki um miklar upphæðir að ræða, en munar þó dálítið um það, þegar mörg smágjöld koma saman, enda blandast mér ekki hugur um, að álagið eða réttara sagt heimanmundurinn, sem kirkjunum á að fylgja, er mjög sómasamlegur, þrátt fyrir það, þótt breytingartill. mínar yrðu samþyktar.

Eg tók fram við 1. umr., hve miklu heimanmundur þessi næmi, væri honum jafnað niður á meðlimi safnaðarins. — Í Vestmanneyjum mundi það nema hér um bil 12 kr. á mann; í Langholts- og Þykkvabæjar-klausturssóknum nokkru minna, eða 10½ króna á manninn. — Nú er áreiðanleg reynsla fengin fyrir því, að það má byggja mjög sómasamlega kirkju fyrir 8—9 krónur á mann. Þetta get eg sannað með minni eigin reynslu, því eg hefi fengist við kirkjubyggingu.

Annars verð eg að álíta það vafasamt, eftir ræðu h. hæstv. landsh. við síðustu umr., hvort það eigi að afhenda söfnuðunum þessar tvær kirkjur í Vesturskaftafellssýslu, þar sem svo lítur út, sem vonum bráðara þurfi að byggja þær

báðar upp, eða að minsta kosti þurfi þær mjög bráðrar aðgerðar við.

Mér finst það einnig varasamt af þinginu, að samþykkja frumv. óbreytt, vegna þess, að það með því gefur öðrum söfnuðum dæmi, er hvetur þá til, að vera frekir í kröfum sínum um álag með þeim kirkjum, sem þeir kynnu að taka að sér. — Eg vonast því til, að þar sem hér er mjög hóglega í sakirnar farið, þá sjái þingdeildin, að breyt.-till. mínar eru mjög sanngjarnar, og hafa við mikil rök að styðjast, og lofi þeim því að ganga fram.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Eg get ekki fyrir hönd nefndarinnar mælt með breytingartill. háttv. þm. Rangv. (Þ. G.). — Eins og eg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá stendur svo á hér, að það er farið fram á töluvert mikla upphæð, 2250 krónur, í fjárlagafrumv. stjórnarinnar til þess, að gera við Þykkvabæjar-klausturs- og Langholtskirkjur og útvega skrúða í þær, og í skjali, sem eg hefi liggjandi hér fyrir mér, og sem hæstv. landsh. hefir afhent fjárlaganefndinni, er farið fram á um 5000 kr. fjárveitingu til aðgerðar á Vestmanneyjakirkju. Væru nú tillögur fjárlaganefndarinnar samþyktar, mundi töluvert af því fé, sem þar er farið fram á að leggja með þessum kirkjum, ganga í aðgerðina, en landssjóður um leið losna við kirkjurnar fyrir fult og fast. Aftur á móti yrði það landssjóði langtum dýrara, að veita þetta fé til kostnaðar við aðgerðir á kirkjunum, því reynslan hefir sýnt það, að þessar beiðnir um fé til aðgerðar á kirkjum koma aftur og aftur á ný, og eins mundi verða með þessar. — Eg hefi ekki hjá mér neina skýrslu yfir þær upphæðir, sem búið er að verja til Þykkvabæjar- og Langholtskirkju, en það man eg glögt, að þær hafa oftar en einu sinni verið hér fyrir þinginu, bæði styrkbeiðni til að járnklæða þær, og kaupa orgel í þær og fleira; en yfir tekjur og gjöld Vestmanneyjakirkju hefi eg skýrslu, og er hún þannig: Bruttótekjur kirkjunnar hafa á 10 ára tímabilinu 1888—97 numið að meðaltali á ári 204 kr. 80 aur., en af þeim hafa gengið til árlegra þarfa hennar að meðaltali á ári 100 krónur 54 aur., og hafa þá nettó-árstekjurnar verið að meðaltali 104 kr. 26 aur. eða samtals á téðu 10 ára tímabili 1005 krónur 40 aur. — Hins vegar hafa í fjárlögum oft verið veittar stórar fjárupphæðir til kirkjunnar. Eg skal taka annað 10 ára tímabil til samanburðar, árin 1885—95.

Í fjárl.	1884—85	voru veittar		1100 kr.
- —	1886—87	—	—	1000 —
- —	1888—89	—	—	300 —
- —	1894—95	—	—	500 —
			alls	2900 kr.

eða nærri 3000 kr., en tekjurnar á jafnlöngu tímabili rúmar 1000 krónur eða 1042 kr. 60 aur.

Þegar svona er haldið áfram, er kirkjan sannarlega þungur ómagi á landssjóði, og það virðist vera vel tilvinnandi, að leggja kirkjunni í eitt skifti fyrir öll þessar 6500 kr., til að losast við hana.

H. háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) áleit hættulegt fyrir þingið, að veita þessar fjárupphæðir, vegna þess *eftirdæmis*, sem það gæfi söfnuðum annara kirkna í að vera frekir í kröfum sínum um álag með kirkjunum; en eg skal benda h. háttv. þm. Rangv. (Þ. G.) á, að það er óþarfi fyrir landssjóð, að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, því að undanskildum þessum þrem kirkjum er ekki eftir nema ein landssjóðskirkja á öllu landinu, nefnilega dómkirkjan í Reykjavík, og að farið verði fram á, að taka

hana af landssjóðnum, þarf víst ekki að óttast.

H. háttv. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði einnig, að meðlagið með kirkjunni væri svo hátt, að það næmi 12 kr. á mann í söfnuðinum, en eg held, að það sé ekki rétt. Hann hefir víst ekki tekið tillit til þess, að íbúunum hefir fjölgað, svo að þeir munu nú vera um 600. — En auk þess er þar á vetrum við sjóróðra fjöldi fólks úr Rangárvallasýslu, stundum alt að 500 manns, og hefði eg því búist við, að hann mundi mörgum öðrum fremur styðja að þessu, þar sem svo margir úr hans eigin kjördæmi nota og hafa um langan tíma notað Vestmanneyjakirkju.

Hvorirtveggju hinir söfnuðirnir, bæði Þykkvabæjarklausturs og Langholtskirkju, hafa reynst ófáanlegir til, að taka að sér kirkjurnar með því álagi, sem hingað til hefir verið boðið, og það er því ekki til neins annað en bjóða hærra en áður, og hvað Vestmanneyjar snertir, þá hefir söfnuðurinn þar ekki viljað taka kirkjuna að sér fyrir minna en 7000 kr., og er meir að segja ekkert líkinn í það einu sinni. Það er að eins að þakka einum málsmetandi manni þar, sem borið hefir málið í gegn, að ef söfnuðurinn fæst til að taka kirkjuna að sér, og það er því ekki til neins að reyna að bjóða honum minna en við höfum farið fram á, að álagið væri. Það er einnig nokkuð öðru vísi ástatt með Vestmanneyjar. Kirkjan þar er 125 ára gömul steinkirkja; það er með öðrum orðum fornkirkja, og til þess að vernda slíkar kirkjur verja flestar aðrar þjóðir árlega stórfé. Upphaflega kostaði kirkjan næstum því 11,000 kr., og þegar gætt er að, hvað mikið gildi peningar höfðu 1774, þá er auðsætt, að það hefir verið afar-mikil upphæð. — Hér er því ekki að ræða um mikla upphæð af því, sem kirkjan hefir upprunalega kostað.

Hins vegar verð eg að geta þess, að ef breytingartill. h. háttv. þm. Rangv. (Þ. G.) verður samþykt, þá er lítil sem engin von, að söfnuðurinn vilji taka kirkjuna að sér, og afleiðingin er sú, að við verðum að setja þessa styrkbeiðni um 5000 kr. til aðgerðar á kirkjunni inn í fjárlögin, og það held eg sé ekki notadrýgra fyrir landssjóð. — Eg vil því hvetja þingdeildina sérstaklega til að fallast á tillögur fjárlaganefndarinnar, svo landssjóður losni við kirkjurnar á þennan hátt.

Þórður Guðmundsson: Mér virtist h. háttv. þm. Vestm. (V. G.) misskilja mig, og ef til vill hafa fleiri h. háttv. þingdeildarmenn gert hið sama, þar sem eg mintist á, að þingið gæfi ekki gott dæmi með því, að veita svo mikið fé sem álag með kirkjunum, og að söfnuðirnir mundu verða frekari í kröfum sínum um mikið álag. — Eg veit það mikið vel, að það er ekki eftir nema ein landssjóðskirkja, að þessum undanskildum, nefnilega dómkirkjan í Reykjavík, en það var heldur ekki við landssjóðskirkjur, sem eg átti, heldur kirkjur um land alt, og þegar til þess kæmi, að söfnuðirnir tækju við sínum kirkjum sjálfir, þá yrðu þeir frekari í kröfum sínum um álagið einmitt fyrir þetta dæmi, sem landssjóður hefði gefið þeim.

H. háttv. þm. Vestm. (V. G.) mintist á, að hann hefði sízt búist við því af mér, að mæla á móti þessu álagi með Vestmannaeyjakirkju, þar sem svo margir sveitungar mínir, Rangvellingar, hefðu notað kirkjuna. Það er alveg rétt, og mér kemur ekki til hugar að bera á móti því, að svo sé; en eg skal jafnframt geta þess, að eg hefi aldrei heyrt þá kvarta undan því, að það

væri svo kalt í kirkjunni í Vestmanneyjum, að þeir gætu ekki haldist þar við, eða að hún væri svo lítil, að þeir gætu ekki komist þar inn. En eg skal benda h. háttv. þm. Vestm. (V. G.) á annað ráð, og það er, að láta þennan forngrip standa óhreyfðan eins og hún er nú handa sjómönnum úr Rangárvallasýslu, en byggja nýja kirkju handa Vestmanneyingum sjálfum, og álít eg, að hún gæti orðið mjög sómasamlega bygð fyrir 5 þúsund kr., þó breyt.till. mín væri tekin til greina.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr. á þgsk. 236 feld með 12 atkv.

1. gr. samþ. með 12 atkv.

2. gr. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. á þingskj. 236, feld með 14 : 8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Bj. Bjarnars., Bf.,	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
H. Þorsteinsson,	Herm. Jónasson,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
St. Stefánsson, Eyf,	Lárus Bjarnason,
Þórður Guðmundss.,	Magnús Torfason,
Þórður Thoroddsen.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	St. Stefánss. Skgf.,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson.
	Valtýr Guðmundss.

3. gr. óbreytt samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 470).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 13 atkv. gegn 1 og afgreitt til Ed.

Argjald af Prestbakkabrauði.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 2. nóv. 1885 um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipprestakalla (C bls. 369); 1. umr., 5. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 16 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
St. Stefánsson, Eyf.,	H. Þorsteinsson,
Tr. Gunnarsson,	Herm. Jónasson,
Þ. Thoroddsen.	Jóh. Jóhannesson,
	Jósaf. Jónatansson,
	L. H. Bjarnason,
	Magnús Torfason,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánson, Skf.,
	Valt. Guðmundsson,
	Þ. Guðmundsson.

Einholtssókn prestakall.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C bls. 312); 1. umr., 20. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi segja fáein orð um frumv. þetta, sem komið er hingað frá h. Ed. Frumv. fer fram á að gera Einholtssókn í Austur-Skaftafellssýslu að sérstöku prestakalli frá næstu prestaskiftum að telja, og bæta það upp með 300 kr. tillagi úr landssjóði. Astæðan fyrir því að þetta mál hefir verið borið fram er sú, að nálega er ómögulegt að þjóna prestakalli þessu, svo að nokkur mynd sé á, í sambandi við Bjarnaness- og Hoffells-

sóknir, enda er það kunnugt, að upphaflega var Einholtssókn lögð undir Bjarnanes þvert ofan í yfirlýstan vilja sóknarmanna. Það liggja skjöl og fundargjörðir fyrir þinginu, sem skýra ítarlega frá því, hver tormerki séu á því að þjóna Einholti frá Bjarnanesi, og hversu ófullnægjandi sú prestsþjónusta sé, sem söfnuðurinn getur orðið aðnjótandi á þennan hátt. Af tortærum á leið prestsins skal eg nefna Hornafjarðarfljót, sem er þannig, að annarstaðar á landinu mundi vera talið lítt fært eða með öllu ófært fyrir prest að eiga að sækja yfir það á annexíu sína. Hornafjarðarfljót er sjálfsagt eitt hið breiðasta vatnsfall hér á landi, sem riðið er, og eins og eg benti á áðan einatt lítt fært eða ófært, einkum á vorum og vetrum. (*Sigurður Sigurðsson*: Má ekki koma við ferju?) Þar er engin ferja til, enda illmögulegt og ómögulegt að koma við ferju á auravötnum, og eg tel það víst, þótt ferja væri sett þangað og háttv. 2. þm. Árn. (S. S) ætti að vera þar ferjumaður, þá mundi hann eftir viku til hálfsmánaðartíma vera búinn að fá nóg af því starfi, og telja það fullkomna heimsku, að ætlast til slíks af nokkurum manni. Eg get skilið í því, að ókunnugir slái fram slíkri fjarstæðu, en kunnugum kemur hún ekki til hugar. (*Sigurður Sigurðsson*: Eg var að eins að leita upplýsinga). Eg get ekki verið að þreyta deildina með því að lýsa fyrir henni auravötnum. Þeim sem ókunnugir eru slíkum vötnum get eg ekki gefið betra ráð, en að þeir færu og skoðuðu eitt þeirra með eigin augum. Ef hægt væri að hafa ferju á fljótinu, þá væri engin frágangssök að Einholt væri annexía frá Bjarnanesi. En eins og eg sagði, þá er ekki því að heilsa um vatnsfall, sem rennur á slétt um aurum og þar sem bæði farvegur og botn er síbreytilegt, þannig að vatnsfallið rennur á einum stað í dag, öðrum á morgun. Kúðafljót mun vera hið eina aurvatn, sem að nokkuru leyti er ferjað yfir, en þar hagar líka sérstaklega til á ferjustaðnum. Söknarpresturinn í Bjarnanesi hefir gefið þær upplýsingar um fljótin, að þau séu breið, blaut og vatnsmikil, og eg, sem er gagnkunnugur staðháttum þar, get borið um, að þessi lýsing er sönn, og að prestsþjónusta frá Bjarnanesi hlýtur að vera harla stopul og ónóg. Eigi að síður verða sóknarmenn í Einholtssókn að greiða full prestsgjöld, eins og nytu þeir fullrar prestsþjónustu. Yfir höfuð er eg á móti fjölgun prestakalla, en hér stendur svo alveg sérstaklega á, að mér finst full nauðsyn og sanngirni mæla með því, að þingið verði við ósk þeirri, sem hér hefir komið fram. Eg skal að endingu taka það fram, að bæði liggja fyrir þinginu skjöl málinu til skýringar, eins og eg tók fram í upphafi, og auk þess er eg fús á að gefa þær upplýsingar einstökum þingmönnum, er þeir kynnu að óska. Vona eg svo að háttv. deild lofi málinu að ganga, fyrir hið fyrsta til 2. umr.; geta þeir þá áttað sig betur á málu, sem máske er það eigi fulljóst enn.

ATKVGR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 13 : 5 atkv.

Jarðarkaup handa Fjallaþingum

FRUMVARP til laga um útvegun á jörð handa Fjallaþingaprestakalli (C bls. 233); 1. umr., 12. júlí.

Guðlaugur Guðmundsson: Það væri ef til vill ástæða til að athuga þetta nánara, þó það sé mjög brotalítið og einfalt að sjá, þar sem þó er um kaup á jörð að ræða, og vil eg því leyfa mér

að stinga upp á að málinu verði vísað til þjóðjarðarsölunefndarinnar.

ATKVGR.: Það var samþ. með 13 atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 16. júlí (C bls. 233, nefndarálit bls. 250).

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Önnur umr, 18. júlí (C bls. 233).

ATKVGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 17 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv gr.

Málinu vísað til 3. umr. m. 17 atkv.

Þriðja umr., 20. júlí (C bls. 233).

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Uppgjöf á láni Lundarbrekkukirkju.

TILLAGA til þingsályktunar um uppgjöf á láni Lundarbrekkukirkju (C bls. 232); ein umr., 13. júlí.

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Það er hætt við að það sé óheillastjarna, sem mál þetta fæðist undir. En eg vona að háttv. deild sýni þó svo mikla sanngirni, að hún láti það ekki sæta sömu afdrifum og síðasta mál. Eg skal leyfa mér að fara nokkurum orðum um mál þetta. Frammi á lestrarsalnum hefir legið erindi frá sóknarmönnum í Lundarbrekkusókn um að fá uppgjöf á skuld þeirri, sem söfnuðurinn er í við landssjóð. Eg býst nú við af því að háttv. þm. hafa svo mörgu að sinna, að verið geti að sumir þeirra hafi enn eigi sett sig rækilega inn í málið, og skal eg því með leyfi háttv. forseta lesa upp aðalatriðin úr umsókninni, málinu til skýringar.

»Árið 1878 brann Lundarbrekkukirkja til kaldra kola. Hinir þáverandi eigendur jarðarinnar Lundarbrekku og kirkjunnar tjáðu sér eigi fært að koma upp aftur sæmilegri kirkju, og lögðu fast að söfnuðinum, að taka að sér kirkjuna til eignar og umsjónar. Söfnuðurinn kaus heldur þann kost, að taka að sér kirkjuna til endurbyggingar og umsjónar, en að hún yrði reist af nýju óvirðulegri en áður, jafnvel af torfi, eins og kirkjueigendur munu hafa látið í ljósi, og reisti hann kirkjuna aftur af steini með timburþaki, klædda með venjulegum þakpappa. Sjóður kirkjunnar var þá einungis 1623 krónur og 11 aurar, er hún brann, svo sem kirkjureikningur þessa árs sýnir. Var því sótt um landssjóðslán til byggingarinnar, og voru veittar hinn 27. ágúst 1879 2000 krónur til hennar gegn veði í jörðunni Lundarbrekku. Lán þetta skyldi endurborgast með 120 kr. árlegri vaxta og höfuðstóls afborgun. Árið 1891 fekst lánið framlengt, þannig, að árlegt afgjald þess varð úr því 96 krónur. Þrátt fyrir þessa framlenging á láninu hafa tekjur kirkjunnar ekkert árið hrokkið fyrir þessari árlegu afborgun, nema árið 1892, eins og kirkjureikningarnir bera með sér. Sóknarmenn hafa því á hverju ári orðið að leggja kirkjunni til meira og minna fé, bæði til hins stöðuga, árlega kostnaðar og viðhalds. Auk þess hefir kirkjunni verið gefið af sóknarmönnum altarisdúkur og altarisklæði, er kostaði 120 kr., sálmabækur þær, er kirkjan notar, ljósahjálmur og fleira. Samt vantar kirkjuna enn venjulega skrautgripi, svo sem altaristöflu og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem kirkjuklukku, hljóðfæri til að halda uppi kirkjusöngnum og öll graftól, nema járnkarl. I ofsaveðri því, sem gekk yfir 20. sept. síðastlitinn, rifnaði pappaþakið að mestu

af annari hlið kirkjunnar, og þakið sjálft rifnaði upp frá múrnum bæði á vesturhlið og nálega allri norðurhlið kirkjunnar, og stórar sprungur komu í múrinn. Lauslega hefir verið áætlað, að bráðnauðsynleg viðgerð á kirkjunni mundi kosta alt að 600 krónum. Sókn armenn sjá sér ekki fært að rísa undir þessum kostnaði styrklaust«.

Af þessu, sem hér er sagt, vona eg að háttv. deild skiljist bæði það, að söfnuður sá, sem hér ræðir um, hefir óvenjulega þunga byrði að bera, að því er kirkju hans snertir, og jafnframt að þessi þunga byrði er af sérstökum og fátíðum rótum runnin, þar sem kirkjan á fám árum hefir orðið fyrir hinum mestu óhöppum, brunnið fyrst, og stórlaskast síðan af ofviðri. Hér er því um það að ræða, að hlaupa undir bagga með mönnum, sem hafa orðið að leggja á sig þunga kvöð sökum óvenjulegra óhappa, og í stað þess að hún léttist, mun hún stórþyngjast, ef þeir fá engan stuðning. Upphæðin, sem farið er fram á að eftir sé gefin, mun vera um 1180 kr.

Hannes Hafstein: Eg sé ekki betur en að með tillögu þessari sé farið fram á, að landstjórnin framkvæmi stjórnarathöfn, sem hún hefir ekki heimild til samkvæmt stjórnarskránni. Hér er að ræða um sama sem fjárveitingu, en samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar má landsstjórnin ekkert gjald af henni greiða, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Til þess að bjarga málinu, sé eg því ekki annað vænlegra fyrir háttv. flutnm. (P. J.) en að taka tillöguna aftur, en snúa sér heldur til fjárlaganefndarinnar með málaleitan sína.

Pétur Jónsson: Eg er ekki lögfrjóður maður, og vil því ekki hafa á móti því, að háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) muni hafa rétt fyrir sér. En mér til afsökunar segi eg mér það, að mér fróðari maður benti mér á, að réttast mundi að fara þá leið, sem eg hefi valið. En til þess að beina málinu á sem tryggasta braut, leyfi eg mér að stinga upp á, að smálinu sé vísað til fjárlaganefndarinnar.

ATKV.GR.: Till. vísað til fjárlaganefndarinnar með 19 atkv.

Landbúnaðarnefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um landbúnaðarmál (C bls. 182, breyt.till. bls. 190); ein umr., 9. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Það hefir verið venja á undanförnum þingum, að kjósa nefnd til þess að íhuga landbúnaðarmálin. Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, fer í sömu átt. Vegna þess, að fundur hefir staðið lengi, og eftir ósk forseta skal eg vera fáorður. Eg vildi að eins taka það fram, að hlutverk væntanlegrar nefndar yrði það, að kynna sér þingmálafundargjörðirnar, og koma svo fram með tillögur um, hvernig þeim óskum, sem þar eru bornar fram, skuli ráðið til lykta. Eg skal leyfa mér með fám orðum að benda á nokkur atriði, sem farið er fram á í þingmálafundargjörðunum. Í 1. lagi er þess óskað, að styrkurinn til búnaðarfélaganna haldist óbreyttur, eða verði jafnvel aukinn, og í sambandi við það er þess óskað, að fleiri jarðabótaverk séu tekin upp í skýrslurnar, svo sem safnforir, áburðarhús, vegagerðir um tún, hlöður og vírgirðingar. Í öðru lagi, að kenslu í mjólkurmeðferð verði haldið áfram, og fullkomnuð, og í sambandi við það, að lög um merki á smjöri verði samin og samþykt. Í þriðja lagi, að lög um ábúð og úttekt jarða frá 1884 verði endurskoðuð, og búnaðarskólamálið tekið til athugunar.

Allar þessar óskir og bænir á hin væntanlega nefnd að athuga, og koma fram með tillögur sínar um, hvernig þeim verður bezt ráðið til lykta.

Hannes Þorsteinsson: Eg skal vera stuttorður. Það var að eins breyt.till. á þgskj. 43, sem eg vildi víkja lítið eitt að. Það er viðvíkjandi því, að kosin verði 7 manna nefnd í mál þetta. Eg álít réttara, að kosin verði 7 manna nefnd en 5 manna; því málið er eitt af þeim allraþýðingarmestu og alvarlegustu málum, er komið geta fyrir þingið. Auðvitað má ekki ætlast til þess, að þessi nefnd gjöri neinar stórkostlegar umbætur; slíkar nefndir hafa verið settar áður hér á þingi, og hefir verið farið töluvert eftir tillögum þeirra. Nú getum vér ekki haft það öðruvísi en að velja menn til að íhuga þetta mál, og koma með tillögur, sem geti orðið til undirstöðu undir umr. síðar. Deildin hefir verið svo eyðslusöm með að skipa í nefndir, að ætla mætti, að hún vilji gjöra þessu máli svo hátt undir höfði, að skipa 2 mönnum fleiri í það en í mál, sem hafa fremur litla þýðingu.

ATVK.GR.: Breyt.till. á þgskj. 43 feld með 12 : 4 atkv.

Till. á þgskj. 30 um 5 manna nefnd samþ. með 19 atkv.

Í nefndina voru kosnir:

Sigurður Sigurðsson	með	16 atkv.
Pétur Jónsson	—	14 —
Magnús Torfason	—	13 —
B. Bjarnarson þm. Bf.	—	10 —
Hermann Jónasson	—	10 —

Búnaðarstyrksreglur.

TILLAGA til þingsályktunar um skilyrði og reglur fyrir veiting á styrk úr landssjóði til búnaðarfélaga (C bls. 544, brt. bls. 658); fyrri umr., 20. ágúst.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg veit, að eg má búast við, að háttv. þingd. hafi áttað sig á till. þeirri, er hér liggur fyrir, svo að þeir sjái, í hverju breytingin er fólgin. En til þess að skýra málið nokkuð, skal eg fara nokkrum orðum um aðalbreytingarnar.

Það er þá fyrst, að í hinum almennu skilyrðum er það gert að skilyrði fyrir styrkveitingu, að hlutaðeigandi búnaðarfélag hafi sett sér lög og stjórn. Með þessu meintum við meðal annars það, að með því móti verður hægra að fá yfirlit yfir störf búnaðarfélaganna á Íslandi. Þetta er kostnaðarlítið fyrir félögin, en heppilegra að í einum stað á landinu verði fáanlegt yfirlit yfir, hvernig fyrirkomulagi búnaðarfélaganna er varið.

Annað atriðið er, að skýrslurnar séu gefnar út af stjórn hvers félags, en það er að eins formsatriði, og vona eg að hinir háttv. þingdm. fallist á að hafa það svona.

Þá koma aðalreglurnar, og hefir verið aukið við og bætt við skýringum. Til túnasléttna eru taldar bæði þakslétt ur og grónar flagsléttur. Ennfremur er bætt við jarðabótum, sem koma til greina við útlendar styrkveitingar, áburðarhúsum og lagheldum safnþróm með þaki. Og á þgskj. 505 er viðaukatillaga, sem nefndin er ekki á móti, nefnilega um vírgirðingar. Við girðingar hefir verið bætt hestaréttum.

Nefndinni virðist ekki rétt, að útiloka endurbætur á gömlum jarðabótum, ef búnaðarfélag hefir ekki stutt að þeim áður. Það geta verið 20—30 ára gamlar jarðabætur, eða eldri, sem bygðar eru upp. Aftur á móti er auðvitað ekki rétt, að styrkja sömu jarðabótina oftar en einu sinni.

Þá ætla eg að hlaupa yfir þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á því, hvernig jarðabætur skal leggja í dagsverk, af því það er langt mál, en hins vegar vona eg, að menn geti áttað sig á því í fljótu bragði.

Þá er 3. liðurinn í reglufloknum, er talar um, að félagsár skuli annaðhvort vera almanaksár eða fardagaár. Við höfum fengið áskorun um að miða við annaðhvort, en það eru tvískiftar skoðanir um, hvort réttara sé að miða við fardagaár eða almanaksár, og kom okkur saman um, að það stæði í rauninni á sama, þó hvortveggi reglan væri viðhöfð, ef það að eins kemur ljóst fram í lögum félagsins og ársreikningum, hverja regluna það og það félag hefði. Þá eru loks skýringar fyrir skoðunarmenn nýmæli. Það virðist eðlilegt, að gjöra það sem ljósast, til hvers ætlast er með hverri einstakri grein reglnanna, og virðist því rétt að skýra hina einstöku liði. Það er ekki svo þægilegt að orða öll ákvæði svo, að þau séu algjörlega ljós, en skýringarnar eru þó að minni hyggju til mikilla bóta. Ef til vill er ástæða til, að gjöra þær enn ítarlegri, og geta þm. þá komið með breytingar og viðauka til hinnar síðari umræðu. Fleira þarf eg svo ekki að taka fram, en vona, að hin háttv. deild fallist á tillögurnar.

Sigurður Sigurðsson: Það eru að eins örfá orð. Það þykir ef til vill einkennilegt, að vera að breyta ákvörðun, sem ekki eru eldri en síðan 1899, en það er samkvæmt almennum óskum um land alt, eins og sjá má á þingmálafundargjörðunum. Nefndin hefir bætt inn nýjum liðum og gert aðra skýrari og yfir höfuð leitast við, að gera ákvæðin svo vel úr garði, sem henni var unt, svo óhætt er að mæla fram með því, að háttv. deild samþ. þessar reglur. Til meðmælis skal eg benda á það, að ekki verður sagt, að í þessari nefnd sitji menn, sem ekki hafi vit á þessum málum, því í henni eru 3 búfræðingar og 2 aðrir, sem þykjast hafa og eru álitnir hafa eins mikið vit og hver meðalbúfræðingur.

Að því er snertir breyttill. 521 um gaddavírsgirðingar, þá skal eg geta þess, að þingið hefir hingað til fylgt þeirri reglu, að styrkja ekki aðrar jarðabætur en þær, sem ekki er unt að flytja í burtu. En þetta er góð girðing, einhver sú bezta, en hins vegar er hún svo dýr, að hún verður varla notuð af öðrum en þeim, sem hafa tryggingu fyrir langri ábúð eða búa á sjálfseign. Fleira hefi eg svo ekki að athuga í þetta sinn.

Tryggvi Gunnarsson: Eg get ekki verið með brtt. 505, eins og hún er orðuð, að því er snertir gaddavírsgirðingar. Það er komin reynsla á það hér í Rvík, að gaddavírsgirðingar eru mjög skaðlegar, margar skepnur hafa skaðað sig á þeim, og til bæjartógetans hefir komið áskorun um, að fyrirbjóða þess konar girðingar hér í bænum, eins og þær eru nú hafðar. Þetta mætti nú ef til vill laga, ef girðingarnar væru settar rétt niður. Vitanlega eru hafðir að eins 2 þræðir, og svo langt bil á milli, að skepnur reyna til að troða sér í gegn. Eg vildi því óska, að háttv. flutnm. breyttu þessum ákvæðum og ákvæðu, hve margir þræðir eigi að vera. Það mætti ekki vera minna en 4 á hverjum stólpa. Að öðru leyti hefi eg ekki komist til að íhuga till., svo eg skal ekki segja fleira.

Ólafur Briem: Eg skal ekki mótmæla háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), að það væri ef til vill nauðsynlegt, að ákveða nánara um gaddavírsgirðingar en gert er í viðaukatillögu þeirri, er eg hefi komið fram með, einkum með því að tiltaka vissa þráðatölu. Háttv. þm.

Rvk. nefndi 4 þræði, en ef til vill eru 3 strengir nægilegir. Með því fyrirkomulagi verð eg að álíta, að ekki sé svo sérlega hætt við, að skepnur meiði sig á þessum girðingum.

Eg þekki tvo afrétti í Skagafirði, er liggja þannig við, að hross þaðan sóttu ákaft niður í sveitina. En svo var lögð gaddavírsgirðing yfir þveran dalinn með 3 strengjum og það var að eins fyrst í stað, að hross leituðu á þá girðingu. En þegar hrossin fóru að hvekkjast, hættu þau að leita á girðinguna, og nú hefir það ekki komið fyrir í langan tíma, að nokkur skepna hafi meitt sig á þeim. Eg skal ekkert um það segja, hvort þessar girðingar séu hentugar í Rvík, eða þar í grend, þar sem umferð er mikil, en í strjálbygðum héruðum eru þær alls ekki hættulegar, en þvert á móti mjög haganlegar að ýmsu leyti. Eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin, hafa gaddavírsgirðingar marga kosti fram yfir flestar aðrar, sem völ er á, að steingirðingum undanteknum. Þær eru ódýrar og góð vörn alt árið gegn öllum skepnum. En eins og menn vita, er það svo með torfgarða, að þó byrjað sé á þeim, þá er oft fyrri endinn orðinn ónýtur, áður en hinn er búinn, því það tekur oft mörg ár, að koma slíkum girðingum upp, og meðan þær eru ekki fullbúnar, er lítið sem ekkert gagn að þeim; en vírgirðingum er miklu fremur hægt að koma upp í einu lagi eða á skömmum tíma, svo að þær komi að fullum notum.

Þórður Guðmundsson: Eg get verið þakklátur háttv. landbúnaðarnefnd fyrir tillögur hennar í þessu máli. Hún hefir í mörgum atriðum lagað ákvæðin eftir óskum landsmanna. En að því er snertir brt. á þgskj. 505, þá verð eg að fallast á skoðun h. þm. Rvk (Tr. G.), að gaddavírsgirðingar séu hættulegar, og eg verð að segja, að þær eru, þó ódýrar séu, eitt af því allra ómannúðlegasta, sem eg sé af mannvirkjum, ef þær eru bornar saman við þann tíma, sem við lifum á. Það er ómögulegt að neita því, að þær eru skaðræði fyrir menn og skepnur, enda er tilgangurinn sá, að meiða skepnurnar, því gaddarnir eru einmitt til þess gerðir, að stinga skepnurnar, þegar þær ráðast á girðinguna.

Það er farið að nota þessar girðingar til að afgirða svæði í högum, en það sjá allir, að þær eru skaðræði fyrir menn og skepnur, því menn geta riðið á þær í myrkri og meitt bæði sig og skepnuna. Eg er þess vegna móti því, að þær séu taldar undir jarðabætur, því þó þær séu ódýrar, eru þær mjög ómannúðlegar.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Eg skal þegar lýsa því yfir, að mér líkar mjög vel þessar reglur, — hefi ekki margt við þær að athuga. — Að eins finst mér hlutfallið milli flóðgarða og stíflugarða, 50 teningsfet, mjög skakt í ýmsum tilfellum; eg tek t. d., að á sléttum engjum er engin jarðabót fljótunnari en flóðgarðahleðsla; 6—8 feta háir stíflugarðar miklu dýrari, hvert teningsfet í þeim verður margfalt dýrara.

Nefndin ætti að athuga þetta betur.

Þá kemur spurningin um, hvað meint sé með »næsta ár«, hvort heldur félagsár væri talið almanaksár eða fardagaár; þetta hefir áður verið á reiki, en flest félög, sem eg þekki, fara eftir almanaksári. Í öllu tilliti er það heppilegra, að sama ákvæði gildi um þetta fyrir land alt, og haganlegra að miða við almanaksár, því þá er hægra, að byggja á skýrslum, hvað hverju árinu heyri til, 1901 og 1902, en þegar farið er sitt eftir hvoru. Nefndin hefir ekki skýrt, hvað meint er með orðinu: »grip-

held girðing«, og eg væri þakklátur nefndinni, ef hún vildi skýra það.

Hvað er »gripheldur«? Er það með tilliti til stórgripa eingöngu? Eða til alls búpenings, stórgripa og sauðfjár?

Eg veit reyndar, að venjulega er átt við stórgripi, en það er þó ekki alt af.

Eg verð að segja það, að girðingar, sem að eins varna stórgripum, eru ekki sérlega mikils virði. Sauðfé hleypur á þá garða, sem stórgripir ekki komast yfir; sama er að segja um skurði.

»Gripheldur« er vafa-orð, — það verður að taka til hæðina, t. d. á 3 feta háan torfgarð verður að setja vírstreng eða gera hann »gripheldan« á annan hátt. Breyttill. á þgskj. 505: »Gaddavírgirðingar með járnstólpum og undirstöðusteinum . . . . 5 fet«, get eg ekki fallist á. Eg vil setja: »vírgirðingar«; menn geta ráðið, hvort þeir vilja hafa. Eins er óþarfi að hafa undirstöðusteina. Járnplötur, grýttar niður, eru hentugar. Í Danmörku er algengt að nota gaspípur, sem göt eru gerð á og vír dreginn í gegnum; járnplötur eru festar á neðri endann, grafnar niður og grjót borið á. Það var rétt, sem háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) tók fram, að réttast væri að tiltaka, hve margir strengirnir skyldu vera, hve grindurnar skyldu vera háar og millibilin breið milli strengjanna. Ef til vill duga 2 strengir, sé dálítill garður hlaðinn undir, sem helzt ætti ætíð að gera.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Mér þótti vænt um athugasemdir h. 2. þm. Skagf. (St. S.). Eg skal skýra einstök atriði, hvað nefndin hefir meint með þeim. Viðvíkjandi hestarétt og kálgörðum er þar lagt jafnt í dagsverk og í öðrum girðingum; þess vegna ekki farið fram á meiri hæð. Hver, sem vill kosta slíkar girðingar, mun sjá um, að þær verði að fullum notum, með öðrum orðum: fyllilega gripheldar, og þá eru þær fullgildar jarðabætur, hvort sem þær eru úr grjóti eða torfi eða vírgirðingar.

Orðið »gripheld girðing« er svo fornt mál og úr okkar gömlu lögum, að ótrúlegt er að það verði misskilið. »Gripur« er sama sem »stórgripur« og »gripheld girðing« sú girðing, sem stórgripir ekki að jafnaði komast yfir. Hitt er óhugsandi, að bygðar séu girðingar, sem sauðfé og geitur ekki stökkva á, allra sízt geitur; til þess yrðu þær að vera 3—4 álna háar.

Hér er talað um »gripheldar girðingar« að áliti skoðunarmanns; það er undir mati hans komið; hann á að votta, að girðingin samsvari tilgangi sínum. Nefndin hefði helzt kosið, að eitt væri talið félagsár um land alt og þá helzt almanaksár. En það kom fram, að sumir vilja endilega hafa áraskiftin að sumri til. Sýslunefndin í Árnessýslu vildi t. d. telja félagsáraskifti um sláttarbyrjun. Til að komast hjá óánægju, þótti rétt að setja fardagaár fyrir þau félög, sem það kysu, enda eru þá nokkurs konar áraskil í búnaði.

Eg felst á athugasemdina sem háttv. þm. (Tr. G.) gerði um brtt. 505 um gaddavírinn, — má laga það með lítilli orðabreytingu.

ATKVGR.: Inngangur og stafliður A. samþ. með 18 atkv.

Breyttill. 505, 1. lið B. 2. c. feld með 13 : 8, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson., Bf.,	Hannes Hafstein,
B. Bjarnarson., Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Jósafat Jónatanss.,
Ólafur Briem,	Lárus Bjarnason,

já:	*nei*:
Pétur Jónsson,	Magnús Torfason,
Sigurður Sigurðss.,	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánss., Eyf.,
	St. Stefánss. Skgf.,
	Tr. Gunnarsson.
	Þórður Guðmundss.,

Valtýr Guðmundsson greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hluta.

Breyttill. 505, 2. liður B, 2. og 3. gr. tekin aftur.

Stafliður B samþ. með 18 atkv.

Stafliður C samþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til síðari umræðu með 18 atkv.

Síðari umr., 20. ágúst (C bls. 544, brtt. 671, 683).

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Hvað snertir viðauka- og breyttill. þær, sem hér liggja fyrir, álít eg, að þær séu allar fremur til bóta, og því engin ástæða til, að amast við þeim. Auðvitað eru sumir þeirrar skoðunar, að sléttur vír sé ónóg girðing, en eg hygg þó, að hann geti komið að haldi, að minsta kosti ef annarhvor strengur er gaddavír. Til að mýkja tillöguna, sé eg ekkert á móti, að varatillagan sé samþykt. Skal eg svo ekki fara frekara út í málið, en vona, að till. nái samþykki deildarinnar.

ATKVGR. Breyttill. 538,1 samþykt með 14 atkv.

Brtt. 521,1 samþ. með 17 atkv.

Brtt. » ,2 samþ. með 15 atkv.

Brtt. 537,1 samþ. með 15 atkv.

Brtt. » ,2 fallin.

Brtt. 538,2 samþ. án atkv.

Brtt. 521,3 samþ. með 13 atkv.

Brtt. 538,3 samþ. með 16 atkv.

Tillagan í heild sinni samþ. með 19 atkv. og afgreidd til Ed.

Varnir við vatnaágangi m. m.

FRUMVARP til laga um samþykt til varna skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og skurði (C.bls. 347); 1. umr., 27. júlí.

Flutningsmaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg mun ekki fara mörgum orðum um þetta frv., en vona að eins, að það fái eins góðar viðtökur og næsta mál hér á undan. Við flutningsmenn þessa frv. höfðum sérstaklega í huga Árness- og Rangárvallasýslur. Þar hafa nefnilega verið gerðir stórir skurðir og hafa þeir verið styrktir af Búnaðarfélagi Íslands. Það hefir ekki verið mjög erfitt, að fá þessa skurði gerða, en öðru máli er að gegna, að því er til viðhaldsins tekur. Það hefir annaðhvort verið vanrækt eða lent á einstökum mönnum, af því, að engin ákvæði eru um það, hver bera skuli viðhaldskostnað á þeim. Aðaltilgangur okkar var því sá, að gera mönnum fært, að gera samþyktir um, hvernig haga skuli viðhaldi á slíkum skurðum og hver bera skuli kostnað þanu, sem af því leiðir.

Magnús Torfason: Eg skal að eins gefa þá upplýsingu, að þetta frv. er algerlega samkvæmt lögunum um, að hindra skemdir af vatnaágangi, og hefur að eins verið bætt inn í þessi lög orðunum: »um vatnsveitingar og skurði«. Þetta frv. er því að eins útvíkkun á nefndum lögum, og vona eg því, að það fái að ganga mótmælalaust gegnum deildina.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Önnur umr., 31. júlí.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 21 atkv., 2.—8. gr. samþ. með 21 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 5. ágúst.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 20 atkv. og afgr. til Ed.

Jarðeignaréttur utanríkismanna.

FRUMVARP til laga um rétt utanríkismanna til að eignast jarðeignir og afnotarétt yfir jarðeignum á Íslandi (C. bls. 290); 1. umr., 19. júlí.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Frv. þetta fer fram á talsverða takmörkun á eignarrétti utanríkismanna og getur haft allmikla þýðingu; það kann að hafa fengið rækilega meðferð í háttv. Ed., en þar sem það ekki hefir verið athugað hér í deildinni áður, hygg eg ekki vanþörf á nefnd til að íhuga það. Að vísu hefi eg ekki verið mjög hlyntur nefndarskipun í hvert smámál, en þó virðist mér ekki vanþörf á að setja nefnd í þetta mál, þar sem hér er um allþýðingarmikið mál að ræða og tími þingdm. er svo upp tekinn, að allir geta ekki sett sig nægilega inn í hvert mál. Eg leyfi mér því að stinga upp á 3 manna nefnd.

Pétur Jónsson: Eg leyfi mér að stinga upp á að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKVGR.: Samþ. 3 manna nefnd með 14 atkv. og tilnefndi forseti með samþ. deildarinnar þessa þm. í nefndina:

Guðl. Guðmundsson
Ól. Briem
Lárus H. Bjarnason.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr, 20. ágúst (C bls. 290, nefndarmál bls. 692).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eins og sjá má á nefndarálitinu, telur nefndin ekki brýna nauðsyn á lögum í þessa átt. Utanríkismenn hafa hingað til ekki verið svo ágengir, að ástæða hafi verið til að grípa fram í með lögum. Hins vegar gæti það komið fyrir, að auðsuppsprettur fyndust hér í jörðu, og þá mætti búast við að utanríkismenn ásældust fremur landið; væri þá gott, að til væru lög, sem girtu fyrir þá hættu. Eg skal leiða athygli að því, að eina principbreytingin, sem nefndin fer fram á, er sú, að ekki þurfi að leita samþykkis löggjafarvaldsins til að veita leyfi til að eignast jarðeignir. Oss þykir eðlilegast, að umboðsvaldið veiti þetta leyfi sem önnur leyfi. Vér álítum hagsmuna landsins fulltryggilega gætt á þann hátt, enda óþarflega umsvifamikið að heimta afskifti löggjafarvaldsins af hve litlu eignarafsali sem væri. Hinar breytingarnar eru orðabreytingar, sem við vonum að séu til bóta. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að fara frekara út í málið að sinni og skal að eins mælast til að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Önnur umr., 21. ágúst (C bls. 290, nefndarálit 692, breyttill. 706).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg hefi litlu við nefndarálitið að bæta. Nefndin fer fram á að eins þá eina efnisbreyting, að ekki þurfi leyfi löggjafarvaldsins til afsals eignarumráða fremur en til afhendingar afnotaumráða, heldur veiti umboðsvaldið þau leyfi sem önnur. Hitt eru orðabreytingar. Viðvíkjandi breyttill. h. 2. þm. K. G. (B. K.) er það að segja, að hann heldur ekki fram nema 2. varatill. sinni, og móti henni hefi eg ekkert að segja Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið, meðan ekki er hreyft andmælum gegn því.

Björn Kristjánsson: Eg vildi að eins segja fáein orð viðvíkjandi breyttill. minni, á þgskj. 578. Það er alveg rétt, sem h. framsm. sagði, að eg mundi sætta mig við að leyfið væri veitt ekki lengur en 50 ár, en eg lít þó svo á, að full ástæða sé til, að veita það um lengri tíma, ef t. d. foss væri leigður, eða ef námar fyndust og væru seldir á leigu. Það liggur svo mikill kostnaður í því, að nota fossaflið, að engum mundi detta í hug að leigja það, ef leigutíminn væri bundinn við að eins 50 ár; því legg eg mikla áherzlu á orðin »í senn« í brtill. minni. Menn hafa gert sér miklar vonir um, að fossaflið mundi verða notað hér á landi og að í því feldist mikill auður; en eg er þar á annari skoðun. Það vill svo til, að allir þeir fossar, sem veigamestir eru, liggja svo langt uppi í landi, að samgöngur við þá eru mjög erfiðar og kostnaðarsamar, og þar á ofan missist mikið afl á leiðinni til sjávar, ef aflið er leitt þangað. Fyrir nokkurum árum var sendur hingað ingeniör, til þess að mæla og gera áætlun um kostnað við notkun 3 fossa í Soginu, með 3000 hesta afli, og reiknaðist honum, að það kostaði 9 miljónir kr., að nota aflið fullkomlega. Það er því sýnilegt, að engum dytti í hug að fara að nota þetta afl, ef þeir að eins mættu hafa eignarráð yfir því eða afnotarétt um 50 ár; því finst mér frumv. óheppilegt, eins og það er, og ástæðulaust að hafa það svona viðtækt. Það eina, sem útlendingar nú sækja eftir hér, er veiði, og væri ekkert á móti því, að semja sérstök lög, er takmörk uðu sölu eða leigutíma, þegar um veiðiár er að ræða. Engum mundi detta í hug, að byggja hús á lóð, sem hann ekki má eiga lengur en í 50 ár. Það mætti taka til dæmis kolanámana við Hreðavatn; þeir liggja 4—5 mílur frá höfn; það dytti engum í hug, að leggja járnbraut þaðan niður að sjó, eða byggja þar hús, ef hann ekki mætti eiga hana eða leigja hana lengur en 50 ár. Þar sem námar eru, eru gefin út sérstök lög um afnot þeirra, í Noregi t. d. er það fast ákveðið með lögum, hver leigan sé af námunum; mig minnir, að hún sé 10% af arðinum; stjórnin þar hefir ein rétt til að semja um námurnar, og leigja þær hverjum sem æskir, hvort sem hann er innlendur eða utanríkismaður, og námueigandinn hefir ekkert atkvæði um leiguna.

Mér finst því þetta frv. vera þannig lagað, að óráðlegt væri að láta það ganga fram á þessu þingi. Ef lög skal setja um náma, þurfa það að vera sérstök lög, og miklu ítarlegri en þessi. Eg skal játa, að nefndin hefir bætt frv. mikið frá því sem það kom frá Ed., því í því móti, sem það var, þegar það kom þaðan, var það mjög óaðgengilegt.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eins og sjá má á áliti nefndarinnar, kannast hún við, að engin brýn nauðsyn sé á lögum þessum nú sem stendur, svo að um það er hún sammála háttv. þingm. (B. K.). En hún álítur þau hins vegar skaðlaus, og þau geta komið að góðu haldi, því að við vitum að útlendingar hafa lagt sig eftir eignum og afnotum eigna hér á landi. Oss er öllum í minni, hvernig um Geysi fór; það hefði ekki komið fyrir, ef þessi lög hefðu þá verið í gildi. Fyrir nokkurum árum var hér maður á ferðinni, sem leigði nokkura fossa um 100 ár; það vissi eg til að hann gerði í mínu héraði, og víðar mun hann það gert hafa. Þegar þetta getur komið fyrir, og þegar ekki er óhugsanlegt, að kol finnist hér eða jafnvel málmar, þá er vel forsvaranlegt, að hafa vaðið fyrir neðan sig, eins og hér er gert. Nefndin verður að halda fast við, að því tímatakmarki verði

haldið, sem hún hefir sett, sérstaklega þar sem gefið er í skyn, að leyfið megi endurnýja, enda er beggja rétti þar með bezt borgið. Eg vil því ráða háttv. deild til þess, að fella 1. br.till. og 1. varatill. á þingsk. 582.

ATKVGR.: Brtill. á þskj. 578 samþ. með 15 atkv.

1. br.till. á þskj. 582 feld með 12:2.

1. varatill. á þskj. 582 feld með 12 : 2.

2. varatill. á þingsk. 582 samþ. með 14 atkv.

Br.till. 552, 1 við 1. gr. samþ. með 12 : 1.

Br.till. 552, 2 við 2. gr. samþykt án atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 13. atkv.

3.—4. gr. frumv. samþ. með 12 atkv.

Br.till. 552, 3 við 5. gr. samþ. án atkv.

Br till. 552, 4 við 5. gr. samþ. með 13 atkv.

5. gr. frumv. samþ með 14 atkv.

Br.till. 552, 5 við 6. gr. samþ. án atkvæða.

6.—7. gr. frv. samþ. með 13 atkv.

Br.till. 552, 6 við 8. gr. samþ. með 13 atkv.

9.—10. gr. frumv. samþ. með 13

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. í heild sinni felt með 11 : 10 atkvæðum.

Sala þjóðjarðar I (Sauðár).

FRUMVARP til laga um sölu þjóðjarðar; 1. umr., 9. júlí (C bls. 184).

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Eins og mörgum þingdeildarm. er kunnugt, þá bar eg fram till. í sömu átt og þetta frumv., um sölu á þjóðjörðinni Sauðá, á þinginu 1899; reyndar var sú till. feld þá, en þó hefir hlutaðeigandi hreppsnefnd í Sauðárhreppi farið fram á, að málið væri borið upp aftur á þessu þingi, í þeirri von, að það fengi betri undirtektir nú. Eg skal leyfa mér að skýra í stuttu máli frá tilefninu til, að frumvarp þetta er komið fram. Ástæðan er sú, að jörðin Sauðá liggur nálægt Sauðárkrók, og þar eð kauptún þetta hefir verið í töluverðum uppgangi hin síðari árin, og íbúarnir hafa allmargar skepnur, bæði kýr og hesta, þá þurfa þeir að hafa bæði heyskap og beitiland sem næst sér, og til þess er þess jörð einmitt bezt fallin. Hingað til hefir það ekki tekist, að komast að samningum við ábúandann, sem hefir lífstíðarábúð, og þess vegna hafa íbúar Sauðárkróks orðið að afla sér heyja nokkuð langt fram í sveit. Tilgangur frumvarpsins er, að ráða bót á þessu, með því að láta hreppsnefndina fá jörðina keypta í því skyni, að Sauðárkróksbúar gætu náð haganlegum og tryggum samningum um hagbeit handa skepnum og land til ræktunar. Þetta land yrði að afgirða, ekki einungis fyrir ágangi skepna, heldur einnig fyrir vatnágangi og aurrensli úr á, sem rennur þar hjá, og sömuleiðis yrði nauðsynlegt að flytja að mold, áður en byrjað yrði að rækta tún á grjótskriðum, sem þar liggja; það yrði því töluverður kostnaður, sem legðist á í byrjuninni, og ættu því Sauðárkróksbúar örðugt með að gjalda hátt afgjald fyrstu árin, en það hefir ábúandi jarðarinnar heimtað.

Aðalorsökin til þess, að þetta mál var felt á síðasta þingi, var það, að það væri sett í samband við almenna þjóðjarðasölu, en menn tóku ekki nægilegt tillit til, að hér stóð alveg sérstaklega á. Hin ástæðan, sem höfð var móti málinu, var það, að líklegt væri, að jörðin mundi hækka í verði, er frá liði, og er það að vísu rétt eftir afstöðu jarðarinnar, en þó kemur hækk-

unin þá fyrst aðallega fram, ef jörðin er betur ræktuð en nú. Auk þess finst mér ástæða til fyrir þingið að hlynna að því, að Sauðárkróksbúar fái hin eftirsóttu afnot af jörðunni, þar sem landssjóður er og heldur áfram að vera eigandi að lóðinni á Sauðárkrók; hér við bætist einnig, að lóðargjöld landssjóðs af Sauðárkróki mundu, er fram liðu stundir, talsvert hækka við þetta.

Eins og sjá má af viðaukatillögu okkar flutningsmanna á þingsk. 52, þá er það ekki meiningin, að svæði það, er kauptúnið Sauðárkrókur stendur á, fylgi með í sölunni, og höfum við komið fram með þessa viðaukatillögu til þess, að taka þetta skýrt fram.

Sú mótbára hefir enn komið fram, að þessi sala mundi koma í bága við rétt ábúandans; en eg held að það sé óþarfi fyrir þingið, að vera að setja það atriði fyrir sig, því sé svo, þá mun stjórnin gera við því, að rétti ábúanda verði ekki traðkað.

Landshöfðingi: Eins og háttv. flutningsm. gat um, þá hefir frumv. um sölu á jörðunni Sauðá oftar en einu sinni legið fyrir þinginu. Árið 1895 kom beiðni frá leiguliðanum um að fá jörðina keypta, en þingið vildi ekki láta hana fala; 1899 kom beiðni frá Sauðárkrókshreppi um sama, en þingið hafnaði henni líka. Flutningsm. tilgreindi ýmsar af þeim ástæðum, sem þingið hefði haft til að synja um þessa sölu, en hann tók ekki fram aðalástæðuna fyrir því, að þingið 1899 ekki vildi selja hreppsnefndinni jörðina, nefnilega þá ástæðu, að jörðin lægi í nánd við kauptún. Það hefir verið meginregla þingsins, að selja ekki þær þjóðjarðir, sem liggja að kauptúnum. Þannig lét þingið 1891 ekki Ólafsvík fala, þótt það samþykti sölu á öllum þjóðjörðum þar í grend. Af sömu ástæðu vildi þingið heldur ekki láta jörðina Snartastaði fala, vegna þess, að hún liggur nálægt Kópaskeri, sem raunar þá ekki einu sinni var orðið kauptún, heldur að eins útlit fyrir að mundi verða það. Það var þessi regla, sem var til fyrirstöðu fyrir sölu þessarar jarðar bæði 1895 og 1899, og eg hygg það eigi vera rétt af þessu þingi, að fara að breyta frá henni. Ástæðan er ekki einungis sú, að þessar jarðir muni hækka í verði, heldur líka sú, að það er álit þingsins, að betra sé að eiga við hið opinbera fyrir íbúana í hinum nærliggjandi kauptúnum, heldur en við einstaka menn eða einstök sveitarfélög.

Eins og eg tók, fram kom beiðni til þingsins 1895 frá ábúandanum um, að fá keypta þessa jörð, þar sem hann áskilur sér forkaupsrétt að jörðinni, og eg fæ ekki séð, hvernig þingið getur gengið fram hjá þessu, því eftir því, sem eg frekast veit, þá hefir það hvergi komið fram, að ábúandi hafi tekið þetta aftur.

Mér virðist því ekki þingið geti nú traðkað þessum rétti ábúandans með því, að selja hreppsnefndinni jörðina, að honum fornspurðum, og verð því að leggja til, að þingið samþykki ekki þetta frumv.

Lárus H. Bjarnason: Það fyrsta, sem eg rak augun í, þegar eg leit á þetta frumv., var söluverðið. Jörðin er að fornu mati metin 40 hndr., en 35,6 hndr. að nýju. — Mér lék því forvitni á að vita, hvernig þetta verð væri tilkomið, sem sett er á jörðina í frumv. Nú sé eg, að flutningsmennirnir hafa gert bragarbót með því á viðaukatillögunni á þingskj. 52 að undanskilja það svæði, sem Sauðárkrókur stendur á, svo frumv. er fyrir það ekki eins óaðgengilegt.

Um hitt atriðið þarf eg ekki að ræða,

því hæstv. landsh. hefir tekið það fram, en skal að eins leyfa mér að geta þess, að það er einmitt mitt álit, að landssjóður sé betri lánardrottinn en einstakir menn eða einstök sveitarfélög. En þrátt fyrir þessa galla, vildi eg þó leyfa mér að stinga upp á nefnd, og þá 3 manna nefnd í málinu, því það snertir svo þýðingarmikið mál, þjóðjarðasölumálið í heild sinni, og mér finst því eigi rétt, að skera frv. strax niður.

Valtýr Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því.

ATKV.GR.: Samþykt með 18 atkv., að kjósa 5 manna nefnd, og hlutu kosningu:

Ólafur Briem	með	18 atkv.
Hermann Jónasson	—	14 —
Þórður Guðmundsson	—	14 —
Jóhannes Jóhannesson	—	13 —
Guðl. Guðmundsson	—	9 —

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 25. júlí (C bls. 184, breytingartill. 226, nefndarálit bls. 338).

Framsögumaður (*Hermann Jónasson*): Háttv. deild er kunnugt mál það, sem hér liggur fyrir, því að þingið hefir áður haft um það að fjalla oftar en einu sinni. Það lá fyrir þinginu 1895; þá var það sjáltur ábúandi jarðarinnar Sauðár, sem óskaði að fá hana keypta, en honum var synjað um það. — Á þinginu 1899 var aftur farið fram á, að fá jörðina keypta, en þá var það hreppsnefndin, sem fór þessa á leit, en þá fór á sömu leið sem 1895; þingið vildi ekki, að hún væri seld. Eg þarf því í raun og veru ekki að skýra málið mikið; það er búið að því áður, og svo liggur álit nefndarinnar hér prentað fyrir deildinni. Eins og sést á því, hefir nefndin ekki getað orðið sammála, og meiri hluti hennar verður að leggja á móti sölunni; hann sér ekki fullgilda ástæðu til, að víkja hér frá þeirri reglu, sem alþingi hefir fylgt að undanförnu, að selja ekki þjóðjarðir, sem liggja að löggiltum verzlunarstöðum.

Aftur hefir háttv. minni hluti komið fram með viðaukatillögu á þingskj. 52, sem hann álítur, að geti komið til greina að aðhyllast, án þess að brotið sé móti þessari reglu.

Annað, sem meiri hlutinn leggur áherzlu á, er, að hann aðhyllist þá skoðun hæstv. landsh., að sala jarðarinnar til hreppsnefndarinnar muni koma í bága við forkaupsrétt leiguliða samkvæmt konungsbréfi 22. desember 1797. Þrátt fyrir það, þótt nefndin vildi ekki í heild sinni fallast á, að jörðin væri seld, varð hún þó öll að játa, að það væri mjög óhentugt fyrir Sauðárkróksbúa, að geta ekki fengið útmælt land til ræktunar. En máske væri hægt að koma því svo fyrir, að þeir gætu hér eftir fengið útmælt erfðafestuland, eða einhver önnur ráð mætti finna, án þess jörðin þó væri seld, til þess að þeir fengju viðstöðulítið og afar-kostalaust land til notkunar, og sérstaklega til ræktunar.

Ólafur Briem: Eg á örðugt með að skilja í mótspyrnu þeirri, sem frumv. hefir mætt bæði við byrjun umræðunnar hjá hæstv. landsh. og fleirum — og nú í nefndinni, er 4 af 5 nefndarmönnum hafa lagt á móti því, að það yrði samþykt.

Að því er snertir aðal-mótbáru þá, er fram hefir komið, að sala þjóðjarðarinnar Sauðár komi í bága við þá meginreglu þingsins, að selja ekki jarðir, er liggja að löggiltum kauptúnum, þá verð eg að leggja áherzlu á, að hér stendur sérstaklega á, og að aldrei hefir staðið eins á og hér, þegar um

sölu landssjóðsjarða hefir verið að ræða. Það hefir verið minst bæði á Ólafsvík og Kópasker, en þar stóð svo á, að það voru einstakir menn, sem eftir kaupinu föluðust, og þeir vildu ekki að eins fá keypta bújörðina, heldur líka verzlunarlóðina með. Hér er það aftur á móti heilt sveitarfélag, sem falast eftir kaupunum, og það aðallega í þeim tilgangi, að styðja að ræktun landsins, og ætti þingið sízt að sporna við því. Einnig ber þess að gæta, að hér er ekki verið að fala verzlunarlóð, þar sem svæði það, er kauptúnið Sauðárkrókur stendur á, er beinlínis undanskilið sölunni.

Ein mótbáran gegn frumv. kom frá h. þingm. Snæf. (L. H. B.), og hún var sú, að 3000 kr. mundi vera alt of lágt verð fyrir jörðina. — Eg skal geta þess, að það verð er bygt á mati umboðsmanns og sýslunefndar, og svarar fyllilega til afgjaldsins 25-falds. En þó má vera, að hreppsnefndin gangi að því, að kaupa jörðina fyrir hærra verð en þetta, þótt það að vísu svari til þess verðs, sem aðrar þjóðjarðir hafa verið seldar fyrir. — Sé svo, að þeir séu fleiri í deildinni, sem setja það fyrir sig, að verðið sé sett of lágt, þá mun eg ekki setja mig á móti því, að það verði hækkað um nokkur hundruð krónur.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Eg hefi heyrt einstaka þingmenn gera ráð fyrir, að skera málið niður nú þegar við 1. umr., en eg skil ekki í þessum ákafa þeirra, að þeir skuli vilja meina mönnum að átta sig á því og ræða það.

Háttv. 1. þm. Skgf. (O. Br.) tók fram hið helzta, sem mælir með því, að málið fái framgang, en þó vil eg bæta við einu atriði. Sé frumv. þetta felt, þá gerir þingið sitt til þess, að koma í veg fyrir það, að tekið sé til ræktunar mikið óræktað land í kringum Sauðárkrók, því að það er einmitt af því, að Sauðárkróksbúar æskja þess, að fá land til ræktunar, að þeir vilja fá jörðina keypta; án þess er alls óvíst, að þeir geti fengið það, og einmitt nú þegar svo mikið er talað um ræktun landsins, þá lætur það illa í eyrum, ef alþingi fer að skera niður frumv., sem miðar að því, að fá ræktað upp all-mikið óræktað svæði, og gjöra það arðmeira og hærra í verði fyrir Sauðárkróksbúa en það er fyrir landið nú, en af því leiðir aftur, að landið í heild sinni græðir á ræktuninni.

Eg verð mikillega að óska, að málið fái að ganga til 2. umr.; má þá koma fram með þá breyting við það, sem sumir háttv. þingdeildarm. kunna að æskja, til dæmis þá, að hækka söluverðið.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Bj. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jósaf. Jónatansson,
St. Stefánsson Eyf.,	Lárus H. Bjarnason,
St. Stefánsson, Skf.,	Magnús Torfason,
Valtýr Guðmundss.	Sigurður Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.

Sala þjóðjarðar II (Horns).

FRUMVARP til laga um sölu þjóðjarðar (C bls. 642); 1. umr., 16. ágúst.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil

mæla mikið með því, að þetta frumv. fái góðar undirtektir hjá háttv. deild. Eins og menn vita, hefir það gengið gegnum háttv. efri deild, og hún hefir einmitt samþykt þetta frumv. vegna þess, að það stendur sérstaklega á með jörðina. Sá, sem sækir um kaup á jörðinni, er ábúandinn, sem búinn er að búa á jörðinni nálægt 40 ár, og hann hefir einu sinni áður sótt um kaup á jörðinni, og þá fengið heimild fyrir, að fá hana keypta; en það var ekki fyrir hans sök, að það fórst fyrir. (*Björn Bjarnarson*, Bf.: Fer hann ekki bráðum að deyja?). Hann var við heilsu sína, þegar eg vissi síðast, og hann vill kaupa jörðina til þess, að afkomendur hans geti notið þeirra umbóta, sem hann hefir gjört á jörðinni. Það stendur svo sérstaklega á, að umboðsmaðurinn hefir lagt ákaflega mikið kapp á, að sporna við því, að þessi jörð verði seld, og yfir höfuð að nokkur jörð gangi undan umboðinu; og eg veit ekki betur en að framkvæmd laga þeirra, er þingið afgreiddi 1897, hafi fyrir hans mótspyrnu orðið svo erfið, að það hefir jafnvel orðið að leita ráðgjafaúrskurðar um málið.

Eg vona því, að háttv. deild taki ekki að svo stöddu svo mikið tillit til þeirra radda, sem kunna að koma frá einhverjum þingmönnum, að hún leyfi ekki málinu að ganga gegnum þessa 1. umræðu, og verði því svo vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar, og mun eg gjöra það að tillögu minni, svo að hún íhugi málið, og hvort hún vill það líka eins og háttv. Ed.

Til næsta þings vona eg að málið þurfi ekki að dragast, því eg gjöri ráð fyrir, að nefndin geti fljótlega áttað sig á skjölum málsins.

Eg óska því, að málið fái að ganga til 2. umr., og sé svo vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

Hermann Jónasson: Eg hefi verið í nefnd, sem háttv. alþingi kaus til að athuga um sölu þjóðjarða, og eg hefi látið í ljósi, að yfirleitt væri eg móti allri þjóðjarðasölu; en sérstaklega er það varhugavert, eins og eg hefi áður tekið fram í þessari háttv. deild, að selja þær jarðir, sem liggja í nánd við löggilta verzlunarstaði. — Hér fyrir þessari háttv. deild hefir verið frumv. um sölu þjóðjarðarinnar Sauðár, og það var felt af þessum ástæðum. — Hvað Sauðá snertir, þá hafði hún það fram yfir þessa jörð, að það hefði verið hagur fjölda margra manna, að sveitarfélagið fengi jörðina keypta; en hér er ekki nema um einn mann að ræða, og verð eg að álíta, að þess vegna sé enn minni ástæða til, að breyta frá þeirri stefnu, sem þingið hefir nú einu sinni tekið í þessu máli, heldur en þegar um heilt sveitarfélag eða hag margra manna er að tefla. — Svo vildi eg geta þess, að það er ekki einungis það, að jörðin liggur í nánd við löggilta höfn, heldur er það annað atriði, sem verður að líta enn meira á. — Það er núna fyrir þinginu frumv. til laga um heimild til að veita undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, sem þessi háttv. flutningsmaður að þjóðjarðarsölunni flytur. Hann hefir áður tekið það fram, háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að ef það kæmist á stórkostlegt trollara-félag fyrir suðurströndum landsins, þá mundu verða bygðar hafnir annaðhvort við Dyrhólaey eða á Hornafirði, og ef það skyldi verða bygð þar voldug höfn, þá sjá allir í þessari háttv. deild, að hve mikla þýðing það hefir, að hrapa ekki að því nú, að selja jörðina. Eg get auðvitað látið í ljósi, að eg mun greiða atkvæði móti þessu

frumv. til laga um þessa heimild, til að veita undanþágu frá botnvörpulögunum, og það er ekki orðið enn að lögum, en af því eg þekki, að h. flutningsmaður þess er bæði duglegur og mælskur og liðugur að koma sínu máli fram, þá get eg borið kvíðboga fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga, og þess vegna vil eg alls ekki, að þessi jörð verði seld.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg þarf í rauninni litlu að svara hv. 2. þm. Húnv. (H. J.), sem dæmir um þetta mál eins og blindur um lit; hann er ókunnugur, en eg gagnkunnugur. Það er ekki rétt, að jörðin liggi nálægt kauptúni; á milli liggur breiður flói og 2—3 jarðir: Dilksnes, Hafnarnes og partur af Arnarneslandi, og er 4—6 tíma ferð til kauptúnsins. Þm. vitnaði í, að beiðni Sauðárhreppsbúa um kaup á Sauðá hefði verið synjað. En þar stóð alt öðruvísi á; það var hreppurinn, sem vildi fá jörðina keypta gegn mótmælum leiguliða, en hér er það leiguliðinn, sem vill kaupa jörðina, og er skýlaus lagaréttur fyrir að salan sé leyfð. Það ættu ekki að verða sérlegar umræður um þetta og vona eg að málinu verði vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar, og getur hún þá ráðið til að samþykkja það eða fella.

Þórður Guðmundsson: Eg stend ekki upp til að gefa upplýsingar, enda þarf þess ekki með, þar sem háttv. þm. V.-Sk. hefir gjört það, og hann er færastur til þess.

En eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, hefi eg verið og er með þjóðjarðasölu. Mér finst það undarlegur hugsunarháttur, að vilja ekki unna bændum að kaupa þjóðjarðir. Hvað þessa jörð snertir, þá er mér það kunnugt af afspurn, að hún er hlunnindajörð og liggur á góðum stað, að því leyti að hún er nálægt kauptúni, en þó engin líkindi til, að kaupstaðurinn færist í hennar land. Þar sem maðurinn hefir búið þarna í 40 ár, þá skilur hver maður, að það er hart að bægja honum frá að kaupa jörðina, þar sem hann er margbúinn að borga jörðina með afgjaldinu. Og það er eðlilegt, að afkomendurnir fengju að njóta þeirra bóta, sem hann hefir gert á jörðinni. Eg mun því greiða atkvæði með, að málinu verði vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Eg verð að vera eindregið á móti því, að málinu sé vísað til þessarar nefndar, því eg ber ekki það traust til hennar, að hún fjalli svo um þetta mál, að við það sé unandi. I nefndinni situr að eins einn maður, sem eg get búist við að líti á þetta mál með nokkurri sanngirni og viti. Eg þarf ekki að fjölyrða um þetta, því eg ímynda mér að allir viti, hvað eg meina, og hvers vegna eg segi þetta. Það er af því, hvernig þessi nefnd fór með annað líkt mál, sem hún hafði til meðferðar (Sauðá).

Forseti: Eg vona að háttv. þm. hafi ekki meint neitt ilt með því, sem hann sagði.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vona líka, að þm. hafi ekki meint neitt ilt með þessu, og held fast við tillögu mína, í von um, að vit þessa eina manns ráði mestu um málið.

Hermann Jónasson: Eg tók ekki orðum háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) illa, af því að eg hélt að hann meinti það til mín, sem hann sagði um þennan eina mann með viti.

Þórður Guðmundsson: Og eg tók það til mín.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv. og til fyrnefndrar nefndar með sama atkvæðafjölda.

Önnur umr., 21. ágúst (C bls. 642, nefndarálit bls. 695).

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 13 : 2 atkv.; 2. gr. sþ. með 13 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. m. 13 atkv.

Þriðja umr., 23. ágúst (C bls. 642).

Einar Jónsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) vék að því nokkurum orðum um daginn, hvernig umboðsmaður Bjarnanesumboðs hefði komið fram í þessu máli og öðru skyldu máli, sem sé í málinu um að afhenda Bjarnaneskirkju í hendur hlutaðeigandi safnaðar með umboðs-eigninni hálfu Bjarnanesi. — Mér fundust þau orð, er hann hafði, um umboðsmanninn, ekki eiga vel við í þessu máli, og því vil eg fara um það mál nokkurum orðum, í von um, að þó að það sé ekki náskylt þessu máli, þá muni eigi móti því haft.

Eg hefi nú kynt mér málið um afhending Bjarnaneskirkju, og get eg ekki séð, að umboðsmaður hafi komið þar neitt vítavert fram, svo að hann hafi átt þau ummæli skilið, er höfð voru um hann við 2. umr., og verð eg því að mótmæla þeim, og óska, að þau hefðu ekki verið sögð.

Eins og kunnugt er samþ. þingið 1897 frumv. til laga um, að Bjarnaneskirkja yrði afhent hlutaðeigandi söfnuði í hendur, með þeim helmingi Bjarnaneseignarinnar, sem tilheyrir landssjóði. Mál þetta var borið fyrir safnaðarfund árið 1898 og samþ. hann að taka við kirkjunni. Þar næst var málið lagt fyrir héraðsfund sama ár, en hann feldi það af þeim ástæðum, að það gæti orðið óhagræði fyrir prestinn, að helmingur jarðarinnar kæmist í annara hendur en hans; óvíst væri hvernig skifting eignarinnar yrði, hver ætti að ráða skiftingunni, og svo gæti presturinn orðið fyrir tekjuhalla með þessu fyrirkomulagi. Þá er málið lagt fyrir safnaðarfund á ný, og samþykt þar með 31 atkv. af 44, er viðstaddir voru. Var þar farið fram á, að kirkjan fengi hjáleigur þær, er heyra til umboðinu, en hvað skifting á ítökum snertir, skyldi hlíta úrskurði stiftsyfirvalda. Þessu næst kom málið fyrir héraðsfund 1899 og var rætt þar; en prófastur neitaði að bera það undir atkvæði af því, að ekki væri greitt úr þeim misfellum, sem hefðu verið á málinu 1898, og engin trygging væri enn fengin fyrir því, að skiftingin á Bjarnaneseigninni færi þannig fram, að ekki risu deilur og málaferli af. — Síðan var málið aftur lagt fyrir héraðsfund 1900, eftir skipun amtmannsins yfir Suðuramtinu, og þá samþykt. Eg verð að álíta, að mál þetta sé athugavert, og töluvert sérstaklega standi á. Presturinn situr á Bjarnanesi og er helmingur jarðarinnar beneficium, en hinn helmingurinn heyrir til landssjóði. Hjáleigur þær, er liggja undir Bjarnanes, heyra og að helmingi til brauðinu og landssjóði að hinum helmingnum. — Það er því ljóst, að það hlýtur að vera þægilegra fyrir prestinn, að hafa umráð yfir allri eigninni, því á hjáleigurnar gæti komið maður, sem honum yrði erfiður í viðskiftum.

Þegar núverandi prestur fekk brauðið árið 1891, var tekið af honum umboðið, sem áður hafði fylgt prestakallinu, og fann þingið því ástæðu til, að greiða honum 100 kr. árlega fyrir tekjumissi, og því heldur hann meðan hann er við brauðið. Færi nú skifting á eigninni fram, mætti búast við tekjurýrnun fyrir prestinn áfram, og falli þá á landssjóð, að bæta brauðið upp eftir hans dag. En kæmist eignin aftur í hans hendur á sama hátt og áður var,

gæti þessi 100 kr. uppbót fallið niður, og væri það þess vegna hagur fyrir landssjóð.

Þegar málið kom til biskups, neitaði hann um samþykki sitt. Vildi hann, eins og prófasturinn, sem jafnframt er umboðsmaður, að málinu yrði snúið þannig við, að prestinum yrði boðið að taka við jörðinni og kirkjunni. Með þessu móti hefði mátt koma þessu máli í mjög gott lag, þar sem öll jörðin yrði þá beneficium; enda þótti honum liggja beinlínis við, að bjóða hana sameiganda jarðarinnar, prestakallinu, á undan öðrum, að taka við hinum helmingi jarðarinnar ásamt kirkjunni, og virðist það rétt.

Nokkur ítök fylgja eigninni, eyjar, sem liggja á Hornafirði. Þær gefa að sönnu ekki mikinn arð nú sem stendur, en hugsanlegt er, að þær yrðu arðsamari, þegar fram líða stundir.

Það getur nú verið vafasamt, hvort, eða hvernig ætti að skifta ítökum þessum; og þó söfnuðurinn hafi samþykt, að leggja þann ágreining, sem kynni að verða um skiftingu þeirra, undir úrskurð stiftsyfirvaldanna, þá gæti þetta orðið til tekjurýrnunar fyrir prestakallið. En þingið hefir að líkindum ekki ætlast til, að ítökin fylgdu að neinu leyti, þar sem þau eru ekki nefnd í lögunum frá 1897.

Eg álít því, að það hafi verið rétt af prófastinum, að vekja athygli á þessum agnúum, sem gátu orðið samfara afhendingu kirkjunnar í hendur safnaðarins, og hann sé sízt ámælisverður fyrir það.

Nú hefi eg heyrt, að þrátt fyrir mótmæli biskups sé búið að samþykkja afhendingu kirkjunnar í hendur safnaðarins, og vildi eg því heyra álit hæstv. landsh. hér að lútandi, og hvort það sé rétt, samkv. lögum 12. maí 1882, að ganga fram hjá neitun biskups, þegar er að ræða um afhending kirkju í hendur safnaðanna.

Eg veit að sönnu, að þetta stendur ekki í sambandi við mál það, sem hér liggur fyrir, eins og eg tók fram, þó því væri blandað í það við 2. umr. Mundi eg hafa gert sérstaka fyrirspurn um þetta, ef tími hefði verið til, því mér þykir það óviðfeldið, að sjá, hvernig farið hefir verið með það mál, því það getur myndað þá venju, að þó héraðsfundir og biskup væri móti því, að afhenda söfnuðunum kirkjur í hendur, væri það samt gert, en slíkt virðist mér koma beint í bága við lögin 12. maí 1882.

Annað atriðið, sem eg vildi minnast á og spyrjast fyrir um, er um ítök þau, er Bjarnaneseigninni heyra til og prestakallið hefir nú tekjur af, hvort til er ætlast, að skifta þeim, og hvernig þá ætti að skifta þeim, svo enginn vafi yrði á, og vona eg að hæstv. landsh. hafi ekki heldur á móti því, að svara því.

Að því leyti, sem þetta mál er sett í samband við það mál, sem hér liggur fyrir, þá sé eg ekki, að umboðsmaðurinn hafi farið neitt rangt að, þó hann hafi ekki getað fallist á afhending kirkjunnar í hendur safnaðarins, er hann hafði nákvæmlega athugað málið, og þó hann kunni að hafa sýnt nokkuð kapp í þessu máli, býst eg við að það hafi máske eigi verið minna á hina hliðina. Mér er um hvorugt kunnugt.

Landshöfðingi: Þótt það komi sölunni á Horni alls ekkert við, hvernig og hvers vegna Bjarnaneskirkja hefir verið afhent söfnuðinum, get eg þó gert það fyrir h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), að svara honum upp á fyrirspurnir hans. Eins og honum er kunnugt, á biskupinn yfir sér æðra úrskurðarvald, sem getur felt úr gildi gjörðir hans. Nú

þóttist stjórnin ekki geta tekið til greina neitun hans um samþykki til, að Bjarnaneskirkja væri afhent söfnuðinum með kjörum, sem ákveðin eru í lögum 18. desbr. 1897 Skal eg í því efni taka fram, að bæði hafði hann sem þingmaður á þingi 1897 tekið þátt í að samþykkja lög um þetta efni, þegar þau voru fyrir þinginu, og verið sjálfur í nefndinni í málinu, sem öll mælti með því, að frv. gengi fram. Stjórninni þótti neitun hans nú ekki á nægum rökum bygð og feldi hana úr gildi. Annars mun ráðherrabréf um þetta efni birtast bráðlega í Stjórnartíðindunum, og þar gefið mönnum tækifæri til að lesa ástæðurnar.

Hvað ítök þau snertir, sem fylgja Bjarnanesi og skiftast eiga í tvo jafna hluta milli prestsins og kirkjunnar, þá hefir sóknarnefndinni og prestinum verið falið, að koma sér saman um skiftinguna, en verði ágreiningur á milli þeirra út af skiftingunni, eiga þeir að hlíta úrskurði stiftsyfirvaldanna, en það er naumast ástæða til að búast við því, að skifting ítakanna muni fremur öðru vekja nokkurn ágreining.

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg þarf ekki að blanda mér í umr. um þetta mál, því þær snerta ekkert söluna á Horni; og eins og hæstv. landsh. tók fram, er ekkert samband milli þessara tveggja mála. Eg gat þessa að eins við 2. umr. og mintist á, að út af því hefði risið ágreiningur, sem nú væri búið að skera úr með ráðgjafaúrskurði. Gerði eg það að eins til að benda á, að umboðsmaðurinn hefði gert alt, sem í hans valdi hefði staðið, til þess, að hindra framgang þess máls, eins og þess, sem hér liggur fyrir, og að mat hans á jörðunni Horni kynni að vera athugavert, þar sem jörðin er komin hjá honum í helmingi hærra verð en upphaflega. þótt eg í fylsta máta viðurkenni, að umboðsmaðurinn sé að öðru leyti gæðamaður, og þurfti því h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) ekki að taka orð mín neitt óstint upp fyrir mér.

Einar Jónsson: Eg hefi nú heyrt svar hæstv. landsh.; en mér finst, að þótt biskupinn sem þm. og nefndarmaður í þinginu hafi verið málinu samþykkur, þá sé það ekki hið sama eins og hann hefði gjört það sem embættismaður, og að það geti verið mjög eðlilegt, að honum hafi síðar sýnst annað, þegar hann fór að íhuga málið nákvæmara, og hann hafði fengið að vita um nýja agnúa á því. Mér finst því, að hér hefði að sjálfsögðu fremur átt taka úrskurð hans sem biskups en atkvæði hans sem þm. til greina. Eg vildi því minnast á þetta hér í deildinni, svo látið yrði í ljósi, að ekki sé rétt, að ganga fram hjá neitun biskups í slíkum málum, þannig, að kirkjur sé afhentar söfnuðunum í hendur þrátt fyrir mótmæli hans, eins og hér hefir átt sér stað. Eg verð að álita rangt, að slík venja kæmist á, og hinum umræddu lögum frá 12. maí 1882 ekki rétt framfylgt á þann hátt. Hvað ítökin snertir, þá verður sóknarnefndin og presturinn auðvitað fyrst að fjalla um skifting þeirra, ef þeim skal skifta, sem eg álít, að ekki ætti að vera, og verður að sætta sig við það, að stiftsyfirvöldin skeri úr, ef ágreiningur verður á meðal þeirra í þessu efni.

ATKVGR.: Frv. samþ. í heild sinni með 15 atkv. gegn 3, og afgr. til landsh. sem *sem lög frá alþingi*.

Jarðaskifti.

FRUMVARP til laga um skifti á jörð-

unni Vallakoti í Reykdælahrepp og Parti í sama hreppi (C bls. 224); 1. umr., 10. júlí.

Flutningmaður (*Pétur Jónsson*): Þetta mál er mjög einfalt og eg gjöri ekki ráð fyrir að það verði sett í nefnd. Því vil eg taka fram með fám orðum ástæðurnar fyrir því, að eg hefi borið frv. þetta fram. Hér er þá fyrst og fremst ekki um það að ræða, að selja þjóðeign, heldur aðeins hitt, að hafa skifti á þjóðjörð fyrir aðra jörð, sem nú er bændaeign og jafngóð hinni. Svo stendur nefnil. á, að fyrir nokkurum árum stofnuðu Suður-Þingeyingar fjárræktarfélag í þeim tilgangi, að koma upp hjá sér kynbótafjárstofni. Félagið þurfti að sjálfsögðu að fá sér jarðarpart til þess að hafa kynbótafé sitt á. Það þurfti líka að fá sér mann, sem vel væri fallinn til þess að hirða kynbótafé, en það var ekkert áhlaupamál, að samrýma þetta tvent. Þegar félagið hafði útséð manninn, gekst það fyrir því, að útvega honum landssjóðsjörðina Halldórsstaði í Reykjadal, og með því að umboðsmaðurinn var fyrirtækinu hlyntur og maður þessi eins góður ábúandi og hver annar, þá bygði hann honum jörðina. Í túnjaðrinum á Halldórsstöðum er býli, sem heitir Partur; það er bændaeign. Kot þetta keyptu forstöðumenn fjárræktarfélagsins fyrir allhátt verð, til þess að hafa á því kynbótabú sitt. En eins og venja er með líkar stofnanir þessum, þá hefir efnahagur félagsins verið fremur þröngur, þar sem hefir bæði þurft að koma upp fjárstofni og byggja hús yfir hann. Það hefir því veitt erfitt fyrir félagið, að standa straum af borgun jarðarverðsins. Með því nú að kot þetta er fleygur inn í túnið á landssjóðsjörð, þá virðist vel við eiga, að landssjóður eignaðist það. Fjárræktarfélagið vill að sínu leyti gjarna eiga landssjóð fyrir landsdrottin, og fyrir ábúandann á Halldórsstöðum er það fult svo þægilegt, að þessi stofnun sé þar, eins og kotið væri bygt einhverjum ábúanda; hann getur meðal annars haft atvinnu af því, að taka að sér fjárgeymslu á kynbótabúinu. Þannig horfir nú málið við, skoðað frá hlið ábúandans á Halldórsstöðum og stofnunarinnar. En þegar aftur er litið á hag landssjóðs, þá sýnast skiftin og heppileg fyrir hann. Hann eignast þá þennan fleyg, sem nú gengur inn í eignarjörð hans, og ábúandinn yrði laus við öll þau óþægindi, sem leiðir af kotungsbúskap inni í sjálfu túni höfuðjarðarinnar. Kotið, sem falað er fyrir Part, er svipað að stærð, þótt það sé nokkru meira að hundraðatali, og við virðing, sem fram fór á báðum jörðunum, varð niðurstaðan sú, að þær voru jafnt metnar til verðs, og afgjald þeirra beggja er svipað. Eg skal taka það fram, að það er óheppilegt fyrir Vallakot, sem er landssjóðseign, að vera áfast við bændaeignina Einarsstaði. Þetta er óheppilegt fyrir ábúendur beggja jarðanna, óheppilegt fyrir bóndann á Einarsstöðum að hafa býli áfast við tún sitt, og óheppilegt fyrir bóndann í Vallakoti, að vera þannig settur, að hljóta að vera svo sem varnargarður fyrir Einarsstaði á tvo vegu.

Það er margt, sem mælir með skiftum þessum, og eigi eru þau skaði fyrir landssjóð, með því að boðið er að greiða sama eftirgjald eftir Part og goldið er eftir Vallakot.

Skal eg svo ekki orðlengja meir um málið, en vona, að h. deild taki því vel, með því að hér er að vissu leyti fremur um hagnað en óhagnað að tala fyrir landssjóð, en töluverð þægindi fyrir nytsemdarstofnun, er hefir almenningsgagn fyrir augum.

Skjöl máli mínu til styrkingar liggja frammi á lestrarsalnum.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Eg vil að eins stinga upp á, að máli þessu sé vísað til nefndar þeirrar, er sett var til að athuga sölu á Sauðá.

ATKVGR.: Samþykt að vísa málinu til þjóðjarðasölunefndarinnar. Fyrstu umr. frestað.

Fram h. 1. umr., 16. júlí (C bls. 224, nefndarálit 250).

Pétur Jónsson: Það virðist svo, að það ætli enginn að taka til máls. Eg vil leyfa mér, að þakka háttv. nefnd, sem fjallaði um málið, fyrir tillögur hennar og röksemdir, sem hún hefir komið fram með hér í nefndaráliti sínu, og vona, að það sé fullkomin vátrygging fyrir þetta frumv. Eg sé ekki, að það hafi neitt að þýða, að skýra þetta mál meir en nefndin hefir gert, en vona að menn verði því meðmæltir, því þótt maður hugsaði sér, að hér væri svo hallað máli, að landssjóður kynni að hafa skaða (sem raunar ekki getur verið), þá gæti sá skaði engu verulegu numið, þegar um önnur eins smákot er að ræða. Nefndin hefir einmitt bent á það, sem er aðal-atriðið, að jarðirnar séu mjög líkt á komnar, en auk þess mælir það með skiftunum, að það er auðsær hagur á báða bóga.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 18. júlí (C bls. 224, nefndarálit 250).

ATKVGR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 19 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkvæðum.

Þriðja umr., 20. júlí (C 224, nefndarálit 250).

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. og afgreitt til Ed.

Kaup á jörðinni Laug.

FRUMVARP til laga um að landið kaupi jörðina Laug við Geysi (C bls. 396); 1. umr., 31. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Þorsteinsson*): Eg verð að gera ofurlitla grein fyrir þessu litla frumv., af því eg ímynda mér, að sumum háttv. þingd.mönnum sé ekki fullkunnugt um þær ástæður, sem liggja til þess, að það er komið hér fram. Og verð eg þá að minnast á annað mál, sem hefir verið hér fyrir þinginu. Það er málið um sölu á hverunum Geysi og Strokk í Haukadal. — Það kom fyrir þingið 1893 tilboð frá eiganda hveranna, Sigurði bónda Pálssyni á Laug, þar sem hann bauð landsstjórninni að selja henni hverina fyrir 2500 kr. eða fyrir 500 kr. minna verð, heldur en hann hafði tilboð um frá Englendingi. Hann var nú svo sinnaður, sá maður, að hann vildi heldur unna landinu að eiga hverina, og það fyrir talsvert minna verð, heldur en hann gat selt þá útlendingi. Hann var maður forn í lund og forn í háttum, tryggur sem tröll við alt gamalt og gott, og allra manna þjóðræknastur. Hann kunni því illa, að hverirnir kæmust í hendur útlendingum, svo að hann, þótt félítill væri og fjárþurfi, gjörði þinginu þetta tilboð, sem var drengilegra en eg hefi þekt nokkur dæmi til af bændastétt vorri. — En svo fór, þegar til þingsins kom, þá var þessu tilboði neitað. (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.: Það féll ekki). Þingm. kunnu betur við að leggja það á hilluna, heldur en drepa það þegar eftir 1. umr. hér í deildinni. Þetta mæltist ákaflega illa fyrir út um land, og það þótti hálfgjörð minkun, að

láta hverina ganga í eigu útlendinga. Vitaskuld mátti segja, að hverirnir yrðu ekki fluttir burt úr landinu; en það má segja um svo margt, t. a. m. árnar og fossana, að það verður ekki flutt burt úr landinu; en eigi að síður er það eigi að eins óviðkunnanlegt að slíkt lendi í hendur útlendingum, heldur jafnvel skammarlegt fyrir Íslend'nga sem þjóð. Það mundi verða hlegið að þeirri þjóð annarstaðar, sem gerði slíkt, t. d. ef vér færum að selja Heklu(!) o. s. frv.

Sigurður bóndi á Laug neyddist því til, að selja útlendingi hverina fyrir 3000 kr. — Þessi maður er nú látinn fyrir 4 árum, en sonur hans, Jón að nafni, er tekinn við ábúð á Laug. Eins og mörgum þingdeildarmönnum mun kunnugt, eru hverirnir rétt við túnjaðarinn á Laug.

Haukadalur allur með 3 hjáleigum er 60 hundr. að fornu mati, en Laug, sem er ein hjáleigan, er 15 hundr. og því 1/4 hluti úr allri eigninni; eftir nýja matinu er Laug tæp 17 hundr. að dýrleika.

Þessi bóndi, sem nú býr á Laug, er bláfátækur maður, og hefir hann fengið tilboð um kaup á jörðinni frá útlendingi. Að vísu er nú þessi útlendingur látinn; það var Mr. Howell; en það er enginn efi á, að bóndanum er auðvelt að selja þessa jörð fyrir það verð, sem tiltekið er í frumv.; og það er enginn efi á, að hann selur, því að hann þarf að selja, og er þá líklegt, að hæstbjóðandi verði útlendur maður.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, að landið í kringum hverina yrði selt útlendum mönnum, er þetta frv. komið fram. Bóndinn hefir fengið í bankanum lán upp á jörðina með því skilyrði, að hann láti landssjóð sitja fyrir kaupum á henni. Í tilboði því, sem hann hefir sent alþingi, fer hann fram á 500 kr. styrk, til að reisa gistihús við Geysi; en eg álít ekki tiltækilegt að styrkja það. Svo fer hann og fram á að áskilja sér leigulausa ábúð á jörðinni, en okkur þótti ekki tiltækilegt að taka það upp í frumv.; en að hann fengi ábúðina með vægu afgjaldi, álít eg sanngjarnt.

Lög þessi eru að eins heimildarlög. Verðið er lágt, jörðin fremur hæg og notagóð, og ábúandinn getur haft töluverðar tekjur af ferðamönnum, sem koma til Geysis. Yfir höfuð mun varla vera útgengilegri jörð í öllum Biskupstungum, og þó víðar væri leitað. Eg álít því, að það sé engin áhætta fyrir landssjóð, að kaupa þessa jörð; hann mundi fyllilega geta fengið rentur af þeim höfuðstól, sem yrði að leggja út. Auk þess sem það er ákaflega óviðkunnanlegt, að þessi jörð verði eign útlendinga, þá gæti það gjört æði-illar búsifjar á margan hátt fyrir ferðamenn, bæði innlenda og útlenda.

Eg vona því, að háttv. deild taki þessu litla frumv. vel, og minnist, hvernig fór um Geysi og Strokk 1893, og taki tillit til þeirra radda, sem síðan hafa komið fram um það, hversu óviðkunnanlegt og jafnvel skammarlegt það var, að selja hverina í hendur útlendingum, þótt þeirri sölu verði að vísu ekki kipt upp með kaupum á þessari jörð.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Önnur umr., 5. ágúst (C bls. 396).

ATKVGR. 1. gr. frumv. samþ. með 14 atkv.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþ án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þriðja umr., 7. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 18 samhljóða atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 16. ágúst (C bls. 641).

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 14 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Friðun Hallormsstaðarskógar.

TILLAGA til þingsályktunar um friðun á Hallormsstaðarskógi (C bls. 774); ein umr., 26. ágúst.

ATKVGR.: Tillagan samþykt í einu hljóði og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Kynbætur hesta.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 11. des. 1891 um samþyktir um kynbætur hesta (C bls. 346); 1 umr., 23. júlí.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Á þeim 10 árum, sem liðin eru, síðan lögin frá 11. des. 1891 um kynbætur hesta öðluðust gildi, hafa verið gerðar samþyktir í 8 sýslum, og það í þeim héruðum, sem mest stund er lögð á, að ala upp hross. Raunar eru 4 af þessum samþyktum gjörðar á síðustu árum 1899 og 1900, svo ekki er gott að sýna fram á, hvaða árangur samþyktirnir hafa haft. Samt má geta þess, að eftir þeim skýrslum, sem mér hafa verið gefnar úr þeim héruðum, þar sem samþyktirnar komust fyrst á, þá virðast þær þó hafa haft nokkurn árangur. Að minsta kosti hafa þær miðað til að útrýma skjótta litnum, sem einkum er gert vegna útflutninganna. Að það út af fyrir sig hafi ekki svo litla þýðingu, sést bezt á verðmuninum á einlitum og skjóttum hestum ætluðum til útflutnings, sem er 5—10 kr. á hverjum hesti. Að þessar samþyktir þó ekki hafa komið að fullum notum, stafar með fram af því, að þær hafa verið svo strjálar. I næstu héruðum við þau, sem samþyktir hafa verið gerðar í, hafa engar samþyktir verið, og afleiðingin af því hefir svo verið sú, að saman við hross úr samþyktarhéruðunum hafa gengið óvaldir graðhestar úr öðrum sveitum, einkum á afréttum, og meðan svo stendur, er mjög erfitt að koma á nokkurum verulegum bótum á hestakyninu. Til þess nú að bæta úr þessu hefi eg komið með þetta litla frumv., þar sem sett eru föst ákvæði, er eiga að gilda fyrir alt landið, um það, að graðhestar, sem ekki eru ætlaðir til undaneldis samkvæmt löggiltri samþykt, megi ekki ganga lausir innan um hross á afréttum eða í heimalöndum. Þetta ákvæði er ætlast til að nái einnig til þeirra héraða, þar sem engin samþykt gildir. Eg hefi bent á þetta vegna þess, að tilgangurinn kemur ekki fullljóslega fram í frumv., eins og það er orðað, og mun eg í því tilefni koma fram með brt. við 2. umr.

Eg vona að h. þd. líti með sanngirni á þetta mál, og sjái, að það hefir ekki svo litla þýðingu í framtíðinni, að hér komi upp gott hestakyn, ekki sízt ef breytt yrði búskaparlaginu í þá stefnu, að farið yrði að nota plóga meir en gert hefir verið, og ef til vill vagna og fleira, t. d. sláttuvélar og rakstrarvélar, sem útheimta mikið hestaafl, auk þeirrar þýðingar, sem eg þegar hefi tekið fram, að það hafi á hrossasölu til útlanda.

Eg vona því, að máli þessu verði vel tekið og að frv. verði vísað til 2. umr.

ATVK.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 7. ágúst (C bls. 346, breyt.till. 397).

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Við 1. umr. þessa frumv. gat eg þess, hver ástæða væri fyrir því, að það er komið fram. Svo stendur á, að þó samþyktir um kynbætur hesta sé þegar komnar á í 10 sýslum, og þar á meðal í þeim héruðum þar sem mest er um hesta, og mest er flutt út af þeim, þá eru þó slíkar samþyktir enn ekki komnar á í ýmsum nágrannahéruðum. Reyndar getur maður búist við, að slíkar samþyktir verði gerðar smámsaman, en ýmislegt getur þó valdið því, að dráttur verði á því, og meðan svo stendur, er auðsætt, að samþyktirnar geta ekki komið að fullum notum, því að það gefur að skilja, að þótt eitt hérað hafi kynbótasamþykt hjá sér, þá kemur slíkt að litlu haldi, þegar hrossin eru rekin á afrétt, og þangað koma folar, sem ganga lausir úr öðrum héruðum, þar sem engar kynbætur eru stundaðar og spilla þannig hestakyninu. Með þessu frv. á að reisa skorður við því. Það hefir inni að halda almenn ákvæði þess efnis, að graðhestar megi ekki ganga lausir innan um hross á afréttum og í heimalöndum. Þó er undantekning um þá fola, sem ætlaðir eru til undaneldis, samkvæmt löggiltri samþykt. Mál þetta er þarfamál, þar sem kynbætur hesta eru til gagns bæði fyrir landbúnað og markað á hrossum til útlanda. Hér er um lítinn kostnað og næstum eingöngu um hirðusemi að ræða. Gengur frumv. því út á það, að þeir, sem ekki vilja sýna hirðusemi af sjálfsdáðum, sé neyddir til þess, svo þeir spilli ekki fyrir öðrum. Það getur verið, að aldurstakmarkið fyrir gelding hesta sé í frumv. sett heldur lágt, þar sem gert er ráð fyrir, að gelding skuli fram fara áður en folar eru ársgamlir. Mun eg bera mig saman um þetta við aðra háttv. þm., og ef þörf gjörist koma með br.-till. um það til 2. umr.

Pétur Jónsson: Það er að eins örlítið, sem eg hefi að bæta við það, sem háttv. framsm. (Ó. Br.) hefir sagt, og eg vonast eftir að frumv. verði samþ., ekki síst sé breyt.till. samþ. við það. Eg vil þó benda á eitt atriði. Hér er verið að setja trygging, svo menn geti varið sig fyrir sérstökum ágangi. Þegar eg hefi hross mín í haganum eða á afrétti, þá vil eg ekki sæta með þau búsifjum annara manna, og mér þykir þá ilt, að graðfoli annara manna komi í hagann og fylji merarnar. Mér finst, að menn eigi að geta varið sig fyrir þessu, eins og menn geta varið sig fyrir ágangi búfjár, og að öðru leyti náð hér rétti sínum á annan hátt. Þetta er meginástæðan fyrir mér með að flytja þetta frumv. Í öðru lagi getur þetta frumv. knúð menn til, að gera samþyktir um kynbætur hesta, þó undantekning sú, sem gerð er um graðhesta, sem ætlaðir eru til undaneldis, dragi dálítið úr (úr því að samþyktir þessar komist á). Eg fyrir mitt leyti hafði hugsað mér, að menn ættu að hafa alla graðhesta í geymslu.

Sigurður Sigurðsson: Eg er dálítið efablandinn um, hvort frv. þetta nær tilgangi sínum. Veturgömul trippi eru engar óróaskepnur, og það er mikill munur á þeim eða graðfolum, sem orðnir eru 3—4 vetra. Háttv. frsm. tók fram, að hann mundi ef til vill gera breyt.till. við aldurstakmarkið, og get eg vel felt mig við, að það sé gjört. Dýralæðingar álíta, að það hafi töluverða anatomiska þýðingu fyrir vöxt dýranna, að þau sé ekki gelt of ung; því eru folöld mjög sjaldan gelt

erlendis, og ekki fyr en trippin eru orðin 1½ árs eða tvævetur.

Af því eg vona þó, að frumv. geti orðið til dálítilla bóta, mun eg ekki greiða atkv. móti því, en vona eftir, að það verði lagað til 3. umr.

ATKV.GR.: Br.till. við 1. gr. (þgskj. 228) samþ. með 17 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 12. ágúst (C bls. 515).

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eg vil að eins geta þess, að sú breyt.till., sem við flutnm. höfum leyft okkur að koma fram með á þgskj. 368, er gjörð í samráði við fleiri þm., og lýtur að því, eins og menn sjá, að hækka aldurstakmarkið, þegar graðhestar mega ekki ganga lausir innan um önnur hross, hækka það úr 1 ári upp í 1½ ár. Eg vona, að með þessari breyting verði ekkert við frumv. að athuga, og það fái að ganga sinn gang. Viðvíkjandi þeirri undanþágu, sem gjörð er í 1. gr. frumv. um kynbótafola, sem ætlaðir eru til undaneldis samkvæmt löggiltri samþykt, vil eg taka það fram, að hún er bygð á því, að í mörgum af þeim samþyktum, sem þegar hafa verið gjörðar, hafa menn ekki séð sér fært, að fara svo langt, að fyrirskipa gæzlu á öllum kynbótafolum, jafnvel þó það sé nauðsynlegt til að koma hestaræktinni í það spor, sem hún þarf að komast í, þegar fram líða stundir og farið verður að vinna að því, að greina sundur reiðhesta- og áburðarhestakynið. En þetta er einmitt mjög nauðsynlegt, með því það er vitanlegt, að þó að bæði kynin séu góð hvort í sínu lagi, þá spilla þau hvort öðru, þegar þau blandast saman. Þetta fyrirkomulag er því að eins millibilsástand, sem menn verða að sætta sig við, meðan verið er að keppa að betra og fullkomnara fyrirkomulagi.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 368 samþ. með 18 atkv.

Frumv. samþ. með 18 atkv. og afgreitt til Ed.

Friðun hreindýra.

FRUMVARP til laga um friðun hreindýra (C. bls. 644); 1. umr., 17. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 19. ágúst.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 15 atkv. 2. og 3. gr. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Þriðja umr. 21. ágúst (C bls. 644).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Friðun fugla.

FRUMVARP til laga um friðun fugla (C bls. 472); 1. umr., 15. ágúst.

Hannes Þorsteinsson: Þetta frv. sem háttv. Ed. hefir sent okkur er harla lítils háttar. Að vísu er hér steypt saman eldri lögum um friðun fugla, en út úr þeim tekin friðun hreindýra, sem lagt hefir verið fyrir Ed. í sérstöku frumv., en að öðru leyti sé eg ekki, að háttv. Ed. hafi breytt neinu verulegu í eldri fuglafriðunarlögum, nema friðað andir, aðrar en fiskiendur, að nokkru leyti.

Fyrst farið var að hreyfa friðunar-

löggjöf fugla á annað borð, þá hefði átt að endurskoða hana algjörlega, og ekki láta sér nægja með að fara svona skamt. Það er full reynsla fengin fyrir því, að margir af okkar skemtilegustu sumargestum eru að eyðileggjast, ekki vegna skota, heldur vegna hóflausrar eggjatöku, því að fuglunum er eytt engu síður eða enda fremur á þann hátt. Eg skal t. d. nefna óðinshana, þórshana, jaðrakan, rauðbrystinga o. fl. Það er sótt mjög eftir eggjum þessara fugla og annara fleiri sjaldgæfra fuglategunda. Þannig er t. d. þórshana-egg borguð með 1 kr. stykkið, eða 4 kr. hreiðrið. I þessu frumv. á þgskj. 309 eru engar skorður reistar gegn eggjaráni, en það þarf nauðsynlega að taka til athugunar, ef fuglafriðunin á að vera meir en nafnið tómt. En eg skal játa, að það er erfitt að koma þessu svo fyrir, að vel megi við una, og útheimtir mikinn kunnugleika á því, hverjar fuglategundir séu sjaldgæfastar, eða um það leyti að deyja út hér á landi. Það verður t. d. að ákveða sektirnar mismunandi háar, eftir því, hversu fágæt hver einstök fuglategund er orðin, og það er mikill vandi að meta það rétt. Þetta verður að íhuga nákvæmlega, og þar sem síður er hægt að koma þessu í lag með breyt.-till. einum, þá finst mér réttast að setja nefnd í málið, sem tæki það til alvarlegrar íhugunar í heild sinni. Þessi nefnd gæti auðveldlega lokið störfum sínum fyrir þinglok, svo málið væri að öllu leyti undirbúið undir næsta þing, og þar sem að öllum líkindum mætti þá lúka málinu á aukaþinginu næsta ár, þá verð eg að álíta það betra, að fresta því um eitt ár, heldur en að samþykkja nú á þessu þingi þýðingarlitlar breytingar á friðunarlöggjöfinni, því að frumv., eins og það nú liggur fyrir, er engin réttarbót eða bragarbót við gildandi löggjöf. Eg skal því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv. Uppást. um 3 manna nefnd feld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Jósafat Jónatanss,	Björn Kristjánsson,
Lárus Bjarnason,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hermann Jónasson,
Sigurður Sigurðss.,	Jóh. Jóhannesson,
S. Stefánsson, Eyf.,	Magnús Torfason,
Tr. Gunnarsson.	Pétur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.,	S. Stefánss., Skgf.,
Þórður Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Thoroddsen.

Önnur umr., 17. ágúst (C bls. 472, br.till. bls. 653, 672).

Hannes Þorsteinsson: Ettir br.till. þeim að dæma, sem komnar eru fram við þetta mál, virðist ekki hafa verið vanþörf á að setja nefnd í það, eins og eg stakk upp á við 1. umr. Eins og frumv. frá Ed. nú liggur fyrir, er engin réttarbót í því. Eg hefi því lagt til, að fella burtu 1. gr. þess, og kem í þess stað með nýja gr. (á þingsk. 522), og fer hún í nokkuð svipaða átt eins og lagafrumv. það um friðun fugla, er samþykt var á síðasta þingi, en neitað var um staðfesting stjórnarinnar, sakir friðunartíma á fýlnum í Vestmanneyjum, eins og háttv. þingmanni Vestm. mun kunnugt um. En nú er sigit fyrir það sker, að fýllinn verði frumv. þessu að fótakefli. Í flokki hinna alfriðuðu fugla hefi eg bætt við nokkurum nýjum fuglategundum, og skal eg nefna: Óðinshana, þórshana, jaðrakan, rauðbrystinga, lóur, lóuþræla, tjalda og stelka, því að alt eru þetta fremur fágætir fuglar, nema lóur og lóuþrælar, en eg tel samt rétt að friða þá. Í

br.till. er prentvilla, »jaðrakar«, en á að vera »jaðrakan« (á latínu numenius), en jarðreka eða jaðreka er fuglinn nefndur í daglegu tali. Hann er nú orðinn mjög fágætur, og sést naumast nema í mýrum á Suðurlandsundirlendinu. Óðinshanar og einkum þórshanar eru og orðnir mjög sjaldgæfir.

Í br.till. minni er farið fram á, að rjúpur skali friðaðar frá 20. marz til 20. september, og álftir frá 15. marz til 15. sept. Eg þarf ekki að mæla sérstaklega með friðun á þessum fugl um, því að þeir eiga svo marga formælendur hér í deildinni, eins og sést af ýmsum br.till. sem fram, eru komnar, þar á meðal ein eða tvær um alfriðun álftanna.

Hina almennu friðun á fuglategundum þeim, sem ekki eru taldar upp, hefi eg lengt frá 20. júlí til 1. sept., en byrjunartími friðunarinnar er hinn sami (ɔ: 1. apríl). Eg hika ekki við að greiða atkv. móti frumv. á þingsk. 309, ef br.till. mín verður ekki samþ.

Eg skal taka það fram, viðvíkjandi eggjaráni, að ekki er tími til að koma með frumv. um það nú. Þar þyrfti svo vandlega um hnútana að búa, með því að svo örðugt yrði að koma upp brotum, og sektirnar yrðu að á kveðast svo mismunandi, eftir sjaldgæfi eggjategundanna. Um þetta þyrfti að koma sérstakt frumv., því það er engu síður nauðsynlegt að friða egg en fugla. Eg skal svo ekki tala meira, en vona að háttv. deild taki br.till. mínum vel.

Forseti. Nú á síðasta augnabliki er verið að útbýta mörgum br.till. við frumv., sem ekki er hægt að átta sig á í fljótu bragði. Eg tek því málið út af dagskrá í þetta sinn.

Málið tekið út af dagskrá.

Framh. 2. umr., 19. ágúst (C. bls. 472, br.till. bls. 653, 671, 672, 673, 683).

Pétur Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með örlitla br.till. á þskj. 510 við br.till á þskj. 499 um friðun rjúpna. Eftir því sem mér skilst á frumv., helzt hún að eins til 20. júlí. I mínu kjördæmi og víðar vilja menn auka friðunartímann að mun. I brt. minni hefi eg lengt friðunina fram til 1. marz og aftur að 10. sept. Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um ástæður fyrir því, að friða rjúpuna; mannúðarástin heimtar, að hún sé ekki drepin, þegar hún flýr til mannabygða til að bjarga sér undan harðrétti. A hinn bóginn er það ópraktiskt, að drepa unga í ágúst og byrjun september. Enn fremur er það, að rjúpan er útflutningsvara, sem mikils er um vert að sé vönduð, en ilt að geyma hana um sumartímann. Í fyrra haust voru flutt ógrynni af þeim frá Norðurlandinu, en þær úldnuðu og spiltu markaðinum, enda er þeim mjög hætt við að skemmast, jafnvel þó þær séu saltaðar, og þetta var af því, hve snemma þær voru teknar, meðan hiti var í veðri og vont að taka þær. Eg vona, að háttv. þingm. verði þessu ekki mótfallnir.

Sigurður Sigurðsson: A þskj. 535 hefi eg leyft mér að koma með brt við brt. á þskj. 522, frá mínum háttv. samþingismanni. Br.till. mín fer fram á, að álftir skuli vera alfriðaðar.

Eins og menn vita, eru svanir allra fugla tegurstir; þeim fækkar óðum, en arðurinn af álftaveiði er hverfandi. Alftir eru helzt veiddar meðan þær eru í sárum, og er sú aðferð svo ómannúðleg og stráksleg, að henni beita ekki aðrir en spjátrungar og slæpingar, og er því full ástæða til að vernda álftirnar frá frekari eyðingu. Eg treysti

því, að háttv. þingm. stuðli að því, að þessum fagra fugli verði ekki gjöreytt, og sá tími mun koma, að þjóðin verði þakklát alþingi fyrir að hafa friðað svanina.

Valtýr Guðmundsson: Eg þarf ekki að tala mikið fyrir br.till. minni á þingsk. 499, þar sem bætt er inn milli sviga: »nema háfa«. Það er dálítið vafasamt, hvort háfa skuli telja með netum eða ekki, en í háfnum er net, svo að búast má við að hann yrði talinn til þeirra. Þar sem lundaveiði er, t. d. í Mýrdal og Vestmanneyjum, eru háfar mjög brúkaðir, og er því ástæða til að taka þetta fram. Eg segi þetta að eins til skýringar, en álít, að gott sé að bæta þessu inn í frumv. til vara.

Hermann Jónasson: Eg hefi ekki greitt og mun ekki greiða atkv. með þessu frumv., hvorki til nefndar né umræðu. Sú er ástæða til þess, að eg álít, þar sem svo áliðið er orðið þingtímans, að frumv. yrði þinginu til minkunar, ef það næði fram að ganga. Það er ekki langt síðan hæstv. landsh. sagði, að sig hefði furðað á, að eg, ásamt öðrum háttv. þingm., hefði gerst svo djarfur að koma með frumv. til laga um eignarrétt á sömdu máli. Eg neita eigi, að mig vanti næga þekkingu í þessu efni; en það eru fleiri, sem gera sig seka í að fjalla um frumvörp, án þess að hafa þá þekking, sem æskilegt væri. Og það verð eg að segja, að háttv. Ed. hefir sýnt mikla hroðvirkni, þegar hún hefir samið með hliðsjón hæstv. landsh. það frumv., er hér liggur fyrir. Eg á sjálfur um 100 handrit, sem eg gjarnan vildi hafa trygðan útgáfurétt að, og hefi því haft talsverða ástæðu til að hugsa um málið.

Þegar friðunarlögin frá 17. marz 1882 komu út, brostu margir að því, að hrafninn væri friðaður! Nú er ekki því að heilsa, en það er nóg samt friðað af fuglum, er skaða gera, þó hann gangi undan.

Þegar um fuglafriðunarlög er að að ræða, koma þrjár tegundir fugla til greina: 1) skaðlegir fuglar, 2) skaðlausir fuglar, 3) arðfuglar. Oft getur verið örðugt að dæma um, hvað skuli friðhelga, hvað dæma réttdræpt.

Í frumv. frá 1882 um friðun fugla eru kríur og spörfuglar allir friðaðir. A hverju er það bygt, að friða þennan fugl, kríuna, sem ef til vill er sá fugl, er mest drepur lax- og silungsseiði? Hún eyðir klaki og smásíli og þarf af því margar þyngdir sínar á dag; sömuleiðis spillir hún hrognkelsaveiði. Eg leyfi mér að vitna til orða fiskifræðingsins sjálfs (Bjarna Sæmundssonar) í ritgerð í 23. árg. Andvara, þar sem slept hafði verið mörgum tugum þúsunda af hraustum laxaseiðum við klakstöðina í Hjarðarholti í Dölum, en daginn eftir var komið »kriuger«, sem sat að seiðinu í ½ mánuð.

Sumir telja nauðsyn að friða kríuna, af því hún verji svo vel varp. Slíkt er bábilja ein; hún ver að vísu varp þar, sem fáar kríur eru, en fjölgi þeim að mun fer hún að verða skeytingarlítil, og telur öðrum eins skylt og sér að sjá fyrir því, eins og víðar vill brenna við í þessum syndum spilta heimi! Mér er kunnugt um, að erlendis er sumstaðar lagt fé til höfuðs henni, og væri okkur nær að drepa hana en friða.

Þá er að minnast á annan fugl, og það er skarfurinn, sem eg með allri virðingu fyrir honum leyfi mér að kalla ránfugl, þótt hann teljist til annars flokks. Skarfurinn er hinn harðsnúnasti til veiða; oft fer hann 1—2 mílur upp í árósa frá sjó. Og ekki skil eg, hvers vegna háttv. Ed. hefir þóknast að friða skarfinn, nema hún hafi ætlað honum að blessa yfir allan þennan

friðlýsta ránfuglahóp, og verður því ekki neitað, að það er »collegialt« af háttv. deild og auðskilið, þegar litið er á, hvernig hún er skipuð. Til skýringar skal þess getið, að stundum rís skarfurinn upp á endann, styður sig við stélið og baðar vængjum í sífellu, og er þá kallað að hann sé að blessa. Úr því fiskiendur eru ófriðaðar, því eru þá sefendur friðaðar?

En til hvers eru friðaðir þessir meinlausu og gagnslausu fuglar, sem eg tel í öðrum flokki? Eg veit ekki til að nokkur leggi það í vana sinn að skjóta þá. Er það til þess, að sýna erlend um þjóðum, að við séum rángjarnir níðingar, eða til þess að sýna eftirkomendum vorum, hvað vér höfum verið hjartalausir? En úr því á annað borð er farið að telja upp fuglategundir, því má þá ekki taka með þórshana og keldusvín? Þórshaninn er gullfallegur fugl og sjaldgæfur bráðum.

Hér liggja fyrir mér 8 breyttill., en eg geng fram hjá þeim öllum, því þær eru svo vaxnar, að þær hylja ekki eitt einasta gat í öllu frumv., sem eru æðimörg. Þá kem eg loks að arðfuglunum; er það viðtækur bálkur og erfiður, og skal eg mæla fátt eitt, því eg vona, að frumv. komist ekki gegnum þingið. Samt skal eg minnast á einn fugl og það er álftin. Áður hefir legið fyrir þinginu frumv. um að friða hana. En því á að friða hana á vorin? Þá er hún stygg og sjálffær, og fær-ustu skyttum einum vinst að ná henni; þá er hún feit og arðmikil til frálags. Þá gengur hún á flæðiengi og bítur gras, svo verja verður engjarnar fyrir henni. Sjálfsagt er að friða hana um sáratímann; þá er hún búin að klekja út ungum sínum og hefir mikið lagt af á þeim tíma, og einnig á veikindatíma sínum, þegar hún er í sárunum, og er þá arðlítið, og ómannúðlegt að drepa hana með ungum sínum. Rjúpur má líka nefna; af veiði þeirra er einhver hinn tekjumesti arður allra fugla; arður af þeim og æðarfugli hefir aldrei mér vitanlega verið borinn saman. Fugl þessi er drepinn gegndarlaust og ber því hina mestu nauðsyn til að friða hann frekara en hingað til.

Þá vil eg minnast á eggjatökuna. Eg skil ekki, því gengið er fram hjá henni, þegar samin eru lög um friðun fugla. Það getur í mörgu tilliti haft mikla þýðingu, að friða eggin heldur en fuglana sjálfa, auk þess, sem það er miklu ómannúðlegra að taka t. d. helunguð egg undan fuglunum heldur en að drepa þá sjálfa. Svo er það eitt atriði, sem eg vildi benda á. Þegar litið er á þessa fugla, sem taldir eru réttdræpir vegna þess skaða, sem þeir gera, þá eru meðal þeirra taldar fiskiendur. Hafa menn nú athugað, hvaða mismunur er á þeim skaða, sem þessar endur gera, og þeim skaða, sem ýmsar aðrar andategundir gera, sem lifa af smáseiðum og hrognum laxa og silunga? Eg bendi að eins á þetta dæmi til þess að sýna fram á það, að það muni vera full ástæða til að athuga ýmislegt fleira viðvíkjandi friðun fugla en gert er í þessu frumv., en til þess að breyta ekki háttv. þingdm. skal eg ekki fara frekara út í einstök atriði í frumv.; en áður en eg sezt niður get eg þó ekki annað en minst lítið eitt á málið og setningaskipunina á frumv. Eg efast nú ekki um, að lögfróðir menn og háttv. þingdm. muni geta komist að meiningunni í frumv., en hvert sauðsvartur almúginn muni geta það, það veit eg ekki, en eg efast um það. Hér stendur í 1. gr.: »Hér á landi skulu þessar fuglategundir friðaðar fyrir allri veiði á hvaða tíma árs sem er: kríur, snjótitlingar, þúfutitlingar o. s. frv., og allar aðrar fuglategundir, nema: ernir, valir,

smyrlar, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur, máfar, fiskiendur, himbrimar, lómar og bjargfugl, skulu friðaðar frá 1. apríl til 20. júlí ár hvert«. Eg veit að þetta orðalag eða setningaskipun veldur aldrei ágreiningi hjá lögfræðingum, en í meira lagi meinlegt væri það þó, ef bóndi, sem lesið hefði þessi lög, þyrði ekki þeirra vegna að skjóta erni eða hrafna, sem að vorinu til legðust á unglömbin. Þessi 1. gr. ein gerir það að verkum, að frumv. verðskuldar ekki að það verði samþykt.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi nú ef til vill beðið um orðið til einkis, því það mætti æra óstöðugan að fara að ganga inn á allar þær breyttill., sem fram eru komnar, enda eru þær allar til samans þannig úr garði gerðar, að þær eru hvorki heilt né hálft. Sumar þeirra ganga alt of langt í friðunarátt ina, aðrar of stutt.

Það lítur annars svo út, sem óhætt megi ganga út frá því, að það hljóti að vera talsverð tekjugrein fyrir Húnvetninga, álftadráp á vorin, því sömu andmælin og nú komu frá 1. þm. þeirra (H. J.) móti friðun álftarinnar, sömu andmælin komu fram á síðasta þingi 1899 frá þeim, er þá voru þingmenn þeirra. Eg get ekki verið á sömu skoðun og verð að álíta það rétt og mannúðlegt, að friða álftina á vorin. Það er ómannúðlegt, að drepa nokkura skepnu um meðgöngutímann og álftin hefir sinn þá. Háttv. þm. Húnv. (H. J.) sagði, að álftin skemdi grasrótina, en eg get sagt honum að hún gerir ekki hálft tjón á við grágæsina eða helsingjann öðru nafni, sem er einhver sá skaðlegasti fugl fyrir grassvörðinn, sem eg þekki, og er hann þó friðaður eftir þessu frumv. frá 1. apríl til 20. júlí.

Eg skal ennfremur minna á eina fuglategund, sem allir játa að er sú tegund, sem við höfum haft langmest gagn og tekjur af. Þessi fugl er nú sýnilega að ganga sér til þurðar, en þó talar enginn um frekari friðun á honum, þótt hún sé bráðnauðsynleg. Eg álít það liggja alveg fyrir dyrum að friða þessa fuglategund alveg að minsta kosti um nokkur ár, ekki minna en 5 ár. Mér er kunnugt um það, að þar sem áður rjúpur voru algengar niður undir sjó, t. d. þar sem eg á heima, þá sést þar nú ekki orðið rjúpa. Bæði með tilliti til þessa, og eins hins, að nú eru þessi skjól og breyttill. orðnar svo margar, að þingmenn átta sig naumast á þeim, þá vil eg leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd sé sett í málið.

Tryggvi Gunnarsson: Eg skil ekki, hvaða þörf getur verið á því, að setja nefnd í þetta mál. Málið er vandlega rætt í háttv. Ed. og auk þess er frumv. mjög líkt því frumv., sem samþykt var á þinginu 1899 og fekk mjög góðar undirtektir hjá stjórninni og hefði án efa nú verið orðið að lögum, ef ein fuglategund, sem mikill arður er að, hefði ekki af gáleysi verið friðuð í frv. á þeim eina tíma, sem hægt var að veiða hana svo að gagni kæmi. Eg skil því ekki þá röksemdaleiðslu hjá 1. þm. Húnv. (H. J.), að það sé minkun fyrir þingið að samþykkja þessi lög. En það er eins nú og að undanförnu; þm. Húnv. hafa ætíð verið á móti fuglafriðun. Hinar mörgu brtill. sýna mér þó, að það eru ekki allir þingdm. á sömu skoðun og þm. Húnv., og þó þær geri ekki annað, þá sýna þær þó, að margir þingdm. eru á þeirri skoðun, að það eigi að friða sem flestar fuglategundir, og gleður það mig sannarlega. Það er sérstaklega ein fuglategund, sem eg verð að mæla mjög mikið með að sé algjörlega friðuð, og það er álftin, í fyrsta lagi af því, að það er svo mikil prýði og skemtun að þessum fugli, og í öðru

lagi af því, að það er beinlínis ómannúðlegt, að drepa nokkurn fugl meðan hann er í sárum, og þetta játaði líka háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.). Í öðru lagi játaði þm. einnig, að það væri rétt að friða rjúpuna. En þetta tvent sýnist mér vera nægilegt til þess, að hann sé ekki með því að fella frv., heldur að hann reyni með breyttill. til 3. umr. að laga frumv., svo hann geti feit sig við það, því eg fullvissa hann um það, að það mundu verða fleiri en hann með því, að láta kríuna og skarfinn ekki vera friðaðan.

Eg fyrir mitt leyti óska helzt, að breyttill. á þgskj. 525 yrði samþykt og að álftin yrði friðuð allan tíma ársins. Því eg er hér um bil sannfærður um það, að eftir svo sem 10 ár yrðu þær svo gæfar, ef þær ekki væru stygðar þangað til, að fjöldi manna gæti haft ánægju af þeim. Það hefir verið sagt, að það væri skerðing á atvinnuvegi; en hvað halda menn þá, að þessi atvinnuvegur, álftadrápið, gefi af sér? Við skulum setja svo, að það séu drepnar um 200 álftir árlega, og mun það vera fullhátt, og að hver álft gefi 4 kr.; það yrðu þá 800 kr. um árið fyrir alt landið; en hvað fer svo mikill vinnutími í þessi dráp, og hvað kosta svo skotfærin mikið? Þegar þetta hvorttveggja er dregið frá, þá ímynda eg mér, að ágóðinn verði ekki svo tilfinnanlega mikill. Hvað snertir engjaskemdir af völdum álftarinnar, þá mun vart orð á þeim gerandi.

Eg skal svo ekki tefja umræðurnar lengur, en vona, að einnig þeir, sem hreyft hafa mótmælum móti frv., lofi málinu að ganga til 3. umr., svo þeir þá geti lagað það, sem þeim þykir helzt ábótavant.

Hannes Þorsteinsson: Það lítur út fyrir, að það ætli að verða töluverðar umræður um þetta mál. Eg skal þó ekki lengja þær að neinum mun, því þess er engin þörf, þar sem eg áður hefi gert grein fyrir breyt.till. minni á þingskj. 522, sem koma á í stað 1. gr. frumv. (þingskj. 309). — Eins og háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) tók fram áðan og eg sömuleiðis tók fram við 1. umræðu, þá er frumv., eins og það kemur frá háttv. efri deild, harla lélegt, og einkum er 1. grein þess illa orðuð og ambögulega, svo að það getur valdið misskilningi. — Breyt.till. mín á þingskj. 522 er aðallega fram komin til að ráða bót á þessu, og gera ákvæði frumv. skýrari og fyllri, og hefi eg því bætt inn í nokkrum fuglategundum, sem alfriðaðir skulu, og mér fanst að sízt mætti vanta í þetta frumv.

Auðvitað er þessi upptalning á friðuðum fuglum hvergi nærri úttæmandi hjá mér, og til þess var tíminn alt of naumur. En það má lengi elta ólarnar um það, hverjar fuglategundir skuli vera al-friðaðar, hverjar hálf-friðaðar og hverjar alls ekki friðaðar, þótt hægast sé auðvitað, að telja þær tegundirnar upp. — Hvað það snertir, að eg hefi haldið kríunni meðal alfriðaðra fugla, þá er henni haldið af því, að svo er í gildandi lögum; en annars skal eg fúslega játa, að ekki sýnist vera nóg ástæða til, að friða þann fugl alt árið.

Það eru nú komnar fram svo margar og ólíkar breyt.till. í þessu máli, að réttast sýnist, að það hefði verið sett í nefnd, eins og eg stakk upp á við 1. umræðu, og ef til vill verður það ofan á nú, þótt það væri felt við 1. umr., enda hefir það komið á daginn nú við umræðurnar, að engin vanþörf væri á, að athuga málið vandlega í nefnd. — Eg verð að játa það, að eg tel ekkert gagn að frumv., þótt það væri samþykt

eins og það er nú á þingskj. 309, og jafnvel þótt breyt.till. mín á þingskj. 522 kæmist að, þá væri hún að vísu til mikilla bóta, en þó ekki til hlítar, því að það dugar ekki að hrapa að jafnvandasömum lögum sem þessum. Þau þurfa rækilegrar íhugunar við. — Eg hefi gert tilraun til, að ráða bót á verstu agnúunum, og vænti, að deildin taki tillögu mína til greina, því að frumv. er ómynd eins og það er.

Hermann Jónasson: Eg get verið h. háttv. þm. Rvík (Tr. G.) sammála og þakklátur fyrir það, hve ant hann lætur sér um, að friða álftina, og jafnvel þótt eg álíti annan friðunartíma heppilegri. — Eg vildi svo gjarnan, að hér væru til góð, almenn fuglafriðunarlög, en eg sé ekki, að tíminn geri það mögulegt, að ganga svo frá nokkrum lögum í þessa átt nú á þessu þingi, að í lagi sé og þau séu ekki frem ur til minkunar.

Eg hefi yfir höfuð ekki mikla trú á, að friða suma fugla, og mér þykir beinlínis leiðinlegt, að vera að gefa út friðunarlög fyrir fugla, sem engum lifandi manni dettur í hug að drepa. — Eg þekki fugla, sem hafa verið friðaðir yfir 20 ár, og hefi eg aldrei heyrt eina einustu kvörtun yfir því, að þessi lög hafi verið brotin. Hvernig stendur nú á þessu? Það er ekki nema tvent til, annaðhvort hirðir enginn um, þótt lögin séu brotin og fuglarnir drepnir, eða þá, að enginn kærir sig um, að drepa þessa fugla, af því að ekkert gagn er að þeim. Hvort heldur að er, þá eru lögin gagnslaus, enda er það svo, að fjöldi manna veit hreint ekkert um, að þessi lög séu til. — Yfir höfuð erum við ekki svo ómannúðlegir, að við séum að gamni okkar einu að drepa þessa litlu, saklausu fugla. — Eg hefi þvert á móti oft séð menn bjarga þeim undan köttum og smyrlum, og ætti að búa til verndarlög fyrir þessa smáfugla gegn nokkrum, þá væri það fyrir þessum dýrum, og væri hægt að koma þeim inn í hausinn á köttunum, þá yrði fyrst sannmæli vísan:

»Séð hefi eg köttinn syngja á bók«.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg er tyllilega samdóma h. háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) um það, að frumv. það, sem hér liggur fyrir, er hvergi nærri gott. En hvernig ætti það líka að geta verið það? Frumv. ber vott um, að þeir menn, sem fjallað hafa um frumv. í h. háttv. Ed., hafa hvorki haft ljósa hugmynd um, hvaða fuglar væri til hér á landi, né þekt lífernisháttu þeirra fugla, sem þeir hafa þekt að nafninu til. En þetta hvorttveggja er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hægt sé að búa til nokkur friðunarlög, svo í lagi sé. Þetta er undirstaðan, sem alt verður að byggja á. Eg veit nú ekki, hvort þessi háttv. Nd. getur uppfylt þessi skilyrði, en ímynda mér þó, að hér í deildinni séu til menn, sem beri fult eins gott skyn á þessa hluti eins og h. háttv. lávarðar, að þeim annars alveg ólöstuðum.

H. 1. þingm. Húnv. (H. J.) tók fram ýmislegt, sem eg vildi hafa bent á, t. d., að ýmsar fuglategundir vantaði í frumv., sem friða ætti, og sömuleiðis, að friðunartíminn væri ekki sem heppilegastur. Hann vildi t. d. láta friða rjúpuna um lengri tíma en stungið er upp á, og þótt eg standi á einni breytingartill. sem flutningsmaður, þá vil eg gjarnan vera með til þess, að friða hana um lengri tíma á veturna. — En svo get eg aftur á móti ekki verið sammála honum um það, að ekki sé hægt að laga þetta frumv., þótt ilt sé, svo við megi hlíta, og vona eg þess fastlega af honum, að hann vilji styðja að því til 3. umr., með því, að koma

fram með góðar og hagkvæmar breytingartill.

Að setja málið í nefnd álít eg ekki rétt, vegna þess, að umbót á friðunarlögunum er svo bráðsynleg, að það má ekki draga hana, og skal eg sérstaklega minna á friðunina á rjúpunni, sem er heldur að ganga til þurðar. — Eg skal leyfa mér að benda á nokkra ósamkvæmni, sem er í breyt.till. háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.). Þar eru friðaðir fuglar, sem engin sérstök ástæða er til að friða, svo sem skarfarnir, og eins er að ástæðulausu slept að friða suma fugla. — Úr því lóur og tjaldar eru friðaðir, því eru þá ekki líka friðaðir spóar og sendlingar? Eg sé ekki að lóurnar eigi fremur skilið að vera friðaðar heldur en spóinn, því að hvorttveggja er jafn-algengur fugl.

Annars skal eg taka það fram, að eg sé enga ástæðu til, að friða lóurnar alt árið. — Það er svo mikill aragrúi af þeim, að ekki sér högg á vatni, þótt mönnum væri leyft að fá sér lóusteik síðari hluta sumars — Svo sé eg heldur enga ástæðu til, að friða uglur fremur en aðra ránfugla, og þótt uglur séu miklu sjaldgæfari en sumir aðrir gripfuglar, þá er engin ástæða þess vegna að sleppa henni, enda eru hér einar þrjár tegundir af henni, sem menn þekkja.

Þrátt fyrir þessa annmarka get eg þó ekki verið með að setja málið í nefnd, en verð að leggja til, að það sé látið ganga til 3. umræðu, í þeirri von, að þessir annmarkar verði lagaðir, og að frumv. geti orðið samþykt sem lög frá þinginu í ár.

ATKV.GR.: Feld var tillagan um 3 manna nefnd með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Torfason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmundss.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	St. Stefánsson, Skf.,
Þórður J. Thorodd.	Tr. Gunnarsson.

Breyt.till. á þingskjali 535 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundsson,
Hannes Hafstein	B. Bjarnarson, Dal.,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Hermann Jónasson,
Sigurður Sigurðsson,	Jósafat Jónatanss.,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnason,
St. Stefánss., Skgf.,	Magnús Torfason,
Tr. Gunnarsson.	Pétur Jónsson,
Valtýr Guðmundss.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.

Breytingartill. á þingskj. 533, 2. þar með fallin.

Breytingartill. á þingskj. 522 samþ. með 15 atkv.

Breytingartill. á þingskj. 525 tekin aftur.

Breyt.till. á þingskj. 526 samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 510 samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 499, 1. þar með fallin.

Breyt.till. á þgsk. 499, 2. samþykt. með 20 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 520 þar með fallin.

1. gr. frumv. samþykt með 14 : 3 atkv.

2.—4. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 15 atkv.

Þriðja umr., 21. ágúst (C bls. 699, breyt.till. 710).

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Eg vona, að ekki þurfi að fjölyrða um breytingartill. vorar, því að þeim var hreyft hér við umræðurnar síðast. — Aðal-breytingin er sú, að vér höfum meðal ófriðhelgra fugla talið þá, sem álitnir eru til skaða, án þess, að gjöra nokkurt gagn. — Í hinn flokkinn eru teknir fuglar, sem eru til nokkurs verulegs gagn. — Í þriðja flokkinn eru þeir teknir, sem meir eru til prýðis en gagns, en allir jafn-langan tíma.

Nú liggur hér fyrir breytingartill., að friða þá allan tíma árs. — Sú breyt till. er algerlega óþörf, því að það þarf þó ekki að friða þá þann tíma ársins, sem þeir eru hér ekki. Nú vona eg, ef breytingartill. þessi verður ekki samþykt, og breytingar okkar teknar til greina, þá sé ekkert hneykslanlegt í frumv.

Hannes Þorteinsson: A þingskj. 584, er prentvilla: »Þórshamar«, á að vera »Þórshanar«. Að öðru leyti er breyt.till. í samræmi við frumv., eins og það var samþykt við 2. umr., og samkvæmt breyt.till. minni þá. En þessi breyt.till. er fram komin nú vegna breyt.till. h. 2. þm. Skgf. (St. St.) o. fl. á þgsk. 553, þar sem farið er fram á, að breyta frumv. meðal annars þannig, að engar fuglategundir skuli friðaðar alt árið um kring. En það álít eg skakt. Til miðlunar og að nokkru leyti eftir samkomulagi við aðal-flutningsm. breyt.till. á þingskj. 583 hefi eg slept út úr minni upptalningu á al-friðuðum fuglum lóum, stelkum og tjöldum, er þá falla undir hina almennu friðun, en sandlóur hefi eg tekið upp sem al-friðaðar.

Eg vona, að báðar breytingartill. á þingskj. 583 og 584 nái samþykki deildarinnar, og teldi eg þá frumv. all-gott og aðgengilegt.

Einar Jónsson: Eg skil ekki, að vel sé hægt að samþykkja báðar þessar breyt.till., sökum þess, að á þgskj. 584 eru krían friðaðar árið um kring, en á þgskj. 583 eru þær réttdræpar árið um kring. Þetta verður að athuga betur og taka á einhvern hátt þannig til greina við atkvæðagreiðsluna, að eigi verði mótsögn úr.

Hermann Jónasson: Breyt.till. á þskj. 584 get eg ekki getið mitt atkv. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Krían!) — Hér eru nokkurir fuglar alfriðaðir, sem eg hefi áður tekið fram að óparfi sé að friða; það er enginn sem vill drepa þá, nema þá til að fá af þeim hami, sem ekki virðist vera ástæða til að banna. — Hver mundi drepa þá? — Hver mundi kæra, þó einhver dræpi þúfutitling. Lög, sem ekki verða framkvæmd, er tilgangslaust að setja. En úr því farið er að telja upp fuglaheiti, því þá ekki að telja upp alla fugla, sem til eru í landinu? Ef þennan fugl á að friða, hvers vegna þá ekki hinn líka?

Eg geri kríuna ekki að kappsmáli; hún verður ekki drepin hvort sem hún er friðuð eða ófriðuð. En eg kann ekki við að friða þennan varg í véum, sem eyðileggur bæði fisk- og lax-seiði.

Þórður Guðmundsson: Eg ætlaði að tala örfá orð viðvíkjandi einstökum atriðum, en sný mér fyrst að breyt.till. á þgskj. 584. Eg er samdóma háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), að alfriðun smáfugla sé þýðingarlítil; þeir eru mjög fáir, sem eyðileggja þá. Háttv. þm. gat þess við síðustu umr., að engar raddir hefðu komið fram um friðun þessara fuglategunda. Við því er heldur ekki að búast; þeir eru fremur veiddir til »sports« en gagns. Þess skal eg láta getið, að eg hefi oft séð útlendinga ríða

hér upp úr bænum á sunnudögum um þingtímann með byssu á baki. Hvað skyldu þeir vera að gjöra annað en að drepa þessa sakleysingja? Slíkt er alveg óhæfilegt og löggjöfin ætti alvarlega að taka í taumana. Fuglar þessir eru hér til prýðis og skemtunar og væri því rangt að eyðileggja þá.

Tryggvi Gunnarsson: Eg mun greiða atkv. móti breyt.till. á þgskj. 583. Mér sýnist óþarfi að róta þannig við frumv. og skil alls ekki, hvers vegna háttv. þingmenn vilja ekki reyna að friða álftirnar í nokkur ár. Eg er á þeirri skoðun, að væru þær friðaðar t. d. 7—10 ár, yrðu þær spakar og gæfar eins og t. d. æðarfuglinn. Þær eru skraut vatnanna, fugla fegurstar og ekki mundi okkur þykja lítið varið í að hafa þær til prýðis hérna á tjörninni og heyra svanasönginn. Í Khöfn og víða erlendis eru þær tamdar og þykir hvervetna prýði að þeim. Arður er lítill af að drepa þær og kjöt af þeim er ekki gott. Háttv. 1. þm. Húnv. áleit óþarft að telja upp fugla þá, sem taldir eru á þgskj. 584. En eg sé ekki, að það saki þó þeir séu taldir með. Ekki felli eg mig við það á þgskj. 583, að gæsir og helsingjar séu gerðir réttdræpir. Þetta eru gestir okkar og það er ekki sérlega gestrisnislegt, að vera á eftir þeim með byssum.

Sigurður Sigurðsson: Eg get verið á því, að það hafi ekki mikla þýðingu, að friða snjótitlinga og máríuerlur; þeir fuglar eru ekki skotnir hvort sem er. En öðru máli er að gegna með tjalda, lóma, og þá sérstaklega álftir; þessir fuglar eru fagrir og til svo mikillar ununar fyrir oss, að það er synd að drepa þá eða eyðileggja. Sérstaklega ætti að friða álftirnar, því þær eru ekki drepnar til annars en til að ná hömum og til sports. Háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) talaði um menn sem riðu héðan úr bænum á veiðar á sunnudögum. Jú, eg hefi líka oft séð þessa »sportsfugla«, sem sýna list sína og æfa sig á að drepa þessa varnarlausu smælingja. Eg álít að breyt.till. 583 sé til skemda á frumv. og sem fuglavinur verð eg að greiða atkv. móti henni.

Hannes Þorsteinsson: Þótt eg sé ekki mikill vinur kríunnar, þá er eg ekki jafnmikill óvinur hennar sem háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.). Það er alment álitið, að kríur verji varp, og þær veita ágætan áburð í varpeyjum og annarsstaðar, þar sem þær verpa í hópum og halda sér að, og af eggjum þeirra hafa margir töluverðan arð. Ef farið væri hér fram á að friða kríuegg, þá gæti eg búist við alvarlegum mótmælum. — Háttv. 1. þm. Húnv. álítur upptalingu á þgskj. 584 óþarfa; en það finst mér ekki rétt. Það á alls ekki að leyfa mönnum að skjóta þessa fugla að gamni sínu. Hvaða lög eru það, sem ekki má brjóta? Ætti engin lög að setja nema þau ein, sem ekki yrðu brotin, þá yrði víst harla lítið úr lagasetningunni hjá oss. — Að því er snertir athugasemd háttv. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) um kríurnar á þgskj. 583 og 584, þá skal eg geta þess, að verði breyt.till. á þgskj. 584 samþ. (ɔ: um alfriðun kríunnar), þá fellur hún burtu úr upptalningunni meðal réttdræpra fugla á þskj. 584. En úr því að krían er svona mikið ágreiningsefni, þá hefði verið réttara að hafa breyt.till. um hana eina á sérstöku skjali. En nú verður við þetta að sitja. Verði breyt.till. 584 feld, þá verð eg að greiða atkv. móti breyt.till. 583 og frumv. í heild sinni, því að þá álít eg það ekki til neinna bóta og má það þá gjarnan bíða næsta árs.

Hannes Hafstein: Eg man ekki eftir, að eg hafi séð neitt frumv., sem lýsi öðrum eins blóðþorsta og breyt.till. á

þgskj. 583, þar sem ekki eru eingöngu ránfuglar, heldur gæsir og aðrir saklausir fuglar gerðir réttdræpir. Frá h. Ed. hefir komið frumv. um að gera erlenda atvinnurekendur útlæga. Það er hart; en harðara er þó þetta, að gera réttdræpa heila hópa af saklausum fuglum. Er það ekki hart og höggvið nærri eignarréttinum, að mega ekki eiga gæs, án þess hún sé réttdræp?

Hermann Jónasson: Viðvíkjandi br.till. á þgskj. 584 skal eg geta þess til skýringar, að þessir fuglar, sem rætt er um að friða skuli, eru að mestu leyti friðaðir eftir breyt.till. 583, þ. e. frá því er þeir koma á vorin til þess er þeir fara á haustin. Snjótitlingar eru að vísu standfuglar, en þá leggja menn ekki í vana sinn að drepa. Hitt er blátt áfram hlægilegt, að friða fugla meðan þeir eru suður í Afríku eða suður á Tyrklandi! — Hvaða lög getum við sett, sem friði þá þar? Þeir eru friðaðir mestallan tí:ann, sem þeir eru hér, og það er nóg. Mér dettur ekki í hug að greiða atkv. með frumv., sem svo tilfinnanleg ósamkvæmni kemur fram í. Þá er nær að lögin bíði eitt ár. Gagnvart háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) skal eg taka það fram, að á þskj. 543 eru það aðallega fiskæturnar, sem taldar eru réttdræpar; þó er slept sumum andategundum. Úr því ernir og valir eru réttdræpir, því má þá ekki fara eins með þá fugla, sem eyðilegaja fisk og síli? Með gæsir er dálítið sérstakt. Þær eru farfuglar, gera ekkert gagn, en eru til óhagræðis á engjum á vorin. Eg vildi að einhver vildi benda mér á eitthvert gagn, sem þær gera, annað en það gagn, sem af þeim fæst, ef þær eru drepnar.

Tamdar gæsir koma hér ekki til mála, — því er eignarrétturinn til fyrirstöðu; það veit vel eins lögfróður maður og háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.). — Eg sé ekki, eins og háttv. þm. Rvík (Tr. G.), að svanir mundu verða spakir þó þeir væru friðaðir; álftin er stygg að eðlisfari, og tamdir svanir erlendis eru önnur tegund en okkar svanir og hafa þar að auki verið tamdir um aldaraðir, svo eðlishættir þeirra hafa mjög breyzt. Það er nóg að friða vissa svani meðan þeir eru í sárum, því þá er ómannúðlegt að drepa þá.

Hannes Hafstein: Gagnvart háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) skal eg taka það fram, að það er ekki nóg vernd, þó einhver eigi eitthvert dýr, sem ófriðhelgt er að lögum. Tökum t. d. tóuna. Þó einhver hafi alið upp tóu, þá er hún eins réttdræp fyrir því, og eigandinn verður að láta sér dráp hennar lynda, ef einhver drepur hana, — hann á að eins rétt á skrokknum. Yfirleitt er það óheppileg breyting, að telja tegundir, sem ekki eru friðaðar. Það fór miklu betur í eldri lögunum. Það ætti að telja að eins þær dýrategundir, sem eru friðaðar, en ekki hinar, sem eru réttdræpar, því það er ómannúðlegt og gagnstætt öllum hugsunarreglum. Eg álít réttast, að fella frumv. í þessu formi.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg get ekki ekki verið á sama máli og h. 2. þm. Ísf. (H. H.). Eg get ekki séð neitt á móti því, að telja upp í frumv. þá fugla, sem réttdræpir eru Með því er mönnum bent á, að það sé til gagns að drepa þá. Lögin gefa með því bendingu um, að það eigi að fækka þeim, eigi að útrýma þeim. Hvað það snertir, sem háttv. þm. (H. H.) var svo hræddur um, að menn færu þá að skjóta tamdar gæsir, þá er víst óþarfi að bera neinn kvíðboga fyrir því. Það kemur víst engum til hugar, að fara að leggjast á alifugla. En hvað gæsirnar að öðru leyti snertir, þá skal eg taka það fram, að þær gera víst engum

gagn lifandi, og ef bannað er að skjóta þær á þeim tíma, sem helzt er gagn að skrokknum, þá er ekkert af þeim að hafa annað en ógagnið. Mér finst líka þessi andmæli háttv. þm. (H. H.) fremur vera sögð til að hafa eitthvað á móti frumv. heldur en af því, að hann telji þau séu svo þýðingarmikil í sjálfu sér. Í tilefni af ræðu þessa sama h. þm. (H. H.) skal eg í sambandi við þetta geta þess, að það er alls ekkert nýmæli í lögum, að telja upp þau dýr, sem ekki skulu friðuð, og skal eg því til sönnunar benda á lögin um friðun, sem samþykt voru á síðasta þingi. Að það geti verið til ills, það get eg ó mögulega fallist á, enda færði þm. engin rök fyrir því.

Eg skal taka það fram, að eg er ekki að mæla með að lög þessi verði samþykt, ef breyt.till. komast ekki að. Annars lítur svo út, sem þeir er mest hafa talað um þessi friðunarlög líti einungis á friðunina sjálfa út af fyrir sig, en taki ekkert tillit til þess gagns, sem landsmenn geti haft eða hafi af þessum fuglum. Ef við friðum algjörlega alla farfugla, þá sviftum við með því landsmenn töluverðum arði, og það get eg ekki séð að sé rétt. Eg fæ ekki séð, að friðunarlög eigi að vera til þess, að banna mönnum að hagnýta sér á skynsamlegan hátt öll þau hjálparmeðul, sem landið hefir að bjóða. Friðunin er að minni skoðun miklu fremur til þess, að koma í veg fyrir það, að menn skemmi fyrir sjálfum sér með óskynsamlegu drápi. Það er bæði hægt að hafa gagn af og menn hafa líka haft gagn af að leggja sér til matar ýmsar fuglategundir, svo sem bæði lóur, spóa o. fl., og á hinn bóginn er mergðin af þessum fuglum svo mikil, að ekki sér högg á vatni, þótt eitthvað sé skotið af þeim.

Eg vona að háttv. þingd. samþykki fyrst og fremst breyt.till., og svo frv. í heild sinni, því það er mín sannfæring, að þetta hvorttveggja til samans frumv. með breyt.till., sé til mikilla bóta frá því, sem nú er.

Sigurður Sigurðsson: Eg vildi að eins leyfa mér að spyrja háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), hvaða arður sé af því fyrir landsmenn, að skjóta maríuerlur, lóuþræla, þórshana og aðra þessa smáfugla, og enda lóur. Ánægjan af að hafa þessa fugla, bæði sjá þá og heyra til þeirra, er víst miklum mun meira virði en arðurinn af að drepa þá. En sjálfsagt hefir þm. meint þetta, sem hann sagði, aðallega til friðunar á álftinni; en þegar búið væri að gjöreyða álftinni, mundi menn iðrast þessa. Arðurinn af að drepa álftirnar er miklu minna virði en ánægjan og skemtunin, sem þessir fuglar veita okkur.

ATKV.GR.: Breyt.till. 583, 1. við 1. gr. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 583, 2. við 1. gr. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 584 við 1. gr. feld með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. 583, 3. við 1. gr. sþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 583, 4. við 1. gr. feld með 12 : 9 atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðinni breyt. samþ. með 12 : 5 atkv. og endursent Ed.

Landsspítali.

FRUMVARP til laga um stofnun landsspítala í Reykjavík o. fl. (C bls. 165); 1. umr., 4. júlí.

ATKV.GR.: Samþ. 5 manna nefnd í málið og þessir kosnir:

Þórður J. Thoroddsen með 19 atkv.
B. Bjarnarson, þm. Dal. — 11 —
Tryggvi Gunnarsson — 10 —

St. Stefánsson, þm. Skgf. með 10 atkv.
Einar Jónsson — 9 —
Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 18. júlí (C. bls. 165., nefndarálit bls. 269).

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Mál þetta hefir áður verið fyrir þinginu, og þá verið ítarlega rætt, svo eg ímynda mér, að það þurfi nú ekki að hafa langar umræður um það að sinni.

Síðasta þing samþ. frumv. um stofnun landsspítala, en af ástæðum, sem teknar eru fram í stjórnarfrumv., gat það ekki náð samþykki stjórnarinnar. En það, að síðasta þing samþykti frv. þessa efnis, bendir á, að menn kannast fyllilega við nauðsynina á að reistur sé spítali í Reykjavík, sem alt landið taki þátt í að kosta, bæði vegna sjúklinga, sem þangað leita af öllu landinu, og sérstaklega þó vegna læknakenslunnar. Eg vona, að frumv. verði eins vel tekið nú og á síðasta þingi, með þeim breytingum, sem nefndin hefir ráðið til að gera á því. Og þetta vona eg því fastlegar, sem ekkert hefir komið fram síðan á síðasta þingi, sem geri stofnun slíks spítala ónauðsynlega.

Á síðasta þingi komu fram misjafnar skoðanir um það, hvort nærliggjandi sýslufélög, sérílagi Reykjavík, ætti að taka þátt í stofnun og byggingarkostnaðinum á slíkum spítala eða ekki. Þetta finst mér við geta látið liggja milli hluta, sérstaklega nú, þegar bæjarstjórn Reykjavíkur hefir lofað svo ríflegum hluta af byggingarkostnaðinum, eins og hún yfir höfuð hefir tekið svo vel í málið þegar frá byrjun.

Eg skal játa það, að þetta frv. virðist hafa í för með sér talsverð útgjöld fyrir landssjóð, en þó er það ekki nema við fyrstu sjón, ef rétt er á litið. Það verður betra og ábatavænlegra, að leggja fram nokkuð meira fé í fyrstu, svo að hægt sé að fá betri spítala, spítala, sem samsvarar meir kröfum tímans, heldur en að leggja fram lítið fé, og fá upp fyrir það eitthvað hrófatildur. Því betri sem spítalinn er, því meiri líkindi eru fyrir því, að fleiri noti hann, og það efnaðir menn, sem krefjast sérhjúkrunar, og tel eg sjálfsagt, að þeir verði látnir borga meira en hinir, og þá verður árskostnaður spítalans minni, er landssjóður þarf að bera. Mér finst því þingið ætti ekki að horfa í að leggja út þennan kostnaðarauka, sem umfram er það, sem síðasta þing ætlaði til spítalabyggingarinnar.

Eg skal ekki að sinni fara frekara út í málið, en við 2. umr. skal eg minnast nánara á ýms atriði. Annars vona eg, að nefndarálitið sé svo rækilegt, að háttv. þingdm. geti gert sér nokkurn veginn í hugarlund, hvaða stefnu nefndin hefir tekið í málinu.

Pétur Jónsson: Eg skal að eins stuttlega gera grein fyrir atkvæði mínu, því eg býst við, að eg muni verða á móti frumv., þrátt fyrir breyt.till. nefndarinnar.

Það, sem fyrir mér er ástæða til að vera á móti frumv., er ekki eiginlega sá kostnaður við stofnunina, sem legst á landssjóð í byrjuninni, heldur það princip-brot, sem í frumv. er fólgið, og sá kostnaður, sem legst á landssjóð í framtíðinni, eða yfir höfuð sjálft nafnið, hugmyndin landsspítali. Það er þetta alt til samans, sem gerir það, að eg er á móti frumv. Eg álít það sjálfsagt, að hér í Reykjavík sé góður spítali, og eg álít það sömuleiðis sjálfsagt, að þessi spítali sé styrktur að landssjóði, og það töluvert meir en aðrir

spítalar, en eg álít það jafnframt sjálfsagt, að þau héruð, sem liggja nálægt spítalanum að öðrum leyti, beri kostnaðinn og haldi spítalanum uppi, alveg á sama hátt og hinir fjórðungarnir halda uppi hver sínum spítala. Eg verð að telja það merkilegt, að Reykjavík ein skuli hafa orðið til þess að styðja þetta mál, og það svo ríflega, en hin héruðin í Suðuramtinu skorast algjörlega undan nokkru tillagi. Eg vona eg þurfi ekki að rökstyðja skoðanir mínar ítarlegar í þessu máli, eg hefi áður látið þær í ljósi, og býst við þær séu flestum háttv. þingdm. kunnugar, jafnvel þótt margir þeirra séu nýir hér í deildinni. Eg ímynda mér, að margir þeirra hafi líkar skoðanir um þetta mál, nefnilega að það sé ekki nema rétt, að vænta eins mikils áhuga á spítala hjá öðrum hlutum landsins eins og hefir sýnt sig bæði á Norður,- Austur- og Vesturlandi. Eg álít, að það sé ástæða til að styrkja spítala hér í Reykjavík, og það nokkuð ríflegar en aðra spítala, ekki einungis vegna þess, að hér liggja að stærri héruð, heldur einnig vegna þess, að aðsóknin að honum af útlendum mönnum verður meiri en að öðrum spítölum, og eg álít það heppilegt, að menn, sem þjást af fágætum sjúkdómum, leiti hingað; það gæti meir að segja verið ástæða til að styrkja fátæka menn, sem líða af þessháttar sjúkdómum, til þess að ferðast hingað, ekki einungis vegna læknaskólans, heldur einnig vegna þess, að þeir hér mundu ef vil vill eiga kost á betri læknishjálp en annarstaðar á landinu. Alt þetta get eg sem sagt fallist á; en aðalástæðan fyrir mér til að vera þó á móti frumv. er þetta, að eg álít það ekki rétt, að spítalinn sé landsspítali, og rekinn á landssjóðs ábyrgð.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg þóttist nokkurn veginn skilja, hvert háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fór, en mér fanst það þó aðallega vera nafnið, sem hann hneykslaðist á Og sé ekki annað til fyrstöðu, mun bæði eg og nefndin fúslega ganga inn á að sleppa orðinu »land« framan af nafninu. Þm. talaði um principbrot; en þetta er misskilningur, því að það er ekki landssjóðurinn einn, sem lætur reisa spítalann, heldur landssjóður og Rvík í sameiningu. Með því að ganga í samband við Reykjavík til að reisa spítalann sýnir þingið, að það viðurkennir ekki, að landssjóður eigi að byggja spítalann einn og kosta hann. Þá er að eins það atriði, að sveitirnar í kring ekkert leggja til, en þar sem Reykjavík hefir nú skorist svo vel í málið, finst mér megi sleppa sveitunum við að leggja nokkuð til, og svo mundi varla verða svo mikið það, sem þær legðu til, að tilvinnandi væri að bíða eftir því. Eg er viss um, að þótt leitað væri til sýslnanna í kring, þá fengist varla meiri viðbót en sú, sem Rvík hefir nú lagt fram, c. 7000 kr.

Eg skil heldur ekki í því, að stofn un almennilegs spítala í sambandi við læknaskólann eigi að standa og falla með því, hvort Árness- og Rangárvallasýsla vill nokkuð til leggja eða ekki. Þeir menn bera ekki læknaskipun landsins fyrir brjóstinu, sem vilja láta slíkt ríða baggamuninn.

En góð læknakensla er ómöguleg, nema nemendurnir fái að sjá þau sjúkdómstilfelli, sem þeir eru að lesa um. Eg skil því ekki, að háttv. þingdm. fari að láta leiðast af misskildum principhvötum til að ónýta þetta mál. Viðvíkjandi því, sem h. þm. mintist á árlegan kostnað við spítalann, er hann vildi ekki láta leggja á landssjóð, þá skal eg taka það fram, að eg og nefnd-

in með mér, álít, að sá kostnaður geti ekki orðið mjög mikill. Hann fer eftir því, hve mikið spítalastjórnin og landshöfðingi ákveður að þeir skuli gjalda, er spítalann nota. Því meira sem menn borga fyrir að liggja á spítalanum, því minni verður árlegur kostnaður, og ætti stjórnendum spítalans að vera það í lófa lagt, að setja ekki spítalavistargjaldið of lágt. Nefndin hefir lagt það til, að skorið væri úr frv. ákvæðið um, að nokkrir fátæklingar gætu fengið spítalavist ókeypis. Eg hefði nú getað skilið, að þm. hefði mótmælt því, ef farið hefði verið fram á að hafa ókeypis spítalapláss fyrir nokkura menn, því með því mótinu hefði að líkindum fullur helmingur þessara ókeypis spítalavista orðið fyrir fátæka menn úr nærsveitunum, og þannig hefðu þessar sveitir, sem engu vilja til kosta, fengið eins konar verðlaun fyrir að skorast undan skyldum sínum.

En þar sem nú er ætlast til, að engum verði veitt spítalavist ókeypis, þá má búast við því, að þau héruðin borgi mest til spítalans, sem flesta sjúklinga senda á hann, en það eru þau héruð, sem næst liggja. Eg vona að háttv. þingdm. fallist á þetta, sem virðist vera í alla staði rétt, og þar sem nú Rvík leggur sinn hlut til, þá virðist mér ekkert princip brotið. Auk þess er alt öðru máli að gegna með spítala út um landið; þeir eru fyrir sérstök héruð, engir nema nærliggjandi héruð hafa gagn af þeim, en þessi spítali er settur á stofn vegna þess, að svo margir sjúklingar koma af öllu landinu til Reykjavíkur og sérstaklega vegna læknakenslunnar, og er að því leyti fyrir alt landið.

Pétur Jónsson: Eg má til að svara háttv. framsm. (Þ. J. Th.)' nokkurum orðum, en hins vegar skal og ekki gjöra neinar stælur út úr þessu að sinni. Rvíkurspítali á að verða fyrir alt landið, en svo er um hvern spítala, sem sjálfur er góður og þar sem læknir er góður. Eg fór ekki út í nein einstök atriði, en vil nú taka það fram, að mér þykir það þó athugavert, að ekki er til tekið, hve mikill árlegur kostnaður við spítalann muni verða. En það verða auðvitað »kröfur tímans«, sem ákveða, hve mikill sá kostnaður verður. Háttv. framsm. drap að eins á aðra hlið málsins, þar sem hann talaði um, að eg væri á móti landsspítala, því nefnil., að hann yrði landssjóði ómakleg byrði. En eg legg engu minni áherzlu á hitt, að svo framarlega sem þessi spítali verður rekinn á landssjóðs ábyrgð, þá koma hinir spítalarnir á eftir og heimta smátt og smátt, að landssjóður taki þá á sína arma. Þetta er eg hræddur við, og það því fremur, sem reynslan sýnir, að þinginu alla jafna hættir heldur við að slaka til í sams konar efnum og taka meira á landsjóðs bak en skyldi. Eg skal að eins drepa á, að mér þykir það undarlegt, ef landsspítalinn, sem ekki á að taka meir en helmingi fleiri sjúklinga en spítalinn á Akureyri, en sá spítali þykir fullviðunanlegur, þarf að kosta miklu meira en helmingi meira fé, nema, að ætlast sé til, að landsspítalinn verði bygður úr steini. Hvert sjúklingsrúm ætti þó að kosta minna í stærri spítalanum en hinum minni að öðru jöfnu. Eg vil biðja h. framsm. að taka til greina, að það er ekki svo mjög stofnunarkostnaðurinn, sem eg sé í, heldur kostnaðurinn við það, sem á eftir kemur.

Tryggvi Gunnarsson: Í ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kom fram hugsun, sem eg er hræddur um, að sé nokkuð almenn hér í deildinni, og má heita þjóðareinkenni, landinu til mikils meins, sem sé sú hugsun, að bauka út af fyrir sig og aldrei framkvæma nokkra stóra

hugsun í félagsskap. Nú setja menn það fyrir sig, að af því að spítali er upp kominn á Norðurlandi, á Austurlandi og Vesturlandi, þá skuli Suðurlandið reisa spítala einnig út af fyrir sig. En mín skoðun er gagnstæð þessu, Mér finst nauðsynlegt, að landið sjálft eigi einn spítala, bæði vegna læknakenslunnar, og til þess að geta tekið á móti sjúklingum, sem koma hingað frá fjarlægum stöðum. Þessi hugsun, að vera út af fyrir sig, er því miður líka til hér í Reykjavík; mörgum bæjarbúum þykir 25,000 kr. framlag frá Reykjavíkurbæ of hátt, og vilja byggja út af fyrir sig lítinn spítala, sem þeir sjálfir nota og engir aðrir; en hvernig færi þá, ef landsspítali væri ekki bygður og Reykjavík væri ein um að byggja spítala fyrir sig, — hvað yrði þá um útlendinga og utanbæjarmenn sem kæmu hér sjúkir til lækninga? Og væri það eigi sorglegt, ef sjúklingum út um landið væri þannig bægt frá að nota hina góðu læknishjálp, sem til er hér í Rvík? Það væri engin skylda, að taka þá sjúklinga á spítala, sem Reykjavík ein ætti og hefði bygt fyrir sig eina. Eg get eigi betur séð, en að það væri miklu heppilegra, að eiga einn góðan spítala fyrir alt landið, sem væri bygður í bróðerni með ríflegum styrk frá Reykjavík.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að halda langa ræðu, heldur að eins taka undir með háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg er nokkuð hræddur við að samþykkja þetta frv., og það ekki vegna byggingarkostnaðarins, heldur vegna hins árlega kostnaðar. Vér vitum, hve þung byrði holdsveikraspítalinn er orðinn á landssjóðnum, og ef vér nú tökum á landssjóðinn annan spítala jafnþungan, þá fer mér að þykja nóg um. Eg vil lýsa því yfir, að eg vil ekki greiða atkvæði mitt í blindni um það, hversu mikil ársgjöld til spítalans eru lögð á landssjóðinn, og hér verður maður að greiða sitt atkvæði í blindni, þar sem engin áætlun er til um ársútgjöldin til spítalans og þau eiga öll að greiðast úr landssjóði. Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) sagði, að þau væru undir því komin, hvað stjórnin ákvæði þar um; en við höfum ekkert vald yfir því; það er yfirstjórn spítalans og landshöfðingi, sem eiga að ákveða það, og vér getum ekki búist við mikilli hlífni úr þeirri átt, þegar Reykjavík er annars vegar. Eg get þess vegna því að eins verið með þessu frumv., að tiltekin sé einhver ákveðin upphæð til ársgjalda spítalans úr landssjóði, og Reykjavík beri þann kostnað, sem fer fram úr þeirri upphæð. Eg skal um leið geta þess, að eg álít það mjög svo óhyggilegt af nefndinni, að taka heldur tilboði Reykjavíkur um 7000 kr. í eitt skifti, heldur en 500 kr. árlega.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg skal geta þess, að mér datt ekki í hug, að far út í einstök atriði nú við þessa umr. Eg ætlaði mér að geyma það til 2. umr., því að eg áleit það ekki hæfilegt við þessa umr. En eg skal nú að eins geta þess, að mig minnir ekki betur en að háttv. þm. Vestm. (V. G.) væri hér á síðasta þingi, og þá kom einmitt til umr. þetta atriði, sem hann tók fram, og eg veit ekki betur en að áætlun um ársútgjöld spítalans sé prentuð í þingtíðunum frá síðasta þingi. Hvað hitt atriðið snertir, sem hann talaði um, að nefndin hefði farið óhyggilega að, að taka boði bæjarstjórnarinnar um 7000 kr. í eitt skifti, í stað 500 kr. árlegs tillags, þá eru ekki nein fullnaðarúrslit lögð á það atriði enn þá; þó nefndin hafi lagt þetta

til, þá er deildinni í sjálfsvald sett að hafna því og kjósa hitt; því bæjarstjórnin stendur við hvort tilboðið sem er. Annars ætlaði eg mér að skýra frá því við 2. umr., hvers vegna nefndin kaus heldur tilboð bæjarstjórnarinnar um 7000 kr. tillag eitt skifti fyrir öll.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Önnur umr., 22. júlí.

Forseti: Eg álít rétt að taka málið út af dagskrá, þar eð framsm. er fjarverandi, jafnvel þótt mér sé það óljúft, þar sem eg hefi orðið að taka annað stórmál út af dagskrá í dag.

Málið tekið út af dagskrá.

Önnur umr., 25. júlí (C bls. 165, nefndarál. bls. 269).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg lofaði því við framh. 1. umr., að eg skyldi gjöra nákvæmara grein fyrir breytingartill. þeim, sem nefndin hefir gjört við stjórnarfrumvarpið, og ástæðum þeim, sem hún hefir fram að færa.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar er sú, að það megi að eins verja úr landssjóði 65000 kr. til byggingarinnar, í stað þess, að stjórnarfrumv. fer fram á 90000 kr., og um leið að tillagið frá Reykjavíkur kaupstað sé fært úr 18000 kr. upp í 25000 kr. Nefndin verður að álíta, að þó að í stjórnarfrumv. sé tiltekin þessi upphæð til spítalabyggingarinnar eftir áætlun byggingameistara Thurens, eða 108,000 kr., þá mundi spítalinn, jafnvel þó hann væri bygður í sama formi og ætlast er til, ekki koma til að kosta svona mikið. Nefndin áleit, að komast mætti af með 90,000 kr. til byggingar spítalans, og skal eg nú skýra frá þeim ástæðum, sem nefndin hafði fyrir sér í því.

Þegar byggingarmeistari Thuren gerði þessa áætlun yfir spítalann, þá var efni alt, bæði járn og timbur, eins og hann segir í bréfi til stjórnarinnar, 30% dýrara en það hafði áður verið; en nú vita menn, að síðan hefir þessi efniviður lækkað að stórum mun í verði. Eftir áætluninni, sem liggur fyrir, þá eru af þessum 108,000 kr., sem ætlast er til að spítalinn kosti, 45,000 krónur í efnivið, bæði í járni og timbri. — Nefndin áleit, að fyrir verðfallið mætti draga þó dálítið af byggingarkostnaðinum, að minsta kosti 20%, og við það sparast 9000 krón. — Svo var annað, sem nefndin sá, að var of hátt; það var kjallarinn og vinnan við hann. — Thuren, sem mætti á fundi nefndarinnar, kannaðist líka við, að það mundi vera heldur mikið þar í lagt. Hann sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um, hvernig hagaði til, þar sem spítalinn ætti að standa, og hefði því gert ráð fyrir dýrara aðdrætti á grjótinu heldur en raun verður kannske á. — En nú á spítalinn að standa á Arnarhólstúni, og grjótið er þar rétt við hendina, svo aðflutningur á því ætti ekki að verða dýr.

Enn var það ýmislegt fleira, sem nefndin hafði að athuga, og sem hún áleit, að mundi mega færa niður á áætluninni. — Taldist henni svo til, að nóg mundi í lagt, þó að byggingarkostnaðurinn væri ekki áætlaður hærri en 65,000 kr., og þetta sitt álit bygði nefndin með fram á þeim orðum Thurens sjálfs, sem féllu við nefndina, að þegar hann byggi til áætlun, þá legði hann alt af heldur vel í, heldur en hitt. Hann sagði, að það, að gjöra áætlanir of lágar, væri til þess, að svíkja þá, sem á áætluninni ættu að byggja. — Einnig ber þess að gæta, eins og nefndin bendir á í áliti sínu, að hún ætlast til, að stjórnin viðhafi sem mestan

sparnað, þar sem um landsins fé er að ræða; og henni mundi án efa takast að fá spítalanum komið upp fyrir þetta, svo framarlega sem hún brúkaði undirboð, er til byggingar skal taka.

Önnur breyt.till., nefnilega sú, að í staðinn fyrir 18,000 kr. komi 25,000 kr., er þannig til komin, að nefndin skrifaði Reykjavíkur bæjarstjórn, hvort hún ekki væri fús á, að leggja meira til byggingarinnar heldur en gjört er ráð fyrir í stjórnarfrumv., og svarið var þannig frá bæjarstjórninni, að hún bauðst til annaðhvort að leggja 25,000 krónur í eitt skifti fyrir öll, eða þá 18,000 kr., og borga svo 500 krónur á ári til viðhalds spítalanum. — Nefndin vildi heldur þann kostinn, að taka 25,000 kr. í eitt skifti fyrir öll, heldur en láta Reykjavíkurbæ borga 500 kr. á ári. Það virðist nú í fljótu bragði svo, sem nefndin hafi farið undarlega að ráði sínu, þar sem hún tekur minna tilboðinu; því að 500 kr. tillag á ári kapítaliserað er með 5% rentu 10 þús. kr., en með 4½ % rentu 12½ þús. kr.; það tilboðið er því 3—5 þús. kr. lægra en hitt. — En ástæða nefndarinnar fyrir því var sú, að hún var hrædd um, að ef það nú kæmi ljós, þegar spítalinn væri kominn í gang, að Reykjavík brúkaði spítalann ekki tiltölulega meir en héruð landsins, þá mundi án efa koma beiðni um það frá Reykjavíkurbæ, að þetta árstillag væri felt niður, eða þá að minsta kosti, að slakað væri til við hann með sjúklingana, þannig, að Reykjavík væri gefinn kostur á, að hafa sjúklinga á spítalanum við lægra verði heldur en aðrir. Og af því að nefndin þykist þekkja veikleika þingsins og brjóstgæði í peningasökum, ótt aðist hún, að þingið á einhverju veiku augnabliki mundi verða við þessari beiðni. — Nefndin vildi þess vegna heldur taka hinni minni uppbæð, sem bauðst strax, heldur en hinni meiri, sem þingið svo kannske skilaði aftur af seinna. — Það sést líka á bréfi, sem nefndin meðtók frá bæjarfógetanum, að þó það sé ekki beinlínis bundið neinum skilyrðum, þessi veiting frá bæjarstjórnarinnar hendi, þá má lesa það út á milli línanna, að bæjarstjórnin ætlast til, að bænum verði veitt einhver sanngjörn ívilnun fyrir þetta árlega gjald. Nefndin áleit ekki heppilegt, að veita slíkt; því ef væri farið að veita sjúklingum bæjarins ívilnun, þá væri það ekki lengi að draga sig saman; þó ekki væri nema 25 aura afsláttur á dag fyrir hvern sjúkling, sem Reykjavík hefði, þá yrði það 90 kr. afsláttur um árið, og þyrfti Reykjavík þá ekki að hafa nema rúma 5 sjúklinga til jafnaðar yfir árið á spítalanum til þess, að hafa úr landssjóði þessar 500 kr., sem bærinn legði til árlega.

Þetta voru ástæður nefndarinnar fyrir því, að hún tók 25,000 króna tillagið fremur en þetta árlega tillag; en náttúrlega gjörir nefndin þetta ekki að kappsmáli; deildin getur kosið hvorn kostinn, sem hún vill heldur.

Þetta eru nú aðal-breytingartill. við 1. gr. frumv. Breytingarnar við 2. gr. eru ekkert nema orðabreytingar, og sömuleiðis við fyrri part 3. greinar. — En svo er önnur breyting við þá grein, sem ekki hefir svo lítið að þýða, nefnilega, að síðasta málsgrein um ókeypis sjúkrarúm falli burt í þriðju grein. — Nefndin áleit, að þingið legði of þunga byrði á landssjóð með þessu ákvæði; þó ekki væri nema ⅓ af öllum rúmum spítalans, sem þannig yrðu gjaldfrí, þá væri það ekki svo lítill kostnaður fyrir landssjóðs, auk þess, sem gjöra mætti ráð fyrir, að hin sjúkrarúmin mundu kosta landssjóðinn eitthvað. — Það er ekki gott að segja með vissu, hvaða kostnað landssjóður mundi hafa

af svona löguðum spítala á ári hverju, en áætla má um það með svona nokkrum sanni. — Ef maður tekur tillit til þeirra spítala, sem þegar eru reistir, þá selur sjúkrahúsið á Akureyri rúmið fyrir 1 kr. 25 a. á dag, auk meðala og læknishjálpar, sama sem tæpar 500 kr. á ári. Þessi spítali ber sig ef til vill ekki vel, en þó nokkurn veginn, enda hefir hann nokkurt tillag frá öðrum hliðum. — Líti maður á annan spítala, holdsveikraspítalann, sem þykir dýr, þá kostar hann á ári um 30,000 krón. handa 60 sjúklingum. — Rúmin kosta því þar líka um 500 krónur á ári. — Í rauninni er ekki rétt, að bera landsspítalann saman við holdsveikraspítalann, og heldur eigi við Akureyrarspítalann, að því leyti, að Akureyrarspítalinn er minni, og verðið að öðru jöfnu hlýtur að verða að tiltölu dýrara á þeim spítalanum, sem er minni, heldur en á spítala, sem hefir fleiri sjúklinga; en aftur á móti holdsveikraspítalinn, sem hefir fleiri sjúklinga, ætti að vera ódýrari. — Gjörum nú samt ráð fyrir, að hann verði jafn-dýr, eða 500 kr. á ári fyrir hvert sjúkrarúm, þá hefðu þessi 8 frírúm þó að minsta kosti 4000 króna kostnað í för með sér fyrir landssjóð, auk annars.

Í sambandi við þetta skal eg fara nokkrum orðum um 5. grein frumv., sem kveður svo á, að kostnaðurinn við spítalann skuli greiðast úr landssjóði. Eg skal reyna að gjöra grein fyrir, hvernig nefndin hefir hugsað sér, að þessi kostnaður mundi verða. Nefndin gjörir ráð fyrir, að sjúkrarúmin verði ekki seld dýrari en þau eru í þeim spítala, sem vér höfum nú hér í Reykjavík, og heldur ekki dýrari en í öðrum spítölum, t. a. m. Akureyrarspítala; en svo er þess að gæta, að eftir því, sem spítalanum er fyrir komið, þá eru þar bæði herbergi, þar sem fleiri sjúklingar mega vera í, og herbergi, sem færri mega vera í, og herbergi, sem ætluð eru að eins einum sjúklingi. — Nefndin áleit, að stjórnin mundi gjöra mun á því, hvort eru almennar sjúkrastofur eða handa einum, og hefir lagt það niður með sér þannig, að almenn sjúkrarúm muni kosta 1 kr. 25 aura, en rúm í sérstökum herbergjum 2 kr. á dag, og kannske einhver millilíður þar á milli, t. d. þau sjúkrarúm, sem eru í tveggja manna herbergjunum, væru seld á 1 kr. 50 aura, og auk þess, sem náttúrlega yrði dýrara fyrir útlendinga, ef þeir kæmu á spítalann. — Leggi maður nú vel í, og gjöri ráð fyrir, að hvert sjúkrarúm kosti spítalann 700 kr. á ári, en hver sjúklingur borgaði 1 kr. 25 aura á dag í almenningsherbergjunum, eða 500 krónur á ári, þá yrði landssjóður að borga 200 krónur á ári fyrir hvert af þessum rúmum, en þau eru 18 tals í spítalanum, og yrði þá kostnaðurinn samtals 3,600 krónur. — Þau rúm, er væru tvö í herbergi, mundu gjöra 600 kr. á ári, og landssjóður þar borga 100 krónur á ári eða alls af þeim 400 kr., því að þau rúm eru 4. — Það sem landssjóður þyrfti að borga fyrir öll rúmin, yrði því samtals 4000 krónur á ári. — Þetta er í sjálfu sér ekki nema lausleg áætlun, en eg ímynda mér, að hún sé ekki fjarri sanni, þegar hún er borin saman við spítala þá, sem við nú höfum.

Eg skal nú ekki fara frekari orðum um breytingartill. nefndarinnar við frv., en eg vona, að menn hafi sannfærst um, að þær séu á nokkurn veginn rökum bygðar.

Eg skal geta þess, að forseti hefir afhent nefndinni brét frá St. Jósefssystrunum í Landakoti. — Í bréfi þessu bjóðast þær til, að byggja spítala upp

á þá skilmála, að sér verði veitt 60,000 króna lán úr landssjóði, sem megi afborgast með 6% á 28 árum, og taka þær að sér að afborga lánið á þann hátt. — Til tryggingar láninu bjóða þær 1. veðrétt í spítalanum, þegar hann er kominn upp, og bjóðast þær enn fremur til, að hafa spítalann svo útbúinn, sem kennararnir við læknaskólann álíta viðunanlegt, enda skuli læknaskólinn fá hann til fullra afnota; spítalinn taki á móti sjúklingum hvaðan af landinu sem er og fyrir jafna borgun, og fullvissa þær um, að engin trúarbragða-áhrif skuli höfð á sjúklingana. — Eg skal skýra frá því, að af því að nefndinni virtist þetta tilboð nokkuð í lausu lofti, og ekki nærri nógu tryggilegt eða nákvæmt til þess, að þingið gæti á því bygt, þá leitaði nefndin til systranna, og fekk hjá þeim frekari upplýsingar um, hvernig þær höfðu hugsað sér fyrirkomulagið á þessum spítala, og skal eg leyfa mér að skýra frá því.

Þær hafa hugsað sér að byggja spítala, sem tæki 30—40 sjúklinga, og sögðust mundu hafa von um, að hafa ráð yfir um 90,000 kr. til þess, ef hið umbeðna lán fengist, og ætluðu þær 15,000 kr. af þeirri upphæð til útbúnaðar spítalans, en til sjálfrar byggingarinnar 75,000 krónur. — Þær höfðu líka hugsað sér, að spítalinn sjálfur ekki eingöngu ætti að borga sig, heldur og að borga vexti og afborganir af láni því, sem umbeðið er. — Hver sjúklingur skyldi gjalda 1 kr. 50 aura á dag, fyrir utan læknishjálp. — Svo framarlega, sem spítalinn ekki borgaði sig með þessu fyrirkomulagi og þessari borgun frá sjúklingunum, kváðust þær engin önnur ráð hafa, en að leita hjálpar einhversstaðar frá, og líklega þá helzt hjá landssjóði. — Að öðru leyti ætla þær sér, að hafa alla stjórn spítalans á hendi sjálfar, og mætti enginn skifta sér af neinu viðkomandi rekstri spítalans, nema að því leyti, sem læknarnir hefðu yfirumsjón með sjúkrastofunum. — Eg skal geta þess, að af því, að það er ætlast til þess í þessum fyrirhugaða landsspítala, að þar verði rúm fyrir kandídat, sem gæti alt af verið til staðar, þegar yfirlæknarnir sjálfir væru ekki við, þá voru þær spurðar, hvort svoleiðis kandídat gæti verið á þeirra spítala, og hvort spítalinn vildi kosta hann. Því neituðu þær algjörlega. Það gæti aldrei komið til mála, að slíkur maður fengi að búa í spítalanum; hann yrði að búa annarsstaðar, og yrðu líka annaðhvort læknarnir eða sjúklingarnir að borga honum. — Nú var þeim bent á, að læknarnir mundu gera það að skilyrði, að læknistróður maður hefði svona stöðu við spítalann og byggi þar; en það kom fyrir sama, þær sátu fastar á því, að slíkt gæti ekki látið sig gera; kandídat yrði undir öllum kringumstæðum að búa fyrir utan spítalann.

Að því afstöðu nefndarinnar snertir, þá er þess að geta, að meiri hluti hennar er algerlega mótfallinn því, að taka þessu tilboði. — Henni þykir það fyrst og fremst óviðkunnanlegt, að vera að leggja landsfé í að styðja hina kaþólsku mission hér í landinu, og efast enda um, að það sé leyfilegt, eftir stjórnarskránni, sem fyrirskipar, að halda uppi lútersku kirkjunni hér á landi sem þjóðkirkju og styðja hana og styrkja sem slíka. — En það er kunnugt, að hin kaþólska mission hefir það lag, þar sem hún ætlar að ryðja sér rúm, að hún byggir fyrst kirkju og síðan spítala, og er það einn partur af verki missiónarinnar, að hjúkra sjúkrum. En hvað sem því líður, þá virtist nefndinni, og öll nefndin var um það ásátt, að tilboð þetta væri svo ó-

tryggilegt og óákveðið, að þingið gæti ekki bygt neinar ákveðnar tillögur á því.

Það var líka annað atriði, sem kom fram í nefndinni, og sem eg skal nefna strax, enda þótt ekki sé, ef til vill, ástæða til þess, og það var það, að hætt yrði við spítala-byggingu eins og fyrirliggjandi frumv. fer fram á, en landsstjórninni væri veitt í fjárlögunum í þess stað til umráða álíka upphæð og frumv. gjörir ráð fyrir til spítalastofnunar í Reykjavík. — Meiri hluti nefndarinnar var á móti þess konar fyrirkomulagi, af því hann áleit, að það yrði til þess, að þetta spítalamál sofnaði alveg út af. — Verði slíkt samþykt, þá verður eitt af tvennu: annaðhvort verður landsstjórnin sjálf að byggja ein út af fyrir sig, og reka svo spítalann, eða þá í samlögum við Reykjavíkurbæ eða Jósefssystur, sem þá reka spítalann. Nú er þess að gæta, að stjórnin hefir lýst því yfir, að viðunanlegur spítali geti ekki orðið reistur fyrir minna en 118 þúsund krónur, að útbúnaði meðtöldum. Ef því tillag Reykjavíkurbæjar fellur burt, og landsstjórninni ekki eru veittar meir en 60—65—75 þúsund kr. til byggingarinnar, þá svarar stjórnin því, að hér sé ekki nóg fé fyrir hendi, og afleiðingin verður, að hún lætur vera að byggja, og enginn spítali verður reistur. — En þó nú svo verði, að landsstjórnin fari að byggja, hvað er þá betra, að láta landssjóð reisa spítala eftir fé veittu í fjárlögunum, heldur en eftir þessum lögum?

Nú skulum við gera ráð fyrir, að landsstjórnin reyndi að fá aðra til að byggja spítala í samlögum við sig, annaðhvort Reykjavík eða þá St. Josephssysturnar, sem eg nú reyndar efast um að gert verði, þá kæmist þó spítalinn upp; en eg efast um, að Reykjavíkurbær vildi svo taka að sér reksturinn á eftir; hann mundi ekki vilja taka að sér að reka svo stóran spítala, nema hann fengi svo ríflegt tillag úr landssjóði árlega, að hann sæi sig skaðlausan, og mundi það ekki geta verið minna en c. 4000 kr., eins og eg hefi reiknað út, að rekstur hans muni kosta landssjóð eftir þessu frumvarpi, og hvað er þá unnið? Eg ímynda mér, að niðurstaðan yrði sú, að Reykjavíkurbær mundi heldur kjósa, að reisa spítala handa sér eingöngu, eða þá gera við þann, sem nú er; og byggi nú St. Josephs-systur sinn spítala líka, þá er landssjóður einangraður og yrði svo neyddur til að reisa spítala einn, án þess að komast í samband við nokkurn um það.

Eg sé því ekki, að þessi aðferðin sé að nokkuru betri, heldur jafnvel verri. Líka skal eg geta þess, að eg álít óheppilegt í þessu tilfelli, að Reykjavíkurbær sjái um rekstur spítalans. Það mundi aldrei verða svo vel og hagkvæmlega gert, eins og ef landsstjórnin hefði hönd í bagga með. Það heyrast kvartanir yfir spítala þeim, sem nú er hér í Reykjavík, húsi og viðurgjörningi og tillögum öllum, og sama held eg að kæmi fram, ef Reykjavíkurbær ætti að fara að reka landsspítalann. Bærinn vildi spara sem mest, eins og eðlilegt er, og engin trygging fyrir, að það yrði einu sinni sómasamlegt, og yrðu þá alt af kvartanir og óánægja.

Valtýr Guðmundsson: Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að eg gæti ekki verið með þessu frumv. um stofnun landsspítala vegna þess, hve árstillag til hans úr landssjóði var ónákvæmlega tiltekið, eða réttara sagt, alls ekki var tiltekið, og eg er sömu skoðunar enn, eins og eg var þá um það atriði; því að þótt háttv. framsm. (Þ. J. Th.) hafi

greinilega og rækilega mælt með og skýrt frumv., þá eru ársútgjöld spítalans jafn-óákveðin nú eins og áður; h. framsm. gerði ráð fyrir, að ársútgjöldin yrðu um 4000 kr., en eg er hræddur um, að eftir því, sem hann reiknaði aðra liði í áætluninni, þá sé þessi upphæð of lá. (*Þórður J. Thoroddsen*: Var vitlaust reiknað?). Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) kann vel reikning, eins og kunnugt er, en mér finst að hann hefði átt að taka nokkuru meira tillit til þeirrar reynslu, sem vér þegar höfum fengið af spítalahaldi. Eg get fyrir mitt leyti ómögulega fengið það í höfuðið, að spítali hér í Rvík þurfi að vera landssjóðsstofnun, því að allir þeir spítalar, sem eg þekki til í öðrum löndum, taka við öllum sjúklingum jafnt, hvort sem þeir eru úr þeirri borg eða því héraði, sem reist hefir spítalann, eða ekki. Mér finst það vera hægt að fara annan veg, þann, að bæjarfélagið reisi spítalann í samlögum við nærliggjandi héruð, sem mest mundu nota hann; eg játa, að það er ástæða til, að hafa þennan spítala nokkuru veglegri heldur en hina, og ætti landssjóður þá að styrkja til byggingar hans, og þætti mér þá ekkert að því, að landssjóður gæfi til þess í eitt skifti fyrir öll einar 60 000 kr., og lofaði árlega vissri upphæð til útgjalda hans, og henni svo ríflegri, að það væri ferfalt á við þann styrk, sem hinum spítölum landsins er veittur; þeir fá nú hver um sig 400 kr., og fengi Rvíkurspítali t. d. 1200 kr. á ári, þá sýndist mér vel við það mega una, og annaðist Rvík og sunnlendingafjórðungur spítalann að öðru leyti; og gegn þessu ætti svo læknaskólinn að hafa rétt til þess að nota spítalann eftir þörfum. — Þetta sýnist mér miklu betri vegur en sá, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Þegar háttv. framsm. (Þ. J. Th.) var að reikna kostnaðinn, þá tók hann að eins tillit til kostnaðar við sjúkrarúmin, en slepti viðhaldskostnaði á húsinu o. s. frv. (*Þórður J. Thoroddsen*: Alt er tekið með í reikninginn); en slíka áætlun er fyrst og fremst erfitt að gera fyrir fram, og í öðru lagi er það líklegt að slíkt verði ekki mjög ódýrt, þegar landssjóður á í hlut, ef að vana lætur.

Annar vegur er til, og hann er sá, að taka tilboði því, sem fram er komið frá St. Josephs-systrum, og sé eg ekki, að það sé nein minkun fyrir landið, að taka því. Eg þekki slíka spítala í öðrum löndum, og eru þeir alveg »confessions«-lausir, en auðvitað er þeim einkum haldið við sem reklame fyrir missíónum. Að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða, þó spítali kaþólskra manna fengi landssjóðstillag, kemur auðvitað ekki til mála. Það er einmitt holt fyrir lútersku kirkjuna, að kaþólska missíónin eflist. Hér er kvartað um hálfvelgju í trúarefnum. Af hverju? Af því, að hér vantar baráttu. Það getur oft og tíðum verið gott til að styrkja þann, sem maður vill vel, að koma honum í baráttu. Látum lútersku kirkjuna fá nokkuð að glíma við, og skulu menn fá að sjá, að hún vaknar. Á hinn bóginn er það alkunnugt, að St. Josephs-systur eru einhverjar þær beztu hjúkrunarkonur, og að spítalar þeir, er þær eiga og hafa umsjón með, eru hrein fyrirmynd. En að því er snertir læknishjálp, þá er hún alveg á valdi læknanna, og skifta þær sér ekkert af því; það er að eins hinn ökonomiski rekstur spítalans, sem þær hafa í sinni hendi; hinu skifta þær sér ekkert af; það láta þær læknana eina um. Eg get ómögulega séð, að það stríði minstu vitund gegn velsæmi, eða stjórnarskránni, þó þeim sé veitt þetta

lán. Háttv. framsm. upplýsti, að þær hefði ráð á yfir 30 000 kr. til spítalabyggingarinnar, en þar er aðgætandi, að þær hafa líka lóð undir spítalann. (*Þórður J. Thoroddsen*: Það höfum við líka). Að vísu, en eftir frumv. stjórnarinnar, þá er nú lóð ekki alveg frí; það þarf að verja einum 2—3000 kr. til þess að undirbúa hana. (*Þórður J. Thoroddsen*: Þess þurfa systurnar líka). Það ætla þær sjálfar að kosta. (*Landshöfðingi*: Já, af þessum 30 000!).

Þar sem háttv. framsm. (Þ. J. Th.) gat þess, að ef spítalinn ekki borgaði sig, mundu þær þurfa að leita til landssjóðs og þyrfti þá að reisa skorður við því, að landssjóður væri látinn punga út með hverja upphæð, sem um væri beðið.

Eg hefi heyrt því fleygt, að ef landsspítali yrði ekki samþ., þá mundi Rvík ein byggja sér spítala fyrir 25 þús. kr., og á hina hliðina að St. Josephs-systurnar mundu byggja sinn spítala, hvort þær fengju landssjóðslán eða ekki til þess.

Mér sýnist nú, ef þetta verður, að við ekki þurfum að leggja neitt fram úr landssjóði til spítala, ef aðrir byggja þá hvort sem er. Það er með engu móti tiltækilegt fyrir okkur, að fleygja svo miklu út úr landssjóðnum til þessa, þegar viðunanlega fæst bætt úr þörfinni á annan hátt.

Eg verð að benda sérstaklega á þá kosti, sem tilboði St. Josephs systra eru samfara. Eftir fyrirliggjandi frumv. á landssjóður að byggja 24 rúma spítala, sem kostar um 90 þús. kr., og kosta útgjöld til hans að öllu leyti.

Eftir tilboði St. Josephs-systra fáum við 30—40 rúma spítala, án þess að leggja nokkuð til byggingarkostnaðar hans annað en 60 000 kr. lán. Eg hefi tekið mig saman við annan mann um það, að ef ómögulegt skyldi reynast, að taka tilboði St. Josephs-systra, þá að gera þá tillögu, að Reykjavíkurbæ sé gefin viss upphæð til spítalabyggingar; en með því að ómögulegt er, að koma þeirri tillögu að sem brtt. við hið fyrirliggjandi frumv., þá yrði að gera það í fjárlögunum, og til þess að það yrði gert, yrði að fella þetta frumv., eða nefndin taka það aftur til nákvæmari íhugunar, og láta spursmálið bíða, til þess að sjá, hvernig fjárlaganefndin tekur því.

Að öðru leyti er það mín tillaga, að taka tilboði St. Josephs systra, svo framarlega sem það fæst betur úr garði gert, og einkum ef ársútgjaldaupphæðin er nákvæmlega til tekin. En ef þetta skyldi eigi takast, þá virðist mér hin leiðin heppilegust, að Rvík sé gefin ákveðin upphæð til spítalabyggingar og ákveðin árleg upphæð til útgjalda við hann. En verði hvorug þessi leið farin, sé eg ekki annað réttara, heldur en fella málið að þessu sinni og bíða átekta. — Eg sé oss ekki fært, að hrúga þessu ofan á alla læknahrúguna, eins þung byrði og hún er orðin á landinu, og verður hún þó enn þyngri, þegar fram í sækir og svo er komið, að ekkjur og börn þeirra lækna, sem deyja í eftirlaunalausu embættunum, koma á landssjóðinn; því efast nokkur um, að það verði niðurstaðan?

Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Eg verð að skýra nokkuru nánara en gert er í nefndarál. afstöðu mína til þessa máls.

Það, sem eg sérstaklega hefi á móti frumv., er það, að þar er ekki gert fyrir, að nærliggjandi héruð leggi neitt að mörkum til spítalans. Eins og háttv. meðnefndarmenn mínir munu kannast við, þá hélt eg því til streitu í nefndinni, að bæði Reykjavíkurkaupstaður og nærliggjandi héruð legðu fé til spítalans og kæmu honum upp á sinn

kostnað, en fengju til þess ríflegan styrk úr landssjóði. Þetta fanst mér ekki ósanngjarnt, þegar litið er á, að önnur héruð landsins eru þegar búin að koma upp spítölum hjá sér, upp á eigin kostnað. Raunar er það tekið fram í nefndarálitinu, að nefndinni í heild sinni finnist þetta einnig sanngjarnt, en að hún sjái sér ekki fært að koma þessu á, af því að öll sýslufélögin að undanteknu einu hafi neitað að leggja nokkuð til spítalans. Það hefir verið tekið fram í nefndinni, og eg hefi einnig heyrt fleiri hreyfa því, að það væri ekkert sjálfsagt, að héruðin tækju þátt í kostnaðinum; það væri skylda landsins, að koma spítalanum upp á eigin kostnað. A spítalanum á Akureyri, sem mér er mjög kunnugt um, hefir það nú sýnt sig, að þeir, sem langmest nota spítalann, eru menn úr nærliggjandi héruðum. Eg hefi hér fyrir mér skýrslu frá spítalalækninum, Guðmundi lækni Hannessyni, er sýnir, að þessi spítali hefir verið svo vel sóttur, sem menn framast geta hugsað sér, en af skýrslunni sést einnig, hvernig þessi aðsókn að spítalanum hefir hagað sér. Af hverju 1000 manna hafa sótt spítalann:

frá Akureyri	16	sjúkl.
úr Eyjafjarðarsýslu	9	—
— S.-Þingeyjarsýslu	3¼	—
— N.-Þingeyjarsýslu	3	—
— Skagafjarðarsýslu	2⅓	—
— Húnavatnssýslu	1⅔	—

Af þessu sést, að því lengra sem menn eiga að sækja til spítalans, því færri leita hans. Það er bein afleiðing hvað af öðru. Það er því ekki til neins að vera að slá því fram, að nærliggjandi héruð mundu ekki nota spítalann. Reykjavík mundi jafnan nota spítalann langmest, þegar hann væri kominn í gott lag, og þar næst héruðin hér umhverfis. Ætti maður nú að byggja á þessari skýrslu og gera áætlan um aðsóknina að spítalanum hér, þá yrði hún þannig. Af hverju þúsundi sæktu spítalann:

úr Reykjavík (þegar gert er ráð fyrir hún hafi 5000 íbúa)	80	sjúkl.
— nærliggjandi sýslum	225	—
— fjærliggjandi sýslum	21	—

Af þessu sést, að yfir 300 sjúklingar mundu sækja spítalann árlega að eins úr Reykjavík og nærsýslunum. Þegar nú hinir fjórðungarnir hafa komið upp sínum spítölum á eigin kostnað, hvaða sanngirni er þá í því, að þessi fjórðungur, sem hlýtur að hafa langmest gagn af spítalanum, kosti ekki að mestu leyti til hans eða að öllu leyti? Það varð þó ofan á í nefndinni, að landssjóður legði til 65 þús. til spítalans, og það sem gerði það, að eg engu að síður skrifaði undir till. nefndarinnar, var eingöngu það, að Reykjavík hafði þegar frá byrjun tekið svo vel undir þetta mál, og nú síðast boðist til að taka svo ríflegan þátt í kostnaðinum, svo að eg þess vegna vildi ekki vera á móti því, að landssjóður legði til sinn hluta kostnaðarins til móts við bæinn.

Annars er eg mjög óánægður með, hvað spítalinn er dýr og lítill. Eg skil það ekki, og fæ líklega aldrei skilið það, að spítali fyrir eina 24 sjúklinga þurfi að kosta 118 þús. Nefndin hefir nú raunar klipt af þessi 18 þús., en engu síður finst mér hann samt æðidýr, þegar hann er borinn saman við, hvað hinir spítalarnir hafa kostað. Spítalinn á Akureyri, sem bygður er með sama byggingarlagi og ætlast er til að landsspítalinn hafi, kostaði uppkominn með rúmum fyrir 14 sjúklinga 25 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir 24 rúmum eða 10 rúmum fleiri, en kostn-

aðurinn er áætlaður 118 þús. í frumv. stjórnarinnar, en 100 þús. eftir till. nefndarinnar, eða með öðrum orðum ferfalt meiri. Eg veit það muni verða sagt, að hann eigi að verða því vandaðri, eigi að samsvara betur kröfum tímans: en fyr má nú vera að hann sé fullkomnari, þótt hann sé ekki ferfalt fullkomnari en Akureyrarspítalinn. Eg hefi ekki heyrt það hafi borið á öðru en að sjúklingarnir hafi kunnað mætavel við sig þar, haft bæði nóg loft og góða aðhlynningu, enda fjöldamörgum batnað, og eg er sannfærður um það, að spítalans vegna hefði enginn þurft að deyja eða síður komist til heilsu. Eg er auðvitað ekki á móti því, að reynt sé að fullnægja kröfum tímans eftir því, sem unt er; en það verður eins í þessu máli, sem öðrum, að sníða sér stakk eftir vexti. Eg verð að biðja menn að gæta þess, að við höfum ekki ráð á að byggja eins og stórþjóðirnar, sem hafa svo miljónum skiftir yfir að ráða. Mér finst við geta verið ánægð ir með, að stíga stórt spor í áttina, þótt sporið sé ekki tekið alveg út.

Það var sérstaklega þetta tvent, sem eg vildi skýra háttv. þingd. frá, svo það væri ljóst, að afstaða mín í þessu máli er nokkur önnur en háttv. samnefndarmanna minna, þótt eg hafi skrifað undir nefndarálitið með þeim. Eg skal einnig taka það fram, að eg fyrir mitt leyti hefði líka heldur kosið að taka því tilboði Reykjavíkur, að leggja spítalanum 500 kr. árlegt tillag heldur en 25 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, því með því hefði bærinn verið búinn að ganga inn á, að honum bæri að standast straum af rekstri spítalans, en kærst af öllu hefði mér þó verið, að hin önnur héruð Sunnlendingafjórðungs hefðu líka tekið þátt í kostnaðinum. Eg get ekki horfið frá því, að mér finst það ósanngjarnt, þegar við höfum sjálfir kostað okkar spítala að öllu leyti, að þá skuli suðuramtið vera látið sleppa algjörlega. Raunar mætti bæta þetta nokkuð upp með því, að láta þá sjúklinga, sem úr þessum héruðum sækja spítalann, borga hærra gjald, og hegna sýslunum á þennan hátt. (*Þórður J. Thóroddsen*: Gera Skagfirðingar það?). Já, bæði Skagfirðingar og Húnvetningar borga hærra en menn úr nærsveitunum, þó þeir borgi ekki eins hátt gjald og menn úr öðrum fjórðungum, af því að spítalanum hefir verið lagt töluvert fé úr amtssjóði.

Hvað tilboð St. Jósefssystranna snertir, þá skal eg játa það, að eg get ekki séð, að hverju leyti það *gæti* verið hættulegt að taka því. Eg hreyfði þessu á fyrsta fundi nefndarinnar, en hún vildi þá ekki sinna því, enda var það ekki hægt, þar sem ekkert eiginlegt tilboð lá fyrir. Nefndin hélt því þá áfram starfi sínu á sama grundvelli og áður. Háttv. þm. Vestm. (V. G.) hefir tekið fram það helzta er þetta tilboð snertir, og er eg honum samdóma að mestu leyti. Eg verð að segja, að mér finst það æði-einkennilegt, að sporna við spítalanum af þeirri orsök, að hin kaþólska mission hér í Reykjavík með þessari líknarstofnun geti haft áhrif út á við. Að kristin þjóð skuli berjast á móti líknarstofnun, finst mér láta sárilla í eyrum. Að það sé á móti stjórnarskránni að styrkja líknarstofnun, er fyrst og fremst fjarstæða, sem nær engri átt, en auk þess finst mér það mjög undarlegt, að nokkur kristinn maður skuli láta sér slík orð um munn fara. Að endingu skal eg að eins geta þess viðvíkjandi lóðinni undir hinn fyrirhugaða spítala, að það er talsverður munur á því fyrir landssjóð, hvort landið leggur sjálft lóðina til, eða það fær hana öldungis ókeypis. Það er sem sé alls ekki rétt, að það

kosti landið ekkert að leggja til lóð. Í fyrsta lagi er hægt að selja þessa lóð, og fá mikla peninga fyrir hana, og það er þó alls ekki einskis virði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að það þurfi að verja 600 kr. til að kaupa og ryðja burtu einhverju koti, sem stendá lóðinni, og í 3. lagi þarf landssjóður að eyða fé til þess að leggja veg að hinum fyrirhugaða spítala, sem ekki þyrfti að gera, ef spítalinn stæði á Landakotstúninu, því þangað liggur vegur. Annað mál er það auðvitað, hvort spítalinn stæði eins heppilega þar, en eg ímynda mér samt, að það geti ekki verið neinum sérstökum erfiðleikum bundið, að leiða skolp og önnur óhreinindi þaðan burtu frá spítalanum.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Það er raunar ekki mikið sem eg þarf að svara háttv. þm. Vestm. (V. G.) og þm. Skgf. (St. St.). Mér skildist svo á ræðu háttv. þm., er síðast talaði (St. St.), sem hún væri fremur haldin til að friða hans eigin samvizku, heldur en til þess að hafa á móti þeim tillögum, sem hann sjálfur hefir skrifað undir; en annars hefði mér þótt það fult eins viðkunnanlegt, að þm. hefði haldið þessa ræðu heima í héraði fyrir sínum eigin kjósendum, sem ekki vildu leggja einn eyri til spítalans á Akureyri, þegar hann var bygður, eins og að vera að sletta sýslutélögunum hér sunnanlands þessu í nasir.

Aðalástæða háttv. þm. Vestm. (V. G.) á móti þessu frumv. var sú, að hann óttaðist að hinn árlegi kostnaður yrði svo mikill. En sé hann hræddur við það, þá mætti gera þá ákvörðun, að spítalinn skuli bera sig sjálfur, ef honum annars er nokkuð ant um að koma málinu fram, sem eg annars efast um. Vitanlega yrði afleiðingin sú, að spítalinn yrði nokkru dýrari fyrir sjúklingana, en þó ekki svo, að það þyrfti að vera frágangssök fyrir þá að nota hann. En rétt væri þá, að landssjóður tæki að sér viðhald á húsum og byggingum spítalans, og kostnað þann, sem leiddi af læknakenslunni og læknastörfunum. Með því móti væri komið í veg fyrir, að það þyrfti að óttast, að spítalinn yrði landssjóði nokkur ofjarl. Eftir þeim reikningum, sem eg áður hefi gefið, og sem eg verð að álíta að séu á rökum bygðir, þá getur þetta aldrei orðið fjarskamikill kostnaður, og auk þess ber að taka tillit til þess, að hér kemur einnig nokkuð í aðra hönd.

Í sjálfu sér hefi eg ekkert á móti því, þótt sjúklingar úr þeim héruðum, sem ekkert hafa lagt til spítalans, séu látnir borga hærra gjald, eins og háttv. þm. Skgf. (St. St.) stakk upp á; en þegar litið er á, að þetta á að vera spítali, sem alt landið á að njóta góðs af, þá finst mér við heldur ekki megum vera harðir í kröfum gagnvart nærliggjandi sýslum.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) vildi gefa Reykjavík og nærliggjandi sýslum 60,000 kr. til að byggja spítala fyrir, og svo leggja með honum 1200 kr. á ári; en eg er hræddur um, að Reykjavík og sýslurnar muni aldrei ganga inn á það fyrirkomulag. Það nær engri átt, að hugsa sér, að sýslurnar muni vilja taka að sér að reka svo stóra og dýra stofnun með að eins 1200 kr. tillagi á ári, og það þarf ekki annað en gá að þeim spítala, sem nú er rekinn hér í Reykjavík, til að sjá, hvílík fjarstæða það er, að hugsa sér þetta. Spítali þessi er rekinn af hlutafélagi og fær 1200 kr. árlega úr landssjóði sem þóknun fyrir, að læknaskólinn hefir þar aðsetur sitt. Þessar 1200 kr. gera alls ekki betur en hrökkva til fyrir þennan litla spítala; og hvernig skyldi þá verða með þann stóra? Eg ímynda

mér, að það fari svo, ef bæjarfélagið fengist til að taka spítala að sér með þessum kjörum, sem raunar ekki kemur til mála, þá léti það sér nægja þessar 1200 kr. fyrsta árið, en svo mundi fljótt koma beiðni um að fá styrkinn hækkaðan, og við mundum þá verða neyddir til að hækka hann. En hvað er þá betra að veita fé á þann hátt, og undir því formi, heldur en eins og frumv. fer fram á, taka að sér að reka spítala strax í byrjun á landssjóðs kostnað? Eg sé ekki, að við sleppum betur eða ódýrara fyrir það. Það hefir líka sýnt sig, að 400 kr. árlega tillagið úr landssjóði með hinum spítölunum er alls ekki nægilegt. Eg hefi heyrt, að það liggi fyrir beiðni frá Akureyri um töluverðan styrk í viðbót til spítalans þar. Spítalinn hefir komist í skuldir, af því þetta 400 kr. tillag hefir ekki hrokkið til, og illa þekki eg Norðlinga hér á þingi þá, ef þeir ekki geta útvegað spítala sínum meira fé en þessar árlegu 400 kr.

Ekki get eg heldur verið háttv. þm. Vestm. (V. G.) sammála um það, að við eigum að taka tilboði St. Jósefssystranna. Þm. kannaðist við, að spítalinn ætti að vera einskonar »reklame« fyrir missíónina, og hann er þá á sömu skoðun og eg með það, að hann verði þannig reistur í þarfir missíónarinnar, því ef hann er »reklame« fyrir hana, þá er hann líka einn þáttur úr missíónsstarfinu, og að hann í raun og veru sé »reklame«, það efast eg ekki um, því eg geri ekki ráð fyrir, að þessir menn geri neitt út í bláinn. En mér finst það ekki rétt, að vera að gera leik til þess, að gera Íslendinga ka þólska.

Þegar alt er athugað, þá ímynda eg mér, að hvort sem menn velja það, að veita styrk í fjárlögunum, það er að segja stóra upphæð til byggingar spítala, og svo árlegt tillag til hans, eða að veita St. Jósefssystrunum lán til spítalabyggingar, þá sleppi landssjóður ekki betur með tímanum í peningalegu tilliti, heldur en þó við samþyktum frv. með breytingum nefndarinnar, og það sem fyrir mér vakir er það, að hvorn hinn veginn sem við veljum, þá missir landssjóður alt eftirlit með rekstrinum á þessari stofnun, sem hann hefir þó sett svo mikið fé í og sem svo mikið er komið undir, sérstaklega að því er snertir læknakensluna.

Háttv. þingm. Vestm. (V. G.) sagði ennfremur, að við mundum fá stærri spítala hjá St. Jósefs-systrunum fyrir sama eða minna verð; en eg skal lýsa yfir því, að það er ekki tilfellið. Þeim var sýndur uppdráttur af hinum fyrirhugaða spítala, sem liggur hér fyrir þinginu, og sögðu þær, að í honum mundu rúmast um 30—40 sjúklingar, og að sá spítali, sem þær ætluðu sér að byggja, yrði alls ekki stærri, líklega öllu heldur minni, en þær ætla sér þó að hola þar niður um 30—40 sjúklingum, og mun það aðallega stafa af því, að þær ætla sér ekki eins mikið pláss og hjúkrunarkonunum er ætlað í frumv. stjórnarinnar.

Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál að sinni, en vona, að háttv. þingd. hugsi sig vandlega um, áður en hún taki það ráð, að fella frumv. Það hafa komið fram þrjár mismunandi skoðanir um, hvernig þessu máli eigi að ráða til lykta. Sumir vilja hafa landspítala, sumir vilja veita St. Jósefssystrunum lán til að byggja spítala fyrir, og þeir þriðju vilja veita Reykjavík og nærliggjandi sýslum ákveðinn styrk til að byggja spítalann og taka hann að sér að öllu leyti. Þegar skoðanir manna eru svo sundurleitar, þá vona eg þingið lofi málinu að minsta kosti að ganga til 3. umr., svo menn

geti hugsað sig vandlega um, hvort ekki sé til eitthvert ráð til að sameina þessar skoðanir að einhverju leyti, enda líka nægur tími til að stytta því aldur. En verði það ofan á, að fella þetta frumv., þá ætla eg að lýsa því yfir sem minni persónulegu meiningu, að endirinn verður sá, að við fáum aldrei neinn spítala handa læknaskólanum, því stjórnin mun aldrei ganga inn á að slá sér saman við St. Jósefssysturnar, og hins vegar mun Reykjavík og nærsveitunum aldrei detta í hug að taka spítalann að sér. Afleiðingin verður eðlilega sú, að Reykjavík tekur sínar 25 þúsundir og notar þær til að skinna upp þann spítala, sem hún hefir, og auðvitað rekur þá um leið læknaskólann burtu. Læknaskólinn verður því húsnæðislaus, og fyrir okkur verður þá ekki annað að gera en að byggja nýtt húsnæði handa honum, eða þá, eins og eg hefi heyrt suma þm. hafa á orði, leggja læknaskólann niður.

Landshöfðingi: Eg stend ekki upp til þess, að bæta við það, sem háttv. framsm. (Þ. Th.) hefir sagt til varnar frumv., því mér finst, að hann hafi varið frumv. svo vel, að ekki sé þar við bætandi. En mönnum hefir gleymst það, sem óefað hefir mesta þýðingu í þessu máli, og það er læknaskólinn og það gagn, sem landið hlyti að hafa af því, að komið yrði hér upp almennum spítala, og einmitt það hefir stjórnin sérstaklega fyrir augum með þessu frumv., svo hægt sé að koma læknaskólanum í viðunanlegt horf.

Sumir af kennurunum við læknaskólann hafa líka fullvissað mig um, að svo framarlega sem ekki yrði komið hér á spítala í sambandi við læknaskólann, mætti eins vel leggja læknaskólann niður, því þá yrði ekki hægt að kenna læknanemendum nema »theoretiskt«, og það væri ekki boðlegt landsmönnum, að senda þá út í lífið með slíkum undirbúningi, þar sem þeir hefðu ekki verklega æfingu.

Það hefir verið lögð mikil áherzla á það, að sú skylda hvíldi á Reykjavík og sýslum þeim, er hér eru í grend, að koma upp þessum spítala; því hefir reyndar verið játað, að Reykjavík hefði lagt fram eins mikið og henni bæri, en kvartað yfir því, að nágrannasýslurnar vildu ekkert leggja til spítalans. Þessi tregða nágrannasýslufélaganna ætti þó ekki að verða málinu að falli, því alt landið liður við það, ef læknar þeir, sem frá læknaskólanum koma, hafa ekki fengið svo góðan undirbúning undir starf sitt, sem landið á heimting á að þeir fái.

Þar sem stjórnin stingur upp á því, að setja spítalann í Reykjavík, þá er það eingöngu vegna læknaskólans, því væri hann annarstaðar á landinu, mundi stjórnin hafa farið fram á að reisa spítalann þar, svo að eiginlega snýst þetta mál aðallega um læknaskólann.

Á fyrri þingum, meðan þingið að eins var ráðgjafarþing, var ákaflega mikið stapp um þetta mál milli þingsins og stjórnarinnar, en þá horfði mál þetta alt öðruvísi við en nú. Þá vildi þingið og þjóðin fá læknaskólann fyrir hvern mun, en stjórnin vildi aftra því, vegna kostnaðar þess fyrir landssjóð, er læknaskólinn hlyti að hafa í för með sér. En nú er læknaskólinn kominn og reynslan sýnir, að hann getur orðið að tilætluðum notum, ef hann er útbúinn eins og föng eru á. Nú leggur stjórnin því kapp á, að koma spítalanum á stofn vegna læknaskólans, en nú virðist, eftir umræðunum að dæma, að flokkur sé í þinginu, sem vill taka í taumana í þessu máli gagnvart stjórninni. En eins og mér virðist, að þing

og þjóð hafi haft rétt fyrir, þegar læknaskólinn var settur á stofn, eins virðist mér, að stjórnin hafi nú rétt fyrir sér, þegar hún vill setja spítalann á stofn, til þess að læknaskólinn verði gerður betur úr garði en tekist hefir hingað til.

Þess má líka geta, að spítala þessum er ekki eingöngu ætlað að vera til vegna læknaskólans, heldur á hann að vera fyrirmyndarspítali fyrir alt landið, svo að þangað mætti senda sjúklinga, sem geta ekki fengið nægа læknishjálp heima í héraði og það enda ekki á hinum smærri spítölum, og að öðrum kosti yrðu að leita sér lækninga í útlöndum, en spítala þessum er ætlað að vera þannig, að sjúklingar þyrftu ekki að leita utan lækninga, t. d. til Skotlands eða Danmerkur, þegar hann væri kominn á, enda mundi ekki vera nauðsyn á því upp frá því.

Eg verð að vera háttv. framsm. (Þ. J. Th.) samdóma um það, að svo framarlega sem framboði Reykjavíkur yrði ekki sint, þá mundi afleiðingin verða sú, að Reykjavík stofnaði spítala eingöngu fyrir sig, þar sem sjúklingar úr fjarlægum sveitum gætu hvorki fengið hjúkrun, né nemendur læknaskólans fengið verklega leiðbeiningu. Sama mundi og verða ofan á, að þó tilboði St. Josephssystranna um 60,000 kr. tillag til spítalabyggingarinnar yrði sint, þá mundi læknaskólanum ekki að borgnara fyrir það.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) álítur gott, þótt hvorugu tilboðinu væri sint, því þá mundi komið hér upp 2 spítölum, öðrum af Reykjavíkurbæ, en hinum af St. Josephssystrunum, og þá mundi sjúklingunum borgið, en hins vegar yrði læknaskólanum ekki borgnara fyrir það, því nemendur hans mundu ekki fá að gang að þessum spítölum.

Að því er snertir tilboðið frá St. Josephssystrunum, þá er áætlun þeirra mjög lausleg, og mér er það ekki skiljanlegt, hvernig þær ætla sér að koma upp ekki að eins jafnstórum spítala og landstjórnin, heldur spítala fyrir 30—40 sjúklinga, og það þó fyrir að eins 75 þús. kr. — Virðist mér þetta nokkuð óskyggilegt, og er eg hræddur um, að hann yrði ekki svo vandaður sem æskilegt væri, og þar að auki gæti landsstjórnin ekki haft neitt eftirlit með honum, eða hefði neina tryggingu fyrir því, að þar væri viðunanleg vist fyrir sjúklinga. Hið minsta, sem hægt væri að heimta, væri þó, að spítalinn gæti tekið á móti svo sem 20 aðkomandi sjúklingum; en það er ekki einu sinni trygging fyrir því.

Að öðru leyti leyfi eg mér að skírskota til ræðu háttv. framsm. (Þ. J. Th.), og vona, að orð hans hafi haft jafnsanntærandi áhrif á háttv. þingdm. og þau hafa haft á mig.

Tryggvi Gunnarsson: Hinn hæstv. lh. hefir í ræðu sinni tekið fram margt af því, sem eg ætlaði að segja, og þarf eg því eigi að fjölyrða um það; en eg vil þó taka það fram, að eg undrast yfir því, að í þessari háttv. deild virðast vera margir, sem ekki vilja taka tillit þess, að hér er læknaskóli. En þetta álít eg eitt af aðalatriðunum. Þessi deild hefir fyrir tveimur árum fallist á, að fjölga læknaembættum hér á landi um helming, en jafnframt því hvílir sú skylda á landinu, að ala upp lækna í þessi embætti, svo þau standi eigi auð, og enn fremur gjöra möguleg skilyrðin fyrir því, að læknaefnin geti lært; og aðalskilyrðið er spítali. Það er mjög nauðsynlegt, að nemendurnir við skólann geti fengið viðunanlega praktiska kenslu, en það getur ekki orðið nema á góðum spítala.

Háttv. þm. Vestm. stakk upp á því, að veita 60,000 kr. styrk Reykvíkingum og Sunnlendingum til að byggja spítala fyrir sig og 1200 kr. á ári til spítalahalds. Þetta er gagnslaus tillaga. Eg get fullyrt, að Reykjavíkurbúar taka ekki við þessum styrk; þeir byggja lítinn spítala fyrir sig með sínu fé eingöngu, ef landsspítalinn fellur, svo féð væri veitt algjörlega út í blámn. Hinn sami háttv. þm. taldi það jafnvel bezt, að landið legði ekkert fé til spítalans, því þá mundu Reykvíkingar og St. Josepssystur byggja spítala af eigin rammleik. En eg verð að benda hinum háttv. þm. á, að læknaskólinn á þá að líkindum engan aðgang að þeim spítala, svo að landið yrði þá að reisa sérstakan spítala handa læknaskólanum; sparn aðurinn yrði þá ef til vill ekki sérlega mikill fyrir landið. Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) þótti undarlegt og hneyksli næst, að kristnir men skyldu amast við því, að sett væri hér á stofn líknarstofnun. En þetta er hreinn misskilningur. Eg hefi ekki heyrt nokkurn mann hafa nokkurt orð móti því, að slík líknarstofnun kæmist hér á fót, en hitt hefi eg heyrt, að menn vilja ekki vera í samvinnu við kaþólska menn að byggja spítala, bæði vegna trúaratriða og af því að þeir vilja hafa öll yfirráð spítalans. Mörgum þykir það ótilhlýðilegt, að styrkja kaþólska trúboðið hér á landi með fjárframlögum úr landssjóði; enda finst mér það eðlilegt og engum láandi, þótt hann ekki vilji styrkja kaþólska missíón gagnvart þeirri trú, sem hann er skírður upp á.

Þetta spítalamál er svo þýðingarmikið mál, að eg vona að enginn þm. vilji fella það við þessa umr., heldur reyna, hvort hægt væri að ná einhverju samkomulagi til að sameina þessar mörgu ólíku tillögur, sem fram hafa komið. —

Það er ekki óhugsandi að styrkur fengist úr amtssjóði eða jafnvel sýslusjóðunum, ef á það væri reynt. Svo getur farið, að amtið og sýslurnar kjósi heldur að greiða fé einu sinni fyrir alt t. d. 10,000 kr., heldur en að eiga á hættu að fá ekkert plass hér í Reykjavík fyrir sjúklinga sína, eða þurfa að greiða hærra gjald fyrir þá en Reykjavíkurbúar, sem nú leggja ríflega til hans. — Mín tillaga er því, að málið fái að ganga til 3. umr., svo að hægt verði að koma þessum breytingum í eina heild.

Björn Bjarnarson, þm. Dalam.: Eg hefi lengi óskað, að hér í Reykjavík kæmi upp góður spítali; mér er sama um nafnið, hvort heldur það er »landsspítali«, amtsspítali, eða »Josephsspítali«; en það finst mér sjálfsagt, að hann sé í Reykjavík. Það er ekki að eins vegna læknaskólans, að eg vil það, heldur líka vegna sjálfra sjúklinganna. Sjúkdómar geta oft verið svo erfiðir viðfangs, að ekki sé hægt að lækna þá, nema að senda sjúklinginn á spítala.— Fátækir sjúklingar geta auðvitað ekki sigit til að leita sér læknishjálpar erlendis, við fjórðungsspítalana geta verið góðir læknar og þá sækja sjúklinga þangað, en það er auðvitað undir hælinn lagt, hvernig læknirinn þar er. — Aftur á móti má ganga út frá því, að hér í Reykjavík séu alt af góðir læknar, því launin eru hér mest og læknarnir margir.

Eg hefði auðvitað helzt viljað, að sýslurnar hér í kring hefðu lagt sinn skerf til þessarar byggingar, eins og Rvík, því það liggur í augum uppi, að menn úr þeim sýslum, sem næstar eru, koma til að sækja mest að spítalanum og hafa þar af leiðandi mest gagn af honum.

Nú hefir komið tilboð frá St. Josephssystrunum, og sé eg ekkert á móti því,

að taka því boði. Það er sparnaður fyrir landið, því þær leggja til 30—40 þúsund. Eg fyrir mitt leyti get vel trúað því, að þær geti bygt spítala fyrir þetta verð, því mér hefir alt af þótt áætlunin, sem legið hefir fyrir þinginu, há, og þar að auki er það, að alt er ódýrara, þegar prívatfélög eiga að sjá um eitthvað, en ef það opinbera á að framkvæma það.

Hæstv. landsh. sagði, að eigi væri hægt að ábyrgjast, að spítalinn í hygiensku tilliti væri samkvæmur kröfum tímans. Eg get ekki skilið, að það sé rétt. Mér finst að landsstjórnin hljóti að geta haft hönd í bagga og séð um, að spítalinn sé vandaður í hygiensku tilliti, úr því landið veitir 60,000 kr. lán til spítalans. Það mætti meir að segja gera það að skilyrði fyrir því að lánið fengist, til þess að trygging væri fyrir, að fénu yrði ekki kastað á glæ.

Eg gæti vel ímyndað mér, að spítali, sem Reykjavík léti byggja og eins Josephsspítalinn, yrðu nokkuð dýrir fyrir sjúklinga utan af landi, ef landið ekki styrkir þá, og því getur ekki sett skilyrði þau, sem nauðsynleg eru. Eg vil því láta íhuga málið betur, og ekki drepa það nú þegar, en mæli fastlega með, að það verði látið ganga til 3. umr.

Valtýr Guðmundsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem eg vildi gera. Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. tók fram áðan, hefi eg eiginlega ekkert að athuga; hann er, eins og vant er, duglegur að verja sitt mál; það er ekki æfinlega við lambið að leika sér, þar sem hann er, og hann hefir varið landsspítalann svo vel sem hægt er. En hann stendur í þessu efni á nokkuð öðrum grundvelli heldur en eg.

Þar sem það var tekið fram af hæstv. landsh., og reyndar háttv. framsm. líka, að það væri sérstaklega vegna læknaskólans, sem nauðsyn væri á spítalanum, þá er það náttúrlega mikið rétt, að læknaskólinn þurfi að hafa spítala. En það er alls ekki útilokað, heldur þvert á móti gert ráð fyrir, ef sá spítali kemst upp, sem St. Jósefssystur ætla að byggja, að læknaskólinn geti komist að honum. Það er og hér um bil gefið, þó Reykjavík bygði sinn spítala og St. Jósefssystur sinn, þá mundi verða farið fram á árlegt tillag úr landsjóði. (*Landshöfðingi*: Nei). Spítalinn sem nú er, hefir alt af fengið 1200 kr. á ári. (*Landshöfðingi*: Vegna læknaskólans). En svo kemur annað til greina: eins og eg hefi oft tekið fram áður á þingi, þá væri mín hjartans ósk upp fylt, ef það yrði til þess, að læknaskólinn félli úr sögunni. (*Tryggvi Gunnarsson*: Það er röng skoðun). Það getur verið, að það sé röng skoðun frá sumra sjónarmiði, en það er rétt skoðun frá mínu sjónarmiði. Eg hefi haldið því fram, að það hafi verið nauðsyn að hafa læknaskólann, meðan verið var að koma læknaskipuninni á í landinu; en það er einmitt sú stofnun af þeim æðri mentastofnunum, sem við ættum sízt að hafa; því það mun sannreynast, að við munum aldrei geta fengið eins góða lækna frá þeim skóla, eins og frá Kh.-háskóla, vegna þess, að þó spítalinn væri svo vel út búinn, sem við höfum bezt föng á, þá verður hann aldrei eins vel útbúinn eins og annarstaðar, og þó hann yrði í alla staði vel út búinn, þá verður aldrei sá sjúklingafjöldi á honum, eins og þar sem mannfjöldi og sjúkdómafjöldi er margfalt meiri, og þar af leiðandi geta læknaefnin ekki fengið að sjá eins mikið og þeir gætu fengið að sjá annarstaðar. Þess vegna væri okkur mikið hentugra, að allir okkar læknar fengju mentun sína á Kh.-háskóla; enda væri það engin frá-

gangssök fyrir læknaefnin að sækja þangað, þar sem þeir njóta eins mikils styrks eins og Garðstyrkurinn er, sem nú hefir verið hækkaður töluvert, en læknaefnin njóta 2 árum lengur en aðrir stúdentar, sem sé 6 ár. Það er gefið, að læknaefnin geta aldrei fengið eins góða mentun hér eins og annarstaðar; við getum aldrei fengið eins góða kenslu handa þeim. Kennararnir þyrftu þá að minsta kosti að fá ferðastyrk, til þess að þeir geti ferðast til útlanda; því hversu góða kennara sem við fáum við læknaskólann, þá hljóta þeir að úreldast á fáum árum, ef þeir ekki fá tækifæri til þess að ferðast. Framfarir og breytingar eru í engri vísindagrein eins miklar eins og í læknisfræðinni, svo að læknir, sem er kennari við læknaskólann, þarf nauðsynlega að geta alt af fengið færi á að fara út í heiminn, þangað sem meira er að sjá og meira að læra. Læknakennarar í Kh. fá styrk til að fara til annara landa, það er álitið nauðsynlegt þar, og hversu miklu meiri nauðsyn er þó á því hér? Við verðum því að leggja fram nóga peninga handa læknakennurunum, til þess þeir geti ferðast, því annars úreldast þeir, hversu góðir sem þeir eru. (*Þórður J. Thoroddsen*: Það gjöra Danir). Já, það gjöra Danir, og við verðum að gjöra það líka. Eg lít svo á, að við getum fengið næg læknaefni fyrir landið frá Kh.háskóla, og það kostar ekkert meira að nema þar, heldur en við læknaskólann, vegna þess styrks, sem nemendur hafa þar.

Læknismentin er einmitt ein af hinum æðri mentagreinum, sem við ættum að leita til útlanda eftir. Þar á móti lagaskóli, hann ættum við að hafa hér, því það er theoretisk kensla, sem getur fram farið hvar sem vera skal; við getum búið til eins góða lögfræðinga hér eins og í Danmörku, og náttúrlega miklu betri.

Hæstv. landsh. tók það fram, að það væri ekki gott að skilja það, að St. Jósefssystur gætu bygt spítala fyrir minna verð en landsstjórnin. En það er einmitt það sannreynda, eins og h. þm. Dal.(B.B.) tók fram, að landsstjórnin byggir alt af dýrara en allir aðrir. Við höfum reynsluna fyrir okkur með Akureyrarspítalann.

Úr því að hægt var að byggja hann handa 14 sjúklingum fyrir 25000 kr., þá ætti að vera hægt að byggja spítala handa 24 sjúklingum fyrir 50000 kr. og jafnvel minna, því að því stærri sem byggingin er, því ódýrari verður hún að tiltölu. Eg hefi haft tækifæri til á ferð minni kringum landið, að skoða spítalana á Akureyri og Seyðisfirði, og virtist mér þeim hentuglega fyrir komið að öllu leyti og þeir vera vel bygðir og vandaðir; það náttúrlega vantar nokkuð af áhöldum, en sjúkrastofurnar eru vel útbúnar, og húsið og alt, sem því fylgir. Eg er þess vegna sannfærður um, að við gætum bygt spítala fyrir mikið lægra verð en hér er farið fram á. En það er annað, sem eg legg mikla áherzlu á; það er hinn árlegi kostnaður; hann verður alt af minni, ef spítalinn væri rekinn af bæjarfélaginu heldur en af landsstjórninni, því eftirlitið verður betra, og þá mun almenningsálitið hafa aðhald með að hrúga ekki á spítalann óþörfum útgjöldum; en það verður mikið fremur gjört, ef spítalinn er landssjóðsstofnun.

Eg skal að þessu sinni ekki fara fleiri orðum um málið. Eg tel það sjálfsagt, eins og framsm.. að málið verði látið ganga til 3. umr., því þegar skoðanirnar eru eins ólíkar og þær eru í þessu máli, þá er sjálfsagt, að

menn reyni að fylgjast að í lengstu lög, svo lengi sem auðið er.

Guðlaugur Guðmundsson: Þær stuttu athugasemdir, sem eg ætla að gjöra, ganga mest út á það, að eg vildi biðja menn að athuga það með mér, að mér finst dálítið varhugaverð sú stefna, sem hefir komið fram svo ákaflega nú á þessum seinustu 3 þingum sérstaklega, þessi miklu útgjöld til heilbrigðismála og læknaskipunar. Þau eru farin að verða mér liggur við að segja voðaleg. Við vitum, að sóttvarnarlögin, sem eru sjálfsögð, sóttvarnir innanlands — eg veit ekki betur en að það sé að verða þungur baggi á landssjóði. Við teljum sjálfsagt, að innan skamms komi einhver ákvæði um sóttvarnir út á við, gagnvart aðkomandi skipum. Það er enginn vafi á því, að þau lög koma til að kosta fjarskamikið fé. Eg veit ekki betur en að það hvíli sú skylda á landssjóði, að byggja sóttvarnarhús; það rekur að því, að hann getur ekki komist undan því; því fylgja líka talsverð útgjöld. Svo skal eg minnast á holdsveikraspítalann. Eg skal minnast á læknaskipunina eftir þingið 1899. Eg skal minnast á bólusetningarlögin, sem eru fyrir þinginu núna, sem eru mjög nauðsynleg, en sem geta komið til að kosta landið æðimikið. Nú er ráðgert að verja ennfremur úr landssjóði 75,000 kr. til spítalabyggingar, og þar að auki á landið að kosta spítalann á hverju ári, það sem til vantar, að hann beri sig, og sem eg að minsta kosti get ekki gjört mér neina hugmynd um, hvaða upphæð kann að verða. Mér finst þetta vera dálítið varhugaverð stefna. Það er ómögulegt að neita því, að það er æskilegt og mjög nauðsynlegt, að þessi málefni, sem lúta að læknaskipun og heilbrigðismálum, þau séu í góðri reglu, og helzt eins vel úr garði gerð hjá okkur, eins og hjá auðugri nágrannaþjóðum í kringum okkur. En þegar við megum nú til að láta margt, sem er jafnnauðsynlegt, liggja í kaldakolum, er þá, má eg spyrja, nokkurt réttlæti í, að bera fjárhag landsins ofurliða með útgjöldum í þessa einu sérstöku stefnu? Þetta finst mér dálítið varhugavert. Mér flaug í hug, þegar eg sá í fjárlögunum tillagið til kirkna og kirkjugarða, og frumv. um kirkjugarða og viðhald þeirra, og bar það saman við þessa miklu viðleitni á að styrkja læknana, þá fanst mér, að fyrir þinginu mundi vaka, að sjá sem bezt fyrir þjóðinni, að henni væri upp á skikkanlegan máta komið í gröfina. Það var þetta, sem eg vildi biðja menn að athuga, og sérstaklega er nauðsynlegt, að athuga það vel, ef það skyldi vera, að til væri einhver annar vegur, sem ekki væri landinu eins tilfinnanlegur að útgjöldum, en þó væri fær, sæmilega fær, út úr þessu máli.

Að slík stofnun eins og landsspítalinn sé ákaflega nauðsynleg, því hefir verið skýrt lýst hér í deildinni. Eg hefi ekkert við það að athuga. En spurningin er þetta: Getum við haldið áfram þessum mikla útgjaldaaustri í þessa einu grein, án þess að bera aðrar greinir, sem okkur eru jafn-nauðsynlegar, ofurliða? Eg fyrir mitt leyti er mjög tregur á að halda lengra fram á þessa braut, þar sem það er ekki til hlítar rannsakað enn, hvort ekki er annar heppilegri vegur út úr málinu. Eg á sérstaklega við það tilboð, sem er komið frá St. Jósefssystrunum. Eg vil í öllu falli að það sé athugað betur, áður en því er vísað til baka. Eg skil ekki í því, að menn hér á landi, sem eiginlega eru ekki neinir trúarofstækismenn, að þeir ætli að útiloka líknarstofnun eingöngu fyrir það, að félagið, sem ætlar að koma henni upp, er annara trúarbragða og þó kristið. Mér

þætti að hugsunarháttur Íslendinga stæði þá á lægra stigi heldur en eg hefði ímyndað mér. Það hefir verið talað um, að það væri hætt við, að þetta félag mundi nota þessa líknarstofnun til að hafa fram kaþólska propaganda. Mér er ekki ljóst, hvort það hefir brytt á því nokkursstaðar annarsstaðar, þar sem þessir spítalar hafa verið reistir, og eg verð að álíta, meðan eg sé ekki annað, að sú yfirlýsing, sem stendur í tilboðinu, sé áreiðanleg. Og þar sem talað hefir verið um, að landsstjórnin hefði engin ráð yfir spítalanum, og að læknaskólanum mundi verða eitt fiðari aðgangur að honum heldur en landspítalanum, þá sé eg ekki, að það þurfi að vera, ef fyrirfram er haft í skilyrðum, að landsstjórnin megi hafa það eftirlit með honum, sem nauðsynlegt er læknaskólans vegna. Mér þykir hart aðgöngu, að vera þvingaður til að greiða atkvæði um þetta mál í dag; því í rauninni get eg ekki annað en greitt atkvæði á móti því. Þó eg láti málið hlutlaust í dag, verð eg að líkindum að greiða atkvæði móti því við 3. umr., ef það ekki tekur einhverjum bótum. Eg skal taka það fram, að við höfum þörf á geðveikraspítala og berklaveikisspítala; og ef svo er búið að reisa sér hurðarás um öxl með þessum spítala, hvaðan ættum við þá að taka það fé, sem nauðsynlegt er til þess, sérstaklega að því er geðveika menn snertir, sem er beint hneyksli, hvernig farið er með?

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) hélt því fast fram í ræðu sinni, að þessi spítali ætti að verða landsspítali og að hann ætti að kosta 100 þús. kr. Eg held eg hafi þetta rétt eftir. Eg skal nú ekki strax fara að þræta um orðið landsspítali, en eg skal minnast lítið eitt á þessar 100 þús. kr., því það er einkennilegt, að þeir, sem berjast fyrir þessu máli, halda alt af við þessa upphæð. Og hæstv. landsh. var einnig á þeirri skoðun, að svona há upphæð væri nauðsynleg til að byggja landsspítalann. En nú hefir reynslan sýnt, að spítalar hafa verið reistir hér á landi fyrir 1/4 þessarar upphæðar og þó verið eftir tímans kröfum. En það er eins og menn telji það nær, að fara eftir útlendri áætlun en innlendri reynslu, og það er ekki sízt þetta, sem hefir haft þau áhrif á mig, að gera mig málinu móttallinn. Því eg veit, að ef spítalinn verður reistur á landssjóðs kostnað, þá verður hann eins dýr og áætluninn fer fram á, en verði hann reistur á kostnað Rvíkur eða manna, sem ekki gera það á landssjóðs reikning, verður miðað við reynsluna. Þess vegna er heppilegra, að Reykjavík byggi spítalann með fulltingi landssjóðs, en landssjóður með fulltingi Reykjavíkur. Hér er ekki um það að ræða, að veita ekki fé til spítalans, heldur um hitt, að snúa málinu rétt, en ekki öfugt.

Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) sagði, að það væri Rvík ofvaxið, að halda uppi spítala, sem kostaði 100 þús. kr., og er það sennilegt, ef gengið er út frá því, að kostnaðurinn verði ferfalt meiri en við þá spítala, sem hafa 12—14 sjúkrarúm og kostað hafa 25 þús. kr.; en gæti maður að því, að sjúklingatalan, sem hér er miðuð við er 24, þá er það varla hugsanlegt, að kostnaðurinn verði óbærilegur. Á Ísafirði er spítali fyrir 12 sjúklinga og hefir Ísafjarðarkaupstaður stofnað hann með stuðning sýslunnar og heldur honum uppi; landssjóður hefir ekkert lagt til byggingar hans, en leggur honum 400 kr. á ári. Svipað er með Akureyri. Spítalinn þar er bygður með styrk 2 sýslna og haldið við af eigin rammleik, nema hvað hann fær 400 kr. á ári úr landssjóði. Hann tekur 14 manns, og er álitinn að

öllu leyti »tidssvarende«. Spítalinn á Seyðisfirði tekur 10 sjúklinga og fekk hann dálítinn styrk úr landssjóði til byggingar og útbúnaðar, en var bygður af Seyðisfjarðarkaupstað með tilstyrk einnar sýslu. Hann er rekinn á ábyrgð bæjarinns á Seyðisfirði.

Þegar nú hinir fjórðungar landsins halda þannig hver uppi sínum spítala með 10—14 sjúklingum, skyldi það þá vera otvaxið þessum fjórðungi og Rvík, að halda uppi þessum spítala? Ekki ef dæma skal eftir reynslunni, sérstaklega þar sem landssjóður mundi styrkja þennan spítala meir en hina, vegna læknaskólans. Hér er ekki um það að ræða, að landsfjórðungarnir séu að togast á, heldur að eins um hitt, að þessi spítali sé ekki rekinn fyrir landssjóðs reikning, en hvorki mér né öðrum hefir dottið í hug, að hafa á móti því, að hann fengi ríflegan styrk.

Og svo er ein spurning. Hvernig ætti þessi spítali með 24 sjúklingarúm að vera landsspítali, þar sem þegar eru 3 aðrir spítalar, sinn í hverjum landsfjórðungi, með samtals hálfu fleiri sjúkrarúm, og 2 að auki, sem sé spítalinn á Patreksfirði og spítalinn á Fáskrúðsfirði? Eg skil það ekki, því við landsspítala skil eg spítala fyrir landið alt, en þessi spítali mundi eigi nægja fyrir meir en Reykjavík og héruðin í kring. — Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) gekk út frá, að yrði hér ekki bygður landsspítali, mundi Rvík byggja spítala á eigin kostnað, sem væru sama sem enginn spítali fyrir læknaskólann.

Eg hefi nú alt af verið með því, að hafa sem flestar kenslustofnanir innlendar, enda þótt það ef til vill hafi á sínum tíma ekki verið hyggilegt að byrja á læknakenslu; en úr því hún er hér, þá er ekki nema sjálfsagt, að styrkja hana, sé það gjört á skynsamlegan hátt. En að fara að byggja handa læknaskólanum sjálfum spítala, er hjákátlegt og engu líkara en að leggja hann á spítala. Hvernig sem á spítalanum stendur, og hver sem hann byggir, kemur hann að sama gagni fyrir læknaefnin, ef þeir fá á annað borð að koma á hann. Þess vegna er það ekkert banatilræði við læknaskólann, þó menn vilji ekki, að landssjóður byggi spítala á sinn kostnað og haldi honum við. Að segja það, væri jafn-óréttlátt og hitt, að bera þeim mönnum, sem vilja láta landssjóð reka spítalann á sinn kostnað, það á brýn, að þeir vildu nota læknaskólann sem skálkaskjól til að létta af sér skyldunni, sem önnur héruð landsins hafa á sig tekið. (Heyr!). Auk þess er það talið víst, að Josephssystur komi hér upp spítala, stórum eða litlum. Eg skal ekki fara út í þá deilu, hvort rétt sé að styrkja hann eða ekki. En tillit finst mér mega og eiga að taka til þess, að sá spítali kemur, því naumast væri það nein goðgá, að láta sjúklinga liggja þar, og það því síður, sem það er alkunnugt, að St. Josephs systur eru beztu hjúkrunarkonur, og ekki get eg álitið það kristilegt, að sporna við því, að menn hér sjái líknarverk framin eins og þau eru bezt af hendi leyst. Það er ef til vill kirkjulegt; en kristilegt er það ekki.

Mér finst meðferð þessa máls sýna vel hugsunarhátt hins íslenzka þjóðfélags, hvernig einstakir þegnar þjóðfélagsins vilja hafa þau hlunnindi, að alt sé gert á landssjóðs kostnað. Það er vitaskuld, að menn hér yrðu að hafa landlækni, bezta lækni landsins, og svo læknaskóla; en svo yrðu menn líka endilega að fá landsspítala. Og ennfremur hér um daginn kom einkennileg fjárbeiðni til fjárlaganefndarinnar; hún var um styrk til að halda líkvagn

í Reykjavík. Ef beiðninni verður sint, er þetta fyrsti vagn, sem landið styrkir til, og mætti því heita landsvagn.

Sömuleiðis er í fjárlagafrumv. fjárveiting til kirkjugarðs, sem landið leggi til, ergo: landskirkjugarðs. Þeir sem því veikjast hér, geta þá vonandi með tímanum undir yfirumsjón landlæknis orðið fluttir frá landsspítalanum á landsvagninum, nota bene: á líkvagni, á landskirkjugarðinn. Sannast þá að: »allrar veraldar vegur víkur að sama punkt«.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það eru að eins örfáar athugasemdir, sem eg ætla að gera, og vil eg þá fyrst sérstaklega láta í ljósi gleði mína yfir orðum háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), þar sem hann gat þess, að til þess að bjarga málinu væri hann ekkert á móti því, að setja þau skilyrði í frumv., að landssjóður legði því að eins til spítalans, að nærsýslurnar legðu eitthvað á móti, og er það sú skoðun, sem eg hefi alt af haldið fram í nefndinni sem þeirri einu réttu; og háttv. þm. (Tr. G.) er alt of sanngjarn maður til þess, að hann hafi nokkurn tíma haft á móti því, að þetta ætti svo að vera, en hins vegar hefir hann efast um, að sýslunum væri þetta fært, eða fengjust til þess, og gæti það orðið málinu að falli. Eg er því þess vegna meðmæltur, að þetta ákvæði sé tekið í frv., og mundi landsstjórnin gera meiri gangskör að því en áður, að sýslurnar legðu sitt til.

Í öðru lagi vildi eg drepa á orð hæstv. landsh., þar sem hann sagði, að kæmi hér ekki upp landsspítali og Rvk eða St. Josephs-systur bygðu sína spítala fyrir eigin reikning, þá hefði læknaskólinn ekki aðgang að neinum spítala.

Alt af klingir það sama, að til þess að halda læknaskólanum við, verði landið að byggja spítala handa honum, en menn gæta ekki að hinu, að læknaskólinn er ekkert síður fyrir spítalann, en spítalinn fyrir læknaskólann. Samkvæmt þessu frumv. er einmitt ætlast til, að kennararnir við læknaskólann verði jafnframt yfirlæknar við landsspítalann og eiga þeir báðir til samans að fá 1200 kr. laun fyrir starfa sinn. Ef nú spítalinn væri út af fyrir sig, og stæði í engu sambandi við læknaskólann, þá er það hverjum manni auðsætt, að margfalt meira yrði að kosta til spítalalækna en hér er gert ráð fyrir, svo einmitt við það, að hafa læknaskólann hér, sparar spítalinn mikið fé.

Og hvernig geta menn hugsað sér, að Rvík mundi hafna því, að hafa kennara læknaskólans að yfirlæknum fyrir litla þóknun, gegn því að læknaefnin fengju að ganga á spítalann? Það er svo mikil fjarstæða, að slíkt gæti aldrei átt sér stað. Hvort heldur Josephs-systur eða Reykjavík byggja spítala, þá yrði það stór hagur fyrir spítalana, að fá að nota læknaskólann.

Þriðja atriðið, sem eg vildi minnast á, hefði eg raunar getað tekið fram áðan, en eg ætlaði að geyma það, ef svo kynni að fara, að einhverju yrði hnýtt að St. Jósefs-systrum, sem eg gleðst af, að enginn þó hefir orðið til. Eg veit ekki til, að hér í deildinni sé neinn annar en eg, sem geti af eigin reynslu borið um það, hvernig hjúkrunarkonur Jósefssystur eru. Eg hefi legið fársjúkur í spítala þeirra í Höfn, og get eg ekki hugsað mér, að betri hjúkrun eigi sér stað. Alt viðmót og framganga þeirra er svo ágætt, að eg er viss um, að ekki getur betra í nokkurum spítala í veröldinni. Og þeir sem vilja af einhverjum ástæðum koma í veg fyrir, að við Íslendingar getum orðið þessarar hjúkrunar aðnjótandi, ættu þó að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir leggja á móti því.

Hvað það snertir, að spítali Jósefssystra mundi verða ódýrari, þá er þess að gæta, að þær reka spítalann sjálfar, og allar kröfur, sem hjúkrunarkonurnar gera, eru að fá að borða og einn fatnað á ári, og hlýtur kostnaðurinn því að verða miklu minni. Vlð höfum eitt dæmi af spítala, sem landið kostar. Það er holdsveikraspítalinn. Þar mega Jósefssystur ekki vera, því hinir háu Oddfellowar, er gefið hafa okkur spítalann, gerðu það að skilyrði. Þar er yfirhjúkrunarkona, er hafði í fyrstu 600 kr. laun á ári, en nú er okkur sagt, að við verðum að borga henni 1000 kr. laun á ári. — Ómögulegt er að fá hjúkrunarkonu fyrir minna, og því verðum við að lúta, megum jafnvel ekki útvega okkur kauplægri hjúkrunarkonu, þó við gætum, því Oddfellowar gáfu spítalann með því skilyrði, að þeir fengju að ráða hjúkrunarkonur.

Eg kem ekki fram með breytingartillögur; því einu hefi eg lofað nefndinni, að leggja ekki beint á móti henni, en eg hefi áskilið mér, að greiða atkvæði mitt með þeim tillögum, sem fara í þá stefnu, sem eg hefi gert grein fyrir hér í deildinni.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg ætla að nota tækifærið til að gefa upplýsingar, sem mér hefir hingað til láðst að geta. Menn hafa efast um, að spítalinn þyrfti að kosta eins mikið og farið er fram á í áætlun Thurens, og furðað sig á því, að svo miklu þyrfti að kosta til ekki stærri spítala, og hafa menn borið hann saman við Akureyrarspítalann. En mér hefir láðst að geta þess, að það liggur einnig önnur áætlun um spítalann fyrir þinginu, og er hún gerð af Jóni Sveinssyni snikkara. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að spítalinn mundi kosta 89,750 kr., og því nákvæmlega sömu upphæð, sem nefndin leggur til að veitt sé til spítalabyggingarinnar. Það hefir því ekki 1, heldur 2 byggingarfróðir menn gert áætlun um kostnaðinn, og þegar þeim nálega ber saman, er ætlandi, að áætlunin sé nærri sanni. Reyndar hefir ekki verið leitað til þess manns, sem réð fyrir byggingu spítalans á Akureyri, en sjálfsagt leitar nú landsstjórnin til hans, eftir þessar upplýsingar, sem fram hafa komið.

Nefndin tekur það líka beinlínis fram í áliti sínu, að hún geri ráð fyrir, að landsstjórnin við hafi allan sparnað, og gerir sérstaklega ráð fyrir, að haft verði undirboð. Og verði það gert, er það í rauninni sama, hvaða upphæð er tilfærð. Þá getur líka þessi meistari, sem ráðið hefir fyrir byggingu Akureyrarspítalans, komið fram með sitt boð, og treysti eg hinum háttv. þingm. Skgf. (St. St.) til að sjá um, að hann geri það.

Svo voru nokkur orð í ræðu háttv. þingm. Vestm. (V. G.), sem eg vildi minnast á. Það sem hann tók fram, þessu máli viðvíkjandi, sýnir ljóslega, að við getum í rauninni ekki talað saman um þetta mál, af því, að hvor stendur á sínum grundvelli, og þeim ólíkum. Hann vill færa læknakenslluna út úr landinu; eg vil færa hana inn í landið.

Ef maður stendur á sama grundvelli og háttv. þingm. Vestm., þá get eg ekki láð það, þó ekki þyki rétt að reisa spítala handa læknaskólanum. Eg vil biðja þingm. að hugsa sig vel um, og betur en hann hefir gert hingað til, hvort það yrði svo heppilegt, að afnema læknakenslu hér. Eg er viss um, að það yrði ekki álitin góð ráðsmenska, því bæði yrði það miklu dýrara, ef allir læknar yrðu að

stunda nám erlendis, og hins vegar fengjum við ekki næga lækna með því móti, nema fyrir miklu hærri laun. Eg er viss um, að enginn almennilegur læknir, sem stundað hefir nám í Höfn, mundi sætta sig við að fá 1300 kr. laun norður á Langanesi eða á öðrum þvílíkum stöðum, ef hann ætti nokkurs annars úrkosta utanlands. Og þegar ætti að fara að hækka launin læknanna, þá yrði ekki lengi að koma upp í það, sem nú er farið fram á, að veitt sé til spítalabyggingarinnar og reksturs spítalans.

Háttv. þingm. V.Sk. (G. G.) taldi það varhugaverða stefnu, að eyða svo miklu fé til heilbrigðismála, og taldi margt, sem ekki væri minni vanþörf á. Eg skil vel, hvað hann á við; hann vill veita fé til búnaðar, brúargjörða og annars þess háttar, og er eg ekkert á móti því; en þó má eg benda á eitt: Hvað verður úr þúfnasléttun, ef þeir, sem að henni eiga að vinna, eru ekki heilsubetri en svo, að þeir þurfa að leggjast á spítala til að geta unnið? Fyrst verður að gera þá svo heilbrigða að þeir geti sléttað þúfurnar og skreiðst yfir brýrnar. (*Guðlaugur Guðmundson:* Fyrst verða menn að hafa eitthvað ofan í sig) Jú, en heilsan er líka skilyrði fyrir því, að menn geti unnið sér brauð. Hins vegar kannast eg ekki við, að varið sé svo miklu til heilbrigðismála, að alt beri ofurliða, að minsta kosti ekki það, sem varið er til lögreglumála. Háttv. þingm. V.Sk. vill víst heldur láta ganga landssjóðsfé til dómara,sýslumanna og málfærslumanna, heldur en til lækna, hjúkrunar sjúkra og heilbrigðismála. Honum geðjast víst betur að prókúratorum en læknum, tukthúsum betur en spítölum, og að þarfara sé að veita fé til þess.

Háttv. þingm. Vestm. (V. G.) og háttv. þingm. Skgf. (St. St.) töluðu um Jósefssystur, og skal eg ekki orðlengja um það, en að eins benda enn á, að tilboð þeirra er enn svo óákveðið og ískyggilegt, að ómögulegt er að byggja á því. Þá fyrst, er fengin er full trygging fyrir því, að þessi tilboð séu áreiðanleg, er hægt að líta við þeim.

Það hefir enginn verið að neita því, að Jósefssystur væru þær beztu hjúkrunarkonur, sem til væru. Það er ekki heldur loku fyrir það skotið, að háttv. þingm. Skgf. (St. St.) geti fengið hjúkrun þeirra á landsspítalanum, ef hann kynni að verða veikur og leggjast þar, því eftir því sem þær sögðu mér í gær, eru þær fúsar á að taka að sér hjúkrunarstörf þar, ef til kæmi.

Því hefir verið skotið fram, að réttast væri að vísa málinu til nefndarinnar aftur, en eg skil ekki í, að nein þörf sé á því, og yrði það að eins til að tefja tímann. Nefndin getur athugað þau tilboð, sem fram koma, og alla málavexti, og talað sig saman, eins fyrir það, þótt málinu sé nú vísað til 3. umr. Og eins geta þingm. komið fram með br.till. sínar til þeirrar umr.

Svo skal eg ekki tala frekara um þetta mál að sinni, en vil þakka háttv. þingm. fyrir það, að þótt þeir hafi verið sumir hverjir á annari skoðun en eg og nefndin, þá hafa þeir þó allir viðurkent — nema þm. Vm. (V. G.), sem ekkert viðurkennir í þessu máli — að nauðsynlegt sé, að koma hér upp spítala vegna læknakenslunnar, og vegna þeirra sjúklinga, sem hingað leita víðs vegar af landinu.

ATKVGR.: Br.till. 103 við 1. gr. fyrri málsgr. samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

1. gr. frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Br.till. 103, 2 við 2. gr. samþ. án atkvgr.

2. gr. frv. samþ. með 13 atkv.

Br.till. 103, 3 við 3. gr. samþ. með 13 atkv.

3. gr. frumv. þar með fallin.

Br.till. 103, 4 við 4. gr. samþ. án atkvgr.

Br.till. 103, 5 við 4. gr. síðustu málsgr., samþ. með 16. atkv.

4. gr. frv. samþ. með 14 atkv.

5. gr. frv. samþ. með 14 atkv.

Br.till. 103, 6 við 6. gr. síðari málsgrein samþ. með 12 atkv.

6. gr. frv. samþ. með 13 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Þriðja umr., 30. júlí (C bls. 383, br.till. 397).

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Nefndin hefir leyft sér að koma með breytingartill. á þingskj. 229, er fer í þá átt, að jafnaðarsjóður Suðuramtsins leggi fram 10,000 krónur til spítalabyggingarinnar, en landssjóðstillagið sé jafnframt fært niður um 10,000 kr. eða úr 65,000 kr. niður í 55,000 kr. Nefndin hefir komið þessa breyt.till. til þess, að koma til móts við þá menn, sem hafa látið þá skoðun í ljósi, að af því, að hér sé að nokkru leyti um fjórðungsspítala að ræða, þá liggi það svo beint við, að Suðuramtið taki nokkurn þátt í kostnaði við byggingu spítalans. Ef frumv. yrði samþykt þannig, sem breytingartill. fer fram á, þá hefðu þeir sitt mál fram að því leyti, að landssjóður kostaði ekki einn spítalabygginguna, heldur tæki bæði Reykjavíkurbær og Suðuramtið líka þátt í henni.

Breytingartill. kemur þó ekki fram af því, að meiri hluti nefndarinnar álíti þetta réttlátt í sjálfu sér, því að hann lítur svo á, að þessi spítali sé ekki reistur fyrir neinn sérstakan landsfjórðung, heldur fyrir landið í heild sinni, og fyrir læknakensluna í landinu. — Eg verð að telja víst, að enginn, sem skynbragð ber á málið, geti borið á móti því, að læknakenslan geti því að eins verið í lagi, að til sé viðunandi spítali, sem læknaefnin eigi aðgang að, og að spítalakostnaðurinn sé því sjálfsögð afleiðing af því, að landið hefir tekið það að sér, að halda uppi læknaskóla.

Nefndin vildi ekki fara lengra en þetta í fjárlögunum, og telur að nú geti þingið vel við unað. — Síðan umræða fór fram hér í deildinni síðast, þá hefir komið fram nákvæmara tilboð frá St. Jósephs-systrunum en þá lá fyrir. Það hefir nú verið prentað og því útbýtt meðal háttv. þingmanna, svo að þeir hafa átt kost á, að kynna sér það. Meiri hlutinn verður að láta það í ljós, að frá landssjóðsins sjónarmiði verður hann að telja tilboð þetta óaðgengilegt. Það er farið fram á, að systrunum séu veittar 60,000 krónur til láns, til að koma upp spítalanum, og auk þess árlegt tillag í 28 ár, 3000 krónur á ári.

Nefndin verður að líta svo á, að með þessu móti verði spítalabyggingin engu kostnaðarminni fyrir landið en þótt það bygði spítalann sjálft. — Að lána 60,000 krónur og leggja auk þess fram 3000 kr. á ári í 28 ár, er líkt og systrunum væru þegar í stað gefnar 60,000 krónur til spítalabyggingarinnar, og til þess ímynda eg mér, að háttv. deild vilji ekki stuðla með atkvæði sínu. — Auk þessa segjast systurnar ekki kosta læknishjálp við spítalann, og landið verður því að kosta hana, og eftir því sem gert er ráð fyrir í frumv. því, sem hér liggur fyrir, mun hún nema rúmum 2000 krónum á ári; í því er

ætlast til, að hinir tveir yfirlæknar hafi alt að 1200 krón. í laun, og aðstoðarlæknir 600 kr. og fæði, og er því ekki of í lagt, þótt honum séu ætlaðar 1000 krónur alls á ári; verður því árlegur kostnaður við landsspítalann eftir boði St. Jósephs-systranna 5,200 krónur. — Ef málið því er tekið frá þeirri hlið, að landið láni 60,000 krón. til spítalabyggingar, og leggi síðan fram 5,200 kr. á ári til reksturs hans, þá verður þetta ekki léttara fyrir landssjóð en þótt hann bygði spítalann og annaðist hann. — Að minsta kosti á landið sjálft þann spítala, sem það byggir; en hinn spítalann hvorki á það né hefir yfirráð yfir honum.

Eftir reikningi mínum við síðustu umræðu er það óvíst, að kostnaður við rekstur landsspítalans yrði einu sinni 5,200 krónur á ári. Eg gerði þá ráð fyrir, að hver sjúklingur mundi kosta 2 krónur á dag og síðan hefi eg sannfærst um, að þetta muni ekki vera fjarri lagi. — Eg hefi nefnilega fengið upplýsingar um, að vist hvers sjúklings kostar í spítalanum hér í Reykjavík um 2 krónur á dag, að meðaltali, þar í meðtalið fæði, hiti, ljós, meðul og verðhækkun fyrir betra fæði. — Kostnaður þessi er nokkuð mismunandi, hæst 2 krónur 80 aurar og lægst 1 kr. 50 aurar á sjúkling á dag. Eg virðist því í reikningi mínum hafa farið sanni nær, og verði spítalinn sæmilega sóttur, þá eru ekki líkindi til, að árskostnaður landssjóðs við hann verði meiri en 4—5000 kr.

Eg bið menn að hugsa sig vel um, áður en til atkvæða er gengið, og eg vona, að enginn láti atkvæði sitt stjórnast af smámunalegri hreppa-pólitík; eg vona, að háttv. þingdeild athugi það, að hér er um eitt af hinum stærstu velferðarmálum að ræða, um það, hvort læknastétt landsins eigi að gefast kostur á, að öðlast þá mentun, sem henni er nauðsynleg eða eigi.

Það er misskilningur, að þessum spítala sé komið upp til þess, að létta skyldu-byrði af nærliggjandi héruðum, heldur er verið að berjast fyrir, að koma honum upp til þess, að fá almenna kenslustofnun handa læknaefnum og almennan spítala handa sjúklingum, sem leita hingað víðs vegar af landinu, af því að hér má búast við betri læknishjálp.

Eg get gizkað á, að afleiðingin af því, ef mál þetta verður felt, verði sú, að enginn spítali verði reistur í bráð handa landinu. — Reykjavík, sem nú hefir boðið svo góð boð, mun naumast koma með þau aftur; hún sér sér fært að koma upp sínum eigin spítala, og hún mun varla lengi draga sig eftir samlögum við landssjóð, eins og það nú gengur, heldur annaðhvort ráðast í, að koma upp spítala-holu handa sér, eða þá grípa til þess, sem næst liggur, að gera við spítala þann, sem nú er til, en þá yrði læknaskólinn húsnæðislaus, og lægi þá ekki fyrir nema eitt af tvennu, annaðhvort að leggja niður læknaskólann eða þá byggja nýtt hús handa honum, og ef síðari kosturinn yrði tekinn, sá, að halda uppi læknaskólanum, þá ræki að því, að brátt mundi þurfa að byggja spítala handa honum.

Það hafa heyrst þær raddir, að réttast væri að leggja niður læknakenslu-na hér í landi, og flytja hana til útlanda. — Þeir sem því halda fram, hugsa ekki mikið um heill almennings eða hag landssjóðs. Því að afleiðingin af þeim flutningi mundi verða læknaskortur í landinu, og þeim læknum, er fengjust til að setjast hér að, mundi verða að launa miklu betur en nú

gerist, svo að við það bættist byrði á á landssjóð svo að þúsundum krónum skifti.

Magnús Torfason: Eg ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, en það sem knúði mig til að standa upp var breytingartill. sú, sem komin er fram á þingskj. 229, þess efnis, að jafnaðarsjóður Suðuramtsins á að leggja 10,000 krónur til spítalabyggingarinnar. Mér getur nú ekki annað skilist en að þetta verði til þess, að stofna málinu í tvísýnu, því það mun þó ekki vera meiningin, að kúga jafnaðarsjóðinn til þess, að láta þetta fé af hendi, heldur skilst mér, að lög þessi verði því að eins staðfest, að amtsráð Suðuramtsins samþykki þessa fjárveitingu. — Afleiðingin af þessu yrði þá sú, að málinu yrði frestað þar til í júnímánuði 1902, og þá yrði svo liðið á árið, að engar verulegar framkvæmdir yrðu gerðar fyr en á árinu 1903. Fyrir þinginu hefir ekki legið nema ein áætlun í þessu máli, og eg get ekki annað sagt, en að mér eins og mörgum öðrum þingmönnum þykir hún óhæfilega dýr, og vakir því fyrir mér, hvort ekki sé rétt, að láta málið bíða og athuga það nákvæmlega, hvort ekki sé hægt, að koma spítalanum upp með dálítið minni kostnaði en áætlunin fer fram á, því vér Íslendingar erum ekki svo ríkir, að vér getum sniðið stakka vora eftir tízku hinna stærri og margfalt auðugri þjóða.

Auk þess, sem nú hefir verið tekið fram, er annað í breytingartill., sem sérstaklega særir mig, og það er hvernig á að jafna þessu 10,000 kr. gjaldi niður, sem á að leggja fram úr jafnaðarsjóðnum, þar sem það á að greiðast eftir sama mælikvarða og jafnaðarsjóðsgjaldið af öllum sýslum amtsins nema Vestur-Skaftafellssýslu. Nú borgar Árnessýsla og Rangárvallasýsla fullan helming jafnaðarsjóðsgjaldsins, en hins vegar eru þær sýslur fjærst og hafa minst not af spítalanum, að undantekinni Vestur-Skaftafellssýslu, en þegar hún á ekki að taka hlutdeild í gjaldi þessu verður afleiðingin sú, að Árnessýsla og Rangárvallasýsla mundu borga alt að $^2/_3$ þessa spítalagjalds, og það eru þær sýslurnar, sem fjærst liggja og mundu hafa minst gagn af spítalanum, en hins vegar mundu þær sýslurnar borga minst, sem næstar eru og hefðu mest gagnið af spítalanum.

Mér virðist því breytingartill. þessi vera vanhugsuð, því eg gjöri ekki ráð fyrir, að nefndin hafi ætlað sér, að níðast á Rangárvallasýslu fyrir það, að hún var sú eina af sýslunum í amtinu, sem vildi láta eitthvað af hendi rakna til spítalans. — Mér þykir því ástæða til, að skora á nefndina, að taka þessa breytingartillögu aftur.

Því er barið við til meðmælingar þessu frumv., að nauðsyn sé á því, að koma spítalanum upp vegna kenslunnar við læknaskólann. — Ekki get eg álitið, að þess sé brýn þörf vegna þess, að kensla á læknaskólanum sé svo ófullkomin, að spítalann þurfi nauðsynlega hennar vegna. Nú var í vor sem leið einn kandídat skrifaður út frá læknaskólanum með ágætiseinkunn, en kennararnir við læknaskólann eru svo vandir að virðingu sinni, að þeir mundu alls ekki hafa veitt ágætis-einkunn, ef kandídatinn hefði ekki nokkurn veginn getað staðið jafnfætis góðum kandídötum í öðrum löndum, en eftir því sýnist kenslan við læknaskólann að vera nokkurn veginn viðunandi.

Þá hefir það verið haft í hótunum, að svo framarlega sem landsspítalinn yrði ekki bygður, verði læknaskólanum bygt út af spítalanum hér í bænum. — Eg get ekki haft önnur orð um það, en að mér þykir slíkt með öllu óviðurkvæmilegt, eins og nú stendur á, því

það er vitanlegt, að spítali þessi fær ókeypis læknishjálp, nema héraðslæknirnum mun vera greidd örlítil þóknun, um 200 krónur árlega frá spítalanum. Enn fremur verða menn að gá að því, að hér er kostuð ókeypis »klinik« fyrir bæinn, og þá verður þessi hótun enn óviðurkvæmilegri, og svo bætist þar við, að landssjóður á líka að fara að kosta líkvagn til þess, að flytja þá dauðu frá spítalanum. — Ummæli þessi eru því algjörlega vanhugsuð, og eg gat ekki búist við slíku frá öðrum eins sómamanni og háttv. framsögumanni (Þ. J. Th.).

Þá er enn eitt einkennilegt, sem komið hefir fram í þessu máli bæði á þingi og utan, að það er verið ala upp trúaræsing í sambandi við þetta mál. Það er skoðun mín, að þetta mál eigi að íhuga með ró og stillingu, og að trúaræsingunum sé hleypt af stokkunum þegar menn hafa engu öðru til að dreifa. Eg get spurt: »Hefir þessi trúaræsingur nokkurn rétt á sér?« Ekki get eg séð það. Eða er hin evangeliska lúterska kirkja svo fullkomin, að engin önnur trúarskoðun megi komast að? Hún hefir leitt hjá sér líknarstarfið, og ekki gefið sig við neinum guðspakkarstörfum, og það væri því gott, að annar trúarbragðaflokkur kæmi hér upp, sem kepti við hana, því þá gæti verið, að hún færi að sinna líknarstörfum, eins og raunin hefir orðið á annarsstaðar, t. d. í Danmörku, og þá færðist í hana nýtt líf; en það getur verið, að menn vilji það ekki, eins og einn heiðursmaður hér í bænum hefir sagt, að hann hefði á móti kaþólska trúarboðinu hér á landi vegna þess, að þá mundi færast meira líf og fjör í lútersku kirkjuna, en það vildi hann ekki láta verða, og þar af leiðandi væri hann á móti trúboði kaþólskra manna hér. — Eg held einmitt, að ekki væri óholt fyrir oss, að ný trúarhreyfing kæmi hér á landi, því það er alkunnugt, að þegar ein skoðun hefir verið einvöld og drotnandi um langan tíma, þá fer hún að dofna og veslast upp af því, að hún hefir við ekkert að berjast.

Því hefir verið stungið að okkur, sem erum á móti landsspítalanum, og vildum styrkja St. Jósephs-systurnar til að koma upp spítala, að það væri roluskapur. — Þetta getur verið satt; en það má eins vel snúa því við og segja, að það sé roluskapur, að þjóðkirkjan skuli ætla sér að brúka löggjafarvaldið til að bæla niður aðrar trúarhreyfingar, af því hún þorir ekki að ganga á hólm við kaþólska trúboðið.

Það hefir verið kallað óviðurkvæmilegt fyrir evangelisk-lúterska menn, að verða að taka á móti hjúkrun kaþólskra manna á banasænginni. — Eg skal viðurkenna, að þeir sem slíkt segja, hafa nokkuð til síns máls, en því miður veit eg ekki til, að prestar hér geri sér margar ferðir upp á spítalann til að vekja andlegt líf sjúklinganna, svo að eg held, að sjúklingarnir fari ekki mikils á mis, hvað það snertir, þó þeir komist í kaþólskra manna hendur. — Auk þess hafa St. Jósephs-systur lofað, að tala ekki neitt um trúar-atriði við sjúklingana.

Oss hefir verið lagt ríkt á hjarta, að fella ekki þetta mál af eintómri hreppapolitík. Eg þarf ekki, sem verandi í nágrenni við Reykjavík, að taka þau ummæli til mín; en sé breytingartill. nefndarinnar samþykt, þá virðist mér það vera í hreppapólitíkur áttina, að velta byrðinni af nálægri héruðum á hin fjarlægari.

Til þess að enginn misskilji mig, þá skal eg taka það fram, að mér dettur

ekki í hug að efast um, að hvatir mótstöðumanna minna í þessu máli séu góðar, og dettur mér í hug í sambandi við einn þessara manna, sem mest og bezt hafa barist gegn systra-spítalanum kaþólska, það, sem Oftedal prestur kendi af stólnum: »að þá fyrst fyndi maður guð sinn, er hann hefði atað sig í syndinni«.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg ætlaði ekki að taka til máls til að mótmæla hinum háttv. framsögum. (Þ. J. Th.); eg gerði það ekki við 2. umr., og ætlaði mér heldur ekki að gjöra það við 3. umr. »En svo má brýna deigt járn, að bíti um síðir«. — Það var sérstaklega eitt atriði í ræðu h. frmsm. (Þ. J. Th.), sem knúði mig til að standa upp, þar sem hann sagði, að ef við samþyktum boð St. Jósephs-systra, þá væri það sama sem að gefa þeim 60,000 kr., þar sem ársstyrkurinn 3000 kr. kæmi í stað afborgunar lánsins. En nú er aðgætandi, að árs-afborgunin mun vera um 3600 kr., svo þá sparast þó að minsta kosti 600 krónur á ári. — Þegar háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) slær þessu fram, þá verður hann á hina hliðina að sanna, að landssjóður kosti ekki einum einasta eyri til landsspítalans; en nú hefir hann sýnt fram á, að landssjóður yrði að kosta til hans 3000 krónur á ári, og mér skyldi ekki koma það á óvart, þó bæta yrði einni þúsundinni við. — Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) hristir höfuðið, en eg veit, að hann gjörir það ekki af því, að honum finnist þetta fjarstæða, heldur af því, að hann er í vandræðum með mótrök.

Hann lætur þess líka ógetið, að St. Jósefssystur ætla að byggja spítala fyrir 35 sjúklinga, en þessi svo kallaði landsspítali rúmar að eins 24 sjúklinga, er með öðrum orðum ofurlítil spítalahola, alls ónóg bæði fyrir landið og læknaskólann. Auðvitað fullnægir systraspítalinn heldur ekki þörfunum, en hann kemst þó nær því en hinn fyrirhugaði landsspítali.

Eins og eg hefi tekið fram, þá er það því algjörlega rangt, að segja, að það væri gjöf, þó St. Jósefssystrum væri lánað fé til spítalabyggingar, þar sem lánið á að endurborgast, og við fáum með því móti spítala með 11 rúmum fleiri en verða mundu á landsspítalanum, og kostnaðurinn á St. Jósefssystraspítalanum þar að auki ekki einum eyri meiri.

Þar sem talað hefir verið um hreppapólitík í þessu máli, þá neita eg því, að hún hafi nokkuð komið fram frá minni hlið, því eg hefi skýrt tekið það fram, að eg vildi veita landsspítalanum ríflegan styrk, ef hann væri eins stór og nauðsynlegt væri, því eg veit, að spítali þessi yrði í höndum góðra manna, að minsta kosti meðan þeir læknar eru uppi, sem nú eru hér. En á hinn bóginn vildi eg fá vissu fyrir því, að spítalinn yrði landinu ekki alt of mikil byrði, landið legði honum árlega ríflegan styrk, en Reykjavík og Suðuramtið bæri að öðru leyti kostnað spítalans; þessu hélt eg fram í nefndinni og þessarar skoðunar er eg enn. Og þegar nú þar að auki er komið tilboð um að byggja spítala með 11 rúmum fleiri en landsspítalinn á að hafa, og sá spítali á að standa undir umsjón læknaskólans, þá get eg því síður gefið atkvæði mitt með því, að þessi spítalahola sé bygð algjörlega á landssjóðs kostnað og svo smelt á hana nafninu landsspítali, til þess að sýna, að landið í heild sinni eigi að hafa allan veg og vanda af henni, þó faktist verði eingöngu fyrir Reykjavík og nærsveitirnar.

Forseti: Eg skal geta þess, að 12 þm. hafa beðið um að taka mál þetta

út af dagskrá, og vil eg gera það, þó eg álíti það mjög varhugavert, þar sem nú taka mjög að aukast störf þingsins. Auk þess hafa háttv. þingdm. haft tíma til að íhuga þetta frumv., þar sem 7 dagar liðu í því milli 1. og 2. umr., og 5 dagar milli 2. og 3. umr., og það á þeim tíma, þegar þingið hafði lítið að gera. Það verður því að vera á ábyrgð þeirra manna, sem nú vilja taka málið út af dagskrá, ef þessi töf yrði til þess, að það yrði málinu að falli.

Málið tekið út af dagskr.

Fram h. 3. umr., 8. ágúst (C bls. 385, brt. 397, bréf Jósefssystranna bls. 413).

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg mun ekki verða margorður, því mikið er áður rætt um þetta mál, — að eins skal eg taka það fram, að breyttill., sem fyrir liggur, er gerð þeim mönnum til geðs, sem vilja að þetta væri að nokkru leyti fjórðungsspítali; vona eg því, að þetta leiði til samkomulags og báðir mætist á miðri leið. Út af ummælum háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.), að gjaldið kæmi ójafnt niður á sýslurnar, mest á landsveitirnar, þar sem því væri jafnað niður sem jafnaðarsjóðsgjaldi, skal eg geta þess, að eg neita því ekki alveg. En þó verður að gæta þess, að jafnaðarsjóðsgjaldið fer nú ekki eingöngu eftir ábúðar- og lausafjárhundruðum og legst að því leyti á landsveitir. Eftir núgildandi lögum er gjaldið að töluverðu leyti lagt á tölu verkfærra manna, og þeir eru fleiri í sjávarsveitunum, og jafnast því gjaldið nokkuð eðlilega milli lands og sjávar. Hér er líka að eins að ræða um 10 þús. kr., sem endurborgast á 28 árum, og sé þeirri upphæð jafnað niður á allar sýslur amtsins, að undanskildri Vestur-Skaftafellssýslu, þá getur ekki verið um stóra árlega upphæð að ræða fyrir hverja sýslu, og varla þess vert fyrir hlutaðeigandi sýslufélög og heldur ekki oddvita þeirra, að gjöra sér tal út úr þessu.

Þórður Guðmundsson: Allir eru sammála um það, hve dýrmætt hnoss heilsa og heilbrigði eru, hve sárt er að missa heilsuna, sætt að fá bót á henni, þýðingarmikið að vernda hana. Læknar eru góðir þegar þeirra þarf við og hjúkrunarstörf þakklát og blessunarrík. Löggjöf vor hefir alls ekki gert lítið til þess að sjá heilsu vorri og heilbrigðismálum borgið, þegar litið er á efni og landshagi vora. Á þingi 1899 voru stofnuð 20 ný læknisembætti og fara c. 26,000 kr. til launa handa þeim árlega. Að vísu fara lögin ekki fram á eftirlaunarétt fyrir þau öll, en við því má þó búast, að sanngirni þyki mæla með því, að veita þeim eftirlaun, þegar læknarnir hafa slitið sér út í þarfir landsins, jafnt þeim sem eftirlaun hafa, og víst væri ekki réttlátt að synja þeim þeirra.

Frumv. liggur hér nú fyrir, sem fer fram á, að veittar séu til stofnunar landsspítala 100 þús. kr., hvorki meira né minna!

Eg játa, að hér sé þörf á spítala, og hjartanlega glaður skyldi eg offra þessu fé, ef til jafn mikils væri aftur að vinna. En því er nú öðru nær. Ætlast er til, að 24 sjúkrarúm verði í spítalanum, og kostar þá hvert rúm um 4000 kr., og það er nóg fé til að byggja fyrir gott hús fyrir heila fjölskyldu. Þá fer nú hjúkrunin að verða dýr!

Það er auðsætt, að þetta yrði heldur ekki »landsspítali« að öðru leyti en því, að hann stendur í landinu; landið alt getur engan veginn haft gagn af honum, — hann nægir varla Reykjavík einni eftir fá ár, ef hún vex að mannfjölda eins og hún hefir gjört síðustu árin. Eg hefði verið fúslega meðmæltur því, að byggja hálfu dýrari

spítala, hefði hann fullnægt þörfum landsins. En af því svo er ekki um þennan spítala, neyðist eg til þess að vera á móti frumv.

Viðvíkjandi breyttill. á þgskj. 329, stingur eitt í augu, sem mér værikært að fá skýringu á. Ein sýslan (Vestur-Skaftafellssýsla) er undanþegin gjaldi því, sem sýslunum í suðuramtinu er gjört að skyldu að leggja til spítalans. Er það af því, að þar komi ekki fyrir þeir sjúkdómar, sem gefa tilefni til að leggja menn á spítala? Eða er það af því, að svo langt er þaðan til spítalans?

Eg verð að segja það, að ef frumv. verður framkvæmt á þennan hátt, þá verður dýrt að lifa, en þó enn dýrara að deyja! Annars geri eg lítið úr heilsubót þeirra manna, sem sendir eru úr fjarlægum héruðum, oftast aðfram komnir; þeir eru ekki sendir fyrri á spítalann en þeim er tæplega lífs von. Misráðið er það af hinni háttv. nefnd, að draga út »fríplássin«, sem gert var ráð fyrir í stjórnarfrumv. Þótt borgun fyrir sjúklinga sé eigi áætluð of há, geta fátæklingar samt ekki borið þann kostnað.

Eg skal svo ekki ræða þetta frekara, en enn tek eg það fram, að það er illa farið, að frumv. þetta skyldi koma fram í þeim búningi, að kostnaður ægi í augum svo geypilega í samanburði við ávöxtinn.

Því er haldið fram, að brýn þörf sé á spítala, vegna læknaskólans, — því skal ekki mótmælt. En eg held það breytist ekki mikið frá því sem nú er, þó rúmin verði 24, þ. e. fjölgi um 6—8 rúm frá því sem nú er, svo sjúkdómstilfellin verði ekki mun fleiri en nú.

Viðvíkjandi öðru tilboði frá St. Jósefssystrum, um að reisa spítala, sem komist hefir til orða, skal eg að eins segja það eitt, að hætt er við, að það særi tilfinningu margra og valdi hneyksli, að kaþólskir hafi yfirráð spítalans og hjúkri sjúklingunum; það er og illa viðeigandi, að slíkt sé notað sem yfirskin til leynitrúboðs; en svo mætti nota það, þó eg spái engu um, hvernig hér muni fara.

Pétur Jónsson: Eg skal fúslega játa það, að nefndin hefir gert alt, sem í hennar valdi stóð, til þess að halda lífinu í þessu frumv., og slakað til frá frumv. stjórnarinnar í þá átt, sem eg og fleiri þm. höfum óskað að horfði. En hún hefir ekki gert sig viðskila við það, sem eg hefi aðallega haft á móti frv. Hún heldur sem sé enn fast við það, að þessi stofnun skuli vera landsspítali og rekinn á landssjóðs kostnað. Í öðru lagi finn eg það frumv. þessu til foráttu, að byggingarkostnaðurinn við spítalann er áætlaður alt of mikill, miklu meiri en eg hygg þörf á.

Mér þykir það leitt, ef framkoma mín í þessu máli er skoðuð svo, að eg sé mótfallinn góðum spítala hér í Rvík, eða að það sé ekki af neinum góðum hvötum, að eg greiði atkvæði á móti þessu frumv. Þó þeir séu ýmsir, í báðum flokkunum, sem fúsari eru á að trúa illu en góðu hvorir um aðra, meðan flokkadrættirnir og rígurinn milli flokkanna er svo mikill, þá vil eg segja það, að það hafi enginn maður rétt til þess, að segja, að við, sem greiðum atkvæði móti þessu frv., gerum það af því, að við séum á móti góðum spítala hér í höfuðstaðnum, og viljum að eins drepa málið. Við höfum sýnt, að við viljum styrkja vel og rækilega spítalabygging og árlegan rekstur hér í Rvík, enda fær núverandi spítali jafnt úr landssjóði og hinir spítalarnir allir. Eg mótmæli því þessum ummælum sem óréttmætum, ósönnum og siðferðislega röngum.

En svo voru það einnig fleiri atriði,

sem eg vildi benda á, að eg ekki gæti felt mig við í frumv. Þessar 100 þús. kr., sem á að kosta til spítalans hér í Reykjavík, sem á að heita landsspítali, eru sagðar eiga að ganga til að byggja sjúkrahús fyrir 24 sjúklinga. Þetta virðist vera hlutfallslega alt of dýrt, þegar það er borið saman við hvað t. d. spítalinn á Akureyri kostaði, og eg býst við, að það í reyndinni verði svo, að þótt komast mætti af með minna fé, þá verði það alt brúkað upp, sem lögákveðið er að megi verja til byggingarinnar, og samkvæmt þeirri reynslu, sem við höfum fengið í þess konar málum, þá getum við heldur ekki búist við, að spítalinn rúmi fleiri en gert er ráð fyrir. Auðvitað get eg ekki slegið þessu föstu, en eg hefi enga ástæðu til að ætla að öðru vísi fari.

Eg skal svo víkja að því, sem háttv. framsm. (Þ. J. Th.) talaði um við 2. umr. viðvíkjandi því, hvað Reykjavík mundi gera, ef við feldum þetta frumv. Hann sagði, að Reykvíkingar mundu byggja fyrir sig, og meina landinu og læknaskólanum að eiga nokkurn þátt í þeim spítala. Mér finst engin ástæða vera til að ætla, að Reykjavík, sem þegar hefir tekið svo vel í þetta mál, og gert þinginu svo álitlegt tilboð, að hún fari að verða svo óskynsöm, að hrinda frá sér styrk frá landssjóði bæði til byggingar- og viðhaldskostnaðar. Eg ímynda mér, að það sé rétt getið til, að Reykjavík mundi byggja spítala handa sér, og hann því stærri og meiri en spítalana á Norður- og Austurlandi, sem hún, og þau héruð, sem þann spítala mundu aðallega sækja, eru stærri og mannfleiri. Ætti Reykjavík að byggja spítala, sem hlutfallslega rúmaði jafnmarga sjúklinga og spítalinn á Akureyri, þá ætti hann eftir þeim skýrslum, sem frá þeim spítala hafa komið, að hafa rúm fyrir 27 sjúklinga. Og ef kaupstaðirnir úti um landið eru færir að halda uppi sínum spítölum, þá sýnist það ekki ofætlun fyrir Reykjavík, að gera sama með tiltölulega sama styrk, en þó sérílagi þegar víst er, að sá styrkur mundi verða hlutfallslega meiri, nefnilega aukastyrkur með tilliti til læknaskólans. Þetta verð eg að álíta skynsamlega og sennilega ályktun, því það getur ekki staðist, að sjúkrarúm þurfi að vera dýrari á stórum spítala en smáum, og að búast við að Reykjavík hagi sér óskynsamlegar en aðrir kaupstaðir, það skil eg ekki. Eg efast ekki um, að hér séu einmitt komnir saman öllu skynsamari menn en víðast annarstaðar á landinu, eða að minsta kosti ætti svo að vera.

En það er enn ein ástæða, sem eg hefi móti þessu frumv. Eg hefi áður tekið það fram, að spítali, sem eins og spítali þessi hefir ekki rúm handa fleiri en 24—30 sjúklingum, getur ekki verið neinn landsspítali, því hann stæði þá í engu framar hinum fjórðungsspítölunum. En þá er spurningin þessi: Er þetta þá ekki alt of stutt farið? Þarf þá ekki að leggja fram einmitt meira fé, svo hér geti komið upp öflugur spítali? En þá er svarið þar til frá minni hálfu, að það er vissa fengin fyrir því, að hér verður reistur annar spítali, sem sé af kaþólskum mönnum, og eg er viss um, að þessi spítali verður notaður af fólki alment, hvað sem hver segir, enda er það eðlilegt, ef menn þar eiga von á fult eins góðri hjúkrun og ef til vill betri en á flestum öðrum spítölum á landinu, get eg ekki annað en álitið það syndlaust fyrir hvern sem er, að nota þá hjúkrun, sem hann fær bezta. Mér finst það einnig vera syndlaust fyrir okkur, að

taka tillit til þessa fyrir landsins hönd. Og jafnvel það get eg ekki álitið neinn glæp, þótt Reykjavík tæki höndum saman við kaþólska menn, og bygði í sameiningu við þá spítala. En líklega þarf samt ekki að gera ráð fyrir því, heldur mun Reykjavík byggja út af fyrir sig, og það getur hún líka, og fengi án efa tiltölulegar ríflegri styrk til þess hjá þinginu en hinir fjórðungsspítalarnir, af þeirri ástæðu, sem eg áður tók fram, að læknaskólinn mundi hafa sérstök not af þeim spítala.

Eg vona eg þurfi ekki að skýra frekara afstöðu mína til þessa máls, og að háttv. þingdm. hafi skilið hvað eg hefi átt við, sem sé það, að eg get ekki gefið þessu frumv. atkvæði mitt, þrátt fyrir þótt eg vilji styðja að því, að koma upp verulega góðum spítala hér í Reykjavík.

Tryggvi Gunnarsson: Það sýnist máske undarlegt af mér, að byrja með að segja, að eg sé að mörgu leyti á sama máli og þeir, sem eru á móti þessu frumv. Eg er sem sé samþykkur þeim í því, að mér sýnist byggingin vera alt of dýr í hlutfalli við töluna á sjúkrarúmunum, og í því, að mér finst eðlilegt, að Reykjavík og nærliggjandi héruð taki þátt í kostnaðinum við bygginguna; en það sem skilur á milli okkar er nafnið. Eg vil að spítalinn sé ekki eingöngu fyrir Reykjavík, heldur fyrir alt landið. Eg kann betur við að spítalinn sé fyrir landið, því það er víst, að hvað sem hann svo heitir, þá verður hann notaður af sjúklingum hvaðanæfa af landinu, bæði vegna þess, að hér eru fleiri læknar en á nokkurum öðrum stað á landinu og betri, og þess vegna munu allir þeir, sem þjást af sérlega þungum eða hættulegum sjúkdómum, leita hingað. En hvað kostnaðinn við viðhald á spítalanum snertir, að hann verði svo dýr fyrir landið, ef spítalinn verður gerður að landsspítala, þá held eg ekki að vert sé að horfa svo mikið í hann, því það segir sig sig sjálft, að þótt spítalinn verði eign Reykjavíkur, þá þarf hann að fá svo ríflegan styrk úr landssjóði, enda er það á valdi landstjórnarinnar, að láta þann kostnað ekki verða svo geysiháan. Nefndin hefir gert ráð fyrir 4—5000 kr. ársútgjöldum, og er þá ætlast til að sjúklingarnir borgi 1,25 kr. á dag, en í tilboði St. Jósefssystranna er ætlast til, að sjúklingarnir borgi 1,50 kr. á dag, og voru margir með því að þiggja það boð. Ef við því tækjum upp það ráð, að láta sjúklingana borga 1,50 kr. í staðinn fyrir 1,25 kr., þá mundi viðhaldskostnaðurinn lækka töluvert mikið við það. Eg er hræddur um, að í þessu máli ráði því miður nokkur stífni frá báðum hliðum, hjá Reykjavík og Suðuramtinu, að vilja ekki taka spítalann að sér, og hjá þinginu sama stífnin, því munur á kostnaðinum verður ekki mikill; því fari svo að spítalinn sem eign Reykjavíkur geti ekki borið sig með þeim styrk, sem þingið í upphafi leggur skólanum, þá verður auðvitað leitað til þingsins um meiri styrk, og þingið neyðist þá til að veita hann vegna læknaskólans. Yfir höfuð finst mér þm. gera of lítið úr því, hve nauðsynlegur spítalinn er fyrir læknaskólann. Mér fyrir mitt leyti þykir sannarlega ekki skemtilegt, að þessi rígur skuli eiga sér stað milli höfuðstaðarins og landsins, og álít, að það sé miklu réttara af þinginu, að gera sitt til að draga úr honum.

Hvað hitt snertir, að spítalinn sé of dýr í samanburði við sjúkrarúmin, þá er það að vísu eins og eg tók fram áðan, einnig mín skoðun, en eg verð að biðja menn þó að gæta að því, að þegar húsið er komið upp, þá mun það sýna sig, að hann getur rúmað miklu

fleiri sjúklinga en gert er ráð fyrir, bæði vegna þess, að vinnufólki og starfsmönum við spítalann er, eins og líka má sjá af teikningunni, ætlað alt of mikið pláss, og eins vegna þess, að það mun sýna sig, að þau herbergi, þar sem 4 sjúklingum er ætlað rúm, auðveldlega geta rúmað 6.

Að kastað verði fénu út í vitleysu til spítalabyggingarinnar, ímynda eg mér ekki þurfi að óttast, og að útlendingar verði teknir til að byggja þennan spítala geri eg heldur ekki ráð fyrir, því það eru til hér nógu margir smiðir nú orðið, sem eru færir um að taka þessa byggingu að sér. Þótt upphæðin sé því áætluð nokkuð mikil, þá gerir það ekki svo mikið til, því það er landsstjórninni innan handar, að hafa eftirlit með smiðunum, ef þeir eru hérlendir menn.

Eg óska því, að málið fái framgang á þinginu, því það er þá ekki þess skuld, ef það strandar, heldur sýslufélaganna, en annars á eg bágt með að trúa því, að heilt amt láti sig muna um 100 kr. á ári, þegar fátækir eða efnalitlir menn ráðast í að kaupa skip fyrir 12—14000 kr.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi hingað til greitt atkvæði með þessu frv., en það er mjög vafasamt, að eg geti fylgt því lengra. Eg hefi greitt atkv. mitt með því, í þeirri von, að málið mundi skýrast betur en raun hefir á orðið, þrátt fyrir hina góðu viðleitni frá nefndarinnar hálfu.

Það, sem eg hefi á móti þessu frumv., er í fyrsta lagi kostnaðurinn við byggingu spítalans. Hann virðist vera óþarflega mikill, þegar litið er til þess, hvað önnur héruð hafa varið til sinna spítalabygginga, sérstaklega til spítalabyggingarinnar á Akureyri. Sá spítali er bygður fyrir hlutfallslega miklu minna fé. I öðru lagi hafa St. Jósefssysturnar gert tilboð um að byggja miklu stærri spítala, eða spítala, sem rúmar miklu fleiri sjúklinga, fyrir miklu minni fjárupphæð en í frumv. er farið fram á að veita til landsspítalabyggingarinnar. Það sýnist því áreiðanlega vera eitthvað bogið við þennan mikla byggingarkostnað. Hvað bogið er við hann, það skal eg láta ósagt, en eitthvað er það; svo mikið er víst. Það stingur svo í augun, að þjóðin hlýtur að veita því eftirtekt, og ímynda eg mér þá, að hún muni ekki vera okkur neitt sérlega þakklát fyrir að samþykkja mál, sem ekki virðist vera betur undirbúið en þetta er. Að hika sér við að fella frumv., af því það er komið frá stjórninni, það sé eg ekki ástæðu til. Þegar lög hafa komið frá þinginu með smávægilegum formgalla, þá hefir stjórnin ekki hikað sér við að synja þeim um staðfestingu; eigum við þá að bera kinnroða fyrir, að fella þau frumv. frá henni, sem við þykjumst sjá stórgalla á? Nei, það verður ekki með réttu álitið nein ókurteisi gagnvart stjórninni.

Að því er snertir breyt.till. á þgskj. 229, um að sýslufélögin í Suðuramtinu, að frá tekinni Vestur-Skaftafellssýlsu, skuli leggja 10,000 kr. til byggingar spítalans, þá skal eg taka það fram, að þessi tillaga er í fullkomnu ósamræmi við hugmyndina og nafnið landsspítala. En hvað það snertir, að amtið eða sýslufélögin muni ekkert um þessar 10,000 kr., eða 600 kr. á ári, þá kann svo að virðast í fljótu bragði, en þegar þess er gætt, að af þessum 600 kr. koma $^2/_3$ hlutarnir á tvær sýslur, þá er það sannarlega tilfinnanlegt. Af þessum 600 kr. kæmu 400 kr. á Árnes- og Rangárvallasýslur.

En svo er það líka annað, sem eg

skal leyfa mér að benda á. Ef þessi breyt.till. verður samþykt nú, þá verður að bera það undir amtsráðsfund, hvort sýslurnar vilji taka þetta gjald á sig, en amtsráðið heldur ekki fund fyr en sumarið 1902, og spítalabyggingin gæti því ekki komið til framkvæmda fyr en árið 1903, og þótt málið því væri felt nú, þá væri ekki spilt nema einu ári, og skil eg ekki að spítalinn hér í Reykjavík sé orðinn svo lélegur, að hann þoli ekki að bíða 1 ár enn þá.

Það hefir borist mér til eyrna, að maður einn, nákunnugur þessu máli, hafi látið sér um munn fara, að viðhaldskostnaðurinn mundi ekki geta farið niður úr 10,000 kr. árlega. Með þetta fyrir augum verð eg að lýsa því yfir, að eg verð að greiða atkvæði í fyrsta lagi á móti breyt.till., og því næst á móti frumv. í heild sinni.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi áður látið álit mitt á þessu máli í ljósi, en nú er komin fram breyt.till. á þgskj. 329, um að sýslufélögin í Suðuramtinu að undanskilinni Vestur-Skaftafellssýslu leggi 10,000 kr. til byggingarkostnaðarins, sem taka á úr jafnaðarsjóði amtsins. Þessi breyt.till. bætir nú að mínu áliti nokkuð úr frumv., því eins og eg hefi tekið fram, þá verður spítalinn aðallega þeim sýslum að gagni, sem liggja næst Reykjavík. Auk þess get eg ekki skilið, hvernig svona lítill spítali ætti að geta verið spítali fyrir alt landið; hann er naumlega meir en fyrir Rvík eina, og að minsta kosti ekki meir en fyrir Reykjavík og Suðuramtið. Eins og haldið hefir verið fram, þá ætti Reykjavík og Suðuramtið að byggja slíkan spítala á eigin kostnað með styrk úr landssjóði, en til þess að frv. væri nægilega tryggilega úr garði gert, þá vantar hér inn í það ákvæði um, að ársútgjöldin hvíldu ekki einungis á landinu, heldur líka á Reykjavík og Suðuramtinu. Ef það væri ákveðið, að Reykjavík og Suðuramtið skyldi bera hvort um sig 1/3 hlutann af hinum árlegu útgjöldum spítalans, og svo landssjóður einn þriðja, þá væri nokkuru nær. En jafnvel þó svo væri, þá yrði eg þó að vekja athygli á því, að byggingarkostnaðurinn er óhæfilega mikill í samanburði við það, sem reynslan hefir sýnt að byggja má góða spítala fyrir; þegar hægt er að byggja mjög góðan spítala fyrir 25,000 kr., sem tekur 14 sjúklinga, þá sýnist svo, sem hægt væri að byggja allgóðan spítala handa 24 sjúklingum fyrir 50,000 kr. En þegar hér er farið fram á ferfalt hærri upphæð til að byggja fyrir spítala með 24 rúmum en varið hefir verið til góðs spítala með 14 rúmum, já, þá verð eg taka undir með háttv. 2. þm. Árn. (Sig. Sig.) og segja, að hér sé virkilega eitthvað bogið. Og þar sem komið hefir fram tilboð til þingsins um að byggja miklu stærri eða að minsta kosti töluvert stærri spítala, sem sé 11 sjúkrarúmum stærri, landssjóði að öllu leyti að kostnaðarlausu að öðru leyti en því, að hann yrði að leggja spítalanum 3000 kr. á ári, þá blandast mér ekki hugur um, að við eigum að taka þessu tilboði; því þessar 60,000 kr., sem farið er fram á, eru ekki tillag til spítalans frá landssjóðs hálfu, heldur að eins lán, sem landssjóði verður endurgoldið aftur með vöxtum. Það hefir verið sagt, að það væri óviðkunnanlegt fyrir landssjóð, að vera í félagi með St. Josephssystrunum. Eg get nú ekki séð, að það sé neitt óviðkunnanlegt fyrir okkar fátæka þjóðfélag, fremur en stór sveitarfélög í Danmörku, sem eg veit til að eru í samlagi með kaþólskum mönnum um spítala. Þetta eru al-lútersk sveitarfélög, engu síður en við, og hefi eg þó aldrei heyrt þess getið þar, að neitt illa þætti fara á því.

Við 2. umr. kom sú skoðun fram hjá ýmsum þm., að þeir vildu heldur gefa Reykjavík einhverja vissa upphæð sem styrk til að koma upp spítalanum og svo leggja honum vissan árlegan styrk; en til þess yrði að fella þetta frv. og taka þessar fjárveitingar upp í fjárlögin.

Þegar nú málið horfir svona við, að þrjár mismunandi skoðanir um, hvaða leið fara eigi, hafa komið fram, þá finst mér réttast að fresta málinu, því eins og háttv. 2. þm. Árn. (Sig. Sig.) tók fram, þá er þó ekki nema um 1 árs bið að ræða í lengsta lagi og ef til vill ekki einu sinni það. Eg sé hér af áliti minni hlutans í bankamálinu, sem eg hefi hér fyrir mér, að hann gerir ráð fyrir aukaþingi næsta ár, og væri það tilfellið, þá mætti taka málið fyrir þá á ný, vandlega undirbúið, og hefði amtsráðið þá gert út um það að því, er til þess kæmi; því það heldur fund skömmu fyrir þing.

Eg verð því að leggja fastlega með því, að fella frumv. að þessu sinni, svo bæði þjóð og þing geti áttað sig betur á því, og einnig til þess, að stjórninni gefist tími til að athuga, hvort ekki er hægt að koma upp góðum spítala handa 24 sjúklingum fyrir minni upphæð en hér er farið fram á.

Framsögumaður (Þórður J. Thoroddsen): Það hefir mikið verið talað um þetta mál, en enginn hefir mælt því bót nema þm. Reykvíkinga. Háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.) mælti freklega á móti þessu máli, og þykir mér það því undarlegra, sem hans kjördæmi var eina sýslan, sem lofaði að láta eitthvað af hendi rakna til spítalans, þegar til sýslnanna var leitað um það mál. -- Eg veit ekki, hvort hann hefir talað fyrir hönd sýslubúa eða frá eigin brjósti, en sé svo, og hafi sýslubúar meint nokkuð með þessu loforði, þá skil eg ekki í, að hann fái þakklæti heima í héraði fyrir framkomu sína hér í dag. Hann tók það fram, að þessi spítali hefði að eins 24 sjúkrarúm og kvað það ekki einu sinni mundu nægja Reykvíkingum einum; en það er þó búið að leiða rök að því, að spítalinn tekur miklu fleiri sjúklinga, og þar að auki mundu Reykvíkingar látnir sitja á hakanum, því þeir eiga miklu hægra með að liggja út í bæ — heima hjá sér, heldur en menn, sem koma að austan og vestan og hvergi eiga höfði sínu að að halla, nema á spítalanum. Læknarnir mundu því sjá slíkum mönnum fyrir plássi í spítalanum og láta þá sitja fyrir. Þessi regla er höfð nú við spítalann hér í Reykjavík, og er engin ástæða til að ætla, að önnur regla verði, þótt landsspítali komist upp. Þetta með að spítalinn verði eingöngu fyrir Reykjavík, er því einber heilaspuni og ekkert annað. Hinn sami háttv. þm. vildi gjarnan fá spítala handa læknaskólanum, en hélt að sjúklingarnir yrðu of fáir, ef þessi spítali yrði bygður. Heldur hinn háttv. þm., að sjúklingarnir fækki, ef stærri spítali kemur en sá sem nú er? Nei, þessi ástæða þm. er einskis virði og að engu nýt, nema ef vera skyldi til þess að sanna það, sem er gagnstætt því, sem hann vill láta hana sanna — með öðrum orðum: þetta er vindhögg hjá hinum háttv. þm.

Þá var það háttv. 2. þm. Árn. (Sig. Sig.), sem mér virtist vera eitthvað boginn í þessu máli; hann var alt af að tala um það, að eitthvað hlyti að vera bogið, en gat þó aldrei bent á neitt sérstakt, sem væri bogið. (*Sigurður Sigurðsson*: Áætlunin er of há). — Getur þá hinn háttv. þm. bent á nokkurn lið, sem er of hár? Honum hefði verið betra að lesa yfir áætlunina yfir kostnaðinn og líta á teikninguna — með öðrum orðum, kynna sér málið, sem

hann ætlaði að tala um, og standa svo keikur upp. Að mínu áliti er áætlunin mjög greinileg og teikningin góð, enda er hún eftir mann, sem er alvanur að fást við slíkt hjá Dönum og hann hefir gefið teikninguna til holdsveikraspítalans, og eg verð að segja það, þó hinum háttv. þm. þyki það leitt, að í því efni ber eg meira traust til þess manns en háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að honum alveg ólöstuðum.

Háttv. þm. vildi láta stjórnina bíða og hugsa sig betur um þetta mál. Eftir hverju á hún að bíða og um hvað á hún að hugsa sig? Á hún kannske að bíða þangað til háttv. 2. þm. Arn. (Sig. Sig.) er fær um að gefa teikningu og áætlun, sem ekki er neitt bogið við? Nei, stjórnin hefir ekkert að hugsa sig um. Hún hefir farið til þess manns, sem hefir betur vit á þessu máli en flestir aðrir, og spurt hann, hvað gera ætti í þessu máli, og hann hefir svarað henni, að þetta eigi hún að gera, og það er óefað það bezta, sem hægt er að gera í þessu efni, nefnilega að byggja vandaðan spítala, sem samsvarar kröfum tímans.

Það er alt af verið að citera Akureyrarspítalann og talað mikið um, hvað hann hafi verið ódýr. Eg hefi aldrei séð þann spítala, nema á mynd, og eg get ekki tekið mark á því, þótt hann líti þar vel út, því á myndum er hægt að láta alt líta vel út. Eg segi þetta ekki til þess að niðra þeim spítala eða af því að eg efist um, að hann sé góður, en mér finst það engin sönnun fyrir því, að þessi spítali sé of dýr, þó hægt hafi verið að byggja Akureyrarspítalann fyrir 25,000 kr. Að byggja og byggja getur verið tvent ólíkt; það fer eftir því, hve vandað efni er notað og hve vönduð smíðin er. Á Norðurlandi er þurrviðrasamara en hér á Suðurlandi; það þarf því ekki eins vandað efni í hús þar, eins og hér. Auk þess er munur á, hve lengi byggingar endast. Ef ódýra húsið endist í 25 ár, en dýra húsið í 60—70 ár, þá borgar sig að byggja það, þótt það sé helmingi dýrara. Eg skal ekki efast um, að Akureyrarspítalinn sé vandaður bæði að efni og smíði og endist vel, en það, að hann var ódýr, er engin sönnun fyrir því, að þessi áætlun sé of há.

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) vildi láta málið bíða þangað til að sumri og taka málið fyrir á hinu væntanlega aukaþingi; en eg sé ekki, að neitt sé í hættunni, þó þetta frumv. sé samþ. nú, því þessi spítali verður ekki reistur, vegna tillagsins úr jafnaðarsjóði, fyr en amtsráðið hefir haldið fund með sér. Eg álít líka betra, að leita álits amtsráðsins á þann hátt, að frumv. þetta sé sþ., heldur en að frumv. sé felt nú og álits þess sé leitað svo. Eg þykist viss um, að amtsráðið gefi skýrara svar, og það ef til vill játandi svar, um þetta 10 þús. kr. tillag, ef frumv. er samþykt, þegar það sér, að byggingin er eingöngu undir því komin. En verði frumv. felt og amtsráðsins sé svo leitað, þá þykist eg viss um afsvar; þá missist aðhald að amtsráðinu; og maður veit, að flestir vilja komast eins langt og þeir geta til þess að losna við gjöld, og amtsráðið reynir að neita, til þess að vita, hvort það ekki kemst upp með það, að spítalinn verði bygður samt.

Nokkrir háttv. þm., sérstaklega háttv. þm. S-Þing., vilja ekki láta landið annast spítalann, og trúa því ekki, að Reykjavík vilji ekki taka að sér rekstur spítalans í samlögum við landssjóð; en eg get fullvissað hina háttv. þm. um, að Reykjavík gengur aldrei inn á það, því bæði bæjarstjórn og aðrir telja það óráð — eg eg get ekki láð Rvík

það, þó hún þykist nú í þessu máli hafa gert það, sem skyldan bauð og jafnvel meira.

Eg veit það með vissu, að gangi þingið ekki að þessu tilboði Reykjavíkur nú, þá byggir hún sér lítinn spítala, sem er nægilega stór fyrir hana, en hvorki fullnægir þörfum læknaskólans eða landsins, og þá rekur að því, að landssjóður verður að byggja spítala upp á eigin kostnað, án nokkurs tillags frá Reykjavík, og eg tel víst, að eftir 10 eða 20 ár — ekki minna — verður þetta að gerast, og furðar mig, ef þeim sem á þingi sitja þá, ekki þykir það misráðið af þessu þingi, að hafa felt þetta frumv.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þegar þetta mál var hér til umræðu síðast, þá var eg einn af þeim, sem óskuðu, að málið væri tekið út af dagskrá, af því eg hélt, að menn ætluðu að koma með brt. í þá átt, að Reykjavík og nærsýslurnar önnuðust spítalann, en fengju ríflegan styrk úr landssjóði. En hér er engin brtt., og eg held þó, að nefndin með þessum viðauka, hefði getað komið því til leiðar, að frumv. næði fram að ganga; að minsta kosti hefði eg þá gefið því atkvæði mitt. Það, sem í þessu máli gerir það að verkum, að eg greiði atkvæði á móti því, er ekki fjárframlagið, heldur princip. Eg held fast við það, að hver fjórðungur eigi að annast sinn spítala með styrk úr landssjóði; og þótt hinn háttv. framsm. segi, að þessi spítali verði meir fyrir alt landið en Reykjavík og Suðuramtið, þá get eg ekki ímyndað mér, að hann tali það í alvöru. Eg get ekki skilið, hvernig honum dettur í hug, að koma með annað eins og það, að Reykvíkingar, sem hafa lagt til rúmlega 1/4 part af byggingarkostnaðinum, geri sig ánægða með, að vera látnir sitja á hakanum fyrir þeim, sem kunna að koma einhversstaðar utan af landi. Nei, þetta verður ekki þannig, heldur munu menn úr bænum og nærsveitunum fylla spítalann, eins og eðlilegt er; og hvað á þá að gera við þá menn, sem koma með strandferðaskipunum? (*Þórður J. Thoroddsen*: Þetta er bara ímyndun). Mér þykir það hart, að háttv. framsm. (Þ. J. Th.) skuli kalla þetta ímyndun, því eg get sýnt honum það svart á hvítu, að reynslan er fengin fyrir því, að hvar sem spítali er settur á stofn, þá er aðsóknin að honum langsamlega mest úr bænum og grendinni við hann.

Háttv. framsm. (Þ. J. Th.) gerði lítið úr Akureyrarspítalanum og hélt því fram, að hann væri illa bygður, líklega af því, að Thuren, sem að hans áliti víst er sá eini maður, sem kann að byggja spítala, ekki hefir bygt hann. En eg vil benda hinum háttv. framsm. á, að hér í grendinni er spítali, gerður eftir teikningu þessa Thurens, og segja þeir, sem til þekkja, að hann sé engin fyrirmynd. Að minsta kosti lítur út fyrir, að hann sé ekki vel þéttur, eftir kolaeyðslunni að dæma. En Akureyrarspítalinn er með centralupphitun, og enginn hefir enn þá kvartað yfir, að hann væri gisinn. Thuren gaf einnig uppdrátt til Akureyrarspítalans og áætlun með, sem var alt of há, eins og þessi, enda sýndi Guðm. Hannesson það í verkinu með því, að láta byggja hann fyrir að eins 25,000 kr., þegar alt var með talið.

Þá er að eins eftir eitt atriði í ræðu háttv. framsm., sem eg vildi svara, nefnilega þar sem hann er að tala um, að þingið spili úr höndum sér 25,000 kr., ef það ekki taki tilboði Reykvíkinga. Þetta getur litið mjög vel út á pappírnum, en er miður vel hugsað, því ef Rvík byggir landinu út úr sínum spítala eða spítala þeim, sem hún kynni að reisa

á eigin kostnað, þá byggir þingið aftur á móti Reykjavík út, ætlar henni ekki neitt rúm í væntanlegum landsspítala og getur þá haft hann þeim mun minni og ódýrari; skaðinn er því enginn annar en sá, að ekki verður úr samvinnunni og er það auðvitað illa farið; en sé það ekki skaði fyrir Rvík, þá er það ekki skaði fyrir þingið.

Mér er ekki ljúft að mæla á móti þessu máli, því eg er því hlyntur, og hefði gjarnan viljað leggja til þessa spítala tvöfalt eða jafnvel þrefalt fjárframlag móts við það, sem hinum fjórðungsspítölunum er lagt, en eg vil að Rvík og Suðuramtið annist hann, því hann er og verður sérstaklega fyrir þennan landsfjórðung, eins og eg hefi margsýnt og sannað.

Framsögumaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg vildi að eins segja fáein orð út af ræðu hins háttv. þm., er síðast talaði. Það kemur margt skrítið fyrir á lífsleiðinni, en þetta hefir þó ekki komið fyrir mig fyr, að nefndarmaður, sem hefir skrifað nafn sitt undir nefndarálit, sem hann er í einu og öllu samþykkur, notar hvert tækifæri, sem gefst, til þess, að mæla á móti því, sem hann fáum dögum áður hefir skrifað undir.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Eg vil taka það fram, gagnvart þessari undarlegu árás á mig frá háttv. frsm., að eg tók fram við 1. umr., hvað það væri, sem mig greindi á um við meðnefndarmenn mína, og þegar eg eftir beiðni þessa háttv. framsm. skrifaði undir nefndarálitið, gerði eg það með þessum fyrirvara. Eg veit, að allir hér í deildinni muna þetta, og það er þess vegna ekki rétt af háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.), að reyna til að kasta skugga á mig fyrir hringlandaskap í þessu máli, því eg hefi alt af staðið á hinum sama grundvelli, sem eg stend enn á, og af honum get eg ekki vikið; réttlætistilfinning mín bannar mér það.

ATKVGR.: Breyt.till. 229,1 samþ. með 12 atkv.

Brt. 229,2 samþ. með 13 : 3.

Brt. 229,3 skoðuð sem samþ.

Brt. 229,4 skoðuð sem samþ.

Brt. 229,5 samþ. með 12 : 3.

Frumv. í heild sinni felt með 13 : 8 að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk 6 þm. (Þ. J. Thoroddsen, Péturs Jónssonar, Stefáns Stefánssonar þm. Eyf., Jósafats Jónatanssonar, Björns Kristjánssonar Björns Bjarnarsonar, þm. Dal.), og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundss.,	Hermann Jónasson,
B. Bjarnarson., Bf.,	Jósafat Jónatanss.,
B. Bjarnarson., Dal.,	Lárus Bjarnason,
Björn Kristjánsson,	Magnús Torfason,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Tr. Gunnarsson.	Pétur Jónsson,
Þórður Thoroddsen.	Sigurður Sigurðss.
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánss., Eyf.,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss.

Bólusetningar.

FRUMVARP til laga um bólusetningar (C bls. 375); 1. umr., 29. júlí.

Þórður J. Thoroddsen: Mér virðist talsvert undarlegt, að hér skuli vera komið fram með tillögu um að breyta jafn-nýjum lögum og bólusetningarlögin eru. Lög þau, sem nú gilda um bólusetningar, eru sem sé að eins 2—3 ára gömul, og þegar nú er farið fram á að breyta þeim, þá skyldi maður

ætla að þau væru að meira eða minna leyti svo illa úr garði gerð og hefðu inni að halda ákvæði, sem væru svo slæm og óframkvæmanleg, að ekki væri við unandi. Ástæður stjórnarinnar til að fara fram á, að ný bólusetningarlög verði gefin, eru þær, að lögin frá $^{26}/_{2}98$ hafi vakið svo almenna óánægju meðal þjóðarinnar, og einkum meðal læknanna, að nauðsynlegt sé að breyta þeim, og tekur stjórnin fram ýmislegt, sem að lögunum hafi verið fundið. Eg fyrir mitt leyti verð nú að segja, að mér er ekki kunnugt um þessa almennu óánægju meðal þjóðarinnar og læknanna, og eg kannast ekki við, að svo *almenn* óánægja hafi komið fram, að ástæða sé til að breyta lögunum.

Það sem stjórnin tekur fram að fundið sé að lögunum er, að aldurstakmörkin fyrir hinni fyrstu bólusetningu séu of há, að hin fyrirskipaða endurbólusetning á aldrinum 20—25 ára sé sumpart til mikilla óþæginda fyrir almenning, sumpart sé hún óframkvæmanleg í verkinu, að fyrirskipanir laganna um bólusetninguna sjálfa séu bæði óhentugar og erfiðar fyrir læknana, því að þeir geti ómögulega annað því sjálfir, að bólusetja einir í héruðum sínum, en hins vegar sé tilhögunin á því, að geta fengið skipaðan bólusetjara, bæði umstangsmikil og óákveðin, að ráð þau séu óhagkvæm, sem lögin hafa til þess að framknýja bólusetning, ef mótspyrna er sýnd í því að hlýða fyrirmælum laganna, að hverjum bólusetjara, hvort sem hann er læknir eða ekki, sé heimilt að taka bóluefnin úr bólusettum manni til að bólusetja aðra, er þannig geti fengið sjúkdóma frá hinum, sem hinn ólæknisfróði bólusetjari ekki fær séð, og að endingu að bólusetjararnir, sem ekki fá nema lítil laun fyrir starf sitt, fái einungis borgun fyrir bólusetningu á þeim, sem bólan kemur út á.

Þetta eru aðalástæður stjórnarinnar, til að koma fram með ný lög. Og væru þær allar á rökum bygðar, skyldi eg vera manna fyrstur til að gefa nýjum lögum atkvæði. En þegar þetta frv. er borið saman við gömlu lögin, virðist munurinn til batnaðar ekki fjarskamikill. Ákvæðin í nýja frumv. eru fá betri en í gömlu lögunum, en sum eru aftur verri, og önnur óþörf, af því þau felast í eldri lögunum. Aðalnýmælin, ef nýmæli skal kalla, eru: 1., að hvert yfirsetukvennadæmi á jafnframt að vera bólusetningarumdæmi og hlutaðeigandi yfirsetukona að vera bólusetjari í sínu umdæmi; 2. að öll börn skal bólusetja áður en þau eru fullra 3 ára að aldri, eða öllu heldur áður en þau eru 5 ára, og endurbólusetja áður en þau eru 13 ára, í stað 7 og 25 ára aldurs, er tiltekinn var í gömlu lögunum; 3., að bólusetjarar eiga að fá borgun fyrir hvern þann, er þeir bólusetja eða endurbólusetja hvort sem bólan kemur út eða ekki, og læknar fá borgun fyrir ferðir sínar í þarfir bólusetningarinnar; 4., að engum öðrum en læknum er leyft að taka bóluefnin úr mönnum til að setja í aðra.

Hvað viðvíkur 1., þá er það í sjálfu sér ekkert nýtt, að yfirsetukonur megi bólusetja. Þær mega gera það eftir núgildandi lögum; 2. gr. gömlu laganna heimilar landlækni að skipa aðstoðarbólusetjara hvar, sem vera vill, ef hlutaðeigandi læknir og landlæknir koma sér saman um, eða að eins ef landlæknir telur það heppilegt, að yfirsetukonur séu þessir aðstoðarbólusetjarar, þá má fela þeim það starf á hendur eftir lögunum. Það virðist því vera óþarfi, að gefa ný lög um þetta atriði.

Um 2. má segja ýmislagt, bæði með og móti, úr því ekki er bólusett nema tvisvar á mannsaldri; en eg felli mig þó betur við gamla ákvæðið, því sé því haldið, er líklegt að mikill hluti verkfærra manna í landinu kæmist hjá bólusóttinni, ef hana bæri að landinu, og hefir það ekki svo litla þýðingu. En svo er líka annað athugavert við þessi ákvæði hér í þessu frumv., sem að mínu áliti gjörir það alveg óaðgengilegt. Eftir frumv. má dragast að börn séu bólusett þar til þau eru 5 ára, og í praxis verður það án efa, að þ.ið aldurstakmark verður látið ráða. En svo á að bólusetja aftur, þegar börnin eru 13 ára. Það liða þá ekki nema 8 ár á milli bólusetninganna; og hvaða meining er í því? Enn fremur er ákveðið, að ekkert barn megi ferma fyr en bólan hefir komið út eftir 13 ára aldur, og ef ekki komi út, þá fyrst þegar bólusett er, þá skuli bólusetja næsta árið, og svo næsta og næsta o. s. frv. Þetta gæti orðið til þess, að standa fyrir fermingu. Þriðja atriðinu, að bólusetjarinn fái borgun hvort sem bólan kemur út eða ekki, og að læknar fái borgun fyrir ferðir sínar í þarfir bólusetningarinnar, get eg ekki gefið atkvæði mitt af tveim ástæðum. I frv. er gjört ráð fyrir því, að læknar hafi alt af nægar birgðir af kúabóluefni frá hinni konunglegu bólusetningarstofnun í Khöfn; en hins vegar er bólusetjurunum bannað að taka bóluefni úr manni til að bólusetja aðra með, nema læknir hafi vísað á manninn. Í tilefni af þessu, skal eg taka það fram, að bóluefnið frá hinni konunglegu bólusetningarstofnun er þannig lagað, að það geymist mjög illa. Eg get sagt það af eigin reynslu, að sé efnið geymt, þó ekki sé nema 2—3 vikur frá því að læknar fá það hingað til sín, þá verður það ónýtt, og er enda oft þegar orðið ónýtt þegar læknar fá það í hendur, hafi það verið lengi á leiðinni. Akvæðið um að hafa ávalt nægar birgðir af þessu efni er því þýðingarlaust, því að afleiðingin verður eitt af tvennu: annaðhvort verður bólusett með ónýtu efni, svo að bólan kemur ekki út, eða þá að læknar þurfa, þegar bólusetja skal, að takast ferð á hendur til allra yfirsetukvennaumdæmanna í sínu héraði, til þess að vísa á börn til að taka bóluefnin úr. Hvorttveggja getur haft mikinn kostnað í för með sér fyrir landssjóð, sérstaklega þó, ef sett er með ónýtu efni, svo að bólan ekki kemur út á heilum hópum, en sem þó verður að borga fyrir. Um 4. atriðið er það að segja, að eftir áliti þeirra lækna, sem vit hafa á, þá er engin hætta að veiki berist í aðra við bólusetning, nema við einn einasta sjúkdóm (syfilis), sem er alveg óþektur hér á landi. Þess vegna virðist engin þörf á því, að vera að banna að brúka bóluefni úr mönnum hér á landi, enda hefir það sýnt sig nú um marga áratugi, að slíkt hefir ekkert tjón gert. Eg sé því ekki, að fyrirliggjandi frv. sé til bóta, frá því sem áður var, og í mörgum atriðum er það verra, og er því ekki ástæða til, að eyða tíma þingsins til þess, að fjalla um það. Auk þess má taka tillit til þess, að bólusetningarlögin, sem við höfum, eru svo ný og óreynd, að ekki er ástæða til, að breyta þeim strax. Því þótt hjá einstöku læknum, eða einhverstaðar út um landið, kynni að vera óánægja með þessi lög, þá er ekki þar með víst, að sú óánægja sé á rökum bygð; hún getur verið sprottin af því, að menn eru nýju lögunum óvanir enn þá, og veita þeim því mótspyrnu, sem getur horfið, þegar menn venjast þeim betur. Eg ræð því til að fella frumv. nú þegar. Þingið hefir nóg með tímann að gjöra,

þó það sé ekki að leika sér að því að gefa lög, alveg að óþörfu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Tillaga frá Einari Jónssyni um, að setja 3 manna nefnd í málið, var feld.

Önnur umr., 31. júlí (C bls. 375).

Landshöfðingi: Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.), réðst heldur óþyrmilega á þetta frumv. við 1. umr., en eg vona þó, að hann við nánari athugun sjái, að það hefir verulega kosti fram yfir lögin frá $^{26}/_{2}$ 1898. Það sem óhentugast er í þeim lögum, er tekið fram í ástæðunum fyrir þessu frumv.

Fyrsta ástæðan er sú, að 7 ára aldurstakmarkið sé of hátt, og í bólusetningarlögum hjá öðrum þjóðum er aldurstakmarkið miklu lægra. Það liggur líka í augum uppi, að það er nauðsynlegt, því ef bóla berst inn í landið, er bezt, að sem flestir séu bólusettir, en ef þessu aldurstakmarki er haldið, má gera ráð fyrir, að alt af séu 7—8000 menn óbólusettir á landinu. Í Svíþjóð er aldurstakmarkið 2 ár, Þýzkalandi 3 ár, og Englendingar fara svo langt, að þeir heimta, að börn séu bólusett áður en þau eru 6 mánaða. Hér er farið fram á, að setja aldurstakmarkið 3 ár, því hér á landi er ýmsa örðugleika við að stríða, sem gera það óþægilegt að ýmsu leyti, að hafa það lægra.

Þá er annað atriðið í bólusetningarlögunum, nefnilega endurbólusetning á fullorðnum. Fullorðnir munu hvergi vera endurbólusettir, að minsta kosti ekki á Norðurlöndum. Á Þýzkalandi fer fram endurbólusetning á 12 ára aldri. Það er mjög erfitt að koma því við, að bólusetja á 20—25 ára aldri, því bæði er ilt að ná í fólkið, og þar að auki getur það valdið atvinnumissi, sem getur verið tilfinnanlegur fyrir fátækt fólk. Reynslan hefir líka sýnt það, að þetta er óhafandi fyrirkomulag, og ómögulegt í framkvæmdinni. Læknarnir telja það líka ómögulegt, og til sönnunar því skal eg geta þess, að einn héraðslæknir, sem af öllum er talinn mjög samvizkusamur og duglegur, og er í héraði með hér um bil 3000 íbúum, og þar hefði því átt að þurfa að endurbólusetja árið 1899 hér um bil 300 manns, hefir skýrt svo frá í bólusetningarskýrslu sinni, að hann hafi endurbólusett árið 1899 að eins 33 menn. (*Þórður J. Thoroddsen*: Hver var það?). Það er læknirinn í Keflavíkurhéraði, sem hefir skýrt frá því, að hann hafi endurbólusett 16 karlmenn og 17 kvenmenn, og mér dettur ekki í hug að finna að því.

Þá er uppástungan um, að fela yfirsetukonunum á hendur bólusetninguna, í stað læknanna.

Hér á landi hagar svo til, að það getur verið ómögulegt fyrir lækninn, að koma þann dag, sem hann hefir ákveðið að bólusetja, eða skoða, hvort bóla hefir komið út, vegna embættisanna, sem ekki má fresta. Læknirinn veit aldrei fyrir fram, hve nær hann muni verða sóttur. Öðru máli er að gegna um yfirsetukonurnar; þær geta vitað, nokkurn veginn að minsta kosti, hve nær þær muni verða sóttar; þær eru vanar hreinlæti og að annast börn, og því mun óhætt að trúa þeim fyrir þessu starfi, enda hafa þær það á hendi í Svíþjóð, og hefir það fyrirkomulag reynst vel.

Þetta eru nú helztu agnúarnir á þessum lögum, og eg vona að þessi 3 atriði, sem eg hefi talið, séu nóg til að sýna, að þessum lögum þarf að breyta. Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) vildi ekki kannast við, að það væri almenn óánægja með bólusetningarlöggjöfina; en eg get fullvissað hann um, að það

er fjöldi af læknum, sem álítur bólusetningarlöggjöfina algjörlega óframkvæmanlega.

Eitt atriði, sem hann mintist á, var um borgunina. Læknarnir hafa kvartað yfir, hvernig henni er fyrir komið og vilja hafa borgun fyrir alla, sem þeir bólusetja, hvort sem bólan kemur út eða ekki; þeim er neitað um það, eftir núgildandi lögum, en eg játa, að þeir hafa mikið til síns máls. Fyrirhöfnin er sú sama, hvort sem bólan kemur út eða ekki, og það þarf alls ekki að vera lækninum að kenna, þó bólan komi ekki út, því bæði getur bóluefnið verið vont, eða það getur hafa dofnað, og þar að auki er aðgætandi, að þótt alt sé eins og það á að vera, — bóluefnið óaðfinnanlegt og bólusetjarinn æfður, — kemur bólan ekki út á nema 80% af hinum bólusettu, að minsta kosti við endurbólusetningu.

Eg vil því mæla með því, að háttv. deild taki frumv. þessu vel, og mér finst það ókurteisi við Ed., sem hefir lagt svo mikla rækt við þetta frumv., ef deildin tekur því illa — stjórnin á líka þátt í frumv. þessu, en deildinni þykir máske ekki eins mikil ástæða til að taka tillit til hennar, vitandi að hún er ekki hörundsár.

Þórður J. Thóroddsen: Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að eg sæi ekki, að þetta frumv. væri í neinu tilliti betra en núgildandi lög, en í ýmsum atriðum verra. Þess vegna vildi eg ekki, að nú væri verið að eiga við þetta mál sérstaklega, því lögin eru ung og engin reynsla fyrir því, hvernig þau koma til að reynast í framtíðinni. Hæstv. landsh. tók fram ýmislegt, sem honum virtust kostir við þetta frumv., en eg get ekki séð þá né fundið, hvernig sem eg leita. Aftur á móti sé eg ýmislegt, sem kemur í bága hvað við annað, og marga ókosti.

Helztan kost við frumv. þetta taldi landsh. það, að aldurstakmarkið er fært úr 7 árum og niður í 3 ár; en þegar eg fer að lesa frumv. niður í kjölinn, þá sé eg, að það er eiginlega 5 ára aldurstakmark, sem ákveðið er í frv., því þá fyrst á að sekta foreldra eða aðstandendur barnsins fyrir að hafa vanrækt að láta bólusetja það. (*Landshöfðingi*: Það er Ed., sem hefir gjört það). Eg held mér við frumv., eins og það liggur fyrir. Reynslan mun sýna, að þetta verður sama sem að ákveða aldurstakmarkið 5 ár, og eg fæ ekki betur séð en að standi hér um bil á sama, hvort það er 5 ár eða 7, enda er ekki eftir núgildandi lögum bannað að bólusetja börn, sem eru yngri en 7 ára. Þetta ákvæði um 3 ára aldurstakmarkið er því nærri eingöngu á pappírnum, og hefir enga þýðingu, en það má auðvitað þrátta um, hvort sé heppilegra. Hæstv. landsh. sagði, að því lægra sem aldurstakmarkið væri, því fleiri væru bólusettir, og vildi með því sanna, að þriggja ára aldurstakmarkið tæki fram 7 ára aldurstakmarkinu. Þessi sönnun væri góð, ef bólusetingin verði fyrir bólu um aldur og æfi; en nú er sá annmarki á, að eftir 10 ár er sama sem að barnið hafi alls ekki verið bólusett.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um endurbólusetninguna, en að eins geta þess, að eg álít hana fyrst og fremst meiningarlausa eftir því, sem ákveðið er í þessu frumv., þar sem endurbólusetja á að 8 árum liðnum, og svo álít eg 13 ára aldurstakmarkið óheppilegt sökum þess, að það getur komið í bága við ferminguna. Í 6. gr. eru nefnilega þau ákvæði, að ef bólan ekki kemur út, þegar barnið er 13 ára, þá

á að bíða þangað til næsta ár, og fari þá á sömu leið, þá á að bíða eitt ár til, og enn lengur, ef bólan ekki kemur út; barnið er þá orðið fullra 15 ára eða enn eldra, en eftir því, sem 8. gr. mælir fyrir, má ekki ferma barn nema það hafi verið bólusett eftir að það var fullra 8 ára. Það liggur því í augum uppi, að þetta getur orðið til þess, að fresta verður fermingunni um 2 ár eða lengur, því eg kalla það ekki gilda bólusetning, þó reynt hafi verið að bólusetja, ef bólan hefir ekki komið út. Það verður því að breyta ákvæðum áttundu greinar þannig, að það megi ferma barnið, ef reynt hefir verið að bólusetja það.

Eina atriðið, sem er öðruvísi í þessu frumv., er þetta aldurstakmark, því eftir núgildandi lögum mega yfirsetukonur vera bólusetjarar. Það þarf að laga þetta frumv. mjög mikið, ef nokkur mynd á að verða á því; eg hefi þess vegna ekki á móti að málið sé sett í nefnd, og tel það enda nauðsynlegt, ef háttv. þm. vilja halda því áfram.

Guðlaugur Guðmundsson: Það má nú ef til vill segja, að það sé djarft af mér, sem ekki er sérfróður, að standa upp og tala í þessu máli. En hvað sem því líður, þá vil eg taka það skýrt fram, að hvað sem óánægju læknanna líður, þá held eg að mér sé óhætt að fullyrða, að meðal almennings sé megn óánægja bæði með lögin sjálf og hvernig gengur að framkvæma þau. Endurbólusetning er alstaðar vanrækt, sökum þess, að þau fyrirmæli laganna eru algerlega óframkvæmanleg, og eg held jafnvel að bólusetning á börnum sé víða trössuð, en það er einmitt hættulegt. Það er þess vegna gott nýmæli í þessu frumv., að setja fasta starfsmenn til þess að bólusetja, nefnilega yfirsetukonurnar. Það hefir verið sýnt fram á það með rökum, að heppilegra er að hafa aldurstakmarkið 3 ár en 7 ár, af því að fleiri verða bólusettir á þann hátt, og skil eg ekki í, að háttv. þm. G.-K. (Þ. J. T.), sem er mikill reikningsmaður, skuli ekki sjá það. Hvað hinu atriðinu viðvíkur, að 13 ára aldurstakmarkið fyrir endurbólusetningu sé óheppilegt, vegna þess, að það geti komið í bága við fermingunа, þá vil jeg að eins taka það fram, að sú ástæða hefur ekki við neitt að styðjast. Hann blandar því auðsjáanlega saman, hvort bólusett er eða bóla kemur út á barninu, en það má ekki, því eftir þeim skilningi mætti alls ekki ferma þau börn, sem eru ómóttækileg fyrir bólu, og eftir því ætti ekki að ferma 5. hvert barn á Íslandi, því bólan kemur ekki út á nema 80%, þótt alt sé í lagi, bæði bóluefni og bólusetning.

Þar sem háttv. þm. benti á það við 1. umr., að óheppilegt væri, að mega ekki taka bóluefni úr neinum nema úr þeim, sem læknir benti á, og hann sagði, að það gæti valdið þeim óþægindum, að læknirinn yrði að ferðast langar leiðir til að gefa vottorð, þá veit háttv. þm. það, að þetta er alls ekki rétt. Læknirinn þarf alls engar ferðir að takast á hendur, því hann þekkir til í sínu héraði, og veit, hverjir eru hraustir og hverjir ganga með constitutionella sjúkdóma. Þannig verður þetta líka í framkvæmdinni.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en að eins taka það fram, að eg vil ekki láta fella frumv., því það er til mikilla bóta.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 17 atkv.
2. gr. samþ. með 17 atkv.
3.–17. gr. samþ. með 19 atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 375, breyt.till. 462).

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Við flutnm. að breyt.till. á þingskj. 292 höfum álitið, að með þessum lögum væri bólusetjurum veitt þau hlunnindi, sem gætu orðið til þess, að þeir kynnu að leiðast til að nota bóluefnið jafnvel þó þeir þættust nokkurn veginn vissir um að það væri ónýtt. Á þessu yrðu að sjálfsögðu mjög margar undantekningar, en eigi að síður virðist rétt, að þeim væri gjört að skyldu, að reyna bóluefnið rækilega á nokkrum mönnum, til að sjá, hvort það væri virkilega tryggilegt.

Þar sem ákveðið er, að bæjarstjórnir eða sveitastjórnir skuli leggja til leigulaust hús á einum eða tveimur stöðum í sveitinni, og á hinn bóginn að bólusetjararnir hafa rétt til að kalla menn þar saman, þá virðist flutnm. að þetta vera svo lítil fyrirhöfn, að 10 aur. séu nægileg þóknun fyrir hverja einstaka persónu, sem ekki kemur bóla út á, og álítum það því fullkomlega réttmætt, að breyt.till. verði tekin til greina.

Þórður J. Thoroddsen: Eg hefi áður komið fram með mótbárur á móti þessu frumv., en háttv. deild hefir ekki tekið þær til greina. En hér hafa komið fram breyt.till., sem að mínu áliti eru heldur til bóta. Eg hafði vonast til, að það kæmu fleiri breyt.till., úr því farið var að koma með þær á annað borð, því eg álít að það séu ýms atriði í frumv., sem þarf að breyta, eins og eg áður hefi tekið fram; og eg vil þess vegna stinga upp á því, að það sé sett nefnd í málið, til þess að reyna að laga galla þá, sem að mínu áliti eru á því, og verður þá eðlilega að fresta þessari umr.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 11 : 6 atkv.

Breyt.till. á þingskj. 292 samþ. með 11 : 5 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 18 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Heilbrigðissamþyktir.

FRUMVARP til laga um heilbrigðissamþyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi (C bls. 264); 1. umr., 18. júlí.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eins og getið er um í nefndarálitinu, þá er þetta frumv., sem hér liggur fyrir, steypt upp úr 6. gr. stjórnarfrumv. þess, er nefndinni var fengið til íhugunar. Að vísu eru í öllum kaupstöðum landsins til ákvæði í lögreglusamþyktum um alment hreinlæti og þrifnað; en þær ákvarðanir eru ekki nægilegar og því full þörf á, að bæjarstjórnum gefist heimild til að auka við þær nánari ákvæðum um heilbrigðismálefni kaupstaðanna. En fyrir utan það, að full þörf er á, að skipa sem nákvæmast fyrir um heilbrigðismálefni í kaupstöðunum, þá verður nefndin að álíta, að sú þörf sé ekki öllu minni í kauptúnum og sjóþorpum út um landið og jafnvel líka í sveitum. Í sveitarstjórnarlögunum frá 1872 er hreppsnefndum gert að skyldu, að hafa eftirlit með heilbrigðisásigkomulaginu eftir þeim reglum, sem amtsráð eða landshöfðingi skipa fyrir um það.

En þar eru engin hegningarákvæði fyrir brot gegn slíkum reglum; enda eru engar slíkar reglur enn útgefnar, svo eg viti til.

Sá vegur, að veita heimild til, að skipa fyrir um heilbrigðismálefni með samþyktum, hefir bæði kost og löst. Það hefir þann kost, að það vekur menn til, að hugsa um heilbrigðismál sín meir en annars; og þann, að menn

geta þá skipað þeim málum eftir því, sem bezt á við á hverjum stað; en það hefir þann galla, að það getur fallið undan að gera það, ef til vill einmitt þar, sem þeirra er mest þörf, svo að heppilegast væri vafalaust, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að það væru sett einhver almenn heilbrigðisákvæði, sem giltu fyrir landið alt, og að mönnum svo gæfist kostur á auka við þau ákvæði með samþyktum. En þess konar lög þurfa mikinn undirbúning, alt of mikinn til þess, að þau geti komist fram á þessu þingi. Þess vegna áleit nefndin, að til bráðabirgða væri mikil bót í því, að gefa út lög, sem gæfu heimild til að setja samþyktir um heilbrigðismálefni, eigi að eins í kaupstöðum, heldur og í kauptúnum og sjóþorpum, þar sem þeirra er mest þörf.

Á slíkum stöðum er áríðandi, að gerðar séu ákvarðanir um vatnsból, fráræslu, bæjarsorp, ösku og slor, salerni, peningshús, meðferð á mykju og taði, verkstofur, skóla, matvælasölu o. fl. þess konar; ennfremur um ýmsar varnir gegn næmum sóttum, svo sem um sótthreinsun á herbergjum, þar sem brjóstveikir menn hafa hafst við. Um alt þetta þarf að vera til heimild til að gera bindandi ákvarðanir, þar sem ástæða er til; enda er þegar heimilað í lögunum um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina frá 1890 að setja ákvæði um margt af þessu.

Hvað tilbúning samþyktanna snertir, hefir nefndin, að því er kemur til kaupstaðanna, farið algjörlega eftir stjórnarfrumv., og að því er sveitirnar snertir, þá sé samþyktirnar samdar af sýslunefndum eftir tillögum hreppsnefnda og með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og staðfestar af amtsráði með ráði landlæknis.

Um eftirlit með samþyktunum er svo ákveðið, að hreppsnefndir og einn maður, er sýslunefnd tilnefnir, hafi það í kauptúnum og sjóþorpum undir yfirumsjón héraðslæknis, en heilbrigðisnefndir í kaupstöðum.

Eg vona, að hin háttv. deild fallist á, að ástæða sé til, að koma máli þessu áleiðis, og veiti því góðan framgang.

Þórður J. Thoroddsen: Eg verð að lýsa yfir því, að eg er þakklátur háttv. nefnd fyrir að hafa komið með þetta frumv. Og af því, að eg er málinu hlyntur, og vil, að það geti komið að sem mestum notum, ef það verður að lögum, vil eg gera við það nokkurar athugasemdir, sem eg vil skjóta til nefndarinnar, hvort hún ekki sér sér fært að taka til greina.

Akvæði frumv. ná ekki yfir annað en kaupstaði, kauptún og sjóþorp; en eg skil ekki, hvers vegna hún hefir slept sveitunum. Eg get ímyndað mér, að víða hagi svo til í sveitum, að hægt sé að hafa heilbrigðissamþyktir, og tel enda nauðsynlegt, að þeim sé komið þar á líka. Eg get ekki séð, að það sé nóg fyrir heilbrigðisástandið í landinu, að gera heilbrigðissamþyktir að eins í kauptúnum og sjóþorpum. Eg kysi heldur, að þetta væru almenn lög, svo gera mætti samþyktir hvar sem vera skyldi á landinu, úr því farið er að gera það á annað borð.

Svo var annað atriði, sem eg vildi taka fram við þessa umræðu. Það var um tilsjónina við samþyktirnar; nefndin hefir ætlast til, að það væri falið hreppsnefndunum; en eg tel það óheppilegt, að fela þeim slíkt. Hreppsnefndin er nefnd í sveitum og hreppum, sem öllu mögulegu er hrúgað á. Ef eitthvað þarf að gera einhversstaðar á landinu, þá er það sett á hreppsnefndina; og þetta eru þó launalausir menn, sem þurfa á sínum tíma að halda

og hafa ekki of mikið að lifa af. Afleiðingin verður því, að ef störfum er svoleiðis ofhrúgað á mann, og það störfum, sem hann fær ekkert fyrir, þá vanrækir hann þau. Eg álít það sé miklu heppilegra, að dreifa á sem flestar hendur ólaunuðum störfum; og í þessu tilfelli álít eg miklu heppilegra, að setja sérstakar heilbrigðisnefndir, hvort sem þær nú væru skipaðar eða kosnar. Það er líka víða í sveitum, að hreppsnefndarmenn eru alls ekki færir til þessa starfa, enda eru þeir valdir í alt öðru augnamiði, heldur en til að fara að sjá um þrifnað. En aftur á móti gætu verið aðrir menn í viðkomandi hrepp, sem gætu verið vel lagaðir til að vera í heilbrigðisnefnd, en eru aftur ómögulegir í hreppsnefnd.

Eg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sér ekki ástæðu til að athuga frumv. að þessu leyti.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Ástæðan fyrir því, að nefndin stakk ekki upp á því, að samþyktir væru gerðar fyrir sveitirnar, ásamt kauptúnum og sjóþorpum, var sú, að hún hélt, að svo kynni að vera, að alt aðrar ákvarðanir ættu við í kauptúninu heldur en gætu gilt alment í hreppnum, sem kauptúnið telst til; nefndin áleit meiri þörf á heilbrigðissamþyktum þar sem þröngbýlt er, heldur en þar sem bæir eru gisnir og menn lifa meira í fríu lofti, og lét því þorpin og kauptúnin sitja í fyrirrúmi.

Það má vel vera, að tillaga h. þm. (Þ. J. Th.) sé góð í sjálfu sér, en eg sé ekki að það sé hægt að koma henni við í þessum lögum, nema að steypa þeim um.

Hvað það snertir, að hreppsnefndum er falið eftirlitið, skal eg taka það fram, að það er gjört í samræmi við gildandi lög. I sveitarstjórnarlögunum er hreppsnefndarmönnum lagt á herðar að hafa eftirlit með heilbrigðisásigkomulaginu, og nefndin sá ekki ástæðu til að fara að breyta því. Og oftar er það líka svo, að í hreppsnefndina eru valdir beztu mennirnir í hreppnum; en til þess að létta hreppsnefndinni störfin er svo kveðið á, að hlutaðeigandi héraðslæknir hafi yfirumsjón yfir þessu, og að sýslunefndin skipi einn mann til aðstoðar hreppsnefndinni og skuli þessi maður vera íbúi kauptúnsins eða sjóþorpsins, til þess, ef það skyldi koma fyrir, að hreppsnefndin byggi annarstaðar, að þá væri þó vissa fyrir því, að til eftirlits væri að minsta kosti einn maður, er byggi á staðnum. Eg held fyrir mitt leyti, að það sé ekki heppilegt, að fylla hreppana með nefndum; það er betra að þær séu ekki alt of margar. Í sumum hreppum er ekki úr svo mörgum að velja, og þá lendir kosningin á sömu mönnunum; það gerir þá að eins rugling, að þeir heiti alt of mörgum embættistitlum. Að öðru leyti er eg þakklátur háttv. þingm. fyrir undirtektir hans.

Magnús Torfason: Eg vil leyfa mér að geta þess til athugunar fyrir »hlutaðeigandi« nefnd, að orðið »hlutaðeigandi« kemur 8 sinnum fyrir í þessu örlitla frumv. (Hlátur). Og af því það orð er þyrnir í mínum augum, þá vil eg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vil ekki strika þetta orð út sem óþarft á öllum stöðunum.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Það var vel gert af vandalausum, að gefa þessa vinsamlegu bendingu, og er eg »hlutaðeigandi« háttv. þingm. þakklátur fyrir hana. Jafnvel þótt eg verði að játa, að mér þykir þetta hlutaðeigandi orð, sem hann segir vera þyrni í sínum augum, bæði voðfelt og hand-

hægt og mjúkt í munni, og alstaðar heldur til skýringar en hitt, þá mun eg ekki taka mér það nærri, þótt hann eða aðrir komi með br.till. um, að fella það burt á sumum stöðum í frumv. og nefndin mun væntanlega ekki hefja neina mótspyrnu gegn slíkri breyting, ef frumv. mætti þá fremur finna náð hjá háttv. þingm.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi að vissu leyti taka í sama strenginn eins og háttv. 1. þingm. G. og K. (Þ. J. Th.) um það, að það væri heppilegt ef nefndin gæti séð sér fært að haga ákvæðum frumv. þannig, að þessar heilbrigðisnefndir mætti skipa í sveitum.

Það er, eftir því sem mér skilst, ekki gert að skyldu að skipa fyrir um þessi heilbrigðismál, hvorki í kauptúnum né sjávarþorpum; það stendur að eins »má«. Heimild til að skipa slíkar nefndír vildi eg að nðfndin léti einnná til þeirra sveita, sem óska þess, að slíkar nefndir séu skipaðar.

Háttv. framsm. (H. H.), sem frumv. flytur, tók það fram, að það mundi þurfa að umsteypa frumv. til þess, að koma þessum ákvæðum að. En eg vil til athugunar fyrir nefndina við 2. umr. benda á, að það þarf ekki að umsteypa frumv. að neinu ráði fyrir það. Það er nóg að bæta inn í tveimur eða þremur orðum í 2. lið 1. gr. Auðvitað þyrfti einnig að breyta fyrirsögn frv., svo að það yrði »Frumvarp til laga um samþyktir um heilbrigðismál á Íslandi«. Þá mundi frumv. vera komið í það horf, sem eg teldi það æskilegasta.

Sömuleiðis vildi eg taka í þann, streng, að í sveitum væri ekki heppilegt að fela hreppsnefndum eftirlitið að sjálfsögðu. Það getur verið, að það sé víða heppilegt, en aftur getur það víða verið óheppilegt. Og eg álít það lang-heppilegasta fyrirkomulagið, að sýslunefndin tilnefni úr hverju sveitarfélagi einn mann, sem hún hefði bezt traust á, og væri honum falið eftirlitið, með umsjá »hlutaðeigandi« héraðslæknis og »hlutaðeigandi« lögreglustjóra.

Þórður Guðmundsson: Eitt það, sem h. 1. þm. G. og K. (Þ. J. Th.) hafði að athuga við frumv. þetta, var það, að starfi þessi skyldi falinn hreppsnefndunum á hendur. Það er meir en satt, að hreppsnefndir hafa mikið að starfa, en aftur verð eg að líta svo á, að venjulega sé hreppsnefndin skipuð beztu mönnum sveitarinnar, og þótt ný nefnd yrði skipuð til að líta eftir heilbrigðismálum sveitarinnar, þá er eg hræddur um, að hún mundi gera sér lítið far um að ferðast um hreppinn, einkum þegar þess er gætt, að hún yrði sjálfsagt að vinna launalaust. Eg álít reyndar, að hreppsnefndum mundi ekki aukast stórum fyrirhöfn, þótt þeim sé fengið í hendur starf það, sem frv. gerir ráð fyrir; þær þurfa hvort sem er oft að ferðast um hreppinn og geta þá sjálfsagt að miklu leyti sameinað við þær ferðir eftirlit með heilbrigðismálum. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta; get þess að eins, að eg hefi ekki annað að athuga við ræðu h. 1. þm. G. og K. (Þ. Th.).

ATKVGR.: Málinu vísað til 2.umr.í e.hl.

Önnur umr., 22. júlí (C bls. 264, breyt.till. bls. 337).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Það er komin fram breytingartillaga á þingskj. 152 frá h. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.), og er efni þeirrar tillögu, að í stað »sjóþorp í sýslunni« komi »hreppsfélög í sýslunni«, með öðrum orðum, að frumv. nái ekki eingöngu til kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, heldur

einnig til sveita. — I sjálfu sér getur enginn haft neitt á móti því, að sveitirnar fái sérstakar heilbrigðisreglur; þvert á móti álít eg heppilegt, að sett verði á sínum tíma almenn heilbrigðislög fyrir landið, er hefðu að geyma þær ákvarðanir, er alstaðar gætu við átt, og jafnframt veittu öllum sveitarfélögum heimild til, að bæta við þeim ákvörðunum, er sérstaklega ættu við á hverjum stað. En slíkt þarf mikinn undirbúning, og nefndin lítur svo á, að það sé miklu brýnni þörf á heilbrigðissamþyktum í verzlunarstöðum og sjóþorpum, heldur en í sveitum, og sérstaklega meiri líkindi til, að þær kæmist þar á sem fyrst.

Nefndin er hrædd um, að ef nú yrði farið að setja slík lög fyrir allar sveitir landsins undirbúningslaust, og án þess, að tillögu hlutaðeigandi stjórnarvalda sé leitað, þá muni verða lítið um framkvæmd þessa, og því leggur nefndin til, að frumv. verði samþykt eins og það liggur fyrir frá henni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi að eins taka það fram, að eg sé ekki, að það þyrfti að valda neinum vandkvæðum, þó breytingartill. þessar yrðu samþyktar. — Og það sem er ólögulega orðað mætti laga til 3. umræðu. — Eg álít, að það sé heppilegt, að veita heimild til, að gjöra heilbrigðis-samþyktir fyrir sveitirnar líka, úr því heimild er veitt til þess fyrir kaupstaði, kauptún og sjóþorp.

Það kann að vera, að það liggi meira á slíkri heimild fyrir sjóþorpin, en það er enginn efi á, að hún væri líka þörf fyrir sveitirnar. — Eg get heldur ekki séð, að heimildin ein út af fyrir sig þurfi að tefja neitt fyrir framkvæmdum. — Eg veit, að í mörgum sveitum mundu slíkar heilbrigðis samþyktir fljótt komast á, þótt auðvitað séu til aðrar sveitir, þar sem það yrði ekki.

Og viðvíkjandi því, að slíkar samþyktir væru þarfar fyrir sveitirnar, skal eg taka það fram, að í sveitum er margt, sem sjúkdómshætta getur stafað af, svo sem peningshús, haugstæði, forir o. fl.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Eg skal endurtaka það, að eg álít það æskilegt, að lög væru samin um þessi efni, er giltu fyrir land alt. En þörfin er engan veginn eins brýn fyrir strjálbygðar sveitir eins og fyrir þéttbýl þorp, og enda ekki vaknaður enn nægilegur áhugi á slíku til sveita, til þess að von gæti verið um framkvæmd. — Það er skamt síðan að amtsráðin — að minsta kosti amtsráð Vesturamtsins — sendi til allra sýslunefnda til álita frumvarp það til heilbrigðis-reglugjörða fyrir sveitirnar frá tveimur læknum. En það mál fekk litlar undirtektir, af því menn hugðu, að engin tæki yrðu til, að koma slíku í framkvæmd, og að það yrði því að eins pappírsgagn. — Aður en hugsandi er til, að gagn yrði að því, að veita heimild til heilbrigðissamþykta út um land, þá yrði að glæða áhuga manna á þeim efnum; því yrði slíku komið á án þess menn fyndu þess þörf alment, þá mundi það víða lenda í framkvæmdarleysi, og það mundi aftur draga úr áhuga þeirra manna, sem nú eru þessu sinnandi.

Eg get ekki sannfærst af orðum h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), og verð eg fastlega að ráða til, að fella breyt.till. Enda er sá galli á þeim, eins og þær liggja fyrir, að kauptún, önnur en kaupstaðir, eru talin sem sérstök sveitarfélög, jafnhliða hreppum; en eins og allir vita, eru kauptúnin í hreppunum, og mundu því falla undir samþyktarsvæði hreppsins. — Formgallar eins og þetta gætu orðið frumvarpinu til falls, og það væri mjög óheppilegt, ef meðferð þingsins á ákvæðum 6. greinar í stjórnar-

frumvarpinu um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík yrði til þess, að Reykjavík misti heilbrigðisnefnd sína og rétt þann til heilbrigðis-samþyktar, sem frumvarpið stingur upp á fyrir þann kaupstað einan.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1. þingskjali 152 feld með 11 : 8 atkv.

1. grein frumv. samþykt með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. 2. þingskjal 152 feld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Hafstein,
Hermann Jónasson,	Hannes Þorsteinss.,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Torfason,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Sigurðsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
St. Stefánss., Skgf.,	St. Stefánsson, Eyf.
Valtýr Guðmundss.	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.

2. gr. frumv. samþykt með 15 atkvæðum.

3.—5. gr. frumv. samþykt með 18 atkvæðum.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umr., 25. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 18 atkv., og afgreitt til Ed.

Ein umr., 14. ágúst (C bls. 563).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): H. efri deild hefir gjört ofurlita breytingu við frumv., sem vafalaust er til bóta, og er hún viðvíkjandi því, hverir eftirlitið eigi að hafa á hendi í sjóþorpum og verzlunarstöðum. Samkvæmt frv., eins og neðri deild samþykti það, áttu hlutaðeigandi hreppsnefndir og einn maður, tilnefndur af sýslunefnd, að hafa eftirlitið í kauptúnum og sjóþorpum, en háttv. efri deild hefir breytt þessu svo, að nú er það hreppstjóri, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum þorpsins eða kauptúnsins.

Aðrar efnisbreytingar hafa ekki verið gjörðar við frumv., nema að fella úr lögum síðari málslið 16. gr. í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík viðvíkjandi heilbrigðis-samþyktum, er stafar af þeirri breytingu, sem h. efri deild gjörði um daginn við lögin um breyting á bæjarstjórnartilskipuninni.

Eg sé ekkert á móti að fallast á þær breytingar, sem háttv. efri deild hefir gjört, og legg því til, að frumv. verði samþykt eins og það er.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt í einu hljóði og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Sóttvarnir.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma (C bls. 374); 1. umr., 27. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eins og kunnugt er mæla lögin frá 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma svo fyrir í 2. grein, að yfirvöldin skulu verja almenning ætíð fyrir næmum sjúkdómum, sem komið hafa upp, nefnilega kóleru, gulri hitasótt, útbrota-taugaveiki, bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest; og svo er í 2. málsgrein í sömu grein laganna getið um aðra sjúkdóma, sem megi beita þessum lögum gegn, þegar

nauðsyn þyki til bera. — Það er því gjörður munur á tvenns konar sjúkdómum með tilliti til sóttvarna, þeim, sem yfirvöldin eru alt af skyldug til að hafa sóttvarnir í gegn, og þeim, sem yfirvöldin eru skyld undir sérstökum kringumstæðum að skifta sér af.

Þegar svo ber við, að sjúkdóm ber að landinu af hinum fyrra flokknum, þá eru yfirvöldin því eftir lögunum skyld til, að halda þessum sóttvörnum áfram, hvernig sem fer, hvort sem sjúkdómurinn er vægur eða skæður, og hvort sem hann verður heftur eða hann brýzt út úr höndunum á læknunum og nær yfir stærra svæði. Af þessu getur það leitt, svo framarlega sem sjúkdómurinn breiðist mikið út, að gjöld þau, sem af sóttvörnunum leiðir, verði svo mikil, að þau verði landssjóðnum nærri því um megn; en ef svo stendur á, að sjúkdómurinn er svo vægur, að óþarfi virðist að hefta útbreiðslu hans, þá virðist ekki ástæða til annars en hætta sóttvörnunum. En eins og eg hefi áður sagt, eru yfirvöldin alt af skyld, eins og lögin mæla nú fyrir, að gjöra sóttvarnar-ráðstafanir gegn hinum tilteknu sóttum.

Þetta frumv., sem eg hefi leyft mér að koma fram með ásamt öðrum háttv. þingm., á að vera til þess, að það þurfi ekki að beita lögunum, þegar þessar sóttir eru svo vægar, að ekki virðist þörf á, að brúka almennar sóttvarnir gagnvart þeim, og þegar þær með fram ná svo mikilli útbreiðslu, að lítil líkindi eru til, að það sé hægt að hefta þær. — Orsökin til þess, að við höfum leyft okkur að koma fram með frumv., er það, að nú gengur hér á landi sótt, sem einmitt er talin í fyrsta lið 2. gr. sóttvarnarlaganna, og sem yfirvöldin ætíð eru skyld til að verja almenning fyrir, og þessi sótt er orðin svo útbreidd, að lítil líkindi eru til, að henni verði aftrað að nokkrum mun, og hún er að öðru leyti svo væg, að það virðist að minsta kosti í fljótu bragði óþarfi, að vera að beita þeim ströngustu sóttvarnarreglum móti henni.

Ef þetta frumv. yrði samþykt, mætti nota lögin gagnvart þessari sótt, og eins eftirleiðis, er slíkt kæmi fyrir, og gæti landshöfðingi eftir tillögum landlæknisins látið hætta sóttvörnum.

Eg skal geta þess, að þessi undantekning, sem við förum hér fram á með þessu frumv., getur náttúrlega ekki komið til greina með nærri alla sjúkdóma, sem eru taldir upp í fyrstu málsgrein. Það eru kannske tveir af þeim, sem maður gæti hugsað, að þessi undantekning yrði brúkuð móti, nefnilega mislingasótt og skarlatssótt, af því að þessar sóttir geta verið svo vægar, að ekki virðist ástæða til, að hefta þær með ströngum sóttvarnarlögum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona að háttv. þingdeildarmenn skilji, hvers vegna eg hefi komið fram með þetta frumv., og álíti eins og eg, að þetta sé nauðsynlegt, og engin hætta á, að samþykkja svona lagað ákvæði.

Akvæðið er bundið þeim skilyrðum í frumv., að sjúkdómurinn sé annaðhvort svo vægur, að hann verði ekki talinn hættulegur fyrir líf og heilsu manna, eða hann hafi náð svo mikilli útbreiðslu, að ekki sé til neins, að reyna að hefta útbreiðslu hans.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkvæðum.

Önnur umr., 30. júlí.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkvæðum.

Þriðja umr., 1. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 17 atkv., og afgr. til Ed.

Ein umr., 14. ágúst (C bls. 663).

ATKV.GR.: Frumv. samþykt í heild sinni í e. hlj., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Ósútaðar húðir.

FRUMVARP til laga um bann gegn innflutningi ósútaðra skinna og húða, (C bls. 318); 1. umr., 20. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.): Frumv. þetta er hvorki stórt né margbrotið, en þó hefir það inni að halda mikilsverð ákvæði, er koma eiga í veg fyrir bersýnilegan voða, sem vofir yfir þjóðinni. Það sem frv. fer fram á er ekki heldur nýtt, því þing og stjórn hafa haft það til meðferðar um síðustu 10 ár. Árið 1891 benti landshöfðingi stjórninni á, hvílík hætta stafaði af vöru þessari, og tók stjórnin það til athugunar og bar þetta undir heilbrigðisráðið danska, hver ráð myndi tiltækilegust til að afstýra hættunni. Heilbrigðisráðið benti á ýmislegt, er gjöra ætti, svo sem, að sótthreinsa húðirnar áður en þær væru seldar, og að enn meiri hætta stafaði af þeim, væru þær bleyttar í lygnu vatni, en taldi þó hvorttveggja ónógt og yrði helzt að banna alveg innflutning húðanna. Er þetta tekið fram í ráðherrabréfinu. Með lögum 11. des. 1891 er landsstjórninni veitt heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með ósútaðar húðir. En stjórnin sá sér ekki fært að gefa slíkar reglur, en ræður til þess í bréfi til landshöfðingja, að húðirnar séu sótthreinsaðar og eigi megi bleyta þær í lygnu vatni. Þannig liður til 1899, svo að ekkert er gjört í þessu máli, en hvað eftir annað koma fyrir tilfelli, þar sem menn og gripir drepast af miltisbruna og hefir vanalega tekist að rekja upptökin til ósútaðra húða. 1899 er tekið upp frv. um að banna innflutning ósútaðra húða og var því miður vel tekið, mest vegna þess, að álitið var ógerlegt að banna innflutning á vöru, sem svo mikil þörf væri á. Og loks var frv. breytt þannig, að landsstjórninni var gefin heimild til að banna aðflutning þessarar vöru á vissum svæðum, og í því formi var frv. felt í Ed. Síðan hefir það komið fyrir hvað eftir annað, að menn og gripir hafa fallið fyrir þessari hættu, og það nú fyrir skömmu hér í sjálfum höfuðstaðnum, 1 maður og nokkurir gripir. Dýralæknirinn hefir því snúið sér til þingsins og farið fram á, að bannað yrði að flytja inn ósútaðar húðir, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr áskorun dýralæknisins:

»Það er orðið kunnara en frá þurfi að segja, hvílík hætta bæði skepnum og mönnum hér á landi getur stafað af útlendum ósútuð húðum, sem hingað flytjast árlega. Það er engum efa bundið, að slíkar húðir eru aðaluppspretta miltisbrandsins, sem stöðugt stingur sér niður víðs vegar um land og drepur bæði fénað og fólk. Eftir því sem næst verður komist, gjörði miltisbrandur í fyrsta skifti vart við sig hér á landi árið 1865, en árið áður voru ósútaðar húðir fluttar í fyrsta skifti til landsins. Síðan hefir veikin gjört meiri eða minni usla á hverju ári og oftast hefir mátt rekja sporin til húðanna, þótt stundum sé auðvitað erfitt að rekja ferilinn; má og vera að sýkin sé farin að festa hér rætur að nokkuru; en verði stöðugt flutt til landsins nýtt pestnæmi á ári hverju, getur naumast hjá því farið, að sýkin verði með tímanum alinnlend og yrði það öldungis ómetanlegt

tjón fyrir landið«. Hið eina óyggjandi ráð til þess að komast hjá ófögnuði þessum telur dýralæknirinn að banna með lögum innflutning ósútaðra húða. Hann bendir enn fremur á, að þótt það í fljótu bragði geti valdið óþægindum að banna aðflutning vöru, sem svo mikið er notað af einkum í sjávarsveitunum, þá sé ekki í það horfandi, og virðist mér það liggja í augum uppi, að voðinn, sem stafar af slíkum, húðum gnæfir langt yfir nytsemi þeirra. Hins vegar er það gömul reynsla, að »neyðin kennir naktri konu að spinna«, og er ekki óliklegt að menn hér innan skamms myndu venjast á að brúka annan skófatnað, er væri eins hentugur og sá, sem búinn er til úr þessum húðum. — Eg skal ekki fjölyrða um þetta, en að eins taka það fram, að eg skil ekki, að nokkur þingmaður vilji hafa það á samvizku sinni, að sporna á móti að lög fái fram að ganga, er bægt geti á braut slíkum voða, sem hér er á ferðum. — Og að því er til stjórnarinnar kemur, mun hún eflaust veita frumv. samþykki, þar sem hún áður hefir lýst því yfir við landshöfðingja, að eina áreiðanlega ráðið í þessu efni væri að banna innflutning ósútaðra húða. Hins vegar getur það hugsast, að finna mætti önnur nýtileg ráð, og vona eg að háttv. þingdm. athugi málið rækilega.

Þórður Guðmundsson: Eg get vel verið samþykkur því, að eitthvað þurfi að gera, til að sporna móti þeirri hættu, sem leitt getur af innflutningi ósútaðra húða, en mér sýnist þetta frv., eins og það liggur fyrir, vera þannig úr garði gert, að það geti leitt til stórvandræða fyrir landsmenn yfir höfuð; það er flutt inn svo mikið af ósútuðum húðum, að ætla má, að landsmenn gætu ómögulega verið án þeirra með öllu, og að það gæti orðið til að hamla mönnum frá að framkvæma ýms nauðsynleg verk, væri farið að banna allan innflutning á þeim. Því miður er ekki hægt að sjá af skýrslunum, hve mikið er flutt inn af ósútuðum húðum, því þar er slengt saman í eitt bæði sútuðum og ósútuðum húðum.

Eg efast nú ekki um, að þingið geti fundið einhver önnur ráð til að koma í veg fyrir þá hættu, sem stafar af innflutningi ósútaðra húða, en þetta neyðarúrræði, að banna allan innflutning. Það er alveg rétt hjá h. flutnm. (St. St. 2. þm. Skagf.), að þetta mál hafi verið fleiri sinnum til umræðu hér á þingi, og að ýmsar raddir hafi heyrst í sömu átt og þetta frv. fer; og þegar síðasta þing stóð yfir, voru meir að segja þær fregnir komnar víðs vegar út um sveitirnar, að þannig lagað frv. hefði verið samþykt á þinginu, en mér er óhætt að segja, að við þessar fregnir laust upp almennum kveinstöfum frá öllum þeim mönnum, sem brúkuðu þetta útlenda skóleður, og eg verð að segja, að það er líka mitt álit, að það sé næsta harðdrægt, að banna jafn-nauðsynlega vöru, vegna kæruleysis einstakra manna, því það er kæruleysi einstakra manna, sem öll hættan stafar af, eins og ljóslega sést af þessu dæmi, sem h. flutnm. (St. St.) benti á, að nýlega hefði komið fyrir hér í Reykjavík. Eg vona menn hafi það dæmi fyrir augum, og það þannig verði einmitt til þess, að gera menn varasamari, með að brúka sterka varkárni á meðferð húðanna.

Eg sé ekki betur en það séu til aðrir vegir til að komast hjá hættunni en þessi, sem hér er farinn. Á síðasta þingi var talað um að gera kaupmönnum það að skyldu, að sótthreinsa húðirnar áður en þeir seldu þær. Þetta ráð finst mér mjög tiltækilegt. Sömuleiðis mætti jafnframt gera þeim að skyldu, að flytja ekki inn húðir nema frá vissum, alþektum slátrunarhúsum

erlendis. Eg vona þingdeildin komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að sporna á móti þessari hættu, sem leiðir af þessum innflutningi; en á annan veg en farið er fram á hér í frv.

Lárus H. Bjarnason: Það er eiginlega búið að taka af mér ómakið, því h. þm., er síðast talaði, tók fram mest af því, sem eg hafði ætlað mér að vekja athygli á.

Frv. er, eins og háttv. þingdm. vita, hvorki stórt né fyrirferðarmikið, en þó lítur engu að síður út fyrir, sem hér sé ekki nema um 2 kosti að velja, annaðhvort miltisbrandinn eða skóleysið. Og nú með því að útlit er fyrir, að ekki einungis Magnúsarnir verði að ganga berfættir og hætt verði við að einhver þeirra yrði þá kallaður Magnús berfætti, heldur mætti jafnvel búast við, að mikill hluti þjóðarinnar verði að ganga berfættur, ef bannaður væri allur innflutningur á ósútuðum húðum; því finst mér full ástæða til, að skipa nefnd til að íhuga málið, og þá 3 manna nefnd.

Björn Kristjánsson: Það má segja, að þingið sé statt á milli tveggja elda, þegar ræða er um, hvort banna skuli allan innflutning á ósútuðum húðum eða ekki. Annars vegar er miltisbrandurinn og hins vegar þarfir almennings fyrir skæðaskinn, og er hvorttveggja vont. Orsökin til þess, að svona er komið, er að mínu áliti sú, að hingað hafa verið fluttar húðir af verstu og ódýrustu tegund, sem langmest hætta stafar af. — Þær húðir, sem hafa verið fluttar hingað, eru afrikanskar húðir, kendar við Zansibar. Íslendingar heimta ætíð ódýrar vörur, og afleiðingin hefir orðið sú, að þessar húðir hafa verið fluttar hingað einmitt vegna þess, að það eru þær ódýrustu húðir, sem hægt er að fá, en jafnframt þær hættulegustu, því það er svo fjarri því, að allar húðir séu hættulegar. Þessar húðir eru mestmegnis fluttar þurkaðar frá Afríku til Norðurlanda, og get eg ímyndað mér, að til þess liggi tvær ástæður. Önnur sú, að farmgjaldið sunnan úr Afríku er dýrt, því leiðin er löng, og hin sú, að húðirnar geymast ver, ef þær eru fluttar blautar og saltaðar. Megnið af öllum húðum, sem hingað flytjast, eru þess háttar húðir, sem einu nafni í Danmörku eru kallaðar »oversöiske Huder«; þessar húðir eru allar meira og minna hættulegar; en þær húðir, sem eru á boðstólum í nágrannalöndum, eru með öllu hættulausar. Þær auðkennast frá þessum »oversöiske« húðum á því, að þær eru aldrei þurkaðar, heldur saltaðar, vegna þess, að engin hætta er á að þær skemmist, því þær eru svo stuttan tíma í salti, þangað til þær komast í sútaraverksmiðju. Mér hefir komið til hugar, að til þess að tryggja menn fyrir þessari hættu, án þess þó að banna allan innflutning á ósútuðum húðum, hvort ekki mætti gera kaupmönnum það að skyldu, að sanna, að þær húðir, sem þeir flyttu inn, væru keyptar í þeim slátrunarhúsum nágrannalandanna, sem stæðu undir opinberri umsjón, og jafnframt skyldaðir til að flytja húðirnar inn blautar og saltaðar, en ekki þurkaðar, því með því er girt fyrir, að vér fáum þessar hættulegu húðir frá fjarlægari löndunum, sem, eins og eg gat um, ætíð eru fluttar þurkaðar.

Að minsta kosti er þetta mál svo varhugavert, að ástæða er til að íhuga það í nefnd. Eftir síðustu ársskýrslum hafa verið flutt inn leður og skinn fyrir 75½ þús. kr. Að vísu verður ekki séð, hve mikið af þessu er fyrir ósútaðar húðir, en eg er viss um, að það er óhætt að gera ráð fyrir, að það nemi helmingnum, og þá verða það um 4000 húðir, sem fluzt hafa inn það

ár. Þegar gætt er að þessu, þá finst mér ómögulegt að hugsa til að banna allan innflutning á ósútuðum húðum, nema þingið jafnframt finni einhvern veg til þess, að láta hina fátæku alþýðu fá einhvern álíka ódýran og jafnhentugan skófatnað í staðinn.

Forseti: Þegar nefnd hefir verið kosin í eitthvert mál, þá hefir það hingað til verið venja, að stinga upp á nefndarkosningunni á meðan á umræðunni hefir staðið, slíta svo umræðunni að því sinni, og geyma framhald hennar, þanga til málið hefir aftur komið úr nefnd; hafa umræður um slík mál þannig í raun réttri orðið fjórar. Í ríkisþinginu danska er sú venja, að umræðunni er lokið, en nefndarkosning fer svo fram á eftir, og svo var einnig hér á hinu fyrsta löggefandi þingi 1875, og að nokkru 1877, enda sé eg ekkert á móti því í þingsköpunum, að svo geti verið, því í 9. gr. stendur að eins, að umræðum skuli frestað, ef þær eru byrjaðar, en ekki, að umræðunni skuli hætt. Vil eg leyfa mér, að skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann sjái nokkuð á móti, að hér sé tekin upp hin sama aðferð í þessu og tíðkast í Danmörku, og sem var viðhöfð hér á þingi framan af, sem sparar mikinn tíma, og gefur þó þær lögboðnu umræður.

Landshöfðingi: Það, sem mér finst helzt varhugavert við uppástungu h. forseta, er það, að ef þá fyrst er stungið upp á nefnd, er umræðu er lokið, þá er það ekki gert undir umræðu, heldur er málið þá á millibilsstigi milli tveggja umræðna. Að minsta kosti mun þetta hafa vakað fyrir forseta þeim, er tók upp þá aðferð, 1877, að fresta umræðu, þá er stungið hefir verið upp á nefnd, og bera uppástunguna upp til atkvæða, og þegar hún er samþykt, að láta kjósa nefndina þá þegar; enda virðist sú aðferð samkvæmust orðum þingskapanna í 9. gr. Í Danmörku er farið nokkuð öðruvísi að með nefndarkosningu; þar er nefndin ekki kosin á sama fundi, sem umræðu er lokið, heldur á sérstökum fundi síðar. Annars tel eg það sjálfsagt, að komi forseti og deildin sér saman um, að taka upp þá aðferð, sem hann stakk upp á, þá muni ekkert vera á móti því frá stjórnarinnar hálfu, hún muni telja næga trygging fyrir því, að málin verði ítarlega rædd eftir sem áður.

Forseti: Eftir undirtektum hæstv. lh. er þá ekkert á móti því, að sú aðferð sé tekin upp, sem eg stakk upp á, og eg verð að telja hana fult svo haganlega, sem þá aðferð, er fylgt hefir verið að undanförnu, og í fullu samræmi við þingsköpin, sem, að því er þetta atriði snertir, eru samhljóða þingsköpum fyrir ríkisþingið danska.

Valtýr Guðmundsson: Eg felst fyllilega á tillögu h. forseta, en álít að samfara þeirri breytingu þurfi sú breyting að vera, að þótt stungið sé upp á nefnd, á meðan á umræðum stendur, þá sé þeim ekki slitið þegar í stað, heldur haldið áfram á meðan menn óska að ræða málið, og nefndin fyrst kosin að loknum umræðum. Verði svo að farið, vil eg leggja það til, að till. h. forseta sé samþykt.

Forseti: Eg tel sjálfsagt að fylgja þeirri reglu, enda er hvergi í þingsköpunum gert ráð fyrir, að umræðu sé lokið jafnharðan og upp á nefnd er stungið; að svo er að farið, það styðst að eins við gamla þingvenju eða öllu heldur óvenju, sem flutningsmenn mála hafa stundum notað til þess, að taka fyrir umræður með því, að stinga undir eins upp á nefnd, er þeir hafa lokið

inngangsræðu sinni; sem dæmi, er öllum er í fersku minni, skal eg benda á bankafrv. á þinginu 1899.

Guðl. Guðmundsson: Til að taka af allan vafa um, hvernig að skuli farið, vil eg leyfa mér að bera þá spurningu upp, hvort meiningin sé, að nefndarkosningin eigi fyrst fram að fara og síðan vísa málinu til næstu umræðu, eða málinu skuli fyrst vísað til næstu umræðu og nefndin kosin að því búnu. Það er sú aðferðin, sem mér finst eðlilegust, og reyndar er eg í litlum vafa um það, hvort svarið muni verða.

Forseti: Það er sjálfsagt að viðhafa þá aðferð, sem h. þm. (G. G.) nefndi síðar.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj. Því næst samþykt 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.) með 13 atkv.

Björn Kristjánsson með 11 atkv.

Hermann Jónasson með 8 atkv.

Önnur umr., 30. júlí (C bls. 318, nefndarálit bls. 397).

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eg hefi ekki miklu að bæta við það, sem tekið er fram í nefndarálitinu. Eins og hinir h. þm. sjá, þá höfum við nefndarmennirnir gert nokkuru breytingu á 1. gr. Í hinu upphaflega frumv. var í 1. gr. algjörlega bannaður allur innflutningur á sútuðum húðum og skinnum, en af því við urðum varir við, að þetta mætti svo mikilli mótspyrnu hér í deildinni, þá bættum við inn í greinina, að saltaðar húðir og skinn væru undanþegin þessu banni. Við höfum sem sé fengið þær upplýsingar, að þessar húðir séu eingöngu fluttar inn frá þeim löndum, þar sem allrar varúðar er gætt gagnvart öllum pestnæmum sjúkdómum á gripum, og að hættan við að leyfa innflutning á þeim því svo margfalt minni. Það hefir verið tekið fram, að það horfi til vandræða, ef tekið væri fyrir allan innflutninginn á ósútuðum húðum, en nú er bætt úr því með þessari breytingu eða viðauka, sem nefndin vill gera við 1. gr. Auðvitað verður skæðaskinn eilítið dýrara fyrir þessi lög, en mér finst það ekki teljandi eftir, þótt menn offri svo litlu til þess, að verða laus við annan eins voðagest og miltisbrandinn.

Eg vona þessi h. deild lofi málinu að ganga óhikað áfram, fyrst það er komið í þetta horf, og verði það, þá hefi eg vissa von um, að h. Ed. samþ. frv., og að stjórnin geri sama, er eg í engum vafa um, þar sem hún hefir áður lýst því yfir, að hún áliti algjört aðflutningsbann á ósútuðum húðum hið eina tiltækilega ráð til þess, að verja landið þessum voða.

Pétur Jónsson: Eg stend ekki upp til annars en að lýsa ánægju minni yfir því, að nefndin hefir horfið frá því ráði, að banna allan innflutning á ósútuðum húðum. Eg talaði ekki á móti frv. við 1. umr. af þeirri ástæðu, að eg vildi ekki láta segja um mig, að eg vildi ekki koma í veg fyrir annan eins voða og miltisbrandurinn er; en mér var hins vegar alveg óskiljanlegt, hvernig við ættum að geta komist af án ósútaðs leðurs frá útlöndum. Því eg var í engum vafa um, að sútaðar húðir mundu að minsta kosti fyrst um sinn ekki verða alment notaðar.

Sem sagt, eg er mjög vel ánægður með breytinguna og greiði því atkvæði mitt með frumv.

ATKVGR.: Brtt. 231 samþ. með 19 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

2., 3. og 4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkvæðum.

Þriðja umr., 1. ágúst (C bls. 224).

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eg álít óþarft, að fjölyrða meira um frumv. þetta eða mæla með því. Að eins skal þess getið, að inn í frumv. hefir slæðst óheppileg prentvilla, »óert« fyrir »óhert«, sem eg vona að ekki þurfi að koma með brtt. við, en megi leiðrétta í prentsmiðjunni.

Forseti: Það verður skoðað sem prentvilla.

Skúli Thoroddsen: Eg kann ekki við, að láta þetta frumv. fara svo hér frá deildinni, að ekki komi fram nein mótmæli gegn því. Á síðasta þingi kom fram svipað frumv. um bann gegn innflutningi ósútaðra húða, og mælti eg þá á móti því, af því, að eg sé ekki hvernig landsmenn eiga að fara að komast af, án þess að flytja þessa vöru inn, eins og nautgriparækt okkar er háttað. Eg veit, að í minu kjördæmi mundu slík lög valda stórvandræðum, því þrátt fyrir mikinn innflutning á þessari vöru vantar þráfaldlega skæðaskinn, og innlent skinn, svo sem sauðskinn, ótáanlegt. Að vísu sé eg, að nefndin muni þykjast bæta úr þessu, með því að leyfa að flytja inn saltaðar húðir. Eg get ekki séð, að frumv. ætti fremur fram að ganga fyrir það ákvæði. Eg ímynda mér, að engin trygging sé fyrir því, að húðirnar séu ósóttnæmar fyrir það, þó stráð sé í þær salti, og eg efast um, að nefndin hafi svo góðar upplýsingar að byggja á, að hún geti fullyrt, að miltisbrandur flytjist ekki með söltuðum húðum. En sé svo, að þetta ákvæði tryggi oss ekki gegn þeirri hættu, sem um er að ræða, þá sé eg ekki betur en að það sé að eins til að baka sjávarsveitunum kostnað, því saltaðar húðir eru miklu dýrari en hertar, og þetta kemur einkum niður á fátækum sjómönnum og þurrabúðarmönnum, sem skæðaskinn verða að kaupa.

Því hefir verið haldið fram, að saltaðar húðir kæmu að eins frá löndum Evrópu, þar sem miltisbrandur er sjaldgæfur og nóg eftirlit. En við sjáum þó oft af blöðunum, að miltisbrandur kemur fyrir í þessum löndum, og það er alls ekki víst, að sóttnæmar húðir séu allar eyðilagðar, svo að þær geti aldrei fluzt inn saltaðar, því eg þekki ekki þann eiginleika saltsins, að það sé sóttdrepandi. Eg sé því ekki, að frumv. þetta veiti neina tryggingu né nái þeim tilgangi, sem ætlast er til, og þess vegna greiði eg atkvæði á móti því, enda þótt eg búist við, að það gangi í gegnum deildina fyrir það.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er það alls ekki skoðun nefndarmanna, að salt sé óyggjandi til að drepa sóttnæmi, heldur er ákvæði frumv. bygt á því, að með þessu móti mundu sóttnæmar húðir ekki koma til landsins vegna þess, að í þeim löndum, sem saltaðar húðir koma frá, er eftirlit svo gott, að pestardauðar skepnur eru ekki notaðar, og þó það kynni að koma fyrir, er hættan margfalt minni en nú, þar sem flytja má inn húðir, hvaðan sem þær koma. Eg skal játa það, að mér hefði verið kærast að halda frv. óbreyttu í þess upprunalegu mynd, en sá vegur var ófær vegna mótspyrnu manna gegn því, enda mundi h. þm. Ísf. (Sk. Th.) ekki hafa verið því síður mótfallinn þá, er allur innflutningur ósútaðra húða var bannaður í frv.

Þetta frumv. gerir ekki önnur óþægindi en að skæðaskinn verður

nokkuð dýrara, en á hinn bóginn verður, eins og eg hefi tekið fram, hættan, sem stafar af miltisbrandi, margfalt minni. Eins og eg tók fram við 1. umr., er mér það óskiljanlegt, hvernig nokkur þingm. getur verið þessu mótfallinn. Ætli mönnum snerist ekki hugur, ef miltisbrandurinn væri orðinn innlendur hjá okkur og dræpi menn og skepnur niður eins og flugur? Þá mundu menn ekki tala um það, að nokkurir sjómenn hefðu orðið að kaupa skæðaskinnið dýrara, og miltisbrandinum hefði verið afstýrt, heldur barma sér yfir þeirri óforsjálni, að gera það ekki fyrir löngu. Mér finst þeir, sem mæla á móti frumv., líti að eins á þau óþægindi, sem af þessu mundu stafa, og sem þó mundu að eins verða svo svo sem fyrstu tvö árin, því hér mundi fara sem oftar, að neyðin kendi mönnum að bjarga sér út úr vandræðunum. Það er langt frá því, að skófatnaður okkar sé óhentugur, og eg er sannfærður um, að yrði innflutningur ósútaðra skinna alveg bannaður, mundu menn læra að nota miklu meira en nú á sér stað annan skófatnað, t. d. tréskó og klossa, sem eru bæði hollari og margfalt ódýrari skófatnaður.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en að eins vona, að h. d. verði mér samdóma um það, að frumv. er til nokkurra bóta. Reynist það síðar ekki fullnægjandi, verður að banna innflutning þessarar vöru algerlega.

Skúli Thoroddsen: Það var eitt, sem mér láðist að taka fram, og sem sýnir enn fremur, hvílíkur hégómi þetta frumv. er. Hér er alt bygt á því, að saltaðar húðir flytjist ekki hingað til lands, nema frá hinum næstu löndum álfu vorrar. En hvað er hægra fyrir verzlunarstétt vora, sem eiginhagsmuna vegna leitast við að útvega viðskiftamönnum sínum sem ódýrastar vörur, hvað er hægra fyrir hana, segi eg, en að útvega saltaðar húðir frá Suður-Ameríku? Það er svo gott til að vita, að til er salt víðar en í Norðurálfu. Þetta sýnir, hvílíkur hégómavegur vegur nefndarinnar er. Astandið verður í sjálfu sér óbreytt fyrir þessum lögum, enda tel eg það ekki svo mikiðn skaða, því að eg er sannfærður um, að hættan af húðunum þarf ekki að vera neitt lík því, sem h. 2. þm. Skgf. (St. St.) útmálar hana. Eftir gildandi lögum getur nefnilega lögreglustjóri skipað fyrir, að húðirnar skuli bleyttar í klórkalkvatni og þannig gerðar óskaðvænar. En eg veit ekki til, að fleiri en einn lögreglustjóri, lögreglustjórinn í Isafjarðarsýslu, hafi gefið út þessa fyrirskipun. En þar hefir ekki heldur orðið vart við hættuna af húðunum, síðan það var tekið upp, að bleyta þær á fyrirskipaðan hátt. En hví geta menn ekki í öðrum umdæmum skorað á lögreglustjóra sína, að skipa fyrir að þessi regla sé tekin upp? Eg get verið þakklátur fyrir hönd kjósenda minna fyrir þær bendingar, sem h. þm. (St. St.) gaf þeim um það, að fara að ganga á klossum, en eg er hræddur um, að þeir þykist nokkuð þungir á sér og ekki liðugir að vera á klossum, þegar þeir eru á bátum sínum á sjó. Það getur verið, að klossar séu hentugri skófatnaður handa smölum landsins, en þó gæti eg trúað, að þeir mundu heldur æskja eftir öðru, er þeir hefðu fengið að reyna það.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: H. þm. (Sk. Th.) þurfti ekki að hafa fyrir því, að gefa upplýsingar um vald lögreglustjóra til að skipa fyrir um sótthreinsun ósútaðra húða; eg hafði sjálfur talað um það við fyrri umr. málsins. H. þm. (Sk. Th.) gat þess, að

hann vissi ekki til að nema að eins einn lögreglustjóri hefði gefið út fyrirskipanir um sótthreinsun húðanna. En af hverju mun þetta koma? Sjálfsagt af því, að þeir vita, að þótt þeir gefi út fyrirskipanirnar, þá hafa þeir ekki ráð til að framfylgja því, að þeim sé hlýtt, þar sem þeir mæta mótþróa.

Eg hefi nú fengið vitneskju frá sjálfum lögreglustjóranum í Ísafjarðarsýslu um það, að eigi séu þeir allir í umdæminu, er hlýða sótthreinsunarfyrirskipunum. Þetta sýnir, hvaða gagn er að þeim, undir eins og þeim er mótþróa sýndur, því að eg efast ekki um, að lögreglustjórinn mundi ekki hafa látið átölulaust fótum troða skipanir sínar, ef hann hefði séð veg til að framfylgja þeim.

Eg hefi svo víst ekki fleiru að svara h. þm. (Sk. Th.), því að ekkert var nýtt í ræðu hans, nema ef vera skyldi það, að sjómenn mundu verða þungir á sér á sjó, ef þeir ættu að vera á tréskóm. En mundi ekki vera vinnandi vegur fyrir þá, að taka af sér tréskóna, þegar þeir fara á sjóinn, og setja upp skó, helzt úr sútuðu skinni, eða þá fara í stígvél? Um smalana er sama að segja; við smalamenskuna geta þeir brúkað skó úr skinni, þótt þeir gangi heima við á tréskóm. Það er annars reynsla fyrir því, að tréskór eru hagkvæmir við fjöldamörg störf, og það er gamall vani, eða öllu heldnr óvani, sem stendur í vegi fyrir því, að þeir skuli ekki vera notaðir miklu almennara en gert er. Eg er sannfærður um, að með tímanum vex fólki svo praktiskt vit, að það sér, að þetta er hið eina rétta og hyggilega.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 20. ágúst (C bls. 641, nefndarál. 688).

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.): Eg hefi fáu að bæta við það, sem stendur í framhalds-nefndarálitinu. Háttv. efri deild hefir breytt frumv. í þá átt, að lögin yrðu heimilandi í stað þess, að vera skipandi. — Þegar frumv. var til umræðu hér í deildinni, mætti það talsverðri mótspyrnu, af því að margir hugðu, að slík lög mundu leiða til þess, að mikil vandræði yrðu með skæðaskinn, og kom því nefndin með þá breyt.till., að ekki skyldi banna að flytja söltuð og óhert skinn og húðir til landsins. En þetta ákvæði hefir háttv. efri deild felt burtu. — Eg býst því við, að þeir sem mest mæltu á móti frumv. hér í deildinni, verði með því nú, þar sem engin vandræði geta hlotist af því, og þar sem að eins er veitt heimild í stað þess að skipa.

Eg veit, að háttv. Ed. gengur að þeim breyt.till., sem við höfum komið fram með, og vona eg, að deildin samþykki breytingartill. og frumv. í heild sinni.

Þórður J. Thoroddsen: Eg skil ekki, hvernig þessu laga-ákvæði um bann gegn innflutningi ósútaðra skinna og húða yrði komið í framkvæmd. — Stjórnarráðinu er veitt heimild til, að banna innflutning ósútaðra skinna og húða, nema trygging sé fengin fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi; en eg skil ekki, hvernig á að fá þessa tryggingu. — Eg geri ráð fyrir, að h. framsögum. (St. St.) skilji það, úr því hann leggur með því, að frumv. sé samþykt. — Er meiningin sú, að það sé trygging fyrir alt landið eða fyrir hvern einstakan kaupanda? Svo batnar ekki, þegar viðbótin frá nefndinni bætist við; það er hver silkihúfan upp af annari. — Breyt.till. fara fram á, að eigi megi flytja inn ósútaðar húðir og skinn »nema söltuð séu og óhert eða

enn frekari trygging sé fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi«. — Eg skil ekki, að þetta sé rétt orðað, því það er engin trygging fyrir því, að í húðunum felist ekki sóttnæmi, þó þær séu saltaðar og óhertar, og eg skil ekki, að deildin fallist á þessar breyt.till., af því þær eru vitleysa. — Það má salta og bleyta húðir, þó þær séu fullar af miltisbrandi. — Eg get því ekki greitt atkvæði með breyt.till. nefndarinnar og ekki heldur með frumv. Ed., af því eg sé ekki, að hægt sé að koma slíkum lögum í framkvæmd. — Hins vegar má stjórnin eftir gildandi lögum ákveða, að húðir þær, sem flytjast hingað til lands, séu sótthreinsaðar, og sé það álitin næg trygging, eru þessi ákvæði þýðingarlaus.

Framsögumaður (*Slefán Stefánsson*, þm. Skgf.): Eg bjóst nú reyndar við því, að mótspyrnan gegn þessu frumv. væri horfin. Eg skal strax játa, að breytingarnar eru til að gera frumv. óaðgengilegra, ekki fyrir þá, sem voru á móti því, heldur fyrir þá, sem voru með því, að banna innflutning ósútaðra húða. — Það er að eins neyðarúrræði fyrir okkur, að ganga að þeim.

Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) talaði um, að það væri engin trygging fáanleg í þessu efni, þá var nefndinni það ljóst, hvernig fara mundi, ef frv. yrði samþykt óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed. — Stjórnarráðið mundi annaðhvort ekki gjöra neitt, af því það sæi sér ekki fært, að fá þá tryggingu, sem lögin heimta, eða banna algjörlega innflutning ósútaðra skinna og húða. — En nefndin gat ekki gjört sér von um, að þessi deild mundi vilja samþykkja frumv., sem heimilaði stjórninni, að banna algjörlega innflutning þessarar vöru, og til þess að bjarga málinu við, setti hún inn aftur þá undanþágu, sem samþykt var hér í deildinni um daginn, og get eg ekki ímyndað mér, að þeir, sem voru með henni þá, verði nú á móti.

Þar sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) sagði, að það væri engin trygging fyrir því, að húðirnar væru ósóttnæmar, þó þær væru saltaðar og óhertar, þá getur það verið rétt frá hans sjónarmiði, en við álítum ekki, að saltið gjöri húðirnar ósóttnæmar, heldur að saltaðar húðir séu óskaðlegar af því, að þær koma frá þeim löndum, þar sem sóttnæmar húðir eru ekki notaðar. — En vilji h. þingmenn ekki ganga inn á breytingartillögur nefndarinnar af því, hvernig þær eru orðaðar, þá þarf ekki annað en fella burt seinni liðinn, ef það þykir aðgengilegra. — En okkar meining var, að binda ekki hendur stjórnarinnar, ef hún kynni að finna einhverja betri tryggingu.

En mótspyrna h. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) er ekki sprottin af því, að hann skilji ekki þessi ákvæði, heldur af því, að hann lítur að eins á skæðaskinns-ekluna, og þess vegna er eðlilegt, að hann berjist á móti þessu fram í rauðan dauðann. — Eg vona nú, að þessari mótspyrnu sé lokið að þessu sinni, og að frumv. verði lofað að komast gegnum þingið, því að það mundi þó gjöra nokkuð gagn. Eg vona, að allir, sem greiddu atkvæði með því um daginn, gjöri það aftur nú. — Það er engin meining í, að banna stjórninni, að leyfa innflutning húðanna, ef trygging getur fengist gegn sóttnæmi. En eg býst ekki við, að sú trygging fáist, en að stjórnin banni allan innflutning þessarar vöru.

ATKV.GR.: Br.till. 546 1. við 1. gr. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 546 2. við 2. gr. samþykt með 15 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt með 18 atkvæðum og endursent efri deild.

Læknishéraðaskipun.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (C bls. 362); 1. umr., 5. ágúst.

Hermann Jónasson: Mér þykir nokkuð einkennilegt, að það skuli nú vera komið frumv. til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899, og það þar sem lögin, hvað breyting þessa snertir, eru ekki enn komin til framkvæmdar. — Að sönnu veit eg það mikið vel, að h. þm. Strand. (Guðj. G.) hefir lagt mikið kapp á þetta mál bæði á þingi 1897 og 1899; en nefndin, sem þá var skipuð í þetta mál og meiri hluti þingsins var aftur með því, að Miðfjarðarlæknishérað skyldi vera eins og nú er. — Þetta kapp hefir komið fram síðan, því á sýslufund, sem að haldinn var í Húnavatnssýslu 1900, voru sendir menn úr Strandasýslu, til að mæta á fundinum og ræða um það, hvort ekki mundi geta fengist samkomulag til breytingar á þessu. — Það atvikaðist svo, að eg hlýddi á umræður í þessu máli, og eg verð að segja, að þær fóru mjög stillilega fram frá báðum málspörtum, og voru ræddar með skýrum og glöggum rökum. En það varð niðurstaðan hjá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu, að það væri ekki hægt, að ganga inn á neinar breytingar, því að lögin væru haganlegust og heppilegust eins og þau nú eru. Og eg álít, að háttv. þingdeild verði að taka meira tillit til álits heillar sýslu, heldur en þó hafi komið fram óánægja hjá einum eða tveimur sveitarfélögum.

Eg hefi heyrt því slegið fram hér á þingi, að með þessari breytingu mætti koma í veg fyrir það, að læknirinn Júlíus Halldórsson, sem hefir setið á Klömbrum, þyrfti að flytja og verða fyrir þessum mikla skaða, sem hann hefir orðið fyrir; en þetta nær ekki nokkurri átt. Það er fyrst og fremst, að læknirinn hefir þegar selt bú sitt og farið frá jörðinni, án þess að geta selt hana, en er búinn að flytja sig á Blönduós og kaupa þar hús, og búinn að hafa mikið fyrir, að setja sig niður; og það væri að eins að bæta gráu ofan á svart, ef hann ætti nú aftur að fara að flytja frá Blönduósi. — Það getur ekki komið til nokkurra mála, að læknirinn sitji annarstaðar en á Blönduósi eða í nánd við hann.

Og hvað snertir Klömbrur, þá vil eg taka það fram, að eftir þessu nýja frumv., þá eru Klömbrur yzti bærinn í þeim jaðri umdæmisins.

En svo er önnur hlið á þessu máli, sem mér finst hafa dýpri þýðingu; og það er það, að Blönduóss-læknishérað, eins og það er nú, er all-stórt og erfitt læknishérað; en ef þessi breyting næði fram að ganga, þá yrði bætt við tveimur stórum hreppum, sem eru erfiðir umferðar, og liggja mjög fjarri þessu sjálfsagða læknissetri, sem hlýtur að verða fyrir héraðið. — Nú er þess að gæta, að þessi læknir er búinn að þjóna erfiðu læknishéraði í 27 ár, og er orðinn gamall maður og bilaður á heilsu; svo eg get alls ekki séð, að hann muni til lengdar vera fær um, að þjóna einhverju því erfiðasta læknishéraði, sem yrði á landinu, ef þetta frumv. næði fram að ganga. — Það yrði því ekki annar vegur fyrir hann en að taka sér aðstoðarlækni; en með því embættið er hvorki svo launað né fjárhagur hans svo, að hann leyfi það, þá sé eg ekki annað fyrir hann, en að sækja um léttara umdæmi, ef það losnaði,

ellegar fá lausn frá embætti. Og þegar eg lít á þær þungu búsifjar, sem þessi maður hefir orðið fyrir, þá þætti mér það ódrengilegt af þinginu, að vilja höggva stærra gagnvart þessum manni, en gjört hefir verið.

Þá er eitt, sem eg vil líka taka fram. Læknirinn í Miðfjarðarhéraði hefir átt ákaflega mikla erfiðleika með að fá sér býli, þar sem hann átti að sitja. Nú loksins er hann búinn að fá sér jörð til þess að geta haft þar »apótek« og gegnt sínum læknisstörfum. Ef þetta frumv. nær fram að ganga, þá sjá allir, að þessi læknir verður bráðlega að flytja sig aftur, hlaupa frá byggingu sinni á þessari jörð, og öllu því, sem hann hefir lagt þar í kostnað. Og þar sem er um lág laun að ræða, og fátækir fjölskyldumenn eiga hlut að máli, þá hljóta allir að viðurkenna, að þetta er afarhart gagnvart einstökum mönnum. Og hið sama er að segja um lækninn í Strandasýslu, ef frumv. þetta nær fram að ganga.

En svo er eitt, sem eg vildi enn á ný benda á, og það er það, að þessi lög frá '99 eru alls ekki komin til framkvæmda hvað snertir þetta Miðfjarðarhérað; því hefir þangað til í sumar verið þjónað af héraðslækni Júlíusi Halldórssyni, sem hefir setið á Klömbrum, svo læknirinn hefir ekki setið á þeim stað, sem ákveðið er í lögunum; og það er fyrst þann 10. þ. m., sem hann flytur á þann stað. Mér finst það því mikið staðfestuleysi af þinginu, þar sem nýsett eru lög, að nú skuli koma fram till. um breyting á því ákvæði í þeim, sem enn er ekkert búið að reyna. Og þar sem læknarnir eru báðir fluttir, svo að þingið getur ekki haft það fyrir augum, að koma í veg fyrir það, þá virðist mér mikið hyggilegra og réttara að fresta málinu, og sjá, hvernig reynslan gefst í þessu efni.

Þórður J. Thoroddsen: Það voru að eins fáein orð, sem eg ætlaði að taka fram viðvíkjandi þessu frumv., sem komið er frá háttv. Ed.; og það er það, að þetta frumv. er alveg í samræmi við það, sem kom fram á þingi '97, þegar læknaskipunarlögin voru til umr., en fyrir sérstakt atvik var því breytt á þingi '99 til þess, sem nú er; og eg vildi þess vegna biðja háttv. þingd. að athuga þetta nákvæmlega, áður en hún fellir það, og eg get ekki verið á sama máli og háttv. þm., sem nú settist niður, að það sé rétt að láta þetta bíða, og reyna heldur að sjá, hvernig læknishéraðaskipunin, sem nú er, reynist. Eg held að það sé nú heppilegur tími til að breyta skipuninni, ef á annað borð þarf að breyta henni; því eg veit ekki betur en að það sé nú svo, að læknirinn er þangað nýkominn og enn ekki búinn að búa um sig, og eg hefi heyrt, að hann hafi verið í vandræðum með samastað, og hefir ekki fengið hann nema á óheutugum stað; svo eg álít einmitt nú tíma til að gjöra breyting, ef þörf er á því, heldur en að gjöra það seinna, þegar læknirinn verður búinn að búa um sig, því þá getur orðið það sama uppi á teningnum, eins og hefir orðið að því er snertir núverandi lækni í Blönduóshéraði.

Eg álít, sem sagt, að háttv. deild ætti að athuga þetta mál vel, og vona að það fái að ganga til 2. umr.

Hermann Jónasson: Eg vildi að eins geta þess út af orðum háttv. þm., er síðast talaði (Þ. J. Th.), að læknirinn í Miðfjarðarhéraði er búinn að útvega sér jörð, og hefir eitthvað látið byggja þar eða laga til, og það er ráðgjört, að það verði búið 10. ágúst, og þá flytji fjölskyldan þangað.

ATKV.GR.: Málið felt frá 2. umr. að viðhöfðu nafnakalli með 12 : 10, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson, Dal.,	B. Bjarnarson, Bf.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Jósafat Jónatanss.,
Pétur Jónsson,	Lárus Bjarnason,
S. Stefánsson, Eyf.,	Magnús Torfason,
S. Stefánss., Skgf.,	Ólafur Briem,
Þórður Guðmundss.,	Sigurður Sigurðss.,
Þórður Thoroddsen.	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson.
	Valtýr Guðmundss.

Geðveikrastofnun.

FRUMVARP til laga um geðveikra stofnun (C bls. 565); 1. umr., 13. ágúst.

Flutningsmaður (*Valtýr Guðmundsson*): Frumv. þetta er þannig tilorðið, að fjárlaganefndinni barst beiðni frá einstökum manni, Schierbeck lækni, og var þar farið fram á, að koma hér á fót geðveikraspítala. Bauð hr. Schierbeck og kona hans að leggja fram fé, til að koma upp spítalabyggingunni með öllum útbúnaði, og ennfremur leggja til læknishjálp endurgjaldslaust, að minsta kosti fyrst um sinn. Aftur á móti áskildu þau sér, að landsstjórnin legði til ókeypis grunn undir stofnunina og undir íbúðarhús læknisins, og jörð til afnota fyrir spítalann. Grunnurinn átti að vera hans eign, að minsta kosti meðan húsið stæði, en jörðin að vera landssjóðs eign til ókeypis afnota. Var það tekið fram, að heppilegt væri að jörðin væri svo sett, að skamt væri í gott vatn, og helzt að þar væri foss, því gjört var ráð fyrir, að nota raflýsing við spítalann, af því að sú birta er talin hollari og heppilegri á slíkum stofnunum. Var því ekki svo hægt að velja, því þótt landssjóður eigi margar jarðir, þá er hæpið að nokkur þeirra sé hentug til þessa, og gat því verið spursmál um, hvort landssjóður ætti ekki að kaupa jörð til þess. Þar sem, eins og kunnugt er, margir geðveikir menn eru hér á landi, og horfir til vandræða fyrir sveitarfélögin, af því að engin staður er hér á landi, er hægt sé að senda slíka menn til, og mjög kostnaðarsamt að senda þá til útlanda og kosta þá þar, þá virðist nefndinni rétt, að sinna þessu boði, sem í sjálfu sér er svo örlátt, en hins vegar áleit nefndin, að ómögulegt væri að veita fé til þess í fjárlögunum, heldur yrði að semja um þetta sérstök lög. En nú var tilboðið svo ógreinilegt, að ekki var hægt að sjá, hvað árskostnaður mundi verða við stofnunina, en svo var tilskilið, að landssjóður skildi greiða kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar, en aftur átti að renna í landssjóð það fé, sem borgað yrði með sjúklingunum af aðstandendum eða sveitarfélögum. En við nánara samtal við lækninn komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn mundi ekki fara fram úr 10,000 kr. á ári, og hefir því nefndin lagt það til, að greiða mætti alt að þeirri upphæð til árskostnaðar. Aftur á móti kæmi það til greina, hve mikið landssjóður fengi í aðra hönd, og yrði það komið undir því, hve hátt spítalagjaldið væri. Ef borgaðar yrðu 300 kr. með hverjum sjúkling um árið, þá mundi landssjóður fá helming kostnaðarins aftur, því ekki er ástæða til að ætla, að spítalinn yrði ekki fullsettur. Hann mundi fremur verða of lítill en of stór.

Mér finst hér fremur vera farið fram

á ofiítið en of mikið, 300 kr. fyrir hvern sjúkling; nú eru áætluð 16 sjúkra rúm; það verður c. helmingur eða 5000 kr. Auðvitað er ekki víst, hverjir útgjaldaliðir kunna að koma til greina, en læknirinn álítur, að kostnaður allur fari ekki fram úr 10 þús. kr. Eg skal nú ekki bera brigður á það, — nefndin hefir samið þetta í snatri, og komi fram athugasemdir, er hún fús á að taka þær til greina. Svo skal eg ekki fjölyrða um þetta frekara, en fjárlaganefndin mælir með frv. í því formi, sem háttv. deild kann að þykja heppilegt.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 15. ágúst

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 18 atkv.
2. — — — 17 —
3. — — — 16 —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þriðja umr., 17. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþykt í e. hlj. og afgr. til Ed.

Mentamálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um mentamál (C. bls. 189, 221); ein umr., 11. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eg trúi því tæplega, að nokkur beri á móti því, að mentun þjóðar vorrar sé ábótavant, né heldur á móti því, að skipun mentamála vorra sé öðru vísi en hún á að vera. En játi menn þetta, þá er það heilög skylda þings og þjóðar, að reyna að kippa í lag því sem miður fer í þeirri grein. Eg geng út frá því, að því muni verða játað, að sönn mentun sé hyrningarsteinn undir velfarnan þjóðarinnar. Þingið sjálft hefir og viðurkent þetta, með því að taka málið hvað eftir annað til meðferðar, og með því að reyna á ýmsa vegu að kippa mentamálunum í lag. Aftur á móti hefir stjórnin sint máli þessu fremur lítið; hún hefir jafnvel reynst þrándur í götu fyrir sumum umbótatilraunum þingsins, t. d. umbótum á latínuskólanum.

Við, sem gjörst höfum flutningsmenn þessa máls, álítum að nauðsyn sé, að þetta þing láti líka til sín taka um það, og reyni að finna ráð til að bæta úr misfellum bæði á skólum vorum og á hinum lægri mentamálum. Verkefni nefndarinnar ætti að vera það, bæði að taka til íhugunar mentamálið í heild sinni, og fyrirkomulag hinna einstöku skóla, sérstaklega þó latínuskólans, sem svo mikið hefir verið um rætt og ritað að undanförnu. Að því er hann snertir, erum vér nú svo heppnir, að hafa fyrir oss til íhugunar álit háskólans í Kaupm.höfn á því máli.

Eg gæti haldið áfram að telja upp störf nefndarinnar, en að svo stöddu tel eg þess eigi þörf; það eitt er víst, að þau geta verið mörg, og vandasöm eru þau.

Jósafat Jónatansson: Eg ætla aðeins að segja örfá orð. Eg vona að háttv. deild samþykki till. þá, er hér liggur fyrir, um að skipuð sé nefnd í mentamálið. Eg skal ekki fara út í einstök atriði, en að eins geta þess, að eg býst við menn haldi áfram að nota umgangskenslu í sveitum, að minsta kosti fyrst um sinn, og ætti því að styrkja hana, og einnig veita styrk barnaskólum í sjávarplássum og kaupstöðum. En mér finst að full þörf væri á, að koma upp unglingaskólum, er væru nokkurs konar sambandsliðir milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna, eða hinna æðri

alþýðuskóla, er tækju við unglingum frá því þeir eru 14—20 ára. Eg vildi að eins benda á þetta, og vona eg að nefnd sú er skipuð mun verða í mál þetta taki það til íhugunar, og skal því ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni, en vona að tækifæri gefist til þess síðar.

ATKVGR.: Till. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Í nefnd voru kosnir:

Hermann Jónasson með 21 atkv.
Einar Jónsson — 20 —
Valtýr Guðmundsson — 12 —
Björn Bjarnason, Dal. — 11 —
Lárus Bjarnason — 11 —

Barnakennarastyrkur.

TILLAGA til þingályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennara (C bls. 614); fyrri umr.

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Það verður ekki sagt, að þetta sé nýtt mál, því að á flestum undanfarandi þingum hefir verið rætt um, hver skilyrði skyldu sett fyrir úthlutun hins litla styrks, sem veittur er úr landssjóði til barnaskóla og umferðarkenslu.

Þær reglur, sem hér er lagt til að fylgt sé, eru í fám atriðum frábrugðnar reglum þeim, sem mentamálanefndin á síðasta þingi lagði til að fylgt væri við úthlutun styrksins, en sem þá náðu eigi samþykki þingsins, og í raun og veru víkja þær ekki mikið frá þeim reglum, sem nú eru gildandi. Að því er barnaskólana snertir, vill nefndin, að þar séu kendar hóti fleiri greinar en nú er. Þannig hefir nefndin lagt það til, að þar væru kendir valdir kaflar úr sögu ættjarðarinnar; henni þótti það næsta óviðkunnanlegt, að eftirtekt barnsins væri ekki vakin á helztu viðburðunum í sögu þess eigin þjóðar. Aðrar námsgreinar vill nefndin að kendar sé hinar sömu sem hingað til, að því undanteknu, að heilsufræði sé bætt við náttúrufræðiskensluna. Annað það, sem frábrugðið er því, sem nú tíðkast, er, að hver skóli skuli settur undir stjórn þriggja manna nefndar, er þannig sé skipuð, að í henni sé söknarpresturinn og tveir menn aðrir, annar kosinn af hreppsnefnd, en hinn af sýslunefnd, og á sama hátt er gert ráð fyrir að kenslunefnd sé skipuð til að hafa umsjón með sveitakenslu. Í tillögunni, sem lá fyrir síðasta þingi, var gert ráð fyrir, að hreppsnefnd kysi báða þá menn, sem í kenslunefnd skyldu sitja með presti. En til þess að skerpa eftirlitið, áleit mentamálanefndin það heppilegra, að sýslunefnd kysi annan þessara manna; á þann hátt stæði einn liður kenslunefndarinnar nokkuru fjær en ef hreppsnefnd kysi hann, og með því móti síður hætt við að hlutdrægni komist að. Þessi kenslunefnd á ekki einungis að ráða kennara; hún á líka að hafa eftirlit með því, að kenslan fari að öllu vel fram, og annaðhvort eiga sjálfir nefndarmennirnir að vera prófdómarar eða sjá fyrir mönnum til að vera það. Hvað sveitakensluna snertir, er sú höfuðbreyting gerð, að sveitunum er gert að skyldu að leggja fram helming af kaupi kennaranna og öðrum kostnaði á móts við landsjóðsstyrkinn. Með þessu er tvent unnið; fyrst það, að kjör kennaranna eiga þó að taka dálitlum bótum, og svo leiðir væntanlega hið annað af þessu, nefnilega það, að meiri líkindi fást fyrir því, að nokkurn veginn hæfir menn takist kensluna á hendur. Eg gat þess þegar um fjárlögin var að ræða, að með því að auka landsjóðsstyrkinn til sveitakennara eins og fjárlagafrumv. gerir ráð fyrir, og með því að sveitirnar legðu fram helming á móts við land-

sjóðsstyrkinn, þá mundu laun hvers sveitakennara að jafnaði verða 75 kr., ef miðað er við þá tölu þeirra, sem nú er. Sjálfsagt yrði þetta töluvert misjafnt, svo að búast mætti við, að þeir sem mest fengju, bæru úr býtum alt að 150 kr., auk fæðis og húsnæðis, og þótt það sé ekki há borgun fyrir jafnáríðandi starf, þá er það þó töluverð breyting til batnaðar frá því sem nú er. Annað, sem að ætlun nefndarinnar vinst við það, að sveitarfélögin leggi fram nokkuð af kaupi kennaranna, er það, að búast má við, að áhugi þeirra vaxi á því, að hún verði að sem beztum notum. Því að það er ávalt svo, að mönnum er annara um þrif þess, sem þeir verða að leggja fram fé til sjálfir, en ef aðrir gera það. Eg verð því að leggja mjög fram með því, að þetta verði samþykt. Það þótti of langt farið að þessu sinni, að krefjast þess, að sveitirnar legðu fram jafn mikið og landsjóður af launum kennaranna, en eg álít að það eigi að vera framtíðarbrautin, sem vér eigum að halda inn á, að landssjóður leggi fram helming af kostnaði við barnafræðslu og unglinga, en héruðin helminginn. Eg skal geta þess, að meiri hluti nefndarinnar kom fram með tillögu um, að landsjóður legði fram nokkurt fé til barnaskólabygginga, en því miður fekk hún ekki fylgi að þessu sinni, en eg vona að byrlegar blási fyrir henni síðar.

Að því er kenslutímann snertir, fer nefndin fram á, að hver sveitakennari kenni 5 mánuði á ári, til þess að hann geti orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks, þar sem á síðasta þingi var gert ráð fyrir 6 mánuðum. Nefndinni fanst það mundi geta valdið nokkrum örðugleikum eftir því, sem víða hagar til, að heimta lengri kenslutíma en 5 mánuði. Nefndin leggur þó enga aðaláherzlu á þetta tímatakmark; það sem hún leggur aðaláherzluna á, er, að ekkert barn sé tekið til greina við úthlutun styrksins, er skemur hafi notið kenslu en 2 mánuði. Þetta eru nú helztu nýmælin í reglum þessum, og vona eg að þau geti orðið til nokkurra bóta; bæði er hér stigið spor í þá átt, að bæta kjör kennaranna, og til að fá betra eftirlit með kenslunni. Þetta tvent er það, sem vér eigum að keppa að. Reyndar má ekki búast við neinum stórfeldum umbótum á lýðfræðslu vorri, fyr en skipuð hefir verið sérstök kenslustjórn, kjör kennaranna verið bætt að miklum mun, og vér höfum fengið fullkominn kennaraskóla. Þetta þrent er undirstaðan undir því, að alþýðufræðsla vor komist í gott horf, og eg vona að það verði ekki langt þangað til að þing og þjóð sjái, að þótt vér máske þykjumst naumast hafa efni á að kippa þessu í bezta lag, þá höfum vér þó miklu síður efni á að láta það vera í ólagi.

Landshöfðingi: Eg sé, að hér er usett nokkur ný skilyrði fyrir landsjóðsstyrk til barnakenslu, og vildi eg leyfa mér að gera fyrirspurn til háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) um einstöku atriði viðvíkjandi nokkrum þeirra. Eg sé, að sett er sem eitt af skilyrðunum fyrir styrkveitingu úr landsjóði til barnaskóla, að þar sé kend heilsufræði. Eg veit ekki, hvernig hægt verður að fullnægja þessu skilyrði á næsta fjárhagstímabili, þar sem mér er ekki kunnugt um, að til sé á íslenzku nokkur hæfileg kenslubók í þeirri grein. Eg vildi heyra, hvernig háttv. nefnd hugsar sér að þessi kensla verði framkvæmd. Þá vil eg minnast á annað atriði. Það er tekið fram í skilyrðunum, að kennari, sem tekið hafi opinbert kennara-

próf, skuli að öðru jöfnu tekinn fram yfir óæfðan, próflausan kennara, þegar kennari er ráðinn. Það er ekki svo að skilja, að eg hafi nokkuð á móti þessu ákvæði, en eg skil ekki í, hvernig það umboðsvald, sem styrknum á að úthluta, geti fengið trygging fyrir því, að þessu skilyrði hafi verið fylgt, hvernig það á að komast að raun um, að ekki hafi verið vísað á bug kennara með opinbert kennarapróf, en annar óæfður og próflaus tekinn fram yfir hann. Það er ekki tekið fram í skilyrðunum, að vottorð um þetta eigi að fylgja með öðrum fyrirskipuðum vottorðum og skýrslum frá skólanum.

Þá skal eg víkja að því, að mér finst ekki sem allra bezt samkvæmni í því, að það er sett sem skilyrði fyrir landsjóðsstyrk handa föstum skólum, að þeir njóti jafnmikils styrks annarstaðar að, en til sveitakenslu er ekki farið fram á að styrkurinn frá öðrum sé nema helmingur á móts við landssjóðsstyrkinn. Mér finst öllu meiri ástæða til að heimtað sé, að sveitirnar leggi fram tiltölulega meira móts við landsjóðsstyrkinn til umferðarkenslu en til fastra skóla, og vil eg skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni finst ekki ástæða til, að færa skilyrðið í það horf, að lagt skuli fram annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið og landsjóðsstyrknum nemur til sveitakenslu.

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Það er satt, að engin hentug kenslubók handa barnaskólum er til á voru máli í heilsufræði, en eg vona, að flestir barnaskólakennarar séu svo vel að sér, að þeir geti veitt tilsögn í henni munnlega, svo að nokkuru liði geti komið; að minsta kosti vakti það fyrir nefndinni, og eins má telja það unt, að próf sé haldið í heilsufræðinni, þótt kensla hafi að eins verið munnleg. Yfir höfuð verð eg að ætla, að affarabezt muni verða að barnakenslan sé sem mest munnleg, styðjist að eins við bækur og kensluáhöld. Þó skal eg játa það, að æskilegt væri að eignast kenslubók í þessari grein, og þar sem lagt er fram dálítið fé af landssjóði til að styðja að samningu og útgáfu barnaskólabóka, þá er ekki ólíklegt, að hægt mundi vera að fá færan mann til að rita bók í þessari grein, og að fá henni komið á prent. En heilsufræðina tel eg svo áríðandi námsgrein, að eg er hinn ófúsasti á, að fram hjá henni sé gengið. Í Náttúrusögu Páls Jónssonar er kafli um byggingu mannlegs líkama, og um leið vikið að ýmsu, sem heilsufræðina snertir; og þótt hún sé ekki að öllu eins og eg hefði óskað, þá má þó hafa nokkurn stuðning að því.

Það sem í skilyrðunum er sagt um kennara þá, sem staðist hafa opinbert kennaraprót, er fremur að skoða sem bending til þeirra, sem kennarana eiga að ráða, en skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði. Að vísu mætti krefjast þess af kenslunefnd, að hún gæfi skýrslu um það, hverjir sótt hefðu um kenslustarfið, og um það, hvernig þeir hefðu aflað sér þekkingar sinnar. En nefndin hefir ekki farið fram á neitt slíkt, því að hún skoðar fyrirmælin um kennaraprófsréttindin að eins sem bendingu.

Að réttu lagi ætti að gera hvorutveggjum jafnt undir höfði með styrkveitingaskilyrðin, umferðarkennurum og föstum kennurum; en þótt svo sýnist í fljótu bragði, sem minni kröfur séu gerðar til framlags sveitanna á móts við landssjóðsstyrkinn til sveitakennara, þá er svo eigi þegar betur er aðgætt, því að þess er krafist, að auk hálfa tillagsins á móts við landssjóðsstyrkinn skuli sveitirnar leggja fram fæði og húsnæði handa umferðakennaranum, og það nemur mun meira en þessu hálfa tillagi, sem þær losast við, því að eins

og kunnugt er, verða kennarar við barnaskóla að kosta sjálfir fæði sitt og alt húsnæði líka. Eg játa það fyllilega að ekki sé ástæða til að heimta, að sveitirnar leggi tiltölulega meira til barnaskólakenslu en til umferðakenslu. Það væri meira að segja ástæða til að styrkja skólakensluna meira af landsfé en umferðarkensluna, því að í þá átt ætti að stefna, að skólum fjölgaði, en umferðarkenslan minkaði, og þegar tekið er tillit til fæðiskostnaðar sveitakennaranna, sem sveitirnar eiga að annast, þá hefir nefndin þó stefnt inn á þá braut, að hlynna öllu meir að skólakenslu en umferðakenslu.

Þórður Guðmundsson: Eg er hræddur um að það eigi nokkuð langt í land, að sveitakensla minki að mun, en skólum fjölgi. Reynslan er sú, að þar sem barnaskólar hafa verið reistir í sveitum, þar hafa þeir ekki getað þrifist, heldur því miður orðið að falla niður. Þá skal eg benda á, að í 4. lið undir II er það tekið fram, að ekkert barn skuli tekið til greina við úthlutun styrksins, sem ekki hafi notið kenslu 2 mánuði. Þetta er að vísu æskilegt í sjálfu sér, en eg er mjög hræddur um, að sé þetta skilyrði látið standa, þá muni þeim börnum stórum fækka, sem kenslu verða aðnjótandi. Þó skal eg ekki fara langt út í þetta. Það getur verið, að það borgi sig, að börnin séu færri, sem kenslunnar njóta, ef hvert þeirra þá hefir betra gagn af henni. Þó er það víst, að börn, sem ekki njóta kenslu fulla tvo mánuði, geta haft góð not af kenslunni. Ef þetta skilyrði verður látið halda sér, þá er það auðsætt, að kennarar munu leggja kapp á að ná í þau börn, sem líklegt er að þeir geti lengi haldið, og afleiðingin verður, að börn fátæklinga fara enn meir á mis við fræðslu eftir en áður. Það er þetta atriði, sem eg vildi að tekið væri til íhugunar til síðari umræðu, hvort menn vilji stuðla að því, að þeim börnum fækki stórum, sem notið geta einhverrar fræðslu hjá kennurum.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.): Eg býst við að nefndin verði ekki eins treg til að breyta nokkuru eins og einmitt þessu, að börn skuli hafa notið kenslu í 2 mánuði, ef tillit eigi að verða tekið til þeirra við útbýting styrksins fyrir barnakensluna. Nefndin setti þetta takmark svo lágt, sem hún sá sér frekast fært. H. þm. (Þ. G.) sagði, að fækka mundi börnum, sem kenslu nytu, ef þessu væri haldið fram. Eg efast um það, og vona að það verði ekki að miklum mun; en hinu má búast við, að minsta kosti fyrst í stað, að allmörg njóti kenslu, sem ekki verði tekin til greina, þegar á að fara að úthluta styrknum. — En þetta mundi smátt og smátt lagast, því að eins og h. þm. (Þ. G.) tók fram, mundi verða farið að keppa eftir, að sem flest börn nytu 2 mánaða kenslu, ef styrkveitingin væri við það bundin. Það er sjálfsagt fyrir þingið, að róa að því öllum árum, að kenslustyrkur sá, sem það veitir, komi að sem beztum notum, og eg verð að telja það miður rétt að verja landsfé til þess að borga kenslu, sem stendur yfir hálfan mánuð og þaðan af skemur. Mér verður því að vera mjög ant um, að þetta akvæði fái að standa. Eg legg minni áherzlu á það, að hver sveitakennari skuli þurfa að kenna 5 mánuði, til þess að geta orðið aðnjótandi landsjóðsstyrks. H. þm. (Þ. G.) gerði ráð fyrir, að það yrði að safna börnunum af fleiri heimilum saman á einn stað, ef hægt yrði að fullnægja skilyrðunum um 2 mánað kenslu-na. Þetta er einmitt það, sem þarf að gera meir eða minna; og í öllum sveitum er talsvert af svo vel húsuðum bæjum, að þessu verður komið við. Eg

álít að kappkosta eigi, að koma þessu á, að börnum sé sem flestum safnað á einn stað; það er undirbúningsstig þess, að reglulegir fastir skólar komist á. — Það, að skólar hafa oltið um, sannar ekki annað en það, að fólkið hefir ekki kunnað að nota þá og stjórna þeim, og að því hefir vaxið í augum að leggja fé fram til þeirra, svo sem þörf hefir verið. Ef þingið hefði lagt fram helming af byggingarkostnaði skóla þessara, eins og ætti að vera, og að öðru leyti stutt þá ríflega, þá mundu þeir líklega alls eigi hafa fallið um koll. Það er annars sannast að segja, að vér höfum ekki fyrir oss mikla reynslu í þessu efni enn sem komið er, og þeir eru ekki margir, þessir barnaskólar, sem niður hafa lagst. Það vakti fullkomlega fyrir nefndinni, að langæskilegast væri, að sem flestir fastir skólar kæmust á fót, því að umferðakenslan hlýtur alt af að verða ófullnægjandi. Skólunum hefir sjálfsagt ekki verið nógu skynsamlega fyrir komið að því leyti, að heimtuð hefir verið peningaborgun í meðgjöf með þeim, sem þar hafa orðið að búa, í stað þess að hafa samlagsbú, þar sem aðstandendur barnanna gætu lagt til ýmiskonar matvæli heiman frá sér, og svo ráðskonu, sem matreiddi handa börnunum og þjónaði þeim; rúmföt gætu börnin komið með að heiman og lagt sér til. Á þennan hátt yrði það hvorki mjög tilfinnanlegt fyrir aðstandendur barnanna, að halda þeim í skólanum, né skólahaldið mjög dýrt. — Eg vona, að h. deild samþykki tillögurnar, eins og þær nú liggja fyrir, en sjálfsagt er það, að nefndin mun taka til greina hverja góða bending, sem henni kann að berast.

Valtýr Guðmundsson: Viðvíkjandi styrknum til sveitakennara undir II. á tillögunni, þá er það mín skoðun, að ekki eigi að veita þann styrk úr landssjóði nema sem neyðarúrræði, og að minsta kosti á ekki að hafa hann eins háan og til barnaskólanna. Það ætti og hlýtur að komast á, að öll slík kensla verði kostuð af sveitarfélögunum. Það mætti auðvitað veita þetta fé nú, en smáminka það á hverju ári, þangað til það hverfur alveg, þegar búið er að venja sveitarfélögin smátt og smátt á, að kosta þessa kenslu sjálf.

Hvað viðvíkur heilsufræðinni, þá vil eg að hún sé kend, en mér þykir varhugavert, að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu til barnaskólanna, að hún sé kend þar, á meðan engin hentug kenslubók er til í þeirri grein.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.): Eg sé það, að mig og h. þm. Vestm. (V. G.) greinir á í þessu. Eg þóttist þó hafa sýnt fram á, að barnaskólarnir njóta meiri styrks en umgangskennarar. Nú eru úr landssjóði veittar 250 kr. til barnaskólanna, en ekki nema 75 kr. til umgangskennara. Móti þessu kemur frá sveitarfélögunum 250 kr. til barnaskólanna, en til umgangskennaranna 40 kr. + fæði og húsnæði, svo það verður víst alls að minsta kosti 187 kr., sem sveitarfélögin leggja til umgangskennaranna móti þessum 75 kr. styrk úr landssjóði, og er það tvöfalt meira en þau leggja til barnaskólanna hlutfallslega.

Hvað heilsufræðinni viðvíkur, þá lít eg svo á, sem auðvelt muni að semja hentuga kenslubók í henni fyrir næsta þing, svo framarlega sem nokkurt kapp verður lagt á það.

Einar Jónsson: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Hæstv. ldsh. sagði, að það væri ekki samræmi milli styrkveitingarinnar til barnaskólanna og sveitakenslunnar.

Eg vildi að eins benda á, að í fjárlögum þeim, er nú gilda, eru skilyrðin

fyrir styrknum til barnaskólanna þau, að þeir njóti að minsta kosti jafnmikils styrks annarstaðar að, en engin skilyrði sett fyrir styrk til sveitakennara.

Skilyrðin, sem farið er fram á að setja í þessari tillögu, miða þess vegna að því, að þrengja að sveitakenslunni, en veita barnaskólunum meiri hlunnindi, því hér er farið fram á, að sveitirnar leggi til $^1/_2$ móti landssjóðsstyrknum, auk þess, sem kennararnir eru fæddir endurgjaldslaust.

ATKVGR.: I. 1.—6. samþ. í e. hlj.
II. 1.—5. — - — —

Málinu vísað til síðari umr. í einu hljóði.

Síðari umr., 19. ágúst (C bls. 614).

ATKVGR.: Tillagan samþykt með 19 samhljóða atkv. og afgreidd til Ed.

Gagnfræðakensla á Akureyri.

FRUMVARP til laga um gagnfræðakenslu á Akureyri (C bls. 190); 1. umr., 11. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eins og kunnugt er, var Möðruvallaskólinn settur á stofn með lögum 14. des. 1877. Flutningsmenn þessa máls ætluðu sér í fyrstu, að koma hér á fullkomnum gagnfræðaskóla, í líkingu við það, sem tíðkast erlendis. En málið mætti talsverðri mótspyrnu og náði ekki fram að ganga í því formi. Úr þessu varð svo, að stofnaður var nokkurs konar búnaðarskóli. Reyndar átti að kenna þar ýmsar almennar fræðigreinir, en aðaláherzlan var þó lögð á búfræðina, og forstöðumaðurinn átti að vera búfræðingur. Með lögum 4. nóv. 1881 var skólanum hrundið í það horf, sem hann hefir nú.

Skólahúsið er frá 1879, en skólinn byrjaði 1880 um haustið. Skólahúsið var reist á rústum Friðriksgáfu, og grunnmúrinn notaður óbreyttur í því skyni að spara fé. Eg tek þetta fram af því, að það hafði áhrif á fyrirkomulag skólahússins. Af því það var reist á þessum grunni, varð það of mjótt, og því ómögulegt, að haga herbergjaskipun svo, að hentugt væri til skólanota.

Bekkjarstofurnar urðu svo mjóar, að óhægt er, að láta kenslu fara þar svo vel fram sem skyldi. Húsakynni hafa því alt af verið ónóg, einkum hin síðari árin. Aðsóknin hefir verið svo mikil, að vísa verður frá á ári hverju $^2/_5$ af öllum þeim, er um skólann sækja, og má telja að fullur helmingur þeirra manna, er sækja vilja um skólann, komist ekki að, ef tekið er tillit til þess, að margir hætta við að sækja, þegar þeir frétta, að skólinn er fullskipaður. Auk þess er skólahúsið mjög af sér gengið að ýmsu leyti, og þarf mikilla umbóta við. Munu flestir samdóma um, að ófært sé að svo dýr stofnun sé í því ástandi, að hún fullnægi hvergi nærri þörfum þeim, sem fyrir hendi eru, því með þessu móti fer fé það, er til hennar er veitt, að miklu leyti að forgörðum eða kemur ekki að tilætluðum notum. Það verður því á næstu árum að umbæta skólann og stækka, og hlýtur það að kosta allmikið fé. Ýmsir, sem mest hafa hugsað um þetta mál, álíta, að bezt væri að flytja skólann frá Möðruvöllum til Akureyrar. Og sé litið á fjárhagshlið málsins, er margt, sem mælir með þessu. Fyrst er það, að kostnaður við aðflutninga alla, sem vera mun 200—300 kr. á ári, fellur niður. Í öðru lagi er það flestra álit, að yrði Möðruvallaskólinn fluttur til Akureyrar, mandi réttast, að sameina hann og kvennaskóla Eyfirðinga. Á þann hátt yrði sparað fé það, er ár-

lega er veitt til kvennaskólans, sem er 2200 kr. Er því óhætt að segja, að með þessu móti yrðu sparaðar alt að 3000 kr. á ári eða margfalt meira fé en svara mundi rentum af upphæð þeirri, er farið er fram á að veitt sé til nýrrar skólabyggingar.

En fjársparnaðurinn er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að skólinn yrði betri, og næði betur tilgangi sínum. Allir, sem fengist hafa við kenslu, vita, hve áríðandi það er, að skólahús séu góð. Eins og skólahúsið á Möðruvöllum er nú, er það ekki að eins ónógt og óhentugt, heldur og mjög óheilnæmt, og svo mikil brögð eru að þessu, að skólasveinar liggja veikir meir og minna á hverjum vetri, einkum í vetur sem leið. Meira að segja hefir 1 piltur að læknisdómi mist þar heilsu sína í vetur af þessum ástæðum.

Aðalatriðin eru þá þessi. Með þessu móti yrði skólahúsið betra, kenslan betri, og skólinn fengi meiri áhrif út á við en nú. Eg skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en að eins taka það fram, að mér sýnist ekki efamál, að betra sé að veita þetta fé til skólans en að veita honum styrk, ár eftir ár, sem ekki kemur að hálfum notum.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Viðvíkjandi flutningi á Möðruvallaskóla, vildi eg leyfa mér, að lýsa skoðun minni með fáum orðum.

Þegar um það er að ræða, að flytja gagnfræðaskóla Norðlendinga frá Möðruvöllum, þá ættu menn að taka það til rækilegrar athugunar, að þessi skóli hefir áunnið sér bæði traust og álit, jafnvel ennfremur en nokkur önnur okkar námsstofnun, þar sem hann er, á Möðruvöllum; og er því eins og það bendi á, að skóli í sveit standi betur vígi til að vinna sér álit landsmanna, heldur en í bæ eða kauptúni. Þetta hljóta menn að viðurkenna, að er mjög eftirtektavert atriði, þegar um flutning á skólanum er að ræða, því eins og nú er, stendur skólinn á mjög traustum fótum hvað alt samlíf og alla samvinnu kennara og pilta snertir. Og eg get búist við, að ef skólinn verður fluttur í kaupstað, hverfi þetta að meir eða minna leyti. Eins og það hefir verið á Möðruvöllum, held eg sé óhætt að segja, að það hafi hvergi hér á landi verið betra eða máske jafngott. Hafa bæði nákunnugir menn og nemendurnir sjálfir borið þetta, svo það hlýtur hver maður að vita.

Enn þá er eitt atriði, sem er þess vert, að taka það fram, að á Möðruvöllum eru upp alin bændaefni þessa lands, og eg legg meira upp úr því, sem þeir sjá af því daglega lífi: góðum búskap og góðri reglu á góðu sveitabúi, heldur en því væntanlega mentandi kaupstaðarlífi, sem maður gæti búist við í Akureyrarbæ. Eg ætla svo ekki að fara lengra út í þetta atriði; en það er aðallega þetta, sem eg legg áherzluna á. Jafnvel þótt eg ætli ekki að bera neinar brigður á, að hægt sé að koma upp sæmilegu skólahúsi fyrir langt um fleiri nemendur en nú geta verið á Möðruvöllum og bústað fyrir skólastjóra fyrir upphæð þá, sem til er tekin í frumv., þá þykist eg þó sjá, að landssjóður mundi bíða ýmsan annan kostnað og fjártjón við flutning skólans frá Möðruvöllum. Þar er búið að leggja í skólahús hátt á 3. tug þúsunda, ef mig minnir rétt, c. 27,000 kr.; búið að koma upp leikfimishúsi fyrir 1000 kr. og kaupa af ábúandanum íbúðarhús fyrir 4000 kr. Eg get auðvitað ekki gjört neina áætlun um það, hvað landssjóði yrði úr öllum þessum byggingum; en eg hygg að hús þessi seldust þannig, að landssjóður yrði fyrir talsverðum skaða.

En jafnframt þessu, sem eg get talið víst, að kostnaðurinn verði tilfinnanlegur, þá get eg líka ímyndað mér, að kennararnir í framtíðinni mundu ekki geta lifað við sömu laun á Akureyri eins og þeir hafa getað komist af með á Möðruvöllum. Eg tel það sjálfsagt, þó það ekki komi nú fram, þá hljóti það að koma síðar. En um leið og kennararnir geta ekki komist af með sömu laun, þá álít eg líka óumflýjanlegt, að nemendurnir sjálfir þyrftu talsvert meira fé að verja til verunnar á Akureyri, og væri þá í alla staði sanngjarnt og sjálfsagt, að landssjóður legði meira tillag til nemenda. Þetta sýnist mér að menn þyrfu að athuga vandlega, hvort það væri nú sú knýjandi nauðsyn til flutningsins, að menn þyrftu að taka það stóra stig. Eg ætla nú ekki við 1. umr. að taka fleira fram, en margt var það í ræðu háttv. flutnm., sem mér fanst vera athugavert. Hann tók það fram, að yrði skólinn fluttur til Akureyrar, mundi byggingin verða sameinuð við bygging kvennaskóla Eyfirðinga, og við það mundu sparast um 3000 kr. Þessi áætlun var nokkuð úr lausu lofti tekin, upphæðin sett meira af ágizkun, heldur en að væru nokkrar vissar sundurliðaðar tölur því til stuðnings. Það sem hann gjörði svo mikið úr, hvað skólinn væri illa settur með aðflutninga, virðist mér ekki vera svo mikils um vert; sá kostnaður nemur að eins 2—300 kr., enda get eg ímyndað mér, að það verði innan skamms lagður mjög góður vegur frá Akureyri til Möðruvalla. Auk þess má óhætt búast við að sparist mikið fé til aðflutninga frá því sem hefir verið, með brú þeirri, sem komin er á Hörgá niður undan Möðruvöllum.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eg ætlaði mér ekki að tala meira um þetta mál í dag, bjóst ekki við að það yrði mikið rætt; en eg get þó ekki látið hjá líða að svara ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.)

Það fyrsta, sem hann tók fram, var samlífið milli pilta og kennara. Um það get eg ekki sagt annað en að mér er ómögulegt að sannfærast af ræðu hans um það, að það væru nokkrar líkur til, að það yrði nokkuð öðruvísi á Akureyri en á Möðruvöllum. Það yrðu að koma önnur rök fyrir því. Að við kennararnir breyttumst við það að koma inn á Akureyri, get eg ekki ímyndað mér. Eg tel líklegt, að við mundum halda áfram við skólann þar, og eg ímynda mér, að við mundum halda uppteknum hætti, að því er þetta snertir, og hið sama mun mega segja um piltana.

Eg er mjög þakklátur fyrir þau fögru orð, sem hann hafði um búskapinn á Möðruvöllum; en því miður er það orðum aukið; enda hafa piltarnir um annað að hugsa en að vera að athuga búskapinn, og eg get ekki séð, að það hafi þá allra minstu þýðingu fyrir þá að þessu leyti, hvort þeir eru á Akureyri eða Möðruvöllum, því Akureyri er enn þá miklu fremur sveitabær en stór staður. Þetta eru því atriði, sem ekki er hægt að leggja neitt upp úr. Hitt er aðalatriðið, hvort skólinn á Möðruvöllum sé sæmilegur fyrir þjóðfélagið, hvort sæmilegt sé að bjóða börnum þjóðarinnar upp á slíkt húsnæði, og þá er ekkert um það að tala, hvort húsin á Möðruvöllum seljast fyrir mikið eða lítið verð; það hlýtur að vera skylda löggjafarvaldsins, að byggja sæmilega byggingu yfir þann skóla, sem einu sinni hefir verið stofnaður. Ef hægt er að sýna fram á það með rökum, að piltar skemmi heilsu sína í skólahúsinu, sem nú er, þá ligg-

ur í augum uppi, að þeir þurfa að fá betra húsnæði, og að ekki er horfandi í kostnaðinn, sem af því leiddi. Tæplega mun hægt að virða skólahúsið á Möðruvöllum meira en 12—14000 kr., og eg gæti síðar bent á ýmislegt, sem mætti nota húsið til, og gæti orðið landinu til gagns; það á ekki við að fara út í það nú, en seinna gæti eg gefið nefndinni ýmsar bendingar í því efni. Hvað kennaralaunin snertir, að þau yrðu hærri, ef skólinn yrði á Akureyri, þá er ekkert um það að ræða nú; það stendur ekkert um það í frv.

Að veran yrði kostnaðarsamari á Akureyri fyrir piltana, það get eg ekki séð. Það er alveg hægt að hafa sama fyrirkomulag, eins og hefir verið á Möðruvöllum, og eg get upplýst háttv. þm. um það, að líkt fyrirkomulag hefir áður verið haft á Akureyri, þegar Guðmundur Hjaltason hélt þar skóla, og varð mjög billegt.

Fleira held eg hafi ekki verið, sem eg þurfti að taka fram móti ræðu h. 2. þm. Eyf. (St. St.).

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Eg hafði búist við, að ræða háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) mundi verða öllu meira sannfærandi, öllu rakabetri en mér fanst hún vera. H. þm. tilfærði, að eg væri því móthverfur, að skólabyggingin á Möðruvöllum væri endurbætt; eg hreyfði þessu ekki einu orði. Þvert á móti; það er einmitt það, sem eg vil hreyfa, að auðveldara og haganlegra muni vera að endurbæta skólabygginguna á Möðruvöllum, en að fara að reisa nýtt skólahús frá stofni á Akureyri. Eg get ekki betur séð en að hægt muni, að gjöri svo við skólahúsið, að vel megi við una, hús, sem reist var með jafnmiklum kostnaði, og af jafnhögum og viðurkendum smið, sem smíðaði skólahúsið á Möðruvöllum fyrir 20 árum síðan. Háttv. þm. taldi aukaatriði sambúð piltanna og kennaranna á Möðruvöllum, og það, að þeir lifa þar á sveitabæ, og sjá fyrir sér mjög myndarlegan sveita-búskap. En eg er þar alt annarar skoðunar; eg tel þetta aðalatriði, og það eitt út af fyrir sig svo þýðingarmikið, að einmitt þess vegna og svo margs annars sé mjög mikið áhorfsmál að flytja skólann frá Möðruvöllum til Akureyrar.

Það sýnist varla annað geta komið til mála en að hækka verði kennaralaunin, verði skólinn fluttur til Akureyrar. Það er að vísu hægt að slá því nú fram, að svo muni eigi verða, en það er líka jafnhægt að koma með tillögu um launahækkunina síðar, og rökstyðja hana þá.

Að því er óheilnæmið í skólanum snertir, þá skil eg ekki í því, að hann sé svo óhaganlega bygður, eða illa hirtur, að eigi sé lífvænt í honum. Það er kunnugt, að rektor skólans, sem á að hafa aðalumsjón með honum, er fullhreinlegur maður og aðgætinn um allan hag skólans, svo að hér getur varla verið um stór vansmíði að ræða. Það er sagt, en ekki sýnt, að það verði svo auðvelt fyrir pilta, að hafa búskap út af fyrir sig á Akureyri, eins og á Möðruvöllum. En þó svo kunni að verða, að þeim takist það, þá má það furðu gegna, ef þeim verður búskapurinn ekki dýrari þar en á Möðruvöllum, því að það er aðdáanlegt, hvað hann hefir orðið þeim kostnaðarlítill þar. Eg segi það ekki, að eg sé algerlega á móti flutningi skólans, undir ýmsu breyttu fyrirkomulagi frá því, sem nú er að vænta; en áður en nokkuð er um það ráðið, finst mér sjálfsagt, að vandlega sé athugað, hvort ekki sé hægt og jafnframt hyggilegast, að gjöra við skólahúsið þar, sem það stendur nú, og hvort eigi sé rétt að kosta upp á þá viðgerð.

Landshöfðingi: Eg hallast fremur að því, að þeir hafi mikið til síns máls, sem telja hagfeldara að flytja skólann frá Möðruvöllum inn á Akureyri, en að farið sé að lappa upp á hann þar sem hann er. Mér er kunnugt um það, að skólahúsið á Möðruvöllum er orðið mjög hrörlegt. Eins og kunnugt er, kom fram svampur í því fyrir nokkrum árum; var þá gert við það, og má vera að tekist hafi að miklu leyti að útrýma svampinum; en alt um það er húsið þó svo lélegt nú, að það þarfnast mikillar viðgerðar. Þótt nú lagt yrði út í að gjöra við húsið, eins og það er, þá yrði það eftir sem áður of lítið, og því ófullnægjandi þrátt fyrir aðgerðina. Eg veit að það er rétt hjá háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), að húsið héldi áfram að vera óboðlegt nemendum. Eg veit líka, að það er ekki hægt að hafa á móti því, að það sé óheilnæmur bústaður, ekki þó vegna óþrifa skólastjórans, heldur vegna rúmleysis. Það verður að þjappa piltum svo saman, að eigi er hægt að hafa heilnæmt loft í lesstofunum, né heldur í svefnherbergjunum. Rúmið er ekki meira en svo, að nemendur verða að vera í sömu herbergjunum allan daginn bæði í kenslustundum og undirbúningstímunum, og þegar þess er gætt, að í raun réttri eru herbergi þessi of lítil fyrir kenslustofur handa jafnmörgum og venjulega eru í þeim, þá má geta nærri, hvernig fara muni. Við þetta bætist svo, að á norðurlandi eru svartir hríðarbyljir ekki fátíðir, og þá geta piltar ekki lyft sér upp og andað að sér hreinu lofti úti, og einmitt þegar veður er þannig og mest ríður á, þá verða ekki gluggar heldur opnaðir, svo að eigi er hægt að bæta loftið í herbergjunum með því. Þegar alt er athugað, þá verð eg að álíta, að það muni heppilegra, að flytja skólann til Akureyrar, enda var það ekki tilætlunin frá upphafi, að setja gagnfræðaskólann á Möðruvelli; en af því að málið átti örðugt uppdráttar, þá var því snúið upp í það, að stofna sameiginlegan búnaðarskóla og gagnfræðaskóla, og fyrstu árin var einn kennarinn búfræðingur. Þegar skólanum nú var þannig hagað, þá mátti telja sjálfsagt, að setja hann á sveitajörð.

Mér blöskrar það ekki, þótt 25,000 kr. þurfi að leggja til nýrrar skólabyggingar. Í sambandi við þetta vildi eg vekja máls á því, að á þingi 1897 kom það lauslega til orða, að skólinn yrði fluttur til Akureyrar, og þá var skýrt frá því, að fengi það framgang, mundu Akureyrarbúarbúar fúsir á að leggja fram 5000 kr. til hinnar nýju skólabyggingar. Nú vil eg spyrja h. 2. þm. Skgf. (St. St.), hvort honum sé kunnugt um það, hvort þetta tilboð standi enn, því að sé svo, þá hefði landsstjórnin að fengnum 25,000 kr. 30,000 kr. til umráða, og er það allálitleg upphæð til að byggja fyrir nokkurn veginn sæmilegt hús.

Flutningmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.): Eg er mjög þakklátur hæstv. landsh. fyrir hinar góðu undirtektir hans undir málið, og að hann hefir að mestu tekið af mér ómakið að svara háttv. 2. þm. Eyf. (St.St.). Eg skal þegar taka það fram, að tilboð Akureyrarbúa um fjárframlag til skólahúsbyggingarinnar á Akureyri stendur enn. Það er eitt atriði, sem eg vildi taka skýrara fram en eg gjörði áðan í ræðu minni. Það er um sparnaðinn við skólaflutninginn. H. 2. þm. Eyf. (StSt.) kvað sparnaðaráætlun mína mundu vera bygða í lausu lofti; en eg get sýnt honum það við tækifæri með sundurliðuðum tölum, að hún er rétt. Eg nefndi

2200 kr., sem sparast mundu, ef skólinn yrði fluttur til Akureyrar, við það, að þá yrði kvennaskólinn þar lagður niður. Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) ætti að vera þetta kunnugt, því að það stendur í prentuðum sýslufundargjörðum úr Eyjafjarðarsýslu, að sýslunefndin hafi á fundi sínum í vetur tekið þessa ályktun. Við þetta eitt sparast miklu meira fé, þegar til lengdar lætur, en það kostar að leggja niður skólann á Möðruvöllum og koma upp nýju skólahúsi á Aureyri.

Eg tek það aftur upp, að það var á fylsta rökum bygt, sem eg sagði um óheilnæmið í skólahúsinu á Möðruvöllum. Hæstv. landsh. tók það réttilega fram, að það þyrfti ekki að vera sprottið af illri umgengni, heldur gæti það komið af þrengslum, og kæmi af þrengslum. Eg hygg að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sé kunnugt um það, að alstaðar í hinum mentaða heimi er það lögskipað, hve mikið loftrúm hver nemandi í skóla á að hafa, og á Möðruvöllum er það vart meira en $^1/_5$ af því, sem heimtað er í Danmörku.

Það er hörmulegt, að lestrarstofurnar skuli ekki vera stærri en þær eru, þar sem þó eiga að kúldast allan daginn 20—25 nemendur, og í svefnherbergjunum, sem ekki eru stærri en lesstofurnar, verða að sofa 15—20 manns. Eg heyri að hvíslað er hér í salnum, að þetta hafi þó hingað til reynst lífvænlegt. Já, það hefir slarkast af, og eigi margir dáið í skólanum. En eigi vitum við, hve margir muni hafa bilað þar á heilsu. Það sem er bót í máli, er að verutíminn á skólanum er svo stuttur, ekki nema partur úr 2 árum.

Pétur Jónsson: Eg kom svo seint hingað í salinn, að eg heyrði eigi inngangsræðu háttv. flutnm. (St.St.), 2. þm. Skgf., og eigi hefi eg heldur enn haft tíma til að athuga málið svo vandlega sem skyldi. En að svo stöddu máli þykir mér nokkuð fljótfærnislegt, að flytja skólann nú þegar frá Möðruvöllum. Eg hefi satt að segja ekki heyrt gjört mikið orð á þessu loftleysi á Möðruvöllum fyr en nú; og eigi að fimtugfalda loftið handa nemendunum, þá er eg hræddur um, að þessar 25000 kr. hrökkvi skamt. Eg verð að játa það, að eg hefi enn ekki áttað mig á því, í hverju sambandi þessi breyting og flutningur stendur við önnur mentamál vor, en það finst mér nauðsynlegt að sé athugað, áður en málinu er til lykta ráðið. Eigi nú að fara að breyta til á annað borð, þá sýnist mér rétt að tekið sé til nýrrar íhugunar spursmál það, sem áður hefir legið fyrir þinginu um það, að setja skólann í nánara samband við latínuskólann en nú er hann. En, eins og við vitum, er enn eigi neinn rekspölur á því máli. Af því að þessi tvö mál eru svo mjög samtengd, þá virðist svo, sem þau ættu að verða samfara, og því réttast að bíða, þangað til að svo getur orðið. Svo liggur enn eigi ljóst fyrir mér, hvort sambandið milli eða sameining Möðruvallaskólans og kvennaskóla Norðlendinga sé nokkuð sett í samband við þessa skólafærslu, enda kem eg hér inn í salinn í miðri umræðu. Í stuttu máli: hér er margt að athuga, og því mun réttast að vísa málinu til mentamálanefndarinnar. En það skal eg taka fram, að þótt eg greiði atkvæði með því, að svo sé gjört, þá er eigi fyrir það víst, að eg greiði atkvæði með frv. sjálfu, komi það aftur frá nefndinni. Fyrst eigi verða aðrir til, geri eg það að beinni tillögu minni, að málinu sé vísað til mentamálanefndarinnar.

Skúli Thoroddsen: Eg sting upp á skipuð sé sérstök 3 manna nefnd í málið.

ATKVGR.: Sérstök nefndarkosning

feld með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Jóh. Jóhannesson,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Jósaf. Jónatansson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	H. Þorsteinsson,
Skúli Thoroddsen,	Herm. Jónasson,
Sig. Sigurðsson,	L. H. Bjarnason,
St. Stefánsson, Skf.,	Magnús Torfason,
Valt. Guðmundsson,	Pétur Jónsson,
Þ. Thoroddsen.	St. Stefánson, Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þ. Guðmundsson.

Með nýrri atkvæðagreiðslu var málinu vísað til mentamálanefndarinnar með 14 atkv., og 1. umr. frestað.

Forseti: Eg vil leyfa mér, að beina þeirri spurningu að háttv. deild, hvort henni sýnist ekki réttast, að við hafa sömu aðferð eftirleiðis og við höfð var í dag við nefndarskipun í málinu um kosningar til alþingis, þegar þingflokkarnir koma sér saman um það. Við það sparast bæði tími, og enn meiri trygging fæst fyrir því, að nefndarskipunin fari fram á þann hátt, sem til var ætlast.

Með því að engum mótmælum er hreyft gegn þessu, þá verð eg að telja, að háttv. deild sé því samþykk.

Gufuvélafræði við stýrimannaskólann.

FRUMVARP til laga um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík (C bls. 327); 1. umr., 22. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 24. júlí.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—5. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 26. júlí.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Húsnæði undir söfn landsins.

TILLAGA til þingsályktunar um byggingu handa söfnum landsins (C bls. 517); ein umr., 13. ágúst.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.): Eg ímynda mér, að eg þurfi ekki að vera langorður um þessa till., því flestir munu vera mér sammála um, að hér sé um nauðsynjamál að ræða.

Það er viðurkent um allan hinn mentaða heim, að söfn séu einna traustasta undirstaðan undir vísindum, menningu og mentun þjóðanna. Þetta er nú einnig viðurkent hjá oss, en þó ekki nema að nokkuru leyti. Hér hafa einstakir menn gengist fyrir því, að koma á fót söfnum, og þeir hafa með því sýnt það í verkinu, að þeim hefir verið það ljóst, hverja þýðingu söfn hefðu fyrir þetta land, en almenningi er þetta því miður ekki eins ljóst.

Þessi söfn, sem einstakir menn hafa barist fyrir að koma á fót, hafa raunar verið styrkt af opinberu fé og aukist nokkuð við það, en mjög hefir sá styrkur verið af skornum skamti, og ekki hefir verið bygt hús yfir neitt þeirra, nema landsbókasafnið, af opinberu fé.

En hér eru mörg önnur söfn, sem ekkert húsnæði hafa:

Landsskjalasafnið, sem er mikilsvert safn, og hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir sögu landsins;

Forngripasafnið, sem er mjög merkilegt safn og þegar hefir verið styrkt nokkuð af opinberu fé;

Náttúrugripasafnið, dálítill vísir, sem hefir lítið eitt verið styrktur, og svo síðast, en en ekki sízt

Málverkasafnið, þessi örlitli vísir, sem alls ekki hefir verið styrktur árlega af opinberu fé.

En svo vantar hér ýms söfn, sem nauðsynlegt er að komi sem fyrst. Eg vil t. d. nefna safn, sem sýndi framþróun landbúnaðarins, safn, sem sýndi hvernig fiskiveiðum hefði farið fram; iðnaðarsafn, sem sýndi framfarir, sem hjá oss hafa orðið í iðnaði. Raunar sýnir nokkur hluti Forngripasafnsins þetta lítils háttar, en sá hluti yrði auðvitað aðgreindur frá því og lagður til hins.

En gæti maður að, hvernig fer um þessi söfn, sem eru til, þá sér maður, að þau vantar öll undantekningarlaust húsnæði, þar sem þau geta notið sín. Jafnvel þetta eina safn, sem bygt hefir verið hús yfir, landsbókasafnið, hefir ónógt húspláss. Landsskjalasafnið, sem er geymt hér uppi á lofti, hefir þar alt of lítið rúm, og það er ekki hægt að koma þar fyrir helmingnum af því, sem ætti að vera þar.

Forngripasafnið leigir sér húsnæði í Landsbankanum fyrir 2000 kr., eða sem svarar rentum af 50,000 kr. Landið gæti því eins vel staðið sig við, að byggja hús yfir það fyrir þetta verð, og það verður að gerast innan skamms; eftir því, sem safnsvörðurinn segir, verður það pláss, sem það hefir nú, orðið of lítið eftir 3—4 ár, ef það eykst, og það skulum vér vona, því öll söfn aukast því meir, sem betur er að þeim hlynt.

En húsnæðisleysið gildir ekki hvað sízt um náttúrugripasafnið og málverkasafnið. Um málverkasafnið er það að segja, að það vantar ekki að eins svo tilfinnanlega húsnæði, að það er ómögulegt að koma meira fyrir, þó einhver vildi annaðhvort kaupa handa því eða gefa því málverk, heldur vantar mörg þau málverk, sem til eru, hentuga birtu, svo þau njóta sín engan veginn, og hér við bætist það, að húsnæðið er þannig, að málverkin skemmast í því. Svona fer nú um þetta safn, og sýnir það bezt hugsunarhátt manna hér á landi, því ekki veit eg, hvað hefir bætandi áhrif á smekk manna og fegurðartilfinningu, ef það er ekki málverk og önnur listaverk.

Náttúrugripasafnið hefir húsnæði, sem því er hætta búin í, ef það verður þar til lengdar. Það er stofnað af prívatmönnum eða félagi og gefið landinu, og er sannarlega hart af þinginu, að láta þessa dýrmætu gjöf verða að engu fyrir handvömm.

Af þessu sést, að öll söfnin eru annaðhvort húsnæðislaus, eða verra en húsnæðislaus, nema landsbókasafnið, sem hefir ónógt húsnæði. Það sér því hver maður, að hér verður eitthvað að gera, og það eina, sem hægt er að gera og á að gerast, er að byggja góða safnbyggingu.

Í sambandi við söfnin hefi eg hugsað mér, að bygðir yrðu fyrirlestrarsalir, 1 stór og 2 minni, ásamt vinnustofum fyrir þá menn, sem sjá um söfnin. Á þennan hátt álít eg að verði mest gagn að söfnunum. Eg hefi hugsað mér, að þeir, sem stæðu fyrir söfnunum, væru fagmenn, og að þeir mundu halda fyrirlestra fyrir almenning með hliðsjón af söfnunum, fyrst til þess, að vekja eftirtekt manna á þeim, sem ekki mundi veita af, og svo hefi eg hugsað mér, að þetta með tímanum gæti orðið vísir til háskóla. Söfnin geta ekki að eins haft áhrif gegnum augað, heldur einnig gegnum eyrað,

og ef hægt væri að samrýma þetta tvent, gæti það haft stórkostleg áhrif. Þess vegna hefi eg lagt það til, að fyrirlestrarsalir væru hafðir í safnbyggingunni.

Nú munu margir segja: »Vér höfum ekki ráð á þessu, oss vantar fé«. En á hverju höfum við þá ráð?

Vér þykjumst og viljum vera sérstök, mentuð þjóð, en til þess að vera það, útheimtist meira en þykjast og vilja — því fylgja líka skyldur, og þær meiri en margur hyggur. Vér höfum ráð á að vera ómentuð þjóð, því hafa Grænlendingar og Hottentottar og Búskmenn og margir fleiri ráð á, því það kostar ekki neitt og því fylgja engar skyldur; en ef vér ekki höfum ráð á að eiga söfn, sem að áliti allra eru undirstaða allrar þjóðmenningar, og koma þaki yfir þau, þá höfum vér ekki ráð á að vera mentuð þjóð.

Eg ímynda mér, að menn sjái, þegar þeir lesa tillöguna, hvað fyrir mér vakir; eg vil að söfnunum sé forðað frá eyðileggingu þeirri, sem yfir þeim vofir, sakir þess, að menn annaðhvort vita ekki eða vilja ekki vita, hvaða dýrgripir þau eru fyrir þjóðina, og eg vil, að þjóðinni sé gert mögulegt að færa sér í nyt það, sem þau hafa að bjóða henni í menningarlegu tilliti. Það hefir verið sagt, að Reykjavík ætti að vera miðstöð menningarinnar fyrir þetta land, og það er satt; en það getur hún ekki orðið, nema vér hjálpum henni til þess, með því meðal annars, að hlynna að söfnunum.

Í hvaða höfuðborg sem vér komum í öðrum löndum, þá úir og grúir af söfnum, og alstaðar rekur maður sig á þau, en það þarf ekki til. Jafnvel fiskiþorpin á vesturströnd Noregs eiga söfn. Eg skal til dæmis nefna Stafangur, sem er lítill bær með 20—30 þús. íbúum; þar hefir nýlega verið reist hús yfir söfn af bæjarmönnum. Það hús kostar ½ miljón. Hafi nú 20 þús. Norðmenn ráð á að byggja safn fyrir ½ miljón, þá hafa 70 þús. Íslendingar sannarlega ráð á að byggja hús yfir sín söfn fyrir 2 eða 3 hundruð þúsund, ef viljann ekki vantar. En Stafangur er ekki eins dæmi; í Bergen, sem er rétt fyrir norðan Stafangur, er safnbygging, sem kostaði eina miljón, og jafnvel norður í Tromsö — yzt úti á hala veraldar — er vegleg safnbygging, sem hefir kostað mikið fé. Þessu hafa Norðmenn ráð á.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Eg ímynda mér, að vér allir viljum vera mentuð þjóð, og að vér allir séum sammála um, að þetta sé nauðsynjamál, sem — þótt það ekki veiti oss þá hagsmuni, sem hægt er að sýna með tölum á pappírnum — veitir oss þann hag í menningarlegu tilliti, sem ómögulegt er að meta í peningum. Eg legg þess vegna þetta mál óhræddur undir atkvæði háttv. deildar.

ATKVGR.: Tillagan samþ. í e. hlj.

Málið afgreitt til Ed.

Eignarréttur á sömdu máli.

FRUMVARP til laga um eignarrétt á sömdu máli (C bls. 379); 1. umr., 12. ágúst.

Flutningsmaður (*Hermann Jónasson*): Þingdeildinni mun sjálfsagt nokkuð kunnugt þetta mál, því, eins og menn vita, lá það fyrir þinginu 1889, og fekk þá mjög góðan byr. Að það var ekki samþykt á því þingi, var einungis að kenna því, að ekki var tími til að lúka við það sökum annara anna. Við, sem gerst höfum flutningsmenn að þessu frumv. nú, höfum gert það af því, að við álítum sérstaklega nauðsynlegt að fá lög um þetta atriði. Þær litlu

breytingar, sem vér höfum gert á frv. frá 1889, eru allar gerðar eftir þeim bendingum, sem hæstv. landsh. þá gaf á því þingi við umræðurnar um þetta mál.

Mér þykir leiðinlegt, hve áliðið er þingtímans, svo að ekki er auðið að setja nefnd í jafnmikilsvarðandi mál, án þess það verði til þess, að málið ómögulega geti komist í gegn á þessu þingi, sem eg yrði að telja illa farið, þótt eg fúslega játi, að tvö ár eru að eins lítill þáttur úr sögu heillar þjóðar. En þetta mál er betur undirbúið en flest önnur mál, sem lögð eru fyrir þingað, svo eg efast um, að frumv. tæki miklum bótum, þótt það væri athugað í nefnd. Eg vil af þessum ástæðum ekki stinga upp á nefnd, en geri það þó ekki að neinu ágreiningsatriði, þótt nefnd yrði sett í málið.

Sigurður Sigurðsson: Af því að svo langt er síðan, að þetta mál hefir legið fyrir þinginu til umræðu, og sökum þessi, að það hefir mikilsvarðandi nýmæli inni að halda, þá finst mér það eiga bezt við, að athuga málið nákvæmara í nefnd. Eg ímynda mér að nefndin þyrfti ekki að hafa málið lengi til meðferðar, og að það út af fyrir sig þyrfti ekki að verða frumv. að falli, en hins vegar er þess að gæta, að málið sé vel undirbúið, og það er ætíð ástæða til að ætla, að betur sjái augu en auga. Eg vil því gera það að tillögu minni, að skipuð sé 3 manna nefnd í málið að lokinni þessari fyrstu umræðu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Tillaga um 3 manna nefnd feld með 12:10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnarson,	Dal. Bj. Bjarnars., Bf.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	H. Þorsteinsson,
Ólafur Briem,	Herm. Jónasson,
Pétur Jónsson,	Jósaf. Jónatansson,
Sig. Sigurðsson,	Lárus Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Torfason,
Þórður Guðmundss,	St. Stefánss. Skgf.,
Þórður Thoroddsen	St. Stefánsson, Eyf,
	Tr. Gunnarsson,
	Valtýr Guðmundss.

Önnur umr., 15. ágúst.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Eins og 1. þm. Húnv. (H. J.) tók fram við 1. umr., þá er þetta frumv. að mestu leyti samhljóða frv. því, er lá fyrir þinginu 1889. Þær helztu breytingar, sem við flutnm. höfum gert á því, eru eftir bendingum þeim, sem hæstv. landsh. gaf þá, og skal eg leyfa mér að benda á þær markverðustu.

Í 3. gr. er tiltekið, að íslenzk rit, sem prentuð eru erlendis, njóti sömu verndar, að því er til eignarréttarins kemur, og þau, sem prentuð eru hér á landi. Eftir frumv. 1889 höfðu þessi rit engan rétt fremur en rit útlendinga, og benti hæstv. landsh. á, að hann kynni illa við, að hérlendir höfundar skyldu missa allan rétt að ritverki sínu, þó þeir létu prenta það erlendis. Þetta sýndist okkur einnig, að ekki ætti við og væri órétt, og höfum því breytt því þannig, að slík rit nytu sama réttar og þau væru hér prentuð. Sömuleiðis höfum við eftir bendingum hæstv. landsh. felt burtu síðari málsgr. 11. gr. og sömuleiðis 16. gr., sem hafði inni að halda flókin ákvæði um það, hvernig fara skyldi með mál, er rísa kynnu af þessum kafla 11. greinar. Þá höfum við gjört þá breyting á 13. gr., að þar sem áður var leyft að taka upp í sýnisbækur af bókmentum alt að því $^1/_6$ hluta hvers ritsafns, þá er það nú að eins $^1/_{10}$ bindisins, sem leyfilegt er að taka eftir einn höfund; okkur þótti það

vera nokkuð mikil skerðing á eignarrétti höfundar, væri gefin lagaheimild til að taka 1/6 hluta alls ritsafnsins, og það einkum, þegar um stórt verk eður mörg bindi er að ræða.

Sektir fyrir brot gegn 12. gr. um eftirprentun voru áður 1—20 kr., en þær höfum við fært upp í 10—100 kr.

Aðrar breytingar höfum við ekki gert á frumv. frá 1889 og skal eg því ekki fjölyrða meir um það að sinni.

Landshöfðingi: Mér finst það bera vott um töluvert áræði hjá háttv. flutnm. að bera fram þetta mál. Frumv. er tekið upp úr gömlum þingtíðindum og borið fram í sömu mynd með að eins örfáum breytingum.

Eins og kunnugt er, þá hefir þetta mál í mörg ár verið á dagskrá hjá öðrum þjóðum. Hafa fengist við það mestu lagamenn og vísindamenn stórþjóðanna, og átt mjög erfitt með að leysa. Þetta er internationalt mál, sem ekki verður ráðið til lykta að fullnustu nema með samningum milli ríkjanna. Mér vitanlega eru ekki enn komin lög í Danmörku um þetta mál. Um Noreg og nokkur önnur ríki er mér kunnugt um, að þau hafa ráðið þessu máli til lykta, en í Danmörku hafa menn ekki enn þá getað komið sér saman um endileg úrslit málsins. Mér finst það því vera nokkuð mikið fljótræði, ef þingið fer að samþykkja lög um þetta efni; að minsta kosti er málið svo áríðandi, að full þörf er á að athuga það í nefnd. Ef ástæða er til að setja nefnd til að íhuga, hvernig flytja eigi skip, svo þau verði eigi fyrir síldarveiðifærum, þá sýnist ekki vera síður ástæða til að setja nefnd til að íhuga þetta mál.

Sigurður Sigurðsson: Í gær lá hér fyrir deildinni allstór lagabálkur, sem menn sögðust ekki hafa haft tíma til að hugsa eða rannsaka, og líkt mun standa á með þetta mál. Við 1. umr. leyfði eg mér að stinga upp á nefnd til að íhuga þetta frumv., og af þeim sömu ástæðum, sem eg þá tók fram, skal eg leyfa mér að endurtaka þessa uppástungu.

Stefán Stefánsson(þm.Eyf.): Út af orðum hæstv.landsh., að þetta frumv. sé tekið upp úr gömlum þingtíðindum, skal eg leyfa mér að taka það fram, að þetta frumv. er flutt af okkur flutnm. í fullu samráði við flutningsmann frvs. 1889, Jón Ólafsson. Kvað hann mjög æskilegt að frumvarpinu yrði vel tekið af þinginu, þar sem vér hefðum engin slík lög, en á hina hliðina allar líkur til, að þörfin fyrir þau færi alt af vaxandi.

Annars furðar mig mjög á undirtektum hæstv. landsh., hvað þetta frumv. snertir; því samkv. umræðunum 1889, þegar þetta mál var til meðferðar í þinginu, þá er ekki hægt annað að sjá en að hann hafi verið því mjög hlyntur.

Flutningsmaður (*Hermann Jónasson*): Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefir tekið af mér ómakið að skýra þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á frumv. frá því frumv., sem áður hefir legið fyrir þinginu. Hæstv. landsh. hefir haft ýmislegt á móti frv., og eg skal ekki bera á móti því, að þetta er talsvert vandamál, og það getur verið, að við flutnm. séum ekki hæfir að leiða þetta mál til lykta. Þetta mál var nokkuð íhugað við 1. umr., og hafði verið grannskoðað 1889, þegar það var þá fyrir þingi, og hæstv. landsh. mælti þá mjög fram með því, og stakk þá upp á ýmsum breyttill., sem flutnm. hafa nú tekið til greina. Það er auðséð, að mál þetta kemst ekki í gegnum þingið, ef nefnd verður sett í það, en eg vil þó heldur, að það bíði, en að það verði

samþykt af þinginu með agnúum, sem þingið hefir ekki tíma til að athuga nægilega í þetta sinn.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþykt með 14 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Hermann Jónasson með 13 atkv.
Valtýr Guðmundsson — 10 —
Hannes Hafstein — 8 —

2. umr. frestað.

Stafsetningarnefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um íslenzka stafsetning (C bls. 318, brt. 396); ein umr., 31. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson* 2. þm. Skgf.): Eg býst ekki við, að það verði langar umræður um þetta mál; því eftir því, sem eg kemst næst, eru flestir háttv. þingdm. á sama máli um, að það sé mjög nauðsynlegt, að komið sé á einhverri fastri reglu með það, hvernig íslenzkt mál sé stafsett.

Eins og menn vita, hefir nú að undanförnu verið mjög mikill ruglingur á því, hvernig hinir ýmsu ritköfundar hafa ritað íslenzku; það er varla að maður hitti svo 3—4 menn, að þeir riti öldungis eins. Reyndar hefir verið kend í latínuskólanum lengi sama réttritunin, að minsta kosti meðan Halldór Friðriksson var yfirkennari og íslenzkukennari; en margir af hans lærisveinum hafa, þegar þeir komu úr skólanum, breytt réttritun sinni.

Það sem gjörir þennan rugling mest óþægilegan er það, hve erfitt það er fyrir þá, sem fást við kenslu ungmenna, að hafa ekkert eftir að fara, sem þeir geti stuðst við. Eg skal reyndar í þessu sambandi minnast á það, að nú á seinasta ári kom út orðabók með hinni svo nefndu blaðamannaréttritun, en hún hefir valdið ágreiningi, og margir eru henni algjörlega mótfallnir, hvort sem það er nú á rökum bygt eða ekki; það skal eg láta ósagt; það getur vel verið, að blaðamannaréttritunin verði ofan á með einhverjum breytingum; en það er í öllu falli nauðsynlegt, að koma á einhverri lögboðinni réttritun við þá skóla, sem njóta styrks af almannafé. Það er auðvitað ekki hægt, að taka fram fyrir hendurnar á mönnum; þeir geta ritað eftir því, sem þeir vilja, eftir sem áður; en það sem hér er eingöngu ætlast til, er að sama stafsetningin sé kend um alt land, og eru þá öll líkindi til, að meginþorri manna taki að rita málið hér um bil eins. Það hefir komið fram breyttill., að í staðinn fyrir »Nd.« komi »alþingi«, og mér hefir verið bent á það af háttv. flutnm. hennar, að þetta sé nauðsynlegt, til þess að stjórninni veitist heimild til að leggja fé fram til hinnar væntanlegu nefndar, svo að eg get ekki séð neitt á móti því, að taka þetta upp, í von um, að háttv. Ed. verði á sömu skoðun og Nd. um þýðing þessa máls.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að till. verði samþykt við þessa einu umr.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ekki annað en tekið þessari till. vel, og það því fremur, sem eg á þingi 1895 flutti till. um sama efni og aftur á þingi '97. Tillaga sú, er eg kom fram með 1895, var að vísu feld; en á þingi 1897 var samþykt í Nd. sams konar till. eins og hér er farið fram á.

Hins vegar hefi eg litla von um, að stjórnin taki þessa tillögu til greina, þar sem hún vildi ekki taka þá tillögu til greina 1897, sem var samhljóða þeirri, sem hér er farið fram á. — En verið getur, að stjórninni hafi nú snúist hugur, og þá álít eg heppilegt, að þingið fari fram á þetta að nýju.

Að því er snertir efnið, er eg á sömu skoðun sem áður, að það væri mjög

æskilegt, að réttritun í þeim skólum, sem styrktir eru af almannafé, væri alstaðar eins. Slíkt er með lögum ákveðið annarsstaðar, t. d. í Frakklandi; þar er komin á föst réttritun; sömuleiðis í Danmörku.

Það er auðvitað, að menn munu halda hver sinni kreddu; en þegar sú kynslóð vex upp, sem lært hefir réttritunina í skólunum, þá mundi koma festa á réttritunina, svo að hún yrði eins um land alt.

Það er ákaflega óviðfeldið, að það skuli vera sín réttritun við hvern skóla, sem allir standa þó undir sömu stjórn, og jafnvel geta verið sín réttritun í hverjum bekk, þar sem fleiri eru kennarar; og eg hefi jafnvel heyrt, að í seinni tíð hafi það verið látið viðgangast í latínuskólanum, að piltunum hefir verið leyft að hafa hvaða stafsetning, sem þeir vildu, og þá fer að versna ástandið, er hver lærisveinninn hefir sína réttritun. (*Björn Bjarnarson*, þm. Borgf.: Það er fresli).

Það er þess vegna nauðsynlegt, að það komist á samræmi í réttritun, hvaða niðurstöðu sem menn komast að um það, hverja stafstefningu lögleiða skuli; það gjörir minst til, en aðal-atriðið er, að hún sé eins um land alt.

Það er, sem sagt, réttritunar-spursmálið mundi aldrei verða hægt að fá samræmi í með almennum samtökum, hvorki meðal almennings né vísindamanna eða málfræðinga. Það verður að taka tillit eigi að eins til málfræðinnar og uppruna orðanna, heldur og til framburðar-breytinga; þetta verður hvorttveggja að sameina, og þegar menn eiga að sameina þetta, getur það aldrei orðið, að fult samræmi fáist. — En ef menn slá einhverri reglu fastri, þá er mikið unnið. Eg vil þess vegna mæla með því, að tillaga þessi verði samþykt, og breytingartill., sem eg hefi komið fram með, að í stað »neðri deildar« komi »alþingi«,— þessi breyting er alveg nauðsynleg, því með öðru móti gæti ekki orðið veitt neitt fé til framkvæmda.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki verið sammála þeim tveim háttv. þingmönnum, sem síðast töluðu, og er eg fastráðinn í, að greiða atkvæði á móti þessari tillögu. — Mér finst ekki, að menn geti borið það traust til núverandi stjórnar, að heppilegt sé, að fela henni þetta á hendur. — Þegar litið er á málið og frágang allan á frumvörpum þeim, er frá stjórninni koma, þá verður það beinlínis hlægilegt, að fela henni þetta á hendur. Í tillögunni er ekki tekið fram, hve margir eigi að sitja í þessari nefnd; í henni gætu því verið 3, 5, 7 eða hver veit hve margir, en eftir þeim glundroða, sem ræður meðal vísindamanna í þessu efni, er varla að búast við, að nefndarmenn gætu komið sér saman.

Setjum svo, að nefndin yrði þriggja manna nefnd. Einn héldi fram framburðarréttritun, annar skólaréttrituninni gömlu og þriðji blaðamannaréttrituninni. Hver yrði svo niðurstaðan, þegar stjórnin hefði fyrir sér tillögur þessara þriggja manna? Ráðgjafinn er danskur og skilur ekkert orð í íslenzku, og hins vegar er skrifstofan í Kaupmannahöfn ekki skipuð mönnum, er bæta mundu úr skák í því efni; en yrðu það þessi stjórnarvöld, sem úr yrðu að skera? Það yrði ráðherrann, aldanskur maðurinn, sem yrði að kveða upp fullnaðar-úrskurðinn um það, hverja réttritunina velja skyldi.

Mér finst því að máli þessu eigi og verði að fresta í bráð, ekki sízt þegar þess er líka gætt, að það er fyrst nýskeð, að risið hafa upp deilur um rétt-

ritunina, og því æskilegt, að menn fái tíma til að ræða málið ítarlega, áður en einhverju er slegið föstu.

Eg greiði því atkvæði móti tillögunni.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson. þm. Skgf.): Þó ekki sé ástæða til, að bera mikið traust til stjórnarinnar í ýmsum málum, þá get eg ekki séð annað en að full-vel mætti treysta henni til að velja menn í þessa nefnd, er til þess væru hæfir. Hinu er auðvitað hættara við, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að stjórnin synji um þetta, og þá nær það ekki lengra, og þó að stjórnarfrumvörp séu að jafnaði hneykslanlega úr garði gjörð, hvað mál og stafsetning snertir, þá er ekki hægt að draga út af því þá ályktun, að stjórnin geti ekki tilnefnt hæfa menn til að ákveða réttritun. Því eg býst ekki við, að skrifstofan íslenzka fáist við það efni, enda mundi hún miður vel fallin til þess starfa, því varla er hugsandi verri frágangur heldur en er á því, sem frá hennar hendi kemur.

Eg sá t. d. áðan í einu frumv. orðið »óheft« skrifað »óheppt«, og það er auðsjáanlega ekki prentvilla, heldur hlægileg stafsetningarvilla. — Líklega hafa mennirnir hugsað sér, að orðið væri skylt »hopp«, eða það hefir átt að vera »óhneppt«.

Af því þetta mál er svo mikilsvert, virðist mér að þingið ætti að halda því áfram. Sinni stjórnin því ekkert, þá er engu spilt, þó það sé samþykt á þinginu; en taki stjórnin málið til greina, má búast við, að hún velji þá menn, er færir væru um, að kippa þessu efni í lag.

Magnús Torfason: Eg verð að taka undir með þeim háttv. þingmanni, er síðast talaði, um þetta mál er mikils vert. — Mér hefir þótt mjög leiðinlegt, að sjá allan þennan réttritunar-graut, og enn leiðinlegra, að sjá sundurlyndi það og ofstæki, sem þetta mál hefir vakið hér á landi. Frá þessu sjónarmiði skoðað, þá get eg ekki annað en verið meðmæltur tillögu þeirri, er hér liggur fyrir. En það er ýmislegt annað, sem veldur því, að eg get ekki á þessu stigi málsins gefið því atkvæði mitt.

Í fyrsta lagi held eg, að réttritunarspursmálið sé ekki nógu vel rætt enn þá, til að hægt sé að setja á það smiðshöggið. — Umræðurnar um málið hafa ekki verið á þann veg, að þær hafi gefið ástæðu til að ætla það. Við þekkjum allir blaðadeilu um þetta efni, sem nýlega er afstaðin, og virðist hún ekki bera vott um, að farið sé enn að ræða málið með stillingu og skynsemd. Svo er enn eitt atriði, sem kemur mér á þá skoðun, að þessi hiti sé enn ekki farinn. Á fundi einum, sem eg var á fyrir skömmu, kom fyrir atriði, sem snerti nokkuð stafsetningu, og eg verð að segja, að þær umræður, sem þar fóru fram, virtust ekki vera svo lausar við ofsa, að á þeim væri að græða. — Ræðumennirnir — þar á meðal frumkvöðlarnir að þessari þingsályktunartillögu — voru svo heitir og rauðir í kambinn, eins og ungir vel aldir hanar.

Eg verð því að álíta, að það stig, sem hér er farið fram á, yrði ekki til annars en að baka landinu fjárútlát, og get eg ekki fengið af mér, að vera með því, að veita peninga, sem alveg er fleygt í sjóinn, og hins vegar ekki ástæða til, að veita heiðurslaun fyrir stafsetningar-rifrildi.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 196 samþykt með 12 : 2 atkv.

1. gr. frumv. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Hannes Hafstein,	Hermann Jónasson,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Torfason,
Ólafur Briem,	St. Stefánsson, Eyf.,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánsson, Skf.,	Sigurður Sigurðsson,
Tr. Gunnarsson,	Þórður Guðmundss.,
Valtýr Guðmundss.,	Þórður J. Thorodd.

Prentsmiðjulaga-viðauki.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um prentsmiðjur 5. des.br. 1886 (C bls. 247); 1. umr., 16. júlí.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Eg skal taka það fram, að eg flyt þetta frumv. eftir beiðni, sem hefir komið fram frá landsskjala safninu. Málið er ógnarlega smá-vaxið, og getur eiginlega ekki haft neina verulega byrði í för með sér fyrir útgefendur blaða eða tímarita; en það getur hins vegar verið gott, að þessi tímarit og blöð, sem hætt er við að kannske á mjög löngum tíma glatist og eyðileggist, svo að þau séu hvergi til, að þau séu geymd á þeim stað, sem vísastur er til, að varðveita þau um langan tíma; því þau geta haft talsverða þýðingu, sumpart í stjórnarsögu og sumpart í menningarsögu þjóðarinnar.

Eg vona því, að menn láti frumv. ganga fram, án þess að reisa verulega mótspyrnu á móti því.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 18. júlí (C bls. 247, breyt till. 309).

Skúli Thoroddsen: Það tekur því naumast að standa upp til að mæla með breytingartill. eigi stórvægilegri en þessari. — Frumvarp það, sem eg hefi komið fram með breytingartillögunum við, fer fram á, að auk þess, sem prentsmiðju-eigendur eiga samkvæmt lögum frá 4. des. 1886 að láta landsbókasafninu í té tvö eintök ókeypis af því, sem prentað er, og sömuleiðis amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi og háskólabókasafninu sitt eintakið hverju, og konunglegu bókhlöðunni í Kaupmannahöfn tvö eintök, þá skuli þeir og láta landsskjalasafninu í té eitt eintak af tímaritum og blöðum, sem prentað er í prentsmiðjum þeirra.

Eg tel þetta ákvæði því í sjálfu sér heppilegt, og eg tel það víst, að prentsmiðjueigendur telji það ekki eftir sér, að verða við þessari kvöð. — Það er heppilegt, að blöð og tímarit geymist á þeim stað, þar sem þau verða eigi lánuð út, og sæta því þar minna sliti en í bókasöfnum.

Breytingartill. mín fer nú fram á, að í stað þess, að eintakið sé prentað á skrifpappír, þá sé það að eins tekið fram, að það sé prentað á góðan pappír. Auðvitað er þessi breyting ekki mjög mikilsverð, en þýðingarlaus er hún þó ekki. Akvæðið um, að eintakið skuli vera prentað á skrifpappír, er nefnilega svo óákveðið, því að skrifpappírinn á ekki saman nema nafnið, og því lítil trygging fyrir, að landsskjalasafnið fái eintak sitt prentað á góðan pappír, og tryggingin meiri eftir breytingartill. minni.

Aftur getur það stundum verið örðugt fyrir prentsmiðju-eigendur, að fá skrifpappír af sömu stærð og blað það eða tímarit, sem um er að ræða, og verða þeir þá að grípa til þess óyndisúrræðis, að líma tvær arkir saman.

Flm. (*Guðlaugur Guðlaugsson*): Eg skal

taka það fram, að eg hefi borið mig saman við flutningsmann breyt.till., og hefi ekkert við hana að athuga. — Vil eg því leggja það til, að hún verði samþykt.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 122 samþykt með 18 atkv.

1. gr. frv. með áorðnum breytingum samþykt með 19 atkv.

2. gr. samþykt með 19 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 19 atkvæðum.

Þriðja umr., 20. júlí (C bls. 310).

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 19 atkv., og afgreitt til Ed.

Verkkaupsgreiðsla.

FRUMVARP til laga um greiðslu verkkaups (C bls. 310); 1. umr., 29. júlí

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Mál það, sem hér liggur fyrir, var fyrst til umræðu hér á þinginu árið 1891, og má því segja, að það hafi verið á dagskrá um 10 ár. Að vísu hefir það að eins einu sinni komist fram á þingi, sem sé á þinginu 1899. Þá var samþykt frumv. um þetta efni, og var það að vísu töluvert ófullkomið, af því að Ed. hafði breytt ákvæði þess svo, að það gilti að eins, ef ekki var öðruvísi um samið.

En þrátt fyrir það synjaði stjórnin frumv. um staðfestingu, þegar til hennar kom, og eru ástæður hennar tilfærðar í ráðgjafabréfi dags. $^{11}/_{4}$ 1900. Í fyrsta lagi telur stjórnin það ósamkvæmni, að frumv. nær ekki einnig til verksamninga, er landbúnaðinn snerta; í öðru lagi sé það ósanngjarnt, að banna greiðslu kaups með skuldajöfnuði; en það, sem stjórnin aðallega finnur frv. til foráttu, er það, að í frumv. standa hegningarákvæði fyrir brot gegn fyrirmælum 1. og 2. gr. frumv., en þessar greinar álítur stjórnin að innihaldi ekki eiginleg forboðsákvæði, heldur að eins lagalíkur um skilning samninga manna á milli, og fyrir því sé það fjarstæða, að ákveða hegningu fyrir brot gegn þeim.

Eg skal nú í stuttu máli leyfa mér að benda hinni háttv. deild á, að ástæður stjórnarinnar eru ekki svo mikilsverðar, að ekki megi samþykkja frv. þess vegna. — Að því er snertir fyrsta atriðið, að frumv. nái ekki til verksamninga, er landbúnaðinn snerta, þá er mér ekki kunn nein óánægja yfir samningum milli verkamanna og bænda; enda er það föst venja, að gjöra samninga um það, hvernig greiða skuli kaupið, og er það venjulegast greitt í landaurum, sem verkamennirnir þarfnast. Er því engin þörf á lögum um þetta efni. Auk þess mundu bændur eiga erfitt með að borga kaup í peningum. Líka má benda á það, að á Englandi, þar sem sömu ákvæði gilda í þessu efni, hafa menn aldrei fundið þörf á, að setja slík ákvæði fyrir landbúnaðinn. — Hin ástæðan, að það sé ósanngjarnt að banna greiðslu kaups með skuldajöfnuði, þarf ekki svara við, því vitaskuld er það vinnuveitanda innan handar, að gera svofeldan samning við verkamanninn, um leið og hann ræður hann. Þriðju ástæðu stjórnarinnar, að ekki eigi við að setja hegningarákvæði inn í frumv., get eg felt mig við, þó ekki sé hún fullkomin ástæða til að synja frumv. staðfestingar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer nú í líka átt og frumv. frá 1899, eins og það var þegar Nd. skildi við það, nema hvað slept er hegningarlagaákvæðunum, sem stjórnin hafði hneykslast á; og í stað þess er frumv. síðasta

alþingis voru »deklaratorisk« lög, þ. e. lög, sem að eins áttu að gilda, ef málsaðilar eigi hefðu öðru vísi um samið, þá fer þetta frumv. fram á, að óheimila slíka samninga, nema hvað það atriði snertir, ef verkamaður er skuldugur vinnuveitanda, þá er þeim heimilt að gera samning um, að hann megi vinna af sér skuldina.

Stjórnin er á því, að ekki eigi að ráða þessu máli til lykta með lögum, heldur látá tímann vinna bug á vöruborguninni fyrir vinnu; en það getur dregist nokkuð lengi, ef eftir því á að bíða; og þar sem hinni voldugu og hagsýnu Bretaþjóð hefir þótt við þurfa, að skipa fyrir um þetta með lögum, þá ætti oss að sæma, að ganga í þeirra spor.

Eg hefi nokkuð kynt mér gang þessa máls á Bretlandi.

Litlu fyrir 1870 setti parlamentið nefnd til að íhuga málið rækilega, og liggja gerðir hennar fyrir á prenti í stórri bók, sem eg hefi fyrir mér. Nefndin tíndi saman allar eldri lagasetningar um þetta efni, og safnaði sér saman skýrslum víðs vegar, til að kynna sér ástand verkamannanna, svo að hún gæti gert sér því glöggari grein fyrir, hver áhrif hinn tíðkanlegi kaupgjaldsháttur mundi hafa.

I bók þessari er skýrt frá því, að það hafi í fyrsta sinn verið árið 1464, að ástæða hafi þótt til, að setja laga-ákvæði um þetta, og það að eins að því er snerti eina atvinnugrein, ullar vinnuna. Þar var sú tízka, að borga þeim, sem að henni störfuðu, kaup sitt í ýmsum vefnaði og öðrum vörum. Þetta þótti svo óheppilegt, að kærur voru bornar fyrir konung yfir því, og skipaði hann, að gjaldmátanum skyldi breytt. Síðan má rekja lagasetning Breta um þetta efni á 17. og 18. öld; þeir taka fyrir eina og eina atvinnugrein eftir aðra og gera lagasetning um hana, eftir því sem þörf þótti krefja En það er fyrst 1817, að segja má, að löggjöf þeirra um þetta efni yrði yfirgripsmeiri; þeir safna þá saman hinum eldri ákvæðum í eitt og bæta fleira við, sem ekki höfðu áður verið ákvæði um. 1831 ganga þeir enn lengra og loks 1870 ríða þeir á endahnútinn, þar sem þá var svo ákveðið, að alt verkkaup verkamanna skuli greitt í peningum.

Það hefir oft verið tekið fram, og það með réttu, að nauðsynlegt væri fyrir oss að fá sams konar ákvæði og Bretar. Vér vitum, að það er því nær föst regla, að þilskipaeigendur borgi verkamönnum sínum kaupið ekki í peningum, heldur í vörum. Það kunna að vísu að vera nokkurar undantekningar frá þessu hér í Reykjavík; en hitt er aðalreglan. Á meðan ekki fæst almenn breyting á þessu fyrirkomulagi með lögum, þá er naumast hægt fyrir einstaka menn, þótt vilji, að breyta til. Afleiðingin af því, að verkamennirnir fá ekki kaup sitt í peningum, verður sú, að þeir verða athugaminni með efni sín og hafa síður hvöt til að spara. Nú má líka fara að búast við, að töluverður iðnaður fari að koma upp í landi hér, hvað af hverju. Þá er betra að hafa þessi lög til áður, heldur en að þurfa að fara að búa þau til fyrst eftir ir að iðnaðurinn er kominn á fót.

Eins og kunnugt er, þá er verkmannalýðurinn illa settur að því leyti, að hann á ekki kost á, að senda fulltrúa á þing, en vér vitum, að þó hafa komið óskir frá honum inn á þingið bæði úr kjördæmi mínu og héðan úr Reykjavík um að fá komið á peningaborgun fyrir vinnu. Þetta ætti að vera þinginu hvöt til að fá framgengt lögum í þessa átt, og því meiri líkindi tel eg til þess, að svo verði, þar sem sú

stefna er þó ríkjandi í löggjöf nútímans, að reyna að vernda hina minni máttar gegn ágangi hinna máttarmeiri.

Eg finn svo ekki ástæðu að hafa fleiri inngangsorð að málinu. Frumv. er svo líkt úr garði gjört því, sem skilið var við það síðast, að eg tel ekki nauðsynlegt, að nefnd sé skipuð í málinu nú.

Þórður Guðmundsson: Það er auðsjáanlegt, að h. þm. Isf. (S. Th.) telur þetta mikið nauðsynjamál, þar sem hann flytur það nú í fjórða sinn inn á þing. Málið hefir verið felt hér á þinginu, þangað til það loks gekk í gegn á þinginu 1899. Eg hefi á undanförnum þingum verið mikið á móti málinu, ekki þó af því, að eg álíti það ekki í sjálfu sér gott fyrir verkmannalýðinn, heldur af því, að mér finst hér vera gengið svo nærri samningafrelsi manna, og af því, að eg álít það óframkvæmanlegt nú, eins og peningahag manna hagar hér. Eg tek það enn fram, að eg er ekki á móti málinu af því, að eg vilji ekki hagnað verkamannanna, heldur af ástæðum þeim, sem eg nefndi. En af því að nú eru margir nýir þm. hér í deild, sem sjálfsagt eru málinu ekki fullkunnir, þá álít eg að nauðsynlegt sé, að nefnd sé skipuð í málinu, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Eg tók það áðan fram, að eg áliti ekki nauðsynlegt, að nefnd væri skipuð í málið, og af því að farið er að líða á þingtímann, þá gæti nefndarskipun orðið málinu til falls. Eg verð því, að vera mótfallinn tillögu h. þm. Rangv. (Þ. G.) um nefndarskipun, enda veit eg ekki, þegar eg minnist ræðna hans á fyrri þingum, af hvað mikilli velvild til málsins hún er sprottin. H. sami þm. kom enn með hina gömlu mótbáru sína gegn málinu, að hér væri gengið of nærri samningafrelsi manna. En þess er að gæta, að það er naumast um samningafrelsi að ræða, þar sem svo ólíkt er á komið með málspörtum, að annars vegar eru atvinnuþurfandi fátæklingar, en hins vegar auðugir vinnuveitendur. Þar komast ekki að frjálsir samningar, heldur nauðungarsamningar; verkamaðurinn verður að sætta sig við það, sem honum er boðið.

Það eru annars ótal mörg lög, smíðuð bæði hér og annarstaðar, sem leggja einhver höft á sjálfræði manna í viðskiftum við aðra, og því má um segja, að þau gangi of nærri samningafrelsinu, svo framarlega sem það er að ganga of nærri því, að skipa fyrir um hag verkamannalýðsins.

Önnur mótbára h. þm. (Þ. G.) gegn lögunum var sú, að þau séu óframkvæmanleg sökum peningaleysis í landinu; en þetta er ekki rétt, því að ef atvinnuveitendur vissu það fyrir, að þeir ættu að gjalda verkafólki sínu kaup þess í peningum, þá myndu þeir vera sér í útvegum með peninga, ef þeir hefðu þá ekki, alveg eins og með aðrar vörur, og fengjust þeir ekki hér í landi nægilegir, eins og ekki er við að búast, á meðan bankamál landsins eru eigi komin í viðunanlegra horf en nú er, þá mundu þeir útvega sér þá frá útlöndum, eins og aðrar vörur.

Það væri full ástæða til þess, að bændur ættu öðrum fremur að vera máli þessu hlyntir, því að ekki svo lítið af peningunum, sem verkamennirnir fengju, mundu ganga til þeirra fyrir ýmis konar landvöru, og þannig dálítið greiðast úr peningaskorti þeirra.

Það getur verið, að stöku atvinnuveitendum yrði þessi breyting óhentug fyrst í stað, eða að minsta kosti þætti hún vera það; en það mundi sannast

að þeir mundu brátt fara að una henni vel og telja sér hana skaðlausa, því að sú mundi raunin á verða, að mikið af peningunum mundi aftur koma til þeirra og þeir eiga hægra með að varast, að verkafólk sitt sykki í skuldasúpu við sig. Aðalatriðið er þetta, að við þessa breytingu mundi verkalýðurinn gerast sjálfstæðari og fara að hugsa meir um sinn hag; en fyrir verzlunarstéttina er það auðsýnn hagur, að viðskiftamenn hennar séu sem sjálfstæðastir.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr., með 14 atkv.

Uppást. um 3 manna nefnd feld með 10 : 5 atkv.

Önnur umr., 31. júlí.

ATKVGR. 1. gr. samþykt með 14 atkv.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkvæðum.

Þriðja umr., 3. ágúst.

ATTVGR.: Frv. samþykt með 17 atkv. og afgreitt til Ed.

Vinnuhjú og daglaunamenn.

FRUMVARP til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (C bls. 284); 1. umr., 19. júlí.

ATKVGR.: Samþ. að kjósa 5 manna nefnd og þessir tilnefndir af forseta með samþykki deildarinnar:

Sigurður Sigurðsson.
Stefán Stefánsson, þm. Skgf.
Olafur Briem.
Björn Bjarnarson, Bf.
Hermann Jónasson.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. fyrstu umr., 12. ágúst (C bls. 284, nefndarálit bls. 406).

Framsögumaður (*Hermann Jónasson*): Eg skal að eins leyfa mér að geta þess, að nefndin, sem skipuð var í þetta mál, hefir nú rannsakað frumv. allgaumgæfilega og lagt til, að gerðar væru við það ýmsar smávægilegar orðabreytingar, en að eins ein efnisbreyting. En af því að eg álít, að það eigi ekki við, að fara út í einstakar breytingar við þessa 1. umr., þá skal eg leyfa mér að óska þess, að málinu vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 14 ágúst (C bls. 284, 406).

Framsögumaður (*Hermann Jónasson*): Hér er um svo langan lagabálk að ræða, að ef gengið væri út í einstakar greinar frumv. og þær breytingar, sem gerðar hafa verið við það, mundi það taka alt of langan tíma, enda sýnist ekki vera bein þörf á því, því að, eins og kunnugt er, hafði þingið 1899 þetta mál til meðferðar og var það skoðað ítarlega í nefnd í efri deild. Á þgskj. 218 í skjalaparti Alþ.tíð. 1899 er prentaður með breyttu letri mismunurinn á tilskipuninni 26. jan. 1866 og frv., eins og það lá þá fyrir. Og við 2. umr. í Ed. bls. 598 er gjörð ítarleg grein fyr ir öllum breytingum og á þgskj. 474 eru teknar upp þær breytingar, sem nefndin lagði til að gjörðar væru. Eg leyfi mér að benda á þessi þgskj. af því þetta er svo langt mál, og vona eg að háttv. þingd. íhugi málið. Á þgskj. 517 er málið eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed., og höfum vér, sem nú flytjum frv., tekið það upp og að eins gjört við það 2 efnisbreytingar; og er önnur þeirra við 13. gr. Tilskipun-

in frá 26. jan. 1866 og frv. eins og það var 1899 samþ. við 3. umr. í Ed. gera ráð fyrir, að ef húsbóndi deyr, og ef búi er brugðið, verði dánarbúið að greiða hjúinu árskaup og matarverð. — Aftur á móti er hvorki í tilskipuninni frá 1866 né frv. Ed. 1899 gjörð nein ákvæði um, að húsbóndinn fái neitt endurgjald, ef hjúið deyr. Þetta er misrétti; en það mun ávalt hafa vakað fyrir þeim, sem fengist hafa við þetta mál, að ekkert misrétti ætti að koma fram milli bænda og hjúa.

Hin efnisbreytingin er við 21. gr., sem nú verður 22. gr., um, að húsbónda skuli að eins skylt að fæða hjúið endurgjaldslaust einn mánuð vistarársins, ef það sýkist eða slasast.

Hinar aðrar breytingar, sem nefndin hefir gjört, eru að eins smá orðabreytingar, sem flestar munu vera til bóta, en enga þýðingu hafa, hvað efnið snertir.

Þórður Guðmundsson: Það er alveg rétt, sem h. 1. þm. Húnv. tók fram, að hér er um mikinn lagabálk að ræða, og eg fyrir mitt leyti verð að segja, að mér er ómögulegt á þessum stutta tíma, sem eftir er af þingtímanum, að átta mig á þessum lagabálki, einkum þar sem hann grípur inn í viðskiftalíf allra landsmanna. Eg skal ekki segja, að þetta frumv. sé ekki til bóta, en það þarf ekki lítinn tíma til að átta sig á þessu, þar sem svo margar breytingar liggja fyrir. Greinar frv. á þgskj. 112 eru 38, og nefndin hefir ekki komist af með færri breyt.till. en 32.

Mér þykir leitt að geta ekki greitt atkvæði með frv. grein fyrir grein, af því eg treysti mér ekki til þess, en mun þó greiða atkv. með því til 3. umr., því það er nauðsynlegt að athuga þetta mál rækilega; það getur dregið slæman dilk eftir sér, ef óheppileg ákvæði eru látin standa í frv.

Einar Jónsson: Það hefir farið fyrir mér líkt og öðrum þm., að eg hefi ekki getað athugað þetta frv. eins vel og eg vildi sökum tímaskorts. H. þm., sem síðast talaði, gjörði mikið úr breyt.till. þeim, sem fram eru komnar á þgskj. 281, en yfir höfuð má segja, að þær séu lítið annað en orðabreytingar og því lítið við þær að athuga; sumar eru til bóta, en sumar ekki, en skifta þá litlu. Eg ætlaði að koma fram með breyt.till. við þetta frv., en gat ekki lokið þeim fyrir þessa umr. og hefi eg því í hyggju að snúa mér til nefndarinnar til 3.umr. Það er sérstaklega 21. gr., sem eg vildi gjöra breytingu við, og er það veruleg efnisbreyting. Í þeirri gr. er eiginlega aðalbreytingin, sem frv. gjörir á núgildandi lögum (tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866), sem sé sú, að hjúið skuli ekki eiga neina heimting á kaupi meðan það er veikt, hversu stuttur tími sem það er, og borga fæði, ef það er lengur sjúkt en 1 mánuð; en eins og menn vita er það svo í gildandi lögum, að hjúið skal einskis í missa af kaupi sínu, þó það liggi veikt hálfan mánuð um slátt eða vertíð, eða mánuð að vetrinum, og álít eg að í þessu frv. sé of langt vikið frá hinum gildandi lögum. Hjúið hefir verið skoðað og er jafnvel enn skoðað sem heyri það að nokkuru leyti familíunni til. Og kemur þar fram aðalmismunurinn á hjúinu og daglaunamanninum. Þetta eru helztu hlunnindin, sem hjúin hafa, og þykir mér ekki rétt að kippa þeim burtu alt í einu. Samkvæmt vinnuhjúalögunum á húsbóndinn að fæða hjúið, meðan það er veikt, og eru þar engin takmörk sett fyrir því, hve langan tíma húsbóndinn sé skyldur að fæða hjúið án endurgjalds. Þannig má fá það út úr lögunum, að hann sé skyldur að fæða hjúið endurgjaldslaust, þó það sé veikt

alt árið, og sér hver maður, að það er ekki réttlátt, og hefir líklega aldrei verið tilætlun löggjafans. En hér er aftur of langt farið, að húsbóndinn sé eigi skyldur að fæða hjúið neinn dag endurgjaldslaust, og jafnvel þó að breytingartillaga nefndarinnar sé samþykt, að húsbóndinn sé skyldur að fæða það 1 mánuð endurgjaldslaust. Þessi ákvörðun setur hjúin um of í sömu röð og daglaunamenn. En það er kostnaðarminna í búskapnum, að halda hjú, en að nota daglaunamenn, og þess vegna er rétt, að hafa kjör þeirra rýmri. Ef til vill er þetta nokkuð ólíkt á hinum mismunandi stöðum, en það er svo þar, sem eg þekti til. Eg hefi reynt hvorttveggja, að halda hjú og daglaunamenn. Ef bóndinn þarf að halda mann yfir árið, sumar og vetur, er kaupgjald daglaunamannsins svo, þar sem eg þekki til, að hann fær um eða yfir 200 kr. í kaup frá sumarmálum til veturnótta og fyrir veturinn fær hann venjul. ekki minna en 20–30 kr., og þá verður árskaup hans alt að 230 kr. eða meira. En vinnumaðurinn, sem vinnur sama verk, fær 100–120 kr. og 3 eða 4 föt, og svarar það 150–160 kr. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Og fæði, þegar hann hefir ekkert að gjöra). Já, satt er það auðvitað. En það eru yfir höfuð ekki svo margir dagar, sem ekki er hægt að láta hjúið hafa neitt að gjöra. En þegar þeir dagar koma fyrir, þá er húsbóndinn nú auðvitað skyldur að fæða það endurgjaldslaust. — En það verður hverfandi, þegar manni er full nauðsyn á, að halda hjúið alt árið. Þessu er að vísu öðruvísi farið með daglaunamenn, en þeim mun þó víða ekki reiknað fæði, þó að þeir séu dag og dag frá verkum.

Væri nægur vinnukraftur til, svo að ætíð væri hægt að ná í menn til vinnu, og samkepni væri um vinnuna, þá væri auðvitað oft og tíðum meiri hagur að því, að halda daglaunamenn. En þessu er ekki svo háttað. Og þess vegna er, þar sem eg þekki til, alment álitinn mikill hagur að því, að halda hjú heldur en daglaunamenn. Og fyrst hjúahaldið er þannig haganlegra, er rétt að hlíðra nokkuð til við þau, klípa ekki strax af kaupi þeirra, eða láta þau strax borga fæði, þegar þau verða sjúk.

Mér finst sjálfsagt, að vernda rétt og hlunnindi hjúa, en vil jafnframt útrýma því, sem er ósanngjarnt og rangt í núgildandi lögum, t. d. að fæða hjú alt árið borgunarlaust, þó það ekki geti gengið að vinnu, — þess vegna rétt að breyta því. Hitt finst mér of langt farið, að heimta fæðispeninga af hjúi, þó það sé sjúkt dag og dag, eða jafnvel 1 mánuð alls, en eðlilegt að kaupið skerðist tiltölulega, ef það er veikt lengri tíma; en skerðingin ætti að vera mismunandi. Arður af hjúum er mismunandi; mestur er hann vor og sumar, einkum um sláttinn og svo um vertíð, en minstur á vetrum, þar sem sjósókn er ekki. Til þess verður að taka tillit. Hluttallið verður hér um bil 1 vika sumars móti 1 mánuði að vetri. Það er þess vegna þessi gr., sem eg óska einkum að verði breytt. Við erum flestir húsbændur, sem eigum nú um þetta mál að fjalla, og verðum því að gæta þess, að ganga ekki of nærri rétti og hlunnindum hjúanna, en nema það burt, sem rangt er eða ósanngjarnt. Eg ætla svo að eins að minnast á eitt annað atriði, nefnil. hjúa-skildagann. Samkv. 4. gr. er almennur hjúaskildagi ákveðinn 14. maí, og er sízt að finna neitt að því; en það er ekki svo um land alt nú. Á Austurlandi öllu er skildaginn 3. maí, og getur valdið óþægindum í svip, að breyta því. En eg

gjöri þó eigi mikið úr því, því að það væri eflaust hentugra, þegar frá liði, að skildaginn væri sama dag um land alt; hitt má lengi deila um, hver dagurinn sé heppilegri.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Mér þykir undarlegt, að háttv. þingdm. skuli ekki hafa haft tíma til að kynna sér frumv. né breyttill. fyrir þennan tíma, og ekki hafa haft tíma til að koma með breyttill. Það gleður mig, að háttv. 1 þm. N.-Múl. (E. J.) er nefndinni samþykkur í aðalatriðunum, þó hann vilji gera nokkurar breytingar á 21. gr. viðvíkjandi fæðispeningum í sjúkdómslegu hjúa. Nefndin áleit sjálfsagt, að breyta þessu; þetta er miðað við alt annan tíma en þá er hjú unnu fyrir fæði og fáeinum spjörum, en kaup nú miklu hærra. Eg held að það sé vafamál, hvort hjú kunna að meta réttindi sín og hlunnindi fram yfir daglaunamenn. Eg hefi spurt hjú: »Hvaða laun hefir þú sem daglaunamaður yfir sumarið?«. — »210 kr., en fæ hjá þér 130 kr.«. —»Já, en þú gáir ekki að því, góði minn, að þú hefir sérstök réttindi sem hjú, ert fæddur án endurgjalds alt árið, þó þú sért alt af frá verkum sökum sjúkleika, og ekki er dregið af kaupi þínu, þó þú sért sjúkur 1/2 mánuð um sláttinn«. — »Svo?« segir vinnumaður, »ekki vissi eg þetta fyr«! — Eg þekki fá hjú, sem taka tillit til þessa réttar. Bændur geta ekki risið undir hvorutveggja: bæði háu kaupgjaldi og háum kröfum af hálfu hjúa. Vér vildum þó ekki kippa þessum ákvæðum alveg burtu, en álitum réttara að gefa hjúunum nokkra ívilnum, sem ekki er svo lítils virði. Eftir tillögum vorum fá hjúin fæði ókeypis 1/2 til 1 mánuð. Aðalbreytingin frá tilsk. 1866 um vinnuhjú er viðaukinn um daglaunamenn; áður voru engin ákvæði um þá stétt. Og hvaða skyldur og rétt hafa þeir? — Það er algengt, að daglaunamenn heimta af húsbændum þjónustu, skó o. fl. ókeypis, auk þess að þeir oft eru í fæði án endurgjalds á öllum helgum. Það er því rétt að hafa lagaákvæði um þetta, svo menn hafi eitthvað að halda sér til; það er gott að geta borið lög fyrir sig, ef á þarf að halda. Eg vona, að frumv. komist fram, þó tíminn sé naumur.

Einar Jónsson: Eg hélt að háttv. 2. þm. Skgf. (St St.) væri kunnugt, að erfitt verður að sinna svo hverju máli sem skyldi, þegar á hverjum degi verður að hugsa um 10 mál til jafnaðar á dagskrá; það má þakka fyrir, að byrjað er á breyttill., þegar málið er til 2. umr. Annars ætla eg að mótmæla því, að hjúum sé ekki alment kunnugt um réttindi sín, þó að þau þekki lögin ef til vill ekki nákvæmlega. Eg veit ekki betur en hvert einasta hjú viti, að ekki er dregið af kaupi þess, þó það sýkist dag og dag, né fæði reiknað því. En hitt getur verið, að það viti ekki nákvæmlega, hvað lengi það má vera sjúkt án þess kaup skerðist, og hve nær það verði að fara að borga fæði. Eg held hjúum sé yfir höfuð ljóst, að þau hafi þessi miklu hlunnindi. Hitt mundu þau líka fljótt finna, ef þau yrðu að borga fæðispeninga og dregið væri kaup af þeim fyrir hvern dag, sem þau væru frá verkum, og þeim ekki dyljast, að mikil breyting væri orðin frá því sem nú er.

Þórður Guðmundsson: Það er ranghermi hjá háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) að eg hafi ekki lesið frumv.; eg hefi að eins ekki haft nægan tíma til að bera breyttill. saman við það. Margt er gott í frumv., en ekki sé eg mér fært, að greiða atkvæði með því grein fyrir grein, eins og það liggur fyrir. Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) taldi vafamál, hvort ekki hefði verið rétt að af-

má alla vistarbandsskyldu og láta alt vera daglaunamenn. Eg er þakklátur háttv. netnd fyrir að það komst þó ekki á; — eg fullvissa háttv. deild um það, að við eigum enn langt í land þangað til við getum notað það fyrirkomulag, — það þarf meiri peninga en sveitabændur hafa nú úr að spila til þess að greiða daglega verkkaup að kvöldi; það er þeim einum fært, er launaðir eru úr landssjóði. Þetta liggur sem betur fer ekki fyrir, og skal eg því ekki tefja tímann.

Framsögumaður (*Hermann Jónasson*): Eg skal taka það fram, að þegar vinnuhjúatilskip. 1866 kom út, voru mjög fáir daglaunamenn. Flestir voru vistráðin hjú. Nú er þetta fjölmennur flokkur í landinu. Ber því nauðsyn til að fá glögg lagaákvæði fyrir þá. Það væri því skaðlegt, ef frumv. þetta næði eigi að ganga fram; bæði hjú og daglaunamenn finna, að ómögulegt er að fylgja tilsk. frá 1866, t. d. að 16 ára unglingur hlýði húsaga er í fullu ósamræmi við mannréttindi og tímann. Ekki samþykki eg alt, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, t. d það, að hagur sé í að hafa árshjú og að þeim væri þröngvað með þessu frumv. Eg neita því ekki, að til séu sveitir, þar sem það sýnist hagur, en víðast þar er hitt óreynt.

Vinnulýðurinn má verða fyrir þeim áhrifum, að hann hverfi til daglaunavinnunnar, ef það skyldi verða hagur fyrir hann, og eg tel engan skaða fyrir landbúnaðinn, þó sú breyting kæmist á. En hefir nokkurt sveitarfélag hag af því, að undiroka aðra stétt? Mín reynsla er sú, að enginn sé meiri hagur af hjúum en daglaunamönnum. Þó skal eg ekki bera á móti því, að það sé notadrýgra, að hafa gamla menn og unglinga, sem farnir eru að bila til vinnu eða sem eru að læra vinnu, sem hjú, en sem daglaunamenn; þeir geta oft slagað hátt upp í fullkomna menn, og fyrir þessa menn er ársvistin vanalega hentugri. En menn á bezta reki verða yfirleitt eins dýrir ársmenn sem daglaunamenn. Eg er samdóma háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) um, að yfirleitt þekkja hjúin ekki rétt sinn né skyldu. Gagnvart háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) skal eg geta þess, að það er að eins í Múlasýslum og Austur Skaftafellssýslu, að hjúaskildagi er 3. maí; annarsstaðar er hann 14. maí. Eg hefi átt tal um þetta við ýmsa úr þeim héruðum, og hefir það verið álit þeirra, að óþægilegt væri að hafa mismunandi skildaga á landinu. Í nefndarálitinu er þessu breytt. Í stað orðanna: »Hinn almenni skildagi« komi: »skildagi«. Nefndin gerir þetta ekki að kappsmáli, en þykir hagkvæmara, að einn sé skildagi um land alt. Eg skal taka það fram, gagnvart því sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að hlunnindi hjúa minkuðu, að það er alveg rétt, en hann gáir ekki að því, að frv. gengur strangara fram gegn daglaunamönnum, kemur á meira jafnvægi. Þetta vona eg að hann athugi.

Í frumv. er hjúum ætlað ókeypis plögg, skór og þjónusta o. fl., en ekki daglaunamönnum; daglaunamenn í sjóþorpum heimta alt þetta í sveit, en í sjóþorpum verða þeir vanalega að leggja sér það sjálfir til. Þetta atriði ætti þó ekki að verða að deiluefni, því að með breyting þeirri, sem gjörð hefir verið á 21. gr., sem nú er 22. gr., hefir verið gengið í bága við princip frumv., svo að því skiftir eigi miklu, hvort stigið er lítið eitt skemur eða lengra.

ATKVGR.: 1. og 2. gr. samþ. með 18 atkv.

Brtill. 281, við 3. gr. sþ. með 18 atkv.

3. gr. breytt samþ. með 19 atkv.

Brt. 281, 2 við 4. gr. sþ. m. 13 atkv.

4. gr. breytt sþ. með 17 atkv.

Brt. 281, 3 við 5. gr. sþ. án atkvgr.
5. gr. breytt sþ. með 15 atkv.
Brt. 281, 4 við 6. gr. sþ. með 17 atkv.
6. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 5 við 7. gr. sþ. án atkvgr.
Brt. 281, 6 við 7. gr. sþ án atkvgr.
Brt. 281, 7 við 7. gr. samþ. án atkvgr.
Brt. 281, 8 við 7. gr. sþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 9 við 7. gr. sþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 10 við 7. gr. sþ. án atkvgr.
7. gr. breytt samþ. með 20 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 11 við 13. gr. sþ. án atkvgr.
Brt. 281, 12 við 13. gr. sþ. án atkvgr.
13. gr. breytt samþ. með 17 atkv.
Brt. 281, 13 við 14. gr. sþ. með 18 atkv.
14. gr. breytt samþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 14 við 15. gr. sþ. án atkvgr.
Brt. 281, 15 við 15. gr. sþ. án atkvgr.
15. gr. breytt samþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 16 við 16. gr. sþ. án atkvgr.
Brt. 281, 17 við 16. gr. sþ. án atkvgr.
16. gr. breytt sþ. með 19 atkv.
17. gr. óbreytt sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 19 (ný grein) við 20. gr. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 20 sþ. án atkvgr.
20. gr. frv. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 21 sþ. með 16 atkv.
22. gr. frv. sþ. með 16 atkv.
Brt. 281, 22 við 23. gr. sþ. án atkv.
23. gr. frv. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 23 við 24 gr. sþ. án atkv.
Brt. 281, 24 við 24. gr. sþ. án atkv.
Brt. 281, 25 við 25. gr. sþ. án atkv.
24. gr. breytt sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 26 við 25. gr. sþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 27 við 25. gr. sþ. með 18 atkv.
25. gr. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 28 við 26. gr. sþ. með 16 atkv.
26. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
27. gr. óbreytt sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 29 við 28. gr. sþ. með 18 atkv.
28. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
29.—34. gr. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 30 við 35. gr. sþ. með 18 atkv.
Brt. 281, 31 við 35. gr. sþ. án atkv.
35. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
36. gr. sþ. með 19 atkv.
Brt. 281, 32 við 37. gr. sþ. með 19 atkv.
38. gr. breytt sþ. með 19 atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Þriðja umr., 16. ágúst (C bls. 631, breyt.till. 659).

Einar Jónsson: Eg skal fyrst geta þess, að tilvísanir mínar til greina í frumv. á þingskj. 475 eru skakkar, en það verður leiðrétt, þegar málið verður afgreitt, ef það verður samþykt. — Eg hefi leyft mér að koma með nokkrar breyt.till. á þingskj. 507 við frumv., þetta sérstaklega við 22. gr. frumv. um það, að hjú, þótt það sé sjúkt nokkra daga, skuli ekki missa kaup sitt þá daga, eða þurfa að greiða borgun fyrir fæði, þótt það sé sjúkt í 8 vikur. — Eg álít, að ef menn breyta um alt í einu, eins og farið er fram á í frumv., þá verði það annaðhvort til þess, að menn leggja meira kapp á lausamensku eða að hjúin heimta hærra kaup, því þótt þau nú ekki hafi glögga hugmynd um hlunnindi sín, þá munu þau fljótt fá það, þegar á að fara að draga af kaupi þeirra fyrir hvern dag, sem þau eru sjúk. — Það má gjarnan minka hlunnindin frá því, sem verið hefir, sökum þess, hve kaupið hefir hækkað, en að afnema þau alveg tel eg óráð. Eg vil ekki gera neitt til þess, að ýta undir menn til þess, að setja upp kaup frá því, sem nú er, eða ganga í lausamensku.

2. breyt.till. er að eins um að breyta röð greinanna, þannig, að 20. gr. verði 21. gr., en 21. gr. verði 20. grein, og stendur það í sambandi við breyt.till. mína við 22. gr.

3. breytingartill. er um það, hvernig meta skuli kaup fyrir þann tíma, sem

hjúið er frá verkum. Það er ekki rétt, að meta kaup hjúsins jafnt alla tíma árs. En sökum þess, að sami tími árs er ekki jafn-arðsamur um alt land, er ekki hægt að setja neina algilda reglu, og legg eg því til, að óvilhallir menn meti kaupið. (*Ldrus H. Bjarnason*: Hver á að útnefna þá menn?). Annaðhvort dómari eða hlutaðeigendur sjálfir. Það er oft venja, að þegar menn ekki koma sér saman um eitthvert mál, þá útnefna þeir sjálfir menn til þess, að gera út um málið.

4. breytingartill. er um það, hvernig kaupið skuli metið, ef hjúið hleypur burt úr vistinni að orsakalausu. — Það virðist ekki rétt, að meta það á sama hátt og í því tilfelli, sem þriðja breytingartill. ræðir um.

Þegar hjúið hleypur þannig burt að orsakalausu, og ef til vill á óhentugum tíma fyrir húsbóndann, finst mér rétt, að það beri hallann, og að kaupið sé því reiknað jafnt alla daga ársins.

Skal eg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vona að eins, að hin háttv. deild samþykki þessar breyt.till., því þær eru bygðar á sanngirni.

Framsögumaður (*Hermann Jónasson*): Eg vil að eins geta þess viðvíkjandi breytingartill. á þingskj. 507 við 22. gr., að nefndin hefir ekki getað fallist á hana. Þetta atriði kom til umræðu við 2. umræðu þessa máls, og var þá bent á, að það kæmi algerlega í bága við þá reglu, sem frumv. væri sniðið eftir. En eg skal játa, að þetta væri hugsanlegt í mörgum tilfellum, einkum þar sem kaup er lágt, og það má vel vera, að það geti ýtt undir menn til þess, að heimta hærra kaup, svo framarlega sem frumvarps-greinin verður samþykt óbreytt, en nefndin álítur, að það eigi að vera sem mest samræmi í þessari löggjöf, og getur því eins og eg tók fram áðan, ekki fallist á þessa breyt.till., þótt eg hyggi ekki, að hún muni gera þetta að neinu kappsmáli.

Aftur á móti mun nefndin einhuga um, að taka það til greina, að 20. gr. verði 21. gr. og 21. gr. verði 20. gr., og sömuleiðis það, að á eftir 22. grein komi ný grein um það, að óvilhallir menn skuli meta kaupið fyrir einstaka daga eftir því, á hverjum tíma árs þeir eru.

Við 27. gr. er sú breytingartill., sem er 4. atriðið á þingskj. 507, að orðin »eftir tiltölu réttri« falli burt, og að aftan við greinina bætist: »og skal þá telja jafnt kaup um hvern dag vistartimans«. — Þetta leiðir beint af hinni nýju grein næst á undan breytingartill., og er að eins til að ákveða það skýrara.

Svo vil eg leyfa mér í sambandi við þetta að geta þess, að eg hefi orðið þess var, að einstöku menn hafa misskilið 26. og 28. gr. — Í 26. grein er gengið út frá því, að ef hjú fer burt úr vist án orsaka eða er rekið úr vist fyrir fullar sakir, þá eigi það kaup fyrir þann tíma, sem það er búið að vinna; en í 28. gr. eru tekin þau ákvæði, að ef hjú fer úr vist af gildum ástæðum eða ef húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá skuli hann gjalda því fult kaup.

Eg skal taka það fram, að það sem liggur til grundvallar fyrir þessu er það, að taka það til greina, að það er dýrari tíminn fyrra hluta vistar-ársins en síðari hlutann, svo það er mjög tilfinnanlegt fyrir hjú, ef það gengur í burt úr vist, þó það sé án ástæðu, eða er rekið burt fyrir fullar sakir, að það missir algjörlega sitt sumarkaup. — En ef hjú er rekið burt úr vist og ekki eru ástæður til, eða það fer burtu fyrir sérstakar ástæður, þá getur húsbóndi vel staðið sig við að borga því, af því það er búið að vinna aðallega fyrir kaupupphæðinni, og hann verður að

borga hjúinu, þar sem hann er sekur í því, að hjúið fer úr vistinni.

Það er að eins að eg vildi benda á, hve mikill munur er á því, hvað tíminn er dýrari fyrra hlut vistarárs enn hinn síðara.

ATKV.GR.: Breyt.till. 507 1 við 22. gr. samþ. með 12 : 2.

Breytingartill. 507 2. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Breyt.till. 507 3. ný grein samþykt með 17 atkv.

Breyt.till. 507 4. við 27. gr. samþykt með 14 atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykt með 20 atkv. og afgreitt til Ed.

Fiskiveiðasamþyktir.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 28 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum (C bls. 495); 1. umr., 13. ágúst.

Skúli Thoroddsen: Eg skal þegar lýsa því yfir, að eg get ekki greitt atkvæði með frumvarpi þessu. Mér finst það harla óviðfeldið, að það skuli vera lög-ákveðið, að fiskiveiðasamþyktir séu bundnar við ákveðinn tíma, og að samþyktina verði að endurnýja eftir vissa áratölu. Í mínu kjördæmi er fiskiveiðamálið eitt af þeim málum, sem mest varða almenning, og mér er því ekki kunnugt um, að þar hafi komið fram neinar óskir í þá átt, sem frumv. stefnir, og þegar þess er gætt, hve örðugt jafnaðarlega veitir, að koma samþyktum á, þá sýnist mér ekki vert, að slægjast til að vera að undirvarpa þær ákvæðum þessa frumv. — Til þess að þær komist á, þarf samþykki sýslufundar, héraðsfundar og amtmanns, og þegar þessa er gætt, þá veit eg ekki, hvað mönnum getur gengið til, að vera að gera leik til, að gera örðugleikana enn meiri; og sé um samþykt að ræða, sem allir eru ánægðir með, þá er það sannarlega leitt, að þurfa að fara að baka sér alla þessa örðugleika, sem því hljóta að verða samfara, að fá hana framlengda. — Eg sé því ekki betur en að eftir gildandi lögum sé all-hægt, að fá samþykt breyttri, sé það á annað borð vilji héraðsbúa, og að vel megi hlíta við ákvæði þeirra.

Af því að Norður-Ísafjarðarsýsla er það hérað landsins, sem bátfiski er einna mest stundað í, þá sýndist vel við eiga, að heyra vilja manna þar, áður en máli þessu er ráðið til lykta, og því sýnist mér réttast, að því sé frestað til næsta þings.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi gjarnan, að mál þetta fengi að ganga til 2. umræðu, því það er alkunnugt, hve erfitt það nú er, að fá fiskiveiðasamþykt breytt, þótt meiri hlutinn sé óánægður með hana. Það er ekki einungis, að það þurfi svo mikinn meiri hluta til þess, heldur er líka einatt svo erfitt, að fá menn á fund. Vér þekkjum dæmið úr Gullbringu- og Kjósarsýslu; þar hefir afnumningin reynst ærið erfið, og langur tími gengið til hennar, þrátt fyrir mjög almenna óánægju með samþyktina. — Það sýnist því full þörf á, að fá breytt hinni eldri löggjöf í þessu, og all-líklegt, að hægt sé að byggja breytinguna á þeim grundvelli, sem frumv. leggur.

Málið er nú búið að ganga í gegnum háttv. Ed., og það sýnist þó eiga að sýna því þá kurteisi, að lofa því að ganga til 2. umr., svo að kostur verði á, að athuga það betur.

Skúli Thoroddsen: Það leit út fyrir, að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefði ekki

kynt sér lög þau, sem hér ræðir um, því að svo leit út fyrir, sem hann gerði ráð fyrir, að ákveðinn fjöldi þyrfti að sækja fund til þess, að fiskiveiðasamþykt yrði úr gildi numin; en það er ekki svo; það er nóg, ef kvalificeruð majoritet þeirra, er fund sækir, greiðir atkvæði með afnáminu. — Það gæti ef til vill verið ástæða til, að breyta í þá átt, að einföld majoritet nægði; þó sýnist mér engin brýn þörf á breyting í þá átt.

Að öðru leyti hefi eg ekkert á móti því, þótt málið sé íhugað betur, jafnvel ekki móti því, að nefnd sé skipuð í það.

Þórður J. Thóroddsen: Orsökin til þess, að frumv. þetta er komið fram, er sjálfsagt sú, að það er hálfundarlegt við lögin um ýms atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum frá 14. des. 1877, að í þeim er ákveðið, að $^2/_3$ atkvæða héraðsbúa þeirra, er fund sækja, þurfi til þess að fiskiveiðasamþykt geti komist í gildi, og að jafnmikinn hluta atkvæða þurfi til að nema hana úr gildi aftur. Setjum nú, að einhver samþykt sé komin í gildi eftir þessum reglum, og að menn eftir á æski að fá henni breytt, þá sjáum vér, hve örðug breytingin er, þar sem þarf $^2/_3$ atkv. til að koma henni á, en $^1/_3$ nægir til að halda henni við. Þetta er ósanngjart og misrétti í því fólgið, og til að ráða bót á því, mun ákvæðið vera sett um, að endurnýja samþyktir á vissu árabili, svo að vilji meiri hlutans geti við og við komið fram. Eins og nú er, getur samþykt staðið tugi ára, þótt meiri hluti héraðsbúa sé henni mótfallinn. Í raun og veru er því breyting sú, sem hér er farið fram á, alveg hugsunarrétt; en vel má vera, að ástæða sé til að athuga frumv. betur, og breyta því í einhverju.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 16. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 13 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr., 20. ágúst (C bls. 495, breyt.till. bls. 686).

Skúli Thoroddsen: Eg fór nokkrum orðum um frumv., þegar það var áður hér til umræðu í deildinni, og hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. við það. Eg er hræddur um, að það mundi mælast illa fyrir, að minsta kosti þar sem eg þekki til, ef samþykt yrðu lög um, að fiskiveiðasamþyktir skyldu falla úr gildi ári eftir að lögin öðlast gildi. Þess vegna kynni eg bezt við, að frv. væri orðað á þá leið, að lögin næðu ekki til þeirra fiskiveiðasamþykta, sem nú eru, en að eins til þeirra, sem gjörðar verða eftir þann tíma, sem lögin öðlast gildi. En af því að eg býst ekki við, að deildin gangi að því, hef eg komið fram með varatill. um, að þær fiskiveiðasamþyktir, sem nú eru, falli eigi úr gildi fyr en 10 ár eru liðin frá því, er lögin öðlast gildi. Að því er snertir það hérað, sem eg er úr, þá mun yfir höfuð ekki vera þörf þar á þessum lögum; en þar sem þessu kann að vera öðru vísi háttað á sumum öðrum stöðum, t. d. við Faxaflóa og Eyjafjörð, þá held eg ekki fast fram 1. till., en eg vona, að háttv. deild samþykki 1. varatill., svo að 2. varatill. komi ekki til atkv.

ATKV.GR.: Breyt.till. 544 feld með 13 : 4 atkv.

1. varatill. 544 feld með 14 : 3 atkv.

2. varatill. 544 samþ. með 12 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 19 atkv. og endursent Ed.

Fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi.

FRUMVARP til laga um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Islands (C bls. 312); 1. umr., 20. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 22. júlí (C bls. 312, breyt.till. 349).

Landshöfðingi: Eins og hinum háttv. þingdm. er kunnugt, er það ákveðið í lögum frá 19. júní 1888, að hlutafélög, sem útlendingar eiga hlut í, megi alls ekki reka fiskiveiðar í landhelgi, og frá því er gjörð að eins ein undantekning, sú, að hlutafélag útlendra manna megi reka síldveiðar í landhelgi, ef meir en helmingur félagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og félagið hefir heimilisfang á Íslandi, og stjórn þess þar á ofan er skipuð þegnum Danakonungs, og meiri hluti þeirrar stjórnar búsettur á Íslandi. Þetta ákvæði hefir þótt hart, og óþægilegt að því leyti, að þar með er loku skotið fyrir, að útlendir menn geti lagt fé í fiskiveiðafyrirtæki hér á landi, en það er margoft nauðsynlegt, að geta fengið fé frá útlöndum til að koma á stofn slíkum fyrirtækjum.

Af þessari ástæðu hafði stjórnin í frumv. því, er hún lagði fyrir þingið, hugsað sér, að rýmka svo til, að utanríkismönnum væri gjört mögulegt að leggja fé í fiskiveiðafyrirtæki hér við land, með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í 1. gr., þ. e. að hlutafélög mega reka fiskiveiðar í landhelgi, þótt aðrir séu hluthafar en danskir þegnar, ef helmingur félagsfjár er eign þegna Danakonungs, og eingöngu danskir þegnar í stjórn með aðsetur á Íslandi eða í Danmörku, en Ed. hefir breytt þessu atriði í stjórnarfrumv., og sett annað í staðinn, sem er ófrjálslegra, og sem eg fyrir mitt leyti get ekki felt mig við, nefnilega þannig, að ekki sé nóg, að hlutafélag hafi heimilisfang í Danmörk, til þess að því sé leyfilegt að stunda hér fiskiveiðar, heldur verði það að hafa heimilisfang eingöngu á Íslandi, og þar að auki verði meiri hluti félagsstjórnarinnar að vera búsettur á Íslandi. Allir danskir þegnar mega stunda veiði í landhelgi, án tillits til, hvort þeirra »driftskapital« er danskt eða útlendra eign; mér finst hið sama eiga að ganga yfir hlutafélögin, og að það sé nóg, að heimilisfang þeirra sé annaðhvort hér eða í Danmörku.

Breyt.till., sem eg hefi leyft mér að koma fram með, fer fram á, að nægilegt sé, að stjórn hlutafélags til fiskiveiða hafi heimilisfang hér eða í Danmörk. Það atriði, sem einna helzt hefir valdið því, að eg hefi ekki getað fallist á breyt.till. Ed. á stjórnarfrumv., er, að allir þegnar Danakonungs hafa jafnan rétt til að reka atvinnu í öllum þeim löndum, sem undir Danakonung liggja. Eins og Íslendingar hafa jafnan rétt til atvinnu í Danmörk og þar bornir menn, eins ættu danskir menn að hafa jafnan rétt og innbornir menn hér í landi. Eg vildi því leyfa mér, að mæla með því, að breyting sú yrði samþykt, sem stungið er upp á þgskj. 169.

ATKV.GR.: Breyt.till. 169 feld með 11 : 9 atkv.

Valtýr Guðmundsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að frv. verði nú vísað til nefndarinnar í frumv. um skrásetning skipa.

Forseti: Sú uppástunga er ofseint framkomin, þar sem byrjað er að greiða atkv. um málið.

1. gr. frv. samþ. með 13 : 1 atkv.
2. — — — — 16 atkv.
3. — — — — 16 —
4. — — — — 17 —
5. — — — — 17 —

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv. og því næst til nefndarinnar í málinu um skrásetning skipa.

Þriðja umr., 17. ágúst (C bls. 312, nefndarál. bls. 644).

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eins og sjá má af nefndarálitinu á þgskj. 484, þá hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt, og þar sem engin breyt.till. er komin fram, þá tek eg það svo, sem deildin sé nefndinni sammála um það, að frv. eigi að komast óbreytt í gegnum þingið, og álít eg því óþarfa að mæla neitt frekar með því.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Löggæzla við Færeyjar og Ísland.

FRUMVARP til laga um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland; 1. umr., 24. júlí.

ATVK.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj., og til nefndarinnar í botnvörpumálinu í einu hlj.

Önnur umr. 3. ágúst (C bls. 451 nefndarálit 453, br.till. 451).

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Af því að tíminn er svo tæpur, má eg til að fara nokkuð fljótt yfir sögu. Það hefði ef til vill verið ástæða til að ganga nokkuð inn á okkar löggjöf um botnvörpuveiðar, og hvernig hún hefir smátt og smátt tekið breytingum '94 og '98, og benda á í því ljósi, hvernig þær breytingar eru vaxnar, sem nú er farið fram á. Það var einmitt með þetta fyrir augum, sem eg óskaði, að þetta mál væri tekið fyrir til umræðu á undan hinum, af því mér finst málið liggja betur við umræðunum með því móti að þetta gangi á undan.

Eins og h. þingdm. geta séð af stjórnarfrumv. og nefndarálitinu, þá hefir 24. júní 1901 verið gerður samningur milli Dana á aðra hlið og Englands á hina um það, að innan vissra takmarka á sjávarsvæðinu kringum Ísland og Færeyjar séu viðurkendar þær reglur viðvíkjandi landhelgi og öðru, sem snertir fiskiveiðar, í samningi, sem gerður var milli margra þjóða í Haag 1882 að því er Norðursjóinn snertir. Þegar breyting á botnvörpulögunum var til umræðu á alþingi 1897, þá var það skýrt tekið fram af hálfu þingsins, að það óskaði mikillega að þessar reglur yrðu viðurkendar hér við land, og það gjörði það þá að skilyrði fyrir sínu samþykki við lögin, að þessir samningar yrðu látnir ná til Íslands. — Nú eru þeir samningar komnir á; en af því leiðir svo fyrst og fremst það, að það er farið fram á ýmsar tryggingarreglur til þess, að haldið verði uppi löggæzlu fyrir utan landhelgi. — Þessar reglur eru nú hér um bil alveg samhljóða þeim reglum, sem þingið er búið að samþykkja þegar viðvíkjandi fiskiveiðum utan landhelgi í Norðursjónum, svo að við það er í rauninni ekki neitt sérstakt að athuga annað en eitt atriði, sem eg síðar skal víkja að.

— Það er önnur afleiðingin. — Og hin afleiðingin er sú, að í samningunum er það áskilið, eins og menn geta lesið í 2. gr. samningsins:

»Grein þessi skerðir í engu hinn viðurkenda rétt fiskiskipa, er sigla eða kasta akkerum í landhelgi, til óheft að fara ferða sinna þar gegn því, að hegða sér eftir þar að lútandi dönskum löggreglutilskipunum, þar á meðal þeirri, að botnvörpuskip skuli, meðan þau eru í landhelgi, hafa botnvörpur sínar í búlka innanborðs«.

Á þessu bygði svo stjórnin annað lítið frumv., sem kemur til umræðu næst á eftir þessu, og sem fer fram á það, að hin sérstöku höft, sem lögð hafa verið á botnvörpuskipin, verði feld úr lögum, að öðru leyti en þessu, að þau séu skyld að hafa öll veiðarfæri í búlka allan þann tíma, sem þau eru í landhelgi.

Þessi frumv. virðast mér standa í svo nánu sambandi hvort við annað, að mér finst eðlilegast, að þau séu rædd í einu lagi.

Það atriði í þessu hér fyrirliggjandi frumv., sem er nokkuð varhugavert, er það, að með þessum lögum er það gjört að skyldu, að mæla upp, skrásetja og tölusetja alla opna báta, sem stunda fiskiveiðar í hafinu kringum Ísland, að svo miklu leyti, sem þeir koma út fyrir landhelgi við þær fiskiveiðar. — Nefndinni hefir nú risið dálítið hugur við þeirri miklu fyrirhöfn og þeim mikla kostnaði, sem af þessu leiðir, og af ástæðum stjórnarinnar sér nefndin, að landshöfðingi hefir talið þetta líka nokkuð ísjárverða ráðstöfun, og einmitt af þessum sömu ástæðum. En hins vegar hefir stjórnin tekið alveg þvert fyrir það, að sinna þessu að nokkru; hún heldur því fast, að reglurnar í lögunum verði einnig að ná til allra opinna báta, sem fiskiveiðar stunda; og það sýnist svo eftir samningnum, sem það sé í raun og veru nauðsynlegt; og benda má á það, að með þessum sérstöku skrásetningum skipanna er þá unnin nokkur vernd fyrir þessa báta og þeirra veiðarfæri. — Það innifelast í samningnum nokkur talsverð tryggingar-ákvæði, sem mundu vernda bátana og veiði-áhöld þeirra, ef þeir væru þannig tölusettir og merktir. — Það eru ýms ákvæði, sem þingmenn geta kynt sér, bæði um rétt skipanna til að leggja net og skyldu þeirra til þess að hlífa veiðarfærum manna, og rétt löggæzluskipa til þess, að handsama þá, sem gjöra sig seka í veiðarfæraspellum, og fara með þá þangað, sem þau eiga heima, og koma þar fram ábyrgð á hendur þeim. — Þessi vernd er æði-mikils virði, og það er, álít eg, mjög varhugavert, að breyta ákvæðum laganna, bæði af því, að það er álitið nauðsynlegt, að hafa þetta ákvæði til þess, að samningnum sé tullnægt frá danskri hlið, og í annan stað af þeirri ástæðu, að þessi vernd er æði-mikils virði. — Það hefir verið kvartað undan botnvörpuskipunum, að þau hafi eyðilagt bæði net og lóðir, og sama mundi verða uppi, ef menn færu að stunda hér síldarveiðar með reknetum. — En fyrir slík spell er mikið girt með ákvæðum samningsins. — Nefndin vildi benda all-ítarlega á þetta. En það er á hinn bóginn sjálfsagt, að þessu er samfara í mörgum lögsagnarumdæmum ákaflega mikill kostnaður. — Það má benda á Ísafjarðarsýslu, Norður-Múlasýslu, Eyjafjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem stundaður er sjávarútvegur í hverjum einasta hrepp. Þar er það sýnilegt, að þetta er æðimikið verk og því fylgir æði-mikill kostnaður, og einn háttv. lögreglustjóri hér í deildinni hefir sagt, að þegar að svona lög væru komin í gildi, þá hefðu

lögreglustjórarnir í þessum umdæmum ekkert annað að gjöra en að segja af sér strax eða »ganga út og hengja sig«, því þetta væri þeim algjörlega ókleift verk.

Nefndin er samdóma í því, að það er verk, sem í þessum umdæmum þyrfti að verða framkvæmt af umboðsmanni; en það finst nefndinni óforsvaranlegt, að leggja þennan kostnað á lögreglustjóra, og óréttlátt að skipa þeim þannig lagað verk, sem fyrirsjáanlegt er, að þeir geta ekki sjálfir framkvæmt, og gjöra þeim að skyldu, að greiða kostnaðinn við það úr sínum eigin vasa. Þess vegna hefir nefndin farið fram á, að kostnaðurinn verði greiddur úr landssjóði, eins og við uppmælinguna og skrásetninguna, og gjört breyt.till. þar að lútandi við 2. gr. frumv.

Eg hefi svo ekki frekara við þetta að bæta, en viðvíkjandi frumv., sem næst kemur til umræðu, þá gjöri eg ráð fyrir, að tala lítið um það. — Það stendur í svo nánu sambandi við þennan samning og það frumv., sem fyrir liggur, að mér finst eiginlega rétt, að ræða það mál í heild sinni.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykt með 19 atkv.

Breyt.till. á þingskjali 274 samþykt með 14 : 1 atkv.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.

3. og 4. gr. frumv. samþykt með 18 atkvæðum.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umr., 7. ágúst (C bls. 469).

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 20 samhljóða atkvæðum og afgreitt til efri deildar.

Ein umr., 17. ágúst (C bls. 647, 648).

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 15 atkvæðum, og afgreitt til landsh., *sem lög frá alþingi.*

Löggæzla í Norðursjónum.

FRUMVARP til laga fyrir Island um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum (C bls. 155); 1. umr., 4. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Önnur umr., 6. júlí.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykt með 17 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 8. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 19 atkvæðum og afgreitt til Ed.

Síldarnætur.

FRUMVARP til laga um síldarnætur (C bls. 342); 1. umr., 23. júlí.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eins og háttv. þingd.m. mun ljóst, þá er aðal-tilgangur þessa frv. sá, að koma í veg fyrir, að útlendingar reki hér síldarveiðar án þess, að hafa hér fast aðsetur eða vera búsettir hér, en af því eg efast um, að þessum tilgangi verði

náð með frumv., eins og það nú er úr garði gjört, þá hefi eg hugsað mér, að koma með breyt.till. við það við 2. umr., og vildi því mælast til þess, að málinu yrði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr., 27. júlí (C bls. 342, breyt.till. bls. 383).

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Þegar við flutningsm. þessarar breytingartill. sáum frumv. á þingskj. 160, var okkur strax ljóst, að tilgangurinn mundi vera sá, að styðja að því, að síldarútvegsmenn yrðu búsettir hér á landi. En jafnframt var auðsjáanlegt, að á frumv. var agnúi, sem gerði það að verkum, að tilgangi þess varð eigi náð, og hann var sá, að tíminn, sem tiltekinn er í frumv., er of stuttur. Þessir útvegsmenn geta hæglega sent nætur sínar tveim til þrem mánuðum á undan sér hingað til landsins til þess, að fullnægja þeirri 6 mánaða dvöl nótanna hér á landi, sem frumvarpið ákveður. Þannig verða ákvæðin í frumv. þýðingarlaus, og því höfum við komið með þessa breyt.till.

Þeir menn, sem stunda síldarveiðar hér, græða stórfé og allur sá gróði lendir í höndum útlendinga, því eins og nú stendur nást engin gjöld af þeim nema þeir séu hér í 4 mánuði, en þeir fylla oft skip sín á 1 eða 2 mánuðum, og fara svo burt án þess, að gjalda svo nokkru nemi til opinberra þarfa, því útflutningsgjald af síld er vart teljandi skattur. Þetta mundi einnig girða fyrir, að menn hér á landi væru að gerast »leppar« fyrir þessa útlendinga, sem eg fyrir mitt leyti álít algerlega óheiðarlegan atvinnuveg. — Eg get ekki séð, að breyt.till. sé að neinu leyti hættuleg, því hér má gera við næturnar, og ef útvegsmenn vilja, þá geta þeir sömuleiðis selt þær hér; það fást nógir kaupendur að slíkum munum.

Hið eina, sem ef til vill er að óttast í þessu efni, er, að það getur verið erfitt, að hafa eftirlit eða kontrollera, að næturnar verði ekki fluttar út samt sem áður. En eg er þó ekki svo mjög hræddur við það. Þessir menn koma hingað hvað eftir annað, svo það er hægt að hafa hendur í hári þeirra, komist það upp, að þeir brjóti þessi lög. — Það er að minsta kosti óliklegt, að þeir geti gert sér það að reglu, án þess að slíkt verði fullkomlega ljóst.

Eins og eg hefi áður tekið fram, ná þessi lög því ekki tilgangi sínum, verði breyt.till. ekki samþ. og mér virðist því annaðhvort að gera, að samþ. hana eða fella frv., sem eg álít verulega misráðið.

Stefán Stefánsson, Skgf.: Það er óþarfi fyrir mig að mæla með þessari breyt.till.; háttv. meðflutnm. minn hefir gert það svo rækilega. Tilgangurinn með þessum lögum er að koma í veg fyrir ósið þann, sem viðgengst hér á landi, að menn gerist leppar útlendinga, sem hingað koma til þess, að stunda síldarveiðar hér við land. Þetta gengur þannig til, að útlendingur sem ekki er hér búsettur kemur hingað með síldarútgerð, segir við einhvern búsettan mann: »viltu kaupa útgerðina og taka mig og mína menn í vinnu«?. Landinn gengur að þessu, fyrir einhverja þóknun. Svo þegar þessir menn hafa stundað hér veiðar í 2—3 vikur og fylt skipin, kaupa þeir aftur netin fyrir eitthvert smáræði, sigla burt með aflann, án þess að mögulegt sé að leggja hér á þá nokkur gjöld. Það má náttúrlega kasta því fram, að hægt sé að leggja gjöldin á leppana, en það er hægra sagt en gjört, því þetta eru oftast eða að minsta kosti oft öreigar; það getur því verið hart, að leggja mikið gjald á þá, og það

verður aldrei svo, að það nái því, sem aflinn nemur.

Ef þessi 6 mánaða tími, sem ákveðinn er í frumv., verður ekki feldur burt verður eigi tilganginum náð, því þeir, sem netin eiga, geta látið flytja þau með öðrum skipum og munu eflaust gera það.

Þetta kann ef til vill að þykja ófrjálslegt, að banna mönnum að flytja næturnar út, en það er aðgætandi að þetta er gert til þess að reyna að sporna við ólöglegri veiði hér við land.

ATKVGR.: Br till. á þgskj. 210 við 1. gr. sþ. með 16 atkv. gegn 2

1. gr. þannig br. sþ. m. 15 shl. atkv.

2. gr. sþ. m. 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shl. atkv.

Þriðja umr., 29. júlí (C bls. 397, br.till. bls. 400).

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Eg hefi komið fram með breyt.till. á þgskj. 234, af því mér þótti það ósanngjarnt, að ekki mætti flytja út síldarnætur undir vissum kringumstæðum. Einhver hefir t. d. pantað nót frá Noregi, en hún reynist ekki eins og til var ætlast, er úr slæmu efni, eða hefir aðra möskvastærð en hún átti að hafa, og er þá hart að mega eigi senda hana aftur til skifta. Slíkar síldarnætur eru engan veginn ódýrar; þær kosta þetta 1500 kr. og þar yfir. Það virðist því ekki ósanngjarnt, að samþykkja þessa breytingartillögu, enda sé eg ekki, að hún geti orðið til þess, að lögin yrðu síður að tilætluðum notum. Í flestum tilfellum er auðvelt að sjá, hvort nót er brúkuð eða ekki. Um það get eg dæmt af eigin reynslu. Bæði fer gljáinn af garninu, þegar nótin hefir verið í sjó, og eins af neðri teinunum, þegar þeir dragast eftir sjávarbotninum. Auðvitað yrði sá, er senda vildi nót út aftur, að geta sannað, að hún væri óbrúkuð, og er það mjög auðvelt. En ef ætti að fara kringum lögin, yrði það mjög erfitt að sýna fram á, að nótin væri óbrúkuð.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 234 samþykt með 13:5 atkv.

Frv. í heild sinni samþ. m. 18 atkv. og vísað á ný til Ed.

Síldar- og ufsaveiði með nót.

FRUMVARP til laga um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót (C bls. 543); 1. umr., 15. ágúst.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf. Þetta frumv. er komið fram af þeim ástæðum, að það hagar sumstaðar svo til, þar sem skipum er lagt í vetrarlegu fyrir festum, að þau hafa orðið til tálmunar fyrir síldar- og ufsaveiði. Á Eyjafirði, sérstaklega á einum stað, er mér kunnugt um, að þetta hefir átt sér stað.

Eg skal ekki segja neitt um, hvort þetta frv. er sem allra heppilegast orðað, svo það geti náð tilgangi sínum án þess, að gera skipeigendum skaða. Þá galla, sem á frv. kunna að vera, mætti ef til vill laga, án þess að setja málið í nefnd, en eg álít það þó heppilegra og mun því gera það að tillögu minni, að 3 manna nefnd sé sett í málið að lokinni þessari umr. — Þar sem hér er um talsvert þýðingarmikið mál að ræða, þá vona eg það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Síðan kosin í það 3 manna nefnd með 15 atkv. Þessir hlutu kosningu:

Stefán Stefánsson, þm. Skgf. m. 18 atkv.
Tryggvi Gunnarsson m. 10 —
Stefán Stefánsson, þm. Eyf., m. hlutkesti.

Önnur umr., 19. ágúst (C 543, nefnd arál. 673).

Framsögumaður (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.): Við sem kosnir vorum af háttv. deild, til að íhuga frumv. þetta, gátum ekki fallist á það, eins og það kom frá háttv. Ed. Eftir frumv. háttv. Ed. var landeiganda gefinn ótakmarkaður réttur gagnvart skipseiganda — hann gat flutt skip þangað sem hann vildi, eftir því sem honum sýndist, og bakað skipseiganda með því óþægindi og stórtjón, því með frumv. var enginn trygging fyrir því fengin, að skipið væri flutt í gott lægi, enda gat landeiganda verið það fyrirmunað, því það mætti vel búast við, að engin völ væri á slíku. Með breytingum nefndarinnar er girt fyrir þetta, því að eftir tillögum hennar getur landeigandi ekki flutt skip nema eftir áliti óvilhallra manna, og undir tilsjón lögreglustjóra. Að frv. sé nauðsynlegt, efast nefndin ekki um, því að það getur verið óþægilegt, ef skipi er lagt þar, sem vel hagar til með fyrirdrátt, að það tálmi veiði. Svo nefndin stingur upp á að frumv. verði samþ. af deildinni í þeirri mynd, sem það nú er í.

ATKVGR.: Brt. þgskj. 524 við 1. gr. sþ. með 19 atkv.

Brt. þgskj. 524 við 2. gr. sþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 21. ágúst (C bls. 698, 701, 702).

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Eg hefi hér ofurlitla breyttill. við þetta frumv. og er hún sprottin af því, að eg get hugsað mér, að þar sem svo hagar til, að ekki er nema 1 lítil vík eða vogur á stóru svæði sem vetrarlægi, að þá væri mjög hart og jafnvel óeðlilegt, gagnvart öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, að gjöra skipseigendum svo erfitt fyrir eður máske alls ómögulegt, að þeir gætu ekki fengið lagt þar skipum sínum yfir veturinn. Vér nefndarmenn, sem kosnir vorum til þess, að athuga frumv., þegar það kom frá Ed., höfðum einmitt tekið eftir þessu vansmíði á því, en þar sem þetta ákvæði hefir enn gleymst, þá hefi eg leyft mér að koma fram með tillöguna, er gjörir því að eins leyfilegt að flytja skip úr vetrarlægi, að annað jafngott sé fáanlegt í nánd. Þetta ákvæði álít eg svo nauðsynlegt, að það verði að sjálfsögðu að standa í frumv.

ATKVGR.: Brt. 574 við 1. gr. sþ. með 15 atkv.

Brt. 569 við 2. gr. sþ. án atkv.

Frumv. samþ. í heild sinni með 21 atkv. og endursent Ed.

Ófriðun á sel.

FRUMVARP til laga um ófriðun á sel; 1. umr., 17. júlí (C bls. 256).

Flutningmaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg skal fylgja þeirri gullvægu reglu, sem hingað til hefir verið fylgt hér í deildinni, og vera stuttorður um frumv. þetta.

Frumv. það, sem hér er borið fram, er að mestu samhljóða frumv. því um sama efni, sem kom fram á þingi 1897 og sem þá fekk allgóðar undirtektir. Frumv. fer fram á, að selur sé ófriðaður í ám þeim, sem laxveiði er í; þó er Þjórsá undanskilin.

Eg skal ekki að þessu sinni deila um það, hvort selur muni éta mikinn lax eða eigi; um það eru ekki allir á sama máli, en eitt er víst, og það er, að selurinn styggir laxinn og truflar göngur hans upp í ár og hindrar. Einnig er það kunnugt, að lax í netum er einatt meir eða minna selrifinn.

Í frumv. þessu er ekki gert ráð fyr-

ir skaðabótum handa þeim, sem selveiði hafa stundað. Líklega mundu sumir þeirra fremur hafa tjón af því, að verða að hætta selveiði, en sumum mundi þó sjálfsagt bætast tjónið að fullu með aukinni laxveiði. Eg veit að sumir skoða svo, að lög séu brotin á mönnum með því, að eyðileggja fyrir þeim selveiði, án þess endurgjald komi fyrir, og bera þar fyrir sig 50. gr. stjórnarskrárinnar; aðrir eru gagnstæðrar skoðunar, og leiði eg það alveg hjá mér, að dæma milli þessara flokka, en get þess, að laxveiðendum er það áhugamál, að selur sé ófriðhelgur ger, og telja það þýðingarmikið mál. Skal eg svo ekki hafa þennan formála lengri, en óska að háttv. deild taki frumv. vel og taki það til íhugunar; sérstaklega get eg vænt þess, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem nú er að biðja um orðið, komi með sínar góðu bendingar og athugasemdir, eins og oftar.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal reyna að gera mitt til að uppfylla vonir h. 2. þm. Árn. (S. S.). En eigi er þess að dyljast, að eg að svo stöddu lít nokkuð efasömum augum á frumv. Fyrir nokkru síðan leitaði landsstjórnin álits sýslunefnda um það, hvort ardsamara mundi vera, laxveiði eða selveiði. Mér er að vísu ekki kunnugt um, hver niðurstaðan hefir orðið um land alt, en eg þykist vita, að háttv. flutnm. muni hafa vegið þetta, og komist að þeirri niðurstöðu, að laxveiðin muni dýrmætari vera. Þó vildi eg gjarnan fá fulla vissu um þetta, áður en eg greiði atkv. um frumv.

Annað atriði vildi eg og mega benda á, af því að eg á að heita lögfróður maður. Hér er gert ráð fyrir nýrri réttarfarsreglu, þar sem ætlast er til, að undirdómur kveði til fullnustu á um það, hvort friðun selaláturs skuli haldast við eða ekki. Með þessi mál má ekki lengra fara, þar sem annars venjulega eru þrjú stigin, undirréttur, yfirréttur og hæstiréttur; að eins í fáum málum, t.d. landamerkjamálum, sem eigi verður lengra farið en til yfirréttarins. Á þetta vildi eg benda, af því, að það gæti orðið málinu að fótakefli, þótt það þyki máske sitja miður á sýslumanni, að telja úr því, að vald sýslumanna sé aukið. Þá finst mér það nokkuð summarisk málsrekstraraðferð, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frumv.; en við þessa umræðu málsins heyrir ekki til, að gera frekari grein fyrir, á hverju þessi dómur minn byggist. Þó skal eg taka það fram, að mér þykir orðið ófriður eigi betra en friðleysi, og eigi skil eg, hvernig á því stendur, að Þjórsá skuli ein af laxám vera undanskilin í frumv. þessu. Eg get tekið undir með háttv. flutnm. (S. S.), að þörf muni á að málið sé íhugað betur af háttv. deild, ef það á annars fram að ganga, og að eigi muni af því veita, að annaðhvort sé skipuð sérstök nefnd í því, eða því vísað til nefndarinnar í laxveiðamálinu.

Pétur Jónsson: Eg bý að vísu ekki yfir lægt ósum neinnar laxveiðiár, en þó hefi eg myndað mér nokkurn veginn ákveðna skoðun um það, hvort réttara sé, að hlynna að laxveiði eða selveiði, og hver áhrif það muni hafa á atvinnuvegi vora, ef selur er friðaður. Þetta tvent, selveiðin og laxveiðin, er svo samtvinnað, að mér sýnist óhjákvæmilegt, að íhuga selamálið í sambandi við laxamálið. Eg álít, að menn verði að gera sér sem ljósasta grein fyrir, hvaða þýðingu selveiðin hefir fyrir landið, og hverja þýðingu laxveiðin hefir, áður en mál þetta er til lykta leitt; og þótt þetta frumv. komi fram sem sérstakt frumv. og sé í sjálfu sér óskylt laxafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, þá sé

rétt að taka þau til yfirvegunar í sambandi. Eg skal taka það fram, að eg tel selafriðun og laxafriðun ekki sameiginlegs eðlis; selafriðun eru hlunnindi sem veitt eru þeim, sem selalátur hafa, og kom t. d. fram í því, að skot eru bönnuð nálægt selalátrum, og kemur þar fram lík stefna og á sér stað með æðarfuglafriðun. Aftur á móti verð eg að telja laxafriðunina eigi annað en náttúrlegan rétt. Mér þykir það þess vert, að athugað sé, hvort vert sé að láta þá, sem selalátur hafa, halda þeim hlunnindum framvegis, eins þótt það verði ofan á, að það borgi sig ekki fyrir landið í heild sinni. En í raun réttri er þetta spursmál viðtækara en svo, að það nái til laxveiðenda einna og selveiðenda, því að það er skoðun mín að selurinn sé engu síður til hindrunar fiskigöngu inn á firði en laxgöngu í ár, og að hann fæli eigi síður fisk af fjörðum en lax úr ám. Það er því full ástæða til að taka málið til skoðunar einnig frá þessu sjónarmiði, og þá verður það enn viðtækara og þýðingarmeira. Eg hallast því að því, að annaðhvort sé frumv. það, sem hér liggur fyrir, felt frá annari umræðu, eða að því sé vísað til nefndarinnar í laxveiðimálinu.

Flutningsmaður (*Sigurður Sigurðsson*): Í frv. þessu er að eins gert ráð fyrir, að ófriða sel á þeim stöðum, þar sem um laxveiði er að ræða, og því er það tilgangslaust, að fara að bera saman arð af selveiði og laxveiði við land alt, þar sem frumv. þetta fer eigi fram á að hindra selveiði nema að eins að fremur litlum hluta, og þótt svo kynni að fara við samanburð, að öll selveiði við landið reyndist eins arðmikil eins og laxveiðin, þá hefir það ekki svo mikið að segja í þessu máli. Það sem hér ætti að bera saman, ef út í samanburð er farið, það er, hvort meiri arður sé af selveiði eða laxveiði á þeim svæðum, sem hér er farið fram á að ófriða selinn á. Eg tek með þökkum bendingum háttv. þm. Snæf. (L.H.B.), og þar sem hann hefir mint þingheim á, að hann sé lögfróður maður, vona eg, að ekki verði gengið fram hjá honum við nefndarkosning, ef sérstök nefnd verður skipuð í málið, eins og eg hér með leyfi mér að stinga upp á, og að í hana sé skipað 3 mönnum.

ATKVGR.: Nefndarkosning sþ. með 12 atkv.

Kosnir voru:

Þórður Guðmundsson með 11 atkv.
Skúli Thoroddsen með 10 atkv.
Sigurður Sigurðsson með 9 atkv.
Lárus H. Bjarnason með 9 atkv.

Var þá varpað hlutkesti um tvo hina síðast nefndu og kom upp hlutur Sigurðar Sigurðssonar.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 19. ágúst (C 256, nefndarálit bls. 661).

Framsögumaður (*Þórður Guðmundsson*): Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefir meiri hluti nefndarinnar, sem kosin var til að athuga frumv. um þessa selaófriðun svokölluðu, ekki getað ráðið h. deild til að samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir. Ástæður eru færðar fram í nefndarálitinu, enda hafa áður verið færðar fram hér á þingi af mér, því þetta er margupp vakinn draugur hér í deildinni. Þetta mál hefir verið hér næstum því á hverju þingi á dagskrá frá því 1893.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað séð, að það væri ástæða til að eyðileggja eða ófriðhelga sel á ýmsum stöðum upp á þann máta, að ekkert endurgjald kæmi fyrir þennan tekjumissi, sem einstakir menn hlytu að verða fyrir. Nefndin hefir viðurkent það að nokkuru leyti, að það væri kannske ekkert á móti því, að ófrið-

helga sel í þeim vötnum, þar sem álitið er, að hann spilli laxveiði. En það hefir enn ekki komið í ljós hjá laxveiðendum, að þeir vildu nokkuð til vinna til ófriðunar selsins, því þeir hafa aldrei viljað undirkasta sig neinni borgun til endurgjalds þeim mönnum, er mundu bíða tjón af ófriðun selsins.

Þetta sýnir fyllilega, að mennirnir, sem eru að berjast fyrir ófriðun selsins, hafa ekki fyllilega trú á því, að selurinn spilli svo mjög laxveiðinni, þegar þeir vilja ekkert í sölurnar leggja.

Eg verð að taka það fram undir eins, að mér finst það sæma lítt löggjafarþinginu, að vera að ráðast á einstaka atvinnuvegi landsmanna, jafnframt og þingið getur aldrei komið svo saman, að það leggi ekki einhverja nýja skatta á þjóðina. Við höfum sannarlega ekki svo mikið af atvinnuvegum hér á landi, að okkur farist að vera að eyðileggja þá í höndum okkar.

Það er líka auðséð öllum þeim mönnum, sem vilja líta rétt á málið, að tilganginum verður ekki náð, þó farið væri að ófriðhelga selinn og skjóta á hann í þeim mörgu ám, þar sem laxveiði er stunduð. Það mundi þvert á móti verða til að fjölga selnum, því það mundi reynast ómögulegt að drepa selinn eins mikið með skotum, eins og gert er með selanótum. Hann yrði að vísu flæmdur út úr ánum, en hann mundi þó einhversstaðar þurfa að lifa af sama etni eða sömu fiskitegund og áður. Hann legst þá fyrir utan árósanna og tekur þar laxinn, þegar hann er að ganga upp í árnar. Það er og enginn efi um það, að eigi einungis mundi skotmaðurinn sjálfur sáralitlu ná af sel í þeim stórvötnum, sem selurinn gengur í, heldur mundu því síður landeigendur hafa nokkura tekjugrein af þeim dauða sel, sem skotinn er.

Því hefir verið haldið fram hér á þingi, að þessir menn, sem mistu selinn, fengju lax í staðinn. En þetta er alveg hugsjón, gripin úr lausu lofti, sem hefir við alls engin rök að styðjast gagnvart reynslu, sem kunnugir menn eru margbúnir að sjá og sanna. Það er sannað, að lax veiðist ekki þar, sem laus sandbotn er.

Eg þarf ekki að hafa mörg orð fyrir áliti meiri hlutans um frumv. þetta, því að það er margbúið að taka það fram hér á þingi, og margbúið að hrekja þær ástæður, sem fram hafa verið færðar fyrir ófriðun sels.

En eg vil líka benda h. d. á eitt atriði, svo hún viti, þó hvað hún er að gera, ef hún samþykkir þetta frumv., því með því móti er enginn efi á því, að landssjóður fengi oft að borga skaðabætur. Eg vil benda á þau prestaköll, sem hafa selveiði, t. a. m. Arnarbæli. Presturinn í Arnarbæli hefir hér um bil 1000 kr. af selveiði nettó. Hvað halda þeir h. þm., sem halda þessu frumv. fram, að presturinn í Arnarbæli geri, þegar tekjuhallinn kemur? Hann bara snýr sér til landssjóðs og biður hann að gera svo vel og borga sér tekjuhallann; eg sé ekki betur en að landssjóður sé hreint og beint skyldugur til að borga skaðann, þar sem selveiðin er beinlínis metin með í tekjum brauðsins. Auk þess eru margar jarðir beinlínis metnar til dýrleika með hlíðsjón af selveiði. Bændurnir mundu auðvitað hafa sinn skaða óbættan, en prestarnir — færu í landssjóðinn.

Eg verð því að álíta, að það sé aldeilis ósæmilegt og ríði alveg í bága við helgi eignarréttarins, að eyðileggja þennan atvinnuveg einstakra manna án endurgjalds, og ræð því eindregið deildinni til að fella þetta frumv.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi ekki getað orðið h. samnefndarm önnum mínum samdóma um, hvað ætti að gera við þetta frumv. Og af því eg hefi ekki í nefndarálitinu gert grein fyrir skoðun minni, þá vil eg gera það nú með fám orðum.

Meiri hluti nefndarinnar tekur það fram, að selinn megi ekki ófriðhelga, nema því að eins, að skaðabætur komi fyrir. Þessi vegur er að mínu áliti alveg ógjörlegur. Ef um skaðabætur er að ræða, eru tveir vegir; annar sá, að laxveiðendur borgi beinlínis skatt eða greiði selveiðendum tiltekið gjald um langt árabil; annar sá, að leggja háan útflutningstoll á lax, og þeir, sem verða fyrir tekjuhalla af selaófriðuninni, fái skaða sinn bættan úr landssjóði. En hvorugur vegurinn er að mínu áliti tiltækilegur. Laxveiðendur vilja ekki ganga inn á, að borga skaðabætur til þeirra, sem stunda selveiði. En ef hinn vegurinn yrði farinn, að leggja háan útflutningstoll á lax, svo þeir, sem verða fyrir einhverju skakkafalli, eigi aðgang að landssjóði, þá hygg eg, að reynslan yrði sú, að þeir yrðu nokkuð margir, sem kæmu til að þykjast eiga skilið að fá skaðabætur. Eg held því, að þessi vegur mundi verða nokkuð hættulegur, því að það mundi reka að því, að fjöldi manna mundi þykjast eiga tilkall til skaðabóta úr landssjóði, og gæti það orðið tilfinnanleg byrði fyrir hann. Þessi leið er því að mínu áliti afarviðsjárverð, og get eg því eigi aðhyllst hana.

En svo er á hitt að líta, að flestir líta svo á, að selurinn sé rándýr, og telja hann ófriðhelgan hvar sem er, sem spillandi fiskigöngum bæði í ám og annarsstaðar. Eg held fast við, að selurinn eigi að vera ófriðhelgur og réttdræpur hvar sem er, eins og hvert annað rándýr.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 12 : 7 atkv.

Laxveiðar.

FRUMVARP til laga um laxveiðar (C bls. 240), 1. umr., 15. júlí.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg skal leyfa mér að gera stuttlega grein, fyrir hvernig frumv. þetta er tilorðið, og á hverju það er bygt. Frv. er yfir höfuð samhljóða frv., er fiskifræðingur Bjarni Sæmundsson hefir samið og afhent okkur flutnm. Að eins í örfáum atriðum höfum við leyft oss að breyta því. Annars er frumv. til sýnis í þeirri mynd, sem það kom frá fiskifræðingnum, og verður afhent þeirri nefnd, sem væntanlega verður sett í málið. Frumv. fiskifræðingsins er aftur bygt á áliti allra helztu laxveiðenda á landinu. 2. jan. 1899 skrifaði hann öllum helztu laxveiðendum og leitaði álits þeirra um útrýming sels og um laxveiði, og er frumv. árangurinn af þeim upplýsingum, sem honum voru svaraðar upp á þetta bréf.

Það hefir bæði fyr og síðar verið talsverð óánægja með lögin frá 19. febrúar 1886. Einkum hefir þetta átt sér stað með það ákvæði í 1. gr. þessara laga, að laxinn skuli friðaður 36 stundir í hverru viku á veiðitímanum. Þessi friðun hefir þótt og er líka í raun og veru ákaflega ónóg, og hefir alls ekki náð tilgangi sínum. Eg skal að öðru leyti ekki fara út í einstök atriði, en að eins leyfa mér að benda á aðalbreytingarnar, sem frumv. fer fram á að gerðar séu frá því, sem nú er. Það er þá fyrst, að veiðitíminn hefir verið styttur um hálfan mánuð, úr 3 mánuðum færður ofan í $2^1/_2$ mánuð. Í öðru lagi, að friðunin á veiðitímanum, sem, eins og eg gat um áðan, er 36 stundir

á viku eftir núgildandi lögum, verði 7 sólarhringar yfir veiðitímann; en hér kemur fram atriði, sem menn deilir á um, nefnilega, hvernig nánara skuli ákveða þessa friðun; hvernig eigi að skifta þessum 7 sólarhringum niður. Sumir hafa viljað ákveða þetta í sjálf um lögunum, en við höfum í frv. hallast að þeim, sem hafa viljað láta sýslunefndina ráða því, hvernig þessum 7 sólarhringum sé skift, og sömuleiðis, hve nær veiðitíminn skuli byrja og enda.

I 11. gr. er eitt nýmæli, sem eg tel mjög þýðingarmikið, og sem eg því skal leyfa mér að benda á. Nýmælið er það, að þegar einhver er kærður fyrir brot á veiðilögunum, þá skuli lögreglustjóri skipa 3 óvilhalla menn, er eigi stunda veiði né eiga veiðirétt í ánni, til þess að skera úr, hvort farið sé lengra en lögin leyfa, og sé það efamál, hvort lögin séu brotin, skuli sá kærði að eins sæta áminningu, en aftur vera skyldur að færa lagnir sínar eftir því, sem skoðunarmennirnir segja fyrir um. Þetta ákvæði, sem er algjörlega nýtt, verð eg að telja mjög gagnlegt.

Eg skal svo ekki að sinni fara fleiri orðum um frumv., en býst við að h. þingd. finnist ástæða til að skipa nefnd í það, og vona eg að það fái góðar undirtektir bæði þar og í þingd., því það er án efa mikil bót frá lögunum 12. febr. 1886.

Sigurður Sigurðsson: Með því að eg sé, að fleiri óska ekki að taka til máls, þá skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 mann nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. 5 manna nefnd og í hana skipaðir af forseta með samþykki flokkanna:

Jóhannes Jóhannsson,
Sigurður Sigurðsson,
Þórður Guðmundsson,
Hannes Þorsteinsson,
Hermann Jónasson.

1. umr. þar með frestað.

Framh. 1. umr., 8. ágúst (C bls. 240, nefndarál. 401).

Framsögumaður (*Hannes Þorsteinsson*) Eg skal geta þess, að í nefnarálitinu á þgskj. 240. eru ýmsar prentvillur, sem eg óskaði að væru leiðréttar, og það var sent til prentarans viðvíkjandi því, að hann tæki leiðréttingarnar upp í skjalapartinn; en hann hefir ekki tekið það til greina, heldur prentað skjalapartinn alveg eins og nefndarálitið er hér. Eg get þessa, af því það hefir komið alloft fyrir áður á þessu þingi hirðuleysi með prentunina, og álít rétt að það sé vítt af þinginu. Auðvitað eru þessar prentvillur ekki svo, að þær gjöri mikið tjón; það er sérstaklega ein, sem gjörir meiningamun; í upphafi annannarar málsgreinar stendur »samþykki þingsins«, en á að vera »samþykki þingsins og stjórnarinnar«.

Frumv. um friðun á laxi hefir einu sinni náð samþykki þingsins; það var 1891; þá var frumv. borið upp í Ed., gekk svo til Nd., og voru þar gjörðar breytingar, en þannig breytt var frv. samþykt í Ed. Þessu frumv. var synjað staðfestingar af stjórninni samkv. tillögum landshöfðingja. Það, sem varð frumv. að falli, var það, að það voru bannaðar þvergirðingar í ám, þótt einn maður ætti alla veiðina, og annað það, viðvíkjandi selnum, að menn, er áttu friðlýst selalátur, höfðu sent kvartanir um, að lögin gengju of nærri rétti þeirra, af því þar væri heimilað að skjóta á sel á öllum tíma árs nema í maí og júní. Þetta þótti landshöfðingja ofmikil takmörkun á eignarrétti þessara manna, og áleit það kæmi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, og réð til að

því væri synjað staðfestingar, enda varð það.

Menn hafa verið talsvert óánægðir með lögin frá 1866, og óskað breytingar á þeim; sérstaklega hefir það gengið út á það, að fá styttan veiðitímann og lengdan friðunartímann, svoog breyting á möskvastærðinni. Eg skal geta þess, að þetta mál er svo vaxið, að það er vandi að setja lög, sem geti átt við um allt landið; hagsmunir þeirra, er ofarlega búa við árnar, og hinna, er neðarlega búa, falla alls ekki saman; ef veiðiréttur þeirra, sem neðarlega búa, er skertur, eykst hinna, og svo »vice versa«.

Það dylst engum, að laxveiði er mikil tekjugrein fyrir landsbúa, og vert að hlynna að þeirri tekjugrein eftir því, sem unt er, til þess hún falli ekki niður og rýrni ekki um of. Eg hefi gjört yfirlit síðan 1890, hvernig veiðst hefir á hverju ári til 1898, en eftir það er ekki prentaðar skýrslur. Árið 1890 voru flutt út 9848 pund af söltuðum laxi; 1891 var flutt út 33 937 pund. Arið 1892 var það mesta veiðiár, sem hefir komið; fluttust þá út 92.302 pund, og þá er fyrst talinn í skýrslunum niðursoðinn lax 384 pund Arið 1893 kemst útflutningur af söltuðum laxi aftur niður í 65,328 pund; árið 1894 minkar það enn; er þá 52,384 pund. Arið 1895 fer það aftur heldur hækkandi, 57,046 pd., er reiknað út í peningum gjörir rúmar 30 000 kr; þá er líka reyktur lax flutt ur út og nýr lax ísvarinn, sem eigi er áður talinn í skýrslunum. Árið 1896 er flutt út 76,848 pund, og verður það reiknað til peninga 39,760 kr.; það ár er reyktur lax fluttur út fyrir 236 kr. En frá 1896 fer veiðin ákaflega minkandi, því úr 76.848 pd., sem hún var 1896, fer hún 1897 niður í 30 040 pund, (eða fyrir 16,327 kr.); en '98, sem er síðasta árið, er prentaðar skýrslur ná yfir, hrapar veiðin svo niður, að hún hefir aldrei eins lítil verið síðan 1890; þá er hún komin niður í 12,171 pund, og er það mikið hrap úr 76,848 pd. tveimur árum áður; það ár er hvorki talinn útfluttur reyktur lax né niðursoðinn. Ar 1899 og 1900 hygg eg ekki hafi verið betri veiðiár en 1896.

Af þessu yfirliti virðist það auðsætt, að laxveiði sé að ganga til þurðar; enda hefir fiskifræðingur landsins, **Bjarni** Sæmundsson, látið í ljósi, að lax muni vera að þverra í laxám á landinu, og hann álítur, að það sé engin ógrynni af laxi við strendur landsins; hann kveður laxveiði horfna úr mörgum ám, þar er hún hefir áður verið, og má þá sjá, hvílíkt nauðsynjamál þetta er. Eftir þessi veiðileysisár 1897 og '98 tók hann sér fyrir hendur, að athuga málið rækilega, skrifaði þess vegna í janúar 1899 öllum helztu laxveiðendum á landinu, og spurði um þeirra álit, hvað tiltækilegt væri að gjöra til að koma í veg fyrir, að veiði þessi hyrfi eða rénaði; og í þessu bréfi benti hann mönnum á þær uppástungur, sem hann vildi gera. Var það fyrst og fremst um eyðing sels í laxám, því að selirnir eru álitnir vera verstu rándýr gagnvart laxinum. Eg skal geta þess, að frv. hefir verið borið upp hér í deildinni, og er nú í nefnd, er lýtur að ófriðun sela; en það er laust við þetta mál, enda veit eg ekki, hvernig því reiðir af.

Svo var annað atriðið, sem Bjarni Sæmundsson tók til athugunar, nefnilega, að stytta veiðitímann, og svo að stækka möskva í netjum, svo að smálax sleppi í gegn. Svo stakk hann líka upp á, hvort ekki væri ráðlegt að banna veiði í vissum ám vissan árafjölda m. fl. Hann ætlaðist til, samkvæmt því sem sést af bréfi hans, að hann væri búinn að fá svörin svo fljótt, að nýtt frumv. gæti orðið lagt fyrir

síðasta alþing (1899); en það brást, því landi vor er nokkuð seinn í snúningunum, þó það sé rótað við honum. Svörin komu seint á árinu 1899, og sum ekki fyr en á árinu 1900; svörin gengu öll út á það, að breyta lögunum frá 1886, einkum að stytta veiðitíma og lengja friðunina. Eftir þessum upplýsingum samdi hann frumv., sem við flutningsmenn þessa máls höfum flutt hér inn í deildina, en breytt því í ýmsu þar er vér álítum betur fara, og það er þetta frumv. á þgskj. 74; hefir frv. þetta verið tekið til athugunar í nefnd, sem hefir gert á því ýmsar breytingar, ekki óverulegar, sem eg skal gera grein fyrir við 2. umr. málsins, með því ekki er leyfilegt, að fara út í einstök atriði við þessa umr.

Eg vildi óska, að h. deild tæki þessu máli vel, því það er mikið nauðsynjamál; og þó það sé mikið vandhæfi á því, þá held eg, að töluverð réttarbót geti falist í frumv., ef það næði fram að ganga.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en fela deildinni úrslit þess.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Önnur umr., 12. ágúst (C bls. 240, nefndarálit bls. 401, brt. 566).

Framsögumaður (*Hannes Þorsteinsson*): Við framuald 1. umr. skýrði eg frá aðalstefnu og tilgangi frumv., og ætla eg ekki að endurtaka það, heldur minnast á brtt. nefndarinnar á þgskj. 240 og sérstaklega taka tillit til þeirra aðalbreytinga, er gerðar hafa verið á gildandi lögum 19. febr. 1886, svo sem stytting veiðitímans, breyting á millibilsfriðuninni og fjarlægðarákvæðunum milli lagna innbyrðis, möskvastærð o. fl. Veiðitíminn er færður niður úr 3 mánuðum niður í 2½. Réttast þótti, að ákveða það í lögunum, hvenær veiðitíminn skyldi enda um land alt, og höfum vér sett það tímatakmark 31. ágúst (í stað 30. í frumv. á þgskj. 74). Lengur má því hvergi veiða lax, en sýslunefnd getur ráðið því, hve nær hann byrjar í hverri sýslu. Ef sýslunefnd ákveður t. d., að veiðitíminn skuli byrja 1. júní, þá verður hann að enda um 15. ágúst o. s. frv., eins og auðsætt er, að því fyr, sem veiðitíminn er látinn byrja, því fyr verður hann að enda. Veiðitíminn verður þó alt af að vera á sama tíma í sömu á, þótt hún skifti sýslum. Um það verða hlutaðeigandi sýslunefndir að koma sér saman. Millibilsfriðunin, sem er 36 klst. á viku, eftir lögunum 1886, hefir reynst miður hagkvæm. Hún hefir víða verið illa haldin, og það hefir borið við, að um leið og menn hafa verið að taka upp síðustu netin, hafa menn byrjað að leggja þau net, er fyrst voru tekin upp, en það er auðvitað ekki alveg samkvæmt lögunum. Nú geta menn að sjálfsögðu sagt, að þessi lög, sem nú eru á prjónunum, yrðu ekki betur haldin en hin gömlu. Það kom einnig til tals í nefndinni, að skipa eftirlitsmenn til að gæta þess, að lögunum yrði hlýtt, en sumir héldu, að hyggilegra væri, að laxveiðendurnir sjálfir pössuðu hver upp á annan, en í löngum ám getur þetta eftirlit ekki orðið nægilegt. Eg tek t. d. Ölfusá; þeir, sem ofar búa, eiga hægt með að hafa eftirlit með þeim sem niðurfrá eru, t d. nálægt brúnni, en þeir niðurbyggjar geta ekkert eftirlit haft með hinum upp frá, nema taka sér beinlínis ferð á hendur til þess. Eg held því, að þessir veiði-eftirlitsmenn yrðu nauðsynlegir, en meiri hluti nefndarinnar hafði ekki trú á þeim, og þess vegna hefir ekki verið gerð breyttill. í þá átt.

Í stað 36 kl.stunda friðunarinnar á hverri viku höfum vér sett 7 sólar-

hringa hlé, en sýslunefndum er falið að ákveða, hvernig skifta skuli þessum 7 sólarhringum niður á allan friðunartímann, hvort heldur í tvent, t. d. 3 og 4 sólarhringa í hvort skifti, eða á annan hátt. Áður nam millibilsfriðunin alls 18 sólarhringum eða 432 kl.st.; nú hefir veiðitíminn verið styttur um $^1/_2$ mánuð, sem er 336 kl.st. og veiðihléð nemur 168 st.; friðunin er þá alls 504 stundir eða 72 tímum (o: 3 sólarhringum) lengri en áður.

Mörgum kann að virðast svo, að þetta sé ekki mikill munur; en þess ber að gæta, að hálfur mánuður í einu lagi, t. d. þegar lax er í göngu að vorinu, er hagfeldari og betri en $1^1/_2$ sólarhrings vikufriðun. — Við 2. gr. höfum vér ekki gert neina breytingu og ekki heldur við 3. gr. Eg skal að eins geta þess, að orðatiltækið »út í eina á« í þeirri grein mun eiga að skiljast svo, að þá er á rennur í einu lagi, megi ekki þvergirða hana, og er það breyting á lögunum 1886, en hins vegar er leyfilegt, að þvergirða kvíslar úr ánni, ef einn maður á veiði í kvíslinni og jafnmikil eða meiri laxför er í annari.

Á 4. gr. er talsverð breyting gerð, og er hún að mestu leyti orðuð um. Þar er stungið upp á, að hvergi megi vera skemmra en 60 faðmar milli yztu enda lagnanna, í stað 30 faðma í hinum eldri lögum. Þetta þótti nefndinni ofmikið stökk, og varð meiri hluti hennar með 50 faðma millibili

Eg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að 40 faðmar mundu hæfilega langt bil, því að eg veit, að það hagar víða svo til eystra, t. d. við Ölfusá neðanverða, að lagnir, sem nú eru þar, verða að falla niður með þessu 50 faðma millibili, auðvitað því fleiri, sem bilið er aukið meira. Svo þótti nefndinni rétt, að enginn mætti hafa lagnir nær annars landi en 25 faðma frá landamerkjum. Einnig áleit nefndin, að ekki væri rétt, að banna lagnir andspænis hvor annari sitt hvoru megin ár, þar sem breiddin er nóg, og þess vegna höfum vér sett inn ákvæði um, að millibilið þvers yfir ána milli slíkra lagna verði að vera 50 faðmar. Ákvörðun þessi fellur af sjálfu sér burt að því er þær ár snertir, sem mjórri eru en svo, að 50 faðmar geti verið milli tveggja lagna andspænis. Sömu millibilsákvæði þótti oss rétt að giltu fyrir hinar svo kölluðu framhaldslagnir, að millibilið milli þeirra væri hið sama og annara lagna. En framhaldslagnir kalla eg það, þá er lagnir eru settar út í miðja á frálausar landlögnum. Og hin gildandi lög meina það ekki. En slíkar lagnir geta verið all-athugaverðar, og því þótti rétt, að ákveða millibilið milli þessara lagna hið sama sem millum annara lagna, og fellur þá burtu af sjáltu sér lagnir út í miðri á, þar sem lagnir lagðar frá landi eru í náud. Oss þótti rétt að taka það fram, að garðar eða stíflur, sem settar eru til að bægja laxi í veiðivélar ofar í ánni, eða svo kallaðar fráhrundningarlagnir, skuli teljast sem sérstakar veiðilagnir og lúta sömu millibilsákvörðunum og aðrar lagnir, enda þótt veiðivélar séu eigi við þær festar. Í kringum svona lagaða ákvörðun mun verða torvelt að fara. — Möskvastærð selanóta, sem spentar eru sumstaðar fyrir ósmynni, höfum vér fært úr 28 þuml. í frumv. niður í 24, og teljum það hæfilegt. Við 5. gr. er breyting, sem fer fram á að fella burt úr frv. ákvæðið um, að leyfa stangaveiði lengur en aðra veiði, því að nefndinni þótti ekki næg ástæða til þess, en þar sem á hinn bóginn ýmsir útlendingar stunda þessa veiðiaðferð, þótti oss rétt, þar sem veiðitíminn nú er styttur um

1/2 mánuð, að afnema alla millibilsfriðun fyrir stangaveiðum. Í 7. gr. frv. er ein höfuðbreytingin frá gömlu lögunum, um 11 þuml. möskvastærð í stað 9 þuml. Það er réttara að hafa möskvastærð svo víða, því það þykir enginn hagnaður í fyrir veiðina og viðkomuna, að taka smáan lax. Þessi breyting er því alveg reynslunni samboðin. 8. gr. ræðir um samveiði eða félagsveiði í ám og er það stórt og athugavert atriði, og full þörf á, að þar sé rækilega um hnútana búið. Því hefir verið sett, að sýslunefndin með 3/4 atkv. eigi að samþykkja, hvort samveiði skuli eiga sér stað, og eigi hún að semja reglugerð fyrir veiðiaðferðinni og skifting á veiði, er amtmaður síðan samþykkir. Eru þá allir hlutaðeigendur skyldir að hlíta henni. Ákvæðið um, að 3/4 sýslunefndarinnar þyrfti til þess að leyfa samveiði, var sett til þess, að meiri trygging væri fyrir því, að hún beitti ekki hlutdrægni gagnvart veiðieigendum, er sumstaðar mun hafa átt sér stað. 10. gr. hefir verið lagfærð. Það hefir verið gerður munur á ólöglegu veiðifangi og ólöglegum veiðiáhöldum. Svo hefir og verið gerður munur á að taka upp og gera upptæk, o: selja á uppboði. — Ekki þótti rétt að álíta önnur veiðarfæri upptæk en þau, sem ólögleg eru frá upphafi, svo sem ef riðill væri of lítill eða millibil millum rimla eða í sjálfu sér í laxakistum of lítið, en þótt lagnir t. d. haggist að einhverju leyti, eftir að þær eru settar niður, svo að þær verði ólöglegar, enda þótt þær væru löglegar í upphafi, þótti ekki rétt að fara eins með þær eins og fullkomlega ólögleg veiðigögn. Nefndin leggur til, að 11. gr. falli burt, því að henni þótti varhugavert að setja 3 menn, sem ekki stunda veiði og ef til vill hafa ekki hið minsta vit til að fella algildan úrskurð um það, hvert farið sé lengra en lögin leyfa eða ekki. Sá úrskurður gæti verið harla óþjáll í garð laxveiðenda. En þá er þetta er felt burtu, hefir lögreglustjóri óbundnar hendur, hvort hann tekur sér matsmenn eða ekki, og hverja hann tekur.

Eg tel þessar breytingar á frv., sem nefndin hefir stungið upp á, til mikilla bóta, og þó að frv. að þessu sinni komist ekki gegnum þingið, sem lítil von er um, þá geta þær samt orðið undirstaða undir lagasmíðinu síðar, og vona eg að þær verði þá teknar til greina. Eg hefi svo ekki frekara að segja að sinni, þangað til andmælum verður hreyft gegn málinu.

ATKVGR.: Br.till. 240, 1. við 1. gr. sþ. m. 17 atkv.

Br.till. 240, 2. við 1. gr. sþ. án atkv.

1. gr. með. br. sþ. m. 13 atkv.

2. og 3. gr. br. sþ. m. 13 atkv.

Br.till. 419 við 4. gr. sþ. m. 13 atkv.

Br.till. 240, 3. við 4. gr. sþ. m. 12 atkv.

Br.till. 240, 4. við 5. gr. sþ. m. 12:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnars., Bf.,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Hannes Hafstein,
H. Þorsteinsson,	Magnús Torfason,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóh. Jóhannesson,	Tr. Gunnarsson,
Jósaf. Jónatansson,	
Lárus Bjarnason,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
St. Stefánsson, Eyf,	
Þórður Guðmundss,	

Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Valtýr Guðmundsson og Þórður Thoroddsen greiddu eigi atkvæði, og voru því taldir með meiri hluta.

5. gr. með br.till. sþ. m. 12 atkv.

Br.till. 240, 5 við 7. gr. sþ. m. 13 atkv.

7. gr. með breyt. sþ. m. 13 atkv.
Br.till. 240, 6 við 5. gr. sþ. m. 12 atkv.
Br.till. 240, 7. við 9. gr. sþ. án atkvgr.
Br.till. 240, 8.—10. gr. sþ. m. 13 atkv.
Br.till. 240, 9 (11. gr. falli burt) sþ. með 12 atkv.
12. og 13. gr. frv. sþ. m. 13 atkv.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. m. 14 atkv.

Þriðja umr., 14. ágúst.

Magnús Torfason: Eg á hér eina br.till. á þgskj. 451. Hún hefir ekki komið nógu snemma til þess að henni væri útbýtt í hæfilegan tíma. (*Forseti*: Það er búið að samþykkja það). Já, það er búið að samþykkja það, svo það stendur á sama að því leyti. En það kynlega er, að br.till. gat komið nógu snemma; eg bað um, að br.till. yrði útbýtt í hæfilegan tíma, því tíminn er orðinn nokkuð stuttur og eg ætlaði mér ekki að tefja fyrir þessu máli; en út af því að br.till. kemur ekki fyr en á síðasta augnabliki, þá sjá menn, að enginn tími hefir verið til að íhuga hana. Eg vil enn fremur geta þess, að eg hefi borið mig saman við formann þessarar nefndar um málið, og hann hefir lýst því yfir, að þessi br.till. mín sé atriði, sem nefndin þurfi að ræða um. Hún hefir engan tíma haft til þess. Enn fremur er hér komin á síðasta augnabliki br.till. á þgskj. 469. Þingmenn hafa heldur ekki haft tíma til þess að athuga hana. Út af þessu vil eg skjóta því til h. forseta, hvort hann vill ekki taka málið út af dagskrá nú í dag.

Forseti: Er það ósk nefndarinnar?

Jóhannes Jóhannesson: Nefndin hefir ekkert á móti því.

Forseti: Eg get tekið málið út af dagskrá, ef það er viljl nefndarinnar; en eg vil leyfa mér að benda á, að það getur orðið til þess að málinu verði ekki lokið á þessu þingi; á morgun getur það ekki komið á dagskrá, því þá er búið að ákveða 15 mál á dagskrá.

Hannes Þorsteinsson: Það er mjög leiðinlegt að þetta kemur svona seint fram; því það getur, eins og h. forseti tók fram, orðið til að málið gangi ekki fram eða orðið því að falli, þar sem annars er hugsanlegt, að það hefði orðið samþykt nú.

Forseti: Eg skoða þetta þá sem ósk nefndarinnar og tek málið út af dagskrá.

Framh. þriðju umr., 16. ágúst.

FRUMVARP til laga um laxveiðar (C bls. 605, brt. 615, 624); 3. umr., 16. ágúst.

Magnús Torfason: Eg ásamt nokkrum fleiri háttv. þingdm. á hér breyttill. á þgskj. 451, sem gengur í þá átt, að gera friðunina meiri en frumv. nefnd. gerir ráð fyrir. Eg vona að háttv. nefnd fallist á breyttill. að sínu leyti, þar sem hún hefir tekið það greinilega fram, að hún vilji að hin nýju lög stefni í þá átt, að friða lax betur en verið hefir; heldur hún því fram, að laxveiði gangi til þurðar á síðari árum, og telur það víst, að hinu sama muni halda áfram, sé ekki tekið betur í taumana en hingað til.

Þegar vér nú athugum friðunina eftir frumv., þá er það helzta úr því, að veiðitíminn er styttur um hálfan mánuð, og nokkuru lengra bil á að vera milli lagna en ákveðið er í gildandi lögum. En svo kemur ákvæðið í 1.gr. frumv., 2. málsgrein, um það, að að eins skuli vera 7 sólarhringa hlé á veiðinni allan veiðitímann; þetta ákvæði kemur í stað ákvæðanna í gömlu lögunum, um að 36 tíma hlé skuli á veiðinni í viku hverri. Þegar þetta tvent er borið saman, þá er veiðihléið yfir allan veiðitímann eftir eldri lögunum 468 tímar, en eftir frumv. er ætlast til, að það verði 168 tímar; ef við þessa 168 tíma

er lagður hálfi mánuðurinn, sem veiðitíminn er styttur um, þá verður friðunin einum 2½ sólarhring lengri eftir frumv. en gildandi lögum. Mér getur nú ekki annað fundist en að það sé kák, að fara að breyta heilum lagabálk og gera ekki meira að. Bæði nefndin og fiskifræðingurinn eru sammála um það, að friðunina þurfi að auka, og því er það undarlegt, að hún skuli láta sér nægja þessa 2½ sólarhrings stytting veiðitímans. Auk þess er það engan veginn sjálfsagt, að þessi hálfsmánaðar samfelda stytting alls veiðitímans hafi eins mikla þýðingu, eins og hin tíðu hlé, sem eftir gildandi lögum verða á veiðinni, en sem nú verða að samanlögðu hér um bil þrefalt minni. Friðunin getur fallið á þann tíma, sem lax gengur ekki upp í árnar, og því fremur getur svo farið, þar sem það er að meira eða minna leyti lagt upp í hendurnar á laxveiðieigendum, að ákveða um friðunartímann, hve nær hann skuli vera. Eg efast og um, að frá öðru sjónarmiði sé þessi 7 sólarhringa friðun um veiðitímann nægileg; í stuttum ám geri eg ráð fyrir, að hann nægi, en varla í löngum ám; því það er vitanlegt, að í ám eins og Hvítá er laxveiði nálega horfin í ofanverðri ánni, rýr í henni miðri, en að eins í blóma í neðstahluta hennar. Eg vona, að háttv. nefnd athugi þetta, hve lítið frumv. bætir úr skák með friðunina, og annaðhvort láti málið falla niður eða geri friðunina ríflegri.

Einar Jónsson: Eg á breyttill. á þgskj. 469, sem eg ætla að minnast lítið eitt á. Það er breyttill. við 4. gr. frumv., um það, að enginn megi hafa lagnir nær annars manns landi en svo, að 25 faðmar séu frá landamerkjum. Eg get ekki séð ástæðu til að þetta ákvæði sé látið standa, með því að eg sé ekki betur en að það geti valdið miklum óþægindum og jafnvel ranglæti, og það þrátt fyrir það, þótt eg búist við, að ákvæði frumv. verði ekki skilin svo, að ekki megi hafa lögn í á, sem er landamerkjaá, ef hún er mjórri en 25 faðmar, því að það mun verða álitið, að átt sé við bil milli lagna sama megin. Frá nefndarinnar hálfu hefi eg ekki séð neina ástæðu færða fyrir því, hvers vegna hún hafi sett ákvæði þetta, og get því ekki vel gizkað á, hvað fyrir henni muni hafa vakað. Það getur komið fyrir, að maður eigi land að laxveiðiá, þar sem svo stendur á, að á löngu svæði sé engin lögn, en svo hittist á, að góð lögn sé skemmra en 25 faðma frá landamerkjunum, og þá er hart, að mega ekki nota sér hana; þegar þetta er athugað, vona eg að brt. mín verði tekin til greina, eða þá að minsta kosti varatillaga, því að eg fæ ekki séð, að hún geti spilt, hverjar ástæður sem nefndin kann að hafa haft fyrir ákvæði sínu.

Það getur verið, að eigi sé brýn þörf á annari breyttill., sem eg hefi komið með, en heldur mun hún þó bæta en spilla. Reyndar býst eg við, að þetta frumv. snerti aðallega þau vötn og ár, þar sem laxveiði er aðalveiðin; en þegar litið er á 2. gr. frumv., þar sem til er tekið, að öll silunganet og laxnet skuli tekin upp í ám, sem laxveiði er í, á meðan veiðihléð stendur, þá er þessi ákvæði svo rúm, að þau mundi og mega heimfæra upp á á, þar sem laxveiði er eigi aðalveiðin. Breyttill. undir öðrum lið á þgskj. 469 er því til að gera ákvæðin skýrari, svo að eigi komi upp misskilningur. Eg þekki nokkra staði, þar sem laxveiði er svo lítil, að engum dettur í hug að koma þar á reglulegri laxveiði, en eigi að síður veiðist þar dálítið af laxi; ef tak-

mörkunin, sem sett er í 2. gr., væri látin ná til þessara staða, þá væri það til tjóns, en eigi til gagns; því vildi eg fremur óska, að breyttill. mín yrði samþykt.

Hermann Jónasson: Eg ætla að segja nokkur orð viðvíkjandi breyttill. á þgskj. 451. Eins og mörgum er kunnugt, skrifaði fiskifræðingur landsins öllum laxveiðieigendum á landinu og beiddi þá um, að láta í ljósi álit sitt á laxveiðalöggjöf landsins og hverjar breytingar á henni þeir óskuðu að fá. Á þeim skýrslum, sem hann fekk frá þessum mönnum, er þetta frumv. bygt; og með því að ætla má, að hans álit í þessu máli sé glöggast, þar eð hann hefir dregið ályktanir út úr skýrslunum og samið frumv. eftir þeim, þá hefir nefndin forðast að breyta því nema sem allra minst. Eg vil í þessu sambandi geta þess, að ákvæðin um 7 sólarhringa friðun á veiðitímanum og ½ mánaðar stytting hans, eru samkvæmt till. fiskifræðings. Í þessu atriði var engin breyting gjörð á frumv. fiskifræðingsins, en aftur á móti var stytt bilið á milli lagna. Það er ekki rétt hjá háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.), að veiðitíminn sé ekki styttur meir en um 1 eða 2 daga, því þótt það í fljótu bragði líti svo út, sem þetta sé rétt, þá verður alt annað ofan á, ef málið er skoðað vandlega. Eftir núgildandi lögum er lax friðaður 36 klukkutíma á viku hverri, meðan veiðitíminn stendur yfir. Nú vita það allir, sem nokkuð þekkja til laxgöngu, að lax gengur mest með dagflóði, en lítið á nóttu. Í öðru lagi er laxgengd iflestum ám skörpust að eins 2—4 vikur af veiðitímanum. Eftir þessu frumv. eiga sýslunefndir að ákveða, hve nær þessi 7 daga friðun á veiðitímanum eigi að fara fram; það má ætla, að þær mundu setja þá á þessar 2—4 vikur, meðan laxinn gengur mest, og er þá auðsætt, að friðunin verður meiri eftir þessu frumv. en eftir núgildandi lögum, þar sem laxinn er friðaður 36 kl.tíma á hverri viku, því allan gengdarminni hluta veiðitímans verður þessi friðun að litlum notum. Eftir þessu frumv. geta komið 7 sólarhringar á þær 2—4 vikur, sem laxinn gengur skarpast, í stað 2—4 daga eftir núgildandi lögum. Og þar sem svo er háttað, að einhver jörð á land að veiðiá á alllöngu svæði, eða haganlegir hyljir eru í ánni, sem lax dvelur í 1—2 sólarhringa, þá missist oft enginn lax hjá, ef dregið er á að laugardagskvöldi og mánudagsmorgni, samkvæmt því, sem núgildandi lög heimila. Þar á móti gæti þetta frumv. orðið hinum sömu veiðendum mjög tilfinnanlegt. Þá vil eg spyrja 2. þm. Rangv. (M. T.), sem er lögfróður maður, hvort þessi lög geti eigi komið í bága við núgildandi helgidagalöggjöf, því þótt nú sé fyrir þinginu frumv. um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, þá dugar ekki að sníða þessi lög eftir því frumv., þar eð þau eru ekki orðin að lögum, og ekki víst að þau nái fram að ganga. Hvað viðvíkur breyttill. á þgskj. 469, þá vil eg geta þess, að þær hafa við rök að styðjast, en nefndin sá þó svo marga agnúa á þeim, að hún sá sér ekki fært að fylgja þeim.

Framsögumaður (*Hannes Þorsteinsson*): H. 1. þm. Húnv. (H. J.) hefir að mestu leyti tekið af mér ómakið, að svara h. þm. Rangv. (M. T.). Nefndin hefir ekki getað fallist á breytingartillögurnar, sem fram hafa komið, og sérstaklega breyt.till. 451 um, að lengja friðunartímann á sjálfum veiðitímanum úr 7 sólarhringum upp í 10 sólarhringa. — Það mundi gjöra lögin óvinsæl og vera tilfinnanlegt haft á veiðinni. En það er ekki tilgangurinn með þessum lög-

um, að takmarka um skör fram rétt veiðieigenda, heldur hitt, að sjá um, að þeir spilli ekki fyrir sjálfum sér og öðrum með því, að veiða of gapalega og fæla laxinn eða hindra göngu hans.

Sýslunefndunum er með þessum lögum gefið sem rýmst ákvæðisvald, og verður það til þess, að þau ákvæði verða gjörð, sem haganlegust eru fyrir hvert hérað. Það væri öldungis ótækt, að rígbinda með lögum sömu reglur fyrir laxveiði um land alt. — Eg verð því að líta svo á, sem nefndin eigi ekki ámæli skilið fyrir starf sitt, og hygg eg, að það hefði ekki verið bet ur af hendi leyst, þótt h. þm. Rangv (M. T.) hefði setið í henni.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 469 skal eg geta þess, að ákvæði það, sem þar er farið fram á að breyta, er gert samkvæmt tillögum laxveiðieigenda. — Þetta ákvæði um, að enginn megi hafa lögn nær annars manns landi en 25 faðma, er til þess, að girða fyrir það misrétti, að maður, sem á langt land með fram á og lögn við landamerkin, geti hrundið nágranna sínum með lögn hans um 50 faðma frá eigin landamerkjum hans og gert honum þannig, ef til vill ómögulegt, ef hann á lítið land, að hafa nokkra lögn fyrir sínu landi.

Síðari till. á sama þingskjali virðist mér óþörf; það getur verið álitamál, hvort sé aðal veiði: laxveiði eða selveiði, en úr því verður auðvitað skorið eftir því, sem venja hefir verið að undanförnu. — Eg hefi ekki orðið þess var, að nein vandkvæði hafi út af þessu risið hingað til, og eru þó engin ákvæði í þessa átt talin í gildandi lögum.

Það er ekki útlit fyrir, að mál þetta komist fram á þessu þingi, því tíminn er orðinn naumur, og það hefir verið tafið fyrir málinu á ýmsan hátt og af mönnum, sem eru því óvinveittir, og er það miður rétt gert, að spilla þannig góðu máli í síðustu forvöð.

ATKV.GR.: Breyt.till. 451 við 1. gr. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Björn Bjarnars., Bf.,	Hannes Hafstein,
Bj. Bjarnarson, Dal.,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Jósaf. Jónatansson,
Magnús Torfason,	Lárus H. Bjarnason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Sigurðsson,
St. Stefánsson, Skf.,	St. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þórður J. Thorodd.	Þórður Guðmundss.

Breyt.till. 469 1. a. við 4. gr. feld með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. 469 1. b. við 4. grein feld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundsson,	Hermann Jónasson,
B. Bjarnarson, Bf.,	Jóh. Jóhannesson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Jósafat Jónatanss.,
Björn Kristjánsson,	Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Sigurðsson,
Valtýr Guðmundss.	St. Stefánsson, Eyf.
Þ. J. Thoroddsen.	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss.

Breyt.till. 469, 2. (ný gr.) samþykt með 12 atkv.

Breyt.till. 469, 3. samþykt án atkv.-greiðslu.

Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþykt með 16 atkvæðum og afgreitt til efri deildar.

Verðlagsskrár.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 6. nóv.br. 1897 um undirbúning verðlagsskráa (C bls. 243); 1. umr., 15. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Onnur umr., 17. júlí.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Eg skal leyfa mér að geta þess í sambandi við frumv. það, sem hér liggur fyrir, að nokkrir menn úr búnaðarmálanefndinni hafa komið sér saman um, að semja frumv. um afnám verðlagsskráa, og í stað þeirra setja lögákveðna meðalalin. — Hefir nefndin nú tekið málið að sér, og er frumvarp hennar þegar komið svo langt, að ekki er eftir annað en að orða suma liði þess, og má búast við, að það komi frá nefndinni innan skamms. — Enda þótt það sé fjarri mér að óska eftir fleiri eða margbreyttari störfum fyrir nefndina, finst mér þó réttast, úr því sem komið er með þetta verðlagsskráamál, að nefndin fengi einnig frumv. þetta til athugunar, og mætti því vísa málinu til hennar.

Þórður Guðmundsson: Eg vildi gera það að tillögu minni, að málinu yrði vísað til landbúnaðar-nefndarinnar.

ATKV.GR.: Samþykt að vísa frumv. til landbúnaðar-nefndarinnar með 13 atkvæðum.

Annari umr. frestað.

Framh. 2. umr., 26. júlí (C bls. 243, 319).

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.): Í þeirri von, að þetta mál valdi ekki öðrum eins þyt í deildinni eins og 3. málið á dagskránni, og þótt nokkuð líkt standi á, þá ætla eg ekki að hefja neinar umræður um það, en vona, að hin háttv. deild taki tillögur nefndarinnar til greina.

Einar Jónsson: Þingstörfum er nú svo háttað, að það er að eins lítill tími til að hugsa hvert mál, og eg hefi því eigi getað kynt mér þetta verðlagsskrármál eins og skyldi, en samt vil eg ráða háttv. þm. til að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir fella þetta mál. Þess er að gæta, að það stendur í svo nánu sambandi við næsta mál á dagskránni, frumv. nefndarinnar um verðlag, að það verður að skoða þau í sambandi hvort við annað. Frumv. um verðlag er svo lagað, að verði það samþykt, þá er sjálfsagt að fella þetta frumv. En falli það, þá virðist rétt að samþ. þetta frumv., því að það er bót á lögum þeim, er nú gilda um verðlagsskrárnar. Þetta frv. ætti því að fá nú að ganga til 3. umr., og 3. umr. svo helzt að bíða þangað til útséð er um það, hvernig frumv. um verðlag reiðir af, ekki að eins hér í deild, heldur og í Ed.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Þorsteinss.,
B. Bjarnarson, Dal.,	Hermann Jónasson,
Björn Kristjánsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Sigurðss.,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	Þórður Guðmundss.
Magnús Torfason,	
S. Stefánsson, Eyf.,	
S. Stefánss., Skgf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss,	
Þórður Thoroddsen.	

2. gr. frumv. samþ. með 14 atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Þriðja umr., 8. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Hannes Hafstein,	Sigurður Sigurðss.,
Hermann Jónasson,	S. Stefánsson, Eyf.,
Jóh. Jóhannesson,	S. Stefánss., Skgf.,
Jósafat Jónatanss.,	Valtýr Guðmundss.
Lárus Bjarnason,	
Magnús Torfason,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Verðlag.

FRUMVARP til laga um verðlag (C bls. 325); 1. umr., 26. júlí.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Viðvíkjandi þessu máli, skal eg fyrst í stað láta mér nægja að vísa til nefndarálitsins, þangað til eg heyri einhverjar mótbárur gegn því.

Pétur Jónsson: Mér finst ástæða til að taka ofurlítið meira fram um þetta mál, heldur en nefndarálitið gjörir. Úr því að engir ætla að taka til máls aðrir, þá ætla eg að verða til þess.

Eg vonast til að menn séu orðnir svo kunnugir verðlagsskránni, að menn sjái, að fyrirkomulag hennar og aðalhugsun og tilgangur er mjög úrelt. Eins og hverjum er ljóst, sem þekkir nokkuð til okkar sögu, þá er landauraverðlagning eða það, að jafna landaurum í hundruð, mjög gamalt, að líkindum eins gamalt og tíundin. Landaurar voru hér á sinni tíð nærri því hinir einu verðmiðlar; jafnvel þó gull og silfur væri og að einhverju leyti til þess haft, þá gengu manna í milli mest landaurar, og eigur manna voru taldar í landaurum eða hundruðum; sömuleiðis var gjaldeyrir manna í milli reiknaður í hundruðum, álnum og fiskum. Eftir því, sem eg hefi komist næst, þá hlýtur það að hafa verið undirstaða þessa landauraverðlags, að jafna í hundrað hvert því, sem væri jafngildi að verðmæti og jafnvel notagildi, þannig að 120 álnir vaðmáls væru að meta sem eitt hundrað, að 6 ær, sem eru taldar kúgildi, væru sem næst virði kýrinnar, og eins var með allar aðrar greinir landaura. Ef þessari hugsun hefði verið fylgt algjörlega út í æsar, á þann hátt, að þetta hefði staðið stöðugt, þá er líklegt, að landauraverðið hefði getað haft æðimikla þýðing fyrir okkur enn í dag. En það kom brátt fram ójöfnuður, svo að ekki var jafnmikils virði það, sem lagt var í eitt hundrað, heldur gat munað mjög miklu, og sem dæmi um þetta vil eg nefna það, að einmitt þegar fastar verðlagsskrár voru leiddar hér í lög 1817 og 1818, þá er hæst verð á hundraði í landaurum, nefnilega saltfiski 95 rbd. 60 sk., en lægst var hundraðið í sjóvetlingum, ekki nema 28 rbd. 12 sk.; það sem þá var lagt í hundrað af sjóvetlingum er milli 1/4 og 1/8 verðs á við það, sem lagt var í hundrað af saltfiski. Þetta hefir haldist við óbreytt enn í dag, og hefir aldrei verið reynt að lagfæra þennan grundvöll verðlagsskránna, heldur eru reiknaðir til peningaverðs hinir ýmsu landaurar,

alin í þeim, og svo dregin út meðalalin, eins og kunnugt er; en á henni byggjast skattar, tíundir, afgjöld flestra landssjóðsjarða o. s. frv. Þannig er það undir því komið, hvað út kemur í meðalalin, hve háir verða skattar og tíundir og fleiri gjöld. Það er því auðsætt, að það hefir ekki litla þýðingu, að þessi meðalin sé ekki komin undir neinum óviðráðanlegum tilfellum.

En þessi gjaldagrundvöllur er einmitt orðinn óviðráðanlegur, svo að verðlagsskráin getur hlaupið upp og niður af áhrifum þeirra landaura, sem minst áhrif hafa á efnahag manna og kringumstæður. Maður skyldi ætla, að úr því meðalalinin er bygð á verði landauranna, þá færi hún nærri lagi, enda mun það hafa verið svo fram að 1897, að hún hafi haldist í furðanlegu jafnvægi; að minsta kosti munu áður ekki hafa verið eins stórar misfellur á henni, eins og eftir þann tíma. Þegar nú nýjustu skattalög byggja á verðlagsskránum eins og þær höfðu verið um langt skeið næst áður, þá segir það sig sjálft, að ef meðalalin tekur stórkostlegum breytingum, þá taka gjöld manna og skattatekjur landssjóðs samsvarandi breytingum. En einmitt eftir að hin nýju verðlagsskrárlög 1897 eru komin til framkvæmda, þá fer að bóla á því, að það jafnvægi, sem áður hafði verið á meðalalininni, fer alt í einu á ringulreið. Nú er það vitaskuld, að lög þessi voru ætluð til þess, að færa verðlagsskrána til meiri sanngirni og gjöra hana að ýmsu leyti viðfeldnari en hún var, og mér virðast ýms ákvæði í þeim lögum í alla staði eðlileg og sanngjörn. En reyndin hefir orðið sú, að meðalverðið hefir tekið mjög undarlegum breytingum við þetta. Það er með öðrum orðum, að þá kemur það í ljós, að gjörendur þeir, sem mynda meðalverðið, eru óviðráðanlegir.

Eg skal taka að eins eitt dæmi, sem komið hefir fyrir einmitt á þessu árabili. Það er í Dalasýslu. Í verðlagsskránni, sem gilti fyrir árið 1899—1900, er meðalalinin 71 e., en árið eftir er hún komin ofan í 40 a.; áður hafði hún verið að meðaltali 10 ára 56 aurar. Nú skal eg skýra frá, af hverju stafar þessi mikla breyting, fyrst og fremst á árinu 1899 úr 53 a. upp í 71 e. og svo aftur árið 1900 úr 71 e. niður í 40 a. Þetta stafar eingöngu af því, að á fyrra árinu er talið í verðlagsskránni vaðmál, sem var yfir kr. 1,20 að verði. Aftur árið eftir er engin vaðmálsalin, en þar á móti lýsi, en það vantaði 1899, sem var 16 aura alinin. Þessi tilfelli eru það, sem ráða því, að meðalalinin verður annað árið 71 e., en hitt 40 a.; þetta hefir þau áhrif, að skattar og skyldur eru að því skapi hærri fyrra árið en hið síðara. Þetta get eg ekki séð að sé rétt skattafyrirkomulag. En, eins og eg hefi tekið fram, er þetta komið af breyting á undirbúningi verðlagsskránna, sem virtist ekki geta verið til neins skaða. Þessi breyting var sú ákvörðun, að taka ekki í verðlagsskrár aðra landaura en þá, sem hefðu gengið kaupum og sölum í viðskiftalífinu. Það sýnir sig því, að skilyrðið fyrir því, að geta haldið þessu í lagi, er, að taka allar greinar landaura, sem á verðlagsskrá eru taldar, og setja á það handahófsverð eftir gamalli venju. Að öðrum kosti getur maður átt á hættu, að alt umsnúist og meðalalinin hrapi niður eða stígi gífurlega upp. Með öðrum orðum: Það, að færa verðlagsskrárnar í lag, eftir sínum upphaflega tilgangi og eftir allri sanngirni, getur haft í för með gagngjörða umbylting á þeim gjöldum, sem til eru tekin í meðalalin. Því til dæmis að taka, að væri miðað eingöngu við að láta þá gjörendur ráða meðalalin, sem að réttu lagi eigi

eiga að gera það, sem sé fríða flokkinn, og svo ull, tólg og smjör, þá kæmi langtum hærri meðalalin, eins og skýrslur þær, sem fyrir liggja, sýna.

Finst mér því liggja beint við, að losa sig við verðlagsskrárnar á einhvern skaplegan hátt, og það hefir nefndin leyft sér að gera að tillögu sinni, eins og nefndarálitið sýnir.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eg bjóst reyndar við, að mótbárur mundu koma gegn frumv. og nefndarál., ef það ekki þætti á rökum bygt, en það hefir verið lítið um þær, og læt eg mér það vel lynda. Eg get bætt við þau dæmi, sem h. þm. S.-Þing. (P. J.) kom með, og bæði voru skýr og upplýsandi, nokkurum upplýsingum um það, hvernig meðalalin oft er tilkomin.

Ef maður gengur í gegnum töflurnar og verðlagsskrárnar fyrir undanfarandi 10 ár, þá sést það ljóslega, hvernig meðalverðið kemur út, og hve áreiðanlegt það er. Þannig var t. d. í Rangárvallasýslu árið 1892 meðalalin 64 a., annars var hún að meðaltali um 10 ár 49,4 aurar. Að meðalalinin er komin upp í 64 aura eitt ár, stafar af því, að þá hefir verið talið vaðmál á 125 a. og einskefta á 100 a. og engin önnur tóvara talin. Árið 1899 er 41 e. meðalalin í sömu sýslunni og þá er engin tóvara talin nema sjóvetlingar á 38 a. Álíka er með Snæfellsnessýslu 1899. Meðalalin er þá 64 a. og er þá talið vaðmál á 145 a., einskefta á 106 a., en ekkert lýsi, en á því er verðlag lægst.

Í Dalasýslu er árið 1899 meðalalin 71 e. Þá er engin tóvara talin, nema vaðmál á 147 a., og einskefta á 97 a. Það ár er ekki neitt lýsi talið, en árið eftir er engin tóvara talin, en þorskalýsi, sem er 16 a., enda hrapar þá meðalalin niður í 40 a. Í Snæfellsnessýslu er það vaðmál og einskefta, sem mest veldur því, hve meðalalinin er þar venjulega há, sem er í ósanngjarnlegu hlutfalli við ástæður þar og landauragildi móts við önnur héruð. Þannig mætti ganga gegnum allar verðlagsskrár fyrir undanfarin mörg ár, og kemur það þá skýrt í ljós, að það veltur á hendingu, hvað tekið er upp í þær og hvað ekki. Eitt árið er þetta tekið, annað árið hitt. En þetta er orsök til, að verðlagsskrár eru svo skakkur og óáreiðanlegur grundvöllur fyrir gjalda-álögur, og ætti því að liggja í augum uppi, hve ástæðulaust er, að halda þeim við á sama hátt og verið hefir. Eftir frv. yrði verðlagið miklu sanngjarnara.

Annars er ekki ástæða fyrir nefndina að verja frekara gerðir sínar, úr því enginn mælir á móti.

Björn Bjarnaron, þm. Dal.: Eg verð að segja nokkur orð, af því, að 2 h. þingmenn hafa tekið Dalasýslu til dæmis, og skal eg leiðrétta skýringar þeirra, af því að þær eru ekki í þessu atriði alls kostar réttar.

Að meðalalin í Dalasýslu árin 1899—1900 var 71 a., kom ekki af því, að menn væru í neinum vafa um það, hvað taka ætti upp í verðlagsskrána, heldur af því, að einn hreppur sendi aldrei verðlagsskrá. Nú vita menn, að ekki er tilgreint á verðlagsskrá sú vara, sem ekki er í hreppnum. I 3 hreppum Dalasýslu hafa menn lýsi, í tveim töluvert og einum lítið eitt. En einmitt úr þessum eina hreppi kom engin skýrsla; þar af leiddi, að lýsið var ekki tekið á verðlagsskrá. Hefði það komið á verðlagsskrána, hefði meðalalin orðið um 50 a., en af því það komst ekki, varð hún 71 eyrir. Þá var líka vaðmál tekið, en seinna árið var ekki vaðmál, en þá komu þrír hreppar

með lýsi, og varð meðalalin þá 40 a. Sé tekið meðaltal af báðum árunum, þá verður meðalalin 55½, sem að vísu var nokkuð hátt, en þó ekki alveg fjarri sanni. Menn verða að játa, að óáreiðanleiki verðlagsskránna stafar líka af öðru. Það er ekki heppilegt fyrirkomulag, að formaður skattanefndar, prestur og einn maður til semji verðlagsskrár, eins og ákveðið er eftir nýju lögunum. Til þess að verðlagsskrár verði sem næstar sanni, er undir því komið, að þeir, sem semja þær, séu óvilhallir, hafi hvorki hag né halla af því, hvað meðalalin er; en, eins og nú er, eru tveir af þeim, sem semja verðlagsskrár, gjaldendur, og einn gjaldtakandi, og er þá komið undir samkomulagi, að verðlagið sé sett sanngjarnt, en samkomulagið vill stundum verða stirt. Þannig kom það fyrir í Dalasýslu, að ekki var hægt að nota verðskýrslu, af því hún hafði ekki fengist undiskrifuð. Að ákveða meðalalin fyrir 2 ár finst mér ekki rétt, því að verðfall getur orðið svo mikið, að meðalalin nái engri átt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg verð að telja stefnu frumv. mjög varhugaverða, sem sé þá, að ákveða með endilegum lögum meðalalin og ýmsa verðaura, sem notaðir erum í ýms gjöld og ýms lögákveðin gjöld eru bundin við. Eg verð að telja það varhugaverða stefnu, sem leiðir út í enn verra ranglæti en það ástand, sem nú er.

Eg veit ekki, hvort hinni h. nefnd er það ljóst, að hún ætlast hér til, að gripið sé með valdboði inn í rétt einstakra manna, sem sumpart er bygður á lögum og sumpart á samningum. Eg efast um, að þingið hafi rétt til að gera þannig lagaðar ákvarðanir, því eg veit ekki betur en að stjórnarskráin verndi einstaklinginn gegn slíkum ákvæðum af hálfu löggjafarvaldsins. Hvað er verðlagsskrá? Hún er mælikvarði peningagildis. Eg get nú gjarnan verið samdóma h. nefnd um það, að þessi mælikvarði sé ef til vill bundinn við óheppilegan grundvöll, og að á verðlagsskrám standi ef til vill vörur, sem eru svo lítið keyptar og seldar, að þær geta ekki lengur talist markaðsvörur, og að nýjar vörur eru komnar upp, sem heldur ættu að standa á verðlagsskrá. Þessu get eg samsint. En á hinn bóginn er þó vel aðgætandi, að í verðlagsskránni eru allar helztu afurðir landsins, bæði sveita- og sjávarafurðir, og það verð, sem vörurnar hafa, þegar þær ganga kaupum og sölum, er í raun og veru sá rétti mælikvarði á gildi peninganna í landinu. Og að slá öðrum mælikvarða föstum með lögum, yrði enn þá óheppilegra.

Nefndin heldur, ef til vill, að hún hafi fundið hinn sanna mælikvarða, eins og nú er ástatt. Látum svo vera; en eg þori óhætt að fullyrða, að á næstu 40 árum verður engu minni breyting í þessum efnum en á síðustu 40 árum hefir orðið, og það væri gott fyrir nefndina að bera saman, hvernig vogarskálin stóð 1860—70.

Eg álít þetta því mjög varhugaverðan veg, ranglátan í sjálfu sér, og útlit fyrir, að hann verði öldungis ófullnægjandi í framtíðinni.

Tilefnið til, að frumv. þetta kemur fram, er óánægjan með samning verðlagsskránna, sem komið hefir víða fram. Og af hverju stafar þessi óánægja? Hún virðist stafa af því, að verðlagsskrárnefndirnar leysa ekki viðunanlega af hendi það verk, sem þeim er ætlað. Það er enginn vafi á því, að ef verðlagsskrár væru samdar af kunnugustu og beztu mönnum í hverju héraði, og það verk samvizkusamlega og hlutdrægnislaust af hendi leyst alstaðar, þá væri full trygging fyrir því, að

þær væru sá rétti mælikvarði fyrir afurðir landsins og gildi peninga. Eg skal taka það fram, að það er ekki að eins frá andstæðingum verðlagsskránna, að kvartanir heyrast um verðlagsskrárnefndirnar. Á þinginu 1897 barðist eg á móti því fyrirkomulagi, sem þá var innleitt, og spáði því, að það mundi reynast ver en að láta prestinn og hreppsstjórann semja verðlagsskrárnar hvorn um sig. Og þetta gæti eg sannað með skjallegum rökum, að rétt var álitið, því það hneyksli, sem komið hefir fyrir síðan, veit eg ekki til að hafi komið fyrir áður. Eg vil því slá því föstu, að ummæli mín 1897 voru á réttum rökum bygð. Reyndar ímynda eg mér, að þegar tímar líða fram, læri menn, einnig á þessu landi, að láta gjörðir sínar stjórnast af öðru en eiginhagsmuna von, og þá getur alt þetta lagast. En það þori eg að fullyrða, að það þarf meiri kunnugleik en eg og háttv. nefndarmenn hafa, til að geta breytt þessu efni svo vel fari; það þarf glögga þekking á vexti og myndbreytingum þessa máls um langan undanfarandi aldur, eigi þær breytingar, sem gjörð ar verða, ekki að verða til þess, að gera ástandið verra en það nú er. Breytingar þær, sem hér er farið er fram á af búnaðarnefndinni, yrðu ekki búnaðinum í hag og ekki til frambúðar; það yrði að eins til þess að vekja enn á ný stælur um málið, sem er alt of vandasamt til, að því verði ráðið til lykta með öðrum eins undirbúningi.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Jafnvel þó mér detti ekki í hug, að neita h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að hann sé manna skarpastur, verð eg að ætla, að hann hafi ekki hugsað þetta mál sérlega djúpt, og ræð eg það fyrst og fremst af því, að hann álítur það stjórnarskrárbrot, að framkvæma það, sem frumv. fer fram á, og í öðru lagi af því, að þingm. álítur ómögulegt, að slá föstu með lögum peningavirði ýmsra landlaura og meðal-alin.

Eg ætla mér ekki hér að færa full nægjandi rök fyrir því, að þetta sé rangt álitið, en eg vil að eins spyrja, hvort löggjafarvaldið sé vissulega skyldugt til, að leggja einstaklingunum þennan mælikvarða upp í hendurnar?

En ef að menn gæta að því, hver grundvöllur verðlagsskránna er, þá sést það fljótt, að það er betra, að eiga réttindi sín undir ákveðnum lagafyrirmælum en annari eins tilviljun.

Setjum svo, að hér væri klukka á veggnum, þar sem lesa mætti gildi allra helztu landaura, og meðal-alin í hverri sýslu landsins. Það væri auðvitað hentugt áhald, en ætti hún að líkjast verðlagsskránum, eins og þær eru nú, yrði hún að ganga hringlandi vitlaust. — Og það sem nefndin fer fram á, er einmitt spor í áttina burt frá þessum hringlanda, og get eg ekki séð, að löggjafarvaldinu sé á nokkurn hátt misbeitt með því.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) áleit, að verðlagsskrárnar væru mælikvarði peningaverðs; en eg vil spyrja h. þingm. og háttv. deild að því, hvort menn álíti, að peningaverðið í Dalasýslu hafi á árunum 1899—1901 fallið og stigið eins mikið og meðal-alin hefir stigið og fallið, það er úr 53 upp í 71, og svo niður aftur í 40 eða nálega um 40 %. En eg býst við, að niðurstaðan verði sú, að peningaverðið hafi eigi tekið svo miklum breytingum, heldur hafi önnur atvik haft hönd í bagga, eða með öðrum orðum: klukkan hefir gengið vitlaust.

Eg skal nefna eitt atriði, sem hefir

talsverða þýðingu. Við meðal-alin eru miðuð ýms gjöld, er hvíla á landbúnaðinum. En nú er það athugavert að meðal-alin er lægri í þeim héruðum, þar sem hærra verð er á fríðu. — A Norðurlandi er hærra verð á fríðu en á Suðurlandi, og afurðir af því meiri, t. d. ull, smjör og tólg. — Þrátt fyrir það eru gjöld þau, sem miðuð eru við meðal-alin, hærri á Suðurlandi en á Norðurlandi. Þetta sýnir, að verðlagsskrárverðið nær ekki tilgangi sínum. Annað dæmi er það, að tóvara er einn af þeim 6 gjörendum, sem mynda meðal-alin, og skinnavara annar. — Þessir 2 gjörendur ráða því að 1/3 upphæð flestra skatta og skyldna á landinu. En nú hafa þessar vörur hvorki fast verð né nokkra verulega þýðingu fyrir atvinnuvegi landsins eða eignir manna.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Við ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) vildi eg gjöra stutta athugasemd; hann hafði það mest á móti frumv. þessu, að honum þótti hér vera verið að valdbjóða verðlag, og að hér væri gripið inn í samningafrelsi manna. Eg skil ekki í því, hvernig h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) getur fundið þessum orðum sínum stað, því að hvað sem um ákvæði frumv. að öðru leyti kann að mega segja, þá er það fjarstæða að segja, að þau komi í bága við samningafrelsi manna. — Það er og fjarstæða, að halda því fram, að hér sé verið að lögfesta um langan aldur fast verðlag, og að setja það mjög fyrir sig, er ástæðulítið, því það er svo sem auðvitað, að þessi lög yrðu, eins og önnur lög, breytingum undirorpin, og þeim mundi líka sjálfsagt verða breytt að meira eða minna leyti, er það sýndi sig, að full ástæða væri til þess.

Annars vona eg, að h. þm. Dalam (Bj. B.) hafi með ræðu sinni tekist að sannfæra menn um, hve áreiðanlegur mælikvarði fyrir peningagildi verðlagsskrár eru, meðan þær eru samdar eftir þeim reglum, sem nú gilda. Hann kom með svo sannfærandi dæmi upp á það, hve nauðsynlegt er að breyta grundvelli þeirra.

Guðlaugur Guðmundsson: Það var gagnvart h. þm. S.-Þing. (P. J.), að eg vildi taka fram fáein orð. Hann sagði, að líkja mætti verðlagsskránni við klukku, sem gengi vitlaust. Það er öldungis rétt, að það má að vissu leyti líkja verðlagsskránni við klukku, sem að vísu er ekki smíðuð eftir nýjustu kunstarinnar reglum, en sem þó sýnir nokkurn veginn áreiðanlega tímanna rás; en ef óvita krakkar fara að fikta við hana, þá sýnir hún vitlaus eyktamörk. Það getur hæglega farið fyrir þeim, sem ætla að róta við grundvelli verðlagsskrárinnar, eins og krökkunum, sem fikta við gömlu klukkuna; þeir geta með káki sínu komið því til leiðar, að hún verði enn óáreiðanlegri verð- og gjaldmælir eftir en áður, og sannast að segja sýnir verðlagsskráin gamla, þótt hún sé ekki eftir nýjustu tízku, fult svo rétt eyktamörk, eins og hin ný-skapaða verðlagsskrá nefndarinnar.

Eg get ekki verið með því, að það geti verið til bóta, sem h. þm. S. Þing. (P. J.) skaut fram, að rétt gæti verið, að ákveða til tveggja ára í senn meðal-alin, að því er snertir skatta í landssjóð og ábúðar- og lausafjárskattinn; en lengra vil eg ekki fara.

Eg mun að vísu ekki berjast harðlega móti því, að málið gangi til 2. umr. og sé betur athugað; en að undanteknu þessa eina atriði, er eg nú nefndi, þá hygg eg, að það sé eigi fær vegur, sem háttv. nefnd hefir lagt út á. — Hér liggur ekki fyrir, að fara út í einstök atriði; en þó skal eg benda á það,

að meðal-alin h. nefndar mun hærri en samsvari meðal-verði síðustu 5—10 ára; að minsta kosti hefi eg athugað, að svo er í því umdæmi, sem eg er kunnugastur í

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Önnur umr., 8. ágúst (C bls. 325, br.till. 496).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, og komið er frá landbúnaðarnefndinni, sætti nokkurum mótmælum hér við 1. umr., eins og við er að búast, því hér er um nýmæli að ræða, sem þarf verulegrar athugunar við. Nefndin hefir síðan tekið frv. til ítarlegrar íhugunar á ný, og komist að þeirri niðurstöðu, að réttast væri, að fara ekki eins langt eins og hún hafði upphaflega hugsað sér, nefnilega að afnema verðlagsskrárnar með öllu. Hún hefir að vísu ekki komist að annari niðurstöðu um það, að verðlagsskrár séu óhæfilegur mælikvarði fyrir opinberum gjöldum til landssjóðs, prests og kirkju, og get eg í því efni skírskotað til þeirra ræða, sem við fluttum. frv. fluttum hér við 1. umr. um þetta atriði. En hins vegar er á það að líta, að verðlagsskrár hafi töluverða þýðingu að öðru leyti, — í 1. lagi af því, að í samningum manna á milli og allvíða eru hafðar landaurategundir; t. d. í afgjöldum jarða; þar munu sauðir oft goldnir eftir verðlagsskrá. Ef nú t. d. landsdrottinn býr fjarri leiguliða, getur orðið þræta um það, hvað gangverð sé, eða eftir hvoru gangverði fara skuli: í bygðarlagi landsdrottins eða leiguliða. Nefndin hefir því komið fram með brt. á þgskj. 347, að fella burtu 2. gr. og láta 3. gr. eingöngu ná til ákvæðisins um gildi meðalálnar, eða með öðrum orðum, setja fasta meðalalin samkv. 1. gr. — Eg vona, að menn séu orðnir máli þessu svo kunnugir, að þeir sjái og séu sannfærðir um, að þetta er réttarbót; og þó sporið sé hér ekki stigið til fulls, þá er eg sannfærður um, að þar að muni reka, og að verðlagsskrár muni tapa gildi sínu með tímanum. — Hins vegar skal eg játa, að verðlagsskrárnar hafa statistiskt gildi; það er óhætt að fullyrða, að í þeim felist mikill fróðleiksfjársjóður, og það er eitt með öðru, sem komið hefir nefndinni til að leggja til, að þær séu látnar haldast enn um sinn. Það er að eins þetta, sem vér viljum nema úr gildi: að þær séu undirstaða meðalálnar.

Eg skal ekki tala langt um þetta mál að svo komnu; hins vegar er eg reiðubúinn að veita þær skýringar, sem óskað verður eftir, þessu máli viðkomandi.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki greitt atkv. með þessu frv., og ætla með fám orðum að gera grein fyrir minni skoðun á þessu máli.

Nefndin hefir komið fram með br.till., sem gerir það að verkum, að mér skilst hún hafi vikið frá sinni upprunalegu stefnu. Það var meining nefndarinnar, að komast hjá því að verðlagsskrár væru samdar, af því að hún gerði svo mikið úr ónákvæmni í samning þeirra og þar af leiðandi óánægju, en eftir br.till. verður að setja verðlagsskrár eftir sem áður. Að því er snertir tillöguna um að setja eina fasta meðalalin fyrir land alt, þá get eg ekki felt mig við hana, sérstaklega í því formi, sem nefndin hefir valið henni. Ef ákveðið er, að hafa fasta meðal-alin, þá sé eg ekki neina sanngirni í því, að hafa hana mismunandi í hinum ýmsu héruðum; eins og nú er, verður meðalalin að miðast við það, að hún gefi til kynna verðlag að meðaltali í héraði hverju, og því eðlilegt, að hún sé mismunandi; en þegar hana skal lögákveða,

er engin sanngirni í því, að gera sumum héruðum hærri gjöld til landssjóðs en sumum. Hver er ástæðan til þess, að nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla borgi 8 aurum meira á hverja alin heldur en Rangárvalla og Skaftafellssýsla? Þó að meðalalin sé nú lægri í þeim síðarnefndu, þá finst mér ekkert réttlæti í því, að slá því föstu með lögum.

Auk þessa, þá mun afleiðingin af þessum mismun verða sú, að á hverju þingi koma fram áskoranir úr héruðunum, að hringla með meðalin, og verður hún þá á enn meira iði og enn meir undir tilviljun komin heldur en undir því núverandi fyrirkomulagi. — Enda má óhætt gera ráð fyrir því, að einstakir þingmenn og þingmannaefni brúki það til agitationar við kosningar, að færa niður gjöldin hjá kjósendum sínum (*Sigurður Sigurðsson*: Flest á nú að fara að nota!) Já, það var jafnvel brúkað sem meðmæli með þingmannsefni við síðustu kosningar að hann hafði haft áhrif á verðlagsskrá í héraði sínu, til hækkunar meðalálnar. Hversu miklu fremur mundi það þá ekki brúkað verða að vopni, ef þingmannsefni gæti lofað að styðja að niðurfærslu meðalálnar á þingi? Þetta gæti óbeinlínis leitt til þess að menn færu að kaupa atkvæði við kosningar.

Eg mun því fyrir mitt leyti verða á móti frv., að minsta kosti í því formi, sem það nú hefir. Eini vegurinn til þess að eg geti verið með því, að afnema meðalalin verðlagsskráar, er sá að ein og sama meðalalin sé lögákveðin um land alt; eg mundi að minsta kosti fremur vera með því en þessu, án þess eg þó segi, að það sé ástæða til að koma því fram að þessu sinni.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Mér finst h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa misskilið þetta mál nokkuð, og sé eg ekki, ef hann áttar sig á þeim misskilningi, að hann þurfi að vera á móti frv. Sízt af öllu er það rétt skilið hjá honum, að br.till. nefndarinnar feli í sér nokkura stefnubreyting í málinu. Eg þóttist taka það nokkurn veginn glöggt fram, að það væru tvenns konar verkefni, sem verðlagsskrárnar hefðu. Annað þeirra er það, að ákveða verð á einstökum vörum, landaurum, fyrir viðskifti manna á meðal. Því halda þær áfram. Hitt er, að verðlagsskrártaxtinn sé undirstaða meðalálnar, sem aftur er mælikvarði og undirstaða að gjöldum til landssjóðs, prests og kirkju. — Þetta síðara viljum vér afnema, af því að það er sýnt, að verðlagsskrárnar eru óhæfur grundvöllur, ekki svo mjög fyrir það, að verðlagið sé svo vitlaust hjá þeim, sem undirbúa verðlagsskrárnar, heldur af því, að þeir faktorar, sem hafðir eru til þess að ákveða meðalalin, eru í óhæfilegum hluttöllum samanbornir við þá atvinnuvegi, sem hér opinber gjöld hvíla á, og þar á ofan undir hending komið. Það þyrfti þá að búa til nýjan grundvöll, ef sanngjörn og rétt meðalalin ætti að komast á, og mundi þá meðalalin stórum breytast frá því meðaltali, sem hún hefir hatt langa hríð, og á þann hátt raskast sá grundvöllur, sem skattalöggjöfin var á sínum tíma bygð á.

Stigmunur meðalálna er í frumv. miðaður við reynslu tíu ára í hinum einstöku héruðum, en þó heldur dregin saman þannig, að hann komi nær meðaltali. Það sýnist ekki vera sanngjarnt að kippa meðalalin í sumum héruðum upp í meðaltal og öðrum ofan í; því að í huga sínum mundu allir hlutaðeigendur miða við þá meðalalin í framtíðinni, sem væntanlega yrði eftir hinu gamla fyrirkomulagi, þó það sé vitlaust.

Það er ekki líklegt, að lög þessi

þurfi að vara um aldur og æfi; það líður vonandi ekki langt um áður en skattar og gjöld verði bygð á öðrum grundvelli en nú er, og ákveðin í peningatali, og þá er þetta góður millivegur, sem ekki verður gerður með minna skakkafalli en hér verður.

Stefán Stefánsson (þm. Eyf.): Eg vildi að eins beina lítilli fyrirspurn til háttv. nefndar. Hún er sú, hver ástæða sé til að hækka svo mjög meðalalin í Eyjafjarðarsýslu. Eg get ekki séð, að orsökin til þessa sé önnur en sú, að nefndinni hefir mistalist í útreikningnum um $^{8}/_{10}$ eyris; gerir hún jafnaðartal meðalálnar í Eyjafjarðarsýslu um 10 undanfarin ár $48^{1}/_{10}$ eyris í stað $47^{3}/_{10}$. Þetta er ekki stórt fjárspursmál, en með því að afleiðingin verður sú, að Eyjafjarðarsýsla er sett í 2. flokk í frumv. nefndarinnar, með 50 a. meðalalin, þá þótti mér ekki rétt, að ganga fram hjá þessu.

Skúli Thoroddsen: Mér fanst ekki ræða háttv. framsm. (P. J.) réttlæta það, að landbúnaðarnefndin vill láta lögleiða mismunandi meðalalin. Hann tók það fram, og lagði mikla áherzlu á það, að tilefnið til þessarar tillögu nefndarinnar væri það, hversu grundvöllur sá, sem notaður væri við samning verðlagsskráa, væri skakkur og verðlagsskrárnar þess vegna vitlausar; en þar af, að grundvöllur sá og allir factorar, sem meðalalin er bygð á, eru skakkir, leiðir, að tacit hlýtur að verða ein stór vitleysa. Nefndin hefði þá heldur átt að aðhyllast það, að binda sig ekki við þessa vitleysu, og ákveða meðalalin eftir henni.

Háttv. þm. S. Þing. (P. J.) tók það líka fram, að auðvitað mætti breyta þessum meðalálnum með nýjum lögum. En á hverju á þá að byggja, þegar engar verðlagsskrár verða til? En það mun reynast valt, að byggja á sögusögn einstakra þingmanna um gangverð í kjördæmum þeirra. Þó verðlag sé hátt í einhverjum héraði nú sem stendur, getur það lækkað mjög mikið á skömmum tíma. En þá verða hlutaðeigandi héraðsbúar að sitja með hina háu meðalalin, þar til takast kann að færa ástæður fyrir, að henni ber að breyta. Eg verð því að halda því föstu, að það sé ekki rétt að svo stöddu, að gera þessa breytingu.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg skal fastlega játa, að grundvöllur sá, sem nefndin hafði að byggja sína meðalalin á, er eftir hennar eigin skoðun vitlaus, — að því leyti er meðalalin snertir; en það er einmitt sami grundvöllurinn, sem háttv. 1. þm. Ísf. (Sk.Th.) vill halda í framtíðinni. En grundvöllur sá, sem nefndin í raun og veru bygði á, er ekki nærri eins vitlaus, því að skekkja sú, sem er á eins árs meðalverði, felst, nivellerast við það, að meðaltal er tekið af 10 ára meðalverði. Í öðru lagi er tekið tillit til þess, sem er réttur grundvöllur meðalverðs, sem sé þeirra 2 flokka, sem mest á að taka tillit til af 6 flokkum, sem jöfnum höndum skapa meðalverðið, nfl. fríða flokksins og afurða hans, ullar, tólgar og smjörs.

Eg er þakklátur háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) fyrir, að hann hefir vakið umræður um þetta mál. Ef eg ekki get gert háttv. deildarm. þetta mál ljóst, þá er það af því, að eg er ekki nógu fær um að skýra það eins vel og mætti, en ekki af því, að það sé ekki rétt og fullhugsað af mér. Eg er búinn að hugsa þetta mál svo vel, að eg hefi ekki heyrt nokkra mótbáru móti því, sem raskað hefir sannfæringu minni um, að það sé réttarbót, sem hér er farið fram á.

Guðlaugur Gnðmundsson: Eg verð að lýsa yfir því, að eg er á sömu skoðun

og eg var við 1. umr. þessa frv., og get ekki séð, að hið minsta sé bætt úr skák með breyttill. á þgskj. 347. Hin háttv. nefnd sér ekki, að verðlagsskrár eru metaskálar, þar sem vegið er gildi landaura annars vegar og peninga hins vegar. Þessi gamla metaskál er öll af göflum gengin, orðin ryðguð og óhafandi. Þetta hefir nefndin fundið og svo viljað finna aðra nýja, sem væri áreiðanleg, óryðguð, o. s. frv., og þessa metaskál vill svo nefndin gjöra óhreyfanlega, óumbreytanlega, en af því sú nýja er gerð eftir hinni gömlu, þá verður hún auðvitað vitlaus líka; hún slær skekkjunni óbreytilega fastri. Eg get ekki annað en fundið hér mótsögn hjá hinni háttv. nefnd. Eg vona og veit, að hún athugar þetta betur. Því það er áreiðanlegt, að því lengur og því betur, sem nefndin hugsar málið, því ljósara og því skýrara hlýtur hún að sjá, að þetta er ófær vegur, á meðan á landbúnaðinum hvíla bein gjöld, sem ekki verða vegin á óhreyfanlegri verðlagsskrá. Það er lýðum ljóst, að verð landaura breytist árlega. Og hægra er að svara peningum í gjöld, þegar markaður er, en þegar hann vantar og afurðunum verður ekki breytt í peninga. Er það rétt, að láta verðlag vera jafnt, hvort sem landaurar eru í háu verði eða lágu?

Eins og nú er, bætir verðlagsskráin dálítið úr skák. En eg sé einn veg; hann vildi eg leyfa mér að benda hinni háttv. nefnd á. Vegurinn er einn, og hann er sá, að afnema alla beina peningaskatta, miðaða við landauragjöld, og að afnema alt verðlagsskrártyrirkomulag. En eg veit líka hitt, að hér er um slíkt vandamál að ræða, að því verður ekki ráðið til lykta á einu þingi.

Eg hefi ítarlega hugsað þetta mál um undanfarin ár, og komist að þeirri niðurstöðu, að þetta fyrirkomulag er svo fast gróið í viðskiftalífi manna, að því verður ekki haggað án þess, að gera rangt á annanhvorn bóginn, nema með því að afnema landauragjöld og verðlagsskrár. Frumv. fer fram á, að láta meðalalin halda sér, en alin í einstökum liðum mismunandi; þá þarf eins og áður var að setja verðlagsskrár árlega. Eg get því ekki greitt atkvæði mitt með breyttill. eða frv.

Mér sýnist það fara miklu betur eins og áður var, þegar prestur og hreppstjóri settu verðlagsskrár hvor út af fyrir sig. Nú fer ekki nærri því eins vel. Auk þess er afstaða prests óþægileg, ef í verðlagsskrárnefnd sitja menn, sem ekki eru nógu samvizkusamir. Þetta hefir komið fyrir síðari árin og dæmi eru til þess, að verðlagsskrá hefir komið fram, sem að eins hefir verið undirskrifuð af 2 mönnum; þetta veit eg að er satt, þótt það hafi ekki komið fram í mínu héraði. (*Pétur Jónsson*: Móti lögum!). Mikið rétt! En hvaða þvingunarmeðulum er unt að beita í slíku tilfelli?

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Gagnvart andmælendum frv. skal eg benda á, að það er að eins niðurlagið á verðlagsskránni: »Meðalverð á hverju hundraði og alin í fyrtöldum landaurum verður« — sem frumv. fellir burt. Hitt er óhreyft, og getur því eins og áður verið metaskál landauraverðs og peningaverðs, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) komst að orði. Það þarf ekki annað en líta á verðlagsskrárnar fyrir undantarin ár, til þess að sjá, að þar sem flokkarnir A. til F. eru dregnir saman til meðaltals, þá eru af þessum liðum nú oft ekki nema 3—4, sem koma til greina við útreikning meðalálnar. Það veldur glundroðanum. Annað, sem veldur andmælum mót frv., er, að þm. virðast ekki hafa veitt því eftirtekt, að nefndin hefir tekið tillit til

meðalverðlags á fríðu, ull, smjöri og tólg við útreikning hinnar fundnu meðalálnar; meðalverð á þessum landaurum sýnir, að jöfn meðalalin yfir land alt er ósanngjörn; skal þessa getið gagnvart háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), sem var óánægður yfir því, að meðalalin er í Eyjafjarðarsýslu lítið eitt hærra sett en 10 ára meðalverð allra meðalverða sýnir. Háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, að verðlag gæti breyzt alt í einu; eg neita því ekki, að svo geti að borið, en þá sést það af verðlagsskránum; og þá má auðvitað breyta meðalalin með lögum; en þetta fyrirkomulag girðir fyrir, að verðlag breytist af handahófi á hverju ári, úr t. d. 71 eyri eitt árið í 40 aura annað árið, eins og átt hefir sér stað. Hér getur því orðið bygt á miklu fastari grundvelli og sanngjarnari; og þar sem verðlagsskrá verður samin eftir sem áður árlega, sést, hvort sanngirni mælir með breytingu á lögunum eða ekki; en sýni það sig, að full ástæða sé til að breyta álnaverðinu, er sjálfsagt að það verður gert, en engin líkindi til að þess þurfi, nema að nokkuð margra ára fresti.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
H. Þorsteinsson,	Guðl. Guðmundsson,
Herm. Jónasson,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jósaf. Jónatansson,	Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	St. Stefánson, Eyf.,
Pétur Jónsson,	St. Stefánsson, Skf.,
Sig. Sigurðsson,	Tr. Gunnarsson,
Þ. Guðmundsson,	Valt. Guðmundsson.
Þ. Thoroddsen.	

Breyt.till. 347 1. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónasson,	B. Bjarnarson, Dal.,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jósafat Jónatanss.,	Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,	Lárus Bjarnason,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	S. Stefánsson, Eyf.,
Sigurður Sigurðss.,	Tr. Gunnarsson,
S. Stefánss., Skgt.,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 347, 2. samþ. með 12 atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Þriðja umr., 12. ágúst (C bls. 543, 547).

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Við þetta frumv. er komin breyt.till. um, að í staðinn fyrir að hafa verðlagsmeðalalin í flokkum eftir héruðum, þá að hafa fasta meðalalin um land alt, 50 aura. Breyt.till. þessi er á þgskj. 384.

Við sem höfum átt þátt í þessu frv., höfum athugað þetta spursmál mjög vandlega. Eg fyrir mitt leyti hafði hugsað mér í fyrstunni, að reyndar væri einfaldast og réttast að hafa eina meðalalin um land alt; en eftir því sem eg hugsa málið betur, þá finst mér að það mundi fyrst og fremst verða óvinsælt, og mælast illa fyrir. Í öðru lagi finst mér, að einstakir tekjutakendur mundu líka mótmæla því sem ranglátu; það er sem sé líklegt að prestar og kirkjueigendur mundu miða sínar réttmætu kröfur við það, sem verðlagið mundi hafa orðið í framtíðinni hér um bil í því og því héraði, eftir sama fyrirkomulagi eins og hefir verið á útreikningi meðalálna um lang-

an aldur. Þess vegna tók nefndin einmitt meðalalina sem aðalgrundvöll, þó hún færi að nokkru leyti eftir öðrum grundvelli, eins og áður er bent á. Eg vil því heldur leggja til að þessi breyt till. verði ekki samþykt, vegna þess, að eg hygg, að það ríði málinu að fullu; því eg get búist við, að einstakir flutnm. þessa frumv. vilji ekki ganga fram á þeim grundvelli, sem breyt.till. fer fram á, og eg gjöri þess vegna ráð fyrir, að málið strandi á því, ef menn halda þessu fram af kappi. Eg vona að málið gangi svo fram, að það komist til háttv. Ed., svo að það geti að minsta kosti fengið meðferð í báðum deildum. Það eru í Ed. menn, sem hafa áhuga á þessu máli, og mundu athuga það betur, ef til vill enn betur en við höfum gjört; og málið er æðimikils virði, hvort sem maður skoðar það sem millibilsástand eða frambúðarástand. Eg skoða það sem millibilsástand þangað til gjöldunum verður slegið föstum eftir krónum og aura tali. Eg vona því, að það verði ekki miklar málalengingar um þetta mál, og að ekki verði lagðar fyrir það neinar hindranir.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf: Eins og eg gat um við 2. umr. þessa máls, þá get eg ekki verið á það sáttur, að fallast á þetta frumv., jafnvel þó eg léti það í ljósi, að eg hefði viljað hafa fastan taxta. Það er gagnvart Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarbæ, sem eg skil ekki, hvernig þessi taxti er reiknaður. Eyjafjarðarsýsla er höfð í sama flokki og Vestmanneyjasýsla, sem hefir hærri meðalalin; sama er um Arnes- og Húnavatnssýslu; allar þessar sýslur hafa hærri taxa. Vestmanneyjasýsla hefir meðalalin 49.[2], Arnessýsla 54, Húnavatnssýsla 51.[1], Skagafjarðarsýsla 50.[2], Þingeyjarsýslur 48.[7]; en Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarbær 47.[3], og Vestur-Skaftafellssýsla, sem er í 1. flokki, hefir nákvæmlega sama meðaltal meðalálnar um 10 ár undanfarin: 47.[8]. Eg get þess vegna ekki séð, hvers vegna Eyjafjarðarsýsla er sett upp í 50 aura meðalalin, þar sem hún hefir haft öld ungis sama taxta og sýslurnar í 1. flokki, t. a. m. Vestur-Skaftafellssýsla. Að fara nú að hækka meðalalin í kjördæmi mínu um tæpa 3 aura, álít eg enga ástæðu til, þar sem meðalálnir hinna annara sýslufélaga eru hækkaðar að eins svo, að alinin standi á heilum eyri. Það er þess vegna, sem eg get ekki gefið þessu frumv. mitt atkvæði.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg vona h. 2. þm. Eyf. (St. S.) átti sig á því, að þegar maður lítur á sýslurnar á Norðurlandi, sem eru í jöfnum flokki eftir frumv. okkar, þá muni það ekki í sjálfu sér vera ósanngjarnt, að t. d. Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýsla og Skagafjarðarsýsla sé í sama flokki, og sömuleiðis Húnavatnssýsla. En þar sem hann miðaði eingöngu við meðalalinina, þá hefir hann ekki gáð að því, að grundvöllur sá, sem nefndin byggir á, er ekki einungis meðalalin, heldur einnig meðaltal af alin í fríðu, ull, tólg og smjöri, og hafði hið síðartalda þriðjungsáhrif. Í þeim flokkum er meðaltalsalin í Eyjafjarðarsýslu 58 aurar; í Vestmanneyjasýslu hefir hún verið nokkuru lægri, 55 aurar, og í Arnessýslu lítið eitt lægri líka, 56 aurar. Ennfremur var þetta fyrir þá sök, að við vildum hafa flokkana sem fæsta; en samt hafði nefndin ekki gert það að kappsmáli, að hafa flokkana 10, svo eigi væri nema 1 eyris munur á milli hvers; þá hefði Eyjafjarðarsýsla getað lækkað um 1 eyri. Þar sem þm. kveður meðalalin í Eyjafjarðarsýslu vera 47 aura, þá skil eg ekki, að það sé rétt; að minsta kosti hefir nefndin bygt á

48 aurum, sem er nærri eins og í Þingeyjarsýslu. (*Stefán Stefánsson* þm. Eyf.: Það er ekki rétt). Hún hefir bygt á þeim, og ef það ekki er rétt, þá er það fyrir misgáning hjá nefndinni. Mér virðist h. þm. Eyf. (St. S.) heldur hefði átt að koma með breyttill. við frumv., heldur en að láta það stranda á sínu eigin kjördæmi eða því, að hans kjósendur eigi að hafa helzt til háan taxta. Það láðist mér einmitt, að athuga þetta, fyrir því, að það hafa eins og menn vita verið ýmislegar annir við fjárlögin síðan 2. umr. fór fram, og mér láðist, að ráðfæra mig um þetta við h. þm., og þess vegna hefi eg ekki talað um það í búnaðarmálanefndinni, sem heldur ekki hefir haft fund síðan, hvort hún vildi ganga að breyttill. í þá átt, að lækka Eyjafjarðarsýslu. Mér finst það óheppilegt, ef þetta verður málinu að falli.

Þórður Guðmundsson: Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessu máli, og hefði þagað, hefði ekki ein brtt., sú á þgskj. 384, komið mér til að standa upp og tala fáein orð um þetta mál. Eg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að landbúnaðarnefndin hafi unnið hér mjög þarft verk, til þess að bæta úr þeim göllum, sem eru á undirbúningi verðlagsskráa. Enda sést það á því, að málið hefir verið hér til meðferðar á mörgum undanfarandi þingum.

Brt. fer fram á, að eitt meðalverð allra meðalverða verði lögleitt um land alt. Eg get ekki skilið, hvernig flutningsmenn tillögunnar geta rökstutt hana, því að mér er óhætt að fullyrða, að þetta mundi verða óvinsælt, og eg fyrir mitt leyti álít það hreint og beint rangt og óréttlátt. Ef afurðir bænda væru í sama verði um land alt, væri þetta ákvæði rétt og mjög æskilegt, en það er óhætt að segja það, að afurðir penings, sem metinn er til verðlagsskrár, eru eins margvíslegar og sýslurnar eru margar. Nefndin hefir að mínu áliti farið rétt í að ákveða flokkana eins og gert er á þgskj. 379, þó eg vitanlega játi, að það hefði verið réttlátara og heppilegra, að hafa flokkana fleiri. Frumv. hefir sætt nokkurum andmælum, frá h. þm. Eyf. (St. S.) og h. þm. V.-Sk. (G. G.). Eg skil nú ekki, hvernig sá h. þm. getur andmælt frumv.; eftir þeirri reynslu sem hann hefir haft síðan hann kom í það sýslufélag, sem hann nú stýrir, þá held eg að hann ætti að vera orðinn sannfærður um það, að það bíður engan halla. Eg verð að taka það fram hér, að það mun enginn hér í þessari h. deild hafa fengist við undirbúning verðlagsskráa lengur heldur en eg; eg hefi fengist við það nú í nærfelt 30 ár sem hreppstjóri, og get eg sagt það með sanni, að það hlutfall, sem hér er sett fyrir mitt kjördæmi, er mjög nærri sanni; meðalalin hefir í þennan tíma verið minst 41 e. og mest 50 a., að undanteknu einu ári, þegar hún komst upp í 64 a. fyrir ógát og ókunnugleik sumra af þeim, sem við undirbúning verðlagsskrárinnar fengust. En mér er óhætt að fullyrða, að skekkjan hefir orðið óviljandi. Hlutfallið hefir því hitt rétt á Rangárvallasýslu. Eg skil ekki, hvað menn óttast hér, því hér er ekkert að óttast, nema ef vera skyldi það, að einn af þeim flokkum eða jafnvel fleiri tæki þeirri verðhækkun eða verðlækkun á skömmum tíma, að meðalverð yrði ósanngjarnt. En eg þekki ekki, að slík verðhækkun eða verðlækkun geti komið fyrir. Sauðfénaður væri sá eini flokkur, sem slíkt gæti átt sér stað um með því einu móti, að útflutningur á því hæfist að nýju, og verðið þar af leiðandi hækkaði, og vildi eg óska þess

hjartanlega, að útflutningur tækist að nýju, og mundi þá alt landið hafa gott af því.

Ef eg vildi tefja tímann með því, þá gæti eg fært sönnur móti því, að setja eina meðalalin um land alt, en eg álít þess alls ekki þurfa. — Eg skal að lokum taka það fram, að eg greiði þessu frumv. atkvæði mitt, ekki af því, að eg álíti það svo sérstaklega mikið nauðsynjamál, heldur af því að það er spor í rétta átt, því að eg er sannfærður um það, að eftir fá ár verði verðlagsskrár úr gildi numdar og afteknar með öllu.

Skúli Thoroddsen: Eg var í vafa um, hvort eg ætti að standa upp til að tala viðvíkjandi brtt. minni og nokkurra annara h. þm. á þskj. 384, þar sem eg þóttist gera ítarlega grein fyrir henni við 2. umr. — Það er leitt, að landbúnaðarnefndin skuli ekki geta fallist á hana, því að eg fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að verði hún feld, sé eg mig knúðan til að greiða atkvæði móti frumv. — H. þm. Rangv. (Þ. G.) tók það sérstaklega fram, að sér þætti ekkert réttlæti í því, að slá einni meðalalin fastri fyrir land alt. Hann færði enga ástæðu fyrir því, að þetta væri ranglátt, en aftur á móti virtist hann tilfæra dæmi, sem sýndi, að það er ranglátt að slá föstu meðalverði á þann hátt, sem frumv. nefndarinnar gerir. Meðalalin í Rangárvallasýslu er eftir frumv. 47 a., en þm. upplýsti, að það hefði borið við, að hún hefði komist upp í 64 a. En þegar maður veit, að meðalalin getur breyzt frá 47 a. upp í 64 a., er þá nokkurt vit í því, að slá því föstu, að meðalalin skuli jafnan vera 47 a.? Eg get skilið að h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) geti fallist á þetta frá sínu sjónarmiði, — til þess, að hlífa gjaldendum í sínu kjördæmi, en það dylst honum fráleitt, að sanngirni og réttlæti er þó á móti því.

Ætti maður yfir höfuð að ákveða meðalalin með lögum, væri það réttast, að sama meðalalin gengi yfir land alt. Enda játaði nefndin, að sá grundvöllur, sem hún hafði bygt á, væri óglöggur, væri vitleysa, eins og komist var að orði hér í deildinni við síðasta umræðu málsins. Gagnvart h. þm. Rangv. (Þ. G.) skal eg taka það fram, að eg álít, að það mundi alls ekki verða óvinsælt, að hafa sömu meðalalin um alt land, en það mundi mælast mjög svo illa fyrir, ef þeirri meðalalin væri slegið fastri, sem frumv. fer fram á. Það er ekki nema eðlilegt, þegar t. d. Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla eiga að hafa 8 aurum hærri meðalalin en t. d. Rangárvalla- og Skaftafellssýsla, að menn verði óánægðir með það. Eg get ekki neitað því, að sú regla, sem nú er í lögum, að ákveða meðalalin eftir gangverði, sé sá sanngjarnasti og réttasti mælikvarði, sem hægt er að fá. — Það, sem líka gerir það ísjárvert, að lögbinda meðalalin, er það, hversu erfitt er að fá henni breytt, þar sem eini vegurinn til að fá henni breytt er, að gera það með nýjum lögum, en vér vitum það, að gangverð er mjög breytilegt í héruðum ár frá ári og þarf eg ekki annað en minna á fiskverðið, sem, eins og öllum er kunnugt, hefir leikið á 40 og það upp í 60--70 kr. á síðari árum.

Eg álít annars, að landbúnaðarnefndin hefði átt að brúka tímann til annars þarfara heldur en þessarar vitleysu. Það er merkilegt, að þegar alstaðar er kvartað um, að landbúnaðurinn sé í voða, og þingið setur nefnd til að ráða fram úr þessum vandræðum, þá skuli nefndinni ekki hugkvæmast annað en að fara að grauta í gömlum verðlags-

skrám, og setja svo saman aðra eins ómynd, eins og þetta frumv. er.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Mér dettur ekki í hug, að svara h. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.). Nefnd sú, sem hann var að hallmæla, hefir, vona eg, svo gott álit hér í deildinni, að last hans hrín ekki á henni. Hlutverk nefndarinnar hefir verið mikið í því fólgið, að vinna saman við aðrar nefndir Hún hefði unnið meira, hefði hún getað bygt á, að nóg fé eða meira fé en um er að gera hefði verið fyrir hendi landbúnaðinum til eflingar. — Eg verð því, að bera það af henni, að hún hafi ekki hugsað um annað en grúska í gömlum verðlagsskrám. Verðlagsskrár eru í sjálfu sér fróðlegar; þó að meðal-alin sé vitlaus, má margt af þeim læra, t. d. sýna þær, að meðal alin í Ísafjarðarsýslu hefir alt af verið fremur lág í samanburði við það, að hvergi er eins hátt verð á sauðfé og landbúnaðarafurðum eins og þar. Meðal-alin er þar 55 aur. 10 síðustu árin, 3 aurum lægri en þar sem hún er hæst, en aftur á móti er meðal-alin í fríðu til jafnaðar í síðustu 10 ár 67 aurar að meðaltali, og er hún hærri en alstaðar annarsstaðar. — Þetta gerði það, að okkur þótti rétt, að hafa meðal alin þar svo háa, með því að vér látum fríða flokkinn ráða nokkru, eins og líka er lang-eðlilegast

Eg vona því, að Ísafjarðarsýsla verði sízt óánægð með sína meðal-alin, vegna þess, að hún er á sanngirni bygð.

Þórður Guðmundsson: Eg skildi ekki vel röksemdafærslu h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hann var að rökstyðja það, að sanngjarnt væri, að hafa eina meðal alin um land alt, en eg álít, að honum hafi tekist margt betur, sem von er, því það er ekki gaman, að verja rangan málstað. — Hvernig má t. a. m sama meðal-alin gilda í þeim sýslum, þar sem ærin er 7—8 krón. og í þeim sýslum, þar sem hún er 12—14 kr. og upp í 15 kr., og allur sauðfénaður þar eftir? T. d. hvernig álítur h. 1. þm. Isf. (Sk. Th.) að féð í Eyjafjallasveit, sem mun hafa verið með rýrasta fé hér á landi, geti jafnast til verðlags á við féð í upphreppum Arnessýslu, t. d. Þingvallasveit, að eg ekki tali um Isafjarðarsýslu, þar sem viðurkent er, að sauðfé eins og allur annar búpeningur gefi af sér mestan arð?

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 384 feld með 14 : 5 atkv.

Frumv. í heild sinni samþykt með 12 : 10 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundsson,
Hermann Jónasson,	B. Bjarnarson, Dal.,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jósafat Jónatanss.,	Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	St. Stefánsson, Eyf.
Sigurður Sigurðsson,	Tr. Gunnarsson,
St. Stefánsson, Skf.,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þ. J. Thoroddsen.	

Málið síðan afgreitt til Ed.

Vörumerkjalög.

FRUMVARP til vörumerkjalaga (C bls. 265); 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Frumv. þetta fer fram á, að sá er vill hafa sérstakt merki á vöru sinni, til að geta aðgreint hana frá vörum annara, geti látið innfæra það á vörumerkjaskrá, og þennan sama rétt veitir frumvarpið Búnaðarfélagi landsins, þótt það reki eigi sjálft verzlun né sé

framleiðandi vöru, og sé vara sú, sem um er að ræða að eins framleidd undir umsjá þess.

Hingað til hefir ekki þótt brýn nauðsyn, að koma fram með lög slík sem þessi, en tímarnir hafa þegar breyzt svo, að úr þessu má telja þau bráðnauðsynleg. — Einkum verður tilfinnanleg þörf þeirra nú, er farið er að flytja smjör til útlanda frá ýmsum smjörgjörða-félögum. Það eru annars fleiri vörur, sem til má nefna, er gagnlegt væri að hafa á vörumerki, svo sem fiskur í umbúðum, ull, tóvara og fleira.

Það er nauðsynlegt fyrir þann, sem vörurnar flytur út, að hann geti aðgreint þær frá vörum annara útflytjanda; vörumerkin eru og nauðsynleg fyrir hinn útlenda kaupanda; þau gera honum hægra fyrir með, að aðgreina vöruna, og borga hana eftir gæðum, eftir því, sem vörumerkin gefa tilefni til

Vörumerkið er trygging fyrir þann, sem framleiðir góðar vörur, og tryggir honum góðan og ábyggilegan markað. Og þá tryggingu er ekki hægt að fá án vörumerkja-verndar.

Reynslan sýnir, að eitt merki af ef til vill mörgum fyrir sömu vörugrein nær mestri útbreiðslu og beztu áliti hjá kaupendunum. — Þetta verður til þess, að hvetja aðra, er aftur úr dragast, til að vanda vörur sínar, svo þeir geti einnig orðið hins hærra verðs njótandi. Vörumerkin má telja undirstöðu vöruvöndunar, og engin vanþörf er á, að knýja oss Íslendinga til, að leggja stund á hana.

Allar þjóðir, sem eg þekki til, hafa sín vörumerkjalög og sín vörumerki, og það eitt ætti að vera oss bending þess, að vert sé, að minsta kosti, að íhuga það, hvort eigi sé rétt, að fylgja dæmi þeirra í þessu.

Eg skal þegar taka það fram, að ein grein frumv. er eigi svo ljóslega orðuð sem skyldi, og þarf því leiðréttingar við.

Eg vona, að háttv. deild sýni málinu þá velvild, að samþykkja, að nefnd sé skipuð, til að íhuga það. — Finn eg svo eigi ástæðu til, að fara um það fleiri orðum að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg legg til, að þriggja manna nefnd sé skipuð í málið.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ.

Kosnir í nefndina:

Við fyrri kosning

Björn Kristjánsson með ≥0 atkv.

Við endurkosning:

Guðlaugur Guðmundsson með 12 atkv.

Skúli Thoroddsen — 11 —

Fyrstu umr. frestað.

Verðmerki og vöruseðlar.

FRUMVARP til laga um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum (C bls. 354); 1. umr., 30. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eitt af blómunum í vendi hins íslenzka verzlunar-ólags er það, að ýmsir kaupmenn eru nú farnir að taka sér vald til peningasláttu og seðlaútgáfuréttar. Í ýmsum héruðum ganga manna á milli sem gjaldeyrir peningar, sem eru mjög áþekkir almennum peningum, nema í því, að efni þeirra er einskisvert, og gildi þeirra takmarkað við vörur frá sérstakri verzlun. — Kaupmenn segja, að þetta sé til að spara reikningshald og gera mönnum hægra fyrir; en það er auðsætt, að þeir gera það ekki til þess eingöngu, heldur að minsta kosti jafnframt til þess, að spara sér peninga og binda menn við verzlanir þeirra,

og tryggja sér afsetning á upp·krúfuðum vörum. — Eg veit ekki, hvað víða á landinu þetta viðgengst, en það þekkist bæði hér í Reykjavík, fyrir austan og fyrir vestan. — Af þess konar »peningum« standa mér mest fyrir hugskotssjónum hinir svonefndu »hlunkar«, sem gefnir eru út af verzluninni á Bíldudal. Þeir eru úr málmi sem aðrir peningar, og bera nafn og yfirskrift »kaupmannsins« öðru megin, en hinu megin einkunnarorð hinnar íslenzku verzlunar: »Gegn vörum«. Þeir gilda frá 5 aurum og alt upp í 5 krónur, og eru hafðir til að borga þeim, sem verzlunin á eitthvað að lúka fyrir erfiði, innlagðar vörur o. s. frv., og það hefir jafnvel heyrst, að þeir séu »gefnir til baka« í búðinni, þótt fyrir peninga sé keypt, ef að skifta þarf. — Annað fæst ekki. En jafnframt er sagt, að verzlunin taki ekki »hlunka« sína gilda til skuldalúkningar nema með 10% afföllum. — Hvað satt er í þessu síðasta veit eg ekki, en það er víst, að í nándinni sjást ekki aðrir peningar. Þetta er til mjög mikils baga, því ef menn þurfa að eiga viðskifti við menn í öðrum sveitum, sem ekki eru á klafa verzlunarinnar, þá geta þeir annaðhvort ekki borgað þeim eða verða að láta verðmerkin með stóraföllum. — Það er því stórtap, sem menn geta orðið fyrir, ef þeir hafa mikið af þessum »peningum«, auk þess taps, sem af því leiðir, að verða fastbundinn við eina vissa verzlun.

Við slíkt fyrirkomulag er margt að athuga frá hálfu þess opinbera. Fyrst er það, að þessi verðmerki hafa ekki neitt fast gildi, sökum þess, að kaupmaðurinn einn ræður verðinu á vörunni, og getur sett það eins hátt og hann vill, og þar með gefið eins lítið og hann vill fyrir verðmerkin. — Í öðru lagi er það, að ef seðill eða »peningur« týnist — og slíkt skeður oft á sæ — þá er það beinn ágóði fyrir kaupmanninn. — Að fleygja slíkum »hlunk« eða missa hann á einhvern hátt, er sama sem að gefa kaupmanninum tilsvarandi vörumagn.

Það liggur í augum uppi, að þetta fyrirkomulag á ekki að eiga sér stað. Á þennan hátt kemst kaupmaðurinn undan lögmætum skuldbindingum og viðskiftamenn missa á ólöglegan hátt tilkall, sem þeir annars hefðu haft. — Einstakir menn eiga ekki að hafa ágóða af óhöppum annara. Að eins hið opinbera getur haft og veitt þann rétt, að græða á peningasláttu og seðlaútgáfu.

Í þriðja lagi er engin vissa fyrir, að kaupmenn þeir, er slíka aðferð kynnu að nota eftirleiðis, geti leyst inn þessa »peninga« sína; þeir geta verið komnir á höfuðið áður en handhafi hefir tækifæri til, að taka vörur út á þá. — Það er vel hugsanlegt, að féglæframaður noti þetta til að véla vörur út úr fólki, og hafi svo engar vörur þegar til kemur, að innleysa verðmerkin með.

Auk þess getur verið mikið spursmál um, hvort þetta kemur ekki í bága við gildandi lög, nefnilega lögin frá 9. ágúst 1889 um bann gegn eftirstæling peninga og peningaseðla, þótt aldrei hafi verið gerð gangskör að því, að hamla þessu.

Eg vona því, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í deildinni. — Það getur vel verið, að frumv. sé ekki eins vel orðað og skyldi, en það má laga með breyt.till. við aðra umr.

ATKV.GR: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umræða, 7. ágúst (C bls. 354).

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Við 1. umr. þessa frumv. skyrði eg frá því, hvernig á því stæði, að það hefði komið fram, og finn eg því ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Viðvíkjandi hinum einstöku ákvæðum frumv. skal eg taka fram, að þó ástæða sé til að banna alment vörumerki, þá hefi eg ekki fundið ástæðu til, að bannað væri að bakarar mættu hafa brauðseðla, eins og venja befir verið til, enda virðist það fyrirkomulag handhægt. I 2. gr. er það millibilsákvæði, að þau verðmerki og þeir vöruseðlar, sem ganga nú manna á milli, sé innleystir fyrir 1. júlí 1902, en hafi merkin ekki verið innleyst fyrir þann tíma, skuli útgefendur þeirra vera skyldir til að borga andvirði þeirra í peningum. Að sönnu getur verið, að einstakir menn geti notað sér þetta ákvæði þannig, að þeir kaupi upp verðmerki þessi og vöruseðla og selji þau ekki fram fyr en eftir 1. júlí 1902, og að útgefendur merkjanna á þann hátt verði að standa skil á nokkuru meira, en þeir ætluðust til, þegar þeir létu þau úti. En við því verður ekki gert, enda verður ekki séð, að það sé á neinn hátt harðara en hitt, sem viðskiftamenn og vinnumenn þessara merkjaútgefenda hafa orðið að þola, að hlíta því verði, sem útgefendur hafa sett á merkin, hversu afskaplegt verð sem sett hefir verið á þær vörur, er fengist hafa gegn merkjunum, að eg ekki tali um það bragð, sem sumir útgefendur vörumerkja hafa leyft sér, að innkalla þennan gjaldmiðil fyrir tiltekinn tíma, að viðlögðum réttindamissi! Sú »poenal«-verkun, sem ákvæði greinarinnar gætu í sér fólgið, er því réttlát og nauðsynleg, enda stappar mjög nærri því, að útgáfa þessara merkja sé brot gegn ákvæðum laganna frá 9. ágúst 1889, um bann gegn eftirstæling peninga og peningaseðla, og það er mjög vafasamt, hvort það ekki á annan hátt kemur í bága við anda gildandi laga, að borga mönnum í slíkum gjaldeyri sem þessum, þegar samið er um krónutal.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 20 samhlj. atkv.

2. og 3. gr. frumv. samþykt með 19 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhljóða atkvæðum.

Þriðja umr., 9. ágúst (C bls. 354).

ATKVGR.: Frumv. samþ. í heild sinni með 16 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Vaxtaforgangsréttur veðhafa.

FRUMVARP til laga um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum; 1. umr. (C bls. 154), 4. júlí.

Björn Kristjánsson: Eg get ekki verið á þeirri skoðun, að frumv. það, sem hér liggur fyrir, sé réttarbót. Í lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar er bannað, að taka lögtaki höfuðstól eða vexti af fasteignarlánum, nema svo sé tilskilið í veðbréfinu; en nú er víst flestum það eins kunnugt og mér, að mörgum getur yfirsést að áskilja sér þennan rétt, og það því fremur, sem fæstir ná til lögfræðings, til að aðstoða sig við samning slíkra veðbréfa. Hér verður því að fara hina venjulega leið að leita til dómstólanna, en þá getur vel farið svo, að þeir missi 3—4 ára vexti, ef þetta frumv. verður að lögum, ef þeir eiga við skuldunaut, sem er þrályndur og notar sér áfrýjunarrétt sinn út í yztu æsar. Að minsta kosti

vildi eg ekki láta þessi lög ná til annara lána en lögin frá 16. desember 1885 ná til. En jafnvel þótt svo væri, þá verð eg að álíta lögin óhagstæð, því þau hefðu það í för með sér, að landsbankinn og allar aðrar opinberar lánsstofnanir yrðu neyddar til, að láta selja veðið strax og eins árs rentur væru áfallnar, en það verð eg að telja misfarið, því það getur oft verið vegna misæris miklu hægra að ná inn tveggja ára rentu eitt árið en eins árs annað ár. Eg verð því að leggja það til, að fella frumv.

Landshöfðingi: Eg held, að mótmæli h. 2. þm. G. og K. (B. K.) gegn frumv. þessu séu að mestu leyti sprottin af misskilningi á ákvæðum þess. Það dæmi, sem hinn h. þm. tók, að veðhafandi hafi neyðst til að reka réttar síns með málssókn og vextir falli á meðan á málssókninni stendur, getur ekki átt við hér. Í frumv. stendur, að ef vextir af skuld, sem fasteignarveð er fyrir, eru látnir standa inni hjá skuldunaut, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsrétturinn, en það held eg verði eigi sagt um þann mann, sem höfðað hefir mál til að fá vextina borgaða, að hann láti þá standa inni hjá skuldunaut. Það getur enginn vafi leikið á um þá vexti, sem falla meðan á málinu stendur; til þeirra nær ekki þetta frumv., því þeir eru ekki látnir standa inni hjá skuldunaut.

Hin önnur ástæða þingm. móti frv. var það, að það neyddi veðhafa til að selja veðið til þess að halda tryggingunni fyrir vöxtunum. En hér er ekki um neina skyndisölu að ræða, því skuldunaut er gefinn heils árs frestur með borgunina, og á hinn bóginn er það alls ekki rétt, að 1. veðhafi megi hafa það í hendi sér, að spilla og rýra 2. og 3. veðrétt með því að láta skuldunaut safna fleiri árs vöxtum óborguðum af láni með 1. veðrétti.

Það sem vakti fyrir stjórninni, þegar hún samdi þetta frumv., var það, að tryggja rétt þeirra lánardrotna, sem hafa síðari veðrétt í fasteign, gegn óskilsemi skuldunauts og hirðuleysi 1. veðhafa að ganga eftir vöxtum af skuld sinn. Eg fæ heldur ekki séð, að þeir skuldunautar eigi neina sérstaka hlíf skilið, sem ekki standa í skilum með vaxtaborgun, sérstaklega þar sem veittur er heils árs frestur; að minsta kosti er engin ástæða fyrir lögin að sýna hlíf, þegar svo er ástatt.

Eg held frumv. verði einmitt til góðs og muni gera mikið gagn, og eg vona, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 6. júlí (C bls. 154, brt. bls. 185).

Björn Kristjánsson: Af því að eg er viðriðinn breyttill. á þgskj. 38, þá skal eg leyfa mér að tala fáein orð.

Eg tók það fram við 1. umr. málsins, hve örðugt þetta frumv. gerði þeim mönnum fyrir, sem ættu veð í fasteignum, en hefðu ekki rétt til að selja veðið án undanfarandi dóms eða sátta, að það neyddi þá til að takast á hendur langar ferðir til að ná inn vöxtum af skuldum sínum. Reynslan hefir orðið sú hér á landi fyrir þeim, sem hafa þurft að innheimta skuldir, að þeir hafa þurft að bíða eitt eða fleiri ár eftir því tækifæri, að málsfærslumaður hefði eitt eða fleiri önnur erindi í það bygðarlag, þar sem skuldunautur er, og sem samrýmanleg væru við innheimtuna. Þessi dráttur orsakast af því, að það er svo gífurlega dýrt, að senda menn gagngjört til að innheimta ef til vill litlar upphæðir, ef ekki ber svo

vel undir, að hægt sé að sameina það við annað erindi, og auk þess kemur til athugunar, að málskostnaður fæst aldrei borgaður eins og hann hefir verið í raun og veru, heldur að eins örlítið brot af honum.

Annað atriði, sem eg vildi benda á, er það, að bankinn heimtar vextina borgaða fyrirfram, og verði frumv. þetta samþykt óbreytt, þá knýr það bankann til að taka vextina fjárnámi síðasta daginn í lánsárinu, eða með öðrum orðum, sama daginn og vextir annara sjóða falla í gjalddaga. Bankinn er neyddur til að gera þetta, því annars missir hann tryggínguna fyrir síðari vöxtum.

Þótt nú háttv. þingd. ekki vilji fallast á, að fyrra atriðið sé næg ástæða til að breyta frumv., þá vona eg hún viðurkenni það, að það er óskyggilegt, að samþykkja frumv., sem knýr bankann til að taka fjárnámi vexti af fasteignarlánum sama dag og vextir af lánum annara sjóða falla í gjalddaga, og sama daginn og vextir bankans ætti að réttu lagi að falla í gjalddaga.

Þótt þetta fyrirkomulag sé hentugt og eigi vel við erlendis, þá er ekki með því fengin nein sönnun fyrir því, að það sé einnig hagkvæmt hér, þar sem alt öðru vísi hagar til og allar samgöngur svo miklu örðugri.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meir, en vona að háttv. þingd. taki hlýlega á móti þessari breyttill., sem eg hefi leyft mér að koma fram með.

Landshöfðingi: Eg verð að líta eins á þetta mál nú og við 1. umr., að mér virðast ákvæði frumv., eins og það kom frá stjórninni, vera rétt og hagfelt, og að eg sé enga ástæðu til að breyta frá því, sem þar er ákveðið. Þar sem háttv. 2. þm. K.-G. (B. K.) vill lengja þann frest, sem lánardrottinn má veita skuldunaut sínum með borgun á vöxtum, úr einu ári í 2 ár, þá get eg ekki séð neina ástæðu til þess. Mér fyrir mitt leyti finst það mjög eðlilegt og sanngjarnt, að veita skuldunaut eins árs frest til að borga vexti, en ekki lengri, því það væri að eins til að ala upp tilhneiging hjá mönnum til að standa ekki í skilum með skuldir sínar, og gefa mönnum undir fótinn að vera óreiðumenn.

Hvað það atriði snertir, er háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) tók fram, að bankinn krefst vaxtanna fyrir fram, og því sé þessi frestur, að því er til þeirra lána kemur, útrunninn á sama tíma og vextir af öðrum lánum falla í gjalddaga, þá skal eg taka það fram, að niðurstaðan verður hin sama, hvort sem borgun á vöxtum er áskilin fyrir fram eða eftir á, því frestur inn er hinn sami, nefnil. eitt ár, sem skuldunautur hefir til að útvega sér fé til að borga vextina með.

Tilgangur stjórnarinnar með þessu frumv. er sá, að gera mönnum hægra fyrir að útvega sér lán út á 2. og 3. veðrétt, en til þess er nauðsynlegt, að útvega trygging fyrir því, að ekki geti hvílt á eigninni með 1. veðrétti aðrar skuldir en þær, sem hægt er að fá fulla vissu fyrir, hve miklar séu; en væri að nú farið breyta frumv. þannig, að tveggja ára vextir mættu safnast fyrir, þá yrði með því gert mun erfiðara fyrir að fá lán út á 2. og 3. veðrétt, sérstaklega 3. veðrétt, því þá gætu safnast fyrir tveggja ára vextir, bæði á 1. og 2. veðrétt. Það hefir margsinnis verið kvartað undan því, að þegar búið væri að fá lán út á helming eignarinnar með 1. veðrétti, þá væri ómögulegt að fá neitt lán út á hinn helminginn. Eg álít nú, að það sé skylda hins opinbera, að gera mönnum hægra fyrir að fá lán einnig út á 2. og 3. veðrétt, eins og þetta frumv.

stuðlar að, en þá verður hið opinbera jafnframt að tryggja rétt þessara síðari veðhafa eins og hægt er. Eg get ekki verið með því að rýra þessa tryggingu, og verð því að leggja á móti því, að þessi breyttill. komist að.

Valtýr Guðmundsson: Mér virðist í þessu tilfelli koma fram hið sama, sem svo oft bregður við, þegar reynt er að innleiða hér dönsk lagaákvæði, að ekkert tillit er tekið til þess, að hér á landi hagar með svo margt alt öðru vísi til en erlendis. Hvað þetta frv. sérstaklega snertir, þá finst mér það mjög varhugavert, að lögleiða svo hörð ákvæði, bæði vegna þess, hve örðugt er að fá peninga fyrst og fremst, og svo einnig vegna þess, hve ilt getur verið að koma þeim. Það er hart aðgöngu, að láta taka skuld fjárnámi hjá sér vegna þess, að vextirnir koma einum mánuði of seint, af því samgöngurnar eru svo örðugar. Menn verða að gæta þess, að erlendis hagar alt öðru vísi til. Hér er ekkert póstávísanasamband innanlands og ekkert bankaávísanasamband. Hvað það fyrra snertir, þá hefi eg oft áður á fyrri þingum hreyft því, en það hefir ekki fengið neinar sérlega hlýlegar undirtektir hjá fulltrúa stjórnarinnar, hæstv. landhöfðingja; og hvað hið síðarnefnda — bankaávísunarsambandið — snertir, þá er að vísu vonandi, að það liði ekki á löngu áður en það komist á, og væri þess óskandi; en það getur þó varla verið því til fyrirstöðu, að breyttill. fái framgang. Eg vil því leyfa mér að mæla með breyttill. bæði vegna þessa óvanalega fyrirkomulags á bankanum, að heimta vextina borgaða fyrir fram, og eins vegna þess, að mér finnast ákvæði frumv. alt annað en sanngjörn.

Lárus H. Bjarnason: Eg fyrir mitt leyti get ekki gert mikið úr aðfinningum háttv. þm. Vestm. Sparisjóðir eru nú komnir um land alt, og hygg eg að 1 ár muni nægja hverjum þeim manni, sem á annað borð er tekinn trúanlegur, til þess að afla sér nauðsynlegs fjár upp í vexti þá, er honum ber að greiða. Og ekki get eg kannast við, að svo örðugt geti verið að koma peningunum frá sér í tæka tíð. Eg veit ekki betur en að um 15 landpóstferðir sé nú á ári. Loks tel eg það engan galla, þótt nýmæli þetta sé tekið úr dönskum eða útlendum lögum. Sé ákvæðið gott í sjálfu sér, er mér sama hvaðan það kemur.

ATKVGR.: Breyttill. feld með meiri hluta atkv.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Þriðja umr., 8. júlí.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 24. júlí (C bls. 362).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Löggilding verzlunarstaðar I.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi (C bls. 404); 1. umr.

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Eg kem fram með frumv. þetta eftir beiðni kjósenda minna; og af því h. þingd. nýlega tók svo liðlega í sams konar mál, er fór fram á löggilding verzlunarstaðar í Kjósar- og Gullbringusýslu, vænti eg, að einnig þetta mál fái greiðan gang í deildinni. Flestum háttv. þm. mun vera ókunnugt um,

hvernig máli þessu víkur við, og ætla eg því að leyfa mér að lýsa málavöxtum. Eins og menn vita, hefir verzlun verið rekin á Búðum til skamms tíma, en nú er sú verzlun lögð niður, og bæði Breiðvíkingar og Neshreppur ytri hljóta því að sækja til Ólafsvíkur. Það liggja að vísu tvær leiðar til Ólafsvíkur úr Breiðuvíkurhreppi, en styttri leiðin, leiðin yfir svo kallað Kambsskarð, er ófær klyfjahestum; hin leiðin, leiðin kringum Jökul, er aftur á móti löng og örðug. Það er 8 tíma ferð, og menn verða auk þess að sæta sjávarfalli til þess að komast fyrir Ólafsvíkur-Enni. Ytri-Neshreppingar hljóta og að fara fyrir Ólafsvíkur-Enni. Nú eru báðir þessir hreppar bæði Breiðuvíkurhreppur og Ytri-Neshreppur allfjölmennir, og eins og mönnum er kunnugt, er undir Jöklinum eitt hið fiskisælasta pláss landsins. A hinn bóginn er verzlunin í Ólafsvík ekki sem hagkvæmust, og því er þörf á samkepni, enda hefir bóndi nokkur í Neshreppi ytra þegar fengið verzlunarleyfi á Sandi, en fær eðlilega ekki skip þangað fyr en höfnin verður löggilt, því ekki er hægt að fá skip á ólöggiltar hafnir, enda þótt höfnin sé góð, eins og á Sandi. Af öllum þessum ástæðum, af því hve leiðin er örðug til Olafsvíkur, hve hreppar þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru fólksmargir, hve verzlunin í Olafsvík er óhagkvæm, en skilyrðin góð fyrir verzlun á Sandi, höfn góð, fiskiver ágætt, og verzlun þegar byrjuð, vona eg, að háttv. deild leyfi málinu til 2. umr.

Hæstv. landsh. hreyfði þeim mótbárum gegn frumv. úr Kjósar- og Gullbringusýslu, að það væri ilt að gegna þar tollheimtu og halda uppi sóttvörn; en svo er ekki hér, þar sem læknirinn situr í Ólafsvík, og hreppstjórinn bæði hefir setið og verður að sitja á Sandi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv.

Onnur umr., 13. ágúst (C bls. 204).

Flutningsmaður (*Lárus H. Bjarnason*): Eg er svo heppinn, að enginn hefir hreyft mótmælum gegn þessu frumv., og vil því að eins óska, að málið sé látið ganga til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. gr. samþ. með 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr., 15. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 14 atkv., og afgreitt til Ed.

Löggilding verzlunarstaðar II.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu (C 365); 1. umr., 30. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg hefi komið með þetta frumv. inn á þingið samkvæmt ósk kjósenda minna, og vona, að því verði vel tekið, eins og öðrum löggildingum, einkum þar sem þetta er góð höfn á því svæði, sem lítið er um hafnir, því það má segja, að þetta sé eina höfnin á svæðinu frá Skagatá og austur að Eyrarbakka, og jafnvel betri en nokkurs staðar annarsstaðar við suðurströnd landsins. Til sönnunar þessu skal eg með leyfi forseta lesa upp þessa lýsingu á Sandgerðisvík: »Sandgerðisvík er rúma hálfa mílu danska í suðvestur frá Garðsskagavita; hún skerst inn í landið til suðausturs. Að sunnan verðu takmarkar víkina riftangi, sem

liggur í norðvestur og er ¼ míla dönsk á lengd. A þessari höfn er nægilegt rúm fyrir 10 skip til legu, og mega þau gefa út á alla vegu af akkerisfestinni um 200 faðma. Dýpi á höfninni er um fjöru í stórstraumi 7 faðmar.

Góður haldbotn er á höfninni og skip hafa aldrei dregið akkeri þar, enda hafa notað hana bæði seglskip og gufuskip.

Bein innsigling er á höfninni 12 faðma djúp, og sýna 2 stórar vörður á landi innsiglinguna.

Svæði það, sem óskað er að sé löggilt sem verzlunarlóð, er beint fyrir höfninni, og takmarka það að norðan landamerki milli Sandgerðis og Flankastaða, en að sunnan landamerki milli Sandgerðis og Bæjarskaga. Lending er ágæt, og fyrirtaks bryggjustæði; brim kemur aldrei á víkinni, enda nota sjómenn hana fyrir neyðarlendingu í vondum veðrum«.

Þetta er nú lýsingin, og sést á henni, að hér er um ágæta höfn að ræða, enda brúka útlend og innlend skip hana. Auk þess skal eg taka það fram, að bæði útlend og innlend skip hér frá Faxaflóa leita þangað inn undan ofviðrum, sérstaklega norðanveðrum.

Hvað viðvíkur nauðsyninni á þessari löggilding, vil eg geta þess, að fyrir 3 hreppa, sem annars eiga örðugt með að ná til kaupstaðar, liggur þessi staður mjög vel við. Reyndar koma þangað á sumrin kaupmenn á skipum með vörur og sækja fisk, en fæstir af íbúunum eru svo efnum búnir, að þeir geti keypt allar nauðsynjar sínar að sumrinu til. Þeir verða því á vetrum að fara örðugar lestaferðir, en það eru lestaferðir, þar sem menn eru hafðir í hesta stað, alt borið á bakinu, því að eins og menn vita, eru menn í sjóplássum ekki svo birgir af hestum, að þeir sendi lestir af þeim í kaupstaðinn, og sæki á þeim nauðsynjar sínar, sízt á vetrum.

Það væri því æskilegt, að þarna kæmi verzlun. Það er og kunnugt, að þilskipaflotinn hér frá Faxaflóa heldur sig þar fyrir framan fyrri hluta vetrarvertíðar, og væri þægilegra fyrir þau að geta farið þar inn, ef einhvers þyrfti við, en að þurfa að hleypa inn til Reykjavíkur. Eg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, því eina mótbáran, sem oft hefir verið látin klingja hér á þingi gegn löggilding nýrra verzlunarstaða, getur ekki komið hér til greina, þar sem hún er sjálf-fallin með vínfangasölulögunum frá 1899. Menn hafa sem sé látið sér um munn fara, að löggildingarnar væru ekki annað en að löggilda brennivínsverzlan á sem flestum stöðum. En þessi mótbára er nú úr sögunni með þeim lögum.

Tryggvi Gunnarsson: H. 1. þm. G.-K talaði um, að það væri fallið burt, það sem áður hefði verið brúkað móti löggildingum, nefnilega vínsalan. En í stað þess kemur aftur frumv., sem nýlega er farið hér frá deildinni, um að auka við tollana.

Eg hefi oft sagt það áður, að það sé varasamt að fjölga löggiltum stöðum, þegar alt af er verið að bæta við tollana. Þeim mun meira, sem þeim er fjölgað, þeim mun erfiðara verður tolleftirlitið; og einmitt voru nú tollaðar vörutegundir, sem mjög erfitt er að hafa eftirlit með.

Hvað gæðin snertir á höfn þessari, skal eg geta þess, að það hefir oft komið til tals, hvort þilskipaábyrgðarfélagið gæti tekið þau skip í ábyrgð, er þangað ættu að sigla, og hefir það jafnan verið álitin frágangssök; og munu þeir, sem þar eiga hlut að máli, vera menn kunnugir hér við Faxaflóa. Þeir hafa á fundi, sem eg var staddur á, greitt atkvæði móti því, að ábyrgðarfélagið

borgaði nokkuð fyrir þau skip, sem kæmu inn á þessa höfn, og eg álít meira að marka það, sem skipaeigendur segja, heldur en nokkurir bændur, sem vilja fá verzlun inn á þessa vík. Þessi höfn er sem sagt álitin einhver hin skaðlegasta hér um slóðir.

Flutningsmaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg bjóst nú alt af við, að það mundi þjóta svona í þessum skjá. Eg man ekki til að það hafi nokkurn tíma komið löggildingarfrv. fyrir á þingi svo, að hinn h. þm. Rvík. hafi ekki fundið ástæðu til að standa upp og mæla móti því; svo mig skal ekki undra, þó hann mæli móti þessu frv. Hann hefir jafnaðarlega haft nógar mótbárur gegn löggildingafrv., og nú telur hann sérstaklega tolla og ábyrgðarfélagið við Faxaflóa.

Eg vil segja það kannske, að það geti verið nokkur ástæða, að verið sé að bæta við tollana. En eg skal í því tilliti benda á, að tolleftirlitið þarna mundi ekki verða svo örðugt, af því að verzlunarstaður er þar ekki mjög fjarri, sem heitir Keflavík, þar sem sýslumaður mun hafa umboðsmann til að innheimta tolla, og þessi umboðsmaður gæti litið eftir tollunum á þessum verzlunarstað. En mér þótti nokkuð lakari ástæða hans að því er snert ir ábyrgðarfélagið við Faxaflóa. Eins og lög félagsins bera með sér, vill það helzt ekki taka í ábyrgð önnur skip en þau, sem ganga á Reykjavík; og það, að þeir hafi ekki viljað taka þau, sem sigla á Sandgerðisvík, sannar ekkert. Ábyrgðarfélagið er ungt félag og efnalitið og vill ekki leggja út í mikla hættu, og þess vegna er það eðlilegt, að »assúrera« ekki nema á þeim höfnum, sem eru öruggar. Þess vegna er það, að hafnir sem eru fyrir utan Reykjavik eru annaðhvort alls ekki teknar eða þá með mjög hækkuðu assurancegjaldi, og má til dæmis nefna góðar hafnir, svo sem Njarðvík og Keflavík. Eftir lögum félagsins er ógjörningur að assurera skip, sem ganga í Keflavík, í þessu ábyrgðarfélagi; sama heyri eg sagt að eigi sér stað um hafnir upp á Akranesi og Skaga.

Yfir höfuð getur maður ekki miðað neitt við ábyrgðarfélagið við Faxaflóa af þessum ástæðum, sem eg hefi sagt.

Tryggvi Gunnarsson: Það var áhrærandi þetta assurancefélag. Það kemur auðvitað ekki því við, hvort höfnin er nauðsynleg eða ekki, en af því lýsingin á henni er svo falleg, þá áleit eg ekki úr vegi að koma með álit kunnugra manna á henni. Það er eins og þegar verið var að ræða um löggilding á Þórshöfn; þá var ekki önnur eins höfn til á öllu landinu. Eg man nú ekki, hvort hún var löggilt. (*Þórður J. Thoroddsen*: Nei).

Eg fæ eigi séð, að það sé nein þörf þessari löggildingu, því það er verzlun í Keflavík og sveitaverzlun í Garðinum. Að því er snertir vegalengd til Keflavíkur, þá er það ekki löng kaupstaðarleið, svo að nauðsynin er alls engin. Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) sagði ekki rétt um ábyrgðarfélagið; það er einmitt ákveðið í lögum félagsins, að það assurerar bæði á Akranesi og í Keflavík.

Eg, sem sagt, álít óþarft að löggilda þennan stað; það er notalaust fyrir héraðsbúa og erfiðisauki fyrir tollheimtumenn.

Eg fór fram á það fyrir nokkurum árum, að nema úr gildi löggilding á öllum þeim stöðum, sem ekki eru notaðir. Eg álít, að á þessu þingi væri rétt að koma með frumv. um að nema úr gildi allar þessar ónýtu löggildingar; því að það er vel hugsanlegt, að þær verði notaðar til að »smugla« þar inn vörum.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að leyfa mér að bæta fáeinum orðum við það, sem háttv. þm. Rvík. hefir talað móti þessu frv. Það sem hann fann þessum mörgu löggildingum til foráttu, það voru erfiðleikarnir, sem yrðu á tolleftirlitinu, og að það væru oft vondar hafnir, sem verið væri að löggilda. H. flutnm. frumv. gjörði ekki mikið úr því.

Það er eitt atriði enn, sem flutnm. ef til vill álítur meira í varið en þetta, sem nefnt hefir verið; það eru sóttvarnirnar. Það hefir verið talað um það hér á þingi, að það hefði verið mjög æskilegt, að það kæmi frá stjórninni frumv. um ráðstafanir gegn innflutningi sótta frá útlöndum, og eg hefi skýrt frá því áður, að það frumv. hafi verið í gjörð, en ekki búið, þegar þingið kom saman; og eg skal geta þess, að aðalerfiðleikarnir við samningu frumv. um sóttvarnir voru einmitt þessi fjöldi af löggiltum höfnum. Það er svo erfitt að koma fyrir á Sólheimasandi og Káravík við Ingólfshöfða og víðar heilbrigðisnefndum og gæzlumönnum; en á hverjum löggiltum stað eða mjög nálægt þarf slíkt að vera, vegna skipa, sem hafa leyfi til að sigla þangað beint upp.

Eg er hræddur um, að einmitt þessar mörgu löggiltu hafnir geti orðið því til fyrirstöðu, að það fáist tryggileg ákvæði gegn innflutningi sótta frá öðrum löndum. Þetta finst mér háttv. þingdm. ættu að íhuga, ekki sízt læknisfróðir menn.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg kannast við, að það er á fullum rökum bygt, sem hæstv. landsh. sagði, með tilliti til sóttvarnanna. En þrátt fyrir það finst mér það ekki eiga við, þegar um Sandgerðisvík er að ræða; því það yrði hvergi hægra að hafa eftirlit með innflutningi sótta. Eins og nú stendur, er héraðslæknunum gjört að skyldu að búa í Keflavík, og eg ímynda mér, að því verði ekki breytt; og Sandgerðisvík liggur ekki lengra frá Keflavík en svo, að það er hægt að ríða það á góðum hesti á sumardegi á klukkutíma; það verður að minsta kosti ekki eins erfitt eftirlit eins og á öðrum stöðum þar í umdæmi, þar sem í 5 hreppum hver bær og hver lending er sem löggiltur verzlunarstaður í þessu tilliti, og allir geta og mega fara út í skip, er koma beint frá útlöndum, bæði botnvörpuskip og önnur skip. Og ef það skyldi nú koma þannig lagaðar reglur, að slíkt væri ekki leyfilegt, þá álít eg það enga frágangssök, að hafa eftirlit með þessari einu höfn í viðbót við þær, sem áður eru löggiltar. Eg skal kannast við, að þar sem eins stendur á og á Sólheimasandi eða öðrum eins stöðum, þá yrði það ef til vill nokkuð erfitt. (*Guðlaugur Guðmundson*: Það er hálftíma reið frá læknissetrinu).

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12:2 atkv.

Önnur umr., 13. ágúst (C bls. 365).

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg ætla að segja nokkur orð út af umræðum þeim, sem féllu hér í deildinni, þegar þetta mál var til 1. umr., Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) vildi þá bera brigður á, að þessi Sandgerðisvík, sem hér er farið fram á að löggilda, væri eins góð höfn og lýsing sú bar með sér, sem eg þá las upp hér í deildinni. Færði hann það til sönnunar, að þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa vildi ekki taka þessa höfn gilda. Eg skal geta þess, að síðan hefi eg leitað mér upplýsinga um þetta, og komist að raun um, að háttv. þm. hefir mishermt, þegar hann sagði þetta. Eg hefi talað við einn mann, sem er í stjórn félags-

ins, og hann sagði, að Sandgerðisvík væri ein af þeim höfnum, sem þilskipaábyrgðarfélagið ábyrgist skip á, og hefði hann 1 sitt skip vátrygt á þessari höfn nú í vor og sumar. Þetta vildi eg að eins taka fram, og get eg nafngreint manninn, ef þörf væri á, en eg ímynda mér þess þurfi ekki, af því að háttv. þm. Rvík (Tr. G.) mun muna eftir þessu, þegar hann hugsar sig um.

ATKVGR.: Frumvarpið samþykt með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr., 15. ágúst.

ATKVGR: Frumv. samþ. með 14 atkv. og afgr. til Ed.

Afnám saltkjötstolls í Noregi.

TILLAGA til þingsályktunar um afnám tolls á íslenzku saltkjöti í Noregi (C 733); ein umr., 23. ágúst.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Eins og kunnugt er, er saltkjöt ein af helztu útflutningsvörum þessa lands. En þessi vara hefir á síðari árum lækkað tilfinnanlega í verði hér á landi, af því innflutningstollur hefir verið lagður á hana í Noregi, þar sem megnið af saltkjötinu er selt. Mér er ekki kunnugt, hvort stjórnin hefir gjört nokkuð til að fá þennan toll afnuminn, en eg veit, að landsmenn finna mjög til hans og mundu óska, að hann yrði af numinn. Þetta er tilefnið til, að eg hefi komið fram með þessa tillögu, og í öðru lagi það, að eg er ekki vonlaus um, að hægt væri að fá þessu framgengt hjá Norðmönnum. Tollurinn hefir verið lagður á vegna innflutnings á nautakjöti frá Svíþjóð og fleski frá Vesturheimi, að því er eg veit bezt. Merkur maður á Austfjörðum talaði um þetta við einn hinn merkasta stórþingismann í Noregi, og hann áleit ekki ómögulegt, að fá undanþágu fyrir saltað sauðakjöt héðan. Það er því engu spilt, þó þetta sé reynt; en hins vegar er það öllum ljóst, að mikill hagur væri að því, að fá tollinn afnuminn Vona eg, að eg þurfi ekki að fjölyrða meir um þetta, en að deildin samþykki tillöguna.

ATKVGR.: Tillagan samþykt í einu hljóði og afgreidd til Ed.

Skrásetning skipa.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa (C bls. 243); 1. umr., 15. júlí.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og tekið er fram í ástæðum frumv. þessa, þá er tilgangur þess, að fá leiðrétta skekkju í hinum íslenzka texta í 1. gr. skrásetningarlaganna frá 13. des. 1895, skekkju, sem fram kom við útlegging þeirra á íslenzku, og sem sjálfsagt er að leiðrétta, og það því fremur, sem hingað til hefir verið farið eftir ákvæðum dönsku þýðingarinnar, þannig, að þegar um hlutafélag er að ræða, þá hafa ákvæði greinarinnar að eins verið látin ná til stjórnar hlutafélagsins, en eigi til allra félagsmanna, eins og íslenzki textinn heimtar.

En það eru ýms önnur ákvæði í skrásetningarlögunum, sem mér finst full ástæða að taka til íhugunar, og sem að áliti mínu þyrftu breytinga við. Eftir stöðulögunum og stjórnarskránni eru siglingar og verzlun sérmál Íslands, og til þess flokks mála verða skipaskráningar að teljast að mínu áliti, en í skrásetningarlögunum, sbr. konungsúrskurð frá 20. marz 1896, er farið með það eins og sameiginlegt mál, og

yfirumsjón þeirra falin dönsku stjórnarvaldi. I fyrsta lagi er þetta eigi rétt og í öðru lagi aflar það hlutaðeigendum á Islandi mikilla óþæginda. Hin dönsku stjórnarvöld, sem um mál þetta eiga að fjalla, hafa beitt valdi sínu þannig, að mér finst það mjög aðfinningarvert og ranglátt; þau hafa beitt því þannig, að nálega hefir verið ómögulegt fyrir félög hér, að fá skip sín skrásett. Eg þekki eitt ákveðið dæmi, þar sem innlent félag hefir beðið stórtjón af framferði skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, og kunnugt er það, að í ár mundu íslenzkir borgarar hafa beðið mesta tjón af hinu sama, hefði eigi hæstv. ldsh. og hinn núverandi yfirmaður á strandvarnarskipinu séð við því, með því að aka seglum eftir vindi.

Þá skal eg taka það fram, að það er óheppilegt, að hvert lögsagnarumdæmi fyrir sig sé og skrásetningarumdæmi. Það er vandi, að mæla upp skip til skrásetningar, og eg efast um, að allir sýslumenn hafi tíma til að setja inn í það til hlítar, og vafasamt, að þeir geti jafnan fengið góða aðstoð við það. Mér væri næst skapi að stinga upp á, að nefnd sé skipuð til að íhuga málið, en vil þó ekki gera það að svo stöddu til að hefta eigi umræður.

En að því vildi eg mega spyrja hæstv. landsh., hvort hann álíti ekki, að hér sé um sérmál að ræða, eða hvort þingið muni hafa afsalað sér nokkurum rétti sínum með því að samþykkja 4. gr. skrásetningarlaganna frá 13. des. 1895.

Landshöfðingi: Skrásetningin hefir þá þýðingu, að hin skrásettu skip megi sigla undir dönsku flaggi; það hefir því mikla þýðing fyrir verzlun og siglingar Dana, að skip, sem sigla undir þeirra flaggi, séu eigi rangt mæld; væru nokkur veruleg brögð að slíku, og kæmu slík skip til útlanda, þá mætti búast við, að það kastaði rýrð á áreiðanleik skipamælingar Dana, og hætt við, að svo mundi verða litið á, að hér væri gerð tilraun til að losast við lögboðin gjöld.

Það gæti, að mér virðist, líka orðið óþægilegt fyrir Íslendinga sjálfa, ef önnur ákvæði væru hér gildandi um skrásetning skipa en eru í Danmörku; það gæti orðið þeim að beinu tjóni, væri svo. Eg verð því að ráða frá hverri þeirri breyting, er gæti orðið þessa valdandi.

Jóhannes Jóhannesson: Í sjálfu sér er eg ekki óánægður með sjálf ákvæði skrásetningarlaganna. En eg vil, að íslenzkt embættisvald, en eigi danskt, fjalli um það mál. Eg trúi ekki öðru en að óhætt sé að trúa hæstv. landsh. fyrir umsjón skrásetningarinnar; en sjálfsagt er að veitt sé fé manni, sem fær sé um, að endurskoða skrásetningarskjölin, og sé þannig landsh. til aðstoðar. Þegar svo er að farið, þá get eg ekki trúað öðru en að allgóð trygging sé fengin fyrir því, að skrásetning skipa á Íslandi þurfi ekki að kasta neinni rýrð á áreiðanlegleik danskra skrásetninga. Það er hálf-leiðinlegt fyrir oss, að þurfa að sækja úrslit skrásetningarmálanna út fyrir pollinn, og vera því nær réttlausir heima fyrir, hvað sem oss kann að vera boðið þaðan. Skrásetningarskrifstofan danska hefir haldið því fram, að þyki oss oss órétt ur gjör, þá sé ekki annað en að lögsækja sig fyrir Sö- og Handelsretten í Kaupmannahöfn, eftir »analogíu« skrásetningarlaganna dönsku. En það sjá allir, hve lítt kleif slík málsókn mundi vera fyrir efnalitla Íslendinga, enda mjög lítil líkindi til þess, að danskur

dómstóll mundi fallast á þann skilning skrifstofunnar og dæma þeim mönnum, er um málin fjalla, ábyrgð á hendur, þótt þeir hefðu misbeitt valdi sínu. Fyrirkomulagið, eins og það er nú, er vandræðafyrirkomulag og getur orðið til að gera íslenzka borgara öreiga.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi ekki fult vit á þessu máli, en þó finst mér ljóst, að hér sé farið út fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem skrásetning íslenzkra skipa er fengin í hendur dönsku umboðsvaldi, þótt siglingar og verzlun sé sérmál. En vera má, að hér sé ekki gott viðgjörðar, þar sem þingið 1895 hefir gert það glappaskot, að ganga inn á þetta. En þótt svo að þingið hafi samþykt það, að skip, sem skrásett eru á Íslandi, séu og rituð á á aðalskrásetningar- og skipamælingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, þá er eigi með því sagt, að þar megi breyta neinu því, er hérlend stjórnarvöld hafa gert. En á það skal eg benda, að þar sem í fjárlögunum er farið fram á, að veita manni með sérþekkingu fé til þess að vera landshöfðingja til aðstoðar með eftirlit á því, að skrásetning og mæling íslenzkra skipa sé rétt gerð, þá finst mér með því fengin full trygging fyrir Dani fyrir því, að íslenzk skip verði rétt mæld. Hitt gæti verið sök sér, þótt skrásetningarskírteinin væru staðfest í Kaupmannahöfn, að eins að þau séu staðfest óbreytt, eins og þau koma héðan. Það er að mörgu leyti óþægilegt fyrir hlutaðeigendur, að fá fyrst bráðabirgðaskírteini, og mega síðan bíða svo og svo lengi skírteinislausir, ef mælingin hefir verið gerð ógild, unz ný mæling hefir fram farið. Þetta getur bakað mönnum stórtjón.

Mundi nokkur breyting verða á þessu framvegis? Mér finst mikið undir því komið, hvernig þingið eigi að snúast við því að veita fé handa aðstoðarmanni landshöfðingjans. Eigi það enga verulega þýðingu að hafa, sem maður þessu gerir, þá er eigi heldur fé til þess kostandi að hafa hann.

Mér fyndist mjög æskilegt, að hæstv. landsh. gæfi skýringu á því, hvort vér munum nokkuð betur settir eftir en áður gagnvart skrásetningaskrifstofunni dönsku, þótt honum sé fenginn þessi aðstoðarmaður.

Landshöfðingi: Háttv. þm. Vestm. (V. G.) tók það sérstaklega fram, að það ylli svo miklum og óþægilegum drætti, að fyrst yrði að gefa út bráðabirgðaskrásetningarskírteini hér á landi, er síðan þyrfti að senda til skrásetningar- og skipamælingaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn til staðfestingar. En það er einmitt til þess að ráða bót á þessum drætti, að stjórnin fer fram á, að veitt sé fé handa sérfræðingi, er hafi það starf á hendi, að yfirlíta skipamælingar þær, sem hér fara fram. Nú er því svo háttað, að stundum koma mælingabréf til skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, sem sjá má, að hljóta að vera röng. Þá sendir hún bréf þessi heim aftur og heimtar, að mælingin fari fram að nýju, eða hún neitar beinlínis að staðfesta bráðabirgðaskírteinið. Af þessu stafar aðallega drátturinn og óþægindin, og því er í fjárlögunum farið fram á fjárveitingu handa manni, er kunni að skipamælingum. Hafi slíkur maður umsjón með mælingum hér, þá þarf það trauðla að koma fyrir, að bráðabirgðaskírteinin verði gjörð afturreka, heldur eiga þau hiklaust að geta orðið staðfest. En það verð eg að álíta nauðsynlegt, að íslenzk skip, sem til útlanda koma, hafi skrásetningarskírteini í sama formi og dönsk skip, því að það gæti bakað þeim óþægindi, ef tollstjórnirnar yrðu þess varar, að þau væru öðruvísi úr garði gjörð en dönsk skírteini.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 17. júlí (C bls. 243).

Jóhannes Jóhannesson: Eins og eg gat um við 1. umr., þá eru fleiri atriði í skrásetningarlögunum, sem eru athugaverð og þörf á að breyta, en það, sem hér í þessu frumv. er farið fram á breytingu á. Eg gat þess við 1. umr. þessa frumv. hér í deildinni um daginn, að þetta mál heyrði að mínu áliti algerlega til sérmála Íslands, en væri þó látið sæta meðferð dansks stjórnarvalds, og eg skal bæta því við, að eg að minsta kosti fyrir mitt leyti kann því mjög illa, að æðsti embættismaður landsins skuli í alíslenzkum málum, þar sem um enga sérþekkingu er að ræða, þurfa að beygja sig undir danskt skrifstofuvald, og þetta atriði eitt finst mér vera nægilegt til þess, að þingdeildin athugi málið mjög nákvæmlega og finni ástæðu til að skipa nefnd í það. Eg skal því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Samþ. 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Jóh. Jóhannesson með 21 atkv.
Skúli Thoroddsen — 14 —
Björn Kristjánsson — 10 —

2. umr. frestað.

Framh. 2. umr., 13. ágúst (C bls. 243, nefndarálit bls. 568).

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eins og sjá má á áliti nefndarinnar, þá hefir hún fallist á breytingu stjórnarinnar á 1. grein laga um skrásetning skipa 13. des. 1895. Eins og greinin er nú orðuð, þarf til þess að skip, sem er eign hlutafélags, geti með skrásetningu á Íslandi öðlast rétt til að hafa danskt flagg, fyrst og fremst það, að stjórn félagsins hafi aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku, og enn fremur, að allir stjórnarmenn félagsins séu hluthafar í því, og hafi rétt innborinna manna; en á hinn bóginn er þeirri kröfu slept, að $^2/_3$ hlutar hlutafjárins sé eign innborinna manna. — Breytingin miðar að því, að koma ákvæðunum um þetta í samræmi við það, sem á sér stað í Danmörku. — Nefndin telur þessa breytingu sjálfsagða, enda er það kunnugt, að ákvæðið í 1. gr. skrásetningarlaganna um það, að $^2/_3$ hlutar hlutafjárins skuli vera innlend eign, er komið inn fyrir vangá; það var þýðingarvilla, er hvorki stjórn né þing tók eftir.

En fyrst nú á annað borð var farið að breyta lögum þessum, þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eitt og annað atriði í þeim þyrfti og breytingu við.

I 3. gr. stöðulaganna frá 2. jan. 1871 er svo ákveðið meðal annars, að fiskiveiðar, verzlun og siglingar séu sérmál Íslands, og undir þennan flokk verður sjálfsagt að telja skrásetning skipa; en í 4. gr. skrásetningarlaganna er stjórn og umsjón skrásetningarmála falin yfirvaldi því, er konungur skipar til þess; en nú hefir konungur (sjá konungsúrskurð 20. marz 1896 og ráðherrabréf 25. sama mán.) falið mál þetta aðalstjórn skattamálanna eða aldönsku yfirvaldi. — Þetta finst nefndinni ótækt, bæði af því, að íslenzkt sérmál er falið dönsku yfirvaldi, og það þannig sett yfir landshöfðingjann yfir Íslandi, og svo hefir þetta reynst harla óhagkvæmt í framkvæmdinni. Nefndin leggur það því til, að skrásetning skipa skuli eftirleiðis vera undir stjórn og umsjón landshöfðingja með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum. — Nefndin vildi ekki fara svo langt, að dönsk yfirvöld mættu engin afskifti

hafa af skrásetningunni, því að íslenzk skip sigla undir dönsku flaggi, og það er áríðandi fyrir bæði löndin, bæði Danmörku og Ísland, að aðrar þjóðir beri fult traust til þess, að íslenzk skip séu rétt mæld; en til þess að hafa fullnaðareftirlit með því, að skip séu rétt mæld, þarf sérfræðislega þekkingu, sem landshöfðingi hefir ekki til að bera, og nú sem stendur hefir hann ekki heldur neinn þann sér til aðstoðar, sem fult traust verði borið til, að geti haft þetta eftirlit, svo að fulltrygt sé. — Nefndin fer því fram á, að landshöfðingi hafi yfirstjórn og umsjón skipamælinganna að öllu því, er lögfræðisþekkingu eina þarf til, en að skrásetningar- og skipamælinga-skrifstofan í Kaupmannahöfn endurskoði mælingu þá, sem fram fer hér á landi, og gefi út fullnaðarþjóðernis- og skrásetningarskírteini handa íslenzkum skipum. — Af þessari breytingu leiðir aftur, að breyta þarf fleiri greinum laganna frá 13. desember 1895 en 4. grein. — Það er farið fram á breyting á 5. gr., sem er í því fóigin, að stjórnin hefir hingað til veitt leyfi til þess, að skip danskra þegna eða hlutafélaga, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi, megi taka upp á skipaskrárnar íslenzku, en nú er farið fram á, að landshöfðingi fái þetta vald, og er það eðlileg afleiðing af því, að yfirstjórn þessara mála er eftir frumvarpinu falin honum.

Í 9. gr. skrásetningarlaganna er ætlast til, að stjórnin geti vægt til með skilríki þau, sem þar eru heimtuð, en nefndin ætlast til, að landshöfðingi fái þetta vald, því að þar er ekki verið að tala um sjálf skipamælingaskjölin, heldur önnur skjöl, er þarf til þess, að skip geti orðið skrásett hér. — Nauðsynleg afleiðing af breytingunni á 4. gr. er breytingin á niðurlagi 10. gr., þar sem nefndin leggur til, að falli burtu orðin: »og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið«; hún byggir þessa tillögu sína á því, að skrásetningarskrifstofan á að eins að rannsaka mælingu skipanna.

Í 14. gr. stendur, að samþykki stjórnarinnar þurfi til með breytingu nafns á skipi, en nefndin leggur til, að það sé landshöfðingi, sem samþykkið veiti.

Í 15. gr. er ákveðið, að stjórnin geti látið nýtt þjóðernis- og skrásetningarskírteini koma í stað annars eldra; en nefndin vill fá landshöfðingja þetta vald.

Eg trúi því ekki, að þessar breyt.till. mæti mótspyrnu hjá stjórninni. — Nefndin sér ekki betur en að stjórnin muni telja óhætt að trúa landshöfðingjanum fyrir því valdi, sem frumv. vill, að honum sé veitt. En það liggur í augum uppi, hve miklu hægra er að leita landshöfðingjans sem búsettur er hér í landi, en að þurfa að leita með mál þessi til Danmerkur, og það ekki einungis til stjórnarinnar þar, heldur og til danskra yfirvalda, sem ekki er hægt að segja, að jafnan hafi farið vel með vald sitt, heldur verð eg fyrir mitt leyti að halda því fram, að skrásetningar og skipamælinga-skrifstofan í Kaupmannahöfn hafi beitt hártogunum um smá-atriði, og þannig bakað íslenzkum mönnum og félögum skaða og mikil óþægindi.

Landshöfðingi: Þegar þetta mál var til 1. og 2. umr hér í deildinni, skildist mér á háttv. framsögum. (Jóh. Jóh.), að breytingar þær, sem hann vildi gera á skrásetningarlögunum, gengju nokkuð lengra en raun er á orðin.

Þar sem ekki er farið fram á það, að gera neina breytingu á verkahring skrásetningar-skrifstofunnar frá því, sem er í lögunum frá 13. des.br. 1895, sem sé að hafa eftirlit með, að mæling

á skipum héðan sé rétt, þá sé eg ekki neitt principielt á móti frumv. þessu, og sæti það sízt á mér, þar sem hér er um það að ræða, að færa vald inn í landið, að mæla móti slíku. En annað mál er það, hvort stjórnin vill samþykkja þetta frumv.; það get eg ekki sagt um.

Eg vil að eins geta þess viðvíkjandi 4. gr. frumv., breyt.till. við 10. gr. laganna frá 13. des. 1895, að mér þykir síðasti kafli hennar ónákvæmt orðaður og geta valdið misskilningi. Þar stendur: »Skal þar yfirskoða mælinguna, og má ef þess þykir þörf krefjast þess, að skipið sé mælt að nýju að öllu eða nokkru leyti. Að því búnu skal skipið sett á aðal-skrána, og svo framvegis«. Er meiningin með þessu það, að það megi setja skipið á aðal-skrána áður en það hefir verið mælt að nýju, ef þess að eins hefir verið krafist, að það skuli mælt? — Mér finst það ekki geta komið til nokkurra mála, að skipið sé sett á skrá fyr en það hefir verið mælt. »Að því búnu« getur þarna valdið misskilningi, og mér finst þetta skýrara orðað í lögunum frá 13. des. 1895. — Eg vil því skjóta því til h. nefndar, hvort henni ekki finnist ástæða til þess, að breyta þessu við 3. umræðu. Það er heldur ekki nóg, að yfirskoða að eins mælinguna, því það þarf einnig að yfirskoða skýrslurnar, og það er ekki hægt að setja skipið á skrá fyr en það hefir verið gjört.

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eg er á sama máli og hæstv. landsh. um það, að ekki eigi og ekki sé hægt að setja skipið á skrá fyr en búið er að yfirskoða öll skírteini skipsins; en hæstv. landsh. verður búinn að útvega og gjöra út um öll skilríkin nema mælinguna, þegar skrásetningarskjölin koma suður til Kaupmannahafnar, svo eg sé ekki, að á skrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn þurfi að yfirskoða annað en hana.

Eg get heldur ekki séð, að orðin: »að því búnu« geti valdið neinum misskilningi; það á auðvitað að skilja þau svo, að þá fyrst, þegar búið er að mæla skipið á ný að öllu eða nokkuru leyti, þá á að taka það upp á skrána. — En nefndin mun taka þetta til yfirvegunar og koma með breyt.till. þar að lútandi, ef henni þykir þess þörf.

Landshöfðingi: Eg skal að eins geta þess, að þegar einhverju er breytt í gildandi lögum, þá er ávalt spurt um, hvers vegna það hafi verið gjört. Nú stendur í 10. gr. laga frá 13. des. 1895 »Þegar . . . . . o. s. frv.«. Hér er þessu slept og sett í stað þess: »Að því búnu«, sem getur valdið misskilningi. Eg fyrir mitt leyti álít, að betra væri: Þegar þessar upplýsingar eru fengnar.

ATKV.GR.: Frumv.greinin óbreytt samþykt í einu hljóði; verður 1. grein.

Viðauki (423) ný gr., sem verður 2. gr. samþ. með 20 atkv.

Viðauki (423) ný gr., sem verður 3. gr., samþ. með 19 atkv.

Viðauki (423) ný gr., sem verður 4. gr., samþ. með 19 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 15. ágúst (C bls 616, 619).

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eg mintist á það við aðra umr. þessa máls, að nefndin mundi koma með breytingartill. við það, og hefir prentsmiðjan séð það fyrirfram, að þær mundu ná samþykki deildarinnar, og því prentað frumv. sem 2 þær fyrstu væru

þegar samþyktar, enda vona eg líka að það komi fram, og það því fremur, sem br.till. b. við 4. gr. er gjörð eftir bendingum hæstv. landsh. Eg vona því, að þessar br.till. verði samþ. nú, og þá sé frumv. svo úr garði gert, að það nái bæði samþykki þingsins og staðfesting stjórnarinnar.

ATKVGR.: 1. br.till. samþ. með 17 atkv.
2. br.till. samþ. með. 17 atkv.
2. br.till b. samþ. með. 18 atkv.
3. br.till. samþ. án atkv.
Frumv. samþ. með 17 atkv.

Ein umr., 24. águst (C bls. 735, nefndarálit 749).

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu á þingskj. 602, þá eru breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir gert við frumv, að eins orðabreytingar. Nefndin ræður því til þess, að frumv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur nú fyrir. Eg hirði eigi að vera að telja upp þessar smáu orðabreytingar, sem háttv. Ed. hefir gert.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Vopnasending til Kína.

FRUMVARP til laga, er banna að flytja vopn og skotföng frá Islandi til Kína (C bls. 232); 1. umr. 12. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 17. júlí.

ATKVGR: 1. gr. samþ. með 17 atkv.
2. gr. samþ. með 16 atkv.
3. gr. samþ. með 15 atkv.
4. gr. samþ. með 16 atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Þriðja umr., 19. júlí.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Samgöngumálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um samgöngumál (C bls. 189); ein umr., 11. júlí.

Flutningsmaður (*Sefán Stefánsson*, 2. Skagf.): A undanfarandi þingum hefir verið skipuð nefnd til að fjalla um öll þau mál, sem snerta samgöngur landsins. Þetta líkar mér vel, og finst það vel við eigandi, því samgöngumálið er eitt af þjóðarinnar þýðingarmestu málum. Í þetta sinn finst mér þó sérstaklega þörf á slíkri nefnd, því samningar þeir, er þingið hefir gert við hið sameinaða gufuskipafélag, eru útrunnir á þessu fjárhagstímabili, og hefi eg heyrt, að í tilefni af því sé von á manni hingað til landsins, til að semja við þingið á ný fyrir hönd hins sameinaða gufuskipafélags. Eg ímynda mér, að ekki sé ástæða til að ræða þetta freka að sinni, og vil því leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR: Samþ. í einu hlj. að kjósa nefnd. Kosnir voru:

Björn Bjarnarson, þm. Dalam., með 19 atkv.
Hannes Hafstein, með 17 atkv.
Jóhannes Jóhannesson, með 17 atkv.
Björn Kristjánsson, með 14 atkv.
Ólafur Briem, með 11 atkv.
Umr. frestað. — Nefndarálit bls. 820.

Póstlög.

FRUMVARP til póstlaga (C. bls. 328); 1. umr., 22. júlí.

Pétur Jónsson: Þetta frumv. er

komið frá h. Ed. og býst eg því við, að það sé vel athugað, en engu að síður hefir það verið siður hjá þessari deild, að athuga nákvæmlega öll stærri mál. Með því að mér er ekki vel við að setja öllu fleiri nefndir en þegar eru komnar, þá hefir mér komið til hugar, hvort ekki ætti vel við að vísa málinu til samgöngumálanefndarinnar, þar eð póstmál og samgöngumál yfir höfuð virðast töluvert skyld, og vil eg því gera það að tillögu minni.

ATKVGR.: Tillagan um að vísa málinu til samgöngumálanefndarinnar var feld með 11 gegn 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Hafstein,
Bj. Bjarnars., Bf.,	H. Þorsteinsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Herm. Jónasson,
Lárus Bjarnason,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Magnús Torfason,
Sig. Sigurðsson,	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Eyf,	Skúli Thoroddsen,
Valtýr Guðmunds	St. Stefánss. Skgf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórður Guðmundss,

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl. og því næst til 3 manna nefndar og í hana kosnir:

Magnús Torfason með 11 atkv.

Stefán Stefánsson Skgf. með 11 atkv.

Ólafur Briem með 11 atkv.

Önnur umr., 7. ágúst (C bls. 328, nefndarálit bls. 456).

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Eg þarf ekk að halda langa ræðu út af þessu frumv. Nefndin hefir ekki komið með neinar br.till. við það. Álítur hún talsverða bót að þessum lögum, t. d. að því er snertir sending póstávísana og sending á blöðum og tímaritum, sem hér eftir verður talsvert léttari en áður. Enn fremur er ýmislegt fært í lag frá því sem áður var, og nú látin gilda sömu ákvæði hér á landi og tíðkast í öðrum löndum, sem nefndin verður að álíta til mikilla bóta.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, meðan engin mótmæli koma fram, og óska að eins að málið gangi til 3. umr.

Valtýr Guðmundsson: Eg vildi að eins gera þá fyrirspurn til h. nefndar, hvort hún hefir kynt sér, hvort hægt muni eftir þessu frumv. að senda póstávísanir hingað og þangað af landinu, t. d. Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði til útlanda beina leið eða yfir Reykjavík til útlanda, og frá Reykjavík til þessara staða út um land og frá þeim til útlanda, án þess að borga þurfi sérstakt gjald fyrir flutning póstávísunarinnar yfir landið.

Mér þykir nauðsynlegt, að þetta geti komist á, og það var aðallega í því skyni, að eg greiddi atkvæði með, að frumv. væri vísað til nefndar, að þetta væri athugað.

Eg vona að h. nefnd geti gefið mér upplýsing um þetta atriði.

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Þetta atriði hefir nefndin sérstaklega íhugað og borið sig saman um það við póstmeistarann, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt, sem hann lét í ljósi, að ákvæði um þetta gæti ekki komið fram í þessum lögum, því það snerti póstsamband Íslands við Danmörku. En geta má þess, að eftir þessum nýju póstlögum má senda póstávísanir frá öllum póstafgreiðslustöðum, sem á annað borð hafa leyfi til að gefa þær út, gegnum Reykjavík til útlanda, án sérstakrar verðhækkunar. Annars ætlaði eg að beina þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvort ekki sé ástæða til að kippa þessu í enn betra lag, en þar sem hann er

ekki staddur hér í deildinni, mun eg geyma það til 3. umr.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal geta þess til leiðbeiningar til 3. umr., að það er ekki rétt, sem póstmeistarinn álítur, að þetta ákvæði megi ekki vera í þessum lögum; þótt hér sé um póstávísanir að ræða, þá er hægt að gjöra ákvæði um þær hér innanlands með þessum lögum. Það er hægt að koma því fyrir þannig, að póstávísanirnar gangi jafnan gegnum Reykjavík, en að ekki þurfi að hækka borgun fyrir þær, þó þær gangi milli Reykjavíkur og hinna kaupstaðanna, eða þær gangi ókeypis milli Reykjavíkur og kaupstaðanna. Slíkt ákvæði má gera í þessum lögum, því það snertir að eins póstmál innanlands, og er töluvert þýðingarmikið atriði. Í Danmörku ganga allar póstávísanir til Korsör frá útlöndum, og þar eru gefnar út nýjar póstávísanir, sem sendar eru til viðtakanda, en útlenda póstávísunin berst aldrei í hendur hans

ATKV.GR.: 1. kafli. 1.—6. gr. sþ. með 20 samhlj. atkv.

2. kafli. 7.—10. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

3. kafli. 11.—15. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

4. kafli. 16.—17. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

5. kafli. 18.—23. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

6. kafli. 24.—25. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 9. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhljóða atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Auknar póstferðir.

TILLAGA til þingsályktunar um póstferðir (C bls. 513); ein umr., 17. ágúst.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Þær till., sem eg hefi leyft mér að koma hér fram með, eru bornar fram eftir tilmælum manna í Ísafjarðarsýslu. Þær hafa að eins lítilfjörlegan kostnað í för með sér, og vona eg að enginn hafi á móti þeim, því hér er um það að ræða, að koma mjög afskektum sveitum í ofurlítið nánara samband við umheiminn en hingað til hefir átt sér stað. Eg skal geta þess, að eg hefi talað um þetta við póstmeistarann, og að hann hafði ekkert við þetta að athuga, en þótti samt réttara, að það væri borið upp á þingi.

Viðvíkjandi 1. till. um, að aukapóstur verði látinn ganga milli Holts og Valþjófsdals í Önundarfirði, skal eg geta þess, að hér er að eins um litla vegalengd að ræða, og eg hygg, að auðvelt muni vera að fá menn til að fara hverja ferð fyrir 3 kr. Kostnaðurinn verður því á ári hverju að eins 42 kr., og er það lítilræði; en Valþjófsdalur er mjög afskektur og póstferðir þess vegna ekki tíðar.

Í annari till. er farið fram á, að aukapósturinn milli Ísafjarðarkaupstaðar og Botns í Súgandafirði verði látinn ganga alla leið að Suðureyri, sökum þess, að Suðureyri liggur fyrir miðjum firði, og þar er sveitaverzlun. Ef þetta fæst, þá verður meira gagn af póstferðunum en nú, því Botn liggur fyrir fjarðarbotni, og liggur þess vegna ver við. Kostnaðurinn við hverja ferð hygg eg muni ekki fara fram úr 3 kr.

3. till. fer fram á það, að aukapósturinn, sem fer frá Ísafirði til Traðar í Álftafirði, gangi alla leið að Eyri í

Seyðisfirði. Hér er yfir fjörð að fara, en þó hygg eg, að mætti fá hverja ferð fyrir 4 kr. Dýrari verða víst ferðirnar, sem farið er fram á í 4. og 5. till. Ferðirnar frá Stað í Grunnavík að Furufirði á Hornströndum gizka eg á að mundu kosta 5—6 kr. Sama er að segja um ferðirnar frá Hesteyri að Höfn. Þessar ferðir fer nú aukapóstur nokkrum sinnum á ári, en hér er farið fram á, að ferðunum sé fjölgað.

Allur kostnaður við þessar ferðir yrði að líkindum 250 - 260 kr., og vona eg að enginn sé á móti að veita þetta lítilræði, þegar hann athugar, hve afskektar þessar sveitir eru, og hér er um það að ræða, að koma þeim í ofurlítið nánara samband við umheiminn en verið hefir.

ATKV.GR.: Lið. 1.—5. a till. á þgskj. 363 samþ. með 12 atkv.

Málið afgreitt til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Frímerki.

TILLAGA til þingsályktunar um frímerki (C bls. 595); 1. umr., 17. ágúst.

Flutningsmaður (*Hannes Þorsteinsson*): Svipuð tillaga þessari hefir áður komið hér fram á þingi, og jafnan verið samþykt með allmiklum atkvæðafjölda, en eigi fundið náð fyrir augum stjórnarinnar, og því eigi náð staðfestingu, heldur verið synjað um hana þrisvar sinnum, 1896, 1898 og nú seinast 1900. Það mætti því álíta, að eigi blási byrlega með að koma með slíka tillögu enn að nýju nú. En eg þykist hafa nokkuð fyrir mér með það, að útlitið muni þó vera nokkru betra nú en fyr; byggi eg það fyrst og fremst á því, að tillagan er öðru vísi orðuð nú en áður; nú er ekkert ákveðið um það, hvernig hin nýju frímerki skuli vera; stjórnin getur hagað verði þeirra, stærð og lit að eigin geðþótta, og gerir þetta tillöguna aðgengilegri; í öðru lagi er nú ný stjórn komin að völdum, og er harla líklegt að hún líti öðru vísi á málið en gamla stjórnin og verði tilleiðanlegri til að láta að vilja vorum í þessu. Auk þessa veit eg ekki betur en að nú eigi að breyta um frímerki í Danmörku, og er það líklegt, að það verði til þess að minka mótspyrnuna gegn breytingunni hjá oss. Þess vegna þurfum vér að nota tækifærið nú, svo að vér getum orðið samferða Dönum í frímerkjabreytingunni.

Mótmæli stjórnarinnar gegn frímerkjabreytingunni hafa aðallega bygst á þessu þrennu: að póststjórnin danska hefir lagt á móti henni; að stjórnin hefir talið það ekki sæma, að afla landssjóði tekna á þennan hátt; og að póstmálaþingið í Washington kom með tillögu í þá átt, að sporna á móti frímerkjabreytingum í gróða skyni, og þar á meðal að takmörkuð væri útgáfa hinna svo kölluðu minningarfrímerkja. En þrátt fyrir þetta hefir þó önnur eins stórþjóð og Ameríka látið sér sæma að gefa út slík frímerki, og skal eg þar til nefna Kólumbusarfrímerkin, sem út voru gefin um þær mundir að Kólumbusarhátíðin stóð, en giltu mjög stutta stund, og græddi landið stórfé á þeirri breytingu. Frakkar, Þjóðverjar og Svisslendingar hafa nýlega breytt um frímerki hjá sér, og eg skil ekki í að við þurfum í þessu að vera hörundsárari en þeir, að því er sóma vorn snertir, eða stjórnin fyrir vora hönd.

Frímerkjaverzlunin er alveg eins heiðarleg eins og hver önnur verzlun, og hún er orðin bæði yfirgripsmikil og arðvænleg. Sum af hinum eldri frí-

merkjum vorum eru þannig komin í afarhátt verð, svo sem 4 skildinga frímerki ótent, sem komin eru upp í 100 kr., og 5 aura frímerkin »yfirþryktu« seljast fyrir 6, 8 og jafnvel 10 kr. hvert. Eg geri ráð fyrir, að tillaga þessi muni verða samþykt hér með miklum atkvæðafjölda, og að eigi þurfi að tala meira fyrir henni.

ATKV.GR:. Tillagan samþ. með 20 atkv. og afgreidd til Ed.

Eimskipsútgerð I.

FRUMVARP til laga um að lög 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skuli úr gildi numin (C bls. 226); 1. umr., 10. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umr., 12. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til samgöngumálanefndarinnar í einu hlj.

Framh. 2. umr., 7. ágúst (C bls. 226, nefndarál. bls 461).

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Eins og þgskj. 288 ber með sér, hefir nefndin ekki getað fallist, á að lög 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs skuli úr gildi numin. Reyndar vonast nefndin ekki eftir né býst við, að útgerð þessi verði tekin upp aftur á ný með því fyrirkomulagi, sem var 1896—1897, en álítur þó óráð, að fella lögin úr gildi að svo komnu. Hún hefir því lagt til, að frumv. þetta væri felt og annað frv. samþ. í þess stað, er hún hefir lagt fyrir deildina.

ATKV.GR.: Frv. felt með 14 : 2 atkv.

Eimskipsútgerð II.

FRUMVARP til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C. bls. 462); 1. umr., 7. ágúst.

Framsögumaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Með lögum frá 6. okt. 1897 var lögum frá 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð á kostnað landssjóðs frestað um 5 ár eða frá 1. jan. 1898 til 1. jan. 1903, og væri þeim ekki frestað, kæmu þau í gildi þann dag.

Nú er samgöngumálanefndinni kunnugt, að stjórnarráðið hefir samið við sameinaða gufuskipafélagið um millilandaferðir og strandferðir við landið á árinu 1903, og er því nauðsynlegt að fresta framkvæmd laganna það ár. — Frv. þetta er mjög einfalt og óbrotið. Að eins skal eg geta þess, að á þinginu 1903 verður væntanlega gerður nýr samningur um strandferðirnar og þá má annaðhvort fella lögin úr gildi, eða fresta framkvæmd þeirra um nokkurn tíma. Legg eg svo til, að máli þessu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Önnur umr., 9. ágúst.

ATKVGR.: Frv. samþ. í einu hlj. Málinu vísað til 3. umr. m. 21 atkv.

Þriðja umr., 12. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til Ed.

Fjölgun þjóðvega.

FRUMVARP til laga um fjölgun þjóðvega (C bls. 233); 1. umr., 13. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Við þingmenn Ísfirðinga höfum leyft okkur

að koma fram með þetta frv. um að Breiðdalsheiðarvegurinn verði tekinn í tölu þjóðvega, og fé lagt til bráðra bóta á honum; það er mál, sem lengi hefir verið áhugamál vestra, einkum í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Breiðadalsheiðarvegurinn telst frá Seljalandsósi til Önundarfjarðar; sjálfur fjallshryggurinn, Breiðadalsheiði, er að eins lítill partur af þeim vegi, en langir og erfiðir dalir beggja megin, sem mætti gjöra góðan veg á. Þessi vegur tengir saman Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu, og hann verða allir að fara, sem ætla sér frá Vesturfjörðunum til Ísafjarðar eða frá Ísafirði til Önundarfjarðar, Dýrafjarðar, Arnarfjarðar o. s. frv. Vegurinn er mjög fjölfarinn bæði sumar og vetur. Vestanpósturinn, sem venjulega hefir allmikinn flutning, verður að fara þennan veg í hvert skifti eftir komu aðalpóstanna til Ísafjarðar, og mestan árs ins hluta verða öll viðskifti milli sýslnanna yfir þessa leið, þar á meðal embættisferðir sýslumannsins, sem býr á Ísafirði og verður oftast nær að koma öllum embættislegum erindum, er Vestur-Ísafjarðarsýslu snerta, landveg yfir Breiðadalsheiði. Þennan veg verður sýslumaður að sækja. Til vegabóta á þessari leið hefir ekkert verið gert, nema af sýslufélögunum; þau hafa varið talsverðu fé til þess að af litlum efnum.— Síðasta alþingi viðurkendi, að öll sanngirni væri fyrir því, að landssjóður legði fé til vegabóta á þessari erfiðu og fjölförnu leið, og var fé veitt í því skyni í fjárlögunum, en það var svo lítið, og bundið því skilyrði, að það var ómögulegt að nota það; þetta landssjóðsframlag var að eins 2500 kr. og hið áminsta skilyrði var, að sýslan legði fram annað eins. En svo hagar til, að norðurhluti sýslunnar hefir orðið að leggja allmikið af sýslugjaldi sínu til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp á hverju ári og er þegar búið er að verja hér svo miklu fé til Dagverðardalsvegarins, er liggur að Breiðadalsheiði að norðanverðu, að naumast er til ætlandi, að hún leggi meir í bráð, því að, eins og auðsætt er, er það aðallega vestursýslan, sem nota þarf veginn, í öllu falli miklu meir en norðursýslan. En vestursýslan hefir aðra erfiða fjallvegi, sem hún hefir orðið að kosta og verður að kosta viðhald á; og þegar alt sýsluvegagjaldið, eins og þar, ekki nemur nema liðugum 500 kr. á ári, þá er auðsætt, að lítið er afgangs til að leggja út í dýr stórfyrirtæki og þungar lántökur. Þar á ofan mundi sá vegur, er gera hefði mátt fyrir 5000 kr., að eins ná upp í miðjar hlíðarnar, en ekki geta orðið til hlítar; og það er því fyrirsjáanlegt, að sýslufélögin byndu sér þungar byrðar fyrir framtíðina með því að byrja með svo litlu, ef ekki slíkt ætti að vera ónýtt.

Við höfum þess vegna valið þá að ferð, að bera fram frv. um, að gera þessa leið að þjóðvegi, í líking við það, sem gjört var á síðasta þingi um veginn frá Gilsfirði til Bitru, en jafnframt farið fram á, að stjórninni veitist heimild til að verja til vegalagningar á þeirri leið 5000 kr. hvort árið á næsta fjárhagstímabili; eg get ekki ábyrgst, að það fé verði nægilegt; en eg er viss um, að það mundi ná langt; þó þetta sýnist mikil upphæð, er því ekki svo varið í raun og veru, þegar tekið er tillit til þess, að hér er um veg að ræða, sem er bráðnauðsynlegur, jafntorsóttur eins og hann er fjölfarinn. — Eg skal að eins geta þess, að Ísafjarðarsýsla hefir ekki átt ríkulegum tillögum að fagna af landssjóðs hálfu, og þó gelzt úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað 6. til 7. hluti af öllum skatttekjum lands-

ins, þar af ekki lítið úr vecturs ýslunni af tollum og útflutningsgjaldi og öðrum landssjóðsgjöldum. Þetta er ekki sagt til þess að metast á við önnur héruð. En það sýnir, að hér er um hérað að ræða, sem er þó gaumur gefandi. Eg skal ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en láta í ljós þá von, að h. þdm. séu svo sanngjarnir, að láta frv. ganga sinn veg hindrunarlaust.

ATKVGr.: Málinu vísað til samgöngumálanefndarinnar með 13 atkv.

Brúargjörð á Jökulsá í Oxarf.

FRUMVARP til laga um brúargjörð á Jökulsá í Öxarfirði (C bls. 289); 1. umr., 19. júlí.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Mér finst sjálfsagt að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar og leyfi mér að gjöra það að uppástungu minni.

ATKVGR.: Uppástungan samþ. með 12 atkv., og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 14. ágúst.

Framsögumaður (*Pétur Jónsson*): Eg vona að eg þurfi ekki að mæla mikið með þessu máli; því bæði er það, að mál þetta hefir verið oft til meðferðar hér á þingi áður, og eins hitt, að það eru víst fáir svo ókunnugir, að þeir viti ekki, hvaða á er hér um að ræða. Það er ein af þeim fáu ám á Islandi, sem hvergi er reið milli fjalls og fjöru, og eg hygg að hún sé sú eina, sem er óbrúuð af slíkum ám. Eg get líka álitið, að menn séu svo kunnugir, að menn viti það, að á þessi skiftir sundur í tvent héraði; hún skiftir sundur prestakalli og all-fjölmennri bygð, Axarfirði, og það svo tilfinnanlega, að annars vegar við ána verða menn að sækja verzlun um langan veg til Húsavíkur, en hinumegin er mönnum hér um bil alveg bægt frá að geta sótt til þessa verzlunarstaðar undir almennum kringumstæðum. Það hefir verið haft á móti þessari brúargerð af þeim ástæðum, að þetta hérað væri fáment, og það var einmitt það, sem gerði ágreininginn í fjárlaganefndinni; jafnvel þó allir í nefndinni væru sammála um það, að brúin væri í sjálfu sér nauðsynleg, þá kom okkur nefndmönnum ekki saman um það, hve mikla áherzlu ætti að leggja á það, að hraða brúargjörðinni.

Viðvíkjandi því atriði, að hérað þetta sé fáment, þá er ekki hægt að bera móti því; því í Norður-Þingeyjarsýslu eru eftir síðasta manntali að eins 13—1400 manns. En eg hygg þó, að það hafi allmikið verið lagt í sölurnar fyrir héruð ekki fjölmennari af hálfu landssjóðs, bæði í skipagöngur og vegabætur. Og eg skal benda á eitt, veginn sem byrjað er að leggja frá Borgarnesi niður eftir Mýrasýslu; þessi vegur verður talsvert dýrari en brúargerðin á Jökulsá, en ekki fyrir fjölmennara svæði en Norður-Þingeyjarsýslu; svo eg hygg, að hér sé nokkuð jafnt á komið. Farartálmar á þeirri leið hafa að vísu verið miklir, en þó ekki eins gjörsamlegir eins og Jökulsá er fyrir þá menn, sem þar búa. Í öðru lagi vildi eg geta þess, að Norður-Þingeyjarsýsla er ákaflega stórt flæmi, sem hefir að geyma mikla og góða landkosti að ýmsu leyti, þar á meðal ýmisleg sjávarhlunnindi, svo sem reka, eggver, selveiði. Þar eru einhverir þeir beztu landkostir, sem eg þekki; og það er óhætt að fullyrða, að óvíða er hægra að eiga sauðfé en í Norður-Þingeyjarsýslu. Ennfremur eru töluverðar fiskveiðar, t. d. í Þistilfirði og víðar í Norður-Þingeyjarsýslu. Þetta alt bendir á, að þetta hérað geti orðið miklu fjölmennara en það er. En það

sem hefir gjört það að verkum, að þetta hérað er fáment, er meðal annars, að samgöngur eru þar ákaflega örðugar, vegna heiða og vatnsfalla, sem skifta þessu héraði í smáparta, og hefir það gert alt samlíf manna þar erfitt. Þetta hefir gjört menn leiða á lífinu þar, og menn hafa verið fljótari til að flytja burt úr þessu héraði en mörgum öðrum. Það er þannig ein sveit í Norður-Þingeyjarsýslu, sem fyrir nokkru fluttist svo margt fólk burtu úr, að mjög margar jarðir fóru í eyði. Eg fæ því eigi betur séð en að alt það sem getur stuðlað til að gjöra þetta hérað byggilegra, sé til framfara fyrir landið, bæði að því leyti að fólksfjöldi aukist og að framfarir fólksins vaxi í líkamlegum og andlegum efnum.

Þá ætla eg að víkja að því, sem minni hluti fjárlaganefndarinnar leggur til, að málinu sé skotið enn á frest. Mér þykir það mjög leitt, að hérað, sem aldrei hefir fengið nokkurn styrk úr landssjóði til nokkurra vegabóta, og yfir höfuð hefir ekki á neinn hátt notið góðs af þeim framfarafyrirtækjum, sem landssjóður hefir styrkt, nema lítils háttar af gufubátsferðunum, þá finst mér það leitt, að láta þetta bíða von úr viti í þeirri von, að fjárhagurinn muni batna. Eg skal geta þess, að þetta mál hefir verið til meðferðar á hverjum einasta þingmálafundi þar nyrðra nú í 15 ár; og er viss um, að það er óhugsandi, að sá maður yrði kosinn á þing, sem ekki vildi fylgja þessu máli. Jafnvel þó Norður Þingeyingar hafi sýnt talsverðan þroska í því, að kjósa eftir aðalmálum landsins, þá er eg viss um það, að þeir gerðu þetta að skilyrði; eins og menn gjöra það að skilyrði fyrir þingkosningu, að þingmannsefnið fylgi fram sömu skoðun sem þeir í aðalmálum landsins eða þeim málum, sem kosningarnar aðallega snúast um, eins er eg viss um, að þeir menn gjöra þetta mál að skilyrði fyrir hvern þingmann; og sýnir það, að þetta er eins og önnur réttlætiskrafa í augum fólksins þar. Eg mæli ekki með þessu af sams konar ástæðum eins og þingmenn stundum hafa til að mæla með málum, er þeir hafa lofað að fylgja; því þetta mál hefir engin áhrif á mína kosningu. En eg tek þetta að eins fram til að sýna það, að þar er verulegur áhugi fyrir þessu máli; það er brennandi spursmál. Eg er þess vegna alveg handviss um, að það verður ekki nema stundarbið, þangað til landssjóður álítur skyldu sína að brúa þessa á. Og er þá nokkuð unnið við biðina í sjálfu sér? Eru nokkur líkindi til, að það verði hægra að brúa ána seinna, heldur en einmitt nú? Eg vil benda á, að þetta mál var til meðferðar á þingi 1895; þá var málinu skotið á frest, af því að það var ekki nægilega undirbúið; menn hugsuðu sér að bíða betra tækifæri. Árið 1897 var það enn á ferðinni; en sú varð niðurstaðan, að fresta málinu enn, því svo mörg mál yrðu að sitja í fyrirrúmi, og eins og menn vita hafa þessi 2 síðustu þing farið nokkuð langt í sakirnar með að brúka fé. Eg man nú ekki, hvað málinu leið á síðasta þingi (1899); en eg býst við, eða mig minnir, að það væri þá látið þoka fyrir annari brú, sem þá var álitið að ætti að sitja fyrir, og það var Lagarfljótsbrúin. Nú er sú brú ekki lengur til fyrirstöðu; það er þegar búið að veita fé til hennar; og þá virðist röðin komin að þessari brú. Hafa menn nú nokkura trú á því, að kröfur til landssjóðs muni svo minka, að fjárhagur landssjóðs fari eiginlega batnandi, fyr en þá ef lagðir verða á skattar, sem eitthvað verulega munar um? Eg er viss um, að menn verða alt af heimtufrekari á fé til þessa og hins,

og það er alveg eðlilegt. Eg hefi þess vegna ekki neina von um, að fé til þessarar brúar verði auðfengnara á næsta þingi heldur en nú er. Eg lít svo á, að það muni minna fyrir landssjóð, að brúa ána strax, heldur en fyrir héraðsbúa að bíða eftir brúnni svona ár eftir ár og von úr viti. Eg býst ekki við að eg þurfi að taka fleira fram þessu máli viðvíkjandi, vegna þess, að mönnum getur verið það í alla staði ljóst. Eg vona að menn vegi það vel, áður en menn greiða atkvæði með því að fresta málinu—vegi það vel, hvaða þýðingu það getur haft fyrir héraðið, að vera svift von um þetta mikilsvarðandi mál, sem hefir þýðingu ekki einungis í materíellu tilliti, heldur einnig í andlegu tilliti, vegna þess, að auknar samgöngur og bættar hafa áhrif á samlíf manna og menningu.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi einungis lítlu að bæta við nefndarálit minni hlutans. Það sem vakti fyrir minni hlutanum var þetta, að enda þótt hér sé um nauðsynlega samgöngubót að ræða, þá leyfir fjárhagurinn ekki að veitt sé meira fé en gjört hefir verið til samgöngubóta á þessu fjárhagstímabili, einkum þar sem í athugasemdunum við 19. gr. fjárlaganna er gjört ráð fyrir, að veita svo mörg lán til ýmsra fyrirtækja, að efasamt er, að hægt verði að uppfylla það alt.

Þegar um fjárveitingu til samgöngubóta er að ræða, verður að líta á, hvar hún kemur að mestum notum, og verða þá þau héruðin að sitja fyrir, sem mestan arðinn hefðu af samgöngubótinni. Hér er um mjög strjálbygt hérað að ræða, og mundi umferð um brúna verða lítil; og þó að héraðið hafi fengið lítið fé til samgöngubóta, verður líka að líta á hitt, að það borgar minna í landssjóð en mörg önnur héruð. En við þetta er þó ekki aðallega miðað, heldur hitt, að brúin yrði svo lítið notuð. Og minni hlutinn er þessu ekki mótfallinn af því, að hann vilji hafa þessa sýslu fyrir olnbogabarn; en þegar hann yfirvegar þörf landsins í heild sinni, virðist honum réttara að látá fjölmennari héruðin sitja fyrir. Háttv. framsögumaður meiri hlutans tók fram, að kröfurnar til annara hluta mundu verða eins knýjandi næst; en þá kemur til athugunar, hvort ekki verði að auka tekjur landssjóðs með nýjum skattalögum, og þá getur þessi brú komið til athugunar. Það rekur að því, að það verður að auka tekjur landssjóðs, eigi hann að geta uppfylt þær kröfur, sem til hans eru gjörðar, og þá er að finna ráð til þess. En eg sé ekki, að vér getum að svo stöddu bætt við 50,000 kr. til þessarar brúar, og á sömu skoðun var hinn norski verkfræðingur sem skoðaði brúarstæðið; hann lét í ljósi, að efasamt væri, hvort leggja ætti út að leggja þarna brú, og spursmál, hvort ekki mætti hafa þar svifferju. Það er auðvitað leiðinlegt fyrir héraðið, að þessu er frestað; en það er svo margt, sem verður að fresta.

ATKVGR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 10:10 atk., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson, Dal.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Hermann Jónasson,	Jóh. Jóhannesson,
Jósafat Jónatanss.,	Magnús Torfason,
Ólafur Briem,	Sigurður Sigurðss.,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
S. Stefánsson, Eyf.,	Tr. Gunnarsson,
S. Stefánss., Skgf.,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.

Lárus Bjarnason var ekki viðstaddur og Björn Bjarnarson Bf. hafði leyfi af fundi.

Brúargerð á Ytri-Rangá.

FRUMVARP til laga um brúargerð á Ytri-Rangá (C bls. 252); 1. umr., 16. júlí.

Flutningsmaður (*Þórður Guðmundsson*): Það er langt síðan, að allir þeir menn, sem eiga að ferðast yfir þessa á, sem hér ræðir um, hafa fundið sárt til þess, hversu mikinn farartálma hún hefir gjört þeim. Að vísu voru ekki svo háreystar raddir um það, meðan menn voru ekki betra vanir; en síðan menn eru farnir að venjast betra og brýrnar voru komnar á, þá hafa menn fundið sárt til þess, að hér þyrfti einhverja bót á að ráða. Það var því eftir ósk sýslubúa í Rangárvallasýslu, að sýslunefndin á fundi 1899 skrifaði landsbóðingja og óskaði eftir, að hann hlutaðist til um, að sendur væri verkfræðingur landsins til þess, að skoða brúarstæði á ánni, gjöra áætlun um kostnað þann, sem brúarlagningin hefði í för með sér, og jafnframt gefa teikningu af brúnni. — A þingmálafundi í Rangárvallasýslu var skorað á þingmennina í einu hljóði, að halda því fram á þingi, að brú væri lögð á þetta vatnsfall. En þar sem verkfræðingur landsins, þrátt fyrir góðar tillögur landsh., var teptur við brúarskoðanir annarsstaðar, þá gat hann ekki komist austur til að skoða brúarstæðið fyr en seinast í júní 1899; og hann kom ekki aftur úr þeirri ferð, fyr en það var meira en hálfnaður þingtíminn; svo að ekki sást fært, að láta málið ganga inn á þing, með því það gat ekki orðið útrætt.

Verkfræðingurinn gjörði áætlun um, hvar hentugast væri brúarstæði, gjörði áætlun um kostnaðinn og teikningu af brúnni. Eftir hans áliti sá hann ekki annarsstaðar tiltækilegt að brúa ána, heldur en við fossinn hjá Arbæ; og áætlunin var, eins og sjá má af þessu frumv., sem hér liggur fyrir, í kringum 30,000 krónur.

Þó að þetta vatnsfall, Ytri-Rangá, sé ekki eitt af stærstu vatnsföllum landsins, þa er óhætt að telja hana eina með þeim stærri vatnsföllum landsins, og það því fremur, sem legu hennar er svo háttað, að mjög margir þurfa yfir hana að sækja. Að vísu get eg játað það, að það er vað á henni, sem er þrautavað, en sem allir menn verða varir við, sem yfir hana hafa farið, að er mjög ilt, þegar vatnavextir eru, sem eru tíðir hér á Suðurlandi; að eg ekki tali um á vetrm, þegar ísrek og leysingar eru, því þá má segja, að hún sé fjalls og fjöru á milli alveg ófær. — Það sem aðallega gjörir það nauðsynlegt, að brúa þessa á, er það, að hún liggur alveg þvert yfir sýsluna, og allir þeir, sem þurfa að ferðast út og austur, þeir verða yfir hana að fara. — En sú allra brýnasta nauðsyn á að fá einhverja brú, er hvað fjárflutninga snertir; því það gefur öllum að skilja, að reka fé yfir annað eins vatnsfall eins og Rangá, það er ómannúðlegt, og lítt forsvaranlegt né samboðið þeim tíma, sem vér lifum á. — Það fé, sem rekið er úr Austur-Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, hlýtur að fara yfir hana, og er áður búið að fara yfir mörg vatnsföll.

Eg skal játa það og veit það vel, að landssjóður hefir í mörg horn að líta og miklum gjöldum að svara, og getur ekki framkvæmt alt það, sem þarf að gjöra, á einum og sama tíma. En það skal eg taka fram, að það er sorglegt til þess að vita, að sjá þá útgjaldapósta á fjárlögunum, sem standa þar ár eftir ár, sem eru því til fyrirstöðu, að veitt sé fé til nauðsynlegra og blessunarríkra fyrirtækja; eg meina þar sem eftirlaun eru og launaviðbætur til embættismanna.

Það er sá póstur, sem mætti brúa með mörg vatnsföll og margar torfærur á landinu, ef það væri að einhverju leyti minkað; og þjóðin finnur sárt til þess, því er mér óhætt að lýsa yfir; en þó hún sendi sínar bænir um að fá þessu breytt, þá hefir ekki stjórnin getað léð sitt miskunnareyra því til handa.

Pétur Jónsson: Eg stend ekki upp til að halda langa tölu um frumv. þetta, því að eg er svo lítt kunnur á þeirri, sem hér er farið fram á að brúa, og öllum staðháttum þar. En einmitt af þessu get eg heldur ekki gert mér grein fyrir, hve framarlega á þessi á að standa í röð þeirra vatnsfalla, sem landssjóður mun verða að leggja fram fé til að brúa.

Það er eitt, sem eg verð að leggja áherzlu á, og það er, að öll hin stærri samgöngubóta-fyrirtæki séu tekin eftir föstu, fyrirhuguðu plani, og á meðan vér eigum ekki þetta plan til, þá þurfum vér vandlega að athuga hvert einstakt slíkt fyrirtæki, sem farið er fram á að framkvæmt sé og bera það saman við önnur samgöngu-fyrirtæki, sem búast má við, að óskað sé eftir að framkvæmd séu um sömu mundir. — Eg skal t. d. benda á, að mér hefir verið tengið í hendur, að flytja inn á þing málið um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði, og þá kemur til samanburðar, hvora brúna rétt muni vera að leggja fyr, ef þær geta eigi orðið bygðar samtímis.

Það er fyrir sérstök atvik, að eg hefi eigi enn getað komið máli þessu inn á þing. — Fyrst og fremst mundi h. þm. N.-Þing. (A. Ó.) hafa flutt málið, ef vér hefðum átt því að fagna, að hafa hann á þing með oss, og því vildi eg ekki hreyfa því, á meðan ekki var útséð um, hvort hann mundi koma eða eigi, og nú upp á síðkastið hefir staðið á því, að eg hefi eigi getað enn náð í skýrslur um brúarmálið, sem lágu fyrir þingunum 1895, 1897 og 1899.

Bezt tel eg fara, að brúamál landsins séu íhuguð af sérstakri nefnd, sem til þess sé skipuð, og leyfi eg mér, að stinga upp á því, að svo sé gjört.

ATKV.GR.: Tillaga um sérstaka nefnd í brúarmálum landsins feld með 11 : 11 atkvæðum.

Tillaga um að vísa málinu til samgöngumálanefndarinnar feld með 12 : 9 atkvæðum; en tillaga um að vísa því til fjárlaganefndarinnar samþykt með 15 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Gæzla og viðhald brúnna á Ölfusá og Þjórsá.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 24. maí 1893 um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C bls. 185); 1. umræða, 9. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Þorsteinsson*): Menn gætu ímyndað sér, þegar þeir líta lauslega á frumv. þetta, án þess að bera það saman við lögin frá 1893, að hér væri um mikla breytingu að ræða, sem hefði mikinn kostnað í för með sér fyrir landssjóð; en svo er ekki. Breytingin er engin önnur en sú, að brýrnar á Ölfusá og Þjórsá komist í eigu og umsjón landsjóðs, er greiði þar af leiðandi kostnaðinn við gæzlu þeirra og viðhald, en nú borgar hann að eins viðhaldið, en sýslusjóður Árnes- og Rangárvallasýslu gæzlukostnaðinn. Jafnframt er tekið beinlínis fram í þessu frumv., að sektir fyrir brot skuli renna í landssjóð, en um það eru engin fyrirmæli í lögunum 24. nóv,

1893. Þetta eru hinar einu breyting ar, sem felast í frumv.

Eg skal geta þess, að réttara væri að orða fyrirsögnina á frumv. svo: Frv, til laga um brýrnar á Ölfusá og Þjórsá, úr því að ætlast er til, að lögin 1893 séu alveg numin úr gildi, sem réttast þótti, úr því að farið var að hrófla við þeim.

A alþingi 1893 var mikið rætt um að leggja á brúartoll, og voru margir á því, að það mundi vera heppilegt, en tollurinn skyldi ganga upp í kostnað við viðhald og gæzlu brúnna. En öðrum þótti þetta fyrirkomulag óheppilegt, og voru á þeirri skoðun, að mestur hluti tollanna mundi ganga í sjálft sig, þ. e. kostnaðurinn og erfiðleikarnir við innheimtu hans verða svo miklir, að lítið sem ekkert yrði afgangs, og auk þess þyrfti þá að hafa miklu meiri gæzlu á brúnum, jafnvel bæði dag og nótt, t. d. 3—4 mánuði að sumrinu. Urðu úrslitin á þinginu 1893 þau, að brúartollurinn komst ekki á, en í stað hans var gæzlukostnaðinum við brýrnar smelt á sýslufélögin, en landssjóður skyldi taka að sér viðhaldið.

Að vísu er þessi gæzlukostnaður ekki ýkjahár, 7—8 hundruð kr. á báðum sýslufélögunum, og menn gætu ímyndað sér, að sýslufélögin mundi ekki muna mikið um hann; en svo er þó ekki í raun og veru; þau muna um minna. Eg get gefið þær upplýsingar, að útgjöld sýslusjóð anna hafa vaxið mjög mikið í báðum þeim sýslum á síðari árum vegna þess, að sýslufélög þessi hafa verið ótrauð að leggja út í mörg kostnaðarsöm nytsemdar- og framfarafyrirtæki í seinni tíð. Eg get nefnt einn hrepp, þar sem jafnað er niður að meðaltali um 10—20 kr. sýslusjóðsgjaldi á hvern búanda, en hjá sumum efnabændum er gjald þetta 60—70 kr. Þetta sýnir, að þessar sýslur standa ekki öðrum á baki með að taka þátt í nauðsynlegum fyrirtækjum, og að hér er ekki um neina hreppapólitík að ræða, heldur að eins princip, það princip, að landssjóður eigi að hafa eign og umráð yfir öllum höfuðsamgöngufærum landsins og standast allan kostnað af þeim. Báðar þessar brýr eru höfuðprýði allra mannvirkja hér á landi og sómi fyrir þjóðina að eiga þær. Þess vegna ætti landssjóður að hafa allan veg og vanda af þeim, enda hefir landssjóður tekið að sér minni og óveglegri samgöngufæri en þetta. Eg á við brúna á Skjálfandafljóti. Fyrst var gefinn upp helmingurinn af láninu til brúarbyggingarinnar, og síðan 1897 allar eftirstöðvar þess, og það umræðulaust, en landssjóður tók algerlega að sér brúna til eignar og umráða. Eg álít, að eftirlitið gæti orðið betra, og meiri trygging fyrir því, að brúnum væri allur sómi sýndur, ef landssjóður ætti að annast það að öllu leyti.

Eg segi þetta ekki af því, að eg sé á þeirri skoðun, að það eigi að koma öllum smábrúm á landinu í eigu og umsjón landssjóðs; þær eiga sýslufélögin eingöngu að annast. — Eg skal líka geta þess, að mikill hluti láns þess, sem sýslufélög Arnes- og Rangárvallasýslu tóku til að koma brúnum á, er enn eftir ógreiddur, og sýslufélögum þessum kemur ekki til hugar að fara fram á, að fá það gefið upp, ef þau fá þessari ósk sinni framgengt, sem þetta frumv. flytur.

Eg veit, að sumir meðflutningsm. mínir, t.d. h. 2. þm. Rangæinga (M.T.) er kunnugri ástandi sýslusjóðanna þar eystra en eg, og gæti gefið deildinni nánari upplýsingar þar að lútandi, ef óskað verður. Eg fer því ekki frekara út í

það. En eg vona, að deildin taki þessu frumv. vel, ekki síður en frumv. um Skjálfandafljótsbrúna 1897.

Þórður Guðmundsson: Frumv. það, sem hér liggur fyrir, er að vísu ekki stórt og heldur ekki innihald þess mjög stórt, hvað kostnaðinn snertir. Eg ætla nú ekki að fara út í það, hversu tilfinnanlegt það er, þetta gjald til viðhalds á brúnum, heldur hefi eg skrifað undir það, og við allir, með það fyrir augum, að viðhald og kostnaður brúnna hvíli á landssjóði, þær sem eru einn lítill partur úr póstleið, að hann eigi algjörlega að hvíla á landssjóði. Það er líka það sem vakir fyrir mér, að þessi brúargæzla muni bráðum hverfa. Eg vonast til þess, að þeir menn, sem fara yfir brýrnar, fyllilega vari sig á því að brjóta þær reglur, sem settar eru um umferð á brúnum. En þar lít eg svo á, að ef landssjóður eða landshöfðingi hefir eftirlitið, þá muni það verða síðar lagt svo út, að það sé út af kostnaðinum, eða að sýslunefndin vilji losna við þetta gjald. Það er það sem aðallega vakir fyrir mér, að brotin muni alveg hverfa, og muni því ekki nauðsynlegt að hafa gæzlu við brýrnar. Eg ætla ekki að fjölyrða um þetta mál, en vonast til, að deildin íhugi það; hvort hún vill setja í það nefnd, eftirlæt eg öðrum að gera uppástungu um.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg sting upp á þriggja manna nefnd.

ATKVGR.: Samþykt með 13 atkv. að kjósa þriggja manna nefnd, og hlutu kosningu:

Magnús Torfason með 12 atkv.
Sigurður Sigurðsson með 11 atkv.
Einar Jónsson með 9 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. 1. umr., 13. júlí (C bls. 185, nefndarálit og br.till. 239).

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Mál þetta er svo einfalt, að það þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

Nefndin í málinu klofnaði í tvent, og hefir meiri hlutinn lagt það til, að frumv. verði samþ. óbreytt, og aðalástæðan er sú, að þessar brýr yfir Ölfusá og Þjórsá eru kaflar úr flutningabrautum, og mér vitanlega ræður það »princip» bæði hjá þingi og stjórn, að landssjóður kosti viðhald á öllum flutningabrautum og annist þær að öllu leyti, og þess vegna finst mér það eðlilegt, að það princip sé einnig látið ráða að því er brýr þessar snertir, úr því þær eru kaflar úr flutningabrautum. Þetta virðist því eðlilegra, þar sem þessar sýslur hafa lagt svo mikið fé, 20,000 kr., til byggingar þessara brúa, og þess vegna virtist það alveg óþarft í upphafi að fara að leggja þennan gæzlukostnað á sýslurnar þar að auki, því mér vitanlega hafa engin önnur héruð lagt eins mikið úr sínum sjóði til vegabóta, eins og einmitt þessar sýslur. En það er ekki nóg með það; eg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að lögin frá 24. nóvember 1893 um gæzlu Ölfusár- og Þjórsár-brúnna séu hreint og beint brot á lögunum 3. maí 1889; þar stendur sem sé í niðurlagi 4. gr. laganna: »Þegar brúin er komin á, hefir landsstjóruin og umsjón yfir henni«. Eg get ómögulega séð, hvaða þýðingu þessi orð hafa, ef það er ekki meiningin, að landssjóður hafi gæzluna. Gáum við í danska textann, þá er það enn skýrara tekið fram þar, að það er meiningin, að landssjóður hafi gæzluna. Þetta frumv. er því komið fram til þess, að gefa þinginu tækifæri til að bæta úr þessari yfirsjón, sem því hefir orðið á, og þar sem það var bæði eðlilegt

að landssjóður kostaði gæzluna, og þing og stjórn hefir sem sagt í upphafi verið á því að samþykkja það, þá virðist mér það sjálfsagt.

Það er komin hér br.til. við þetta frum., en nú við þessa umræðu skal eg ekki fara frekara út í hana.

Guðlaugur Guðmundsson: H. framsm. nefndarinnar tók það fram, að honum virtist þetta mál vera svo einfalt, en eg vildi leyfa mér að taka það fram, að það er að minsta kosti tvöfalt, og getur verið, að það verði, áður en umræðunum lýkur, orðið margfalt. Eg hefi, eins og menn sjá af þeirri br.till. sem útbýtt hefir verið í deildinni, hreyft gagngerðri breytingu á þessu frumv., og eg skal að eins stuttlega gera grein fyrir, af hvaða ástæðu eg hefi borið fram þessa br.till.

Það var á þingi 1893, að eg ásamt öðrum h. þm. flutti frumv. um það, að leggja toll á alla umferð um þessar brýr. Þetta var gjört vegna þess, að menn þóttust sjá fyrir, að tollurinn mundi ekki verða nein tálmun á umferð um brýrnar, ekki heldur illa séður af héraðsbúum, en mundi verða talsverð tekjugrein, sem mundi endurgreiða landssjóði kostnaðinn við brúargæzluna, og jafnvel gerðum við ráð fyrir, að brúartollurinn mundi nema þeirri upphæð, að það yrði talsverður afgangur.

Vitaskuld voru þetta getgátur, en móti okkar getgátum komu svo aðrar getgátur um, að tollurinn mundi verða óvinsæll og fyrir hann minni umferð um brýrnar; um þetta urðu allharðar umr. á þingi '93, sem menn geta kynt sér í Alþtíð., og þegar fram í umræður málsins sótti, þá var það borið upp af hendi þm. fyrir héraðið sem nokkurs konar samkomulag, að héruðin skyldu taka að sér gæzlu og viðhald á brúnum. Þessi lög eru þannig mynduð sem samkomulag af hálfu þessara héraðsbúa, sem hér eiga hlut að máli, við aðra landsbúa, svo eg get ekki álitið það rétt, að fara nú að upphefja þessi lög, sérstaklega vegna þess, hvernig þau eru til orðin. Eg verð því að mæla móti því, að þetta frumv. fái samþykki deildarinnar. En hitt er annað mál, hvort ekki væri rétt að gefa eftir, eins og gjört hefir verið með brýrnar á Skjálfandafljóti, eftirstöðvar af því láni, sem varð að taka til þess að koma Ölfusárbrúnni á, með það sem sé fyrir augum, að landssjóður er þess megnugur, að kosta þessa brú einsamall; með það líka fyrir augum, að þegar um mikið stórvirki er að ræða, þá sé það landssjóður einn, sem kostar það upphaflega; en spurning hefir nokkur verið um, hvort það ætti að vera svo eða ekki, að héraðið viðhaldi því stórvirki, sem landssjóður lætur á sinn kostnað framkvæma. (*Stefán Stefánsson* 2. þm. Skgf.: Hve miklu nema eftirstöðvarnar?). Mér er ekki kunnugt um, hve mikið það er, en þetta er minnir mig 7. árið af 45 árum, sem lánið á að afborgast á. Lánið var upphaflega 20,000 kr.; en upphæð eftirstöðvanna nákvæmlega get eg ekki gefið að svo stöddu; hin árlega afborgun er rúmar 965 kr.

Eg get ekki séð, að það sé neitt á móti því, að gefa upp eftirstöðvarnar af láninu; en hinu er eg mjög mótfallinn, að gæzlan sé lögð á landssjóðinn, einmitt vegna þess, hvernig þessi lög eru til orðin. En mér finst sanngirni í hinu, þó Arnessýsla og Rangárvallasýsla að nokkru leyti hafi fengið talsverðan styrk úr landssjóði í vegalagningum þeim, er þar hafa verið gjörðar. Eg skal ekki fara fengra út í málið á þessu stigi, en óska þess, að það fái að ganga til 2. umr.

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Mér komu alls ekki á óvart þessar mótbárur háttv. þm. V.-Sk. (G. G.). Það gladdi mig eitt, og það var, að hann reyndi ekki að mótmæla því, sem eg tók fram, að lögin '93 færu í bága við lögin '89. Eg hefi rækilega kynt mér umræðurnar á þingi '93 um það, hvernig lögin 24. nóvbr. '93 komust á, og eg get ekki álitið, að þar hafi verið um neitt samkomulag að ræða milli þm. þessara kjördæma og annarra þm. hins vegar. Þetta, að það var farið fram á tollinn, kom fram á þann hátt, að eg verð að álíta að þingið hefði gert bezt í að sinna því ekki.

Það var vitanlegt, að menn í öðrum héruðum öfunduðu þessi héruð fyrir að hafa fengið svona mikið fé til þessara brúa. Öfundin kviknaði, eins og vant er; það urðu blaðadeilur og æsingar; þegar svo kemur hér á þing, þá beita ýmsir mikilsmegandi þm. sér til að koma tollinum á. Til þess að þetta tækist ekki, vildu þm. vinna það til, að héruðin tækju að sér gæzluna, ekki af sínum góða vilja, heldur til þess að afstýra tollinum; því það er gömul regla hjá öllum skynsömum mönnum, að taka það af tvennu illu, sem manni þykir aðgengilegra.

Eg skal svo ennfremur halda því fast fram, að hér er um sanngjarna kröfu að ræða, en ekki um neina eftirgjöf, ekki um neinar sníkjur.

Pétur Jónsson: Mér finst ástæða til fyrir mig, að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, því það stendur svo á, að eg var flytjandi að frumv. um uppgjöf á láninu til brúargerðarinnar á Skjálfandafljóti 1897.

Það mundi nú þykja hreppapólitík af mér eða þröngsýni, ef eg nú væri á móti þessu frumv., en engu að síður stendur þó svo á, að eg get ekki að svo stöddu gefið því atkvæði mitt. Eg hefi hér í höndum skýrslu yfir, hve miklu uppgjöfin á láninu til Skjálfandafljóts nam. Eftir þeirri skýrslu tók sýslusjóður S-Þingeyjars., sýsluvegasjóður N.- og S.-Þingeyjarsýslu og Norðuramtið að sér allan kostnað við bygging á brúnum á Skjálfandafljóti, og verður því þegar að þessu leyti ekki borið saman við það, sem hér á sér stað, þar sem brýrnar á Ölfusá og Þjórsá að eins að nokkru leyti eru bygðar á kostnað sýslnanna. Í öðru lagi var búið að borga mikið af byggingarkostnaðinum eða brúarláninu, eg man ekki glögt, hve mikið, en eg hygg að minsta kosti helminginn; en hér stendur svo á, að ekki er búið að borga nema örlítinn part af þessum 20,000 kr., sem veittar voru í fyrstu; eftir munu standa 18,694 kr., eða með öðrum orðum, að búið er að borga tæpar 1300 kr. Það lítur því út fyrir, að það hafi verið alveg meiningarlaust, að vera að leggja þennan kostnað á sýslufélögin upphaflega, ef nú er farið að gefa hann upp, og mér finst sem við með því dæmum, að þeir þm., sem upphaflega lögðu kostnaðinn á sýslufélögin, hafi gert það ranglega, og þeir, sem mættu fyrir hönd þessara sýslufélaga, hafi gengið hugsunarlaust inn á þetta fyrir þeirra hönd, en eg fyrir mitt leyti treysti mér ekki til að fella slíkan dóm yfir fyrirrennurum okkar. Eg vil ekki að orð mín séu skilin svo, að eg sé með öllu mótfallinn uppgjöf á þessu láni; eg mun á sínum tíma ekki vera á móti því, að gefinn sé einhver hluti af láninu, líkt og átti sér stað með lánið til brúnna á Skjálfandafljóti. Í sambandi við það skal eg geta þess, að Suður-Þingeyjarsýsla hafði algjörlega á eigin kostnað bygt brýr á aðalpóstleið, nefnilega brýrnar á Laxá; þessar brýr kostuðu landssjóð ekki einn einasta eyri.

Mér hefir yfir höfuð skilist, að þetta

vegakerfi hér austur um, ásamt brúnum, hafi verið gjört til þess, að bæta það upp að nokkru leyti, að þessar sýslur verða meir en aðrar að fara á mis við þau hlunnindi, sem strandferðirnar veita, og þetta hefir mér fundist vera sanngjarnt og fullkomlega rétt. En eins og samgöngufærin á sjó ekki eru kostnaðarlaus fyrir þá, sem nota þau, eins finst mér það einnig vera sanngjarnt, að þeir, sem nota þessar sérstöku samgöngubætur, það er að segja brýrnar, borgi einnig fyrir þau afnot. Mér finst því ekki neitt sérlega ósanngjarnt að leggja brúartoll á, en þar sem héruð þessi ekki vildu brúartoll í öndverðu, heldur tóku að sér part fyrirtækisins, þá hefir mér skilist það svo, sem þau tækju að sér að borga nokkurs konar brúartoll fyrir sýslubúana, í stað þess, að leggja hann á hvern einstakan mann, sem notaði brýrnar, og þetta finst mér eiga vel við.

Eg skal líka benda á, að í annari þessari sýslu, Arnessýslu, hefir verið lögð akbraut að mestu leyti á kostnað landssjóðs. Það er ekki svo að skilja að eg sé að telja þetta eftir, en mér finst þó rétt, að benda á þessa akbraut frá Ölfusárbrúnni og niður á Eyrarbakka, sem er ekki á aðalpóstleið, heldur eingöngu innan héraðs, og finst mér því ekki svo ósanngjarnt, þótt sýslufélögin væru látin borga jafnmikið af þessum 20,000 kr. láni, sem svaraði því, er þessi akbraut kostaði landssjóð.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst þetta mál nokkuð snemma upp borið. Þegar litið er á vegareikningana, og maður sér, hve mikið fer í viðhald á þeim vegum, sem þegar er búið að leggja, þá er ekki annað fyrirsjáanlegt en að hætta verði við að leggja nokkra nýja vegi, ef sömu aðferð er beitt og hingað til hefir gjört verið. Allir þeir peningar, sem ætlaðir eru til vegagjörða og vegaviðhalds, ganga nefnil. upp í viðhaldið, svo ekkert verður eftir til að leggja nokkurn nýjan veg fyrir. Eg vil því leyfa mér að skjóta því til landsstjórnarinnar, hvort hún vildi ekki undirbúa og leggja fyrir þingið frumv. um, að lagning á vegum sé á kostnað landssjóðs, en viðhaldið sé borið af hlutaðeigandi sýslufélögum. Verði þannig lagað frumv. samþykt, þá skal eg fyrir mitt leyti vera með því, að gefa upp þetta lán, því eg álít að í rauninni sé það hið eina rétta princip, að landssjóður leggi vegina, en sýslufélögin kosti viðhaldið og gæzluna. Eg vildi að eins taka þetta fram, til að benda á afstöðu mína til þessa máls, og skýra hvernig á því stæði, að eg gæti ekki gefið frumv. atkvæði mitt.

Hannes Þorsteinsson: Eg skal ekki dæma um, á hve miklum rökum það sé bygt hjá háttv. 2. þm. Rangv. (M. T.), að lögin frá 1893 séu brot á lögunum frá 1889. Í lögum frá '89 stendur, að landssjóður hafi umsjón yfir brúnni yfir Ölfusá, en það er lögfræðinganna að skera úr, hvort lögin frá '93, um að kostnaður við gæzlu á brúnum skuli hvíla á sýslusjóðum Arness- og Rangárvallasýslu, komi í bága við þessi ummæli laganna 1899. En þar sem háttv. þm. V. Sk. (G. G.) sagði, að samkvæmt lögunum frá '93 hefðu héraðsbúar tekið að sér gæzluna á brúnum, eða samþykt gerðir þm. í því efni, þá er þetta alls ekki rétt. Þetta hefir aldrei verið borið undir héraðsbúa, og þeir hafa því ekki einu sinni átt kost á því, að samþykkja þetta. Og þótt þm. þeirra hafi greitt atkvæði með þessu á þinginu 1893, þá var það eingöngu af því, að þeir voru neyddir til þess, til þess að forða héraðsbúum frá brúartolli, sem þeir vissu að kjósendur þeirra voru mjög mótfallnir. En þótt

svo hefði verið, sem alls ekki var, að lögin frá 1893 hefðu verið eins konar samningamál eða miðlunarmál milli héraðsbúa annars vegar og löggjafarvaldsins hins vegar, þá gæti það þó ekki orðið þessu frumv. að falli, því að slíkur samningur getur þó ekki verið bindandi um aldur ævi.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um, hve miklu fé hefði verið varið til vegabóta og samgöngubóta í Arness- og Rangárvallasýslum. Það er ekki spá nýtt að heyra þann són, þær eftirtölur hér á þingi. Oftar en einu sinni hefir því verið kastað framan í þingmenn þessara sýslna, að þeir væru of heimtu frekir á fé til þessara héraða. En slíkar ákúrur eru ekki á neinu bygðar. Brúin á Ölfusá var fullger 1891. Mér er nú spurn: Var það ekki sjálfsagt, fyrst búið var að gera brúna, að leggja þá líka vegi að henni héðan úr höfuðstaðnum, svo hún yrði notuð? Það liggur ekki nema nokkur hluti þess vegar í Arnessýslu.

1894 var bygð brú á Þjórsá. Var nú ekki sjálfsagt að leggja þá veg á milli brúnna? Þessi vegur (Flóavegurinn) liggur í Árnessýslu. Þetta er alt og sumt, sem lagt hefir verið beinlínis til Arnessýslu af landssjóðs hálfu til vegabóta, því vegurinn yfir Mosfellsheiði verður ekki beinlínis talinn til þess. Mosfellsheiðarvegurinn er auð vitað notaður nokkuð af íbúum efri hluta Arnessýslu, en hann er ekki lagður þeirra vegna, heldur aðallega vegna útlendinga, sem ferðast til Þingvalla og Geysis. Hann var lagður sem byrjun á akbraut, sem gert var ráð fyrir að næði alla leið austur að Geysi, en þeirri akbraut hefir ekki enn verið lengra haldið en til Þingvalla, og óvíst, hve lengi það dregst enn. H. þm. S.-Þing. (P. J.) var að telja eftir akbrautina frá Ölfusá niður á Eyrarbakka, en mér finst það nokkuð smásmyglislegt, því fyrst og fremst er nú öll brautin ekki lengri en c. 10 kílómetrar, og auk þess kostað af sýslusjóði miklu fé til hennar gagnvart landssjóði.

Eg veit það, að sumir ókunnugir menn halda að nú séu komnir svo góðir vegir um Arnessýslu, að það megi skeiðríða um hana alla saman. — Það væri nógu gaman, ef h. þm. S.-Þing. (P. J.) o. fl. vildu reyna það. Ætli þeir skeiðríðu ekki sundvötnin líka? Það má t. d. haga þar svo ferðum sínum í efri hluta og miðhluta sýslunnar, að menn komist ekki hjá að sundleggja þrisvar sama daginn. Það er einnig fjarri sanni, að Arnessýslubúar hafi ekki tímt að leggja neitt á sig til samgöngubóta í héraðinu, því að þeir hafa gert það flestum framar. Í þessu frv., sem fyrir liggur, er ekki farið farið fram á annað en að létt verði dálitlu árlegu gjaldi (brúargæzlukostnaðinum) af þessum 2 sýslufélögum (Arnes og Rangárvallasýslu) til þess, að héruð Þessi geti því frekara stutt að nýjum framfarafyrirtækjum innanhéraðs.

H. þm. Vestm. (V. G.) hélt því fram, að rétt væri að leggja viðhaldið á vegunum á héruðin. Þessu verð eg að vera algjörlega mótfallinn. Sýslufélögin geta ekki risið undir því. Það hefir sýnt sig, að viðhaldið hefir orðið ákaflega mikið, en það stafar sumpart af því, að vegirnir eru ekki nógu vel gerðir í fyrstu, og má færa ýms dæmi því til sönnunar. Auðvitað yrðu vegirnir dýrari í fyrstu, ef þeir væru vel gerðar, en það mundi borga sig. Hvað br.-till. frá h. þm. V.-Sk. (G. G.) á þgskj. 73 snertir, þá skal eg ekki fjölyrða mikið um hana. Hún er í rauninni alveg í samræmi við það, er þingið gerði, er það gaf upp eftirstöðvarnar af láninu til brúargjörðar á Skjálfandafljóti. Það kemur nokkuð í sama stað niður

hvort heldur sþ. er frv. eða br.till. — Eg veit ekki, hvort vænlegra er til samþykkis hér í deildinni, en vil þó heldur hallast að frv. óbreyttu, ef jafngóðar horfur væru á samþykki þess. — Eg óska, að frv. fái að ganga til 2. umr., svo menn geti betur áttað sig á því, og vona að háttv. þingdm. verði svo sanngjarnir, að þeir að minsta kosti annaðhvort gangi að því, að landið taki að sér gæzlukostnaðinn, sem eg vildi helzt óska, eða gefi þá upp lánið. En fáist ekki uppgjöf á öllu láninu, þá vildi eg heldur sætta mig við helmingsuppgjöf heldur en ekki neitt, og mun fara fram á það, ef hitt fellur.

Einar Jónsson: Af því eg var kosinn í nefnd þá, sem sett var í þetta mál, og sakir þess að eg hefi ekki getað orðið sammála h. meiri hl. nefndarinnar, þá hlýðir víst ekki annað en að eg minnist lítið eitt á málið. Það eru þó ekki aðalatriðin í málinu eða frv. sjálft, sem eg ætla að minnast á, heldur br.till. á þgskj. 73. Alit mitt á frv. sjálfu hefi eg látið í ljósi í nefndarálitinu og geri því ráð fyrir, að eg þurfi ekki að endurtaka það hér, enda því eg býst við h. þingdm. hafi þegar kynt sér það.

Hvað þessa br.till. snertir, þá verð eg yfir höfuð að vera á sama máli og háttv. varafors. (P. J.). Br.till. er bygð á því, að hér sé um svipaða uppgjöf á láni að ræða og uppgjöfina á láninu til brúargerðar á Skjálfandafljóti, og af því að hér stendur óneitanlega nokkuð líkt á, þá mundi eg fremur geta verið samþykkur því, að gefa upp nokkurn hluta af láninu, heldur en að landssjóður taki að sér gæzluna á brúnum; en engu að síður get eg þó ekki nú gefið þessari br.till. atkvæði mitt, því ef þetta lán er borið saman við það, sem veitt var til brúargerðar á Skjálfandafljóti, þá sést það, að talsverður munur er hér á ástæðum. Þannig tóku þær sýslur er áttu hlut að máli, lán til brúarinnar á Skjálfandafljóti, til að standast allan kostnaðinn af brúargerðinni, og af því láni horguðu þær vexti og afborganir í 11 ár, eða þangað til 1891, að þeim var gefinn upp helmingur af því, sem þá stóð eftir. 1897 voru þeim svo uppgefnar þáverandi eftirstöðvar eða um 7000 kr. Af þessu má sjá, að þessar sýslur hafa borgað langt um meira af því láni, sem þeim var veitt, en þær sýslur, er nú eiga hlut að máli, hafa enn gert. Hér víkur því nokkuð öðru vísi við, og eg get því ekki að þessu sinni verið samþykkur br.till. Með frv. get eg heldur ekki verið af þeim ástæðum, sem eg hefi tekið fram í nefndarálitinu, ekki sízt þegar eg lít á það, að líkur eru til, að talsvert af viðhaldinu á vegunum yfir höfuð að meira eða minna leyti verði að leggja á sýslufélögin, eins og h. þm. Vestm. benti á.

Þórður Guðmundsson: Mig furðar stórlega, hve mislagðar hendur háttv. þingdeild eru í ýmsum fjárveitingum. Það er vitanlegt, að mjög stór fjárupphæð, sem verja átti í líka stefnu og hér er um að ræða, orðalaust hefir gengið í gegn hér í deildinni, en þessi litla upphæð mætir annari eins mótspyrnu. Hér er ekki um nema 7—800 kr. árlega að ræða, vitanlega í nokkuð mörg ár, en svo er aftur hins að gæta, að gæzlukostnaðurinn árlega fer minkandi og getur með tímanum alveg horfið, eftir því, sem mönnum lærist betur og betur að nota brýrnar. Jafnvel eftir því, sem brýrnar eru nú notaðar, virðist hreinn óþarfi, að gæzlukostnaðurinn sé eins mikill og hann er. Það má heita að varla nokkur maður brjóti þær reglur, sem settar eru um yfirferð á brúnum; það er helzt, að stöku sinnum komi fyrir, að menn rétt af óaðgætni fari með einum hesti um of af mörgum yfir um í senn eða svo. En þegar lengra

frá líður, og reglurnar eru orðnar vel kunnar og ljósar öllum almenningi, má gera ráð fyrir, að öll gæzla geti horfið með öllu. Hér er virkilega ekki um neina hreppapólitik að ræða, heldur um það princip, að eftirlit með brúnum á aðalpóstleiðinni sé hjá landssjóði, en þá jafnframt kostnaðurinn við eftirlitið. — Það hefir verið margtekið fram, hve miklum kostnaði og hve miklu fé sé búið að verja í vegina héðan úr Rvík og austur í Arness- og Rangárvallasýslu, og er það að vísu rétt, enda hefir mikið gott af því leitt, og eg verð að telja því fé vel varið, því vegirnir hér austur um, ásamt brúnum, verð eg að álíta hreinustu kjörgripi fyrir alla þjóðina. Það hefir verið tekið fram eins og eg sagði, að miklu fé hafi verið varið í vegina austur, en svarið frá okkar hálfu, er þetta, að þessi héruð, Arnes- og Rangárvallarsýsla, njóta heldur ekki neins góðs af því mikla fé, sem varið er til strandferða á hverju ári (60,000 kr.); og að þau héruð, sem njóta góðs af þeim, leggja ekki fram einn eyri úr sínum vasa.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. Vestm. (V. G.) tók fram, að viðhaldið á vegunum ætti að flytjast yfir á sýslufélögin, þá skal eg svara því, að það er það sama, sem að setja stíflur fyrir alla framkvæmd á öllum vegagjörðum hér á landi.

Valtýr Guðmundsson: H. 1. þingm. Arn. (H. Þ.) sagðist vera algjörlega mótfallinn því, að viðhaldið á vegunum sé sett á héruðin eða sýslusjóðina, og í sama strenginn tók h. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.), en þessa leið verður engu að síður að fara, og eg skal benda báðum h. háttv. þingm. á, að þingið er búið að slá þessu principi föstu. — I lögunum 12. jan. 1900 um tjölgun og viðhald á þjóðvegum stendur: »Heimilt skal landsstjórninni að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða«. — Hér með er principinu slegið föstu, að því er snertir þá vegi, sem framvegis kunna að verða lagðir; en hvaða meining væri þá í því, að sleppa þeim sýslufélögum, þar sem vegir hafa þegar verið lagðir? Er nokkur sanngirni í því, að láta þá, sem fyrst fá vegina og sem fyrst hafa not af þeim, sleppa við öll gjöld, en leggja aftur á móti gjöld á þá, sem verða að bíða helmingi lengur? Þetta getur mér að minsta kosti ekki fundist sanngjarnt.

Það var sagt, að sýslusjóðum væri of-vaxið, að rísa undir þessum viðhaldskostnaði. En hvernig fer þá með landssjóð? Hvaðan fær hann peninga til þess? Er það ekki frá landsbúum, þessum sömu mönnum, sem sýslusjóðirnir fá sína peninga hjá? — Mér finst það að því leyti vera nokkurn veginn sama, hvort landssjóður eða sýslusjóðir borga viðhaldið á vegunum; en það er ekki sama að öðru leyti, því bæði er það líklegt, að menn fari þá betur með vegina, og að eftirlitið verði betra, ef það er hjá sýslufélögunum og viðhaldið eins miklu ódýrara. Reynslan hefir sýnt og sannað, að öll þau verk, sem unnin eru fyrir landssjóð, eru langtum dýrari en þau, sem privatmenn eða sýslufélög láta vinna fyrir sig, og það er því reynslan og hyggindin, sem benda á, að fara þessa leið.

Þegar þetta fyrirkomulag er komið á, skal eg ekki vera því mótfallinn, að gefa upp þetta lán, sem hvílir á sýslufélögum Arness- og Rangárvallasýslu.

Tryggvi Gunnarsson: Eg tek í sama strenginn og h. þm. Vestm. (V. G.), að

reynslan muni bráðlega sýna það, að nauðsynlegt verður að breyta vegalögunum, gjöfinni þannig, að landssjóður kosti lagningu veganna, en sýslurnar annist viðhald þeirra. — Það verður landssjóði ofvaxið, að kosta hvorttveggja; setjum svo, að viðhaldið á akbrautum og þjóðvegum á öllu landinu kosti árlega 20 þús. kr., þá liggur það í augum uppi, að sú upphæð verður að dragast frá því fé, sem annars yrði notað til að leggja nýja vegi. — Svo fyrir þá skuld verða þau héruð, sem nú hafa óaðgjörða og ófæra vegi, að bíða miklu lengur.

Þeir sem næst búa brúm og vegum hafa eðlilega mest þeirra notin og standa því næstir til að leggja fé fram þeim til viðhalds.

Að því er vegina snertir, þá verður kostnaður sá, er af viðhaldinu leiðir, að vera greiddur af sýslunum án endurborgunar, en öðru máli skiftir með brýrnar, því þar má taka brúartoll, svo gæzlu- og viðhalds-kostnaður þarf ekki að verða sýslunum tilfinnanlegur. Frá því Ölfusárbrúin var bygð hefi eg alt af álitið, að bezt hefði verið, að hafa þar brúartoll, og sömuleiðis við Þjórsárbrúna. Hefði það verið gjört, þá væri nú kominn svo mikill sjóður til viðhalds brúnni, að maður hefði þá komist hjá því umtali, sem hér er í dag. — Mig minnir, að ferjutollurinn yfir Ölfusá væri 25 aurar fyrir hest og mann, og hefði brúartollurinn verið settur 5 sinnum minni, þá hefði samt safnast stórfé til viðhalds brúnni, og þó stór hagnaður fyrir ferðamenn í samanburði við ferjur, þó þeir þyrftu að borga svo lítið gjald, þegar þeir þar að auki sleppa við, að taka ofan af hestum og sundleggja þá. — Eg álít það fremur skaða en gróða fyrir Arnesinga, ef þessi eftirgjöf yrði samþykt.

— Þeir hafa nú þegar þegið mikið úr landssjóði, og þurfa enn þá að vera mikið upp á landssjóð komnir, og álít því heppilegra fyrir þá sjálfa, að skorast ekki undan, að bera þessar byrðar, sem þeir hafa áður viljugir lagt sér á herðar. — En svona gengur það oft því miður, að menn reyna að kasta byrðinni af sér yfir á aðra; en þó er það alkunnugt, að menn eru miklu fúsari til, að hjálpa þeim, sem af alefli vilja hjálpa sér sjálfum. — Það er eðlilegt, að landssjóður verði ófúsari á, að hjálpa þeim, sem ekki vilja leggja sig fram sjálfir. — Og fái nú Arnesingar þessa eftirgjöf, þá munu þeir finna það, að þingið verður ófúsara á, að hjálpa þeim síðar, og það strax í sumar, er þeir sækja um 5 þús. kr. til að rannsaka höfnina á Stokkseyri. — Það væri stór framför, ef finna mætti hafnarstæði á svæðinu frá Grindavík til Djúpavogs; en eg segi fyrir mig, að mér er ómögulegt, að leggja með því, að Arnesingum sé veitt uppgjöf á láni því, sem þeim hefir verið veitt í trausti til þess, að það væri skilvíslega borgað.

Enn fremur kemur að því, að gjöra brú á Sogið fyr eða síðar, og þá brú verður landssjóður sjálfsagt að kosta, og því kann eg illa við, að mínir gömlu kjósendur séu að ganga frá þeim skyldum, sem þeir hafa tekið sér á herðar. — Það væri því að mínu áliti réttast fyrir háttv. flutningsm., að taka frumv. aftur.

Hannes Þorsteinsson: Þar sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) tók það fram, að stjórnin og þingið hallaðist að þeirri stefnu, að láta sýslusjóði annast að miklu leyti viðhald á öllum vegum, sem lagðir eru á kostnað landssjóðs, þá skal eg taka það fram, að það sem hér er farið fram á, er ekki í neinu ósamræmi við lögin frá 12. jan. 1900; því

þar stendur að eins, að landsstjórninni sé heimilt, að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóða. — En þetta nær ekki til þeirra vega, sem þegar eru lagðir, hvort heldur í Arnessýslu eða annarsstaðar. Og hins vegar má lengi deila um það, hvort landssjóður eigi bæði að leggja vegina og halda þeim við. Eg get ekki heldur séð, að það þurfi að verða landssjóði dýrara, að láta vinna verkið, en öðrum, og sé það svo, kemur það af því, að hann hefir ekki góða verkamenn og eftirlitið er ónógt, og gjöri eg ekki mikið úr þeirri á stæðu

Háttv. þm. Vestm. (V. G.) talaði líka um, að Arnesingar hefðu fengið sína vegi fyrst og því lengur notið góðs af þeim. — En þetta er ofur eðlilegt, að fyrst væri byrjað í Arnessýslu, því að menn byrja vanalega á bezta blettinum. — Bóndi, sem ætlar að rækta tún, byrjar ekki fyrst á grjóturðinni, og eins náttúrlegt var það, að menn byrjuðu ekki fyrst á því, að leggja vegi t. d. á Hornströndum.

Það var blátt áfram skylda þings og þjóðar að byrja þarna, þar sem sveitirnar voru svo fjölbygðar og brýnust þörfin á vegum.

Eg skal ekki tala mikið um það, sem fyrverandi þingm. Arnesinga og núverandi þingm. Rvík (Tr. G.) sagði; mér þótti undarlegt, að heyra þann vitnisburð, sem hann gaf sínum gömlu kjósendum, og furðar mig, að hann skuli láta annað eins út úr sér. — Eftir hans áliti er svo að heyra, sem Arnesingar séu hálf-gjörðir aumingjar, er vilja heimta alt með sjálf-skyldu af landssjóði, og séu nokkurs konar beiningamenn í öllu upp á aðra komnir. — Eg vil harðlega mótmæla þessum vitnisburði um kjósendur mína. Við gættum tekið t. d. Þingeyinga til samanburðar. Þeir báðu um uppgjöf á láni til Skjálfandafljótsbrúarinnar, og fengu hana loksins að öllu leyti. Vill þá h. þingm. Rvík. (Tr. G.) telja Þingeyinga líka ómenni og betlara? H. þm. Rvík. (Tr. G.) er sjálfur ættaður úr Þingeyjarsýslu og eg býst því við, að hann vilji telja Þingeyinga menn með mönnum! H þm. Rvík. (Tr. G.) talaði líka um Stokkseyrarhöfn og brú á Sogið, mál, sem ekki eru komin fram á þinginu enn, og finst mér hann hefði getað látið vera að tala um þau. Eg geri mér heldur ekki svo háar vonir um fylgi hans í þessum eða öðrum málum Arnesinga, eftir því, sem honum hafa farist orð um hina fyrri kjósendur sína. Mér þykja satt að segja þakkirnar til þeirra nokkuð þunnar.

Sigurður Sigurðsson: Eg vildi segja fáein orð áður en gengið er milli bols og höfuðs á þessu frumv. Það er löngum látið klingja, að miklu fé hafi verið varið til Árnessýslu, en hvers vegna hefir svo miklu fé verið varið til vegabóta þar, nema af þeirri einföldu ástæðu, að hvergi á landinu er brýnni þörf á þeim en þar? Þar er hver ófæran annari verri. En eg býst við að þetta komi nokkuð af ókunnugleik margra háttv. þm. Mér þætti gaman að fara með suma norðlenzku þm. yfir Flóann og Ölfusið, því eg er viss um, að þeir mundu verða eyðilagðir yfir óveginum, og biðja guð að hjálpa sér. Þingið leggur fram fé til að leggja veg fram Eyjafjörð, þar sem vegur frá hendi náttúrunnnar er sjálfgjörður, en telur eftir fé til að leggja vegi í Arnessýslu, þar sem eru fen og foræði. Eiga þessi héröð að gjalda þess, hve illa þau eru gerð úr garði frá náttúrunnar hendi? Mér finst þingið hafi séð sóma sinn í því, að láta einmitt leggja

vegi í Arnessýslu. Það eru deildar meiningar um það, hvort hafa skuli gæzlu við Þjórsárbrúna og Ölfusárbrúna, og ef mig minnir rétt, hefir ingeniör landsins talið gæzluna óþarfa, og að slík gæzla ætti sér óvíða stað annarstaðar.

Með því fyrirkomulagi, sem er á gæzlunni, þá er einnig eðlilegt, að hún sé eigi svo fullkomin, sem vera ætti. Aðalgæzlan varir í 3 mánuði, en það er oftar þörf á henni en yfir sumarið t. d. að vetrinum, þegar umferð er og frost mikið. Eg skal ekki fjölyrða meir um þetta, en að eins taka það fram, að það hefir lítið að þýða, hvort farið er með 10 hesta eða 12 yfir brúna, en hitt reynir brúna meira, ef hart er riðið. Nú er ætlð meiri eða minni umferð yfir brúna á næturþeli þann tíma, sem brúarvörðurinn er ekki skyldur að vaka yfir henni, og einn sprettur yfir brúna á slíkum næturstundum reynir hana meira en þótt farið sé hægt með 12 hesta. Spursmálið fyrir Arnesinga er því þetta, hvort landstjórnin geti ekki komið brúargæzlunni svo fyrir, að hún svari tilgangi sínum. Fyrverandi þm. Arn. bar þeim á brýn, að þeir vildu ekkert til leggja; en hver sem kynnir sér þetta mál, mun sjá að þetta er ekki rétt.

Framsögumaður (*Magnús Torfason*): Það hafa orðið svo miklar umræður um þetta litla mál, að maður skyldi ætla að samgöngumálakaflinn í fjárlögunum hefði verið til 2. umr., og skal eg því að eins segja nokkur orð. Mér skildist á orðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að hann ætlaðist til, að gæzlan kæmi í staðinn fyrir fargjald á gufu bátunum. En samlíkingin er draghölt; það er eins og hann haldi það kosti ekkert, að ferðast á vegunum, en við, sem eigum tveggja daga ferð í kaupstaðinn, vitum, hvað það kostar. Eg veit ekki betur en að þingið hafi viðurkent það, að fyrst verði að gjöra brýr og vegi, þar sem fjölment er, og í þessum héruðum búa um 10,000 manna, eða 1/7 hluti allra landsmanna. Og það var að minsta kosti minni þörf á að leggja akbraut inn Eyjafjörð fyrir nokkra bæi, sem þm. þó hefir mælt með.

Mig furðar á því, að h. þm. Vestm. (V. G.) skuli vera þessu mótfallinn, þar sem hann fyrstur manna hefir lagt það til, að Suðurlandsundirlendið fengi járnbrautir; og eg skal taka það fram, að eg felst á þá skoðun, að við fáum ekki þá vegi, sem jafnast á við samgöngufærin á sjó, fyr en járnbrautir verða lagðar. Eg get ekki látið eitt atriði ómótmælt. Mig furðar stórlega á háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.). Eg veit ekki betur en að honum hafi verið falið á hendur að flytja þetta frumv., en nú hefir hann hlaupið undan merkjum, og þykist geta gengið að því, að gefið verði eftir lítið eitt af láni til Ölfusárbrúarinnar. En reyndar þarf eg nú ekki að furða mig svo mjög á þessu, þar sem hann byrjar þingmensku sína með því að mæla kröftuglega fram með launahækkun eins sýslumanns, og kemur það ekki heim við stefnu hans í Þjóðólfi. Í lögunum frá '89 stendur: »Landsstjórnin annast viðhald« o. s. frv. En á hvers kostnað? Auðvitað á landssjóðs kostnað. Ennfremur: »Landsstjórnin annast gæzlu«; auðvitað líka á kostnað landssjóðs. Lögin frá '93 koma því algerlega í bága við lögin frá '89 og því slæ eg föstu.

Pétur Jónsson: Háttv. þm. Rangv. (M. T.) hefir misskilið mig. Það var eiginlega ekki brúargæzlan, heldur hluttaka sýslnanna í brúarkostnaðinum,

sem eg vildi líkja við ferðakostnað með gufuskipunum, fragtkostnað o. s. frv.

Það er ekki rétt, að við teljum eftir það fé, sem veitt hefir verið til Arnessýslu, en auðvitað verður að meta einn landsfjórðunginn móti öðrum, og hafa á þann hátt fyrir augum landið í heild sinni; þetta er ekki einungis eðlilegt og sanngjarnt, heldur beinlínis skylt og sjálfsagt. Það sem miðar til almennings heilla, teljum við ekki eftir, og er því með öllu óskylt að kasta mönnum í nasir eftirtölum og hreppapólitik.

Hannes Þorsteinsson: Samkvæmt heimild í þingsköpunum verð eg að krefjast þess, að fá að bera af mér öldungis ósannan áburð, þótt eg áður hafi talað tvisvar í málinu. Mér var sagt, að háttv. 2. þm. Rangv. hefði borið mér það á brýn með öðru fleiri, að eg hefði svikist undan merkjum í þessu máli. Eg var að tala við sessunaut minn, og tók ekki eftir því, þegar hann sagði það, átti ekki heldur von á neinu slíku úr þeirri átt, enda eru ummæli þm. belber ósannindi. Eg skal sýna fram á það með örstuttri athugasemd. Frumv. var upphaflega samið af mér, og var eg aðalflutnm. þess, en hinir 3 (M. T., S. S., Þ. G.) meðflytjendur. Svo kemur málið til 1. umr., og talaði eg þá ofurlítið fyrir því; nefnd var kosin og eg varð ekki í nefndinni. Var því afskiftum mínum af því lokið að sinni. Nefndin klofnaði í tvent, og 2. þm. Rangv. (M. T.) verður framsm. meiri hlutans. Atti eg þá að vera að trana mér fram fyrir hann? Og svo fer þm. að tala um að eg svíkist úr liði, þótt eg hafi látið í ljósi, að eg mundi fallast á breyt.till. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um uppgjöf alls lánsins til brúnna; það var líka alveg sjálfsagt, svo framarlega sem útlit er fyrir, að það fái betri byr í deildinni, en frv. Eg skal játa, að eg skil ekkert í þessu hranalega frumhlaupi þm. gagnvart mér. Það er dálaglegur samflutnm. þetta og þvílíkt. Eg vil skora á forseta, ef samkynja árás kemur oftar fyrir, að grípa til klukkar.

Forseti: Það hefir hingað til verið þingvenja, og þótt góð þingvenja, að forseti tæki ekki of oft til klukkunnar. (*Margir*: Heyr, heyr).

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

Uppgjöf brúarláns.

FRUMVARP til laga um helmingsuppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá (C bls. 252); 1. umr., 16. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Þorsteinsson*): Eg gat þess áður, þegar verið var að ræða um lagafrumv. viðvíkindi gæzlu á brúnum á Þjórsá og Ölfusá, og þegar breyttill. kom fram frá h. þm. V.-Sk. (G. G.), um að lánið yrði gefið upp að öllu leyti — þá skýrði eg frá því, að eg mundi koma með frumv. í þá átt, að gefa upp helming lánsins. Brtt. h. þm. V.-Sk. kom aldrei til atkvæða, heldur að eins frumv., sem rætt var og elt og eg hefði getað tekið upp brtt., eins og hún var. Eg vildi samt ekki fara fram á meir en þetta, að gefinn sé upp helmingur lánsins. Eg s ka geta þess, að það er ekki um stóra upphæð að ræða. Upphaflega var tekið lán upp á 20 000 kr., sem hvílir á jafnaðarsjóði Suðuramtsins, og á Árnes- og Rangárvallasýslum. Helmingurinn af eftirstöðvunum er nú hér um bil 8 – 9000 kr. Afborgun af þessum helmingi er árlega rúmar 480 kr., af öllu láninu 965 kr. Hér er því ekki farið fram á meira en tæpra 200 kr. eftir-

gjöf á ári að því er Arnessýslu snertir; um meiri upphæð er ekki að ræða. Það er auðvitað, að eftir 33 ár, eða um það, að láninu verður lokið — það eru 12 ár frá því það var veitt — þá er það alls töluverð upphæð, bæði höf uðstóll og vextir.

En þó að hér sé, sem sagt, ekki um stóra árlega upphæð að ræða, þá mundi það þó verða mikill léttir fyrir sýslurnar. Það sem hefir komið mér til að koma fram með þetta frumv. fyrir bönd sýslu þeirrar, sem eg er þm. fyrir, er það, að hún hefir í svo mörg horn að líta. Sýslusjóðirnir í þessum sýslum verða að leggja í svo mörg kostnaðarsöm framfarafyrirtæki; þar á meðal er í ráði að gera brú á Sogið, sem sýslusjóður Árnesinga hefir lofað 5000 kr. til, og einn hreppur hefir lofað 2500 kr., og það tel eg afarmikið tillag.

Eg vildi því fara fram á, að h. þd. tæki þessu máli vel, enda gengur það alveg í sömu stefnu, sem þingið hefir áður gengið inn á, viðvíkjandi Skjálfandafljótsbrúnum, þar sem lánið var gefið upp að hálfu leyti 1891 og að öllu leyti 1897. Sýslur þær, sem hér eiga hlut að máli, eru fullar af torfærum af vatnsföllum o. fl.; og það væri hart, ef þær ættu einmitt að gjalda þess, að þar hagar svo til.

Eg get ímyndað mér, að h. landsh. mæli á móti þessu frumv. og telji því ýmislegt til foráttu. Mér fanst í umræðunum í gær, að hann gæfi mér fyrirheit um það; það var í umræðunum um brunabótasjóðinn, en það frumv. var borið upp til þess, að koma í veg fyrir, að stórfé renni árlega úr landinu til erlendra manna; þá tók hann það fram, og áleit eg að það ætti við mig, að eg væri nokkuð frekur í kröfum við landssjóð, og að hann furðaði sig ekki á, að eg skyldi koma með útgjaldafrumvarp fyrir landssjóð. En í sambandi við þetta mál get eg ekki tekið þá sneið til mín. Hann hefði fremur átt að stinga henni að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.); hann fór fram á, að gefa upp alt lánið, en eg fer ekki fram á að gefa upp nema helming þess. En ef til vill hefir hann síður þorað til við þann þingmann, en tekur nýgræðingana.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Þetta mál snertir í rauninni fjármál landsins, og vil eg því stinga upp á, að því verði vísað til fjárlaganefndarinnar.

ATKVGR. Tillagan um að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar feld með 11 atkv. móti 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson., Bf.,	B. Bjarnarson., Dal.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Hermann Jónasson,	Ólafur Briem,
Jósafat Jónatanss.,	Pétur Jónsson,
Lárus Bjarnason,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Torfason,	St. Stefánss., Skgf.,
Sigurður Sigurðss.	Tr. Gunnarsson.
St. Stefánss., Eyf.,	Valtýr Guðmundss.,
Þórður Guðmundss.,	Þórður Thoroddsen.

Málið síðan felt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

Bæjarstjórn í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavik (C bls. 158); 1. umr., 4. júlí.

ATKVGR.: Sþ. 3 manna nefnd og kosnir:

Jóhannes Jóhannesson m. 21 atkv.
Þórður Guðmundsson m. 11 —
Hannes Hafstein m. 10 —

Fyrstu umr. frestað.

Framh. fyrstu umr., 18. júlí (C bls. 158; nefndarál. bls. 268).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): — Nefndinni, sem hafði þetta mál til meðferðar, leizt svo vel á eitt ákvæðið í þessu frv., nl. ákvæðið um heilbrigðissamþykt í 6. gr., að hún áleit mjög æskilegt, að það yrði að lögum, ekki að eins fyrir Reykjavík eina, heldur fyrir hina 3 kaupstaðina, svo og verzlunarstaði og sjóþorp landsins, og hefir hún því leyft sér að steypa efni greinarinnar upp í nýtt frv. þess efnis Að öðru leyti eru þær breytingar, sem nefndin hefir lagt til að gerðar séu, að eins orðabreytingar, nema ein, sem gerð er eftir tilmælum bæjarfógetans í Rvík, að bæjarstjórnin sé ekki skuldbundin til að velja einn mann utan bæjarstjórnar í hafnarnefnd. Orðalagið í frumv. er víða óviðfeldið, og höfum vér breytt því, þar sem mest þörf var á.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. m. 19 atkv.

Önnur umr., 22. júlí (C bls. 158, nefndarál. bls. 263).

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): — Breytingartillaga sú, sem fram er komin við frumv. þetta, á víst ekki að hafa neina efnisbreyting að geyma, heldur að eins laga orðfæri. Nefndin hafði fyrst hugsað sér alveg sams konar breytingu, en hætti við hana til þess að breyta ekki meir en þörf krefur. Því jafnvel þótt orðin í stjórnarfrv. séu nokkuð stirð og meiningunni klemt saman á svo lítið pláss sem unt er, þá má þó mjög vel skilja þau; og þau segja í rauninni dálitið meira en breytingartillagan. Í þeim felst nefnilega ákvæði um, að hafnarnefnd og byggingarnefnd skuli skipa eftirleiðis eins og hingað til, þrátt fyrir fyrirmæli fyrstu og síðustu greinar frv., jafnframt því og ákveðið er, að hve miklu leyti þær nefndir skuli eftirleiðis hafa á hendi störf þau, sem á þeim hafa hvílt hingað til. Ef í breytingartillögunni stæði »hafnarnefnd« og »byggingarnefnd« í stað »hafnarnefndin« og »byggingarnefndin«, þá væri nokkurn veginn hinu sama náð, og mætti laga þetta við næstu umræðu, þótt br.till. yrði samþ. sem eg raunar ekki sé brýna þörf á.

Einar Jónsson: H. 2. þm. Ísf. (H.H.) tók það fram, að hér væri í raun réttri verið að stofna byggingarnefnd og hafnarnefnd, af því að þær væru eiginlega feldar burtu með því að breyta lögum þeim, sem hér væri um að ræða, og því væri réttmætt, að hafa orðin án greinis, eins og þau standa í frv., en það álít eg eigi þurfa; því að nefndir þessar eru þegar til, byggingarnefndin stofnuð með opnu bréfi 29. maí 1839 og reglugerð útgefin handa hafnarnefndinni í Reykjavík 15. maí 1856. — Eg áleit því réttast, að orða svo: hafnarnefndin og byggingarnefndin, af því að hér er um nefndir að ræða, sem þegar eru til.

Þá standa í br.till. nefndarinnar þessi orð: »eftir því sem ákveðið verður í samþyktinni um stjórn bæjarmálefna kaupstaðarins«. Mér finst orðið »verður« óviðkunnanlegt í þessu sambandi, því að það bendir á, að þessi stjórn bæjarmálefnanna sé ekki til, og því finst mér viðkunnanlegra að haga orðunum þannig: »eftir því sem samþykt um bæjarmálefni í Reykjavík á kveður«, því að það getur bæði átt við samþykt þá, sem nú gildir eða kann að verða sett. Br.till. við 6. gr. á að sjálfsögðu því að eins við, að greinin verði samþykt; annars hverfur hún af sjálfu sér úr sögunni.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Astæðan fyrir því, að nefndin setti orðið

»verður« í br.till. sína var sú, að breyta verður reglugerð bæjarstjórnarinnar um leið og hún tekur við þessum nýju störfum,sem lögin ræða um, og það er einmitt meining frv., að þá skuli ákveða verksvið hafnarnefndar og byggingarn. í reglugjörðinni. Eg tel það því með öllu rétt, að segja: »ákveðið verður«. Aftá móti er orðalagið í br.till. h. 1. þm. N. Múl. (E. J.) svo víðtækt, að það nær jafnt til þeirrar reglugjörðar, er nú gildir, og þeirrar, er síðar verður sam in, og má því einnig vel vera.

ATKVGR.: Br.till. á þgskj. 99 við 1. gr. sþ. með 18 atkv.

1. gr. þar með fallin.

Br. við 2. gr. samþ. með 17 atkv.

2. gr. breytt samþ. með 19 atkv.

Br.till. á þgskj. 123 við 3. gr. feld með 12 : 7 atkv.

Br.till. 1. á þgskj. 99 við 3. gr. samþ. með 16 atkv.

Br.till. 2. á þgskj. 99 við 3. gr. samþ. með 17 atkv.

Br.till. á þgskj. 123 »skyldir« í stað skyldugir sþ. án atkvgr.

3. gr. breytt samþ. með 17 atkv.

4. og 5. gr. sþ. með 19 atkv.

Br.till. á þgskj. 99 við 6. gr. samþ. með 14 atkv.

Br.till. á þgskj. 123 við 6. gr. þar með fallin.

7. og 8. gr. samþ. með 17 atkv.

Fyrirsögnin að burtfeldum orðunum: »viðauka við og« samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. m. 19 atkv.

Þriðja umr., 25. júlí (C bls. 358).

ATKVGR.: Frv. samþ. með 18 atkv. og atgreitt til Ed.

Ein umr., 8. ágúst (C bls. 510)

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Nefndin, sem hafði mál þetta til meðferðar hér í deiidinni, hefir athugað þær breytingar, sem hafa verið gerðar á því, og álítur, að þær séu ekki að neinu leyti sérlega varhugaverðar.

Eina efnisbreytingin er sú, að í 4. gr. eru feld burtu niðurlagsorðin um, að landshöfðingi leggi fullnaðarúrskurð á málið, svo greinin hljóðar nú að eins þannig, að þeir, sem álíta rétti sínum hallað, megi skjóta *máli* sínu til landshöfðingja; á það þá að liggja í hlutarins eðli, að hann geti leitað réttar síns við dómstólana, ef hann er ekki ánægður með úrskurð umboðsvaldsins.

Í sjálfu sér verður nefndin að vera samdóma nefndinni í Ed. um það, að eftir því, sem er í öðrum málum, þar sem einstakir menn eiga hlut að máli, sé það rétt, að þeim sem lenda í misklíð út af þessum efnum, sé ekki beinlínis fyrirmunað að leita réttar síns við dómstólana, og leggur nefndin því til, að þetta sé samþykt, eins og það kem r frá h. Ed.

Hinar aðrar breytingar eru lítilfjörlegar. Það er ein prentvilla leiðrétt, »í« sem vantaði, og eg vona að enginn hafi á móti því, að »í«-inu sé bætt við.

Í 2. gr. er sú breyting, að þar sem við nefndum opið bréf um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík, vilja þeir kalla: »viðvíkjandi byggingarnefnd í Reykjavík«. Hér í deildinni var farið eftir Lagasafninu, sem þeir hafa gefið út Magnús Stephensen landshöfðingi og Jón Jensson yfirdómari; þar er það kallað: »Opið bréf um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík«; en í hinni elztu þýðingu er það nefnt eins og h. Ed. vill hafa það. Bréfið er vitanlega undirskrifað af konungi undir fyrirsögninni: »Placat angaaende Oprettelsen af en Bygningskommission i Reykjavik«. Sá ágreiningur er aðallega um það, hvort orðið »um« eða orðið »viðvíkjandi« sé viðkunnanlegri þýðing á danska orðinu »angaaende«, og eg held að orðið »um« hefði naum-

ast valdið misskilningi. Nefndin álítur samt ekki taka því, að gera þetta að kappsmáli milli deildanna.

Seinasta breytingin er við 6. gr. Þar höfðum við felt úr gildi 15. og 16. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, þar sem talað er um byggingarnefnd og heilbrigðisnefnd. En nefndin í h. Ed. hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rétt að fella þennan helming úr 16. gr., sem hljóðar um heilbrigðisnefndina, og hefir þess vegna breytt til þannig, að í staðinn fyrir »15. og 16. gr.« er komið: »15. gr. og fyrri málsliður 16. gr.«. Það getur verið, að þetta hafi eitthvað til síns máls, þó ekki sé mikils varðandi, og viljum við því ekki gera það að ágreiningsatriði, heldur ráða h. deild til að samþykkja það og frumv. alt eins og það nú er.

ATKVRG.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Byggingarnefnd í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 2. febr. 1894 um breyting á opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík (C bls. 326); 1. umr., 23. júlí.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*:) Um þetta mál er það að segja, að það hefir komið fram, að þetta ákvæði um 10 álna bil milli húsa er mjög óhagkvæmt að tvennu leyti, bæði að því leyti, að bærinn þenst svo mikið út með þessu móti, og ef einhvern tíma kemur sá tími, að hér verði lagðar vatnspípur í gegnum bæinn, eða bærinn yrði lýstur með rafmagni — og vona eg að þess verði ekki langt að bíða — þá er þessi stóra viðátta á bænum mjög óheppileg vegna þess, að þessar framkvæmdir hlytu að verða mikið dýrari.

Að öðru leyti hefir það komið fram, að hús þarf að byggja sem er lengra en 60 álnir, en það er ákveðið í hinum eldri lögum, að ekki megi byggja lengra í samfellu heldur en 60 álnir. Einn borgari hér í bænum hefir bygt hús sem er 55 álnir á lengd, og ætlaði hann að bæta við það 10 álnum, en hefir orðið að hætta við það vegna þessara gömlu ákvæða.

Þetta er eitt það, sem eg tel gera nauðsynlegt að breyta lögunum í þá átt, sem hér er farið fram á í frumv.; og það því fremur, sem næsta ár verða líklega bygðar 3—4 stórbyggingar.

Eg hefi ekki meira að segja um þetta mál, því það er búið að ræða það svo margsinnis í bæjarstjórninni, og vil þesse vegna ekki stinga upp á nefnd, en óska að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 27. júlí (C bls. 326).

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eg vona, að þessu máli reiði betur af en því, sem á undan fór, um lóðargjöldin hér í bænum. — Ástæðan fyrir því, að þetta frumv. er fram komið, er sú, eins og eg tók fram við 1. umr. þess, að húsaraðir hér í Rvik mega ekki lengri vera en 60 álnir, og 10 álnir milli húsa.

Nú stendur svo á, að einn af borgurum bæjarins þarf að byggja hús, lengra en 60 álnir, en getur ekki að svo komnu; þar að auki stendur til, að bygð verði ein samanhangandi húsalengja í Hafnarstræti á komanda sumri, en það verður ekki hægt nema þetta

frumv. nái fram að ganga. Bærinn er orðinn svo ákaflega stór í samanburði við fólksfjölda, vegir og rennur og vegabætur þar af leiðandi svo dýrar fyrir bæjarsjóð, að hann rís ekki undir því, ef þessu heldur áfram. Það er því samhuga vilji bæði bæjarstjórnar og bæjarmanna, að breyta þessu, og vona eg því, að frumv. fá að ganga óhindrað til 3. umr.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 17 atkvæðum.

2. gr. samþ. með 17 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkvæðum.

Þriðja umr., 29. júlí (C bls. 326, brt. bls. 401).

Björn Kristjánsson: Af því eg óttast, að brunabótafélagið danska ekki samþ. byggingu á húsum, eins og frv. þetta fer fram á, nema það sé skýrt ákveðið, hvað eldvarnargaflinn á að vera þykkur — þá höfum við nokkurir þm. leytt okkur að koma með brttill. »Einhlaðinn veggur« táknar enga sérstaka þykt; því einhlaðinn veggur getur verið á þann hátt, að steinarnir standi langs eftir vegnum og á röð, og er veggurinn þá 2½ til 3 þuml. á þykt; sömuleiðis er það einhlaðinn veggur, ef steinarnir snúa eins í veggnum og liggja flatir, og er veggurinn þá 4 þuml. á þykt; og loks má kalla vegginn einhlaðinn, ef steinarnir snúa endunum út og inn; þá er veggurinn 7—8 þuml. á þykt, eða eins og eldvarnargaflar eru í Danmörku. Mér finst þess vegna nauðsynlegt, að það sé tiltekið, hvað veggurinn á að vera þykkur í þumlungatali, eins og breyttill. fer fram á, og vona því, að hún verði samþykt í h. deild.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eg hefi ekkert á móti þessari brt. Eg álít hana vera til bóta. Það hefir víst upphaflega gleymst að ákveða, hvað veggurinn ætti að vera þykkur. — Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til að tefja fyrir umræðum þessa máls; því var tekið vel við 2. umr., svo að eg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um það, en óska að málið fái að ganga áfram.

ATKVGR.: Brtt. á þgskj. 137 samþ. í einu hljóði.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Bæjargjöld í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað 19. okt. 1877 (C bls. 326); 1. umr., 23. júlí.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Það er um þetta mál að segja, að hér hefir verið venja í Reykjavík, þegar einhver biður um útmælda lóð, þá fær hann það án þess að leggi fram nokkura borgun, en er að eins gjört að skyldu, að greiða lítilfjörlegt árlegt gjald, sem er 3 aurar af □ alin; og svo þegar hann byggir á þessari nærri því gefnu lóð, þá verður bærinn upp á sinn kostnað að leggja veg heim að henni; og er þetta ekki all lítill kostnaður fyrir bæinn.

Það kom hér til orða á fundi, að láta lóðirnar ekki endurgjaldslaust, heldur fara að selja þær fyrir lítið verð. En meiri hluti nefndarinnar var á því, að það væri ekki rétt, að breyta þessum vana, heldur hafa það á þann hátt, að hækka þetta lóðargjald. Eins og mönnum er kunnugt, þá hefir nýlega verið byggður hér barnaskóli, sem hefir kostað mikla summu; og ef þetta frumv

verður að lögum, sem nú liggur fyrir um spítalann, þá tekur bærinn upp á sig mikla fjáruppbæð, og þess vegna þarf bærinn á einhvern hátt að auka tekjur sínar. Auðvitað mætti hækka aukaútsvarið, en bæjarstjórnin álítur það hentugra á þann hátt, að bæta dálitlu við lóðargjaldið. Eg skal til skýringar geta þess, að þar sem svo stendur í 1. gr, a., að lóðargjald af húsum sé 3—10 aurar af hverri □ alin, þá er ekki meiningin, að það skuli vera misjafnt undir húsin, heldur að það sé jafnt á allar lóðir í bænum, en bæjarstjórnin hafi heimild til, að hækka lóðargjaldið, ef hún sér, að þess þarf, alt að 10 a., en auðvitað má aldrei fara upp yfir það.

Þetta mál hefir verið rætt á mörgum fundum bæjarstjórnarinnar, og eg held það sé nokkurn veginn hugsað og sé óþarft, að setja nefnd í það. Eg óska þess vegna, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 2.

Önnur umr., 27. júlí (C bls. 326).

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Þótt frumv. þetta sé ekki stórt, virðist mér það vera athugavert.

H. flutnm. (Tr. G.) mun hafa haldið því fram við 1. umr. þessa máls, að frumv. væri nauðsynlegt sökum þess, að þegar svo stæði á, að bæjarstjórnin þyrfti meira fé en alment vegna þess, að einhver nauðsynleg stórvirki eða framkvæmdir væru fyrir hendi, þá þyrfti hún að geta með hækkun lóðargjaldanna aukið tekjur bæjarsjóðsins.

Mér virðist, að slíkt mætti gera öldungis eins með því, að hækka aukaútsvörin eftir efnum og ástæðum. En að auka tekjurnar á þann hátt, sem frv. fer fram á, virðist mér geta valdið misrétti gagnvart hinum efnaminni bæjarbúum. Margir hinir efnaminni bæjarbúar hafa allmiklar óbygðar lóðir, sem ekki þola mikið gjald, meðan þeir eru að berjast við að rækta þær og gera þær að túnblettum eða matjurtagörðum; en meðan þeir með litlum efnum og í hjáverkum eru að rækta þessa holta- eða mýrarbletti, þola þeir naumast hærra gjald en nú er lagt á þessar lóðir.

Allar horfur virðast á, að þetta þing muni ekki afreka mikið, og væri því mjög mikils um vert, að hafa það hugfast, að þau mál séu vel af hendi leyst, er það leiðir til lykta, svo ekki verði með sönnu sagt, að það hafi unnið bæði ilt og lítið. Þessi h. deild ætti því, að gjalda varhuga við, að láta ekki vanhugsuð mál frá sér fara, eins og mér virðist þetta frv.

Eg mun því greiða atkvæði móti frv. þessu, enda virðist mér, að bæjarstjórnin geti aukið tekjur bæjarsjóðs til nauðsynlegra framkvæmda fyrir kaupstaðinn á annan hátt en það fer fram á.

Björn Kristjánsson: Af því mér þykir frumv. þetta nokkuð einkennilegt, finn eg ástæðu til að athuga það lítið eitt. H. flm. (Tr. G.) talaði fyrir frv. þessu við 1. umr. og lagði áherzlu á, að h. þm. mættu ekki misskilja það. En samkvæmt þeirri þýðingu, er hann leggur í frumv., hefi eg misskilið það; því eg skil frumv. svo, að bæjarstjórnin geti samkvæmt því hækkað lóðargjaldið eftir því, hvað hún álíti lóðina mikils virði. En nú er lóðargjaldið í eðli sínu leiga af jörð eða sama sem erfðafestugjald, þegar um lóðir undir húsabyggingar er að ræða, og þeirri leigu má ekki segja upp eða breyta; en sé þetta frumv. samþ., þá leiðir hið sama af því, eins og bæjarstjórnin mætti rifta hinum upphaflegu lóðar-

samningum, sem lögákveðnir voru, þegar bæjarmenn bygðu, og sjá allir, hvílík fjarstæða það er.

H. flm. (Tr. G.) skilur frumv. á þann veg, að það leyfi að hækka lóðagjöldin hjá öllum jafnt, án tillits til verðs lóðanna, og álítur, að bæjarstjórnin eigi að mega hækka lóðargjaldið, þegar hún þurfi fjár til einhverra stærri fyrirtækja, t. d. til að leggja rennur, gera vegi o. s. frv., en lóðargjaldið verður þá ekki lengur sanngjörn leiga fyrir lóðarafnot, heldar gjald eftir efnum og ástæðum. Hér yrðu þá í raun réttri tvær niðurjöfnunarnefndir; önnur bæjarstjórnin, er jafnaði niður $^2/_3$ gjaldanna, og hin sú reglulega niðurjöfnunarnefnd, er jafnaði niður $^1/_3$ gjaldanna, en það finst mér ekki koma í samræmi við önnur lög, er gilda fyrir bæinn.

Utsvörin eftir efnum og ástæðum voru í ár 32,500 kr., en lóðargjöldin 6,200 kr. En ef frumv. þetta yrði sþ., gætu lóðargjöldin orðið alls 30,746 kr. Þegar þar frá væri dregin hin núverandi lóðargjöld, 6,200 kr., nemur mismunurinn eða hækkunin 24,546 kr.

Þegar þetta hækkaða lóðargjald 30,746 kr. væri dregið frá lóðargjöldum þeim og aukaútsvörum, er hér eru nú: 38,700 kr., yrðu eftir 8,054 kr., er niðurjöfnunarnefndin mætti jafna niður eftir efnum og ástæðum. Gjaldendur aukaútsvara eru hér nú nál. 1000, og meðaltal gjalda á hvern þeirra 32 kr. 50 a.; en yrði frumv. þetta samþ., gætu þau orðið að meðaltali um 8 kr. eða lækkuðu hér um bil ferfalt frá því sem nú er.

Hæst aukaútsvar greiða nú Ásgeirs, Fischers og Thomsens verzlanir, 900 kr., en með þessu fyrirkomulagi mundu þær greiða 2—300 kr. hver, því hækkun lóðargjaldsins mundi nema hjá þeim miklu minna en lækkun aukaútsvarsins, vegna þess, að þær hafa að tiltölu sárlitla óbygða lóð. Aftur á móti mundi þetta fyrirkomulag verða æðitilfinnanlegt fyrir fátæklinga í útjöðrum bæjarins, sem hafa töluverðar óbygðar lóðir undir matjurtagarða og fiskverkun. Tökum t. d. tómthúsmann, sem hefði 4000 □ áln. af óbygðri lóð, og 200 □ álnir af bygðri lóð. Lóðargjöld hans mundu verða af óbygðri lóð 80 kr., í stað 10 kr. nú, og af bygðri lóð 20 kr., í stað 6 kr. nú. Aukaútsvar hans getur verið nú 6—9 kr., en yrði þá 2—3 kr. Hann mundi því gjalda 123 kr. til bæjarins, en hefði þó ekki kosningarrétt, ef hin endurskoðaða stjórnarskrá kæmi í gildi, því hún bindur kosningarréttinn við gjaldupphæðina eftir efnum og ástæðum. Eg skil því ekki í, hvers vegna háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) hefir komið með þetta frumv., sem mundi rifta öllum samningum, sem gjörðir eru um afgjöld af lóðum bæjarmanna, og sem kemur svo tilfinnanlega hart niður á fátæklingunum, sem lifa að miklu leyti af kálgörðum og fiskþurkun.

Eg óska því, í nafni allra bæjarbúa, að háttv. þingdeild samþykki ekki þetta frumv., og það því síður, sem engum bæjarbúa hefir verið gefinn kostur á, að láta í ljósi álit sitt um það.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eg var ekki viðstaddur í byrjun umr., og get því ekki svarað því, er talað hefir verið, nema að nokkru leyti, enda skildi eg ekki að fullu orð háttv. 2. þm. K.-G. (B. K.) og útreikning hans. Hann talaði um eitthvert hátt lóðargjald og sumir fátæklingar mundu þurfa að borga 100 kr. af óbygðum lóðum. Eg skil ekki, hvernig hann hefir fengið út þessa upphæð. Nú er ekki mælt út meira land en 25 álnir á lengd með götunni, en 40 álnir á breidd, og það

eru 1000 □ álnir. Væri nú tekið gjald af þessu eins og óbygðri lóð og það hæsta, sem hér er farið fram á, eða 2 a. af hverri ferh.alin, þá yrði gjaldið að eins 20 kr., og væri að eins tekið lægsta gjald 1/4 e. af ferh.al., yrði gjaldið að eins 5 kr., og hærra gjald tekur bæjarstjórnin ekki nema þegar hún álítur, að nauðsyn krefji. Eg skil því ekki í því, hvernig háttv. þm. fær út þessa sína háu upphæð. Eg gat þess við 1. umr., að fengist ekki að mega hækka lóðargjaldið, mundi bæjarstjórnin sjá sig neydda til, að fara að selja mönnum þær lóðir, er áður hafa verið mældar út gefins. Og væri nú ferh.al. seld fyrir 33 a., þá mundu 1000 ferh.al. kosta 330 kr. Nú eru lóðir í miðbænum seldar fyrir 4 kr. □ al., og væri tekinn 1/4 af því verði, eða 1 kr. ferh.al., næmi það 1000 kr., og 4% rentur af því yrðu 40 kr., svo ekki mundu menn komast að hagkvæmari skilmálum með því fyrirkomulagi. Það hefir oft komið til umræðu í bæjarstjórninni, að ófært væri að afhenda lóðir gefins, en meiri hluti bæjarstjórnarinnar hefir hallast að því, að hækka heldur lóðargjaldið; en yrði frv. þetta felt, mundi bæjarstjórnin verða að taka að selja lóðirnar. Það hefir oft komið fyrir, að menn hafa látið mæla sér út lóðir, rutt úr þeim fáeinum steinum og selt þær svo aftur fyrir mörg hundruð krónur.

Eg verð að taka það aftur fram, að eg skil ekki í reikningi háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Eg hefi nú sýnt fram á, að hann er á engum rökum bygður, enda fer bæjarstjórnin ekki að leggja hærra gjald á menn en hún sér að muni þurfa við.

Þar að auki verður að gæta þess, að töluverð gjöld þurfa til bæjarþarfa, þar sem bærinn er mikið á eftir tímanum, og það þarf mikið fé til þess, ef Rvík á að vera höfuðstaður ekki að eins í orði kveðnu og að því er fólksfjölda snertir, heldur að hún sé það einnig í raun og veru.

Eg vona því, að flestir háttv. þingdm. líti ekki á frumv. með sömu augum og þeir, er hafa mælt á móti því, og lofi því að ganga til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Eg vildi spyrja að því, hverjum augum veðdeild landsbankans mundi líta á húseignir þær, er hún fengi að veði hér í bænum, á samt tilheyrandi lóð, ef lóðargjaldið gæti hækkað eins og hér er farið fram á, og hvort hún vildi lána eins út á þær og áður. Setjum, að það væri hús, er virt væri á 3000 kr., en 80 kr. lóðargjaldshækkun mætti leggja á lóðina. Það er auðsætt, að slík húseign mundi falla um alt að 2/3 í verði. Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) talaði um, hvílík nauðsyn væri á því, að afla fjár í bæjarsjóð, til þess að bæta vegi í bænum og til annara mannvirkja; en þá ekki eins greiður vegur að því með því, að hækka gjöldin eftir efnum og ástæðum. Eins og frumv. þetta er, mundu mest gjöldin lenda á fátæklingunum, en ekki hinum efnameiri, en það er víst ekki einu sinni hinum efnameiri gjaldendum kærkomið, hvað þá hinum, að slíku fyrirkomulagi yrði komið á, enda mundi það ekki verða heillavænlegt fyrir þrifnað bæjarfélagsins, þegar til lengdar lætur.

Landshöfðingi: Eg sé ekki betur, en að háttv. 2. þm. K.-G. (B. K.) hafi misskilið þetta frumv.

Hér sem í öðrum kaupstöðum eru tekjur bæjarfélagsins aðallega bygðar á tvennum gjöldum, nefnil. gjöldum af bygðri og óbygðri lóð, og gjöldum eftir efnum og ástæðum, og það leiðir af sjálfu sér, að því lægri sem lóðargjöldin eru, þess hærri eru gjöldin eftir efnum og ástæðum, og því hærri sem

lóðargjöldin eru, þess lægri eru gjöldin eftir efnum og ástæðum.. Nú hefir bæjarstjórnin séð, að gjöldin eftir efnum og ástæðum hafa hlutfallslega vaxið hér mikið hin síðari ár, en lóðargjöldin staðið í stað, og því ástæða til, að hækka nokkuð lóðargjöldin, því annars lenda öll bæjargjöldin á tiltölulega fáum mönnum, þar sem öll gjöldin eftir efnum og ástæðum jafnast á tiltölulega svo fáa menn, sem nokkuð munar um.

Ennfremur er lóðargjaldið mjög lágt, eftir lögum 19. okt. 1877, og óskar bæjarstjórnin því eftir, að mega hækka það eitt ár í senn, þegar útgjöld bæjarins kynnu að aukast fram úr því, sem vanalegt er, eða einhverjar sér stakar fjárgreiðslur lægju fyrir. Og það er aðgætandi, að slíkt gjald kemur mest niður á hinum bygðu lóðum, þar sem það yrði fimmfalt á við gjaldið af óbygðu lóðunum. Nú eru það einkum hinir efnaðri menn, sem hafa stærstar bygðar lóðir, og þar af leiðandi kæmi mest af þessum gjaldhækkunum niður á þeim, enda eru þeir færastir fyrir að bera þær, en aftur á móti get eg ekki skilið, að gjaldið geti stigið fjarskalega hjá fátæklingum, því fæstir þeirra hafa miklar óbygðar lóðir, og þó sumir þeirra hafi kálgarð, þá getur gjaldið af honum naumast stigið um 80 kr., eins og háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.) taldist til. Mér þætti gaman að sjá, að nokkur fátæklingur hefði svo stóra lóð, enda ætti hann þá hægt með að selja lóðina og losast með því móti við gjaldið. Það virðist því alt enda með því, að bæjarstjórninni yrði heimilað að geta hækkað lóðargjaldið, þegar þörf gerðist, um eitt ár í senn.

Flutningsmaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Sumir háttv. þingdeildarm. hafa sagt það við mig, að þeir mundu ekki geta greitt atkvæði með þessu frumv. — Mér er það alveg óskiljanlegt; eg skil ekki í, að háttv. þingm. skuli álíta, að þeim sé kunnugra um, hvað hagar í Reykjavíkurbæ, heldur en bæjarstjórninni; og h. þingm. mega ekki halda, að bæjarstjórnin sé neinir óvinir, sem ætli að fara að ganga á rétt fátæklinganna hér í bænum. Það er fullkomin samvinna milli bæjarstjórnarinnar og bæjarbúa. Eg skil ekkert í því, hvernig menn úr fjarlægum héruðum treysta sér til að bera það ofan í bæjarstjórnina, að annað sé hentugra heldur en henni sýnist. Sá eini maður, sem eg ætladist til, að sé kunnugur bæjarmálum hér, er h. 2. þm. K.-G. (B. Kr.), og furðaði mig því meira á því, hvernig hann tók í þetta mál.

Hvað það snertir, að þetta hafi ekki verið borið undir bæjarbúa, þá er langt síðan, að þetta hefir komið til mála; það hefir verið talað um það langan tíma í vetur á bæjarstjórnarfundum, og það er marg-oft, að þar er fult, þegar bæjarstjórnin heldur fundi sína. Væri mönnum hér í Reykjavík ant um, að lög þessi kæmust ekki á, þá ímynda eg mér, að þeir hefðu borið það fram við mig, sem þingmann kjördæmisins, á þingmálafundum eða á annan hátt. — Eg ætla að vona, að málið fái að ganga til þriðju umr.

Magnús Torfason: Eg hugsa, að eg sé ekki sá eini hér í deildinni, sem á bágt með að greiða atkvæði með þessu máli. Mér virðist málið vera mjög óundirbúið. Eg skal gjarnan játa það, að eg hefi mikið traust til þeirra vísu feðra í bæjarstjórninni í Reykjavík, en hins vegar finst mér það ekki rétt, að kasta upp á þá allri sinni áhyggju, og eg álít, að þingið vegna sóma síns geti varla farið að ráða máli til lykta, sem er svona óundirbúið (*Landshöfðingi:* Setja nefnd í það!). Eg sé ekki betur en að hér sé um mjög þýðingarmikið

mál að ræða. Það er verið að mynda hér nýjan gjaldstofn undir álögur manna hér í bænum (*Landshöfðingi*: Nýjan?). (*Tryggvi Gunnarsson*: Hann er ekki nýr). Hann er að minsta kosti mjög breyttur, og verður alt öðru vísi en hingað til; og þar sem að hér er um skattamál að ræða fyrir bæinn, þá álít eg það mjög viðsjárvert, að ráða því til lykta nú, því hér er enginn reikningur eða skýrslur um það, hvernig þetta gjald mundi koma niður á einstaka menn. Deildinni hefir ekki verið sýndur sá sómi, að leggja neitt þess háttar fyrir hana eða gefa henni neinar upplýsingar, og mér vitanlegt hefir þetta mál ekki verið rætt; að minsta kosti hefi eg ekki orðið var við það í blöðunum, og er þó vanur að lesa þau með athygli; en eg get ekki betur séð en að einmitt þetta mál ætti að ræðast vel og frá mörgum hliðum. — Þess vegna verð eg að hafa þá skoðun, að það sé nokkuð fljótræðislegt, að fara að ganga frá þessu máli nú, og muni vera miklu betra fyrir alla hlutaðeigendur, að láta það bíða til næsta þings.

Þórður J. Thorodden: Eg verð að vera með þeim, sem ekki vilja greiða atkvæði með þessu frumv. Eg sé ekki, hversu nauðsynlegt þetta frumv. er. — Það er að eins til að geta aukið gjöld á gjaldendum, og hvers vegna það má ekki gjöra það með niðurjöfnun, eins og fara þessa leið, ef bæirnn þarf að hækka gjöld, það skil eg ekki, og sé ekki, að það sé nauðsynlegt. En svo vil eg fá upplýsingu um það hjá háttv. þm. Rvík. (Tr. G.), hvort það er leyfilegt, að ákveða þetta gjald — ef þetta skyldi verða að lögum — á þær lóðir, sem þegar er búið að selja til erfðafestu með vissu gjaldi. (*Landshöfðingi*: Kemur því ekkert við). Eg verð þó að efast um, að það komi því ekkert við; ef eg hefi fengið erfðafestuland með samningi um, að borga svo og svo mikið í lóðargjald, þá verð eg að halda því fram, að ekki sé rétt, að hækka það, því að það gæti orðið til þess, að erfðafestuland mitt lækkaði í verði, ef selja þyrfti. — Og svo verð eg að vera með þeim sem segja, að gjald þetta geti orðið óréttlátt fyrir þá sök, að það getur komið hart niður á mönnum, sem lítið gjaldþol hafa. — Það er auðvitað rétt, sem hæstv. landsh. tók fram, að efnamenn koma til að hafa mest afgjald af bygðri lóð; en margir fátæklingar hafa talsvert stórar óbygðar lóðir, svo eg get hugsað mér, að þeir komi til að borga eins mikið af þeim, eins og hinir efnaðri af sínum bygðu lóðum, ef þeir hefðu þeim mun stærri lóðir óbygðar, heldur en hinir bygðar lóðir; og væri þá horfið frá þeirri almennu reglu með gjöld í almenningsþarfir, að þau komi niður eftir efnum og ástæðum. — Svo hefi eg og heyrt þess getið, að frumv. þetta eða þessi ákvæði hafi aldrei komið fyrir bæjarstjórnina. Eg hefi heyrt — eg verð þá leiðréttur, ef eg fer skakt með —, að bæjarstjórnin hafi valið sérstaka nefnd til að athuga þetta; en mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fyrir bæjarstjórnina aftur, og að hún hafi samþykt, að gjaldið skuli vera svona. En það finst mér þó, að þingið ætti að heimta, að að minsta kosti bæjarstjórnin og helzt allir gjaldendendur segðu, hvort þetta væri með þeirra samþykki eða ekki.

Hannes Hafstein: Eg verð að segja, að mér er með öllu óskiljanlegt, hvað þm. geta haft á móti þessu frv. Eins og menn vita, er svo ákveðið í lögum 19. okt. 1877, að jafnað skuli niður fast ákveðnu gjaldi á lóðirnar, 3 aurum á

alin í bygðri lóð, en 1/4 e. á alin í óbygðri lóð. Þessar sömu tölur eru í þessu frumv. sem »minimums« takmark, og að eins farið fram á að það megi hækka það, ef þörf gjörist, upp að vissu takmarki. Sams konar regla gildir í Ísafjarðarkaupstað; þar er bæjarstjórninni gefið svið til að hækka eða lækka lóðargjöldin á, en ákveðið bæði »minimum« og »maximum», og það eru ekki nema 2 ár síðan bæjarstjórnin hækkaði lóðargjöldin, í stað þess að hækka aukaútsvörin. Í lögunum um bæjarstjórn í kaupstöðunum öðrum en Reykjavík eru þau ákvæði, að því, sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, þegar taldar eru tekjur þær, sem til eru án þess að skattur sé lagður á bæjarbúa, skuli jafna niður fyrst og fremst á lóðirnar, upp að ákveðnu takmarki, og síðan því, sem þá vantar, eftir efnum og ástæðum. Það er bersýnilegt, að þeim, sem samdi þau lög, hefir þótt réttlátari undirstaða að leggja á lóðirnar það, sem þær þyldu, og mönnum væri ekki ofboðið með, heldur en að leggja alla aðaláherzlu á aukaútsvörin. Eg fæ ekki séð, að það sé minsta hætta búin af því, þótt bæjarstjórn Reykjavíkur taki upp þá reglu að jafna bæjarþörfum meir á lóðirnar en hingað til, og lina aukaútsvörin að því skapi, og það er í fullu samræmi við það frelsi, sem kaupstaðirnir eiga að hafa, að bæjarstjórnin fái nokkru meira svigrúm en hún hefir haft í þessu efni. Eg verð að telja það mjög óheppilegt, ef þingið fer að gjörast fjárhaldsmaður Reykjavíkurkaupstaðar í öðru eins og þessu, og eg álít sjálfsagt, að veita bæjarstjórninni þá formlegu heimild, sem hún í þessu efni þarf að hafa.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.: Það var að eins örstutt athugasemd. Því hefir verið haldið fram af þeim, er mælt hafa á móti þessu frumv., að lög þessi gætu orðið til þess, að hækka mjög gjöld á fátæklingum, sem oft hafa stórar óbygðar lóðir.

En þeir, sem hafa haldið með frv., þar á meðal hæstv. landsh., hafa sagt, að þeir skildu ekki í nugsunargangi þessara manna, t. d. 2. þm. G.-K. (B. Kr.), og í sömu átt talaði háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.). Eg get ekki séð annað en þessi mótmæli gegn frumv. séu á rökum bygð. Gjaldið er nú 3 a. af bygðri lóð, en 1/4 e. af óbygðri lóð. Ef þessi breyting kæmist á, mætti 8-falda gjaldið af óbygðu lóðinni, en ekki nema rúml. 3-falda gjaldið af bygðu lóðinni. Munurinn nú á gjaldi af bygðri og óbygðri lóð er eins og 12 : 1, en yrði eins og 10 : 2. Munurinn er því geysimikill á því hlutfalli, sem er, og hinu, sem yrði, ef frumv. þetta yrði að lögum. Og ef afleiðingin verður sú, að svona miklu hærra gjald legst á fátæka menn, þá get eg ekki verið með þessu frumv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) var að tala um, hvernig þetta frumv. væri undir komið, að það hafi hvorki verið sýnt bæjarbúum né bæjarstjórn; þar til er að svara, að málið hefir verið margoft til umræðu í bæjarstjórninni og þar hefir verið kosin nefnd í það, sem hefir lagt fram álit sitt, sem bæjarstjórnin síðan hefir rætt og samþ. Þetta getur hinn háttv. þm. séð í fundabók bæjarstjórnarinnar frá víst einum 6 fundum, og hönd sjálfs formanns bæjarstjórnarinnar var á því, sem frv. þetta var prentað eftir. — Hann talaði um, að það væru mest fátæklingar, sem ættu hinar óbygðu lóðir í bænum, og kæmi því þetta frv. þyngst niður á þeim; en flestum ern mældar út 800—1000 □ álnir, bæði efnuðum og fátæk-

um. Ef þetta frumv. verður felt, er sjálfsagt að koma því svo fyrir, að lóðir verði ekki gefnar hér eftir, heldur seldar. Gerum ráð fyrir, að stærð lóðar sé 1000 □ álnir, og hver □ alin seld á 33 a., sem er það minsta verð, sem lóðir eru seldar fyrir, þá kostar lóðin 33 kr., og væri það þá 1,33 kr. sem leggja yrði út í rentur af því kapitali, og getur enginn kallað það dýra lóð; ef 1/4 lóðarinnar væri óbygð lóð, þá yrði gjaldið 2,50 kr., og ef lóðargjald væri fært upp um helming á óbygðri lóð, yrði það þá að eins 5 kr. En af því að eg sé, að skoðanir manna á frumv. eru svo ólíkar, þá neyðist eg til að stinga upp á því, að kosin sé 3 manna nefnd til að íhuga það. Málið er svo einfalt, frumv. svo stutt, að ekki þarf langan tíma til að íhuga það.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að vera á máli þeirra, sem álíta, að ekki beri að samþ. frumv. þetta hér í deildinni. Eg lít svo á, að lóðir, hér eins og alstaðar annarstaðar, sé ekki heppilegur gjaldstofn. Til þess að réttlæta það, að leggja á bygðar og óbygðar lóðir eins hátt gjald, eins og hér er farið fram á, þá yrði að sýna fram á, að hér sé um arðberandi eign að ræða. Lóðir hér í Reykjavík er eign, sem gefur mjög lítinn arð af sér, og þar sem háttv. flutnm. (Tr. G.) er að tala um, að einstakar lóðir hafi verið seldar fyrir svo og svo hátt verð, hver ferhyrningsalin, þá á það að eins við lóðir á vissu svæði, sem sé í miðbænum, en aftur er það öllum vitanlegt, að lóðir í útbænum eða útjöðrum bæjarins eru í mjög litlu verði, og væri farið að heimila með lögum, að leggja svo hátt gjald á þær, sem hér er gert ráð fyrir, þá þyrfti ekki mörg ár til þess, að afgjaldið æti upp verð lóðarinnar. Ef slík lög, sem hér er farið fram á, yrðu samþ., þá mundi af því leiða, að menn yrðu í töluverðri óvissu um útgjöld sín á ári hverju; nú sem stendur vita menn fyrir fram, að lóðargjaldið er svo og svo hátt; en hafi bæjarstjórnin leyfi til að hækka það eftir geðþótta, eins og hér er ráðgert, þá verða menn í óvissu um öll sín bæjargjöld, bæði aukaútsvör og lóðargjald. Bæjarstjórnin hugsar sér t. a. m. að gera eitthvert mannvirki, sem hefir mikinn kostnað í för með sér, götur, stórhýsi eða eitthvað þess háttar, og hugsar sér að taka ekki lán til þess, heldur klára það á einu ári, og hækkar þá lóðargjald í það hæsta, sem hún getur; þá sjá allir, að það getur komið sér mjög óheppilega fyrir gjaldendur. Auk þess sé eg ekki betur en að það sé rétt, sem háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) benti á, að frumv. yrði til þess, að fella eignir í verði. Öllum hlýtur að skiljast, að þegar þetta er orðið að lögum, og það er heimilt, að leggja á óbygðar lóðir áttfalt og á bygðar lóðir þrefalt meira gjald en verið hefir, þá er það óhjákvæmilegt, að þær falli í verði.

Þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða, sem þetta er, þá er sjálfsagt, að það sé rækilega undirbúið, ekki eingöngu rætt af bæjarstjórninni á fundum hennar, sem upplýst er, að ekki hefir átt sér stað, heldur líka á borgarafundum.

Þar sem hæstv. landsh. hélt því fram, að gjald þetta kæmi mest niður á þeim, sem ættu bygðar lóðir, þá verð eg að líta svo á, að þetta sé ekki rétt skoðað; því að bygðar lóðir hér eru svo lítið svæði, að hækkun gjalds af því nemur ekki neitt svipað þeirri hækkun, sem á óbygðum lóðum mundi lenda.

Eg verð því að vera samdóma háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) og fleirum h. þingdm. sem talað hafa, að frv. þetta mætti nota til þess að auka gjöld á þeim, sem væru sízt færir um að bera þau. Það hefði ef til vill mátt færa ástæður til þess, að heimila bæjarstjórninni að færa gjaldið upp í 3—4 aura á bygðri lóð og ½—1 eyri á óbygðri lóð, í stað þeirrar gífurlegu hækkunar sem hér er farið fram á. Og að því er snertir ákvæðið um bæjargjöld á Ísafirði, sem tekin hafa verið til samanburðar, þá er þar ekki gjört ráð fyrir gjöldum, sem eru neitt svipuð þessum. »Maximum« þar, eða það hæsta gjald, sem leggja má á bygðar og óbygðar lóðir, er fyrir neðan það sem hér á að lögákveða. A Ísafirði hagar þar á ofan svo til, að óbygðar lóðir eru þar mjög smáar, nema svæði sem 2—3 verzlanir hafa til fiskverkunar, og er það ekki ósanngjarnt, að þær borgi af því svæði hátt gjald, þar sem þær hafa svo mikið gagn af því.

Eg verð af þessum ástæðum að leggja móti því, að þetta frumv. gangi til 2. umr., og sýnist mér það alls ekki eiga við, að setja nefnd í það, þar sem það er svo illa undirbúið, bæði af bæjarstjórninni og Reykjavíkurbúum.

ATKV.GR.: 1. gr. feld með 11 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Bjarnarsson, Bf.
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Jósafat Jónatanss.,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
S. Stefánss., Skgf.,	Sigurður Sigurðss.,
Tr. Gunnarsson.	Skúli Thoroddsen.
	S. Stefánsson, Eyf.
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen.

Fjarverandi við nafnakallið voru: Jóh. Jóhannesson, Lárus Bjarnason, Hermann Jónasson og Pétur Jónsson.

Frumv. þar með fallið.

Manntal í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um manntal í Reykjavík (C bls. 277); 1. umr., 18. júlí.

Hannes Þorsteinsson: Frv. það sem hér liggur fyrir fer fram á töluverð nýmæli. Vegna þess að manntalsskýrslur þær (sálnaregistur), er dómkirkjupresturinn hér í Reykjavík á að semja, hafa vegna hinnar miklu fólksfjölgunar hér á síðari árum reynst öldungis ófullnægjandi til þess að á þeim mætti byggja áreiðanlegar upplýsingar um gjaldendur í bænum, hefir svo farið, að ýmsir bæjarbúar hafa komist hjá því að greiða skatta hér og gegna þegnskyldum sínum, og af sömu ástæðum hafa ýmsir eigi verið teknir upp á kjörskrá, sem þar hefðu að réttu lagi átt að standa. Af þessu getur og risið vafi um sveitfesti manna og enn fleira. Hér þarf því umbóta og breytinga við, og það ætlast frumv. til að verði á þann hátt, að lögreglustjórnin annist manntalið í stað prestsins. Eg felli mig vel við þetta, og eins við það, að hart er tekið á því, ef einhver húsráðandi vanrækir að tilkynna lögreglustjóra, þá er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá, flytur í hús hans eða úr því. Mál þetta hefir verið til athugunar í h. Ed., og eg gjöri ráð fyrir, að það hafi verið íhugað þar rækilega. Eigi að síður finst mér ástæða til að breyta enn einstöku atriðum; skal eg í því sambandi nefna orðin í 1. gr. »all-langa dvöl«. Þetta finst mér alt of ónákvæmlega orðað.

Við hvað er hér átt? Er það 2, 3, eða 4 mánaða dvöl eða hvað? Eg hefi ekki hlustað á umr. í Ed., og veit ekki, hvort þetta atriði hefir komið þar til greina, en það þarf lagfæringar við. Setjum svo, að einhver hér í bæ taki í hús sín pilt, sem hér ætlar að dvelja 2—3 mánuði. Það getur nú verið, að hann tilkynni lögreglustjóra komu piltsins, en það getur líka verið að hann geri það ekki, af því að hann álíti 2—3 mánaða dvöl ekki »all-langa dvöl« og álíti, að hann sé ekki skyldur samkvæmt lögunum að gera lögreglustjóra nokkra tilkynningu. En lögreglustjóri getur litið öðruvísi á þetta og látið sekta húsráðanda fyrir vanrækslu. Húsráðandi skýtur svo málinu til dómstólanna, og þá verða þeir að skera úr, hvað meint sé með orðunum »all-löng dvöl« í lögunum, hversu langur tími það sé. En þetta er óþarfa krókur. Betra að hafa ákvæðin í lögunum svo skýr, að ekki þurfi að verða nein rekistefna úr þessu fyrir dómstólunum. Það er hart, að verða fyrir allþungum sektum einmitt vegna óljósra orða í lögunum. Yfir höfuð tel eg það nauðsyn, að forðast jafnóákveðin orðatiltæki í lögum og hér eru viðhöfð. Þau geta leitt af sér óþarfan málarekstur og vafninga. Reyndar álít eg ekki, að nauðsyn sé að skipa nefnd í málið, heldur megi laga frumv. með því að koma fram með breyt.till. við það til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Önnur umr., 27. júlí (C bls. 277, brt. bls. 337).

Hannes Þorsteinsson: Eg á hér lítils háttar breyt.till. á þgskj. 151.

Eg gerði grein fyrir því við 1. umr. hvers vegna mér þætti réttara að taka fram í ákveðnum orðum, hvað átt væri við í frumv. með orðunum »all-langa dvöl«. Eg þarf því ekki að taka það upp aftur nú. Þetta óákveðna ákvæði getur valdið rekistefnu og vafningum, og hefi eg því leyft mér að koma með þá breyt.till., að í stað orðanna »all-langa dvöl« verði sett: »hafa ársfjórðungsdvöl«. Það kom líka fram við umr. í Ed. óánægja með þessi orð í 1. gr., og það var að eins því að kenna, að þeim var ekki breytt þar, að það var of seint að koma breyt.till. að. Eg ímynda mér því, að Ed. hafi ekkert á móti þessari breytingu. Eg skal svo ekki tala frekar um þessa breyt.till., en vona, að háttv. þingd. samþ. hana.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 151 samþ. með 16 atkv.

1. gr. með áorð. breytingu samþ. með 18 atkv.

2., 3., 4. og 5. gr. sþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Þriðja umr., 24. júlí (C bls. 359).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 3. ágúst (C bls. 412).

Hannes Þorsteinsson: Það er svo að sjá, sem hinir háu lávarðar í Ed. kunni því illa, að það sé verið að hrófla við handaverkum þeirra hér í Nd. Það var gerð hér lítils háttar breyting á frumv. því, sem kom frá háttv. Ed., en þegar það kom aftur til Ed., var það sett í nefnd, og hefir hún að nokkru leyti tekið breytinguna til greina, sem sýnir, að hún var ekki ófyrirsynju gerð, enda miðaði hún eingöngu til þess, að gera eitt atriði greinilegra. Ed. hefir nú í staðinn fyrir »alllanga dvöl«, sett »dvöl« og fært ákvæðið um, að gestir og ferðamenn séu undanskildir, þangað sem það kemur betur við. Þess vegna er frumv. nú betur úr garði gert en það var í fyrstu, er það kom

frá Ed., svo að eg álít ekki þörf, að fara að gera neina breyttill. við það að nýju. Sérstaklega álít eg mikla bót í því, að það er beinlínis tekið fram í framhaldsáliti nefndarinnar í Ed., að svo sé til ætlast, að landshöfðingi eigi að semja reglur fyrir manntalinu; það er vonandi, að þessar reglur verði nægilega birtar bæjarbúum, svo að menn viti, hvernig á að fylgja lögunum og framkvæma þau.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 samhljóða atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Aðstoðarprestur í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um skipun fasts aðstoðarprests í Reykjavík (C bls. 149); 1. umr., 3. júlí.

Tryggvi Gunnarsson: Því hefir að undanförnu verið hreyft víðs vegar út um landið, hvort ekki væri heppilegt að breyta launum prestanna á þann hátt, að þau yrðu borguð af landssjóði, og hafa sumir álitið það heppilegt. Þetta frumv. lítur út fyrir að vera byrjun eða stig í þá átt, því ef þetta frumv. nær fram að ganga, þá leiðir af sjálfu sér, að meiri breytingar hljóta að fara á eftir. Þetta mál er því miklu stærra en út lítur fyrir, ef dæma ætti eftir þessu litla frumv., og álít eg því nauðsynlegt, að nefnd væri kosinn. Eg vil þó ekki gera þá tillögu þegar í stað, til þess að hindra ekki aðra frá að taka til máls, sem kynnu að óska þess.

Tryggvi Gunnarsson: Fyrst enginn óskar að taka til máls, skal eg leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Felt með 13 atkv. móti 6, að kjósa nefnd í málið.

Málið felt frá 2. umr. með 15:5 atkv.

Arnarhólstún.

TILLAGA til þingsályktunar um Arnarhólstún (C bls. 326); ein umr., 9. ágúst.

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 14 atkv. og afgr. til Ed.

Bæjarstjórn á Ísafirði.

FRUMVARP til laga um breyting á 24. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá 8. okt 1883 (C bls. 347); 1. umr., 23. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Þetta frumv. er mjög stutt, og snertir ekki aðra landshluta en bæjarfélag Ísafjarðar. Bæjarstjórnin hefir farið fram á, að sú breyting væri gerð á gjalddaga á bæjargjöldum, að hann yrði 15. janúar og 15. júlí ár hvert, í staðinn fyrir, eins og nú er, 1. apríl og 1. júlí.

Ástæðan er sú, að síðan útgjöld kaupstaðarins fóru að aukast, hefir það komið í ljós, að bæjarsjóðurinn getur ekki haft svo mikið í sjóði um áramótin, að hann geti mætt þeim gjöldum, er fyrir koma fram að fyrri gjalddaga, eða réttara sagt, þangað til gjöld hans greiðast, löngu eftir fyrri gjalddagann, eins og verða vill.

Reykjavík hefir fyrir nokkuð mörgum árum breytt sínum gjalddaga, svo að hann er 1. janúar og 1. júlí. Hér er farið fram á 15. jan. og 15. júlí, og er það nokkuð það sama.

Eg þarf svo ekki að fjölyrða um þetta mál, en óska, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Önnur umr., 27. júlí.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eg vona, að þetta frumv. þurfi ekki frek-

ari skýringa við en það þegar hefir fengið við 1. umr. Það er fram komið eftir áskorun frá bæjarstjórninni á Ísafirði, og því sem næst í samræmi við þá gjalddaga, sem ákveðnir eru hér í Reykjavík á bæjargjöldum; þessir gjalddagar eru fult eins hentugir fyrir bæjarbúa, en miklu heppilegri fyrir bæjarsjóð, sem með núverandi gjalddögum er tómur nokkurn hluta framan af árinu, nema hann hafi allmikið fé liggjandi í eftirstöðvum við árslok, sem hefir viljað verða stopult, síðan útgjöld fóru að vaxa á síðari árum.

Skúli Thoroddsen: Eg get því miður ekki verið samdóma mínum háttv. samþingismanni um það, að þetta frumv. sé heppilegt fyrir bæjarbúa á Ísafirði. Að því er eg veit bezt, þá hefir málið nýskeð verið borið upp á fundi bæjar stjórnarinnar á Ísafirði, en að því er mér er frekast kunnugt, þá hefir það ekki komið til tals meðal bæjarbúa. Eg fyrir mitt leyti verð að lýsa því, að eg álít breytinguna alls ekki heppilega og alls ekki líklega til þess að leysa úr þeim vandræðum, sem bent hefir verið á. Í lögunum frá 24. sept. 1883 er gjalddagi bæjargjalda á Ísafirði ákveðinn 1. apríl og 1. október; hvorttveggja er einkarhentugur gjalddagi. Um mánaðamótin marz og apríl eru vetrarvertíðarlok, og flestir um það bil að fara á þilskip, atvinna er að byrja, hagur manna að greiðast, svo að margur á þá hægt með að greiða nokkuð af gjaldinu; 1. okt. er líka einkarhentugur gjalddagi að því leyti, að þá er sumaratvinnan að enda, og flestir eiga þá greiðara um útgjöld en ella. En sá gjalddagi, sem hér á að lögleiða, er svo óhentugur, sem hugsast getur. Það er sá tíminn, þegar harðast er um atvinnu. Fjöldinn af gjaldendum eru húsmenn, sem lifa á daglaunavinnu eða sjómensku. Í janúar eiga þessir menn fult í fangi með að fá lán eins og þeir þurfa til að lifa af, og það er venja á Ísafirði að taka við bæjargjöldum eingöngu í peningum; borgun í innskrift eða verzlunarávísanir eru ekki teknar gildar; ekki er þar heldur tízka, að menn geti borgað bæjargjald sitt með því, að ala ómaga, eða einum gjaldandanum sé ávísað hjá öðrum, eins og tíðkanlegt er í sveitum, — nei, peningar er það eina, sem tekið er í bæjargjöldin á Ísafirði. Hvernig eiga nú húsmenn að drífa upp peninga í janúarmánuði? Eg skal að vísu játa, að það hefir alloftast ekki verið gengið hart að gjaldendum, þótt þeir ekki hafi borgað í tæka tíð, t. d. þó þeir geti ekki borgað 1. apríl, heldur hefir það verið venja, að umlíða þá eftir atvikum; en þegar það er gert að lögum, að lögtak megi framkvæma, ef eigi er borgað 15. janúar, þá vofir lögtak yfir hverjum manni, sem ekki borgar á réttum tíma. Eg álít því, að þegar bæjarstjórnin ákvað að breyta gjalddaganum, þá hafi hún ekki haft hag bæjarbúa fyrir augum. Það er ekki rétt, eins og háttv. 2. þm. Isf. (H. H.) gerði, við 1. umr. þessa frumv., að bera saman Reykjavík og Isafjörð í þessu efni, því að hagur og allar ástæður íbúa þessara 2 staða eru svo fjarskalíkar. Hér er fjöldi gjaldenda embættismenn, verzlunarmenn og sjálfstæðir iðnaðarmenn, og hér eru töluverð peningaráð, þar sem aftur á Ísafirði, eins og á fleiri stöðum út um landið, er afarerfitt um contanta, nema rétt á meðan menn hafa verzlunarvörur sínar í höndunum að sumrinu.

Efnahagur manna yfirleitt er og svo örðugur, að menn eiga ekki inni í verzlunum, heldur lifa á lánum yfir veturinn, allur þorrinn; þó það sé hagkvæmt hér, að hafa gjalddagann 15. janúar, þá hygg eg að ekki sé hægt að líta

svo á, að það sé hentugt, þegar til Isafjarðar kemur. Líka má geta þess, að þar sem bæjarreglugjörðin á Isafirði gerir ráð fyrir, að niðurjöfnun fari fram í nóvember, og geri maður ráð fyrir,að niðurjöfnunarskráin liggi frammi mánaðartíma, fyrir nýár, þá sjá allir, að ef ekki er nema hálfur mánuður frá nýári, er helmingur útsvaranna er fallinn í gjalddaga, þá er ekki búið að fella úrskurð út af kærum þeim, sem fram kunna að koma út af niðurjöfnun, og mætti þá taka lögtaki áður en úrskurður væri fallinn um það, hvort kæran væri á rökum bygð, og væri það næsta óviðfeldið.

Eg verð af þessum ástæðum, að mæla á móti því, að þetta frumvarp verði samþ. hér á þinginu, og þykist eg þess fullviss, að þótt meiri hluti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði hafi komist að þessari niðurstöðu, þá sé það ekki vilji alls þorrans af bæjarbúum. Eg kann því illa, að þetta frumv. er komið fram. Því bæði eg og aðrir, sem kunnugir eru á Ísafirði, vitum, hve menn þar eiga bágt með að borga bæjargjöld á 1. apríl-gjalddaga, hvað þá heldur 15. janúar. Afleiðingin af lögum þessum yrði því sú, að annaðhvort yrði að líða bæjarbúa um gjöldin, og þá væri þýðingarlítið að breyta gjalddaganum, eða þá taka þau lögtaki, og taka reiturnar af bláfátækum mönnum og selja þær. Auðvitað gæti þetta frv. haft þá þýðingu, að um 10 gjaldendur, verzlanir, einstöku efnamenn og þessir fáu embættismenn, sem í Ísafirði eru, gyldu gjöld sín á janúargjalddaga, en það bætti lítið úr vandkvæðunum.

Annars get eg ekki viðurkent, að vandkvæðin séu eins mikil og orð er á gert, því að bæjarstjórnin getur haft það í valdi sínu, að haga áætluninni yfir tekjur og gjöld bæjarins svo, að jafnan sé svo mikið í sjóði, að nægilegt sé til bráðnauðsynlegustu útgjalda 3 fyrstu mánuði ársins, og enn mætti koma því svo fyrir með útgjöldin, að draga að borga þau, sem ekki ber bráðan að, svo að jafnan sé nokkuð fé fyrir hendi.

Mér blandast því ekki hugur um það, að meginþorri íbúa á Isafirði eru móti þessu frumv., þó að bæjarstjórnin sé því meðmælt, enda hagar svo til, að þó kosið sé almennum kosningum til bæjarstjórnar á Ísafirði, þá »repræsentear« hún þó ekki vilja fjöldans, heldur í raun og veru einstakra efnamanna, sem einir ráða kosningunum. Eg veit að eins eitt dæmi til þess, að annar maður hafi komist í bæjarstjórnina en sá, sem efnamannaflokkurinn vildi hafa, og það var árið 1897, þegar eg var kosinn þar í bæjarstjórnina.

Framsögumaður (*Hannes Hafstein*): Í niðurlagi ræðu h. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) fór mig fyrst að renna grun í, hvar fiskur lægi undir steini; annars var mér gersamlega ómögulegt að skilja, hvaða ástæðu hann hefði til, að vera mótfallinn þessu frumv. En hann má vera öldungis óhræddur. Hér er ekki að ræða um neitt flokksmál fyrir neinn flokk á Isafirði, heldur alment fjárhagsspursmál, sem snertir jafnt alla gjaldendur til bæjarsjóðs og einskis manns taum dregur, heldur hefir eingöngu praktiskara fyrirkomulag fyrir augum. Eins og h. þingd. mun kunnugt, þá er hér ekki farið fram á, að gera neina undantekning frá því, sem alment á sér stað á þessu landi, því í öllum sveitum landsins er gjalddagi á sveitargjöldum um nýár, og hér er ekki einu sinni farið fram á meir en að fyrri helmingur bæjargjaldanna skuli borgaður um það sama leyti. Það er því ekki rétt, að hér sé um neina nýja hugmynd að ræða, enda hefir verið rætt um þetta mál í mörg ár á Ísafirði

og nú síðast í sumar samþykti bæjarstjórnin þar formlega áskorun til beggja þm. sinna, um að flytja frumv. inn á þingið um þetta efni. Mér þykir lítið gert úr Ísfirðingum, og það af þeirra eigin þm., að bregða þeim um, að þeir séu svo miklir aumingjar, að þeir geti ekki borgað nauðsynleg gjöld sín til sveitar eins vel og aðrir landsmenn. Eftir því, sem eg þekki til, þá veit eg ekki til, að um meiri fátækt sé að ræða á Ísafirði en t. d. hér í Reykjavík, og eg ímynda mér, að Ísfirðingar eigi fult eins hægt með, að greiða skilvíslega sín sveitargjöld eins og aðrir landsbúar, og það því fremur, sem gjöldin eru lægri eða fult svo lá þar, sem víðast annarsstaðar. Það þarf víst ekki að óttast, að lögtaki verði fremur beitt harðdrægnislega nú en undanfarin ár. Eg veit ekkert dæmi til þess, að lögtaki hafi verið beitt síðari ár við nokkurn mann þar fyrir bæjargjöld, fyr en eftir að síðari gjalddagi hefir verið liðinn. Svo mikil biðlund hefir verið sýnd. Ef bæjargjöldin fengjust innborguð um apríl-gjalddaga, þá væri hér ekki um mikil vandræði að tala; en því er ekki að heilsa. Eins og h. þm. veit, þá hefir þeirri reglu áður verið fylgt, og það alt þangað til nú fyrir 3—4 árum síðan, að innheimta alt gjaldið í einu, eftir að fyrri gjalddagi var liðinn. En síðan sú nýbreytni var tekin upp, að hlýða lögunum í því, að heimta ekki nema helminginn í senn, hefir vitanlega greiðst helmingi minna eftir fyrri gjalddagann, og drátturinn á greiðslu fyrri helmingsins orðið eins mikill og fyr á öllu gjaldinu. Nú vill greiðslan dragast hjá alt of mörgum enda fram yfir októbergjalddaga, og nú í ár eru t. d. engar af stærri verzlununum farnar að borga einn einasta eyri í bæjarsjóðinn.

Eg mótmæli því, að bæjarstjórnin hafi ekki haft hag bæjarbúa fyrir augum, þegar hún vildi láta flytja gjalddagana. Hún hafði bæði hag bæjarsjóðsins og bæjarbúa fyrir augum, svo að þeir þurfa ekki að gjalda meira til bæjarþarfa, ef þetta frumv. verður að lögum, heldur en áður, heldur jafnvel minna. Því til þess að geta haft nægilegar fjárbirgðir í sjóði við áramót, þyrfti að jafna niður meira fé en útheimtist til ársgjaldanna, og það álít eg hvorki heppilegt né heimilt, að íþyngja gjaldendum með meiri gjöldum en á þarf að halda í hvert skifti. Ætli flestum finnist þeir eigi hafa nóg að greiða án þess?

Eg skil ekki, að hægt sé að segja með sanni, að fátæklingar séu ver staddir á Ísafirði en hér í Reykjavík, eða að þört sé á, að miða gjalddaga sveitargjalda við vertíðir þar fremur en annarstaðar.

Eins og h. þm. (Sk. T.) veit, eru þeir ekki mjög margir, sem um vetrartímann stunda róðra frá Ísafirði. Fjöldi manna þar eru annaðhvort iðnaðarmenn eða verzlunarmenn eða erfiðismenn, og yfirhöfuð held eg, að skifting atvinnugreinanna sé nokkuð lík þar og annarstaðar í kaupstöðum á landinu; það er vitanlega á öllum tímum árs og alstaðar hér á landi erfitt fyrir fátæklinga, að ná peningum til opinberra gjalda; en það mun ekki vera fremur á Ísafirði en annarstaðar.

Eg vona, að h. þingd. fari ekki tvisvar sinnum sama daginn að grípa fram fyrir hendurnar á frelsi því, sem kaupstaðirnir ættu að hafa í sínum eigin málum, og það því síður, sem eg skil ekki, hvernig þetta frumv. ætti að ríða í bága við hag nokkurs manns.

Skúli Thoroddsen: Það er að eins stutt athugasemd við ræðu h. flm. (H. H.), sem eg vildi gera.

Mér finst það ekki vera rétt, að líkja saman gjalddaga í sveitum og kaup-

stöðum, þar sem gjöldin, eins og menn vita, eru goldin á sinn hátt á hvorum staðnum. I sveitinni er fyrirkomulagið það, eins og kunnugt er, að hver gjaldandi fær sinn gjaldseðil, og er þar tiltekið, hvernig gjaldið skuli greitt. Svo og svo mikið er látið ganga upp í framfærslu á ómögum; svo og svo mikið tekur bóndinn undir sjálfum sér, og svo og svo mikið á hann að greiða til nágranna síns. Hér er því um nokkuð annað að ræða en peningagjöld, og þar sem h. flm. tók fram, að Reykvíkingar hefðu ekki betri ráð á að greiða sín gjöld en Ísfirðingar, þá kann svo að vera; en næsta ólíklegt þykir mér það þó, því að í Reykjavík er erfiðismönnum að jafnaði borguð vinna sín í peningum, sem ekki er gert á Ísafirði, og yfir höfuð er miklu meira um peninga hér en þar, eins og eðlilegt er, þar sem hér eru aðalpeningalindir landsins. En ætti að fara að flytja gjalddagann til 15. jan., þá get eg ekki kallað það jafnaðarlög; og þar sem talað hefir verið um, að þingið megi ekki ganga of nærri frelsi bæjarfélaganna, þá svara eg því svo, að það er ekki síður skylda þingsins, að vernda rétt lítilmagnans en styðja að frelsi, sem leitt getur til gjörræðis, og þar sem Ísfirðingar eru svo hepnir, að þurfa ekki að greiða bæjargjöld sín fyr en 15. apr. og 15. okt, þá vil eg ekki stuðla til þess, að þeir missi þessi réttindi og setja í staðinn önnur ákvæði, sem annaðhvort leiða til harðræðis gagnvart gjaldendum eða þá verða þýðingarlaus, því sé það ekki meiningin, að beita eigi lögtaki við þá, sem ekki hafa borgað á réttum gjalddaga, þá er breytingin algerlega þýðingarlaus. Þar sem h. flm. benti á, að nú væri dregið að borga bæjargjöldin, ekki einungis fram yfir aprílgjalddaga, heldur jafnvel til hausts, og það af hinum stærri og efnaðri gjaldendum, þá er þar til að svara, að það er án efa af því, að ekki er gengið nógu ríkt eftir gjöldunum; en hitt er vitaskuld ekki nema eðlilegt, þótt mörgum þyki gott, jafnvel þótt efnaðir séu, að geta dregið að borga til haustsins.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Að eins örstutt athugasemd. Eg get ekki með nokkuru móti fallist á, að þetta geti leitt til þess, að þröngvað sé rétti fátæklinganna eða neinu gjörræði beitt gagnvart þeim. Það hefir aldrei komið fram, að þeim hafi verið sýnd nein harka, og margoft hefir þeim verið veittur frestur með borgunina alt fram að nýári, og hefir það þá sýnt sig, að þá hafa peningarnir komið, einmitt nálægt þeim tíma, sem nú er farið fram á að setja fyrri gjalddagann.

Það kann rétt að vera, að bæjargjöldin séu fremur en sams konar gjöld í sveitum heimtuð í peningum; en eg sé ekkert á móti því, að þau væru tekin að nokkuru leyti í innskrift við áreiðanlegar verzlanir, eins og önnur opinber gjöld, þegar svo ber undir, og þyrfti þá ekki annað til þess að forðast þau óþægindi, sem h. samþingismaður minn óttast, en að benda bæjargjaldkeranum á, að sýna meiri lempni í því efni. Eg vona, að h. þm. (Sk. Th.) hafi ekki meint, að þetta frumv. væri fram komið í því skyni, að svifta lítilmagnann réttindum. Hann veit sjálfur, að slíkt á sér engan stað, og að, eins og eg tók fram, miðar frumv. að eins til þess, að komast hjá því, að bæjarsjóðurinn þurfi að lifa á skyndilánum og bónbjörgum langan tíma ársins.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Það lítur út fyrir, að það ætli ekki að verða vandalaust að greiða atkvæði í þessu máli, þar sem tvo jafnkunnuga h. þm. greinir svo mjög á í skoðunum á málinu. Alstaðar þar, sem eg þekki til,

veit eg það, að miðsvetrar- og miðsumars-gjalddagi er mjög óhagkvæmur fyrir öll gjöld, en þar á móti er haustgjalddagi hentugasti gjalddagi á árinu, en því næst vorgjalddagi, og með því hér er ekki hægt að fá neinar sannfærandi upplýsingar frá þingm. sýslunnar, sem eru sinn á hvorri gagnstæðri skoðun, þá verð eg að ganga út frá hinu almenna, eða því, sem eg veit að annarstaðar er hentugast, og mun því greiða atkv. móti frv.

ATKVGR.: Frumv. felt með 11 : 7 atkv.

Slökkvilið á Seyðisfirði.

FRUMVARP til laga um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði (C bls. 309); 1. umr., 19. júlí.

Flutningsmaður (*Jóhannes Jóhannesson*): Þetta frumv. er sniðið eftir lögum frá 8. nóvember 1883 um stofnun slökkviliðs á Ísafirði, og samhljóða þeim lögum að öðru leyti en því, að í 2. gr. er tekið upp ákvæði um, að í reglugjörðinni fyrir slökkviliðið megi leggja alt að 20 kr. sektir við brotum gegn henni. Svo er og 3. gr. ný, en nauðsynleg vegna ákvæðis þess, er eg nefndi áðan. Á Seyðisfirði er búið að kaupa nokkur áhöld til að slökkva bruna, og í ráði er að auka þau, en engin ákvæði eru til, sem skylda kaupstaðarbúa til að æfa sig á að fara með þau, eða mæta, þegar eldsvoða ber að höndum. Málið er svo einfalt og óbrotið, að það er alveg óþarft að skipa nefnd í það, og vona eg, að það fái að ganga óhindrað gegnum þingið.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 22. júlí.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 18 atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Þriðja umr., 24. júlí.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Sótarar í kaupstöðum.

FRUMVARP til laga um skipun sótara í kaupstöðum öðrum en Reykjavík; 1. umr., 27. júlí (C. bls. 353).

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eg býst ekki við, að það sé til mikils, að mæla með þessu frumv., úr því það snertir kaupstaðina. Eg vildi þó taka það fram, að við flutningsmenn frumv., sem höfum á hendi bæjarfógetaembætti á Seyðisfirði og Ísafirði, höfum bætt Akureyri inn í frumv., samkvæmt ósk bæjarfógetans þar, Klemens Jónssonar.

Frumv. er, eins og menn sjá, að eins heimild, sem gefin er bæjarstjórnunum í kaupstöðum utan Reykjavíkur, til að skylda menn til, að láta vissan mann, er bæjarstjórnin tilnefnir, hreinsa reykháfa í húsum sínum, og til að heimta gjaldið fyrir það inn með lögtaki, eins og önnur bæjargjöld. Reykjavík hefir þegar lengi haft þennan rétt. Í lögreglusamþyktum fyrir hina kaupstaðina er og ákveðið, að hreinsa skuli reykháfa tvisvar á ári; en það ákvæði hefir orðið miður nægilegt í framkvæmdinni, af því að hver einstakur húseigandi hefir átt að annast hreinsunina sjálfur, og ákvarðanir hefir vantað, er veittu bæjarstjórninni heimild til að láta framkvæma starfið og á tilteknum tíma taka lögtaki gjöld þau, sem af því leiðir.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Onnur umr., 30. júlí.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkv.

Þriðja umr., 1. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. samþykt í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Ein umr., 14. ágúst (C bls. 563).

Hannes Hafstein: H. Ed. hefir gert þá breyting á frumv. þessu, að hún hefir skotið inn því ákvæði, að landshöfðingi skuli staðfesta gjaldskrá þá, er bæjarstjórnin semur. Meining okkar með orðinu gjaldskrá var: skrá yfir gjaldendur, en nú hlýtur það að þýða taxti, og eg sé ekkert á móti því, að slá þessari meiningu fastri, þannig, að hér sé átt við, að landshöfðingi leggi samþykki á, hve hátt gjald skal greiða fyrir hreinsun reykháfa. Eg vil leyfa mér að spyrja hæstv. landsh., hvort hann hafi nokkuð á móti því, að leggja þennan skilning í orð frumv. á þgskj. 413.

Landshöfðingi: Mér finst sjálfsagt, að skilja þetta orð eins og h. flutnm. tók fram, því það væri engin meining í að láta landshöfðingja skrá skrá yfir gjaldendur. Meiningin með þessu ákvæði er, að koma í veg fyrir, að of hátt sótaragjald verði lagt á kaupstaðarbúa.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Brunabótasjóður.

FRUMVARP til laga um stofnun brunabótasjóðs (C bls. 244); 1. umr., 15. júlí.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Eyf.): Eg sé ekki ástæðu til, að fara um frumv. þetta mörgum orðum, sérstaklega vegna þess, að það er algerlega í sama búningi, sem það var í á þinginu 1894. — Það sem aðallega vakti fyrir okkur flutningsmönnum málsins, var það, að því yrði að halda vakandi; það væri svo stórt áhuga- og velferðarmál þjóðarinnar, að það hlyti að standa á dagskrá þingsins. — Fyrir forgöngu einstakra manna hefir alþingi hreyft þessu máli við stjórnina og hún aftur gefið svar með ráðgjafabréfi dags. 14. júní 1899, eftir að hafa leitað upplýsinga hjá forstjóra brunabótafélags sveitabygginga í Danmörku, etazráði Tvermoes, vel að merkja forstjóra þess brunabótafélags, sem hafði hag af því, að okkar brunabótagjöld rynnu sama farveginn og áður. — Þetta mál kom fram á þingmálafundi Eyfirðinga, og var skorað á okkur þingmennina, að hreyfa því hér, og er mér það því jafn-ljúft sem skylt, að vinna þessu máli það gagn, sem eg frekast má.

Eftir því sem fram kom í umræðunum um þetta mál á þinginu 1894, hafði Reykjavík ein greitt 50,000 kr. meira í útlendan brunabótasjóð en hún hafði aftur úr honum fengið yfir þau 20 ár, er hún hafði þá notið vátryggingarinnar, og þegar tekið er tillit til þess, að brunabótagjaldið hér í Reykjavík er að eins 2‰ eður jafnvel ekki nema 1,6‰, þá getur hver maður séð, að það er ekki lítil upphæð, sem þannig gengur út úr landinu, þar sem brunabótagjald utan Reykjavíkur er 5‰;

er það svo stór upphæð, að vér megum ekki láta svo búið lengur standa. Það er viðurkent, að aukið fjármagn og þar af leiðandi aukið sjálfstæði hafi mikla þýðingu fyrir hverja þjóð, og er það lögmál ekki síður gildandi fyrir okkar fámennu þjóð en hinar stærri. Í sambandi við það vil eg leyfa mér að benda á, að sýnt hefir verið fram á með óyggjandi tölum, að húseignir hér á landi næmu á 8. miljón króna; ef nú gert væri ráð fyrir, að hverjum húseiganda væri gjört að skyldu, að hafa hús sitt vátrygt, þá mundi þar með safnast all-álitleg upphæð á skömmum tíma í vátryggingarsjóð.

Enn fremur dettur mér í hug, að sjóðurinn þyrfti ekki, þegar fram líða stundir, að taka 5‰ til þess, að vera full trygging fyrir landsmenn.

Eg vil að svo komnu ekki orðlengja frekara um málið að sinni, en óska, að aðrir vildu taka til máls um þetta efni.

Landshöfðingi: Eg held, að mér sé óhætt að fullyrða, að síðan alþingi var stofnað, hafi ekki verið farið fram á öllu meira ófrelsi í nokkru frumvarpi heldur en í þessu, sem hér liggur fyrir; frumv., sem gengur eins nærri mannfrelsi, þegnfrelsi og félagsfrelsi. — Eg vil ekki segja, að þetta frumv. fari í bág við stjórnarskrána, að minsta kosti ekki orð stjórnarskrárinnar, en það er áreiðanlegt, að það brýtur á móti anda stjórnarskrárinnar; og eg skal tilnefna sérstaklega 58. gr., þar sem ákveðið er um frelsi sveitarfélaga til að ráða sínum eigin málum.

Það er þá fyrst og fremst fyrirskipað, að allir kaupstaðir á landinu, og nokkrir verzlunarstaðir, sem virðast teknir af handahófi, skuli ganga í félag. Og hvaða félag? Félag, sem þeir hafa engin ráð yfir, ekkert atkvæði um, og jafnvel félagsstjórnina megi þeir ekki kjósa. — Þeim er bara skipað að ganga í félagið, án þess þeir séu spurðir um það, og án þess þeir hafi nokkuð um mál félagsins að segja. — Það kveður svo ramt að, að félagsstjórnin má ákveða, hvers konar slökkvitól kaupstaðirnir eigi að hafa, án þess að þeir sjálfir megi eitt orð um það segja.

Í öðru lagi er stjórn þessa félags lögð á hendur mönnum, sem ekki eru skyldir til, að taka við öðrum störfum en þeim, sem fylgja þeim sýslunum, sem þeir eru nú í settir og þó að maður gerði ráð fyrir, að stjórn landsbankans hefði jafnan gott vit á slökkvitólum, — í frv er auðsjáanlega gengið út frá því, að þekking á slökkvitólum fylgi bankastjóraembættinu samkvæmt talshættinum: »Þeim, sem guð hefir embættið gefið þeim mun hann og vitið gefa« —, þá mundi þetta fyrirmuna bankastjórunum, að stunda þau störf, sem sýslun þeirra leggur þeim á herðar. En það er nokkur bót í máli, að stjórn landsbankans getur skamtað sjálfri sér launin fyrir starf sitt, þar sem í 13. gr. stendur, að hún skuli í reglugjörðinni ákveða, hve miklu fé megi verja til framkvæmdarstjórnar.— Þetta tvent er nægilegt til þess, að sýna, hvernig ófrelsið ræður í þessu frumv. gagnvart bæjar- og sveitarfélögum og einstökum mönnum.

En svo kemur til landssjóðs, því að ekki er svo sem verið að hlífa landssjóðnum. — Það er sem sé ákveðið í frumv., að hve nær sem svo mikinn eldsvoða beri að höndum, að félag þetta geti ekki staðið í skilum, þá skuli landssjóður greiða það, sem á vantar. Landssjóður verður þannig kominn upp á náð og miskunn bankastjórnarinnar; hún ákveður, hve há iðgjöldin eiga að vera, og setji hún iðgjöldin lágt, þá lenda allar brunabæturnar á landssjóði. — Að vísu segir, að það skuli borgað

aftur af sjóðnum, sem landssjóður þannig borgar fyrir hann, en engin trygging er sett fyrir þeirri greiðslu.— Það er regla í öðrum brunabótafélögum, að safna öllu fé, sem hægt er að vera án, í varasjóð, sem hægt sé að grípa til, ef óhöpp ber að höndum. — Hér er ekki hugsað um, að safna í kornhlöður, heldur er ákveðið, að ef eitthvað safnast fyrir, þá skuli á hverjum 10 ára fresti skifta því upp meðal þeirra, sem í félaginu eru. — Sjóðnum er ómögulegt, að eiga nokkuð fé fyrirliggjandi lengur en 10 ár. — Sérstaklega þess vegna, að landssjóði er með þessu frumv. bundin svo mikil byrði, furðar mig á því, að það skuli koma frá þjóðkjörnum þingmönnum. — Það mætti ef til vill búast við slíkri óhlífni af h. 1. þm. Arn. (H. Þorst.), því hann hefir fengið orð fyrir það áður hér í deildinni, að vera ekki svo mjög nærgætinn við landssjóðinn, en af háttv. 2. þingm. Eyf. (St. St.) hefði eg búist við meiri nærgætni.

Fyrir utan þetta, sem eg hefi tekið fram, er frumv. að ýmsu leyti ábótavant, t. d. þætti mér gaman að fá að vita, hvaða tilskipun það er frá 14. febr. 1874, sem nema á úr gildi með þessum lögum.

Eg álít þetta frumv. svo gallað, að það er efamál, að það geti lagast svo í nefnd, að það verði viðunanlegt. — Eg held því, að það væri réttast, að taka það aftur og semja það um.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson.*, 2. þm. Eyf.): Eg skal játa, að eg bjóst ekki við, að beitt mundi verða svo ómaklegum orðum á þessu frumv., eins og nú var gert, þar sem það er, eins og eg þegar tók fram, alveg samkvæmt frumv. því, er fyrir þinginu var 1894, og eg áleit það svo reviderað, að það mundi eigi verða tryggilegar útbúið, þó að farið yrði að breyta því í smáatriðum, fyr en nefnd til þess kjörin hefði gjört við það allar nauðsynlegar breytingar.

En þar sem hæstv. landshöfðingi tók það fram, að ekki væri hagkvæmt, að láta landssjóð bera ábyrgðina, þá get eg ekki séð, að það sé sérlega hættulegt, svo framarlega sem gert er ráð fyrir, að ábyrgðar-gjöldunum verði haldið áfram, því þá flýtur af sjálfu sér, að árstekjur félagsins hljóta að ganga til landssjóðs í þá skuld, sem bruna-ábyrgðarsjóðurinn hefir orðið að gjöra.

Að landssjóður standi á bak við, meðan varasjóður er að myndast, það virðist mér öldungis óhjákvæmilegt, og einasta þess vegna er ráð fyrir því gjört. (*Landshöfðingi*: Hann getur ekki myndast, samkvæmt 21. grein). Eg skal ekki fara fleirum orðum hér um að sinni, en vona, að málið fái að halda áfram, og vil eg leyfa mér, að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í það.

ATKV.GR.: Fimm manna nefnd samþykt.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði fengið tilkynning um, að af flokkunum væru tilnefndir:

Skúli Thoroddsen
Ólafur Briem
Björn Kristjánsson
Tryggvi Gunnarsson
Stefán Stefánsson, þm. Eyf.

og lýsti þá rétt kosna, er enginn mælti á móti.

Fyrstu umræðu frestað.

Framh. 1. umr., 8. ágúst (C bls. 244, nefndarál. bls. 435).

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eg skal að eins geta þess fyrir hönd

nefndarinnar, að orsökin til, að hún kemur fram með nýtt frumv., er ekki sú, að hún víki frá aðal-stefnu hins upprunalega frumv., heldur hitt, að nefndinni þótti þurfa að gjöra svo margar breytingar við það, að hægra væri að koma þeim að í einu lagi í nýju frumv., enda veit eg ekki betur en að fyrra frumvarpið verði tekið aftur.

Flutningsmenn tóku frumv. aftur.

Brunabótafélag.

FRUMVARP til laga um stofnun brunabótafélags (C bls. 437); 1. umr., 8. ágúst.

Framsögumaðnr (Ólafur Briem): Það getur verið álitamál, hvort ástæða sé til fyrir löggjafarvaldið, að hlutast til um ábyrgð gegn eldsvoða á húseignum. En nefndin er öll á einu máli um það, að hér sé ekki að eins um einstakra manna hag, heldur um almenningsheill að ræða. Ráðstafanir þessar miða ekki að eins til þess, að firra einstaka menn fjártjóni, heldur og til að vernda alla aðra, sem eiga hús á sama stað, gegn hættu af eldsvoða, ef illa ætti til að vilja. — Nefndin gekk út frá, að þegar um brunabótafélag er að ræða, er stofna skal með lögum, þá verði ekki hjá því komist, að viðhafa þvingun og leggja kvaðir á menn til tryggingar gegn eldsvoða. Að vísu hefir verið ágreiningur um það, hvort heppilegra væri, að hafa ábyrgðinni þannig fyrirkomið, að stofna innlent brunabótafélag eða snúa sér til útlendra félaga. — Agnúarnir við að snúa sér til útlendra félaga eru bæði þeir, að með því fyrirkomulagi verður eldsvoða ábyrgð ekki eins alment notuð, og sérstaklega hefir reynslan sýnt, að útlend brunabótafélög hafa ekkert gjört til, að sporna við brunahættu.

Stefna þeirra hefir verið sú, að setja brunabótagjaldið svo hátt, að þau á þann hátt gætu staðist áhættuna, þótt ekkert væri gert til að draga úr henni. Afleiðingin af þessu er í fyrsta lagi sú, að ekkert verður gjört til að tryggja, að eldur komi ekki upp, eða að hann verði slöktur, þegar eldsvoði kemur fyrir, og í öðru lagi lítil von um, að ábyrgðargjald lækki í framtíðinni. — Nú er það 5 af þúsundi, og reynsla hinna útlendu félaga gefur litla von um, að þau geti staðið sig við að lækka gjaldið, þar sem ekki er við því að búast, að þau vilji taka að sér ábyrgðina nema til að græða á því, því öll þeirra starfsemi byggist á því.

Nefndin var því öll á einu máli um það, að löggjafarvaldið ætti að hlutast til um málið, í þá átt, að innlent brunabótafélag yrði stofnað. — Mundi það verða farsælla, eðlilegra og myndarlegra fyrir landið, og hins vegar ætti dæmi forfeðranna að vera vekjandi fyrir oss, þar sem þeir höfðu í lögum sínum sameiginlega skaðabótaskyldu við húsbruna, og þó það sé nú fyrir löngu lagt niður. — Þetta hefir líka verið byrjað hér í Reykjavík, að hafa þvingaða brunabóta-ábyrgð, og veit eg ekki betur en að menn hafi felt sig vel við það. — Þó hefir fyrirkomulagið verið þannig, að menn hafa bundið sig við útlent félag. Vitanlega hefir Reykjavík haft góð kjör, en með því hefir verið loku fyrir það skotið, að hún vildi sinna innlendu brunabótafélagi. — Reyndar borgaði Reykjavík á fyrstu 20 árunum eftir að eldsvoða-ábyrgð var þar lögboðin með tilskipun 14. febrúar 1874 50,000 kr. í iðgjöld fram yfir það, sem inn kom í brunabætur, og hefði sú upphæð getað verið álitlegt stofnfé handa innlendum brunabótasjóði.

Þegar alþingi hafði þetta mál síðast til meðferðar, árið 1894, var samþ. tillaga um að fela stjórninni að undirbúa málið, og er álit hennar að finna í Stjórnartíðindunum 1899 B. bls. 93. Að undanförnu hefir verið gengið út frá því, að Reykjavík tæki þátt í innlendu brunabótafélagi; hefir mönnum fundist eðlilegast, að höfuðstaðurinn hefði forgöngu í þessu máli, sem auðvitað snertir landið í heild sinni, en þó aðallega Reykjavík, þar sem húseignir eru yfir 3 milj. króna virði. En samt komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ráðlegt að þvinga Reykjavík með lögum til að taka þátt í félaginu, af því, að hve nær sem þessu máli hefir verið hreyft, hefir Reykjavík tekið því fjarri að vilja sinna því, og litið svo á, að enginn annar tilgangur væri með þessu en að hinir aðrir landshlutar vildu græða á henni, og þessu hefir hún haldið fram, þrátt fyrir það, þó jafnan hafi verið ætlast til, að henni yrðu boðin sömu kjör í hinu innlenda brunabótafélagi og hún hefir nú hjá brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða. Niðurstaðan varð því sú, að nefndin vildi ekki leggja upp að hefja stríð við Reykjavík út af þessu, þó hún skærist úr leik.

Þær húseignir, sem þá kæmi til skoðunar að leggja skylduábyrgð á, eru þá í hinum 3 kaupstöðunum, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði og verzlunarstöðum þeim, sem taldir eru í hinu fyrra frv.; en svo hefir verið bætt við nokkrum fleiri verzlunarstöðum. Til grundvallar hefir verið lagt virðingarverð húseigna í verzlunarstöðunum, og hefir upphæð sú, sem að undanförnu hefir verið miðað við, verið 50,000, en nefndin hefir fært takmarkið niður í 22,000. I frv. er gjört ráð fyrir, að allir verzlunarstaðir, þar sem húseignir eru 22,000 kr. virði og þar yfir, tækju þátt í brunabótafélaginu. Og aðalupphæðin, sem húseignir á þessum stöðum nema, er eftir skýrslum um virðingarverð húseigna 1898 um 3 miljónir kr., en síðan hafa húseignir aukist svo mjög, að gjöra má ráð fyrir, að þær séu nú talsvert á 4. milj. kr. virði á þessum stöðum.

Í öðru lagi hefir nefndin tekið upp í frumv. ákvæði um, að félagið geti tekið í ábyrgð búsgögn og annað lausafé, t. d verzlunarvörur, svo og húseignir á öðrum stöðum, ef stjórn félagsins samþykkir það. Og þannig má gjöra ráð fyrir, að aðalupphæð sú, er félagið hefði í ábyrgð, yrði yfir 4 milj. kr. Að undanförnu hefir alment verið gengið út frá því, að 5 af þúsundi í ábyrgðargjald væri óþarflega hátt, þegar jafnframt væru fyrirskipaðar ýmsar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða, en nefndin hefir samt ekki álitið tiltækilegt, að þetta gjald yrði fært niður, meðan verið væri að afla sér reynslu, og hefir hún gengið út frá, að menn yrðu í byrjuninni að sýna nokkra sjálfsafneitun og sætta sig við það, að ábyrgðargjaldið yrði fyrst lækkað í framtíðinni, þegar reynsla væri fengin og búið væri að safna álitlegri upphæð í varasjóð. Væru brunabótaiðgjöldin 5 af þúsundi og 4 milj. trygðar hjá félaginu, þá yrðu ársiðgjöldin alls 20000 kr. Og í sambandi við þetta stendur það ákvæði, að þegar félagið tekur að sér vátryggingar, er nema meira en 5000 kr., sé því ávalt skylt að endurtryggja það, sem ábyrgðin fer fram yfir téða upphæð. Er þetta bygt á áliti hins danska brunabótastjóra, er stjórnin leitaði álits hjá í þessu máli, etazráðs Tvermoes, er telur það ótryggilegt, að brunabótafélag með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, hætti meira sjálft en 1/4 af ársiðgjaldinu. Jafnvel þó etaz-

ráð Tvermoes naldi því fram, að félagið ætti ekki að taka að sér tryggingar, er næmu hærri upphæð en 10000 kr., þá hefir nefndin ekki viljað tiltaka neina fasta upphæð, en að eins gjöra félaginu að skyldu að endurtryggja svo sem áður er sagt. Þá hefir nefndin ennfremur lagt það til, að þó sú yrði reyndin á, að iðgjöldin séu ákveðin nokkru hærri en minst verður hjá komist, þá skuli ekki með lögum skylda félagið til að greiða uppbót til húseigenda, heldur lækka iðgjöldin, þegar varasjóður hefir náð tiltekinni upphæð. Þetta áleit nefndin tryggingu fyrir landssjóð, gagnvart þeirri 300 000 kr. ábyrgð, sem gjört er ráð fyrir að hann taki að sér fyrir félagið. Reynd ar kom það til tals í nefndinni, að varlegra væri að tryggja landssjóð enn betur fyrir ábyrgð þeirri, er hann tekur að sér, á þann hátt, að húseigendur hefðu solidariska ábyrgð gagnvart landssjóði, eða, ef landssjóður þyrfti að leggja eitthvað fram, skyldi því jafnað niður á félagsmenn. Samt áleit nefndin hvorugt þetta nauðsynlegt, í fullu trausti þess, að þó að til ábyrgðar landssjóðs þyrfti að taka, þá mundi ekki líða á löngu áður hann fengi það bætt upp aftur.

Eg þykist svo ekki þurfa að fara frekara út í þetta að sinni, en vona, að málið fái að ganga áfram, og verður þá hægt að skýra hin einstöku atriði þess nákvæmara við 2. umr.

Landshöfðingi: Eg skal játa, að frv. þetta tekur í mörgu fram hinu fyrra frumv. En það eru sérstaklega 2 atriði, sem eru mjög athugaverð og í skyggileg. Í fyrsta lagi er hér með valdboði kaupstöðum og verzlunarstöðum gjört að skyldu, að halda öllum húseignum í brunabótaábyrgð, án þess að spyrja þá fyrst um, hvort þeir æski þess. Þetta er því varhugaverðara, sem eg hefi í höndum skýrslur, þar sem sumir þessara staða þvertaka fyrir, að þeir vilji slíka brunabótaábyrgð eða tryggja hús sín á annan hátt en nú.

Hitt atriðið snertir sérstaklega landssjóðinn, þar sem ákveðið er í 23. gr. frumv., að hann ábyrgist, að brunabótafélagið geti staðið í skilum, með 300,000 kr. Með þessu frumv. er fulltrúafundi veittur nokkurs konar skattalöguréttur á landssjóðinn, því samkvæmt 13. gr. eru það fulltrúarnir, sem ákveða iðgjöldin, og því lægra, sem þeir setja þau, því meiri ábyrgð hvílir á landssjóði. Mér skildist háttv. framsm. (Ól. Br.) gjöra ráð fyrir, að iðgjöldin yrðu 5%, og að hafa þau minni getur víst ekki komið til mála. Því eftir skýrslum frá þeim félögum, sem menn hér vátryggja hjá fyrir 5‰, mun þeim ekki þykja gróðinn mikill. Enda liggur það í augum uppi, að þar sem brutto tekjur yrðu að eins 20000 kr., þá mundi sú upphæð skerðast ekki all-lítið, þegar af henni væri tekinn kostnaður við stjórnina, og sú upphæð, sem gengi til endurtryggingar. Það þyrfti því ekki nema 1 eldsvoða á ári, t. d. að verzlunarhús brynnu, til að gleypa alt iðgjaldið. Þess vegna finst mér nauðsynlegt, að landssjóður hefði aukna tryggingu fyrir því, að hann yrði ekki fyrir of miklum gjöldum til félagsins. Og mætti það gjöra með aukaniðurjöfnun, þannig, að í hvert skifti, sem landssjóður hefði orðið að greiða út fyrir félagið, yrði því jafnað niður á alla, sem hafa hluttöku í félaginu. Eins og nú er, er engin trygging fyrir því, að landssjóður fái nokkurn tíma endurgoldið það, sem hann borgar út fyrir félagið. Auk þess er önnur kvöð lögð á landssjóðinn í 12. gr. frumv., að leggja fram kostnaðinn af fyrsta fulltrúafundi eða stofnunar-

fundi í eitt skifti fyrir öll. Það læt eg alt saman vera, en hin stóra ábyrgð í 23. gr. er næsta viðsjárverð. Eg hygg að landssjóður gæti orðið neyddur til að borga alla þá upphæð, sem þar er til tekin, 300000 kr., og þegar hún er upp etin, hvar er svo tryggingin fyrir, að vátryggjendur fái brunabætur sínar borgaðar? Þetta tek eg fram til íhugunar fyrir hina háttv. nefnd, að aukna tryggingu þarf fyrir því, að landssjóður geti fengið sitt framlag endurgoldið hve nær sem vera skal.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans og bendingar, en óttast fyrir því, að erfitt verði að taka til greina fyrri bendinguna, er gekk í þá átt, að varhugavert væri að lögleiða skyldu ábyrgð á öllum húseignum í kaupstöð. um þeim og verzlunarstöðum, sem nefndir eru í frumv. Nefndin áleit þetta öldungis nauðsynlegt, enda veit eg ekki betur en að þetta hafi átt sér stað í öðrum löndum, t. d. í Danmörku, því að þar mun brunabótaskylda hafa verið lögboðin í byrjuninni. Viðvíkjandi ábyrgð landssjóðs, sem ákveðin er í 23. gr., sé eg ekki þá örðugleika, sem ekki verði komist út úr. Í fyrsta lagi get eg ekki séð, að ráð þyrfti að gera fyrir lakari reynslu hér eftir en hingað til. Í öðru lagi álít eg ekki frágangssök, þó gert væri ráð fyrir aukaniðurjöfnun, ef landssjóður þyrfti að leggja töluvert fram um lengri tíma, og mun nefndin taka þetta til nánari athugunar.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 11. ágúst (C bls. 137, brt. bls. 551).

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Annað af því tvennu, sem hreyft var við 1. umr., til andmæla gegn þessu frumv. var það, að það væri varhugavert að innleiða skylduábyrgð á öllum húsum í þeim kaupstöðum og verzlunarstöðum, sem taldir eru upp í 2. gr. frumv. Þessum andmælum var hreyft af hæstv. landsh, en eins og eg tók fram þá, þá er lögboðin trygging fyrir eldsvoða skilyrði fyrir því, að þessi lög komist á og verði að nokkrum notum. Eg get heldur ekki séð neitt á móti slíkri lagaþvingun. Jafnvel þótt hið lögboðna iðgjald væri skoðað sem eins konar skattur á húseignum, þá er það þó skattur lagður á í alveg sérstöku augnamiði, til hagsmuna fyrir þá, sem borga hann, sjálfa húseigendurna.

Hin andmælin móti þessu frumv., sem einnig var hreyft af hæstv. landsh, voru þau, að hann hefði orðið þess var, að sumir af kaupstöðum þeim eða verzlunarstöðum, sem taldir eru upp í 2. gr., væru mótfallnir þessu frumv. Þessi mótvilji er einmitt knýjandi ástæða til að hafa lögboðna vátryggingarskyldu á öllum húsum í þessum stöðum; eigendur þessara húsa sumra hverra eru búsettir erlendis, og eru því ef til vill ófúsir á að styðja innlent vátryggingarfélag. Gagnvart þeim eru því lagaákvæði í þessa átt einmitt nauðsynleg, en á hina hliðina alls ekki óaðgengileg.

Aðalbreyting þessa nýja frumv. frá sams konar frumvörpum, sem áður hafa verið til meðferðar á þinginu, er það, að Reykjavík er slept; en svo er aftur bætt við allmörgum nýjum verzlunarstöðum, 13 að tölu, svo að þeir nú eru 22, auk kaupstaðanna. Það takmark, sem nefndin hefir bundið sig við, er 22,000 kr., þannig, að þeir kaupstaðir sem hafa húseignir, sem að virðingarverði nema 22,000 kr., eru teknir með í frumv., að undanteknum einstaka hvalveiðastöðum.

Önnur breyting frá eldri frumv. er

það, að félaginu er ætlað að taka að sér ábyrgð ekki einungis á húseignum, heldur einnig á búsgögnum og öðru lausafé. Það sem fyrir nefndinni vakti, var meðal annars það, að hún vildi að kaupmönnum gæfist kostur á að tryggja vörubirgðir sínar, því það er eðlilegt að kaupmenn vegna hægðarauka vilji tryggja vörur sínar á sama stað og hús sín.

Þá hefir nefndin komið fram með breyttill. við 11. gr., sem gengur í þá stefnu, að fulltrúatalan skiftist dálitið öðru vísi niður á staðina en gert var ráð fyrir í frumvarpinu, þannig, að kaupstaðirnir kjósi sinn fulltrúann hver, en að verzlunarstaðirnir 2 og 3 í sameiningu, eftir því, sem á stendur, kjósi 1 fulltrúa.

Þá skal eg minnast á 13. gr. Í hana er tekið upp ákvæði, sem ekki hefir staðið í fyrri frumv., sem sé það, að félagið skuli vera skyldugt til að endurtryggja hjá öðrum brunabótafélögum það, sem einstakar vátryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en 5000 kr. Þetta er gert til að tryggja félagið fyrir stórum óhöppum, sem gæti hent það, og jafnframt til að tryggja landssjóðinn, sem samkvæmt 23. gr. stendur í ábyrgð fyrir félagið. Hér er ekki farið lengra en það, að skylda félagið til að endurtryggja stórar upphæðir, en jafnframt er gert ráð fyrir því, að félagið endurtryggi að einhverju leyti allflestar vátryggingarupphæðirnar. Þetta verður þó á valdi þeirra, sem semja reglugjörðina.

Þá er í 21. gr. alveg nýtt ákvæði, sem ekki hefir verið tekið upp í eldri frumv., um það, að brunabótafénu skuli ávalt varið til að byggja upp aftur þau hús, er brenna, eða til aðgjörðar á þeim. Nefndinni fanst þetta ákvæði nauðsynlegt til að sporna við eldsvoða af manna völdum, og var henni bent á það af manni, sem bezt þekkir til vátrygginga á húsum hér, og í samráði við hann var þetta ákvæði tekið upp, til að girða fyrir það, að húsbrunar gætu orðið þeim í hag, sem veð ættu í húsunum.

Eftir bendingum hæstv. landsh. hefir nefndin lagt það til, að nýrri grein sé bætt inn í frumv. á eftir 23. gr. um ábyrgð landssjóðs. Í þessari nýju grein er ábyrgð landssjóðs takmörkuð þannig, að ef ábyrgðarupphæðin skerðist meira en svo, að nemi 100,000 kr., þá skuli vinna það upp með því, að leggja á aukaiðgjöld, sem jafnist niður á vátryggjendur, þó ekki meira en nemi 1 af þúsundi. Þetta ákvæði miðar til þess, að tryggja landssjóð fyrir því, að þurfa að borga fyrir félagið, án þess að eiga víst að fá það endurgoldið, og að hinu leytinu er það ekki svo mjög óaðgengilegt fyrir hlutaðeigendur, þegar gjaldið er bundið föstum takmörkum og má ekki yfirstíga 1‰.

Eg vona annars að frumv. fái eins góðar undirtektir nú eins og það fekk við 1. umr.

ATKVGR: 1. gr. samþykt með 19 atkvæðum.

2. gr. samþ. með 20 atkv.

3.—10. gr. samþ. í einu hlj.

Breyttill. við 11. gr. (397, 1.) samþ. með 21 atkv.

11. gr. breytt samþ. með 21 atkv.

12.—17. gr. sþ. með 21 atkv.

18.—22. gr. sþ. í einu hlj.

23. gr. samþ. með 21 atk.

Að á eftir 23. gr. bætist við ný gr. (39*l*, 2.) sþ. með 21 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.

24. gr. samþ. í einu hlj.

Vísað til 3. umr. í einu hlj.

Nautgripaábyrgð.

FRUMVARP til laga um samþyktir um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi (C bls. 349); 1. umr., 27. júlí.

Framsögumaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg finn ekki ástæðu til að halda langa tölu, til að mæla með þessu frumv., en óska að eins, að málið fái að ganga til 2. umr.

Hannes Hafstein: Mér finst miður heppilegt, að skipa fyrir um þetta mál með samþyktarlögum, er veita meiri hlutanum heimild til að þvinga minni hlutann til fjárframlags, sem honum kann að vera ógeðfelt. Ábyrgðarfélög eru góð, en það er eðlilegast, að þau séu sett á með frjálsum samtökum heldur en þvingun. Ef á að fara að þvinga menn til að kaupa ábyrgð á kýr sínar, mætti eins þvinga menn til þess að borga ábyrgðargjald fyrir alla aðra lausafjármuni sína; en það finst mér vera um of gripið inn í privatfjárráð og persónufrelsi manna, og vil eg því heldur ráða frá því, að frumv. þetta sé samþykt.

Framsögumaður (*Sigurður Sigurðsson*): Það lítur út fyrir, að einhver jötunmóður og vígahugur sé í háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), og því taki hann svona óstint í málið. Eg ætla mér að vísu ekki þá dul, að fara að gjörast kennari háttv. 2. þm. Ísf. (H.H.), en það hygg eg, að hann hafi þó einhverja hugmynd um, hvernig gengur með þessi frjálsu samtök hér á landi, og það þótt um nauðsynjafyrirtæki sé að ræða. En þess er að gæta með samþyktirnar, að í raun og veru geta þær ekki myndast nema fyrir frjáls samtök manna. Það útheimtast frjáls atkvæði ákveðins mikils meiri hluta til þess að þær geti orðið bindandi. Og verði menn svo síðar óánægðir með samþyktina eða eigi þyki þurfa lengur á henni að halda, þá er hægt að fá hana úr gildi numda; hér er því ekki um þvingun að ræða, heldur að eins hentugt fyrirkomulag, til að tryggja framkvæmdir þess, sem er vilji meiri hlutans.

Guðlaugur Guðmundsson: Um ágreining þann, sem komið hefir fram á milli háttv. tveggja þm., sem talað hafa í málinu, skal eg taka það fram, að hér er ekki beinlínis farið fram á að lögþvinga menn til að koma á stofn ábyrgðarsjóðum fyrir nautgripi, heldur er gjört ráð fyrir, að sama aðferð sé viðhöfð og fyrirskipuð er í lögum um samþyktir um kynbætur hesta. Þar er svo ráð fyrir gjört, að sýslunefnd semji frumvarp til samþyktar, þegar henni þykir ástæða til, og að það frumv. sé svo lagt undir almennan fund í því héraði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Nái nú samþyktin samþyki $^2/_3$ hluta þeirra atkvæðisbærra manna, sem á fundi eru, og staðfesti amtmaður hana, þá öðlast hún gildi, og allir, sem á því svæði búa, er hún nær til, eru skyldir að hlýða henni. Nú geri eg ráð fyrir, að svipað verði með samþyktirnar um nautgripaábyrgðina, og þá horfir málinu þannig við, að hverju héraði er í sjálfsvald lagt, hvort það vill koma henni á eða ekki; en fáist meiri hlutinn með því, þá skil eg svo, að hann geti þvingað minni hlutann eða alt að þriðjungi héraðsbúa til að beygja sig undir samþyktina. Eg get kannast við, að hér sé nokkuð langt farið; en af annari hálfu er um nauðsynjamál að ræða, og brýn þörf að koma upp ábyrgðarsjóðunum. Það, sem mér finst, er, að háttv. landbúnaðarnefnd hafi ekki valið heppilegan veg til að hrinda máli þessu áleiðis. Eg held að það ættu að vera einstakir menn, sem fyrir málinu bindast, en hitt gæti heppilegt verið,

að sýslufélagið styddi félagsskapinn og jafnvel styrkti hann með fjárframlagi eða ábyrgð, og gæfi mönnum þannig hvöt til að ganga í félagið. Þótt málið sé nauðsynlegt, þá er eg hræddur um, að þvingun sú, sem beitt getur orðið við einstaka menn, muni verða til að spilla fyrir því og gera það óvinsælt.

Eg vona að háttv. nefnd taki málið að nýju til athugunar, og í því trausti, að henni muni takast að hitta betri veg en hér er valinn, vil eg að það fái að ganga til 2. umr. En verst er, að annir eru svo miklar nú, að eg fyrir mitt leyti býst ekki við að fá tíma til að taka málið til þeirrar yfirvegunar, að eg muni treysta mér til að koma fram með breyttill. við það, en eg vona, sem sagt, að nefndin gjöri það sjálf.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal lýsa ánægju minni yfir, að þetta frumv. er komið fram. Þess hefir verið getið hér í deildinni, að það væri nokkuð ófrjálslegt; en eg skal taka það fram, að þetta er í raun og veru ekki nýmæli; það hafa einmitt áður fyr verið hér á landi lög um ábyrgð nautgripa, og það á þeim tíma, þegar frelsi var mest. Í Grágás standa ákvæði um það, að í hverju hreppsfélagi skyldi vera eins konar ábyrgðarfélag, og voru allir búendur skyldir að vera í því. Að vísu var fyrirkomulagið þá annað en hér er ætlast til. Þá var svo ákveðið, að yrði einhver fyrir peningstjóni, þá skyldu allir hreppsbúar taka þátt í skaðanum með honum að hálfu leyti. Tímarnir hafa breyzt síðan, og af því leiðir líka, að það getur verið þörf á að breyta fyrirkomulaginu frá því sem þá var. Eg skal ekki hafa á móti því, að ástæða kunni að vera til að breyta frumv. að einhverju leyti; en mér sýnist það þó ekki svo viðsjárvert, þótt töluverður meiri hluti geti þvingað minni hluta, þegar jafnmikið er í húfi og hér. Vér vitum, að menn missa hér bústofn hrönnum saman fyrir heyskort og annað; en það má telja víst, að kæmist á ábyrgðarfélög, þá mundi bæði verða minni brögð að þessu, og það ekki verður nærri eins tilfinnanlegt eða niður drepandi fyrir búnaðinn, þó það kæmi fyrir; hann stæði á fastari fótum eftir en áður.

Það er annars einkennilegt, að á 10. og 11. öld stóðu Íslendingar öðrum þjóðum framar í því, að hafa hús og gripi í ábyrgð; en á 20. öldinni eru þeir komnir aftur úr þeim öllum. Það er meir en kominn tími til, að þessu sé kipt í lag, og hér er vísir til þess; vil eg því óska þess, að frumv. þetta nái fram að ganga.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 31. júlí.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 16 atkvæðum.

2.—6. gr. samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkvæðum.

Þriðja umr., 5. ágúst (C bls. 247).

ATKVGR.: Frv. sþ. með 20 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 15. ágúst (C bls. 597).

Framsögumaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg vildi að eins leyfa mér að gera grein fyrir þeirri breytingu, sem orðið hefir á þessu frv. í h. Ed.

Það er að eins eitt einasta orð í 2. gr., sem felt hefir verið burt, og eg hygg, að landbúnaðarnefndin leggi enga áherzlu á það, jafnvel þó hún álíti, að málinu á frumv. hafi fremur verið spilt en það bætt, með að fella úr þetta eina

eina orð. En það mun ekki verða gert að neinu ágreiningsatriði.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Alþingiskosningalög I.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis (C bls. 190); 1. umr., 11. ágúst.

Flutningsmaður (*Þórður J. Thoroddsen*): Eg skal strax taka það fram, að þótt eg standi hér sem aðalflutningsmaður frv. þessa, þá á eg þó óverulegan þátt í samningu þess; það er h. 2. þm. G.-K. (B. K.), sem mestan þátt hefir átt í því, að rannsaka málið og undirbúa það. — Frumv. hefir töluverð nýmæli inni að halda, sem sum ekki hafa verið fram borin hér áður og er frumv. gagngerð breyting á núgildandi kosningalögum. Sem nýmæli vil eg einkum nefna fjölgun kjörstaða og að kosningar skuli fara leynilegu fram. Sam kvæmt frv. skal kosning fram fara í hverjum hreppi með tilsjón undirkjörstjórnar, en ein yfirkjörstjórn fyrir land alt skal vera í Reykjavík. — Þetta eru aðalnýmælin, og hygg eg, að frv. sé svo greinilega samið, og svo nákvæmlega tekið fram, hvað hver maður á að gera, sem við kosningarathöfnina er riðinn, að ekkert sé að því leyti til fyrirstöðu, að fela hverjum það á hendur, sem honum er ætlað að gera. Frumv. hefir verið prentað í Tímariti Bókmentafélagsins í ár í líkri mynd og það kemur fram hér, þótt nokkurar óverulegar breytingar hafi verið gerðar á því; sérstaklega er það nokkuru fyllra hér en það var þar. Bæði þjóð og þingi hefir þannig verið gefinn kostur á, að kynna sér frumv. til hlítar. Bæði aðalatriði frumv., fjölgun kjörstaða og leynilegar kosningar, hafa verið til umræðu á fjöldamörgum þingmálafundum, og veit eg ekki til, að nokkurstaðar hafi þingmálafundir verið þeim mótfallnir. Að því er snertir undirtektir stjórnarinnar, þá get eg varla skilið, að hún verði frumv. mótfallin, þar sem Danir hafa einmitt á þessu ári samþykt lög um leynilegar kosningar, sem í öllu verulegu eru eins og þessi; munurinn er að eins sá, að í Danmörk er kjörstjórn fyrir hvert kjördæmi (Valgkreds) og yfirkjörstjórn ekki til, en hér er farið fram á, að ein yfirkjörstjórn sé fyrir land alt, en undirkjörstjórn í hverjum hreppi, og leiðir þetta af íslenzkum staðháttum. Eg skil því ekki annað en að frumv. þetta geti náð fram að ganga. Ef til vill eru einhverir smágallar á frumv, en þá mætti eflaust laga í nefnd.

Landshöfðingi: Þetta frumv., sem hér liggur fyrir, er algert nýmæli að því er leynilegar kosningar snertir; en hitt atriðið, um fjölgun kjörstaða, er ekki neitt nýmæli; það hefir verið fyrir þinginu áður, bæði 1889 og 1891. Þau lög, sem þá voru í smíðum, fengu ekki framgang, sérstaklega af því, að menn gátu ekki komið sér saman um, hvernig fjölgun kjörstaðanna skyldi fyrirkomið. Bæði þessi atriði eru þýðingarmikil. Tilgangurinn með fjölgun kjörstaða er sá, að gera kjósendum hægra fyrir, að sækja til kjörstaðar; en hitt atriðið, leynilegar kosningar, hefir þann tilgang, að gefa þeim, sem hafa litla sannfæringu eða lítinn kjark, færi á að kjósa eftir sannfæringu sinni. Það er enn eitt atriði í kosningalögunum, sem leggja ber mikla áherzlu á, og það er skipun kjördæmanna. Nú sem stendur er hún bundin við sýsluskipun, og af því leiðir, að í sumum kjördæmum eru kosnir 2 al-

þingismenn, en í sumum 1. Eg fyrir mitt leyti álít það æskilegt, að ekki sé nema 1 þingmaður fyrir hvert kjördæmi, og álít eg hagfelt, að umsteypa alveg kjördæmaskipuninni þannig, að kjördæmin væru eins mörg og þjóðkjörnir þingmenn, og þyrfti þá gersamlega nýja kjördæmaskipun, því það er ljóst, að sýsluskipunin yrði þá ekki lögð til grundvallar. Fjölgun kjördæmanna hefði líka mikla þýðingu, þegar um fjölgun kjörstaða væri að ræða. Undir umræðunum um málið á þingi 1891 kom mönnum ekki saman um, hversu mikið skyldi fjölga kjörstöðum, því í hinu upprunalega frumv. var farið fram á það sama og hér, að kosning færi fram í hverjum hreppi; en meiri hluti þingmanna þá vildi með engu móti hafa meira en 2—3 kjörstaði í kjördæmi hverju, og það þó ekki væri gerð tilraun til að breyta tölu kjördæmanna. Það var borið fyrir, að ef kosið væri í hverjum hreppi, hefði það bæði mikinn kostnað og mikla fyrirhöfn í för með sér, og í öðru lagi hefði það óheppileg áhrif á áhuga kjósenda í landsmálum, að hver hreppur kotraðist út af fyrir sig; í þriðja lagi gerði það þingmannaefnum erfiðara fyrir, að kynna sig kjósendum, þar sem frambjóðendur gætu ekki komið nema til einnar kosningar, ef kosið væri í öllum hreppum í einu, eins og ráð var fyrir gert í frumv. En í þessu frumv. er ekki gert ráð fyrir nokkurum umræðum á kjörfundum, og gætu þá frambjóðendur hvorki lýst skoðunum sínum né kjósendur lagt fyrir þá spurningar o. s. frv. Yrðu því þingmannaefnin að ferðast um kjördæmið á undan kosningunum og halda fund eða fundi, sem er erfitt, bæði fyrir frambjóðendur, og gæti kannske líka orðið erfitt fyrir kjósendur. Eg vildi taka þetta fram og skjóta því til væntanlegrar nefndar, að íhuga vandlega, hvort það sé nauðsynlegt, að hafa kjörstað í hverjum hreppi, og hvort ekki væri æskilegt, að hafa kjördæmin jafnmörg og þjóðkjörnir þingmenn eru, og hvort ekki væri heppilegt að breyta alveg kjördæmaskiftingu þeirri, sem nú er.

Viðvíkjandi nýmælinu um leynilegar kosningar, þá hefir það staðið hátt á dagskrá hjá öðrum þjóðum, og er víða komið á. En í öðrum löndum er ástæður fyrir að innleiða það, sem ekki eru hjá oss, og það er samband vinnuveitenda og vinnuþiggjenda; margir kjósendur hafa stöðuga atvinnu hjá einum manni, og þora ekki að kjósa öðru vísi en hann vill vera láta, vegna þess, að þeir óttast, að þá missi þeir atvinnuna. Eg veit ekki til, að slíkt sé til hér á landi, að kjósendur séu svo háðir, að þeir geti ekki neytt kosningarréttar síns fyrir því. Eg hefi heldur ekki heyrt kvartað yfir því, að kjósendur hefðu ekki uppburði til að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni, nema ef vera skyldi í einu tilfelli: að kjósendur séu ístöðulitlir gagnvart sýslumönnum; en eg á erfitt með að trúa því, að sýslumenn hafi svo mikið vald yfir sýslubúum sínum, að þeir geti kústað þá til að kjósa á móti sannfæringu þeirra, end mætti sjálfsagt finna einhver önnur ráð til þess, að samvizkufrelsi kjósenda væri ekki misboðið á þennan hátt, t. d. eins og gert var í gömlu alþingistilskipuninni, að ákveða, að kjörstjóri mætti ekki bjóða sig fram til þings. Það er ekki svo að skilja, að eg álíti leynilegar kosningar óheppilegar, nema að því leyti sem þær hafa í för með sér kostnað og fyrirhöfn, sem ekki er vert að hleypa sér út í, ef það er ekki alveg nauðsynlegt.

Svo eru ýmsir smágallar á frumv., sem athuga og laga þarf. Það er t. d.

fyrirsögnin; hún getur ekki staðist eins og hún er; það getur ekki verið að tala um að breyta lögum, sem eru upphafin um leið. Eg vil taka til enn eitt atriði: kjörskrána. Eftir frumv. er kosið heilu ári eftir að kjörskrá er samin; það er auðvitað ómögulegt með því lagi, að komast hjá að kjósendur verði út undan, enda er í frumv. sleginn varnaglinn, og ákveðið, að þá skuli setja á aukaskrá. En eg get ekki séð að það sé nóg. Það hlýtur að vera, að á heilu ári verði breytingar, sem kjörstjórnin getur enga hugmynd haft um, þegar hún semur kjörskrána En mér er spurn: Hvernig fer um þá, sem koma inn í hreppinn, eftir að kjörskrá er samin? Í frumv. er ekki gert ráð fyrir, að þeir geti komist að. Þegar t. d. kjörskrá er samin í nóvember 1901, og kosið eftir henni í maí 1902, hvernig fer þá um þá, sem flytja inn í hreppinn í fardögum 1902? Þeir geta ekki komist að að kjósa í hreppnum, sem þeir fluttu úr, því þeir eiga þar ekki heima lengur, og þeir geta ekki komist á kjörskrá í hreppnum, sem þeir fluttu inn í, og það er lítt hugsanlegt, að kjörstjórnin viti það í nóvember árinu áður, hverir muni flytja inn í hreppinn í fardögum árið eftir. Eftir 24. gr. frumv. má ekki meina neinum að kjósa, sem stendur á kjörskrá, og hins vegar má ekki leyfa neinum að kjósa, sem ekki stendur á kjörskrá; eftir því sé eg ekki, að neinn kosningarbær maður, sem hefir flutt inn í kjördæmið eftir að kjörskrá er samin, geti neytt kosningarréttar síns eftir ákvæðum frumv.

Í sambandi við þetta stendur ákvæði, sem tekið er úr núgildandi kosningarlögum, 5. gr., um, að enginn geti haft kosningarrétt, nema hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Það er óneitanlega dálítið skrítið, að taka þetta ákvæði upp í frumv. þetta. Þegar þau lög voru sett, féll saman kjördæma og kosningarstaða fjöldi; en nú, þegar kjósa á í hverjum hreppi, þá er það svo mikill munur, hvort maður hefir búið í hreppinum, sem hann á að kjósa í, eða einhversstaðar annarstaðar í sömu sýslunni. Hér er ekki gert ráð fyrir, að hann þurfi að hafa búið í sama hreppnum, heldur á hann að hafa verið í kjördæminu. Mér finst það gera nokkuð lítið til, hvar hann hefir verið í sömu sýslu í eitt ár, þegar hann ekki hefir verið þar í því félagi, þar sem hann á að kjósa. Þetta álít eg vera gott að yfirvega.

Það er auðséð, að frv. er að mörgu leyti sniðið eftir hinum nýju kosningarlögum Dana; en þar er eitt ákvæði, sem er alt öðru vísi þar en í þessu frumv. Það er nefnilega um það, þegar ekki er nema einn frambjóðandi. Í þessu frumv. segir, að þegar ekki er nema einn frambjóðandi, þá sé hann sjálfsagður þm. Eftir dönsku kosningalögunum er það þannig, að þegar ekki er nema einn frambjóðandi, og enginn óskar atkvæðagreiðslu, þá er hann þm.; en ef óskað er atkvgr. af vissri tölu kjósenda, þá á að greiða atkv. um hann: »já« eða »nei«. Fái hann fleiri »nei« heldur en »já«, þá er hann ekki kosinn; en þá á að boða til nýs kjörfundar eftir ákveðinn tíma, og komi þá enginn nýr frambjóðandi, þá verður hann þm. af sjálfu sér. Hvort maður á að álíta þetta þýðingarmikið atriði eða ekki, skal eg ekki segja neitt um; það getur verið að það sé eins hagfelt, eins og það er hér, að ef einn frambjóðandi sé, þá sé hann sjálfsagður þm., hvort sem menn vilja hafa hann eða ekki.

Eitt atriði verð eg að nefna, sem mikið hefir verið um þráttað: hve mikinn atkvæðafjölda ætti að þurfa til að ná

kosningu. Eftir hinum núgildandi kosningarlögum þarf þingmannsefni að fá meiri hluta allra atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, en eftir þessu frv. þarf ekki annað en að hann hafi fengið flest atkvæði, og séu tveir með jafnmörg atkvæði, ráði hlutkesti. Það var lögð sérstaklega mikil áherzla á þetta atriði á þingi '91, og því var haldið fram af þm., sem hafði mikið hugsað um þetta mál, að það væri alveg ófært að sá maður væri látinn vera þm., sem ekki fengi meiri hluta atkv. allra þeirra sem kysu. Hann lagði svo mikla áherzlu á það, að hann áleit það frumv., sem þá var til umr., alveg óhæft, og bar fram ástæðu, sem er mikils virði, að með því móti kæmist sá þm. í þingmannssæti, sem vitanlega hefði ekki fylgi meiri hluta kjósenda; því það geta verið svo margir frambjóðendur, og atkvæði orðið svo dreifð, að það sé að eins stór minni hluti af kjósendum, sem hafi kosið þann mann. Eg sé, að í hinum dönsku kosningarlögum er farið að eins og hér, að þar er sá, sem fær flest atkv., kosinn, og ef tveir hafa jöfn atkv., sker hlutkesti úr. Þar hafa menn því ekki sett fyrir sig þetta, að það sé nauðsynlegt, að sá, sem er þm. fyrir kjördæmi, hafi fylgi meiri hluta kjósenda. En þetta er atriði, sem mér finst hafa mikla þýðingu, og þurfi að taka til nákvæmrar yfirvegunar; en annars álít eg ekki nú, áður en málið kemur í nefnd og eg sé tillögur nefndarinnar, ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Flutningsmaður (Þórður J. Thoroddsen): Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hvernig hann hefir tekið í þetta mál; því mér heyrðist á ræðu hans, sem hann væri þessu máli hlynntur, og þær athugasemdir, sem hann gjörði við frumv., þær tók eg svo, sem þær væru sprotnar af velvild til þess, og af því hann vilji styðja frumv., heldur en til þess að láta þær verða málinu að falli.

Eg skal ekki fara út í einstök atriði, sem hæstv. landsh. tók fram, en að eins leyfa mér að geta þess, að hvorki hæstv. landsh. né þm. geta vonast til þess af okkur flutnm., að við höfum þá staðarlegu þekkingu hér á Íslandi, að við getum gjört ákveðna tillögu um það, hvernig eigi að verða niðurskipun kjördæmanna, svo framarlega sem menn hneigjast að því, að fjölga þeim. Slíkt er ekki hægt að gjöra, nema saman komnir séu menn úr sem flestum áttum, sem hafi nauðsynlega staðarlega þekkingu. Ef í þá nefnd, sem væntanlega verður kosin, verða kosnir menn úr sem flestum stöðum á landinu, þá mætti taka það fyrir, að fjölga kjördæmunum, ef mönnum svo litist, enda gæti sú nefnd líka fengið upplýsingar hér að lútandi frá öðrum þm., er kunnugir væru þar, sem nefndina skorti þekkingu. En enda þótt kjördæmunum væri fjölgað, þó að þær sýslur t. d., sem nú kjósa tvo þm. í einu kjördæmi, kjósi tvo þm. í tveimur kjördæmum, eða sinn fyrir hvort kjördæmi, þá sé eg ekkert því til fyrirstöðu, að kosið sé í hverjum hreppi fyrir því.

Það var að eins eitt atriði í ræðu hæstv. landsh., sem mér virtist benda á, að hann væri ekki eiginlega hlyntur stefnu þessa frumv. Hann dró það í efa, hvort þessar leynilegu kosningar ættu við hér á landi. Hann tók það fram, að ákvæðin um leynilegar kosningar í öðrum löndum væru sprottin út af hlutfallinu milli vinnuveitanda og vinnuþiggjenda, en sú ástæða ætti sér ekki stað hér á landi. Enda þó eg játi það, að það er kannske ekki eins mikið um það hlutfall milli vinnuveitanda og vinnuþiggjanda, eins og á sér

stað í öðrum löndum, þá eru ýms hlutföll hér á landi, sem eru eins sterk. Það eru dæmi til hér á landi, þegar um kosningar hefir verið að ræða, að einn maður, sem mest hefir mátt sín í þessum og þessum hreppi, hefir komið með heila halarófu af kjósendum til að kjósa þann eina, sem hann hefir viljað hafa fram. Hér kemur alveg sama hlutfall fram: Sá maður, sem mest má sín, hefir hina alveg á valdi sínu, og að því leyti getur maður sagt það, að þessir menn séu þessum eina manni háðir, og þora ekki að láta atkv. sitt í ljós opinberlega öðruvísi en hann vill. Eg álít, að hæstv. landsh. sé ekki svo ókunnugur hér á landi, að hann verði að játa með mér, að slíkt hefir komið fyrir hér á landi, og getur komið fyrir, en einmitt leynilegu kosningarnar eiga að fyrirbyggja, að slíkt geti komið fyrir.

Það voru fleiri smáatriði, sem hæstv. landsh. fann að frumv., en sem eg ætla ekki að fara útí.

Eitt var það, sem honum fanst vanta í frumv., og það var það, að hvergi væri getið um það, að frambjóðendur mættu taka til máls. Eg álít það ekki svo mikla vöntun í frv.; því til hvers er þessi mælgi á kjörfundunum? Venjan hefir verið hér á landi, að frambjóðendur hafa ferðast úr einum hrepp í annan, haldið þar fundi og lýst fyrir kjósendum skoðunum sínum á helztu landsmálum, og hvaða stefnu þeir mundu fylgja í þeim; og hvað þurfa kjósendur meira að vita? Að þetta geti orðið frumv. að falli hjá dönsku stjórninni, er ólíklegt, því að eg hefi fyrir satt, að einmitt hún hefir haldið því fram, að svoleiðis ræður á kjörfundi hefðu ekkert að þýða, og vildi fá það afnumið, og í þeim kosningarlög um fyrir Danmörku, sem nú eru ný gengin í gildi, hefi eg ekki orðið þess var, að frambjóðendum sé ætlað að tala á kjörfundum.

Þá var annað atriði, sem ekki er svo verulegt, að minsta kosti ekki í mínum augum, hvort ráða skyldi kosningu meiri hluti þeirra, sem greiddu atkvæði, eða að eins það, hver fengi flest atkvæði, hvort ætti að ráða »majoritet« eða »pluralitet«, sem kallað er. Við flutnm. höfum hallast að þeirri skoðun, að það væri rétt, eins og er í frumv., að sá sem fengið hefir flest atkvæði af frambjóðendum, skyldi vera kosinn. Það gæti oft komið fyrir, ef kosningin væri bundin við »majoritet«, að endurkosningar yrðu nauðsynlegar; en eins og til hagar hér á landi, eru endurkosningar með svona fyrirkomulagi lítt gjörlegar, og til þess að koma í veg fyrir endurkosningar, höfum við bundið kosninguna við »pluralitet«. Danir hafa þessi sömu ákvæði um þetta, svo að mér finst að við ættum að geta brúkað það sama.

Eg ætla svo ekki að tala fleira að þessu sinni, en vona að nefndin, sem kosin verður, athugi þær aths., sem hæstv. landsh. hefir gjört.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að taka það fram, út af því sem háttv. flutnm. (Þ. J. Th.) talaði um mælgina á kjörfundunum, að eg sagði ekki, að eg áliti það galla á frumv., þó frambjóðendur fengju ekki að taka til máls á undan kosningu; heldur sagði eg, að þetta hefði verið fundið að frv., sem lá fyrir '91, að þeim væri ekki ætlað að fá að tala við kosninguna. En eg fyrir mitt leyti legg ekki svo mikla áherzlu á það.

Hitt legg eg miklu meiri þýðingu í, að til þess að vera kosinn þurfi »absolut majoritet«, það er að segja meiri hluta allra atkvæða, en ekki að eins það, að fá flest atkvæði, því það getur orðið til þess, að einn hreppur ræður

algjörlega kosningum í heilu kjördæmi; ef frambjóðandi hefir eindregið fylgi í einum hrepp, og það er fjölmennasti hreppurinn í kjördæminu, þá er hann viss með kosningu; því maður getur ekki gjört ráð fyrir, að hinir hreppparnir sameini sig allir um einn, þegar margir frambjóðendur eru.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. flutnm. (Þ. J. Th.) bjóst við, að frv. um leynilegar kosningar og fjölgun kjörstaða mundi hafa þá verkun, að einstakir menn mundu síður hafa áhrif á kosningarnar. Eg get hugsað mér það einmitt þvert á móti, að það hafi þær afleiðingar, að einstakir menn ráði enn þá meira, því mér skilst ekki betur en að það sé enn hægra að koma mönnum saman á einn stað innanhrepps en þurfa að smala þeim saman á einn stað í sýslunni. Sé það hins vegar hugsun flutnm., að bægra sé fyrir þá sem lofað hafa atkv. sínu, að svíkjast undan því, þegar kosningarnar eru leynilegar, þá er það annað mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal að eins leyfa mér að taka það fram, að það er mín skoðun á þessu máli, að það sé orðin brýn nauðsyn á, bæði að fjölga kjörstöðunum, og koma á leyndri atkvæðagreiðslu, og að alt sem gert er til þess að fjölga kjördæmunum miði til bóta. Væri kjördæmum fjölgað, þá væri miklu síður vandkvæði á því, að heimta meiri hluta atkvæða sem skilyrði fyrir kosningu til þings. Það er áður búið að taka það fram, að meiri hluti atkvæða í fjölmennum hreppi geti ráðið kosningu þingmannsins, þótt hinir hrepparnir séu honum mótfallnir. Að þetta frumv. breyti áhrifum einstakra leiðandi manna, get eg aftur á móti ekki séð; í öllu falli hugsa eg ekki það geti frumv. vegna orðið neitt verra í þá stefnu en nú er. Enn sem komið er hefir ekki mikið brytt á ósjálfstæði kjósenda gagnvart vinnuveitendum, svo sem verzlunarstjórum eða kaupmönnum, eða gagnvart mönnum, sem þeir að einhverju leyti hafa átt meir eða minna undir, (*Landshöfðingi*: sýslumönnum), já, svo sem sýslumönnum eða bankastjórum o. s. frv.; en eg hugsa, að það hafi þó heldur borið meira á þessu í seinni tíð, og mér finst rétt að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann, því sé það ekki gjört í tæka tíð, má búast við mjög alvarlegri mótspyrnu móti leynilegum kosningum frá þeim mönnum, sem vilja nota sér ósjálfstæði annara.

Í tilefni af ákvæðinu um meiri hluta kosningu skal eg geta þess, að áður en eg fór til þings, bar eg það upp fyrir kjósendur mína, hvort þeir kysu heldur að eiga á hættu, að þurfa að mæta tvisvar sinnum á kjörfund innanhrepps, ef svo bæri undir, að fyrsta kosning yrði ógild, eða mæta einu sinni á kjörfundi, sem haldinn væri sameiginlegur fyrir alla sýsluna, og kusu þeir í einu hljóði heldur að mæta tvisvar á kjörfundi í hreppnum en einu sinni á sýslukjörfundi.

Áður en eg sezt niður, skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

ATKVGR: 5 manna nefnd samþ. og óskað eftir hlutfallskosningu.

Forseti gat þess, að þar sem svo væri ástatt, eins og hér liti út fyrir að vera, að þingdeildin skiftist í tvo ákveðna flokka, og hlutfallskosningar væru viðhafðar, þá ætti það bezt við, að flokkarnir kæmu sér saman um, að tilnefna þá menn, sem þeir vildu fá skipaða í nefndina. Sér væri kunnugt um, að þetta væri föst venja í »Ríkisþinginu« danska, og væri gert bæði til þess,

að spara tímann, og eins til þess, að forðast, að ruglingur kæmist á kosningarnar og þeir menn lentu í nefndinni fyrir óaðgætni, sem ekki væri ætlað þar sæti. Hann leyfði sér því að spyrja hæstv. landsh., hvort hann hefði nokkuð á móti því, að þessari venju væri fylgt við þessa atkvæðagreiðslu, og með því landsh. gaf samþykki sitt og þingdeildin heldur ekki hreyfði neinum mótmælum móti því, lýsti forseti yfir því, að hann skoðaði þetta sem samþykt, og að í nefndina væru samkvæmt því kosnir:

Björn Kristjánsson
Þórður J. Thoroddsen
Guðlaugur Guðmundsson
Hannes Þorsteinsson, og
Hannes Hafstein.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 19. ágúst (C bls. 190 brt. bls. 609, nefndarálit 686).

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Eg ætla ekki að vekja umræður um þetta mál við þessa umr., og óska því að eins, að því verði vísað til 2. umr. Það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að ýmislegt geti verið, sem enn muni þurfi að athuga við frumv., og mun nefndin gera það, þegar 2. umr. er lokið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 21. ágúst (C bls. 190, brt. bls. 609).

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Það væri ástæða fyrir mig sem framsm. nefndarinnar í þessu máli, að flytja enda mjög langa ræðu, því það er lítt mögulegt, að skýra þetta mál, svo umfangsmikið sem það er, nema með löngu máli. En eg verð að biðja háttv. þingd. afsaka, þótt eg ekki geri það. Eg ætla að láta mér nægja að sinni, að skýra stuttlega frá aðalbreytingunum, sem fólgnar eru í þessu frv., en með þeim fyrirvara frá nefndarinnar hálfu, að hún þykist ekki hafa skilið svo við frumv., að ekki megi finna galla á því, því bæði er málið mjög margbrotið og umfangsmikið.

Helzta aðalbreytingin, sem í frumv. felst, er breytingin á kosningaraðferðinni. Í stað þess að kosningar hingað til hafa verið munnlegar og opinberar, þá skulu þær eftirleiðis vera skriflegar og leynilegar.

Önnur aðalbreytingin er það, að kjörstaður skuli vera í hverjum hreppi, í stað þess er áður var einn kjörstaður í hverju kjördæmi.

Þá er enn sú breyting, að kosning skuli fara fram á sama degi um land alt. Áður hefir að eins verið tiltekið, að kosningin skuli fara fram í einhverjum vissum mánuði.

Þá er ennfremur farið fram á þá breytingu í frumv., að einn yfirkjörstjórn skuli vera fyrir alt landið í Reykjavík.

Vitaskuld eru það miklu fleiri þýðingarmiklar breytingar, sem felast í frumv., en þetta eru þó aðalbreytingarnar og þær þýðingarmestu. Af þessum breytingum hefir nefndin getað fallist á allar, nema þá síðastnefndu um eina aðalkjörstjórn í Reykjavík, og með það fyrir augum hefir nefndin orðið að gera fjölda margar breytingar á frumv., 55 að tölu, eins og sjá má af þgskj. 449; en að fara að rekja þær allar nú, sé eg mér ekki fært, enda engin nauðsyn, þar sem ekkert útlit er fyrir, að málið geti orðið útrætt á þessu þingi.

Í stað þess að hafa eina kjörstjórn fyrir land alt, sem mundi gjöra allan gang kosninganna of þunglamalegan og seinfæran, hefir nefndin hallast að því fyrirkomulagi, að hafa eina yfirkjör-

stjórn fyrir hvert kjördæmi. Aftur á móti hefir nefndin álitið það heppilegt, að kjörseðlarnir væru undirbúnir á einum stað, þannig að landshöfðingja sé falið að láta búa til eyðublaðaarkir fyrir kjörseðla, sem sendar séu yfirkjörstjórunum, hverjum eftir því, sem þörf er á, og að þeir skifti svo aftur eyðublöðunum niður í kjörseðla.

Síðan að breyttill. nefndarinnar voru samdar, hefi eg rekið mig á nokkur atriði, sem nefndinni hefir yfirsést að breyta, og geymi eg mér rétt til þess fyrir nefndarinnar hönd, að koma með breytingartill. hér að lútandi til 3. umræðu.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, meðan engum mótmælum hefir verið hreyft á móti frumv.

Sigurður Sigurðsson: Það er óneitanlega mikið verk, sem hér er unnið, enda sýnast nefndarmennirnir, sumir hverir að minsta kosti, að vita af því.

Flestar breyttill. nefndarinnar eru til bóta, en sérstaklega verð eg að telja mjög mikla bót í því, að hafa yfirkjörstjórn í hverri sýslu, í staðinn fyrir eina yfirkjörstjórn á öllu landinu. Eitt atriði er það þó í breyttill. nefndarinnar, sem eg ekki get felt mig við, og það er viðvíkjandi kjördeginum. Í hinu upprunalegu frumv. var kjördagurinn ákveðinn 1. nóvember, en nefndin hefir lagt til, að hafa hann 10. sept. Við hvorugan daginn get eg felt mig. 10. sept. stendur sláttur yfir víðast hvar í sveitum, og beri svo undir, að þurkur sé þennan dag, þá hugsa eg, að margir muni meta það meira, að þurka hey sín en sækja kjörfund. Eins er þess að gæta, að hér við Faxaflóa er ekki búið að setja upp fiskiskipin um það leyti, svo sjómenn eru ekki komnir heim til sín, og geta því ekki notið kosningarréttar síns, ef kjördagurinn er settur 10. sept. Svona er það að minsta kosti hér við flóann, og eg ímynda mér að svo sé einnig ástatt á Vesturlandi. Hentugasti dagurinn er að mínu áliti 1. október eða um mánaðamótin sept. og okt. Þá er sláttur úti í sveitum alstaðar þar, sem eg þekki til, og að þá verð eg að leggja mikla áherzlu. Enda þótt kjördagurinn væri settur fram í október, þá hefir það ekki svo mikið að segja, hvað tíðina snertir, þegar kjörstaður er í hverjum hreppi. Það var þetta, sem eg vildi vekja athygli á, hvort ekki mætti finna annan dag heppilegri en þann, sem nefndin hefir dottið niður á.

Eg hefi svo ekki fleira að athuga við frumv., en get þó ekki látið vera að geta þess, að mér þykir leiðinlegt, hve seint mál þetta kemur frá nefndinni. — Málið er svo þýðingarmikið, að það hefði verðskuldað, að því hefði verið ráðið til lykta á þessu þingi, enda hefði það getað orðið, ef nefndin hefði ekki látið önnur þýðingarminni mál sitja í fyrirrúmi.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Nefndinni gleymdist að kalla á h. háttv. 2. þm. Arn. (Sig. Sig.) til skrafs og ráðagerða, og var það illa farið, því eg efast ekki um, að hún mundi hafa leyst hlutverk sitt mun fljótara af hendi, hefði hún notið hans hollu ráðleggingar; að minsta kosti fórust honum svo orð, sem honum hefði verið það létt verk, að inna af hendi þessi nefndarstörf. — Það er sannarlega leiðinlegt, þegar þingdeildinni eru svo mislagðar hendur, að kjósa liðléttinga, eins og mig og mína líka, í svo vandasöm störf, þegar hún hefir á þau að skipa öðrum eins mönnum og hin. háttv. 2. þm. Arn. (Sig. Sig.)!

H. þm. fann að kjördeginum, þótti hann vera á óhentugum tíma. Það má nú auðvitað ætíð deila um það, hvaða

dagur sé hentugastur. Einn vill hafa þennan dag og annar hinn. Hvað segði h. þingm. um, að hafa jóladaginn fyrir almennan kjördag? (*Sigurður Sigurðsson*: Því ekki það!). Sjáum til! En skyldu þá ekki vera einhverir aðrir þingmenn á þessu háttv. þingi, sem kynnu að þykja fara miður á því? — Það er örðugt, að synda á milli stórfiskanna, og vandfundinn sá dagur, að manni verði ekki hallmælt fyrir valið úr einhverri átt.

Eftir þeim kunnugleika, sem nefndin hafði á háttum og högum landsins og landsmanna yfir höfuð, þá áleit hún, að fyrri hluti septembermánaðar og miðhluti þess mánaðar væri sá tími ársins, sem að öllu samanlögðu kæmi sízt í bága við tíðina eða veðráttufarið og störf manna yfirleitt, og þegar það er haft fyrir augum, að kjörstaður er í hverjum hreppi. — Aftur er 1. október hvorki heppilegastur kjördagur fyrir Norður- né Suðurland. Á Norðurlandi eru óveður og hríðar byrjaðar, og á Suðurlandi standa yfir síðustu réttir. (*Sigurður Sigurðsson*: Réttir eru búnar þá). Nei, réttir byrja víða í byrjun október, og í þeirri sveit, sem eg á heima í, þá byrja göngur og smölun afrétta eftir 20. september. — Núna rétt í þessu var því skotið að mér, að það væri eitt sýslufélag, þar sem réttir væru byrjaðar 10. september, nefnilega Snæfellsnessýsla; en það var nefndinni ekki kunnugt um þá. — Víðast annarsstaðar mun vera farið að halla út af slætti, og eg get ekki sagt, að það sé mikill áhugi hjá þeim mönnum fyrir málum þjóðarinnar, sem ekki vilja fella einn dag frá vinnu til að koma á kjörfund innan hreppsins, og áður hafa menn orðið að sleppa niður meira en einum degi vegna kjörfundar. Eg get því ekki fallist á það, að þetta tímabil, sem nefndin hefir valið, sé óhentugt; en annað mál er það, hvort ekki er eins heppilegt, að velja einhvern annan mánaðardag en 10. september, t. d. 6. september, en um það má lengi deila. — Mér vitanlega er ekki til einn einasti almennur virkur iðjuleysisdagur á landinu, sem enginn maður þurfi að snerta ærlegt handtak á; en kannske h. háttv. 2. þingm. Árn. (Sig. Sig.) sé kunnugt um hann, og sé svo, þá er það eitt af því marga, sem hann hefir fram yfir mig og meðnefndarmenn mína.

Eg get því ekki vikið frá því, að nefndin hafi hér í þessu atriði fundið einmitt veg, sem er heppilegri heldur en þessi tillaga hans. — Hvað þilskipin snertir, munu þau flest vera komin inn 10. september. — Það má segja, að menn, sem eru í kaupavinnu í öðrum héruðum, t. d. við fiskiveiðar á Austfjörðum, séu ef til vill ekki komnir heim 10. september; en það er öldungis ómögulegt, ef ákveða skal einn dag fyrir land alt, að það sé ekki einhversstaðar á landinu einhver sú atvinna, sem niður verði að falla fyrir þennan eina dag.

Sigurður Sigurðsson: Það er hálfleiðinlegt, er menn taka illa svona hógværlegum bendingum. — Eg meinti ekkert ilt með þessu, þó eg benti á, að dagurinn væri ekki heppilega valinn af nefndinni. — Eg skal taka það fram aftur, að seinni part september eru réttir um land alt; og hvað 10. september snertir, þá er nú mjög víða unnið að heyverkum með fullum krafti, að minsta kosti alstaðar hér á Suðurlandi. — Heppilegra mundi vera, að setja daginn fyrst í október, því það er milli 1. og 2. göngu víðast hvar, en almennan iðjuleysisdag um það leyti

þekki eg ekki. (*Ólafur Briem*: Ferðalög og alt mögulegt).

Eg ætla ekki að svara ónotum eða háðglósum h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.). Hann er svo mislyndur með köflum, og tekur þá á sig ýmsa hami. Stundum er hann í ljónslíki, en hitt veifið tekur hann á sig refslíki, og er þá eiginlega ekki holt, að trúa öllu því, sem hann segir.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykt með 20 atkvæðum.

Breyt.till. 449, 1. við 2. gr. samþykt með 21 atkv.

2. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 2. við 3. gr. samþykt með 20 atkv.

3. gr. frv. samþ. með 21 atkv

4. og 5. gr. frumv. samþykt með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 3. við 6. gr. samþykt með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 4. við 7. gr. samþykt með 21 atkv.

8. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 5. við 9. gr. samþykt með 21 atkv.

9. gr. frv. samþ með 22 atkv.

Breyt.till. 449, 6. (10. gr. falli burt) samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 7. við 11. gr. samþ. með 20 atkv.

11. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

12. og 13. gr. frumv. samþykt með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 8. við 14. gr. samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. 449, 9. við 15. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 10. við 16. gr. samþ. með 21 atkv.

15. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 11. við 16. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 12. (ný grein) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 13. (ný grein) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 14. (ný grein) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 15. (17. gr. falli burt) samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 16. við 18. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 17. við 18. gr. samþ. án atkvæðagr.

Breyt.till. 449, 18. við 18. gr. samþ. án atkvæðagr.

Breyt.till. 449, 19. við 18. gr. samþ. með 20 atkv.

18. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 20. við 19. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 21. a. við 20. grein samþ. án atkv.greiðslu.

Breyt.till. 449. 21. b. við 20. grein samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 21. c. við 20. grein samþ. án atkv.gr.

20. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 22. við 21. gr. samþ. án atkv.gr.

21 gr. frv. samþ. með 20 atkv.

22. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 23. við 23. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 24. við 23. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 449, 25. við 23. gr samþ. með 19 atkv.

23. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

24. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 26. við 25. gr. samþ. með 15 atkv.

25. gr. frv. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 449, 27. við 26. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 449, 28. við 26. gr. samþ. með 18 atkv.

26. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

27.—30. grein frumv. samþykt með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 29. við 31. gr. samþ. án atkv.gr.

31. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

32.—33. grein frumv. samþykt með 20 atkv.

34. gr. frv. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 449, 30. við 34. gr. samþ. með 20 atkv.

35. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 499, 31. við 36. gr. samþ. án atkv.gr.

36.—41. grein frumv. samþykt með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 32. við 42. gr. samþ. með 19 atkv.

42. gr. frv. samþ. með 18 atkv.

43.—45. grein frumv. samþykt með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 33. við 46. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 34. við 47. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 35. við 47. gr. samþ. með 20 atkv.

47. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 36. við 48. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 37. við 48. gr. samþ. með 17 atkv.

48. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 38. við 49. gr. samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 449, 39. við 49. gr. samþ. með 19 atkv.

49. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 40. við 50. gr. samþ. án atkv.gr.

50. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 41. við 51. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 42. við 52. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 449, 43. við 52. gr. samþ. með 16 atkv.

52, grein frumv. samþykt með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 44. við 53. gr. samþ. með 20 atkv.

53. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 449, 45. við 54. gr. samþ. með 19 atkv.

54. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 449, 46. við 55. gr. samþ. með 19 atkv.

55. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 47. við 56. gr. samþ. með 19 atkv.

56. gr. frv. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 48. við fyrirsögnina samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. 449, 49. við 57. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 449, 50. (58. gr. falli burt) þar með samþ.

Breyt.till. 449, 51. við 59. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 449, 52. (60. gr. falli burt) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 449, 53. við 61. gr. samþ. með 18 atkv.

61. gr. frv. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 449, 54. við 62. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 449, 55. við 63. gr. samþ. með 18 atkv.

64.—65. grein frumv. samþykt með 19 atkv.

Fyrirsögnin frumv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 23. ágúst (C bls. 737, breyt.till. bls. 779).

Framsögumaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Frumv. liggur nú fyrir h. deild í einni heild, svo hún á hægra með að átta sig á því nú en við 2. umræðu, áður en breyt.till. komust inn í það. — Eg vona, að háttv. þingd.m. hafi kynt sér frumv., því þetta er eitt þýðingarmesta málið, sem legið hefir

fyrir þinginu, þar sem um pólitiskan kosningarétt er að ræða, og vona eg, að háttv. þingm. viðurkenni, að rétt sé, að fara varlega með jafn þýðingarmikið mál.

Eg benti á það við 2. umr., að ef frv. þetta verður að lögum, þá muni menn sjá, að æðimiklar breytingar hafi verið gjörðar á kosningalögunum frá því, sem nú er. — Eg vona því, að háttv. þingd. liggi ekki nefndinni á halsi fyrir það, að hún hefir farið gætilega, því það er æði-erfitt, að koma samræmi í jafn-stóran lagabálk og þetta frumv. á svo takmörkuðum tíma, og það er næstum ómögulegt, að ganga frá slíku svo, að engar misfellur finnist á.

Síðan málið var við 2. umr., hefir nefndin fundið ýms atriði, er hún vildi leiðrétta í frumv., og kemur nú með breyt.till. við það, til þessarar umr.

Vér höfum orðið að leiða hjá oss, að breyta nokkuð ákvæðunum um kjördæmaskiftinguna að svo stöddu, en færi svo, að landinu yrði skift í kjördæmi án þess, að binda sig við sýslutakmörk, þá er auðsætt, að það hefir töluverð áhrif á ákvæðin um yfirkjörstjórnir, og enn fremur ef þingmönnum verður fjölgað og hvert kjördæmi kýs einn þingmann; þá verður og að breyta ýmsum atriðum í frumv. vegna þess.

Breyt.till., sem nú liggja fyrir, eru mest orðabreytingar. — Sú breyting er sett við síðari málsgrein 16. greinar, að landshöfðingja er falin yfirumsjón með yfirkjörstjórnum.

Við 22. gr. þarf að bæta því ákvæði við, að yfirkjörstjórn eigi að láta löggilta kjörbók fylgja hverri kjörseðlasendingu; þetta hefir nefndin farið fram á.

Þá er brt. við 24. gr., að tryggingarféð renni í sýslusjóð, en ekki landssjóð, sem þykir eðlilegra vegna þess, að sýslusjóður ber mikið til kostnaðinn við kosningarnar.

Svo eru lítilvægar breytingar við síðustu greinarnar í frumv. Það er í 57. gr. að skjóta inn orðunum: »og í kaupstöðum úr bæjarsjóði«, sem er nauðsynlegt eftir sambandinu. Og við síðustu greinina, að fella burtu orðin: »og aðrar ákvarðanir, sem koma í bága við þessi lög«, sem þykja óþörf.

Eg þarf ekki fleiri orðum um þetta að fara, en vildi æskja þess, að frumv. verði samþykt. Það er vitaskuld fyrirsjáanlegt, að frumv. getur ekki nú orðið að lögum; en eg tel málið hafa fengið mikilsverðan undirbúning undir væntanlega meðferð stjórnarinnar og undir næsta þing. Það er sjálfsagt, að svipað fyrirkomulag því, sem frumv. fer fram á, hlýtur að verða lögleitt hér á landi innan skamms tíma; og þó ef til vill ýms atriði séu í frv. nefndarinnar, sem þurfa leiðréttingar og umbóta við, þá vona eg þó, að það verði viðurkent, að meðferð nefndarinnar og þingsins á málinu muni hafa talsverða þýðingu fyrir það í framtíðinni.

Þórður Guðmundsson: Eg stend nú ekki upp til að tala í þessu máli til þess að hafa á móti því, og ekki heldur til þess, að lúka neinu sérstöku lofsorði á það, að minsta kosti ekki fyrst um sinn. Eg skal játa það strax, að h. nefnd, sem hefir fjallað um þetta mál, hefir gert mjög miklar bætur á frv. frá því, sem það var, þegar það kom fyrst fram hér í deildinni. En það þykir mér mjög einkennilegt, og eg vil benda á það, hversu h. þm. hafa verið þagmælskir um þetta mál, jafnþýðingarmikið mál og það er fyrir alt landið, en hafa eytt tíma og eyða tíma til þess, að ræða um mjög smávægileg mál, sem snerta langt um færri menn á landinu heldur en þetta gerir.

Það er auðsjáanlegt með þessu frv., að það er meining þess, að bæta úr tvennu: nefnilega, að gefa kjósendunum betri kost á, að nota sinn kosningarrétt, og sjálfsagt ætti að vera ekki síð ur hin meiningin, að tryggja sér að fá betri og hæfari þingmenn. Eg skal nú strax taka það fram, að eg álít, að þetta frumv. tryggi mjög vel rétt kjós endanna til þess, að geta notað sinn kosningarrétt. En eg verð hins vegar að koma að því, að þetta mál er svo vaxið, að það þarf að hugsa það mjög nákvæmlega, þar sem það fyrirkomu lag, sem hér er farið fram á að breyta, er búið að gilda meir en í hálfa öld. Það er nefnilega það atriði, að kjörstaðir hafa verið einn í hverju kjördæmi, en nú er farið fram á, að kjörstaður skul vera í hverjum hrepp. Með þessu er það að gjört, að tryggja rétt kjósenda til þess, að nota sinn kosningarrétt. En hitt atriðið álít eg, að sé mjög mikið vafaspursmál, hvort við tryggjum okkur nokkuð fyrir þessi lög að geta fengið hæfa þingmenn, og það er það atriðið, sem eg álít, að þingið eigi sem allra mest að hafa fyrir augum, því það er ekkert þýðingarlaust spursmál. Fyrir mörgum vakir það svo, að það sé mjög vafasamt, hvort við fáum betri þingmenn fyrir þessi lög. Eg þykist vera alveg sannfærður um það, að við fáum langtum fleiri kandidata eða þingmannsefni eftir þessum lögum, og einmitt kjósendurnir munu síður vanda sitt atkvæði, þegar þeir greiða það leynilega og aðrir fá ekki að heyra, hvernig þeir kjósa, bera síður blygð fyrir því, þó þeir kjósi kandidat, sem aldeilis er ekki því starfi vaxinn. Það gæti gjarnan komið fyrir, að kjósendur kysu meir í vináttuskyni og kunningsskaparskyni heldur en þeir hafa gjört áður. Það er svo margt að athuga við þetta málefni, að eg álít að það hefði þurft að ræðast mjög rækilega í báðum deildum þingsins, þó aldrei nema við vitum það, að það gangi ekki gegnum þetta þing. Það er eigi að síður nauðsynlegt, að það sé athugað frá sem flestum hliðum, því það er í mínum augum eitthvert af þeim stærstu og þýðingarmestu málum, sem þingið hefir haft til meðferðar, ekki einungis nú, heldur og á öðrum þingum.

Eg fyrir mitt leyti álít, að þetta sé ekki til þess að auka sjálfstæðisþrek þjóðarinnar; eg held, að sá mikilsvirti maður, sem hefir haldið því fram, að það sé til að auka sjálfstæðisþrek manna, sú aðferð við atkvæðagreiðslu, sem hefir átt sér stað alt til þessa tíma víðsvegar um heim upp á þennan máta, hann hafi haft rétt fyrir sér, sem sé Stuart Mill. Í mínum augum er það til að auka sjálfstæðisþrek kjósandans, að hann verður að standa augliti til auglitis frammi fyrir öllum þingheimi, en það er að veikja þrek hans, að greiða atkvæði sitt með launung, mér liggur við að segja smjúga inn til þess að greiða atkvæði. Þetta veður, sem hefir verið gert út úr því hér á landi, að það væri þörf á að breyta kosningalögunum, það held eg hafi mest komið fram á síðari árum, á síðasta kjörtíma og eftir síðustu kosningar, að embættismennirnir væru farnir að hræða fólkið til að kjósa sig. Eg fyrir mitt leyti vil alveg afbiðja mér svoleiðis. Eg þori að standa framan í hvort það er sýslumaður, prestur eða landshöfðingi eða hver sem er, og greiði mitt atkvæði jafnt hver sem í hlut á. Og eg vil segja það, að ef þetta frumv. er komið fram út af því, þá er það eitt af því, sem þarf mjög vel að athuga, að það getur gjarnan ekki verið rétt, að afstinga embættismann frá því, að gegna löggjafarstarfi landsins, ef hann er því

mikið betur vaxinn heldur annar, sem kann að bjóða sig fram.

Það er mín sannfæring, að við fáum eftir þessum lögum hjartanlega nóg af kandidötum, þó þær kunni dálítið að draga úr, þessar 50 kr., sem þeim er gert að skyldu, að leggja fram. (*Forseti*: Þetta er þriðja umræða). Eg veit það. Enn vil segja það, að það er mjög líklegt, að það megi beita því meðali til þess, að koma einhverjum manni að, sem aldeilis ekki er vaxinn þingmannsstöðu. Eg skal við þessa umræðu — þó eg verði nú að álíta, að það hafi ekki verið svo mikið talað við 2. umr., að vert sé, að telja eftir nokkur orð við 3. umr. — þá skal eg ekki þreyta þingdeildina á langri ræðu. Eg vonast til að h. þm. hafi skilið, hvað eg hefi átt við í þessu efni, og athugi málið mjög vel, þó það sé 3. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Eg hefi nú eiginlega mjög litlu að svara, eða finn litla ástæðu til að svara ítarlega þessari ræðu h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.). Hann heldur sem sé, að leynilegar kosningar muni ekki hafa góð áhrif hér á landi, hvorki á þjóðina sjálfa til þess að efla hennar sjálfstæði, né heldur á þingið, að það velji á það betri menn.

Eg get verið honum samdóma í því, að æskilegast væri, að hver og einn kjósandi kysi opinberlega og munnlega og hefði nægilegt þrek og nægilegt sjálfstæði og nægilega þekkingu til þess að kjósa beint eftir sinni sannfæringu og jafnframt eins og heppilegast væri. En h. þm. hefir sjálfsagt einhversstaðar séð það á prenti, að »reynslan sýnir, að mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera« og eg hugsa að við báðir höfum þá reynslu í lífinu, að þau orð séu sönn. Maður verður að gera við því sem er, en ekki því, sem æskilegast þykir; og reynslan er sú, að alstaðar þar, sem kosið er munnlega og í heyranda hljóði, þá getur það verið, að menn, sem eiga annaðhvort mikið peningaafl eða embættisvald undir sér, geti haft ólögleg áhrif á atkvæði manna, og meir að segja þó þeir ekki ætlist til þess að gera það; þeir geta haft það öldungis óvart og óviljandi; menn geta hagað kosningu sinni á þann hátt, sem þeir hyggja þeim manni, sem það vald hefir, geðfeldast, án þess hann leggi nokkurt orð þar til, og án þess hann hafi beinlínis nokkur áhrif á það. Þetta er fyrir bygt með hinum leynilegu kosningum. Af því það er reynsla fyrir því, eg vil segja bæði hér á landi og annarstaðar, að þessi áhrif hafa komið fram, lítillega hér á landi, en í stórfeldum mæli víðast hvar annarstaðar, þá finst mönnum ástæða til þess að fyrirbyggja þessa hættu, áður en hún verði til að gera stóran skaða. Eg skal taka í þann streng með h. þm. (Þ. G.), að eg álít, að fyrst um sinn hafi leynilegar kosningar ekki verulega mikla þýðingu hér á landi; en eg efast ekki um það, að þegar þjóðin þroskast og lærir að nota þennan rétt, þá kemur þessi aðferð til að hafa mjög mikla þýðingu. Eg get talsvert dæmt um, hver áhrif leynilegar kosningar hafa, af 10 eða 11 ára reynslu, að því er snertir kosningar, sem fylgir oft og tíðum engu minni ákafi, heldur en þingkosningum; þar hafa leynilegar kosningar sýnt sig mjög praktiskar; og eg efast ekki um, að það færi líkt í þessu efni, að því er snertir pólitiskan kosningarrétt.

Hvað það snertir, að framboð manna verði svo mörg, þá getur það vel komið fyrir framan af; það er mögulegt, að það komi fyrir, meðan pólitiskur þroski manna er lítill, en ef við eigum fyrir

okkur nokkura verulega pólitiska framtíð, þá efast eg ekki um það, að það verði gert alt hvað kleift er, til að efla og útbreiða pólitiska mentun og þekkingu hjá þjóðinni; og þá, þegar svo langt er komið, þarf alls ekki að óttast það, að hreppapólitikusar eða hreppakóngar, ef þeir ekki duga til annars en vera hreppakóngar, fái mjög mörg atkvæði; þá efast eg ekki um, að kjósendur læri að taka höndum saman í að koma að kosningu þeim mönnum, sem þeir hafa verulegt traust á. — Það skal eg líka taka fram, að þessum lögum fylgir það, að undirbúningur undir þingkosningarnar verður að vera mikið betri en hann er nú; því eins og nú er má segja að undirbúningur undir kosningar sé enginn, því eg kalla það ekki undirbúning undir kosningar, þó sendir séu af stað einhverir æsingaseppar, sem ekki gera annað en að reyna að siga mönnum upp til úlfúðar og illinda, en reyna ekki að neinu leyti að fræða menn um málin; það kalla eg ekki undirbúning undir kosningar.

Þetta hlýtur undir því nýja fyrirkomulagi að breytast; því að við leynilegar kosningar geta kjósendur látið sannfæring sína koma betur fram heldur en reynslan er við hinar munnlegu kosningar.

ATKVGR.: Brtt. 614,1 við fyrirsögnina samþ. í einu hljóði.

Brtt. 614,2 við 15. gr. samþ. í einu hljóði.

Brtt. 614,3 við 16. gr. samþ. með 19 atkv.

Brtt. 614,4 a. við 19 gr. samþ. með 20 atkv.

Brtt. 614,4 b. við 19. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 614,5 við 22. gr. samþ. með 20 atkv.

Brtt. 614,6 við 24. gr. samþ. með 20 atkv.

Brtt. 614,7 við 57. gr. samþ. með 20 atkv.

Brtt. 615,8 við 64. gr. samþ. með 20 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 20 atkv. og afgreitt til Ed. (Sjá C bls. 782—793).

Alþingiskosningalög II.

FRUMVARP til laga um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C bls. 496); 1. umr., 7. ágúst.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eg hefi lofað ýmsum kjósendum mínum í Vestur-Ísafjarðarsýslu að koma fram með þetta frumv. á þessu þingi. En af því frumv. til kosningalaga liggur fyrir þinginu, þá hefi eg ekki komið fram með þetta frumv., fyr en útséð var um, að breyting á skipun kjördæma yrði tekin upp í það. Auk þess er vafasamt, hvort það frumv. kemst gegnum þingið, og verði það ekki, þá er útséð um, að sú réttarbót fáist í þetta sinn, sem farið er hér fram á.

Þetta hefir mjög lengi verið ósk íbúa í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem er sérstakt sýslufélag, að það yrði gert að kjördæmi út af fyrir sig. Þegar menn fóru þess á leit, að sýslunni væri skift í tvö sýslufélög, þá vonuðust menn, eftir að sýslan mundi þá og verða tvö kjördæmi.

Það sem mælir með því, að Vestur-Ísafjarðarsýsla sé sérstakt kjördæmi, er það, að það er svo afarerfitt að sækja þaðan til kjörfundar á Ísafjörð. Það er Breiðadalsheiðin, sem þar er þröskuldur á veginum, en það er oftast ekki nem þrír eða fjórir mánuðir af

árinu, sem þar er hægt að koma hestum við. Þegar kosningar fara fram um hásumar, þá má kom þar hestum við; en það tekur þá, er fjarstir búa, 3 og upp í 5 daga, að nota kosningarrétt sinn. En færi kosningin fram fyr, t. a. m. í maí eða júní fyrri partinn, þá er ekki hægt að koma hestum yfir þessa heiði, heldur verða menn að sækja kjörfundinn gangandi, og það er sama sem að útiloka hér um bil allan þorra manna frá að nota kosningarrétt sinn. Enda hefir sú raun orðið á, að kosningarrétturinn hefir lítið verið notaður í vestursýslunni í samanburði við fólksfjölda.

Eg sé ekki annað en það mæli öll sanngirni með því, að Vestur-Isafjarðarsýsla fái þessari ósk sinni framgengt. Reyndar verður nokkur stærðarmunur kjördæmanna, þar sem í vestursýslunni eru að eins c. 2500 íbúar, en í norðursýslunni c 4400 (þar af 1100 í kaupstaðnum); en þetta finst mér ekki vera neitt ráfælandi. Það er töluverður munur á kjósendafjölda í hinum ýmsu kjördæmum landsins, eins og við vitum; og tala kjósenda í Vestur-Ísafjarðarsýsla er mikil, í samanburði við ýms önnur kjördæmi. Eg vil t.d. nefna Vestmanneyjasýslu, sem er fimm sinnum fólksfærri; eg skal bæta því við, að Vestur-Ísafjarðarsýsla er nálega eins útilokuð frá að sækja kjörfund á Ísafirði, eins og og Vestmanneyjasýsla frá að sækja fund í Rangárvallasýslu.

Þar næst mætti taka það fram, að svo framarlega sem þingmönnum verður fjölgað, þá er sennilegt, að hinum nýju þingmönnum verði komið þannig fyrir, að setja þá í kaupstaðina; og þá liggur í augum uppi, að það er ekki hægt að koma þessu svæði öðruvísi fyrir, en að sérstakur þingmaður verði fyrir vestursýsluna, einn fyrir kaupstaðinn og einn fyrir norðursýsluna; mundi því þetta ástand, sem hér er farið fram á, haldast óbreytt framvegis.

Það mætti kannske hafa það á móti þessu frumv., að það skerði kosningarrétt norðursýslunnar og kaupstaðarins, sem hingað til hafa haft rétt til að kjósa tvo þingmenn ásamt vestursýslunni, en fengju hér eftir ekki að kjósa nema einn. En þar til er það svar að gefa, að þetta ákvæði, að báðar sýslurnar skuli kjósa tvo þingmenn, alls ekki er sett til að gefa norðursýslunni neinn rétt á kostnað vestursýslunnar, og eg er viss um, að menn þar kæra sig ekki um, að mikill þorri kjósenda sé útilokaður frá að neyta kosningarréttar síns, til þess að þeir með því geti fengið meiri áhrif á kosningar.

Eg vona að h. deild sjái, að með því sem hér er farið fram á, er ekki tjaldað til einnar nætur jafnvel þó komi ný breyting á kjördæmaskipun í landinu, og að hér er að ræða um réttarbót fyrir menn, sem hafa verið töluvert settir hjá að neyta réttinda þeirra, er stjórnarskráin veitir þeim.

Eg vona því, að h. deild lofi frumv. að ganga áfram.

Valtýr Guðmundsson: Eg get að minsta kosti ekki að þessu sinni fallist á, að frumv. þetta eigi að fá fram að ganga. Og það af þeim ástæðum, sem nú skal greina. Eins og menn vita, liggur hér fyrir þinginu frumv. til kosningalaga, og ein af þeim spurningum, sem hefir verið hreyft í meðferð þessa frumv, meðal annars af hæstv. landsh., er sú, hvort ekki mundi heppilegast að koma á nýrri kjördæmaskipun, og þá virðist líka eðlilegt, að þegar kjörstöðunum væri fjölgað, þá væri kannske kjördæmunum skift alt öðru vísi niður og eftir réttlátari reglum en hingað til, og þá er engin á-

stæða til að halda sér við nein sýslutakmörk; þá verður það auðvitað haft fyrir augum, að það verði jafnmargir kjósendur í hverju kjördæmi, að svo miklu leyti sem hægt er, og fá þannig nokkurn veginn jafnvægi. Ef kjörstaður verður í hverjum hreppi, þá er hægt að koma jafnvægi á kjördæmin, en ekki meðan einn kjörstaður er í hverri sýslu eða kjördæmi.

Mér heyrðist á h. flutnm. þessa frv. (H. H.), að það mundi ekki verða niðurstaðan hjá nefndinni, sem fjallar um kosningalögin, að breyta kjördæmaskipuninni. En mér finst að af því megi ekki álykta um niðurstöðu á málinu, því það er ekki sagt að deildin verði á sama máli og nefndin; auk þess má gera ráð fyrir, að málið, þegar það kemur til h. Ed. og þar í nefnd, ef til vill fái alt aðra niðurstöðu. Finst mér því dálítið ólögulegt, að taka eitt einasta kjördæmi landsins og koma þar á nýju skipulagi, meðan ekkert er afgert að því er snertir landið í heild sinni. Ef hægt hefir verið að una við þetta fyrirkomulag allan þennan tíma, síðan kosningalögin voru gefin út, þá virðist ekki svo bráðliggja á þessari breytingu, heldur sé óhætt að láta þetta fyrirkomulag halda sér 1 eða 2 ár enn, þangað til ný kosningalög fyrir landið alt koma í gildi. Ef það sýndi sig þá, að niðurstaðan yrði alt önnur en nú er ráðgert, þá kynni að vera ástæða til að samþ. frumv. líkt þessu.

En það má líka hafa á móti þessu frumv. frá öðru sjónarmiði. H. flutningsm. (H. H.) tók það fram, að það væri mikill munur á kjósendafjölda í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu og kaupstaðnum; það eru ekki nema 2000, eg man nú ekki tölurnar, íbúar í vestursýslunni, en miklu fleiri í norðursýslunni (*Hannes Hafstein*: Kjósendatalan er hér um bil jöfn í sýslunum). En nú er ráðgert í frumv. til stjórnarskipunarlaga að bæta við 4 nýjum þingmönnum, og þá getur breyzt eitthvað kjördæmaskipunin; við vitum ekki, á hvern hátt; má vera, að kosnir verði nýir þingmenn fyrir kaupstaðina, og þyrfti þá aftur að fara að breyta þessum lögum, sem ákveða, að Norður-Ísafjarðarsýsla með kaupstaðnum skuli vera eitt kjördæmi.

Að öllu samantöldu finst mér þetta mál vera of snemma upp borið, meðan við bæði ekki vitum, hvernig stjórnarskrárfrumv. reiðir af og hvernig kosningalögin verða, sem liggja fyrir þinginu. Eg verð að vera á móti þessu frumv. og álíta réttast, að það væri felt; en í mesta lagi get eg verið því samþykkur, að vísa þessu máli til kosningalaganefndarinnar, og það geri eg að uppástungu minni.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Út af till. að vísa þessu máli til nefndarinnar í kosningalögunum skal eg taka það fram, að eg man ekki betur en að því væri tekið fjarri í þeirri nefnd, að taka til meðferðar breyting á kjördæmum í landinu, af því nefndin lítur svo á, að þau kosningalög, sem kynnu að verða búin til á þessu þingi, yrðu að eins til skamms tíma. Eg hefi þess vegna enga von um, að það beri neinn árangur, að vísa þessu máli til þessarar nefndar né til neinnar nefndar, og álít að það væri hið sama sem að gera frumv. að engu. Eg hefi dregið svo lengi, sem unt var, að koma fram með þetta mál, einmitt vegna þess frumv., sem lá fyrir þinginu, og ekki gert það fyr en útséð var um, að nefndin í því máli mundi skifta sér af kjördæmaskipuninni; en nú er tíminn orðinn svo naumur, að málið þolir ekki ónauðsynlega töf.

Spurningin er hér um það, hvort um réttarbót sé að ræða eða ekki; því sé hér um réttarbót að ræða, þá álít eg að ekkert sé á móti því, þó nú sé í bráðina bætt úr verstu göllunum, sem eru, og það ekki látið bíða eftir almennum kosninga- og kjördæmaskipunarlögum, sem geta dregist nokkur ár enn.

Það sem hér er farið fram á, er í fullu samræmi við það, sem gildir um aðrar sýslur á landinu, þar sem líkt stendur á. Þannig er Skaftafellssýsla ein jurisdiction, en tvö kjördæmi; Þingeyjarsýsla ein jurisdiction, en tvö kjördæmi; Mýra- og Borgarfjarðarsýsla ein jurisdiction, en tvö kjördæmi, o. s. frv. Í samræmi við þetta er að Vestur Ísafj.-sýsla sé eitt kjördæmi og Norður-Ísafj.-sýsla annað. Enda er hægt að sanna það með rökum, að þar sem kosningalögin nefna »sýslu«, þar er meint sýslufélag, en ekki jurisdiction, þó þessu «principi« sé að vísu ekki alstaðar fullnægt, t. a. m. er Barðastrandarsýsla tvö sýslufélög, en ekki nema einn þm. kosinn fyrir bæði sýslufélögin, svo þar kemst ekki kjördæmaskifting að.

Eðlilegast er, að einn þm. sé kosinn á hverjum stað, og mun það að líkindum komast á með nýjum kosningalögum; en það getur orðið langt fyrir Vestur-Ísfirðinga, að bíða eftir því.

Eg sé yfir höfuð ekki ástæðu til að fresta þessu máli vegna kosningalaganna, og skal eg ekki fara fleiri orðum um það, en óska að málið fái að ganga áfram.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Tillaga um að vísa málinu til kosningalaganefndarinnar felld með 12:7 atkv.

Önnur umr., 9. ágúst (C bls. 496, þrt. 521 og 549).

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Af því, að eg á hér breyttill. á þgskj. 377, verð eg að fara um hana nokkurum orðum. Hér er komið fram frumv., sem fer fram á það, að skifta kjördæmi, sem velur 2 þingmenn, í tvo hluti, þannig, að hvor hluturinn kjósi framvegis 1 þingmann. Frá því eg fór að hafa vit á og kynnast nokkuð almennum málum, hefir mér fundist það óheppilegt, að eitt kjördæmi kjósi 2 þm,. því það getur komið fyrir, að þessir tveir þm. sé alls ekki samtaka í ýmsum áríðandi málum. Ennfremur getur það oft átt sér stað, að sumir kjósendur vilji aðeins kjósa annan þm., en engir fleiri sé í boði, en nú er svo fyrir mælt, að kjósandinn verður að kjósa tvo þm.; ella er kosning hans ógild. Getur þá svo farið, að kjósandinn verði annaðhvort að missa kosningarrétt sinn, eða kjósa mann, sem hann álítur óheppilegan til að senda á þing.

Hvað þetta frumv. snertir, þá hafði eg ekki búist við því nema í sambandi við kosningalögin, og eg man ekki betur en að hæstv. landsh. mintist á við 1. umr. þeirra, að heppilegt mundi, að breyta um leið kjördæmunum í þá átt, að hvert kjördæmi kysi að eins einn þingmann.

Úr því að nú er farið að hreyfa við einu kjördæmi, þá álít eg rétt, að tekin væru fleiri kjördæmi til meðferðar. Mér virðist, að hér sé því annaðhvort fyrir hendi, að láta málið bíða, eða skifta öllum þeim kjördæmum, sem nú kjósa 2 þingmenn, svo það yrði föst regla um land alt, að einn þm. væri kosinn í hverju kjördæmi. Ef til vill er heppilegra, að láta málið bíða, þar sem það er ekki undirbúið í héruðunum, og engar raddir hafa heyrst um það, hvernig skiftingunni eigi að vera hagað, og skiftingar þær, sem hér er

farið fram á að gjöra, ef til vill ekki heppilegar. Gæti því verið heppilegra að taka málið fyrir í heild sinni, og láta breytinguna fara samhliða fram í öllum kjördæmum. Mér þykir það nokkuð undarlegt, þar sem háttv. flm. (H. H.) þessa frumv. er í kosningalaganefndinni, að hann skuli ekki hafa komið með þetta frumv. í sambandi við kosningalagafrumv. og að því frumv. væri meira flýtt. Nefndin í því máli, sýnist ekki vera hraðvirk, að vera ekki komin með tillögur sínar enn, en eg heyri reyndar, að nefndarálit hennar sé á leiðinni, en veit ekki hvort hún hefir tekið upp ákvæði um kjördæmaskiftinguna. Eg sé því ekkert á móti því, að þetta frumv. fengi að ganga til þeirrar nefndar, svo hún geti tekið það til rækilegrar íhugunar, og látið álit sitt í ljós um það, hvort hún vill láta taka það til greina, eða fella það. Annars sé eg ekki ástæðu til, að skifta þessu eina kjördæmi, nema það sama sé gert um land allt. Háttv. flutnm. (H.H.) sagði, að þessi tvö nýju kjördæmi, er hann vill mynda, yrðu misjöfn að fólksfjölda; en þegar um skifting kjördæma er að ræða, verður að taka tillit til, í 1. lagi fólksfjöldans og í 2. lagi atvinnuveganna. Þetta hefi eg haft fyrir augum í breyttill. minni um skifting kjördæmanna í Skagafirði og Eyjafirði, þannig, að annað kjördæmið í hvorri sýslunni væru einkum landsveitir, en hitt sjávarsveitir. Það getur verið, að skifta mætti heppilegar en eg hefi farið fram á, og skal eg ekki gjöra það að kappsmáli, en vona að kosningalaganefndin verði látin taka málið í heild sinni til íhugunar.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Eg get ekki látið þessa breyttill. frá mér fara án þess að minnast á hana nokkurum orðum, enda snertir hún mitt kjördæmi, þar sem hún fer fram á, að skifta Eyjafjarðarsýslu í tvö kjördæmi. Háttv. flutnm. breyttill. (St. St., Skgf.) hefir gert grein fyrir skoðun sinni á málinu, og látið í ljósi, að frá því hann hefði fyrst haft vit á, hefði honum fundist það óheppilegt, að eitt kjördæmi kysi 2 þingmenn, og því kæmi hann með þessa breyttill. Eg hélt, að hann ætlaði að segja, að frá því hann hefði haft vit á, hefði ekki komið jafnilla undirbúin till. fram á þingi. Hvað snertir sambandið milli breyt.till. og frumv., sem hér liggur fyrir, þá er auðsætt, að þau þola engan samjöfnuð, þar sem málið, hvað frumv. snertir, er undirbúið heima í héraði (Ísafj.sýslu), en till. í breyttill. er alls ekki undirbúin, hvorki af héraðsmönnum yfirleitt, eður af einstökum kjósendum, og, það sem ólíklegast er, að við þingmenn Eyjafjarðarsýslu vissum alls ekkert um að nokkuð slíkt mundi koma hér fyrir, þar til breytingartillagan er nú lögð fram hér í þingsalnum. Sama er að segja um sýslubúa í Eyjafirði, að þeim mun koma þessi fregn allótrúlega fyrir. Fyrir mitt leyti, þá skil eg ekki tilgang þessarar till., og get ekki ætlað þm. þá dul, að þeir fari að samþykkja þetta öldungis óundirbúið og sem öllum er ókunnugt um.

Viðvíkjandi skifting Eyjafjarðarsýslu í 2 kjördæmi, þá gæti eg trúað, að allir hlutaðeigendur feldu sig ekki sem bezt við hana; t. d. gæti eg vel búist við, að búendur í Kræklingahlíð mundu una því illa, að þurfa hér eftir að líkindum langt út með Eyjafirði, í stað þess að skreppa niður til Akureyrar á kjörfund, eins og nú á sér stað.

Þar sem háttv. þm. sagði, að hann hefði skift Eyjafjarðarsýslu niður í 2 kjördæmi eftir landbúnaðarhreppum og sjávarhreppum, þá er það ekki alls kostar rétt. Því Skriðuhreppur er eingöngu landbúnaðarhreppur, en þó er

hann settur í tölu sjávarhreppanna eftir þessari skiftingu. Breyttill. þessi er því í einu og öllu svo undirbúin og úr garði gerð, að eg vona, að háttv. þingdm. sýni ekki það gjörræði, að samþykkja hana, heldur láta hana deyja drotni sínum, eins og hún verðskuldar.

Hermann Jónasson: Mér kemur nokkuð einkennilega fyrir sjónir breyttill. á þgskj. 377. Eg veit ekki til, að háttv. flutnm. hennar hafi verið beðinn að flytja hana, og eg þekki ekki, að það sé ósk heiðr. kjósenda í Húnavatnssýslu, að sýslunni sé skift í 2 kjördæmi, og eigi hefir hann ráðfært sig um þetta við þingmenn kjördæmisins. Hver hefir þá beðið hann að flytja þessa till.? Hver er ástæðan til þess, að hann kemur með hana? Eg er ekki á móti því, að skifta mætti Húnavatnssýslu í fleiri kjördæmi á sínum tíma, en eg treysti því, að sýslubúar þar ásaki mig ekki fyrir, að eg vil ekki svifta þá atkvæði sínu í þessu máli. Þessi breyttill. er því undarlegri, þar sem frumv. á þgskj. 348 er komið fram eftir ósk hlutaðeigandi sýslubúa og því kjördæmi hefir áður verið skift í tvö sýslufélög, en svo er nú fleygað inn í það till. um skiftingu á kjördæmum í öðr um héruðum, þar sem ekkert tilefni er tekið til sýslubúa. Þess verður þó að krefjast, að þeir fái að minsta kosti að segja álit sitt um málið.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Það getur ekki annað en glatt mig, að sú aðalstefna, sem frumv. byggist á, hefir fengið svo mikilsverða og öfluga fylgismenn, sem breyttill. sýna, og að þeir eru þeirrar skoðunar, að rétt sé, að ekki sé kosinn nema einn þm. í hverju kjördæmi. Undirtektir þær, sem brtill. hafa fengið hjá háttv. þm. þeirra héraða, sem um er að ræða, gefa mér þó grun um, að þær séu ekki svo undirbúnar í héraði, sem skyldi, og að skiftar skoðanir kunni að vera um fyrirkomulag það, sem upp á er stungið. Eg verð því að halda, að sé háttv. flutnm. þeirra breyttill. alvara með að styðja frumv. mitt, mundi betra, að þeir félli frá breyttill. að svo stöddu, þar til betri undirbúningur fæst, því hætt er við, að þær mundu annars verða frv. að falli, vegna þess, að sýslubúar, er hlut eiga að máli, settu sig á móti því, að frumv. næði staðfestingu.

Eins og eg tók fram við 1. umr. þessa máls, var ekki aðalástæðan fyrir því, að eg kem með þetta frumv., sú, að hvor sýslan kysi að eins einn þm.; heldur var aðalástæðan, að vestursýslunni er fyrirmunað að neyta kosningarréttar síns með því fyrirkomulagi, sem nú er. Úr því mögulegt er að laga þetta misrétti nú, virðist því sjálfsagt, að ráða bót á því nú þegar. Hér er farið fram á skiftingu, sem er sjáltsögð bæði af náttúrunnar hendi, og þar sem hér er um 2 sýslufélög að ræða, sem er ólíkt farið að ýmsum hagsmunum. Landbúskapur er t. d. miklu meiri í vestursýslunni en norðursýslunni, og samgöngumálum er þar alt öðruvísi háttað. Þegar því sýslufélög þessi eiga svo gott sem ómögulegt með að sækja kjörfund saman, álít eg rétt að skifta þeim í 2 kjördæmi, úr því svo hægt er að ráða fram úr því. Ætti því að lofa frumv. að ganga sinn gang, án þess að blanda þar inn í óviðkomandi efnum.

Eg skal leyfa mér að svara h. 2. þm. Skgf. (St. St.) því, að eg kom fram með þetta í kosningalaganefndinni, en nefndin áleit, að ekki mundi hentugt, að taka kjördæmaskiftinguna inn í kosningalagafrumv. að þessu sinni, og vegna þess neyddist eg til að koma með þetta frumv. Það er alls ekki að undra, þó kosningalaganefndin þurfi nokkuð langan tíma til að lúka störfum sínum, því hér er að ræða um mjög langan laga-

bálk og varhugaverðan. Er því ekki rétt fyrir háttv. þm. að álasa nefndinni fyrir það, þó hún athugi frumv. nákvæmlega, og vilji varast, að eitt í því reki sig á annars horn. Nefndin og sérstaklega háttv. skrifari hennar (Guðl. Guðm.) hefir haft mjög mikið starf við að búa til breyttill. við mikinn hluta frumv. og mun þó nokkuð eftir enn af því, sem gera þarf. Nú er vafasamt, hvort það frumv. getur gengið fram á þessu þingi, eða tíminn reynist of naumur. Hefði mér verið það unt, hefði eg komið með efni þessa frumv. sem breyttill. við kosningalagafrumv. stóra. En þar sem ekki má dragast, að hrinda því í lag, sem frv. þetta fer fram á, hefi eg orðið að koma með það út af fyrir sig. Eg leyfi mér að skírskota til háttv. 2. þm. Arn. (S. Sig.), hvort eg hafi ekki skýrt rétt frá, um staðhætti og aðra tilháttun þar vestra, og hvort ekki sé almennur vilji á þeim stöðvum, að fá þessu breytt eins og frumv. fer fram á.

Sigurður Sigurðsson: Þegar við flm. að breyt.till. á þgskj. 389 sáum breyt.-till. á þgskj. 377, kom okkur til hugar, að úr því farið væri að skifta sumum þeim kjördæmum, sem kjósa tvo þm., væri rétt, að taka málið alvarlega til íhugunar, og ef auðið væri skifta öllum slíkum kjördæmum, með það fyrir augum, að komist kosningalagafrv. ekki gegnum þingið í ár, væri þó stigið spor í umbótaáttina með þessu frv. Hvað snertir eitt af þeim kjördæmum, sem farið er fram á að skifta, nefnilega Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá skal eg geta þess, að hér á lestrarsalnum liggur fyrir ósk um, að því sé skift í 2 kjördæmi. Um Árnessýslu er því reyndar ekki að heilsa, en þar er viðlent hérað, og mörgum því örðugt að sækja kjörstað þar. Væri því æskilegt, að kjördæmi þessu væri skift. Mér er óhætt að fullyrða, að óskir manna víðs vegar um land alt ganga eindregið í þá átt, að þingið ráði kosningamálinu til lykta. Í nefndinni sitja svo afar-starfshæfir menn, og er því undarlegt, að þeir skuli ekki vera búnir að lúka við álit sitt, og svo er formaðurinn þessi staki dugnaðarvargur, svo það getur ekki verið honum að kenna, þó seint gangi. Nefndin er, eins og eg sagði, vel skipuð; í henni eru flm. frumv. báðir, og svo tveir þaulæfðir lögfræðingar. Það væri óskandi, að það væri tóm varasemi, eins og háttv. þm. Ísf. (H. H.) tók fram, sem tafið hefir nefndina hingað til, og að hinir sömu menn sýni varasemi í öðrum greinum. Eg vona því fastlega, að nefndin gangi óslælegar að verki sínu hér eftir en hingað til.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg finn mér skylt að taka svari nefndarinnar gagnvart þeim, sem eru að hreyta ónotum í hana. Eg skal svara því, að það er harla óþingmannlegt, að fella harða sleggjudóma um þau verk, sem þm. hafa undurlítið vit á. Og það væri æskilegt, að háttv. 2. þm. Árn. (Sig. Sig.), og 2. þm. Skagf. (St. St.) og aðrir sleggjudómasmiðir gerðu svo vel að kynna sér frumv. fyrst, og þá agnúa, sem á því eru, þar sem þarf að »rekonstruera« jafnstóran lagabálk, sem er í 65. gr., og þessir herrar ættu því ekki að setja sig á hinn háa hest, meðan þeir vita ekki, hvað þeir eru að dæma um.

Kosningalaganefndin hefir látið sér sæma, að reyna að hugsa vel um málið og gera alt sem í hennar valdi stendur til þess, að það verði sæmilega af hendi leyst, þótt það valdi því, að málið komist síður fram, heldur en að senda það frá sér í einhverjum handaskolum, illa hugsað og illa formúlerað, eins og maður hefir oft átt að venjast

um ýms mál, sem komið hafa frá nefndum fyrir þingið. Slík hroðvirkni nefnda hefir oft verið til þess að tefja þingsins starf. Það er því óþarfi," að væna nefndina um, að hún vilji draga verk sitt um skör fram, eða tefja fyrir málinu, *og* það því fremur, sem þessir hinir sömu menn hafa miklar annir og mörgum öðrum málum að sinna, sem eru eins þýðingarmikil. Því þótt vér játum, að kosningalagafrumv. sé nauðsynlegt, verður að gæta að því, að nú standa fyrir dyrum allmiklar breytingar á kosningarrétti og kjördæmaskipun, sem mundi heppilegast að útkljá alt í sambandi hvað við annað. Auk þess eru nú fyrir þinginu mörg fult eins nauðsynleg mál, sem hafa engu minni þýðingu. Það má því enginn heimta það af þm., að þeir flaustri svo af verkum sínum, að þeir verði sér til skammar, og ekki álasa þeim fyrir, þótt þeir vilji verða til gagns. En vilji hinir háttv. herrar verða talsmenn flausturs og hroðvirkni, þá er þeim það ekki of gott. Ekki skal eg öfunda þá af heiðrinum. Eg gæti sagt miklu meira, *og* eg skal vera reiðubúinn að færa rök fyrir því, hvenær sem er.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi verið meðflutnm. annarar þeirrar breyt.till., sem gjörð er við þetta frumv., því eg verð að líta svo á, að ef bráðlægi á því, að skifta í sundur einu kjördæmi, þá væri þess sama og full þörf á öðrum stöðum, því það er víðar en í einu kjördæmi, að örðugt er að sækja kjörfund. Eg verð þó að líta svo á, sem ekki sé mikil þörf á þessu nú, þar sem frumv. til kosningalaga liggur fyrir þinginu. Og þótt háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) segði, að nefndin í því máli mundi ekki mæla með því að taka skifting kjördæmanna inn í það frumv., þá er alls ekki víst, að hið sama verði ofan á fyrir þinginu, enda virðist svo eftir breyt.till. að dæma, að margir hallist að því, að kjördæmunum sé sundur skift. Ef sú yrði niðurstaðan, að heppilegra mundi, að skifta sundur öllum þeim kjördæmum, sem nú kjósa 2 þm., en engin breyt.till. liggur fyrir um, að skifta Múlasýslunum í sundur á þenna hátt, álít eg heppilegt, að frumv. væri vísað til kosningalaganefndarinnar, og gæti hún þá gert till. um, hvort skifta skyldi einu kjördæmi, öllum kjördæmunum eða alls engum. Eg vil því leyfa mér, að gera þá tillögu, að frumv. sé vísað til kosningalaganefndarinnar, og þessari umr. frestað, því eg hygg, að ekki sé heppilegt, að vísa frumv. fyrst til 3. umr., þar sem svo margar breyt.till. liggja fyrir, heldur verði að fresta þessari umræðu.

Forseti: Það er gefið, að umr. verður að fresta, sé málinu vísað til nefndarinnar. En þar sem 2 háttv. þm. hafa beðið um orðið, vil eg veita þeim það, áður en till. er borin undir atkv.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Mér kom það reyndar ekki á óvart, að h. 2. þm. Eyf. (St. St.) talaði móti þessari breyt.till. minni; því eg hefi átt því að venjast, að hann hefir staðið upp, þegar eg hefi komið fram með eitthvað, ekki til þess að mæla með því, heldur til að mæla móti því. Þess vegna bjóst eg alveg við því, að hann mundi að vanda finna sig knúðan til að mótmæla þessari breyt.till. Það mætti líta svo út, sem okkur kæmi ekki vel saman heima í héraði, eftir því sem kemur fram hér í salnum; en ef einhver ímyndaði sér það, þá er það öldungis ekki svo; eg tek þetta fram vegna þess, að það eru ýmsir, sem hafa verið að geta sér þess til. En það hljóta að

vera einhverjar aðrar ástæður, sem koma honum til, að vera á móti hverju einasta máli, sem eg kem fram með.

Hann hafði það á móti breyt.till. minni, að það hefði ekki verið undirbúið í héraði, og að engin ósk hafi fram komið um, að skifta Eyjafjarðarsýslu í 2 kjördæmi. Veit eg vel að það er ekki, og eg talaði líka um það, að málið væri ekki vel undirbúið, og tók það fram, að það mætti hafa skiftinguna heppilegri. Hann tók það og fram, að það væri ekki rétt, að sýslunni væri þannig skift í sjávarsveitir og landsveitir. Þetta er, eins og hann veit, ekki hægt til fulls; enda tók eg ekki annað fram en að það yrði aðallega sjávarsveitir og landsveitir í hverju kjördæminu fyrir sig. En þar sem hann taldi það óheppilegt að koma fram með þetta, óundirbúið í héraði, þá skal eg taka það fram, að það eru æðimörg mál, sem hafa komið fram hér á þingi, sem ekki eru undirbúin í héraði. Þingmenn þykjast hafa leyfi til þess, og eg álít líka að hver h. þm. hafi leyfi til að koma fram með hvert það mál, sem honum sýnist, hvernig sem það er undirbúið. Mér þykir það þess vegna dálítið einkennilegt hjá háttv. þm. Húnv. (Herm. J.), þar sem hann er með því að þetta sé rétt, en fer svo hamförum út af því, að þessi br.-till. skuli vera komin fram. Eg hefði kunnað betur við, að hann hefði talað með meiri stilling en hann gjörði, um svona meinlaust mál. Hann hefir kannske gengið í skóla hjá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), og lært að steyta hnefana og hamast eins og hann sé genginn af göflunum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Báðir hafa lært það hjá h. 2. þm. Skgf.). Þetta voru nú að eins athugasemdir við það, sem þessir h. þm. hafa sagt. Eg hefi engu við að bæta það, sem eg tók fram áðan. Vil að eins óska, að málið sé tekið til yfirvegunar.

Eg átti víst eitthvað af því, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kastaði fram, eg ímynda mér, að við 2. þm. Árn. (Sig. Sig.) höfum átt það í félagi. Eg er nú ungur og óreyndur á þingbekkjunum, og þess vegna er eg innilega þakklatur fyrir allar þær bendingar, sem eg fæ frá eldri og reyndari þm., og skal þess vegna taka því vel, ef h. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) eða aðrir leiðbeina mér eitthvað. Eg vildi þess vegna beina þeirri spurningu til háttv. þm., hvort það sé þingmannlegt, að beina því til samþingismanna sinna alveg órökstutt, að þeir hafi ekkert vit á því máli, sem fyrir liggur, og þeir hljóti að hafa komið fram með tillögur sínar »af fáfræði eða öðru verra«. Eg þekki ekki þessar reglur, og vil því biðja hann að svara mér, hvort þetta sé þingmannlegt. Svari h. þm. þessu játandi, þá ætla eg mér, ef eg verð í vandræðum með svar, að slá því framan í hann og aðra þm., því eg hefi svo mikið traust á hans þingmannshæfileikum, að eg trúi því, sem hann segir mér um þetta. Það lítur annars ekki út fyrir, að þessi norðangola hafi haft nein kælandi áhrif á menn, eftir umr. að dæma; það er líkara því að léki um menn sjóðheitur scirokko-vindur, heldur en svalandi norðangola.

Eg vil svo að endingu styðja till. h. þm. Vestm. (V. G.), að málinu sé vísað til kosningalaganefndarinnar eða þá sérstakrar nefndar.

Flutnm. (*Hannes Hafstein*): Það var að eins örstutt aths. um þá till., að vísa máli þessu til nefndar. Það var við 1. umr. málsins borin upp till. um, að vísa því til nefndar; sú till. var feld, og eg vona, að háttv. deild greiði at-

kv. alveg eins og hún greiddi þá. Það er fyrirsjáanlegt, að það mundi engan árangur hafa, því það er ekki hægt fyrir nefndina að bera málið undir sveitirnar; enda gjörist þess ekki þörf, því að þetta frumv. eða sú breyting, sem það fer fram á, hefir fengið undirbúning í héraði; en hvað hinar aðrar breyt till. snertir, þá eru þær gjörsamlega óundirbúnar. Ísafjarðarsýsla er eina kjördæmið, sem svo stendur á, að þetta getur orðið framkvæmt nú þegar; bæði er þar, eins og eg hefi tekið fram, um tvö sýslufélög að ræða, og svo hefir þetta mál verið ítarlega rætt í héraði og endurteknar áskoranir liggja fyrir frá kjósendunum um það. Þegar menn játa, að hér sé um réttarbót að ræða, þá skil eg ekki, að háttv. þm. vilji tefja fyrir þessari réttarbót. Eg treysti því svo réttsýni h. deildar, að hún lofi málinu fram að ganga, án þess að bæta inn í það öðrum atriðum, sem hljóta að verða því að falli.

Skúli Thoroddsen: Eg hafði að vísu ætlað að leiða þetta mál hjá mér; en af því að það hefir komið fram hér í þingsalnum, að þetta mál hefði það fram yfir hinar aðrar tillögur, sem fram eru komnar, að það sé undirbúið í héraði, þá verð eg að leiðrétta það og lýsa því yfir, að það er ekki alls kostar rétt. — Sá eini undirbúningur, sem þetta mál hefir fengið í héraði, er, að það hafa komið fram óskir — það er mér kunnugt um — frá íbúum Vestur-Ísafjarðarsýslu í þá átt, sem frumv. fer fram á. En hins vegar hefir það mál ekki komið til umræðu á einum einasta fundi í Norður-Ísafjarðarsýslu eða Ísafjarðarkaupstað.

Eg tek þetta fram gagnvart því, sem h. 1. þm. Húnv. (H. J.) og h. 2. þm. Eyf. (St. St.) lögðu svo mikla áherzlu á, að þetta mál væri svo vel undirbúið, og svo vel frá því gengið í héraði að öllu leyti.

Á hinn bóginn skal eg taka það fram, að eg er sjálfur á þeirri skoðun, að það mundi verða heppilegra fyrirkomulag, að það væri að eins kosinn einn þingmaður í kjördæmi hverju; en það getur auðvitað verið álitamál, þar sem Ísafjarðarsýsla, eins og nú stendur, að eins kýs tvo þingmenn, þá getur verið álitamál, hvort rétt sé, að skifta kjördæmunum þannig, að vestursýslan sé kjördæmi út af fyrir sig og norðursýslan og kaupstaðurinn hitt kjördæmið.

Eins og háttv. samþingism. minn (H. H.) tók fram við 1. umr. þessa máls, þá eru þau skifti ekki alls kostar réttlát, þó ekki sé litið á annað en fólksfjöldann í þessum tveimur væntanlegu kjördæmum, þar sem í vestursýslunni er rúmlega sem svarar $^1/_3$ af kjósendum hins núverandi kjördæmis. — Eg veit því ekki, hvort kjósendur mínir í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað mundu kunna mér nokkura þökk fyrir það, ef eg styddi frv. þetta sem vilja kjósenda í vestursýslunni, án þess að gegna þeirri skyldu minni, að upplýsa, að mál þetta er ekki svo vel undirbúið í héraði, sem þyrfti að vera og ætti að vera til þess, að það fengi framgang.

Að því er snertir það, sem h. háttv. samþingism. minn (H. H.) lagði mikla áherzlu á, að þetta væri nauðsynjamál sérstaklega af því mönnum í vestursýslunni mætti heita fyrirmunað, að neyta kosningarréttar síns, þá skal eg fúslega játa, að í sumum hreppum, t. d. Dýrafirði og Arnarfirði, er kjörfundarsókn mönnum mjög örðug og kostnaðarsöm, eins og nú stendur. En aftur á móti nær það ekki til Súgandafjarðar og Önundarfjarðar; því sé kjörfundur haldinn í bærilegu veðri, þá geta menn

þaðan farið af stað af heimili sínu að morgni og náð í tæka tíð, ef kjörfundur er á hádegi. En þegar maður lítur á aðra parta sýslunnar, t. a. m. Grunnavík og Sléttuhrepp, sem eg vona, að h. samþingism. mínum (H. H.) sé ekki óannara um en hreppana fyrir vestan, þá verð eg að segja, að menn eiga þaðan enn erfiðara með að sækja kjörfund, fyrst yfir fjallveg, og síðan langa sjóleið úr Jökulfjörðum inn á Ísafjörð.

Á hinn bóginn tel eg ekki óhugsandi, að þingið nú að þessu sinni geti ráðið þessu máli til lykta á heppilegan hátt, bæði að því er snertir skifting Ísafjarðarsýslu í tvö kjördæmi, og hin önnur kjördæmi landsins. — Eg álít rétt, að þar sem komnar eru fram tillögur um það úr öllum þeim kjördæmum á landinu, sem tvo þingm. kjósa, nema Múlasýslum, þá sé það athugað nákvæmlega í nefnd, og eg lít svo á, að þó þessu máli sé vísað til kosningalaganefndarinnar, þar sem heldur miklir starfsmenn eru fyrir, að það þurfi ekki að verða þess valdandi, að málið fái ekki fram að ganga.

Annars verð eg að líta svo á, að úr þessum vandkvæðum mundi að mestu bætt, og reyndar að öllu bætt, ef kjörstöðum væri fjölgað; og það er einmitt það, sem búist er við, að kosningalaganefndin komi fram með á þessu þingi, að kosningar fari fram í hverjum hreppi.

Eg finn svo ekki ástæðu til, að taka fram fleira um þetta mál, en mun nú styðja þá till. h. þm. Vestm. (V. G.), að mál þetta sé athugað í nefnd, og vil eg skjóta því til míns háttv. samþingismanns (H. H.), hvort honum lízt það ekki eins, og komið er, vera eins og heppilegasti vegurinn, til að bjarga málinu, að það sé yfirvegað í nefnd.

Sigurður Sigurðsson: Það sannaðist á h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að hægra er að kenna heilræðin en halda þau. Hann bar okkur h. 2. þm. Skgf. (St. St.) á brýn, að við hegðuðum okkur óskikkanlega og að færum með heimsku og hleypidóma. En þeir sem bregða öðrum um slíkt mega ekki sjálfir gjöra sig seka í vanstillingu og ofsa. — Í þetta skifti gekk h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) berserksgang; en eg vona, að það komi ekki fyrir oftar.

Að öðru leyti hefir h. þingm. Skagf. (St. St.) svarað því, sem er svaravert í ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.).

Guðlaugur Guðmundsson: Það er mjög leiðinlegt, að þessir tveir h. andstæðingar mínir, sem fundu sig pikkaða af orðum mínum, svo eg tali fallega íslenzku, skulu nú vera fallnir óvígir, því eg hefi aldrei haft þann sið, »að leggjast á náinn«. — Og þess vegna má eg ekki tala eins og mér hefði verið skapfeldast til þeirra fyrir þær rokur, sem þeir gjörðu út af mínum sérstaklega hógværu orðum.

H. 2. þm. Skgf. (St. St.) mæltist til þess, að eg gæfi honum bendingar um þær reglur, er þingm. ættu að fylgja, og skal eg verða við beiðni þingm. — Fyrsta reglan er sú, að kynna sér hvert mál, sem fyrir liggur, svo vel, sem kostur er á, og skoða það vandlega frá öllum hliðum. — Önnur reglan er sú, að þegar búið er af fremsta megni að fullnægja fyrstu reglu, þá eiga menn að segja svo frá, sem þeir vita sannast og réttast fyrir guði og samvizku sinni. Og þriðja reglan er, að nefna hvern hlut sínu rétta nafni. — En eg held, að háttv. þingmenn, sem töluðu um þetta mál áðan, hafi brotið hverja einustu þessara reglna.

H. 2. þm. Arn. (Sig. Sig.) tók fram, að menn ættu að haga sér skikkanlega í þingsalnum. En eg held, að í

sumum tilfellum sé það réttmætt, að haga sér óskikkanlega, og það er þegar menn verða fyrir ástæðulausum, órökstuddum sleggjudómum. Máltækið segir, að óvandari sé eftirleikurinn, og með því er meint, að rétt sé að vísa árásum af þessu tægi til baka. — Það var slíkur réttur, sem eg beitti, og beitti eg honum þó ekki eins freklega og eg hafði rétt til. — Eg talaði fyllilega með yfirlögðu ráði og réttum rökum og hefir ekki eitt einasta atriði verið hrakið. — Eg skal ekki leggja meir út af því, þar sem andstæðingar mínir eru báðir dauðir.

Um fyrirliggjandi frumv. skal eg ekki tala neitt frekara. En mér finst ekki rétt, að fara að hrófla upp kjördæmum, þar sem gagngjörð breyting í þeim efnum stendur fyrir dyrum. — Hér er að eins tjaldað til einnar nætur, og sé eg ekki verulega ástæðu til breytinga.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): H. samþingism. minn (Sk. Th.) sagði, að það væri ekki fyllilega rétt, að þetta mál væri fullkomlega undirbúið í héraði, og færði hann það til, að það hefði ekki verið rætt í norðursýslunni. En eg get ekki gjört mikið úr því, þó að norðursýslan sendi ekki áskorun um, að losna við vestursýsluna, því að í því væri henni enginn hagur. — En þetta hefir komið fram í vestursýslunni og verið talað um það við menn úr norðursýslunni, án þess þeir hefðu neitt við það að athuga. — Mér finst það væri óeðlilegt, ef norðursýslan hefði farið að gjöra það að kappsmáli, að vestursýslan yrði frá skilin, og er því þetta engin röksemd hjá h. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.)

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að það væri ekki réttlátt, að skifta sýslunni þannig vegna fólksfjöldans, og er það rétt, að nokkru fleiri íbúar eru í norðursýslunni; en munurinn yrði ekki mikill, ef kaupstaðurinn yrði kjördæmi út af fyrir sig, eins og margir telja, að ekki eiga mjög langt í land. — Kjördæmaskiftingin milli sýslnanna hlýtur að verða við Breiðadalsheiði.

H. 1. þm. Isf. (Sk. Th.) gjörði lítið úr, að erfitt væri að komast á kjörfund úr Súgandafirði ogÖnundarfirði, og mætti komast það á einum degi fram og aftur. En þá má ekki kjörfundur standa lengi, ef fara á báðar leiðir sama daginn, enda getur það ekki orðið nema svo hittist á, að sjóferð fæst báðar leiðir. A landi verður hesti ekki komið við nema lítinn tíma ársins. — En fari kjörfundur fram á vori eða síðla að hausti, verður að leggja land undir fót, og er það bæði erfiður vegur og tafsamur.

H. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th) sagði, að erfiðara væri að sækja kjörfund úr Sléttu- og Grunnavíkurhreppum heldur en úr Vestur Ísafjarðarsýslu, og kannast eg fúslega við, að öll ferðalög þar nyrðra eru afar erfið. — En þess ber þó að geta, að frá þeim hreppum er farið sjóveg til Ísafjarðar, ef gefur, eða alls ekki, og þegar vel byrjar má vetur og sumar sigla frá næstu bæjunum þaðan til Ísafjarðar á 4—5 klukkutímum, eða jafnvel styttri tíma. — En hvað sem um það er, þá er þó jafn-erfitt fyrir því, að eiga að sækja vestan yfir heiðar úr Önundarfirði og Súgandafirði, að eg ekki tali um Dýrafjörð og Arnarfjörð, og að gjöra sérstakt kjördæmi á Hornströndum býst eg ekki við, að fengi betra fylgi hjá háttv. samþingismanni mínum (Sk. Th.) en þetta frumv.

Eg vona því að háttv. samþm. minn fallist á, að það er réttlætiskrafa, sem hér er farið fram á. Þm. skaut því til mín, hvort ekki væri réttast, að vísa þessu máli til kosningalaganefndarinn-

ar, en eins og eg hefi tekið fram, væri það ekki til neins, því nefndin getur ekki útvegað betri upplýsingar á þessu þingi en gjört hefir verið. Vitanlega hefi eg ekkert á móti því, að fleiri kjördæmum verði skift á líkan hátt, en hins vegar hefir mér heyrst, að háttv. þm., sem talað hafa, hafi verið svo óánægðir með það skiftingarfyrirkomulag, sem upp á hefir verið stungið í hinum ýmsu kjördæmum, að því sé varla trúandi, enda eru breyttill. engan veginn úttæmandi. Eg vona því að frumv. þetta verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Þórður Guðmundson: Það er auðséð á breyttill. á þgskj. 377 og 389, að frv. á þgskj. 348 hefir vakið menn til að íhuga þetta mál, þar sem þær koma fram með mjög mikilvægar breytingar á kjördæmaskiftingunni. Eg skal ekki ganga inn á, hve heppilegar sumar af þessum breytingum muni vera; til þess er eg ekki nógu kunnugur.

En eg er dálítið kunnugur sýslunum, sem taldar eru á þgskj. 389, og mun Gullbringu- og Kjósarsýsla vera eina kjördæmið, sem óskað hefir eftir skiftingunni. Mér datt í hug um daginn, þegar Ísafjarðarsýsla var til umræðu að það væri mikið, að menn skyldu ekki hafa áttað sig á því, að brýn nauðsyn er á slíkri skiftingu, einkanlega þegar menn vita, að algjörð breyting á kosningalögunum liggur fyrir þinginu. Eg veit ekki til, að neinar brýnar raddir hafi látið til sín heyra í mínu kjördæmi, um að skifting væri nauðsynleg. Það er auðvitað eitt, sem getur gjört mönnum þar erfitt að sækja kjörfund, og það er, ef svo vill til, að vötn eru í vexti eða ófær, þegar menn þurfa að sækja kjörfund. En á síðari árum hefir hizt svo á, að vötn hafa verið góð á þeim tíma, sem kjörfundur hefir verið haldinn, enda hvergi betur sóttir kjörfundir í sveitasýslum landsins en Rangárvallasýslu. Eg verð að játa, að það er leiðinlegt, þegar um svona mál er að ræða, að þm. úr sömu kjördæmum skuli vera á andstæðum skoðunum, eins og þm. Ísfirðinga eru, og má því ekki lá þeim, sem koma úr fjarlægum héruðum, þó þeir eigi bágt með að átta sig, og eg tek það fram, að eg skil ekki, hvernig því getur verið háttað, ef báðir þm. eru jafnkunnugir. Eg greiddi við 1. umr. atkvæði með því, að vísa málinu til kosningalaganefndarinnar, en það hefir verið borið fyrir, að sú nefnd hefði svo miklu að sinna, að hún fengi ekki tíma til að taka þetta mál til meðferðar, en eg skil ekki í öðru en að málið gæti komist í gegnum þingið fyrir því, þó því væri vísað til nefndarinnar, ef nefndin vildi vel gjöra.

ATKVGR.: Felt að vísa málinu til nefndarinnar með 11:9 atkv.

Skúli Thoroddsen: Eg vil að eins gera stutta athugasemd út af orðum háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.). Mér fanst hann ekki skýra alveg rétt frá örðugleikunum við að sækja kjörfund úr Grunnavík og Sléttuhreppi, þar sem hann gjörði ráð fyrir, að sigla mætti þaðan á 3—4 tímum. Vitaskuld má það takast, ef farið er frá Hesteyri, sem leið liggur, og úr Aðalvík fyrir Rit má komast á 6 tímum í blásandi byr. En hve margir eru það í Sléttuhreppi, sem búa við sjó, t. d. í Höfn og Hælavík? Sumstaðar er 6 tíma ferð niður að sjó, ef færðin er góð, en það er að eins í júlí til ágústloka, og hins vegar eiga fáir hesta, en í ófærð verður að telja, að full dagleið sé niður að Jökulfjörðum. Annars þótti mér það óheppilegt, að tillagan um að vísa málinu til kosningalaganefndarinnar var feld, því það var eini vegurinn til að bjarga málinu, og er eg þar í töluverð-

um vanda. En til þess að gera síðustu tilraun til að bjarga málinu skal eg stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Tillagan feld með 11:8 atkvæðum.

Magnús Torfason: Það hefir komið fram breyttill. um að skifta Rangárvallasýslu í 2 kjördæmi. Þetta atriði hefir nú ekki verið mikið rætt hjá okkur, en eg hygg þó að sú skifting, sem hér er farið fram á, sé sú, sem menn helzt mundu vilja fallast á, ef til kæmi. En eins og eg tók fram, hefir þetta ekki verið rætt svo heima í héraði að á því verði bygt. Eg skal játa, að eg er í talsverðum vafa um, hvernig eg á að greiða atkvæði um frumv. það, sem hér liggur fyrir, þar sem eg er alveg ókunnugur staðháttum í kjördæminu, og einkum þar sem hinir 2 háttv. þm. Isf. geta ekki komið sér saman, en eg verð þó að taka í sama streng og háttv. 1. þm. Ísf., að það sé talsvert ójafnt að skifta svo, að í öðru kjördæminu séu 4500, en í hinu 2500. En auk þess er eitt atriði, sem mér finst ekki hafa verið íhugað, og jafnvel alls ekki komið fram í umræðunum um þetta mál, og það er, hvort það sé principielt rétt, að skifta kjördæmunum. Eins og menn vita, hefir á síðustu árum komið fram tillaga um það, að gera landið alt að einu kjördæmi, og þessi tillaga kom frá svo merkum manni og mikilsmetnum, að eg býst við að þingið vilji ekki algjörlega skella við henni skolleyrunum. Mér fyrir mitt leyti virðist nú, að þessi tillaga hafi mikið til síns máls. En hér er um það að ræða, hverju principi menn vilja fylgja; samþykki þingið, að skifta kjördæmunum nú, þá er það búið að segja, að það vilji hafa kjördæmin sem minst. En það virðist mér varhugavert, þar sem algerð breyting á kosningalögunum stendur fyrir dyrum. Eg get því ekki skilið, að frv. þetta verði samþykt í þetta sinn, þar sem tvívegis hefir verið felt að vísa því til nefndar, og sérstaklega þar sem þingið er ekki búið að afráða, hvort það vill fjölga kjördæmum eða fækka. Hér er sannarlega um stórmál að ræða, sem þarf rækilegrar íhugunar. Af þessum ástæðum hverfur fyrir mér allur vafi um það, hvernig eg eigi að snúa mér í þessu máli, og mun eg greiða atkv. á móti því.

ATKVGR.: Brt. á þgskj. 389 feld með 13:7 atkv.

Breyttill. á þgskj. 377 feld með 11:6 atkv.

Frv. gr. á þgskj. 348 samþykt með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnars., Bf.,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
H. Þorsteinsson,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Sig. Sigurðsson,
Jósaf. Jónatansson,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	St. Stefánss. Skgf.,
Pétur Jónsson,	Valtýr Guðmunds
St. Stefánsson, Eyf.,	Þórður Thoroddsen
Tr. Gunnarsson,	
Þórður Guðmundss.	

Þriðja umr., 13. ágúst (C bls. 496).

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Af því að engar breyttill. liggja fyrir, er engin ástæða til fyrir mig að tala ítarlega um þetta mál, og vil eg að eins láta í ljósi þá von mína, að háttv. deild unni málinu framgangs.

Þórður J. Thoroddsen: Háttv. flutnm. gat þess við 1. umr., að kosningalaganefndin hefði ekki viljað taka kjördæmaskifting landsins til yfirvegunar, og er það rétt hermt. Nefndin sá ekki ástæðu til að taka sér fyrir hendur að skifta kjördæmum að nýju, hvorki þessu

eða öðru, enda þótt hún taki kosningalögin að öðru leyti til meðferðar. — Til þess voru þær ástæður, er nú skal greina. Fyrsta ástæðan var sú, að nefndin þóttist ekki hafa næga staðarlega þekkingu til þess, að skifta landinu í heppileg kjördæmi; mál það þarf líka meiri undirbúning en svo, að hægt sé að leiða það til lykta á þessu þingi. Í öðru lagi var ástæðan sú, að nefndinni var ekki ljóst, eftir hvaða mælikvarða skifta skyldi, og ekki í hvað mörg kjördæmi skifta skyldi. Eins og kunnugt er, hefir komið hér fram á þinginu frumv. til stjórnarskipunarlaga, sem ákveður tölu þjóðkjörinna þingmanna meiri en nú er, og eru öll líkindi til, að það nái fram að ganga. Ef svo væri ákveðið, þyrfti þá á næsta þingi að fara að skifta kjördæmunum aftur. Eg sé því ekki neina ástæðu til að fara að skifta sér af kjördæmaskifting að þessu sinni, þar sem auðsjáanlega fyrir liggur gagngjörð revision á þessu atriði annarstaðar, og það ef til vill og að líkindum á alt öðrum grundvelli en nú er. Að öllum líkindum yrði þá að skifta landinu í kjördæmi eftir mannfjölda, sem er það eðlilegasta, en þó um leið tekið tillit til staðhátta. Að því nú er þetta eina kjördæmi snertir, sem hér liggur fyrir, þá virðist nokkuð undarlegt það kapp, sem háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) leggur á að fá því skift nú þegar.

Það hlýtur að vera einhver brýn nauðsyn, sem knýr til að skifta einu öðru fremur. Nú stendur víða eins á og hér, víða er eins örðugt að sækja kjörfundi. Eg get ekki séð þessa brýnu ástæðu. Í gær var felt mál, sem hafði við meiri rök að styðjast en þetta. Það var um breyting á sveitarstjórnarlögunum, af því að búist var við, að millibinganefndin fjallaði um þau, og þótti óþarfi að vera að káka við það nú; má þó búast við, að sú nefnd lúki ekki störfum sínum svo fljótt. Hér stendur alveg eins á. Kjördæmaskifting liggur fyrir næsta þingi og er þá því minni ástæða til þessa. Eg er ekki vel kunnugur í þessari sýslu, en eftir korti og upplýsingum að dæma verð eg að líta svo á, að ekki sé örðugra að sækja kjörfund úr Vestur-Ísafjarðarsýslu en víða annarstaðar, — menn fara af stað að morgni og ná sama dag á Ísafjörð; í Norður-Ísafjarðarsýslu mun það jafnvel vera örðugra úr nyrztu hreppunum.

Hvernig sem eg lít á, finst mér þetta vera óþarft mál, — umræðurnar um það hafa ekki getað sannfært mig um það gagnstæða. Enn fremur hefir það komið fram, að þetta sé ekki borið fram eftir ósk kjósenda í vestursýslunni, enginn almennur fundur verið haldinn um þetta mál hvorki í vesturné norðursýslunni.

Eg mun því greiða atkvæði mitt á móti þessu frumv., og tel ekki brotinn rétt kjósenda í þessari sýslu, þó málið bíði þess, að kjördæmaskiftingin öll sé endurskoðuð.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Það er mjög leiðinlegt, að háttv. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.) getur ekki sannfærst. Satt get eg sagt honum, en ekki gefið honum trúna. Eg sé ekki betur en að hver sem þekkir til vestra, hljóti að játa, að í frumv. þessu sé farið fram á réttmæta og sanngjarna kröfu. Eg sé heldur ekki, að málið þurfi frekari undirbúnings eða að nokkur ástæða sé til að hindra það og tefja fyrir þessari réttarbót. Hér stendur öðru vísi á en í öðrum sýslum; hér er um 2 sýslufélög að ræða, aðskilin bæði fjárhagslega og að landslagi til. Hinar aðrar sýslur, sem kjósa 2 þingmenn, eru ein

heild — eitt sýslufélag, — og venjulegast með alveg samleitum hagsmunum, þótt stórar séu sumar hverjar.

Háttvirtur þm. sagði málið óundirbúið í héraði. Þetta er ekki rétt hermt; úr vestursýslunni hafa komið ítrekaðar óskir, svo ekki geta skýrari verið í þessu efni. Áskoranir hafa eigi komið úr norðursýslunni, enda er þess eigi að vænta, því henni getur ekki verið neitt áhugamál að losna við Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þótt örðugt sé að sækja kjörfundi einnig úr ýmsum hreppum úr Norður-Ísafjarðarsýslu, svo sem úr Grunnavíkur- og Sléttuhreppum, þá kemur það ekki þessu máli við. Það mundi naumast hljóta mikinn byr, ef stungið væri upp á því, að gera Horn strandahreppana að kjördæmi út af fyrir sig, enda mundu íbúar þeirra ekki fara fram á slíkt. Þeir eru vanir að leggja á sig erfiði og ferðalög, þessi þrautseigu olbogabörn landsins norður við heimskautsbaug, sem nú berjast með heiðri og sóma, þoli og þreki við óblíðu náttúrunnar og margfalda erfiðleika; þeir ætlast ekki til að aðrir séu látnir gjalda þess, þótt þeir eigi erfitt. Mér finst, sem sagt, engin ástæða vera fram komin til þess að neita vestur sýslunni um þetta og finst krafa þessi í alla staði réttmæt; þetta vona eg að háttv. þm. sjái.

Þórður J. Thoroddsen: Eg vona, að allir sjái, að frumv. er hreinn og beinn óþarfi. Háttv. framsm. talaði um að hér væru 2 sýslufélög með ólíkum atvinnugreinum, ólíkum landshögum. Svo er víðar en hér, þó ekki sé flýtt sér að skifta í 2 kjördæmi. Eg vil að eins benda á Kjósar- og Gullbringusýslu. Hún er í rauninni 2 sýslur og þar margt ólíkt. I Kjósarsýslu er landbúnaður mest stundaður, í Gullbringusýslu mest sjávarútvegur. Alveg eins er um hana og Ísafjs. Hér liggur frammi á lestrarsalnum áskorun frá Kjósarsýslubúum, að skifta sýslunni, í 2 kjördæmi. Eg gerði breyttill. um daginn, en hún var feld. Hvaða ástæða er nú til að veita annari sýslunni, en neita hinni, þegar eins stendur á? Svo er þess að gæta, að engin vissa er fyrir því, að þessari skiftingu yrði haldið, þegar hin nýja kjördæmaskifting fer fram, eins og eg áður hefi tekið fram; sennilega verður kjördæmum skift eftir alt öðrum grundvallarreglum en nú gilda. Nú er farið eftir sýslufélögum og landshögum, en ekki tekið tillit til íbúafjölda, sem þó væri langréttast, t. d. þannig, að svo og svo stór flokkur íbúa kysi 1—2 fulltrúa. Eftir stjórnarskrárfrumv. nýja á að kjósa 34 fulltrúa þjóðkjörna. Eftir fólksfjölda landsins verður það 1 þm. fyrir hverja 2 þús. íbúa. Nú eru íbúar 5 þús. í Norður-Ísafjs., en 2 þús. í Vestur-Ísafjs. Þá ættu eftir því 3 þm. að vera í Ísafjarðarsýslu, og svo gæti farið, að partur af vestursýslunni lenti í parti af norðursýslunni. Ef nú þætti nauðsyn á að breyta, virðist réttara og viðkunnanlegra að breyta á þann hátt, að bæta við fólksflestu kjördæmin þingmönnum, en nema þá burt úr öðrum, t. d. ákveða 2 þm. í Reykjavík, en taka hann annarstaðar burt. Mig furðar á því, að háttv. þm. Reykvíkinga og háttv. þm. Árnesinga skuli ekki hafa komið með breyttill. í þá átt; það virðist miklu nauðsynlegra.

Skúli Thoroddsen: Eg gat þess við 2. umr., að eg gæti ekki gefið þessu frumv. atkvæði mitt, af þeirri ástæðu, að það væri borið fram án vilja kjósenda í Norður-Ísafjarðarsýslu. Málið hefir hvorki verið rætt þar né á Ísafirði; kjósendur þar mundu því ekki verða þakklátir þinginu fyrir að samþykkja frumv., því að í þeirra augum

er það engin réttarbót, heldur réttarspillir, að gera vestursýsluna jafn-réttháa í atkvæðagreiðslu $^2/_3$ hlutum allrar sýslunnar. Eg þekki líka alls ekki þessar ítrekuðu óskir úr vestursýslunni, og veit ekki til, að málið hafi verið rætt þar nema ef til vill einu sinni til tvisvar á sýslunefndarfundi þar vestra, og í vetur á fámennum þingmálafundi. Það er því ekki einu sinni hægt að segja, að fyrirliggi almenn áskorun úr Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Háttv. samþm. minn (H. H.) hefir gert mikið úr örðugleikunum að komast á kjörfund, og má margt um það ókunnugum segja. Það er að vísu satt, að kjörfundarsókn er örðug þaðan, einkum úr Arnarfirði og útkjálkum Dýrafjarðar, en ekki má því þó gleyma, að strandferðaskipin koma þar við í hverri ferð, og auk þess hafa hvalaveiðamenn stundum fengist til þess, að létta undir kjörfundarsókn manna, t. d. að því er síðasta kjörfund snerti, enda var kjörfundinum þá hagað svo, að kjósendur úr vestursýslunni gátu notað strandferðirnar.

Öðru máli er að gegna um norðursýsluna, Langadalsströnd og Grunnavíkur- og Sléttu-hreppa. — Eg heyri sagt hér í salnum: »Þeir hafa báta«! — Já, satt er það, en ekki er hægt að skapa gott veður á kjörfund — svo fór það síðast, að Vatnsfirðingar og Nauteyrarmenn gátu ekki komist, — landvegur hálfu lengri þaðan en úr Arnarfirði, og sé eigi sjóveður, verða menn í Grunnavíkur- Sléttu- og Snæfjalla-hreppum blátt áfram að sitja heima.

Þar sem h. samþm. minn (H. H.) tók fram, að atvinnuvegir og hagsmunir manna væru ólíkir í vestursýslunni og öðrum hlutum sýslunnar, þá er það alls ekki satt. (*Hannes Hafstein*: Svo-o!) Landbúnaður og sjávarútvegur er rekinn jöfnum höndum bæði í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, auk þess er menn í báðum sýslufélögunum hafa atvinnu á þilskipum og við kaupstaðarvinnu. Frumv. verður því ekki réttlætt með því. Þegar þar við bætist, að kjördæmaskifting kemst líklega á á næsta aukaþingi að sumri fyrir land alt, þá er óþarfi að sækja þetta mál af svo miklu kappi að kjósendum fornspurðum Það er og alls ekki sagt, að vestursýslan verði þá kjördæmi út af fyrir sig, því að hugsast gæti, að Arnarfjörður yrði þá t. d. allur látinn fylgja vestursýslunni, auk þess að óvíst er, hvort menn telja smá kjördæmi heppileg, þegar kosning fer fram í hreppi hverjum, eins og alment er gert ráð fyrir.

Að lokum skal eg geta þess, að því fer fjarri, að eg vilji spilla fyrir málinu á sínum tíma; en mér finst óþarfi að flaustra því af nú. Eg skil ekkert í því kappi, sem kemur fram í því af hálfu þeirra manna, er ekki þekkja neitt til þess, — eg skil ekki, og skil þó: það er af ástæðum, sem eg kæri mig ekki um að lýsa yfir hér.

Sigurður Sigurðsson: H. 2. þingm. Ísf. (H. H.) vitnaði til mín sem kunnugs manns viðvíkjandi máli þessu. Eg verð að viðurkenna það, að eftir 1890 var það almenn ósk í vesturhluta sýslunnar, að henni væri skift í tvö kjördæmi, og hafði þetta við tvent að styðjast: í fyrsta lagi erfiðleikana við að sækja kjörfund á Ísafjörð, og í öðru lagi við það, að þeir höfðu þá augastað á manni eða mönnum hjá sér, sem þeir vildu gjarnan kom að til þingsetu, en treystu sér ekki til með því fyrirkomulagi, sem nú er. En þótt örðugleikarnir séu svipaðir og fyr með að sækja fund á Ísafjörð, þá horfir

málið nú töluvert öðruvísi við en áður, þar sem nú er á prjónunum algerð breyting á kosningalögunum, og því að líkindum samfara ný kjördæmaskipun; því sýnist þetta mál svo vel mega bíða þangað til breytingin er komin í kring. Það virðist því ástæðulítið, að fara í ár að skifta kjördæmi þessu í sundur, þar sem búast má við, að svo verði aftur farið að hagga við þeirri skifting þegar á næsta þingi. En hvað hitt atriðið snertir, sem sé það, að þeir vilji koma að manni úr vestursýslunni, þá er mjög líklegt, að svo sé enn, og ef það er tilfellið, að Vestur Ísfirðingar hafi manni á að skipa þar í héraðinu, er þeir vilji koma á þing, þá vil eg eigi gera hinum h. 2. þm. Ísf. þann ógreiða, að samþykkja þetta frumv.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eg skal leyfa mér að minnast á fá atriði, sem fram hafa komið í ræðum mótstöðumanna málsins. Eg skal strax taka það fram, að eg tel ræðu h. 2. þm. Arn. (S. S) þannig háttað, að bezt sé að svara henni sem fæstu, og sný mér því að h. 1. þm. G.-K (Þ. Th.) Hann var á því, að réttast mundi að leggja höfðatöluna til grundvallar, þegar farið yrði að ákveða hin nýju kjördæmi; en eg tel réttara að hafa kjósendatöluna fyrir mælikvarða, og líklegra að það verði gert, og það er minst að munurinn á henni í vestursýslunni og norðursýslunni, þegar Isafjarðarkaupstaður gengur frá, því að í vestursýslunni eru tiltölulega fleiri kjósendur í samanburði við fólksfjölda en í norðursýslunni. Að þessu leyti er ekki mikil hætta á, að kjördæminu verði skift öðruvísi en nú er farið fram á við hina fyrirhuguðu kjördæmaskifting, því að þess er að gæta, að það verður ekki hægt að öllu leyti að hnitmiða svo niður, að alstaðar kjósi jafnmargir kjósendur hvern þingmann; það verður dálítið tillit að taka til staðhátta, og hér munu þeir ráða þannig úrslitum, að önnur skifting en þessi getur varla komið til greina.

Mér þótti það leiðinlegt, að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) skyldi bera brigður á það, sem eg sagði, að óskir hefðu komið fram um þetta mál úr vestursýslunni; hann veit það eins vel og eg, að þess hefir verið farið á leit þaðan, við hina fyrverandi þingmenn sýslunnar, um að flytja mál þetta inn á þing. Eg má fullyrða, að afgreidd hefir verið ósk frá sýslufundi um þetta til þingmannanna frá skrifstofu sýslunnar. (*Skúli Thoroddsen*: Þetta er misminni!) Nei, en verið getur, að hinn þingmaður sýslunnar hafi veitt áskoruninni móttöku. Það hlýtur frá upphafi að hafa verið meiningin, að báðir hlutar sýslunnar hefðu jafnan rétt til kosninga, en ekki hitt, að dregið væri úr rétti vestursýslunnar, eins og reyndin hefir á orðið, til hagsmuna fyrir norðursýsluna.

H. þm. (Sk. Th.) talaði um, að vestursýslubúar gætu notað hvalveiðabátana og strandferðaskipin til þess, að komast á þeim á kjörfund. Þar læst h. þm. (Sk. Th.) vera ókunnugri en hann er. Hann veit, að strandferðaskipin er ekki hægt að nota nema aðra leiðina, og að menn eru ver farnir við að nota þau þannig, en þótt þeir notuðu þau alls ekki, því að þá standa þeir uppi fótgangandi á Ísafirði; og um hvalveiðabátana er það að segja, að það hefir hingað til verið neitað um að lána þá í pólitiskum erindum. (*Skúli Thoroddsen*: Þeir hafa verið lánaðir handa báðum flokkunum). Nei, Ellefsen neitaði að flytja menn á kjörfund, en léði þeim far heim aftur; hann vildi af principi ekki blanda sér inn í pólitík kjördæmisins. Það er ærið léttvæg ástæða gegn máli þessu, að nóg sé til af hvalveiðabátum til þess að flytja menn

á kjörfund, fyrst þeir nú ekki gera það; og eg skil ekki í, hvað þinginu getur gengið til að synja mönnum í Vestur-Ísafjarðarsýslu um, að hagnýta sér þann rétt, sem guð og náttúran hefir gefið þeim.

H. þm. (Sk. Th.) sagði, að það væri ekki rétt, að atvinnuvegir væru ekki hinir sömu í báðum pörtum sýslunnar; hann veit þó vel, að landbúnaður er meiri í vestursýslunni en í flestum hreppum norðursýslunnar. En hitt er þó enn meir um vert, að hagsmunir vestursýslunnar eru allólíkir hagsmunum norðursýslunnar. Norðursýslan hefir mest gagn af gufubátaferðum til samgangna, en vestursýslan hefir landvegina. Það var einmitt þessi hagsmunamunur, sem einna helzt gerði það að verkum, að svo mikið kapp var lagt á, að fá sýslunni skift í tvö sýslufélög.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið; en vona, að h. þm. (Sk. Th.) hafi ekki viljað spilla rétti kjósenda sinna í vestursýslunni, en að það hafi verið eitthvað annað, sem vakti fyrir honum, er hann fór að leggja stein í veg fyrir frumv. þetta.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 11 : 10 atkv. og afgreitt til Ed.

Þórður Guðmundsson greiddi ekki atkvæði, og færði þá ástæðu fyrir, að hann gæti það ekki ókunnugleika vegna, þar sem þingmenn kjördæmis þess, er málið varðaði, greindi svo mjög á um það, og tók deildin undanfærslu þessa gilda.

Framkvæmd kosningalaganna.

TILLAGA til þingsál. um framkvæmd kosningalaganna frá 14. sept. 1877 (C bls. 570); ein umr., 20. ágúst.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Þessi þingsáltill. er svo vaxin, að eg ímynda mér, að eg þurfi ekki að hafa neitt fyrir henni. Eg býst við, að það verði enginn ágreiningur um hana hér í deildinni. Öllum h. þm. er kunnugt, hve afarþýðingarmikil þingkosning er í hverju landi, og eg verð að álíta, að það sé ekki síður hér á voru landi en annarstaðar.

Nú stendur svo á, að alþingiskosningar eiga fram að fara á næsta vori, og er ekki síður þá en endranær ástæða til, að kjörstjórarnir leysi hinn afarþýðingarmikla starfa sinn vel af hendi og gæti vel kosningalaganna. Þessi lög frá 1877 leggja mikla áherzlu á, að kjörstjórarnir hafi ekki áhrif á atkvgr., þar sem jafnvel í 33. gr. er kveðið svo á, að kjörstjórar greiði ekki atkv. fyr en allir aðrir kjósendur hafi greitt sín atkv. Sömuleiðis stendur í 31. gr., að kjörstjórarnir megi ekki tala með eða móti neinum, sem í kjöri er. Af þessu er ljóst, að lögin leggja mikla áherzlu á, að kjörstjórar eigi á neinn hátt hafi áhrif á atkvæðagreiðslu kjósendanna, en ósjálfstæði manna er á hinn bóginn svo mikið, að aðferð sýslumannsins sjálfs, sem er sjálfsagður kjörstjóri, getur haft mikil áhrif á kjósendurna. Spurningin er þá, hvort nokkur ástæða sé nú til, að brýna fyrir kjörstjórunum, að gæta þessara laga. Enda þótt eg verði að játa, að allflestir kjörstjórar geri sér að reglu, að fylgja nákvæmlega fyrirmælum laganna, bæði með undirbúning kjörskrár, boðun kjörfundar og annað, þá er ekki hægt að neita því, að á einstaka kjörfundi hafa komið fram misfellur, sem ekki ættu að eiga sér stað. Meðal annars barst þinginu í þingbyrjun kæra yfir einum kjörstjóra, en einmitt af því, hvernig þingið tók í það mál, finst mér ástæða til,

að þingið gefi bæði kjörstjórunum og þjóðinni bending um, að það láti sér ekki í léttu rúmi liggja, hvort farið sé eftir fyrirmælum laganna eða farið vísvitandi í bága við ákvæði þeirra. Sömuleiðis getur þessi ályktun haft þýðingu að því er snertir landsstjórnina, því það er jafnan skylda hennar, að taka í taumana, en fái hún svona lagaða áskorun, mun hún telja sér miklu skyldara, að hafa sérstakt athygli á, hvernig lögunum sé beitt í þessu efni. Eg skal strax taka það fram, að eg get ekki séð, að í ályktuninni felist nein vantraustsyfirlýsing til allra kjörstjóra yfir höfuð, enda er það algengt, að landsstjórnin brýni t. d. fyrir gjaldheimtumönnum landssjóðs, að farið sé nákvæmlega eftir fyrirmælum laganna, án þess að nokkurum detti í hug, að firtast við þetta eða álíta, að það sé gert af öðru en umhyggju stjórnarinnar fyrir því, að lögunum sé hlýtt sem nákvæmlegast. Eg sé nú ekki ástæðu til að fara frekara út í þetta; eg vona, að enginn geti haft neitt á móti því, ef honum er alvara í hug, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða, og að það sé áríðandi, að farið sé þar eftir fyrirmælum laganna.

Hannes Hafstein: H. flm. (Sk. Th.) sagðist vona , að enginn mælti á móti því, að þessi saklausa tillaga yrði samþykt. En eg hefi mikið á móti þessari tillögu og álít hana ekki eins saklausa og h. flutningsm. Eg álít, að hér sé gerð tilraun til að ávíta saklausa menn, að hér sé verið að sletta sér fram í það, sem landsstjórnin á að sjá um, að hér sé reynt að koma fram sams konar ávítunum og búið er að fella áður, og sett fram í svona formi, sé það til að draga dár að þinginu. Og mér er ekki vel ljóst, á hverju flm. byggir þessa ályktun. Eg þekki vel kjörstjórann í hans kjördæmi og eg skora á flm. að lýsa því yfir, hvort nokkurar kvartanir hafi komið fram þar, er gefi tilefni til, að þingið skori á stjórnina, að gefa kjörstjóra ávítur fyrir. Það væri sannarlega heldur óviðkunnanlegt, ef ætti að fara að innleiða þá aðferð í öllum tilfellum, að brýna lögin fyrir öllum, þó einn þætti brotlegur, eða öllu heldur, þó óánægja væri með einhvern einstakan, að allir stéttarbræður hans ættu að fá opinbera áminningu þings og stjórnar fyrir það. Þar að auki er alt þetta mál óþarft, þar sem þingið í heild sinni er búið að lýsa yfir því, að það finni ekki ástæðu til, að skifta sér frekara af þeirri einu kæru, sem komið hefir fram; en þegar eina ástæðan, sem var fyrir þessu, er úr sögunni, þá gæfi þingið sjálfu sér á munninn, ef það færi að samþykkja þetta nú. Því síður er ástæða til, að veita öllum þessa áminningu. Eg vona, að h. deild sjái, að þetta er alveg ástæðulaust og óeðlilegt, og getur jafnvel haft illar afleiðingar.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Eg held það liggi eitthvað illa á h. þm. í dag, úr því hann tekur svona í mál, sem ekki virðist snerta hann hið allra minsta. Hann sagði, að með þessu ætti að veita saklausum mönnum ávítanir, en eg neita því algerlega; hér er ekki farið fram á slíkt; það er að eins skorað á stjórnina, að brýna fyrir mönnum fyrirmæli þessara laga. Tillagan ber ekki með sér, að hún sé ávítun að einu eða neinu leyti. Þar sem háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) vildi skilja það svo, sem aðaltilefni till. endilega þyrfti að liggja í misfellum á framkomu hans sem kjörstjóra, þá verð eg að mótmæla því algerlega, að eg líti á þjóðmál frá svo hreppapólitisku sjónarmiði.

Mér hefir ekki getað dulist, að hinn h. þm. á stundum sjálfur hefir einblínt á einstök héruð nú í sumar, en eg frábið mér slíkar getsakir á þingmannabekknum. Enda þótt eg verði að lýsa því yfir, að það sé algerður misskilningur, að framkoma þessa háttv. þm. hafi gefið tilefni til tillögunnar, þá álít eg á hinn bóginn, að bæði hann og aðrir hafi fyllilega gott af því, að þeir séu mintir á að framfylgja lögunum í öllum atriðum. Það er öðru máli að gegna um þessi lög en önnur, þó þau séu brýnd fyrir mönnum, þar sem samsetning alþingis einmitt byggist á þeim. Að svo miklu leyti, sem það er nokkurt tilefni til þessarar tillögu, er það kæran yfir þm. Dal. (B. B.). Þó þingið ályktaði að gera ekki frekara í því máli, eins og þá stóð á, er það engin ástæða til að fella þessa till. Eg leit svo á þá atkv.gr., er fram fór í þingbyrjun, sem það væri pólitisk atkv gr.; hafi átt að skilja hana á annan hátt, þá hefði hún verið óviðfeldin og jafnvel hneykslanleg, því það lá skýrt fyrir þinginu, að á kjörfundi Dalamanna hafði verið framið lagabrot, bæði við boðun fundarins, og með framkomu kjörstjórans á fundinum. En þar sem þá þingið af pólitiskum ástæðum vildi ekki láta hreyfa við málinu, og feldi úrskurð sinn án þess að $^2/_3$ þm. hefði haft tækifæri til að kynna sér kæruskjölin, þá er því meiri ástæða til, að samþ þessa tillögu nú, því með hinn fyrri úrskurð fyrir augum gætu menn litið svo á, sem það væri leyfilegt, að boða alls ekki kjörfund, eða þá með ot stuttum fyrirvara, og hefða sér á kjörfundinum eins og hinn mikilsvirti kjörstjóri, sem hér er um að ræða, hefir játað að hafa gert. Það hefir nú líklega verið fljótfærni hans að kenna, en þrátt fyrir það verð eg að álíta það misráðið, ef háttv. deild hrindir þessari ályktun, því með því er eins og hún gefi kjörsjórunum undir fótinn, að ekki muni segjast á því, þó einhverjar misfellur séu á framkvæmd laganna.

Þórður Guðmundsson: Eg er ekki beinlínis móthverfur þgsál.till. þessari, en þó verð eg að játa, að mér finst hún ekki sem heppilegust. Vér vitum það, að það eru einmitt kjörstjórnaroddvitarnir, sem eiga að gæta þess, að fyrirmælum laganna sé hlýtt, og eg ætla að þeir muni gera það eftir því sem þeir eru mennirnir til, og að þeir muni ekki mikið skipast við almennar áminningar frá landstjórnarinnar hálfu. En það er annað atriði, sem eg hefði búist við, að hreyft hefði verið. Eg hefði búist við, að tillaga mundi koma frá einhverjum hinna mörgu sýslumanna, sem nú eiga sæti á þingi, um það, að kjörstjórum yrði gert það að skyldu, að víkja úr kjörstjórnaroddvitasætinu, þegar þeir byðu sig sjálfir fram til þings. Eg álít, að það sé mjög óheppilegt fyrir þann, sem býður sig til þings, að þurfa að sitja í kjörstjórnaroddvitasæti, og mjög torvelt fyrir hann að gæta í því sæti stranglega fyrirmæla kosningalaganna. Eg hefði sem sagt búist við, að tillaga í þessa átt hefði komið frá einhverjum kjörstjórnaroddvitanum, og mundi eg hafa orðið henni fylgjandi, þótt eg að vísu eigi viti til, að neinn þeirra hafi misbeitt valdi sínu.

Hannes Hafstein: Háttv. samþingismaður minn (Sk. Th.) gaf enga beina yfirlýsingu um það, sem eg skoraði á hann að skýra frá. En hann tók það þó skýrt fram, að óheimilt væri að segja, að hann með tillögu sinni hefði átt við nokkrar misfellur við þingmannskosningu í sínu kjördæmi, og tel eg með þessu því slegið föstu, að þær hafi engar verið. Háttv. þm. (Sk. Th.) játaði það, að atkvæðagr. sú, sem

sem fram fór í þingbyrjun um gildi kosningar eins þm, hefði verið pólitisk atkv.gr.; þar með hefir hann játað, að það hefði verið af pólitiskum ástæðum, að kapp var lagt á að fá rannsakaðar kærur þær, sem fram voru komnar yfir kosningunni, og það eftir að búið var að taka hana gilda með atkv.gr. hér á þinginu. Þetta játaði hann; en hinu verð eg að mótmæla, að það hafi verið af pólitiskum ástæðum, að meiri hluti þingsins var rannsókninni fráhverfur. Það var rétt og sanngjarnt, að greiða svo atkv. um það mál, eins og gert var, því að það mátti öllum vera ljóst, að rannsókn kæranna gat eigi orðið nein fullnaðarrannsókn eins og sakir stóðu. Það var ekki hægt að koma við hér á þingi rannsókn þess, hvort kærurnar væru sannar eða eigi; til þess hefði þurft að leita vitna vestur í Dalasýslu, en til þess voru eigi tök fyrir þingið. Nú er svo komið, að þessir herrar þurfa ekki lengur á því að halda, að rýra gildi þeirrar kosningar, sem hér er um að ræða, eða gjöra úr henni pólitiskt númir; nú geta þeir setið í þeim sessi, sem þeir hafa náð hér í þinginu, breitt sig í honum, og beitt þar drengskap sínum sem þeir eru mennirnir til. Eg álít það vera undir sæmd þingsins, að vera að kreíjast þess út í loftið, að fyrirmæli kosningalaganna séu brýnd fyr ir kjörstjórum, þar sem ekki er minsta ástæða til að ætla, að þau séu þeim ekki full-ljós. Hér er beinlínis farið fram á, að móðga að ástæðulausu saklausa menn.

Eg skal ekki fjölyrða um þetta, en enda orð mín með því, að taka það fram, að mér þótti mjög vænt um yfirlýsing háttv. þm. (Sk. Th.) um ástæðuna fyrir því, hvert kapp lagt hefir verið á að ógilda kosningu háttv. þm. Dal. (B. B.). Það höfðu ýmsir rent grun í af hvaða rótum það var runnið; en nú er komin fram skýr og skorinorð yfirlýsing um það.

Guðlaugur Guðmundsson: Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) er því miður »fallinn í gröfina«, og eg álít ekki þingmannlegt að svara ræðu hans, einkum síðustu orðum hennar, eins og verðugt hefði verið. Það er langt frá, að rétt sé eða drengilegt, að vega með stóryrðum að þm., sem vildu fá rökstuddar kærur rannsakaðar. Eg held því fast fram, að það hafi verið af pólitiskum ástæðum, að því var neitað, að rannsaka kærurnar. Það var vitanlegt, að $^2/_3$ hlutar þm. voru kærunum ókunnugir, margir þeirra sjálfsagt hvorki séð þær né heyrt, og greiða þó atkv. um þær í blindni. Þetta var mér kunnugt, og því kom eg fram með tillöguna um að kærurnar yrðu rannsakaðar; eg áleit það varúðarvert fyrir framtíðina, að þingið varpaði frá sér rökstuddum kærum órannsökuðum. Það voru ekki nærri eins alvarlegar kærur, sem lágu fyrir þinginu 1894, og þó þótti því þá það þess vert, að þær væru rannsakaðar. Eins og betur fer, mun það vera eins dæmi í sögu þingsins, að dómur hafi verið feldur af því á sama hátt og gert var í sumar. Því finst mér það eiga svo afarilla við, að fara að vega að mönnum með stóryrðum, þótt á þetta sé minst.

H. þingm. (H. H.) gerir alt of mikið veður út af tillögu þessari. — H. 2. þm. Ísf. (H. H.) þekkir víst reglugerð frá 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil, og hann veit það líka, að þegar komið hafa ógreinileg reikningsskil frá einhverjum reikningshaldara, þá gjöra endurskoðendur landsreikninganna athugasemd um þetta, og það hefir leitt til þess, að þingið hefir skorað á stjórnina, að brýna fyrir öllum reikningshöldurum, að vanda reikningsskil sín.

— Eg þekki ekki til þess, að reikningshaldararnir hafi verið eins hörundssárir út af þessu eins og h. 2. þm. Ísf. (H. H.) er út af tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir viðvíkjandi kjörstjórnaroddvitum. — Þeir reikningshaldarar, sem vita það, að áminningin nær ekki til sín, þeir láta hana liggja sér í léttu rúmi, en hinir taka sér hana til eftirbreytni. — Hér er því líkt ástatt. — Það er álitið, að í 2—3 kjördæmum hafi komið fram dálitlar misfellur við kosningar, af því að kjörstjórnaroddvitarnir voru sjálfir í boði, og því þykir lík ástæða til, að landsstjórnin sendi út áminningu til kjörstjórnaroddvitanna um að gæta fyrirmæla kosningalaganna, á líkan hátt og áður hafa verið sendar út áminningar til reikningshaldaranna.

Eg sé ekki betur en að tillaga þessi sé meinlítil, en að hún sé líka gagnslítil. — Það kom fram í ræðu h. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) eitt atriði, sem var mjög gott að kom fram, atriði, sem eg er h. þm. Rangv. (Þ. G.) samdóma um, að rétt er hugsað; hann gat þess, að sér sýndist rétt, að þá er kjörstjórnaroddviti byði sig til þings, að þá viki hann úr sæti sínu. — Þetta væri mjög heppilegt, því að svo mætti ákveða, að til væri í umdæminu annar maður, er tæki að sér störf hans. — Eg hefi reynsluna fyrir mér með það, að það er óþægilegt fyrir þingmannsefni, að þurfa að stjórna kosningu; þegar eg hefi staðið í þeim sporum, þá hefi eg fundið það, að kosningalögin hafa lagt það band á mig, að eg hefi ekki mátt beita munninum eins og eg hafði hann til.

Eg er samdóma h. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.) um, að meira gagn hefði verið að því, að tillaga hefði komið fram í þá átt, sem hann drap á, en tillaga sú, sem hér liggur fyrir.

Flutnm. (*Skúli Thoroddsen*): Eg hefi ekki ástæðu til, að bæta miklu við ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), því að hann hefir þegar svarað því, sem svara vert var í ræðu h. 2. þingm. Ísf. (H. H.). — En þó vil eg taka það fram, að það var misskrmi orða minna, og það lítt skiljanlegt, er h. 2. þingm. Ísf. (H. H.) gaf það í skyn, að í orðum mínum hefði það legið, að eg og minn flokkur hefði af pólitiskum ástæðum greitt þann veg atkvæði í kosningakærumálinu, sem vér gerðum; það var fjarri því; en það var fremur torvelt, að gera sér aðra grein fyrir atkvæðagreiðslu mótpartsins, sem vísaði frá sér kærunum án þess að lesa þær, en að hún hafi verið af pólitiskum rótum runnin; þetta var það, sem eg benti til í fyrri ræðu minni.

Eg skal svo ekki fjölyrða um tillögu þessa; mér er hér um bil sama, hvernig atkvæði falla; eg er ekki sá kappsmaður, að eg láti mér það þungt falla, hvort það fellur atkvæðinu fleira eða færra með henni. — Eg veit, að hún hefir gert það gagn, að vekja athuga og varhuga þings, stjórnar og þjóðar á málefni því, sem hún hljóðar um. — En hneisu verð eg þó að telja það fyrir þingið, ef það fellir tillöguna.

ATKV.GR.: Tillagan feld með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk 8 þingmanna (Skúla Thoroddsens, Björns Kristjánssonar, Þórðar J. Thoroddsen, Sigurðar Sigurðssonar, Þórðar Guðmundssonar, Valtýs Guðmundssonar, Lárusar H. Bjarnasons og Magnúsar Torfasonar), og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Dal.,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Torfason,	Jósafat Jónatanss.,

já: *nei*:
Sigurður Sigurðsson, Lárus H. Bjarnason,
Skúli Thoroddsen, Olafur Briem,
Valtýr Guðmundss. St. Stefánsson, Eyf.
Þórður Guðmundss., St. Stefánsson, Skgf.,
Þ. J. Thoroddsen. Tr. Gunnarsson.

Björn Bjarnarson, þingm. Borgf. og Pétur Jónsson, þm. S.-Þ., greiddu ekki atkvæði.

Kjörgengi kvenna.

FRUMVARP til laga um kjörgengi kvenna (C bls. 237); 1. umr., 13. júlí.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Þetta frumv. er ekki nýr gestur hér á þinginu, þar sem það hefir komið fram á hverju reglulegu alþingi síðan 1891. Þá var málið að vísu alveg nýtt, og var von, að það ætti þá erfitt uppdráttar, en það var þó þá samþykt af meiri hluta neðri deildar, þótt ekki næði það fram að ganga í háttv. efri deild. — En síðan hefir það fengið betri byr, svo að það var samþykt af báðum deildum þingsins 1893. En þegar til stjórnarinnar kom, synjaði hún því staðfestingar, eins og ekki er alveg óvanalegt, að því er frumvörp alþingis snertir, og aðal ástæðan til synjunarinnar var sú, að þeirri stjórn, sem þá sat að völdum, þótti ekki heppilegt, að innleiða slík ákvæði hér, þar sem konur hafa enn hvorki kosningarrétt né kjörgengi í Danmörku. Þingið lét þó þessa synjun ekki á sig fá, og samþykti frumvarpið á ný árið 1895, enda hafði það þá og sérstaka ástæðu til þess, þar sem því bárust þá áskoranir frá fjölda íslenzkra kvenna um að halda fram málinu. — Stjórnin synjaði því samt sem áður staðfestingar, og sömu urðu örlög þess í þriðja sinn, eftir að alþingi hafði samþykt frumv. að nýju árið 1897.

Á síðasta þingi, 1899, var málið enn á ný borið upp hér í deildinni og samþykt, en af sérstökum ástæðum felt í efri deild, með eins atkvæðis mun. — Það verður því að öllu yfirveguðu ekki sagt, að þetta málefni hafi fengið svo æskilegan byr á liðnu öldinni, sem æskilegt hefði verið, en það er vonandi, að nýja öldin reynist nú betri í þessu, sem fleiru.

Það hefir verið sagt, að þetta frumv. hefði ekki mikla þýðingu, og í sjálfu sér er það satt, að það er ekki líklegt til, að gera mikla byltingu í fljótu bragði. En hér er um »princip«-spursmál að ræða, og frá því sjónarmiði er þetta mikilsvert málefni, þar sem það fer í þá átt átt, að jafna þann réttindamismun, sem er milli karla og kvenna.

Eg þarf svo ekki að orðlengja meir um þetta mál; eg þykist viss um, að þessi háttv. deild muni taka því vel, og að það verði samþykt í háttv. efri deild. — Hvernig um það fer, þegar til stjórnarinnar kemur, það skal eg ekki spá um, en ekki er ólíklegt, að stjórnin þoki nú að lokum, því að frjálslyndari stefna, að því er snertir jafnrétti karla og kvenna, er nú sem óðast að ryðja sér meir og meir til rúms í Danmörku. — Og skyldi svo vera, að stjórnarskifti væru orðin, og vinstrimenn komnir til valda í Danmörku, þegar þetta frumv. kemur til stjórnarinnar, þá er varla vafi á, að það verði samþykt.

Að svo mæltu vil eg leyfa mér að óska þess, að þessu máli, sem óþarft virðist að setja í nefnd, verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umr., 18. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 atkvæðum.

Þriðja umr., 17. júlí.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþykt með 17 atkv. og afgreitt til efri deildar.

Sýslumannslaun.

FRUMVARP til laga um breyting á 4. gr. laga 14. desembr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta (C bls. 142); 1. umr., 4. júlí.

Hannes Þorsteinsson: Eg álít að þetta mál sé svo ljóst og skýrt, að það þurfi ekki að setja nefnd í það, en áður en málið kemur til 2. umr., mun eg koma fram með breytingartill. — Mér finst vera nokkuð djúpt tekið í árinni, að vilja hækka launin um 1000 krónur; minna má nú gagn gera. En líklega er svona langt farið af því að ætlast er til, að þingið hafi nóg til að slá af, enda mun það líka verða gert, því að þótt öll sanngirni mæli með því, að launin séu hækkuð nokkuð, þá finst mér þó hér vera farið of langt. — Af því að frumv. er til 1. umræðu, þá er ekki leyfilegt, að fara út í einstakar greinar, eða réttara þessa einu grein, því frumv. er ekki nema ein örstutt grein, en eg get þó ekki stilt mig um, að minnast á tvö atriði, sem tekin eru fram í athugasemdunum við frumv. — Fyrra atriðið er það, að við fjölgun verzlunarstaða og verzlana hafi erfiðleikarnir við embættisþjónustuna aukist, en það er gleymt að geta þess, að við það hafa tekjur sýslumannsins aukist.

Hitt atriðið er það, að sýslumaðurinn hafi engar tekjur af innheimtu tolls á vörum til Héraðsins vegna þess, að Héraðsbúar verzli á Seyðisfirði. En nú er í ráði, að leggja akbraut yfir Fagradal og sækja Héraðsbúar þá vörur sínar ekki lengur til Seyðisfjarðar, heldur til Reyðarfjarðar, sem er í umdæmi Suðurmúlasýslu. Þetta mun auka tekjur sýslumannsins að mun, svo að þó launin væru ekki hækkuð um meira en 500 kr., þá yrði þó embættið með bezt launuðu sýslumannsembættum. — Mér finst vera nokkuð hart úr hlaði riðið hjá stjórninni með sýslumennina samkvæmt þessu frumv.

Eg vil því áskilja mér að koma fram með breyt.till. í þessa átt við 2. umr. í samráði við aðra þingmenn.

Landshöfðingi: Ut af fyrra atriði í ræðu h. 1. þm. Árn. (H. Þ.), viðvíkjandi þeirri ástæðu í athugasemdunum við frv., að störf sýslumannsins hafi aukist mjög við fjölgun verzlunarstaða í umdæminu, en þess sé ekki getið, sem þó hljóti að vera hinu samfara, að tekjur sýslumannsins hafi þá jafnframt aukist, þá skal eg taka það fram, að þessi aðfinning er bygð á nokkurum misskilningi. Að vísu hafa tolltekjurnar aukist nokkuð við fjölgun verzlunarstaðanna, en á hinn bóginn hefir kostnaðurinn við tollgæzluna einnig aukist, því í stað þess, að áður voru að eins 3 verzlanir á 2 stöðum í sýslunni, þá eru nú 21 verzlanir á 8 stöðum, og verður sýslumaðurinn að hafa umboðsmenn á öllum þeim stöðum. Það er í raun og veru að eins sáralítið, sem

tekjur sýslumannsins hafa aukist við fjölgun kauptúnanna.

Það er að vísu þinginu í sjálfsvald sett, hve mikið það vill auka laun sýslumannsins, en stjórnin hefir stungið upp á 3500 kr., af því að hún áleit þessa sýslu fult eins erfiða og aðrar sýslur, sem nú eru jafnhátt launaðar og sérstaklega áleit hún að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu væri meiri störfum hlaðinn en sýslumennirnir í Þingeyjar-, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Eg vildi því óska að þingið vildi hugsa sig vel um og rannsaka það mál rækilega, áður afráðið yrði að setja launin, þau sem stjórnin hefir stungið upp á, niður.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Önnur umr., 8. júlí (C bls. 142, br.till. bls. 181).

Hannes Þorsteinsson: Eg þarf ekki mikið að mæla fram með br.till. á þskj. 29; eg gat þess við 1. umr., hverjar ástæður eg hafði til að koma fram með þessa br.till., og get því slept því nú. Að eins skal eg geta þess, að þar sem hæstv. landsh. tók það fram, að það væri bygt á misskilningi, að tekjur sýslumannsins við innheimtu á tollum hefðu aukist að nokkuru ráði við fjölgun verzlana og verzlunarstaða í sýslunni, þá get eg ekki séð, að slík ályktun sé á rökum bygð, því að það mun vera algild regla, algild reynsla fengin fyrir því, að við fjölgun verzlana og verzlunarstaða aukist einnig aðflutningur á öllum varningi yfir höfuð, og þá jafnframt á þeim vörum, sem tollskyldar eru. En þá hljóta jafnframt tolltekjur sýslumannsins að aukast. Nú hefir einmitt kauptúnum og verzlunum fjölgað mjög mikið í þessari sýslu, Suður-Múlasýslu, síðan 1877, að launin voru ákveðin. Það hefir kveðið meir að þessari aukningu þar en víðast hvar annars staðar á landinu. Þar hafa komið upp 5 ný kauptún og 17 nýjar verzlanir.— Þótt sýslumaður þurfi nú að hafa umboðsmann í flestum nýju kauptúnum til að innheimta tollinn, þá fer hann ekki allur í þá. Þeir munu hvergi fá meira en helming eða 1% í umboðslaun. — Hitt rennur í vasa sýslumanns. — Eg get heldur ekki bygt mikið á skýrslu sýslumanns sjálfs um rýrnun aukateknanna í sýslunni. Það má reikna þær á svo mismunandi hátt.

Mér finst sú niðurfærsla á stjórnarfrumvarpinu, sem br.till. fer fram á, nokkurn veginn sanngjörn og vona því að þau mótmæli, sem komið hafa fram gegn henni frá hæstv. landsh., verði ekki tekin til greina.

Pétur Jónsson: Mér hefir dottið í hug, að rétt væri að taka til íhugunar í sambandi við mál þetta, hvort eigi væri rétt, um leið og embættislaununum væri breytt, að breyta einnig sjálfu lögsagnarumdæminu þannig, að meiri eða minni hluti Austur-Skaftafellssýslu væri lagður undir sýslumanninn í Suður-Múlasýslu. Eg varpa þessari hugsun fram, en játa það jafnframt, að mig brestur kunnugleik til að geta komið fram með ákveðnar tillögur um þetta. En þar sem Austur-Skaftafellssýsla heyrir Austuramtinu til, þá virtist það í sjálfu sér eðlilegt, að hún legðist til Suður-Múlasýslu, ef það að öðru leyti getur látið sig gjöra. En hér í deild sitja aðrir því miklu kunnugri en eg, og vona eg að þeir láti álit sitt uppi um þetta. Að öðru leyti finst mér varla geta komið til mála að samþykkja frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir, en býst við að það muni fá betri byr, verði br.till. h. 1. þm. Árn. (H. Þ.) samþykt.

Það gæti annars verið ástæða til að

cetja nefnd í málið, er þá tæki hvort tveggja til íhugunar, launahækkunina og breytinguna á sýslutakmörkunum.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af athugasemd h. þm. S.-Þing. (P. J.) skal eg leyfa mér að tala fáein orð málinu til skýringar og til leiðbeiningar fyrir nefnd, er kynni að verða skipuð í því.

Þess er þá að geta, að fyrir nokkrum árum var því hreyft, að breyta umdæmaskipun á svæði því, sem hér ræðir um. Mun þá hafa verið nokkur vilji á því í Austur-Skaftafellssýslu, að hún væri sameinuð Suður-Múlasýslu, en þó því að eins, að sýslumannssetrið væri flutt á Djúpavog. Þá var tilgangurinn sá að sameina Austur-Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu, og af annari hálfu Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu; hefði við það lagst niður eitt sýslumannsembætti og þannig sparast fé nokkurt, þótt að vísu mundi hafa orðið að skipa Rangárvallasýslu í fyrsta flokk, með því að hún mundi þá hafa orðið ein af hinum fjölmennustu sveitasýslum á landinu. Sameiningartillaga þessi mætti algerðri mótspyrnu í Rangárvallarsýslu og töluverðri í Vestur-Skaftafellssýslu, með því að einir 2 af 8 sýslunefndarmönnum voru henni sinnandi. Þannig var þá og eg hygg að enn muni erfitt að koma sameiningu á; um það sé varla að ræða, fyr en ef vera skyldi þá, er færi fram breyting á umdæmaskipun um land alt, og það ekki einungis breyting á embættissvæðunum, heldur og endurskoðun og breyting á starfsviði sýslumannanna. Á því er þörf og ætti að geta orðið til bóta.

Pétur Jónsson: Eg ætla mér eigi þá dul, að eg sé málavöxtum svo kunnugur, að eg vilji halda til streitu athugasemdum mínum, eða berjast fyrir því, að nefnd sé skipuð í málið. En þess skal eg geta, að eg er ragur að samþ. málið, eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR:. Breyt.till. á þgskj. 29 samþ. að viðhöfðu nafnakalli með 14 : 8 atkv., og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jósaf. Jónatansson,
H. Þorsteinsson,	Magnús Torfason,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Lárus Bjarnason,	St. Stefánson, Eyf.,
Ólafur Briem,	Þ. Guðmundsson.
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stefánsson, Skf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Valt. Guðmundsson,	
Þ. Thoroddsen.	

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson, Bf.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jósafat Jónatanss.,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Torfason,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Sigurðss.,
S. Stefánss., Skgf.,	S. Stefánsson, Eyf.,
Tr. Gunnarsson,	Þórður Guðmundss.
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Þriðja umr., 10. júlí (C. bls. 225).

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Áður en mál þetta fer frá deildinni, hefi eg hugsað mér að fara um það nokkrum orðum, til þess að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Fyrsta ástæðan, sem talin er fyrir því, að sanngjarnt sé að hækka laun sýslumannsins í Suðurmúlasýslu svo mjög, að embætti hans færist yfir í fyrsta launaflokk, hún er sú, að embættisstörfin hafi aukist svo mjög síðan

launalögin frá 14. des. 1877 voru samin. Þetta út af fyrir sig sannar lítið; því að störf sýslumanna hafa sjálfsagt víðar vaxið síðan, og ætti að hnitmiða þau öll réttlátlega niður, eftir mismunandi og auknum embættisstörfum, þá þyrfti sjálfsagt að taka fyrir gagngerða endurskoðun á öllum launalögunum. Önnur ástæðan er sú, aukatekjurnar hafi minkað að stórum mun hin síðari ár. Þótt svo kunni að vera, að þær hafi fremur farið minkandi, þá hefir jafnaðartala þeirra árlega þau fjögur ár, sem athugasemdirnar ná yfir — tímabilið frá 1896—1899 — verið rúmar 1240 kr., svo að árslaun sýslumannsins hafa alls orðið 3740 kr.; og þótt sýslumaðurinn þurfi að verja nokkru af upphæð þessari í skrifstofufé, þá fæ eg þó ekki betur séð, en að hann hafi allviðunandi fjárupphæð eftir til að lifa á. Eg get annars ekki neitað því, að mér virðist skrifstofukostnaður hans settur nokkuð hátt, þar sem hann er talinn 1200 kr. á ári, jafnvel þótt mig vanti kunnugleika til að revidera þessa upphæð, enda er hún með öllu ósundurliðuð. Eg tel það og víst, að aukatekjur hans muni eftirleiðis fara vaxandi, en ekki minkandi, komist það á, sem mjög miklar líkur eru til, að akvegur verði lagður um Fagradal, því að þá má gera ráð fyrir, að flestir Héraðsbúar flytji verzlan sína frá Seyðisfirði, þar sem hún er nú til Reyðarfjarðar, og er það auðsær stórkostlegur tekjuauki fyrir sýslumannsembættið í Suður Múlasýslu. Eg rengi ekki, að það sé rétt talið, þar sem sagt er að verja þurfi til hestaeldis í embættisins þarfir 300 kr. og sömuleiðis 1600 kr. kostnaður sýslumanns við að reisa sér skrifstofuhús, en eg álít að sams konar upphæðir geti flestir aðrir sýslumenn fært til; og þótt þeir hafi ef til vill ekki beinlínis orðið að byggja skrifstofuhús fyrir þessa eður líka upphæð, þá munu þeir eigi að síður verða að leigja sér hús til þeirra nota eða hafa þá þeim mun stærra og dýrara íbúðarhús, er þeir þá geti haft skrifstofu í. Þá er og tekið fram, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu verði að greiða ekkjustyrksiðgjald; en það gjald er sameiginlegt fyrir alla sýslumenn, og því óþarft að taka sérstakt tillit til þess hér. Ennfremur er færð fram sem ástæða fyrir launahækkuninni, að sýslumaðurinn þurfi að greiða 6% í vexti og afborgun af allháu byggingarláni. En eg fæ ekki betur séð en að sýslumaðurinn sé með þessu að auka eign sína, og því ekki ástæða til, að landssjóður hjálpi honum til þess á annan hátt en þann, að veita lánið með vægum kjörum. Eins og eg þegar hefi tekið fram, virðist mér því, að flestum af útgjöldum þeim, sem talin eru sem ástæða fyrir launahækkuninni, vera þannig varið, að þau séu einnig sameiginleg fyrir flesta embættisbræður sýslumanns þessa, og því allar líkur til, að ef alþingi samþ. frumv. þetta, þá muni fleiri sýslumenn á eftir koma og biðja um launaviðbót, en þá braut er sannarlega varhugavert að ryðja. Eg vildi því óska, að frv. þetta fengi »hæga hvíld« hjá háttv. deild, og yrði ekki lengur alið.

Hannes Hafstein: Mér heyrðist h. þm. 2. þm. Eyf. (St. St.) skoða launahækkun þá, sem hér ræðir um, eins og persónulega launaviðbót handa hinum núverandi sýslumanni í Suður-Múlasýslu; en því er ekki þannig varið; hér er um það að ræða, að flytja sýslu, sem áður hefir verið í 3. launaflokki, yfir í annan flokk; hér er ekki spurningin um annað en það, hvort það sé rétt, að sýsla þessi sé í næstlægsta launaflokki, sama flokki eins og t. d. Dalasýsla og Strandasýsla; hér er

að eins um það að ræða, að finna rétt hlutfall. Mér blandast ekki hugur um, að sjávarsýsla eins og Suður-Múlasýsla með öllum þeim verzlunarstöðum og skipakomum, sem þar eru, og öllu því umstangi, sem embættisrekstri þar fylgir, gestagangi og ábyrgð, sé enganveginn rétt sett í þriðja flokk, heldur eigi hún, eins og embættið nú er vaxið, hiklaust að teljast í sama flokki sem Norður-Múlasýsla, Eyjafjarðarsýsla, Skagafjarðarsýsla og aðrar þær sýslur, er skipa 2. flokk, með 3000 kr. launum. Þetta segi eg án alls tillits til þess, hver í embættinu situr, og það vona eg að hver sá sjái, sem rétt vill líta á málið.

Tryggvi Gunnarsson: Eg skal leyfa mér að taka í sama strenginn og h. 2. þm. Ísf. (H. H.). Eg hefi oft verið á ferð í Suður-Múlasýslu, og þekki þar því vel til. Kauptúnum hefir fjölgað þar mjög á seinni árum, og verzlunum þó því meir; þar af leiðandi hafa störf sýslumannsinn aukist mjög, og því er það ósanngjarnt, að sýslunni sé haldið í lægsta launaflokki. Sýslumaðurinn í Suður Múlasýslu hefir nú orðið ærið að starfa, þar sem kauptún eru risin upp í svo mörgum fjörðum, bæði Fáskrúðsfirði, Norðfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Auk þess eykur það sýslumanninum ekki lítið störf, að fjöldi Frakka hefir bækistöð sína í sýslu hans, einkum á Fáskrúðsfirði. Það mun varla hafa verið rétt upphaflega, að skipa sýslu þessari í þriðja launaflokk, þegar launalögin voru samin, og því síður er það rétt nú, þegar bæði störfin og tekjur af sýslunni til landssjóðs hafa á síðustu árum aukist mjög mikið.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 13 : 7 atkv. og atgreitt til Ed.

Umboð þjóðjarða.

FRUMVARP til laga um umboð þjóðjarða (C bls. 479); 1. umr., 12. ágúst.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.): Okkur flutnm. þessa frumv. hefir þótt eðlilegast, að umboð þjóðjarða væri falið sýslumönnum og hreppsjórum, og að þeir hefðu alla umsjón með þeim. Auk þess hefir oss þótt, að kostnaðurinn við umboðsmenskuna væri, eftir því, sem nú hagaði til, öldungis óþarflega mikill, og eftirlitið gæti ekki orðið svo gott sem skyldi, eður kostnaðinum svaraði, með því fyrirkomulagi sem er. Umboðslaunin eru nú 16½%, eður alls c. 4900 kr. árið 1898, og væri því ákjósanlegt, að umboðunum yrði komið fyrir á haganlegri hátt. Eftir þessu frumv. er farið fram á, að umboðslaunin yrðu sett 6% af jarðarafgjöldunum, þannig, að viðkomandi sýslumaður fengi 4% fyrir ábyrgð og aðra umsjón, en hreppstjórar 2% fyrir hið nákvæmara eftirlit, og mundu þau þá nema c. 2000 kr., svo hagnaðurinn fyrir landssjóð næmi þá hart nær 3000 kr. Þetta mál kom til umr. á þingmálafundi í Eyjafirði, og var allur þorri kjósenda þar þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag væri ákjósanlegt, en þar eru margar þjóðjarðir, og eru menn þar því færari en annars mundi, að dæma um þetta atriði.

Eg ætla svo ekki að orðlengja þetta frekara, en að eins óska, að frumv. fái góðar viðtökur hjá háttv. deild. Eg vil ekki leggja til, að nefnd sé skipuð í málið, þar sem nú er orðið mjög áliðið þingtímans, en við flutnm. munum koma með breyt.till. við frumv., ef við komumst að raun um, að þess muni þörf.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Önnur umr., 15. ágúst (C bls. 479).

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Eyf.): Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, af hvaða ástæðum að þetta frv. hefði komið fram, og hirði því ekki um að endurtaka það. Eg álít, að eg þurfi heldur ekki að fara að skýra nákvæmlega frá hinum sérstöku atriðum frumv., þar sem þau eru framsett í að eins tveim stuttum greinum, ertaka fram alt það, er eg get búist við, að nauðsyn sé á.

Eg skal að eins minnast á, að þar sem það eru ekki sýslumennirnir einir, sem hafa umsjón með þjóðjörðunum eftir þessu frv, þá er það af þeirri ástæðu, að við flutningsmenn álitum það ekki heppilegt, að því leyti, að eftirlit þeirra mundi ekki verða svo fullkomið sem skyldi, þar sem þeir nú hafa mjög mikil og vandasöm störf á hendi. Þess vegna er eftir frumv. hreppstjórum gert að skyldu, að aðstoða sýslumenn með eftirlitið með ábúðinni og byggingum jarðanna. Með þessu fyrirkomulagi má álíta, að eftirlitið með þjóðjörðunum yrði eins gott eða betra en nú, og að mun ódýrara, þar sem með þessu móti mundu sparast 3000 kr. í árlegan umboðskostnað, og tekjur landssjóðs af þjóðjörðum mundu að öðru leyti alls ekki rýrna frá því, sem nú er.

Landshöfðingi: Eg get ekki verið meðmæltur þessu frumv., eða þeirri stefnu, sem kemur fram í því, bæði vegna þjóðjarðanna sjálfra og þeirra manna, sem ætlað er, að hafa umsjón og eftirlit með þeim. Eg álít, að það sé ekki holt fyrir landssjóð, sem á jarðirnar, að eftirlitið sé haft eins og hér er farið fram á, þannig, að hreppstjórarnir hafi það hver í sínum hreppi, og fái fyrir það að eins 2% í þóknun. Eg er hræddur um, að þeir muni ekki sýna mikla rækt við, að sjá um, hvernig jarðirnar eru setnar, þegar þóknunin er svona lág. Umboðslaunin eru líka óhæfilega lítil. Mér er kunnugt um, að privatmenn, sem eiga jarðir langt í burtu frá sér, verða að gjalda umboðsmönnum sínum 1/6 af jarðaraf-gjöldunum í umboðslaun, eftir því, sem er að sjá af tekjuskattsskýrslunum, því á öllum slíkum jörðum er 1/6 dreginn frá í skattaskýrslunum og ekki gold-inn tekjuskattur af þeim hluta afgjald-anna. Það er því ekki að búast við því, að landssjóður geti fengið umboðs-menn fyrir minna verð en aðrir jarð-eigendur. Að leggja þessi störf á sýslu-mennina, verð eg að álíta öldungis ó-fært, því þeir hafa svo miklum störf-um að gegna, að ekki er á það bæt-andi, enda kæmi þetta starf mjög mis-jafnt niður á sýslumennina. Við suma þeirra bættist mjög mikið starf, en suma aftur ekkert. Þetta væri óþægi-leg viðbót á störfum fyrir þá sýslu-menn, þar sem þjóðjarðir eru flestar, t. d. sýslumanninn í Skaftafellssýslu, og þar næst á sýslumennina í Snæ-fellsnessýslu, Húnavatnssýslu, Skaga-fjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Þingeyj-arsýslu og Múlasýslunum. Eg er viss um, að enginn sýslumaður mundi vilja taka þessi störf að sér fyrir 4%, og mundi vilja gefa til þess, að losna við ábyrgðina, sem því fylgdi. Ef eg man rétt, þá hefir sams konar frumv. komið áður fyrir þingið, en verið felt, af því, að álitið hefir verið viðsjárvert að gera slíka breytingu. Eg álít því, að ekki sé rétt fyrir háttv. deild, að samþykkja þetta frumv. eins og það liggur fyrir.

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson* 2. þm. Eyf.): Þar sem hæstv. landsh. tók fram ýms atriði móti þessu frumv., þá get eg ekki séð, að í aðalatriðunum, eður hvað stefnu frumv. snertir, hafi komið fram nokkrar gildandi ástæður. Eg álít, að umsjónin með umboðsjörð-um verði eins góð og áður hefir verið

og að alt mæli meira að segja með því, að hún verði betri í höndum hreppstjóranna en hún er nú, þó þóknunin fyrir umsjónina sé ekki mikil, og eg er sannfærður um, að hreppstjórar mundu láta sér annara um, að jarðirnar í hreppnum væru vel setnar, en umboðsmönnum er nú yfirleitt. Eg veit ekki til, að umboðsmenn fari nema eina umsjónarferð (visitaziu) á ári til að líta eftir jörðunum, en á hina hliðina er óhætt að gera ráð fyrir, að hreppstjórar mundu koma alloft á ári til að athuga ábúðina, án þess að þurfa að gera sér sérstakar ferðir, vegna þess, að þeir eiga svo oft ferð um hreppinn í öðrum erindum.

Að sýslumenn vilji ekki taka umboðsstörfin að sér gegn 4% þóknun, eður tvöföldu gjaldi við aðra innheimtu landssjóðs, get eg ekki séð ástæðu til að ætla, og það því fremur, sem nokkrir þeirra hafa þá innheimtu einmitt nú á hendi og gefst vel.

Mér sýnist því, að þó frumv. þetta sé ekki stórt, þá sé það töluverð réttarbót, og verði til að spara útgjöld landssjóðs að mun, hvað þennan útgjaldalið snertir, án þess þó að það að nokkru leyti veiki tryggingu landssjóðs fyrir þessum tekjum. Eg vil því mæla hið bezta með frumv. og vænti að það fái að ganga í gegnum háttv. deild.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Hermann Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Sigurðss.,	Magnús Torfason,
Skúli Thoroddsen.	Ólafur Briem,
S. Stefánsson, Eyf.	S. Stefánss., Skgf.,
Tr. Gunnarsson.	Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.	
Þórður Thoroddsen.	

2. gr. frumv. feld með 11 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Bj. Bjarnars., Bf.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
H. Þorsteinsson,	Bj. Bjarnarson, Dal.
Herm. Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Lárus Bjarnason,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Torfason,
St. Stefánsson, Eyf.,	Ólafur Briem,
Tr. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þórður Guðmundss.	St. Stefánss. Skgf.,
Þórður Thoroddsen	Valtýr Guðmunds

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Þriðja umr., 20. ágúst (C. bls. 645).

Flutningsmaður (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Eyf.): Eins og frumv. nú ber með sér, þá er sýslumönnum falin öll umsjón og eftirlit með þjóðjörðum, en því ákvæði slept, sem frumv. tók áður skýrt fram, að hreppstjórum í hverjum þeim hreppi, er þjóðjarðir væru í, skyldi falið það nánara eftirlit, og sömuleiðis að aðstoða sýslumann við byggingu þeirra.

Að sleppa þessu ákvæði, sem eg þegar hefi tekið fram, álít eg talsverða skemd á frumvarpinu, og hefi eg því reynt að bæta nokkuð úr þessu með breyttill. um, að landstjórnin ákveði nánara fyrir um umboðsmensku sýslum. með reglugjörð. Með þessu móti hygg eg, að eftirlitið þyrfti ekki að verða minna eða lakara en það er nú, en jafnframt talsverður sparnaður fyrir landssjóð. Síðan þetta mál var hér til 2. umr., hefi eg tekið eftir því, að það hefir verið til meðferðar á þinginu 1879; voru þá 5 menn kosnir í nefnd og

sömdu þeir tillögu um, að skora á stjórnina, að sýslumönnum skyldi falið eftirlitið á hendur og innheimta á jarðarafgjöldum og skyldu þeir fá í ómakslaun 4—8% af afgjaldi jarðar hverrar. Hér er nú tekin jafnaðartalan og lagt til, að umboðslaunin séu 6%; þegar svo er komið, að alt eftirlitið kemur í hendur sýslumanna, álítum við flutningsm., að 4% væri of lítil þóknun og höfum því stungið upp á, að hækka gjaldið upp í 6% með hliðsjón af því, að sýslumenn mundu verða að hafa sérstakan mann í hverri sveit sér til aðstoðar við eftirlitið. Eg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta frumv., því fremur sem enginn háttv. þm. hefir komið fram með breytingartill., og að hinu leytinu vænti eg þess, að þeir séu mér samdóma um, að umboðsmenskunni, eins og nú er, sé ábótavant, og óþarflega miklu fé til hennar kostað.

ATKVGR.: Breyttill. 573, 1. samþ. með 12 atkv.

Breyttill. 573, 2 samþ. með 12 atkv.

Frumv. í heild sinni felt með 11:7 atkv.

Hreppstjóralaun.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gera réttarverk, frá 13. jan. 1882 (C. bls. 555); 1. umr., 12. ágúst.

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): Eins og háttv. þingd. mun kunnugt, þá voru það um langan tíma lög hér á landi, að vöru- og mannflutningaskip, sem frá útlöndum komu hingað til lands, voru samkvæmt aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, lögum um verzlun og siglingar 28. desbr. 1836 og 15. apríl 1854 skyld að greiða fyrir skoðun skipsskjalanna fult afgreiðslugjald í fyrsta lögsagnarumdæmi, sem þau komu í, og síðan hálft gjald í hverju öðru lögsagnarumdæmi, er þau komu í síðar í sömu ferð frá útlöndum. Væri sýslumaður ekki á þeim stað, sem skipið kom til, skyldi samkvæmt lögum 28. des. 1836, auk hins lögboðna gjalds til sýslumanns fyrir áteiknun skipsskjalanna, greiða upphæð, er svaraði helmingi nefnds gjalds til hreppstjórans eða umboðsmanns sýslumanns, nema því að eins, að skipstjóri kysi heldur að senda skjölin til sýslumanns til áteiknunar. Með lögum nr. 1, 2. febr. 1894 um »aukatekjur þær, er renna í landssjóð« hefir nú þessum ákvæðum verið breytt þannig, að ekki skuli borga fyrir að rita á skipsskjölin nema á þeim stað, sem skipið kemur fyrst til, en um leið hefir verið feld úr gildi öll aukaþóknun til umboðsmanns sýslumanns fyrir að rita á skjölin, og sem áður nam ½ gjaldinu. Nú er það öllum augljóst, að ekki er hægt að heimta af lögreglustjórum, að þeir greiði þetta aukagjald, sem væri sama sem að þeir yrðu fyrir þungum útlátum í hvert skifti, sem skip hafnaði sig í umdæmi þeirra, annarstaðar en þeir eiga heima, og það því þyngra, sem skipið er stærra. Hins vegar eru skipstjórar skyldir til að senda skipsskjölin tafarlaust til lögreglustjóra, ef ekki er umboðsmaður á staðnum, er ritað getur á skjölin, og því hefir sú praksis myndast sumstaðar, að umboðsmennirnir hafa ritað upp á skipsskjölin gegn borgun, sem svaraði því, er kostaði að fara með skjölin til sýslumanns. Það sem þetta frumv. fer fram á, er að innleiða aftur dálítið aukagjald á skipin, sem þóknun þess manns, sem í umboði lögreglustjóra ritar á skipsskjölin, og er þóknunin fyrir það ákveðin 5 aurar af smálest hverri, nema skipstjórar kjósi heldur að senda skipaskjölin tafarlaust til lögreglustjóra

og fá áritun hans. Hér er því ekki farið fram á, að svifta landssjóð neinum tekjum, og hins vegar er þetta gjald í sjálfu sér mjög eðlilegt, og er svo lágt, að það getur ekki á neinn hátt tálmað skipaferðum, eða orðið tilfinnanleg kvöð fyrir skipin. Hér er að eins um það að ræða, að löghelga sanngjarna venju, og vona eg því, að frumv. fái góðan byr hjá háttv. deild.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Önnur umr., 14. ágúst (C bls. 555).

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkvæðum.

Þriðja umr. 16. ágúst.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 15 atkvæðum og afgr. til Ed.

Ein umr., 24. ágúst (C bls. 794).

Flutningsmaður (*Hannes Hafstein*): H. Ed. hefir gjört þá breytingu á frv., að fastákveða gjaldið, 5 aura af hverri smálest, til þess, er í umboði lögreglustjóra ritar á skipaskjöl, í stað þess að í frv., eins og það var samþ. hér í deildinni, stóð: »alt að 5 aurum«.

Það má vel vera að þetta sé til bóta. Það sem vakti fyrir tillögumönnum með að setja »alt að 5 aurum«, var það, að það gæti innan þessara takmarka verið frjálsir samningar milli skipstjóra og þess, er á skjölin ritaði. En vegna þess, að h. Ed. hefir samþykt þetta svona, þá álítur nefndin ekkert á móti því að ganga að því, og óskar að h. deild samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með samhljóða 20 atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Hreppstjóralaun II.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. desbr. 1895 um breytingu á lögum frá 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gera réttarverk (C bls. 556); 1. umr., 13. ágúst.

Flutningsmaður (Lárus H. Bjarnason): Eg vil geta þess, að á dagskránni hefir misprentast fyrirsögn frv. Þar á að standa frv. til laga um breytingu á lögum 13. des. 1895 um breytingu á lögum 13. jan. 1882 o. s. frv. Orðin: »um breyt. á lögum 13. des. 1895« hafa fallið úr.

Það kann í fljótu bragði að virðast undarlegt, að þessi lög um að bæta laun hreppstjóra koma nú fram hér í deildinni, þar sem svo stutt er síðan þessum lögum var breytt, en eg vonast samt til að geta sannfært menn um, að full þörf sé á, að bæta laun þessara manna, og að öll sanngirni mæli með því, að gildandi lögum sé breytt í þá átt. Hreppstjórastaðan er þýðingarmikil staða, en örðug og afarilla launuð, og er þó mikið undir því komið, að í hana fáist valdir menn. Á landinu eru 187 hreppstjórar og þeir hafa allir til samans segi eg og skrifa 7992 kr. 50 aur. eða með öðrum orðum, hver hreppstjóri hefir að meðaltali rúmar 40 kr. í laun; þeir hafa með öðrum orðum varla vinnukonukaup.

Staðan er örðug, og mennirnir, sem í henni eru, hafa mikið að gjöra. — Þeir eiga að semja milli 15—20 skýrslur, margar margbrotnar og mjög mikilsverðar; þeir eru lögreglumenn, uppboðshaldarar, fógetar, aðstoðarmenn skiftaráðanda, stefnuvottar, úttekta- og virð-

ingamenn o. s. frv., hver í sínu umdæmi. Þeir mega varla um frjálst höfuð strjúka, því þeir geta alt af búist við að vera kallaðir, annaðhvort að ofan eða neðan. Þeir verða að alt af að vera búnir við ferðalögum og þurfa að hafa bát eða eldishesta á takteinum. — Borgunin af hendi hins opinbera er svo sem engin, og líkt er um borgunina, sem þeim er heimilað að heimta fyrir aukaverkin; hún er mjög af skornum skamti. Einkum eru ákvæðin um ferðakostnað þeirra alveg ranglát. Þar er alt miðað við vegalengdina, en ekkert tillit tekið til annara ósjálfráðra atvika, veðráttufars, færðar eða því um líks. — Nú sem stendur er þessum mönnum borgað 50 aurar fyrir, að ferðast 1 mílu á landi og ½ mílu á sjó, en borgunin má þó ekki fara fram úr 2 kr., og fæðispeningar 3 kr. á dag, þó þeir því að eins, að þeir þurfi vegalengdarinnar vegna að vera lengur en 10 tima. Þetta er mjög ranglátur mælikvarði. — Eg get nefnt dæmi, þar sem hreppstjórinn teptist í marga daga við ófæru. — Hann fekk að eins 2 kr. í ferðakostnað, því að vegalengdin var ekki svo mikil, að hann ætti heimtingu á fæðispeningum. Hann kvartaði yfir þessu við sýslumann, en sýslumaður áleit, að eftir lögunum frá 1882 gæti hann ekki fengið meira. Sýslumaður leitaði þó úrskurðar amtmanns og landshöfðingja, en báðir voru sammála um, að hreppstjóra bæri ekki meira.

Fyrir uppboð geta þeir í hæsta lagi fengið 8 kr., en fá engan ferðakostnað. Þegar nú þess er gætt, að uppboð, sem hreppstjórar halda, oft nema að eins nokkurum tugum króna, þá sést það, hve afarlág og ósanngjörn þessi borgun er.

Það hefir komið til tals hér í deildinni, að afnema ábúðar- og lausafjárskattinn og lækka þannig inntektir landssjóðs um tugi þúsunda. Hér er að eins farið fram á að taka af ábúðar- og lausafjárskattinum tæpar 8000 kr. til þess að þeir menn, sem undirbúa innheimtu skattins og auk þess hafa á hendi örðugt starf í þarfir landsins, fái dálítið sanngjarnari borgun fyrir starf sitt en hingað til. Það má líka taka tillit til þess, að hreppstjórar þurfa að leggja ýmislegt í kostnaðinn, t. d. skriffæri, bókaskápa, halda saman Stjórnartíðindum o. s. frv.

Ef maður jafnar þessum 40 kr., sem hreppstjórar hafa í laun á ári, niður á 12 mánuði, verður kaup þeirra c. 3 kr. á mánuði eða 10 aurar á dag. Bæti maður við þá 40 kr. til, fara daglaunin þó ekki upp úr 20 aurum og árslaunin ekki fram úr 80 kr. Eg vona, að h. deild taki þessu máli að minsta kosti svo vel, að hún lofi því að ganga sinn gang.

Þórður Guðmundsson: Eg get ekki annað sagt en h. flutnm. (L. H. B.) tækist vel, að mæla með þessu frv., en samt get eg ekki verið með því, og kann það þó að virðast undarlegt, þar sem eg er einn úr flokki þessara manna. En eg get ekki séð, að störf þessara manna hafi aukist svo, síðan þessum lögum var breytt, að brýn þörf sé á að hækka þau nú. Eg er á móti öllum launahækkunum, til hverra sem er. Eg get raunar tekið undir það, að laun hreppstjóra eru lág í samanburði við t. a. m. laun sýslumanna; en bændastéttin er nú ekki eins kröfuhörð hvað laun snertir eins og skólagengnu menn-irnir.

Eg álít að nefnd sú, sem skipuð verður til þess að íhuga sveitarstjórnarlöggjöf landsins, eigi að breyta sveitarstjórninni þannig, að hún sameini hreppstjóra og oddvita (*Lárus Bjarnason*:— Gengur ekki) — það er nú mín skoðun — og launa þann mann, sem hefir

störf beggja þessara manna, sæmilega. Eins og nú stendur er fyrirkomulagið óhentugt — oddvitinn fer frá, þegar hann er orðinn starfinu vanur og vaxinn — og er full þörf á að breyta þessu. Þess vegna finst mér það óráð, að fara að breyta þessum lögum nú, ef þessi breyting, sem eg talaði um, skyldi verða ofan á. Eg vil samt ekki fella þetta frv. frá 1. umr., því bæði álít eg að það hafi dálítinn rétt á sér sökum þess, að það er sanngjarnt, og svo álít eg að það mundi særa flutnm., ef það yrði lagt niður við trog nú þegar.

Pétur Jónsson: Háttv. þingm. Rv. (Þ. G.) hefir eiginlega tekið af mér ómakið. Eg er á sömu skoðun og hann um þetta mál. Eg hygg ekki þörf á þessari hækkun nú, og ímynda mér, að hreppstjórar uni sæmilega við sín laun, eins og þau eru. Hreppstjórarnir eru bændur og hafa því þann metnað, að vilja ekki vera þungir á landssjóði. Þrátt fyrir það er eg ekki á móti því, að frumv. gangi til 2. umr., því að vel getur verið eitthvað í því viðvíkjandi aukatekjum þeim, sem vert er að athuga, en ekki mun eg greiða atkvæði með 1. gr. þess.

Flutnm. (*Lárus H. Bjarnarson*): Eg er þakklátur h. þm. Rv. (Þ. G.) fyrir, hvernig hann tók undir frumvarp þetta. — Hann áleit það sanngjarnt, en vildi ekki taka skrefið eins langt eins og frv. fer fram á, og það skil eg; hann er sjálfur hreppstjóri og kann því síður við, að leggja eindregið með frumvarpinu. Eg get virt það við hann. Hann áleit, að ef farið væri að hreyfa við laununum, gæti það orðið til þess, að ekkert yrði úr breytingu, sem menn hafa í huga á sveitarstjórninni, sem sé þá, að sameina hreppstjóra- og oddvitaembættið. — Eg álít nú, að þessi sameining sé óframkvæmanleg, sökum þess, að störf þessara manna eru svo ólík. Oddvitinn þarf oft að láta hreppstjórann gjöra fjárnám, og það sér hver maður, að það fer ekki vel á, að sami maðurinn geri það hvorttveggja, heimti fjárnámið og framkvæmi það. En þótt svo væri, að þessi breyting væri möguleg, þá gæti þetta frumv. á engan hátt orðið til þess, að hún kæmist síður á.

Sami háttv. þm. Rv. (Þ. G.) sagði enn fremur, að störf hreppstjóra hefðu ekki aukist síðan 1895. Það mun vera rétt, að ekki hafi verið bætt við þá nýjum starftegundum, en verkin hafa aukist fyrir þeim, sem öðrum starfsmönnum hins opinbera, sjálfsagt að vöxtunum til.

Háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) var á móti 1. gr. frv., og bar það fram sem ástæðu, að hreppstjórar væru ánægðir með laun sín; en þetta er ekki tilfellið. Hreppstjórar eru óánægðir með laun sín, en þeir vilja ekki láta ölduna koma frá sér; þeim þykir óviðkunnanlegt, að biðja um það.

Launahækkun sú, sem frumv. þetta fer fram á, er svo lítil, að eg skil ekki í því, að nokkur maður geti álitið það sanngjarnt, að vera á móti henni, og einkum þegar tekið er tillit til þess, að þessum mönnum er nú svo illa launað, að þótt launin séu hækkuð um helming, eins og frumv. þetta fer fram á, þá verður öll hækkunin handa 187 hreppstjórum samtals að eins 7992 kr. Ákvæðin í annari grein um það, að hreppstjórar skuli fá ferðakostnað endurgoldinn, þegar þeir halda uppboð, eru að eins til þess, að gera samræmi milli borgunarinnar fyrir, að halda uppboð, og annara embættisverka.

Að ekki sé rétt, að taka að eins tillit til vegalengdar, þegar ferðakostnaður er reiknaður, sjá allir heilvita menn,

og þarf eg því ekki, að tala frekara um það.

Hannes Hafstein: Eg verð, að láta þá skoðun mína í ljósi, að frumv. þetta sé sanngjarnt í alla staði. Það getur ekki verið rétt, að neyða menn til þess, að gera opinber verk fyrir enga borgun — eg skal t. d. nefna sýslunefndirnar, sem fá enga þóknun fyrir starfa sinn — það er hreint og beint brot á stjórnarskránni, sem segir: »að ekki megi svifta neinn mann eignum sínum nema fult endurgjald komi fyrir«. — Er tíminn ekki eign manns? Er það rétt, að láta menn eyða honum í opinberar þarfir fyrir enga borgun? Eg álít, að það eigi að borga öll opinber störf vel, til þess, að þau séu ekki gerð með hangandi hendi, eins og oft vill verða sökum þess, að borgunin fyrir þau er svo lítil. — Það eru margir — það er eg viss um — sem vildu miklu fremur gera þau fyrir alls enga borgun, en það á að vera frí-viljugt, en eg álít ekki, að hið opinbera geti verið þekt fyrir, að biðja menn um það.

Hækkun sú, sem hér er farið fram á, er að eins lítilræði og að eins spor í áttina, en það er auðvitað margt fleira sem þyrfti að laga í þessum lögum, t. d. ákvæðin um dagpeninga og endurgjald á ferðakostnaði, en það liggur ekki fyrir nú, og skal eg ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Jóhannes Jóhannesson: Mér þykir leiðinlegt, að sjá fyrirsögnina á þessu frumv. Hún er nærri því eins löng og ljósár. Eg hafði haldið, að þar sem 2 júristar eru flutningsmenn, að þeir mundu ekki telja eftir sér, að steypa þessu frumv. og lögum þeim, sem hér er farið fram á að breyta, saman í ein lög, svo að eftirkomendurnir ekki þyrftu að hafa þrjú lög um þetta efni. — En háttv. flutningsmenn hafa náttúrlega þózt hafa nóg að gera, og er það eðlilegt.

Til þess, að ráða bót á þessu, hafði eg því hugsað mér, að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, þegar 1. umræðu væri lokið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv., og 3 manna nefnd samþykt með 14 atkv.

Í nefndina voru þessir kosnir:

Jóhannes Jóhannesson	með 14	atkv.
Þórður Guðmundsson	— 12	—
Lárus H. Bjarnason	— 11	—

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun (C bls. 315); 1. umr., 26. júlí.

Flutningsmaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg hygg, að eg þurfi ekki að mæla margt með þessu frumv., vegna þess, að það mælir með sér sjálft. Grundvöllur þess er samkvæmur þeim vilja og þeirri stefnu, er mikill meiri hluti þjóðarinnar er fylgjandi. — Auk þess hefir frumv. þetta verið oft fyrir þinginu áður og fengið jafnan góðan byr. Eg álít því ekki þörf, að stinga upp á því, að nefnd verði skipuð í það, og óska því að eins, að því verði leyft að ganga sinn eðlilega gang gegnum þingdeildina.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 samhljóða atkv.

Önnur umr., 30. júlí.

Flutningsmaður (*Sigurður Sigurðsson*): Eg sé ekki ástæðu til, að tala neitt um málið við þessa umræðu, því það hefir ekki mætt neinni mótspyrnu eða mótmælum hingað til, og eg býst ekki frekara við því eftirleiðis, og vona því það fái að ganga sinn gang óhindrað.

ATKV.GR.: 1. gr. samþykt með 14 atkvæðum.

2. gr. samþyktar með 14 atkv.

3.—12. gr. samþykt með 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 14 atkvæðum.

Þriðja umr., 1. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 17 samhljóða atkvæðum og afgreitt til efri deildar.

Landsreikningur 1898 og 1899.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1898 og 1899 (C bls. 61); 1. umr., 3. júlí.

ATKV.GR.: Samþ. 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Ólafur Briem	með 21	atkv.
Guðlaugur Guðmundsson	— 17	—
Þórður J. Thoroddsen	— 15	—

Fyrstu umræðu frestað.

Framh. 1. umr., 29. júlí (C bls. 61, nefndarál. 389 og 393).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal að eins taka það fram viðvíkjandi nefndarálitinu, að það er ónákvæmt til orða tekið á einum stað, þar sem sagt er, að settur læknir í 15. læknishéraði hafi fengið ofborgað úr landssjóði 187 kr. 50 a. árið 1898 og 75 kr. árið 1899. Réttara hefði verið, að taka það fram um leið, að um þetta atriði hefir verið ágreiningur millum yfirskoðunarmannanna og landshöfðingja, er eg mun skýra nánara frá við 2. umr.

Að öðru leyti eru það sérstaklega tvö atriði, sem eg vildi minnast á. — Í nefndarálitinu um athugasemdir yfirskoðunarmannanna við landsreikningana 1898 og 1899 I 19. gr. 6. tölulið, er það tekið fram, að yfirskoðunarmennirnir hafi ítrekað þá tillögu sína, að verkfræðingur landsins annist öll kaup á vegabóta-áhöldum fyrir landssjóðinn, en landshöfðingi hefir haldið því fram, að það væri ekki til sparnaðar fyrir landssjóð. — En hvað sem því líður, þá verður nefndin þó að álíta það eðlilegast, að verkfræðingurinn, sem næst landshöfðingja hefir æðstu umsjón með öllum vegabótum landsins, annist um þessi kaup. Nefndin áleit óþarft, að koma með þingsályktunartillögu um þetta, en að það væri nægilegt, að beina þessari tillögu yfirskoðunarmannanna til hæstv. landshöfðingja og fá að heyra undirtektir hans undir hana.

Þá skal eg minnast á 25. grein í nefndarálitinu um viðhald skálans á Þingvöllum. — Yfirskoðunarmennirnir hafa gert athugasemd um það, að það vanti tryggingu fyrir því, að skálanum verði haldið við framvegis. Eins og menn muna, þá var það gert að skilyrði fyrir styrkveitingu til skálabyggingarinnar frá þingsins hálfu í fjárlögunum fyrir árin 1898 og 1899, að sett væri trygging fyrir viðhaldi og hirðing hússins.

Eins og kunnugt er, þá er skálinn eign hlutafélags, eins og í 14. gr. laga hlutafélagsins er það ákveðið, að af hreinum ágóða, sem fæst fyrir eignir félagsins ár hvert, skuli leggja helminginn í sparisjóð Reykjavíkur, unz öðru vísi verði löglega ákveðið, og skuli þeim helming að eins varið til viðhalds á húsum og húsmunum félagsins, eða til að stækka þau eða breyta þeim, ef þörf gerist

Jafnvel þótt nefndin álíti, að sú trygging, sem felst í þessari grein, sé ef til vill ekki alls kostar fullnægjandi, þar sem óvíst er um ágóðann, hve mikill hann kann að verða eða jafnvel hvort hann verður nokkur eða enginn,

þá álítur hún þó á hinn bóginn, að ekki sé full ástæða til, að gera frekara í þessu að sinni, en að hlutast til um, að félagið geti ekki breytt ákvæðum þessarar greinar nema með samþykki landshöfðingja.

Eg vildi gjarnan heyra undirtektir hæstv. landsh. um, hvort hann vildi ekki eiga hlut að því, að fá lögum félagsins breytt í þessa átt.

Landshöfðingi: Það voru tvö atriði, sem hinn háttv. framsm. (Ól. Br.) veik til mín viðvíkjandi landsreikningunum fyrir 1898 og 1899, hið fyrra um það, að nefndinni og yfirskoðunarmönnum landsreikninganna þætti eðlilegt, að láta verkfræðing landsins annast um kaup á verkfærum til vegagjörða, og hafa yfirumsjón með þeim. Sams konar tillaga kom frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna á síðasta þingi, og var henni beint til mín af landsreikninganefndinni, og lofaði eg þá, að tillaga þessi skyldi verða tekin til greina, og henni fylgt framvegis. En þar sem landsreikningur sá, sem hér liggur fyrir, nær yfir árin 1898 og 1899, en ákvörðun þessi var fyrst gerð á þinginu 1899, er eðlilegt, að framkvæmdir hennar komi ekki fram hvað þessa reikninga snertir. En frá því í ársbyrjun 1900 hefir vegfræðingur landsstjórnarinnar haft alla umsjón með verkfærunum á hendi, og keypt öll verkfæri, sem til vegagjörða hefir þurft, og það má reiða sig á, að því mun verða haldið áfram framvegis.

Hitt atriðið, sem háttv. framsm. (Ól. Br.) beindi til mín, var um það, að landsstjórnin hlutaðist til um það við stjórn hins svo nefnda Skálafélags, sem á gistihúsið Valhöll á Þingvelli, að það gengi að því, að breyta ekki grein þeirri í lögum félagsins, er ræðir um viðhald gistihússins, án samþykkis landsstjórnarinnar, og geri eg ráð fyrir, að stjórn Skálafélagsins mundi fús til að breyta 14. gr. í lögum sínum í þessa átt.

Eg skal nota tækifærið til þess að þakka nefndinni fyrir, hve liðlega hún hefir tekið í málið, bæði samþykt sjálfra landsreikninganna, og sömuleiðis tjáraukalög þau, sem standa í sambandi við þá fyrir þau ár, sem hér er um að ræða.

Hannes Þorsteinsson: Með því að eg er einn þeirra manna, sem eru í stjórn Skálafélagsins, og því kunnugt um lög þess, skal eg geta þess, að þegar þau voru samin, var farið til landsstjórnarinnar og hún spurð, hvort hún léti sér ekki nægja þau ákvæði, sem sett voru í 14. gr. félagslaganna um viðhald gistiskálans, að til þess gengi helmingur af hreinum ágóða félagsins, og var landsstjórnin því samþykk. Jafnframt vil eg geta þess, að eg álít, að félagið muni verða fúst til, að setja ákvæði í lögin í þá átt, að greininni um viðhald gistiskálans verði ekki breytt án samþykkis landshöfðingja. Hins vegar var félagið þeirrar skoðunar, þegar það var stofnað, að það gæti ekki átt á hættu, að taka að sér viðhald gistihússins, með því að rent var blint í sjóinn um, hvort fyrirtækið mundi geta borið sig eða ekki, en nú hefir það sýnt sig, að töluverður hreinn ágóði hefir orðið árlega, og líkindi til, að ekki muni ganga ver eftirleiðis, svo að trygging sú, er landsstjórnin hefir fengið frá félagsins hálfu, að því er viðhaldskostnaðinn snertir, virðist að öllu leyti fullnægjandi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 31. júlí (C bls. 61, nefndarálit bls. 389 og 393).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það eru að eins litlar breytingar, sem

nefndin hefir lagt til að gerðar væru á frumv., og er ekkert um þær að segja umfram það, sem stendur í nefndarálitinu. En þó eru það tvö atriði, sem nefndin ekki hefir gert breytingar á, en sem þarf að athuga sérstaklega.

Það er þá fyrst viðvíkjandi tölulið 2 í nefndarálitinu; þar stendur, að tveir settir læknar, í 15. og 5. læknishéraði, sem báðir gegna jafnframt aukalæknissýslan, hafi fengið útborgaðar úr landssjóði sá fyrri 187,50 kr. 1898, og 75 kr. 1899, hinn síðari 125 kr. Eg gat þess við 1. umr., að um þetta atriði væri ágreiningur, er stafaði af mismunandi skilningi á 4. gr. laga um laun íslenzkra embættismanna frá 15. okt. 1875; þar segir svo, að þegar embættismaður eða sýslunarmaður er settur til að gegna öðru embætti eða sýslan ásamt sínu eigin, þá skuli hann halda launum sínum, og hafa auk þess alt að $^1/_2$ launa þess embættis, sem hann er settur til að gegna. Þessa reglu hafa yfirskoðunarmenn landsreikninganna og nefndin aðhylst, og álitið eðlilegast að heimfæra upp á aukalækna, þannig, að þegar aukalæknir væri settur til að gegna öðru embætti, eigi hann að hafa öll aukalæknislaunin og $^1/_2$ laun þess embættis, sem hann er settur til að gegna. En í þess stað hafa þessir 2 aukalæknar fengið öll héraðslæknislaunin og $^1/_2$ aukalæknislaunin. Hæstv. lh. hefir tekið það fram í svari sínu, að aukakvaðir hafi verið lagðar á þessa menn, sérstaklega þar sem þeim var gert að skyldu að færa bústað sinn, og hafi þeim því meðfram verið borgað svona af sanngirnisástæðu, og ennfremur hefir hann lagt þann skilning í 4. gr. laganna, að hana beri ekki að heimfæra upp á aukalækna, af því að þeir séu hvorki embættismenn né sýslunarmenn, heldur séu þeir að eins praktíserandi læknar með styrk úr landssjóði. Jafnvel þó nefndin gæti ekki fallist á þennan skilning, þá álítur hún, að eftir atvikum megi við svo búið standa, með sérstöku tilliti til þess, að aukalæknar eru nú úr sögunni, og því hefir hún lagt til, að þetta væri samþ., en jafnframt lagt það til, að liðurinn væri borinn sérstaklega undir atkvæði, til þess að það sjáist glögglega, hvort háttv. deild vilji aðhyllast tillögu nefndarinnar.

Hitt atriðið er viðvíkjandi 3. lið nefndarálitsins, sem snertir gjaldlið 6 A í samþyktarlagafrumv.: útgjöld í þarfir andlegu stéttarinnar. Í þeirri upphæð eru fólgnar 300 kr., sem Útskálaprestakalli hafa verið lagðar af fé því, sem ætlað var fátækum brauðöm. Eins og nefndarálið ber með sér, er 150 kr. umframgreiðsla á þessum gjaldlið. Það verður nefndin að álíta ástæðulaust, af því að þessi upphæð var fullkomlega einskorðuð í fjárlögunum; en þó leggur nefndin ekki aðaláherzluna á það, heldur hitt, að það er svo fjarri því, að Útskálabrauð megi heimfæra til fátækra brauða, að það jafnvel er 4. tekjumesta brauð á landinu fyrir utan Reykjavík, metið 2290 kr. 54 a. Nefndinni gat ekki blandast hugur um, að því fé, sem þessu prestakalli hefir verið veitt af fjárveitingunni til uppbótar fátækum brauðum, hefir verið varið öðruvísi en rétt hefði verið, og hún var í vafa um, hvort hún ætti að lækka þennan lið, sem hefði haft þá afleiðingu, að hlutaðeigandi hefði orðið að endurborga upphæðina, en samt sem áður hefir hún ekki gert það að tillögu sinni, með sérstöku tilliti til þess, að hún áleit, að sú eftirtekt, sem þessi fjárveiting hefir vakið, sé næg til þess að hindra slíkar í framtíðinni.

ATKV.GR.: 1.—11. liður tekjumegin samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 1 þgskj. 220 við 12. lið sþ. í einu hlj.

13.—22. liður samþ. með 21 atkv.

1.—3. gr. gjaldamegin samþ. með 21 atkv.

4. gr. gjaldamegin sþ. með 17 atkv.

5. gr. gjaldamegin samþ. í einu hlj.

6. gr. a. gjaldamegin samþ. með 15 atkv.

6. gr. b. og c. gjaldamegin sþ. með 18 atkv.

7.—12. gr. gjaldamegin sþ. með 21 atkv.

4. lína á eftir 12. gr. sþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 448, brt. bls. 452, 454).

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Þessar breyttill. við frumv., sem nú liggja fyrir, snerta 2 atriði, sem eg mintist á við 2. umræðu. Brt. á þgskj. 277 gengur út á að lækka liðinn II 4 í frumv. eða með öðrum orðum útgjöldin við læknaskipunina um 387 kr. 50 a. Þessi upphæð hefir verið útborguð settum læknum í 5. og 15. læknishéraði, og er ágreiningur um, hvort það hefir verið full heimild til þess. Þessi vafi kemur til af því, að óvíst þykir, hvort rétt sé að heimfæra 4. gr. laga um laun íslenzkra embættismanna frá 15. okt. 1875 til aukalækna.

Ástæðan til þess, að nefndin lagði það til, að deildin samþykti þessa útborgun, var í fyrsta lagi vafinn um réttan skilning á lögunum, sem eg nefndi. Það gæti risið mál með tvísýnum árangri út af því, ef þingið samþykti ekki þessa fjárveitingu. Í öðru lagi er það, að hvað sem skilningnum á lögunum líður, mælir sanngirnin með því, að samþykki sé veitt, þar sem sú kvöð var lögð á aukalæknana, að flytja bú stað sinn, eða að öðrum kosti að reikna ferðakostnað eins og þeir væru búsettir innanhéraðs. I þriðja lagi hefir þetta enga þýðingu fyrir eftirtíðina, þar eð aukalæknarnir eru úr sögunni og þetta þar af leiðandi ekki getur komið fyrir oftar.

Eg skal taka það fram, að nefndinni þótti vænt um, að þessi brt. komu fram, til þess að deildin við atkvæðagreiðsluna geti skýrt sýnt, hvort hún vill samþ. þessa útborgun; en nefndin mun þó halda fast við sína tillögu, af þeim ástæðum, er eg þegar hefi tilgreint.

Sama verð eg að segja fyrir nefndarinnar hönd viðvíkjandi brt. á þgskj. 271 og 272, er ganga út á að lækka gjaldlið 6 A um 300 kr., eða að minsta kosti um 150 kr., fyrir þá sök, að í þessum gjaldlið, í þarfir andlegu stéttarinnar, eru fólgnar 300 kr., er Útskálaprestakalli hafa verið lagðar af fénu til uppbótar fátækum brauðum, þar af 150 kr. umfram fjárveitingu, að þótt þar geti um engan vafa verið að ræða, og nefndin hljóti að álíta, að umræddum 300 kr. hafi verið varið gagnstætt tilætlun fjárveitingarinnar, þá vildi hún samt ekki gera það að sinni tillögu, að þessi liður væri feldur, sökum þess fyrst og fremst, að hér er ekki um mikla upphæð að ræða, og í öðru lagi áleit nefndin, að aðaltilganginum yrði náð, ef landshöfðingi lýsti því yfir, að ekki væri hætt við slíkum ráðstöfunum framvegis.

Björn Bjarnarson, þm. Bf: Háttv. framsm. nefndarinnar hefir talað ítarlega um breytingartill. þær, sem hér liggja fyrir, og að nokkru leyti get eg felt mig við það, sem hann sagði um fyrra atriðið. En því vil eg halda fram, að ekki sé rétt að samþykkja þannig vaxnar fjárveitingar í landsreikningum, heldur með aukafjárveit-

ingu, ef á annað borð er ástæða til að veita það. Hvað viðvíkur að öðru leyti þessum útborgunum til aukalækna, þá virðist ekki alt af vera fylgt sömu reglu í því efni, og skal eg t. d. nefna Blönduóshérað — þar virðist gagnstæðri reglu hafa verið fylgt við það, sem átti sér stað í þeim héruðum, sem hér er um að ræða. Sé reglan réttmæt í fyrra tilfellinu, þá ætti hún að vera það í báðum, og þetta styrkti oss flutningsm. brt. á þgskj. 277, til að koma fram með hana, svo að deildin gæti skorið úr því með atkvæðagreiðslu, hvort hún vill viðurkenna þannig lagaðar fjárveitingar. Skal eg svo ekki fjölyrða meir um þessa brt., en snúa mér að brt. á þgskj. 271, sem er aðaltill., og brt. á þgskj. 272, sem er varatill. Hér er talsvert öðru máli að gegna, þar sem farið hefir verið út fyrir lagaákvæði og einu af tekjumesta brauði landsins veitt það fé, sem ætlað var fátækum brauðum sem bráðabirgðauppbót. Það hefir verið fært sem ástæða fyrir fjárveiting þessari, að álag á prestssetrið hafi ekki verið fáanlegt; en hér liggja ekki fyrir nein skjöl, er sýni, að það hafi verið reynt að fá það hjá þeim presti, sem brauðið var tekið út af. Eg veit ekki betur — þó eg fullyrði það ekki sem vissu — en heimtuð væri ábyrgð 2 manna til þess að presturinn mætti ganga laus, meðan á málinu stæði, og til tryggingar því, að hann ekki misbrúkaði það frelsi; en eg hefi hvergi rekið mig á, að reynt hafi verið að koma fram ábyrgð á hendur þeim fyrir það, sem hið opinbera hefir tapað við burthvarf hans.

Hér liggur ekkert annað fyrir en bréf biskups, þar sem hann segir að hlutaðeigandi prestur hafi tjáð, að sér væri ómögulegt að greiða þessar 224 kr. 30 a., er vantaði upp á álagið — »og mun það satt vera«, segir biskup. Þó prestur ekki gæti borgað það — var þá enginn vegur til að ná því annarstaðar? Um það er engin skýrsla né heldur úrskurður um, að landssjóður sé skyldugur til að borga það.

Það eru því þrjár aðalástæður fyrir því, að samþykkja ekki þessa fjárveitingu; í fyrsta lagi hefir verið veitt einu af tekjumestu brauðum landsins það fé, sem átti að verja í þarfir fátækra brauða; í 2. lagi er það ósannað, að ekki hafi mátt fá álagið útborgað hjá prestinum eða öðrum; og í 3. lagi liggur ekki fyrir úrskurður um það, að landssjóður sé skyldur að borga, auk þess sem fjárveitingin er 75 kr. 70 a. hærri en álagsvöntunin.

Brt. er í tvennu lagi. Brt. á þgskj. 271, sem fer fram á, að fella burt alla upphæðina, 300 kr., er aðaltillaga, og finst mér auðvitað rétt, að samþykkja hana; en varatill. á þgskj. 272 finst mér undir öllum kringumstæðum sjálfsagt að samþykja, því hún fer að eins fram á að fella burt helminginn af upphæðinni, eða það, sem veitt hefir verið til brauða umfram fjárveiting í fjárlögunum.

Ladshöfðingi: Að því er snertir brt. þessara 6 þingmanna get eg skírskotað til þess, sem háttv. framsm. sagði. Viðvíkjandi brt. á þgskj. 277 um niðurfærslu á útborgun til læknastéttarinnar tók hann svo vel fram alt, sem mælir með því, að þessi liður frumv. sé látinn halda sér óbreyttur, að það er óþarfi fyrir mig að bæta við það. Þeirri reglu hefir alt af verið fylgt, að láta aukalækna fá full héraðslæknis laun og hálf aukalæknalaun, vegna þess, að stjórnin hefir litið svo á, sem þeir væru hvorki embættismenn né sýslunarmenn, heldur að eins praktiserandi læknar með styrk úr lands-

sjóði, og þess vegna hefir hún álitið, að ekki væri hægt að heimfæra 4. gr. í lögum frá 17. okt. 1875 upp á þá, og auk þess er það erfitt, að fá aukalækna til að taka þetta starf að sér, nema með þessum kjörum, þar eð þeir ýmist verða að flytja sig, eða láta sér lynda að fá ferðakostnað borgaðan eins og þeir væru búsettir í héraðinu. Það væri því ekki sangjarnt, ef háttv. deild ekki vildi samþykkja þetta, þar sem það hefir alt af við gengist óátalið, og auk þess gæti verið óþægilegt fyrir hlutaðeigandi lækna, sem auðvitað fyrir löngu eru búnir að brúka þetta fé, að verða nú skyldaðir til að borga það aftur.

Að því er snertir niðurfærsluna til andlegu stéttarinnar, þá liggja 2 brt. fyrir um það, og er í aðaltill. á þgskj. 271 farið fram á, að fella 300 kr. styrk, sem veittur var til að gera við prestssetrið á Útskálum. Þeim, sem draga það í efa, að álag síra Bjarna Þórarinssonar hafi ekki getað fengist, skal eg vísa til bréfs biskups, sem prentað er í landsreikningnum. Eigur síra Bjarna höfðu nefnilega verið kyrsettar upp í sakamálskostnað, og fengust fyrir þær einar 20—30 kr., og þarf því ekki að taka fram, að ekkert var til upp í álagið. Biskupi hefir láðst að geta þess, að enginn prestur fekst til að þjóna brauðinu. Í fyrstunni var reynt að láta nágrannaprestana þjóna brauðinu, en það reyndist ómögulegt; Kálfatjarnarpresturinn hafði nóg að gera heima í sínu prestakalli, og það lá mjög illa við fyrir prestinn í Grindavík, að þjóna suðurpartinum. Biskup áleit því nauðsynlegt, að fá sérstakan prest til að þjóna brauðinu, en enginn vildi taka það að sér, nema gert yrði við staðarhúsin. Það er satt, að á pappírnum er þetta brauð eitt af tekjumestu brauðum; en ekki virðist það vera mjög eftirsótt, því seinast, þegar það var veitt, var enginn umsækjandi nema þessi eini prestur, sem fekk það.

Eg var á biskups máli um það, að nauðsynlegt væri að fá prest til að þjóna brauðinu og veitti því samþykki mitt til, að þessum 300 kr. væri varið til þess að gera við staðarhúsin, og eg er enn á þeirri skoðun, að þessu fé hafi verið vel varið.

Að því er aukatill. á þgskj. 272 snertir, þá byggir hún á því, að brúkað hafi verið meira fé en veitt var til fátækra brauða árið 1899. En þetta er misskilningur. Fjárveitingin er veitt fyrir fjárhagsár, en kemur til útborgunar eftir fardagaárum. Til þess að hér geti verið um nokkra umframgreiðslu að ræða, þarf að hafa verið útbýtt meira fé en fjárlögin veittu, en það hefir aldrei komið fyrir. Eg álít því ekki rétt, að samþykja þessa brt. á þgskj. 272, og vil því leggja það til, að háttv. deild felli hana.

ATKVGR.: Breyttill. á þgskj. 277 feld með 15:5 atv.

Breyttill. á þgskj. 271 feld með 14:5 atkv.

Breyttill. á þgskj. 272 feld með 15:4 atkv.

Frumv. samþ. óbreytt með 19 atkv.

Málið afgreitt til Ed.

Fjáraukalög 1898—1899.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1898—1899 (C bls. 59); 1. umr., 3. júlí.

ATKVGR.: Málinu vísað til landsreikninganefndar og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 29. júlí (C bls. 59, nefndarálit bls. 393).

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Þær fjárveitingar, sem stjórnin fer fram á

að veittar séu í fjáraukalögum 1898—1899, nema alls 32,283 kr. 46 a. Þessi upphæð sýnist vera nokkuð mikil, en þegar gætt er að, þá sér maður, að meira en helmingur hennar hefir gengið til samgöngubóta, sem sé til útgjalda við póstssjórnina 14015 kr. 26 a., til vegabóta 2235 kr. 46 a. og til vita 1663 kr. 87 a. Það kemur fram við nánari athugun, að hin auknu útgjöld, sem farið er fram á að veita, stafa sumpart af því, að áætlanir þær, sem gerðar hafa verið við undirbúning fjárlaganna, hafa reynst of lágar, og sumpart af því, að nauðsynlegum endurbótum, einkanlega á vitunum, hefir ekki mátt fresta.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 31. júlí (C bls. 59, nefndarálit bls. 393).

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Viðvíkjandi einstökum greinum þessa frv. skal eg að eins taka fram: fyrst viðvíkjandi 2. gr., umframbrúkun til vitans á Reykjanesi 1283 kr. 24 a. Hún stafar sumpart af því, að flutningskostnaður á vitafærum frá Reykjavík að Reykjanesi hefir reynst meiri en áætlað var; og sumpart af því, að það varð að gera við lending og hús vitans, sem skemdist við jarðskjálfta. Sama má að nokkuru leyti segja með vitann á Skagatá. Þar varð líka meiri flutningskostnaður en áætlað var. Auk þess þurfti viðgerð til að verja vitann fyrir sjóróti.

Viðvíkjandi 3. gr., útgjöldum til holdsveikraspítalans, þá er þar, eins og menn sjá, afarmikil umframbrúkun, rúmlega hálft tólfta þúsund krónur. Þessi umframbrúkun stafar af því, að kol hafa verið mikið dýrari en áætlað var, sumpart fyrir verðhækkun og sumpart fyrir það, að húsið hefir reynst kolafrekara en ráð var gert fyrir, og stafar það sérstaklega af óhentugu fyrirkomulagi á upphitun hússins, og meðfram af því, að bygging hússins hefir ekki reynst eins vönduð og búast hefði mátt við. En það er ekki eingöngu í ettu, heldur hefir nefndin komist að raun um, að innkaupum til spítalans hefir ekki í öllu verið hagað eins hyggilega og æskilegt hefði verið. Nefndin getur ekki betur séð en að þegar innkaup eru gerð til spítalans, þá sé stundum keypt við því verði, sem fyrst er í boði. Það sýnist þó liggja í augum uppi, þegar jafnmikil umsetning er og við holdsveikraspítalann, þá muni vera auðvelt að fá vörur með betra verði. Eg skal taka til dæmis fínna brauð en rúgbrauð, bollur, franskbrauð og sigtibrauð; umsetningin á því er 150 kr. á mánuði eða 1800 kr. á ári, og það verður ekki betur séð en að það sé keypt með vanaverði í brauðgerðarhúsunum. Líkt er að segja um verzlunarreikningana, að nefndin hefir ekki getað betur séð en á sumum vörum væri sama verð og búðarverð gjörist, og enginn frekari afsláttur heldur en margir aðrir fá, sem verzla móti vörum og jafnvel upp á lán. Þetta sýnist liggja svo ljóst fyrir, að spítalastjórnin ætti að hafa það í huga, að fá allar vörur með sem beztu verði, og beinasti vegurinn til þess sýnist vera sá, að gera sem nákvæmasta áætlun fyrirfram um það, hvað þyrfti að kaupa til spítalans, og leita svo fyrir sér hjá kaupmönnum um lægst tilboð. Eg ætla ekki að fara frekara út í þetta að þessu sinni, því það verður máske tækifæri til að minnast á það síðar.

Viðvíkjandi 4. gr. er þess að geta, að umframbrúkunin til póststjórnarinnar nemur 14015 kr. 26 a. En í sambandi við það vil eg taka það fram, að tekjur af póstferðum hafa aukist

p

um 12414 kr. 33 a., svo að umframbrúkunin í heild sinni er ekki nema 1600 kr. 93 a.

Sérstaklega stingur í augun, að liðurinn fyrir prentun er að upphæð 2140 kr. 64; en eg vil geta þess, að þar af er fyrir tilbúning nýrra frímerkja 2096 kr. 24 a., sem er alveg sérstaklegs eðlis. Í þessari grein frumv. stendur »til þjóðvega«, en á að vera »til flutningabrauta«. Það er prentvilla, sem þarf að leiðrétta. Í þeim lið er umframbrúkunin 935 kr. 46 a. En í sambandi við við það vil eg geta þess, að bæði á fjallvegum og þjóðvegum er talsverður sparnaður, 1505 kr. 89 a. til þjóðveganna og 2656 kr. 41 eyrir til fjallveganna.

Um útgjöld til stýrimannaskólans er að eins þess að geta, að upphæðin til áhaldakaupa hefir aukist, aðallega fyrir það, að aðsóknin að skólanum hefir orðið miklu meiri en búist var við, það er að segja 80 lærisveinar, og þar af leiðandi varð að smíða borð og bekki.

Um 6. gr. »til óvissra útgjalda« er ekkert að segja. Það er að eins áætluð upphæð, 3000 kr., fyrir fjárhagstímabilið, sem þess vegna er eðlilegt að geti reynst ónóg, þegar svo ber undir.

Þórður J. Thoroddsen: Það var að eins í framhaldi af ræðu h. framsm. (O. Br.) út af orðum hans um umframveitingu til holdsveikraspítalans, sem eg ætla að tala fáein orð.

Hann gat þess, eins og satt var, að nefndinnni þætti leiðinleg þessi auka fjárveiting til þessarar stofnunar, af því að hún er svo gífurleg að nefndarinnar áliti. En við því verður ekki gjört; það verður náttúrlega að veita þetta fé; en nefndinni þótti samt við eiga að nefna þetta, ef ske kynni að umræðurnar um það mál hefðu þau áhrif, að slík aukafjárveiting, svo gífurleg, kæmi ekki fyrir aftur. H. framsm. gat um ýmislegt, sem nefndin hefði að að athuga við reikninga holdsveikraspítalans, sem hún hefir kynt sér; en hann tók ekki nema nokkurn part af því, sem mér finst þurfa að átelja.

Menn geta ef til vill ætlað, að þegar svo mikið er brúkað til holdsveikraspítalans, þá mundi það vera af því, að það væru gerð innkaup á öllum helztu nauðsynjum til spítalans á haustin eða sumrin, og spítalinn væri þess vegna vel búinn undir veturinn að nauðsynjavörum. Ef svo væri, þá væri þessi mikla brúkun bara »tilsyneladende«; en því er ekki að heilsa; því það er haft það lag, sem þykir ekki gott búskaparlag í sveitum, að alt er tekið undir hendinni, og afleiðingin af því er sú, að við nýár, þegar gert er upp, þá er það, sem á ársreikningunum stendur, alt saman brúkað og upp etið; og má segja, að holdsveikraspítalinn, eftir þeim skjölum og reikningum, sem nú fyrir liggja, sé alveg bjargarlaus. Eg kalla hann bjargarlausan, þó hann eigi af feitmeti 75 pd. handa 80 manns, það eru reyndar 75 pd. af smjöri og 20 pd. af tólg; og svona er hvað eftir öðru. Það er nefnilega ekkert til, nema dálítið af kolum og steinolíu og rúgmjöli og svolítið af saltkjöti; en hitt, sem til er af matartægi, er ekki teljandi. Það getur vel verið, að það sé heppileg ráðstöfun, eftir því sem á stendur, að taka alt undir hendinni; en eg ímynda mér kannske, að það mætti fá betri kjör hjá kaupmönnum, svo framarlega sem það væri tekið í einu í stærri skömtum; og svo er líka hitt, að sendiferðir dag eftir dag auka nokkuð kostnað, þegar alt er tekið svoleiðis smátt og smátt, og mundi verða kostnaðarminna, að gera einn eða tvo eldhúsdaga að því, að flytja ársþarfir til spítalans á haustin eða sumrin.

Því verður ekki neitað, að matvæli

þau, sem hafa verið keypt til spítalans, eru ekki með sem lökustu verði, enda þótt ef til vill mætti fá þau ódýrari. En það sem eg sérstaklega vildi taka fram, er, að það er ekki einungis matarverðinu að kenna, þessi mikla umframbrúkun. Það er margt annað, sem holdsveikraspítalinn þarf að brúka, heldur en matur; því af öllum kostnaði við spítalann er ekki nema þriðji parturinn, sem í magann fer, eða til viðurværis sjúklingum og starfsmönnum við spítalann. Hitt eru ýms önnur útgjöld: laun starfsmanna, viðgerð á húsinu, klæðnaður, ljós og eldiviður og annað því um líkt. Og eftir því sem og hefi komist næst við að ganga í gegnum reikningana, þá er það mest ráðlausleg brúkun á fé í þessar þarfir, sem gerir spítalann kostnaðarmeiri heldur en hann ætti að vera.

Eg vil t. d. nefna launin til hinna lægri starfsmanna spítalans. Okkur virðast þau vera nokkuð há. Hverjum vinnumannanna eru ætlaðar 200 kr. í kaup, og er það í hæsta lagi, eftir því, sem hér gerist, og skil eg ekki annað en að hægt væri að fá vinnumenn fyrir minna, sérstaklega þar sem þeir eru svo margir; þeir eru 3 þetta ár, og getur þeim því varla verið ofboðið.

Reyndar lítur nú ekki út fyrir að þeir hafi mikinn tíma afgangs, þar sem enginn þeirra hefir haft tíma til, að standa yfir kolavigtinni, þegar kolin voru flutt til spítalans, svo að orðið hefir að kaupa mann til þess fyrir 12 kr. Eg nefni þetta sem dæmi, því þótt það sé ekki mikil upphæð, sýnir það þó, að ekki er séð í smávegis útgjöld. Þvottakonurnar hafa fengið 90 kr. og 120 kr. í kaup á ári. Eldabuskurnar, sem víðast annarstaðar á landinu fá ekki hátt kaup, fá í holdsveikraspítalanum 80 kr. í kaup. Út yfir tekur þó, að stúlkur, sem dvelja á spítalanum til að læra hjúkrunaraðferðir, fá líka kaup 40 kr. á ári, auk fæðis. (*Valtýr Guðmundsson:* Nú er sótt um, að hækka kaupið upp í 90 kr.). Eg hefi ekki vanist því, að þeir, sem hafi komið sér fyrir í læri einhversstaðar, hafi fengið kaup fyrsta árið, enda virðist nóg, að þeir hafi fæði og húsnæði. Enn eitt dæmi þess, að ekki er verið að sjá í krónurnar, er það, að þótt í spítalanum séu 10 vinnandi kvenmenn, hefir enginn þeirra haft tíma til að gera vinnumönnunum skó eða þjóna þeim. Að vísu er þetta stórt heimili og mikið að gera, en mér finst þetta þó hálf-óviðkunnanlegt. Þó að á spítalanum séu 2 ræstingarkonur og 2 þvottakonur, þarf þó að kaupa ræstingu og þvott fyrir 10—20 kr. á mánuði sem aukastörf. Það getur vel verið, að þörf sé á þessu, en eg vil benda á þetta hér til þess, að hægt sé, að gá betur að, hvort þeir, sem fyrir eru, gætu ekki lagt það meira á sig, að ekki þyrfti að kaupa þetta út.

Yfir höfuð ber alt með sér, að ekki er haft það eftirlit né stjórnað með þeirri ráðdeild og hagsýni, sem æskilegt væri. Eg nefndi það áðan, að kostur hefði ekki verið svo dýr að tiltölu, enda þótt hann sé dýrari en tíðkast í sams konar stofnunum í Noregi, og gat eg þess, að spítalastjórnin hefði gert sér far um, að fá mat ódýrari en fyrir vanalegt verð. Ein tegund er það sem ekki hefir verið neytt sparnaðar við, og það er klæðnaður. Reyndar þarf nú ekki mikið til klæðnaðar handa þessu fólki; en það, sem keypt hefir verið, hefir verið tekið hjá kaupmanni einum hér í Reykjavík með 6% afslætti. En mér er kunnugt, að sé mikið tekið af þess háttar kramvöru, má fá 20% afslátt. Að vísu er það að eins 600 kr., sem varið hefir verið til klæðn-

aðar, en margt smátt gerir eitt stórt. Enn eitt atriði skal eg nefna, sem eg rak mig á við að ganga gegnum reikningana. Eg veit ekki betur en að í spítalanum sé dálítil lyfjabúð; þegar ákveðið var að hafa hana þar, var meiningin sú, að hægt væri að setja saman öll hin einföldu meðul í spítalanum, svo að ekki þyrfti að borga apótekara fyrir það. En þetta hefir ekki verið gert, heldur hafa meðul verið keypt samsett í apótekinu, og munar það miklu. Og að því, er meðulin snertir, finst mér ekki hafa verið gengið eftir þeim afslætti, sem mætti fá. Apótekarinn hefir gefið 15% afslátt, en mér er kunnugt, að hann gefur læknum út um land 35% afslátt.

Nefndinni þótti nauðsynlegt, að láta þetta koma fram til þess, að vekja stjórn spítalans og aðra þá, sem um þetta eiga að fjalla, til eftirtektar á þessu, ef hægt væri að ráða bót á því að einhverju leyti.

Landshöfðingi: Eg ætla að leyfa mér, út af orðum h. framsm. og h. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.), að geta þess í almennum orðum, að menn verða að muna eftir því, þegar verið er að ræða um umframgreiðslu til þessa spítala, að hann er stofnaður með lögum 4. febr. 1898, og þess vegna var ekkert óskiljanlegt, þó áætlun sú, sem gerð var um útgjöld hans 1898—99, væri ekki svo réttilega ákveðin, að fjárveitingin gæti staðið heima. Það ber ekki að taka hart á því, þótt áætlun sú, sem gerð var árið 1897 fyrir árin 1898—99, reyndist ekki nákvæm; það var meir að segja gert ráð fyrir, að áætlunin hlyti að vera að nokkuru leyti út í bláinn, þar sem engin reynsla var til að byggja hana á, og því er ekki sanngjarnt, að kasta steini á stjórn spítalans. Ef það reyndist, að fé það, sem ætlað er spítalanum á fjárhagstímabilinu 1900—01, ekki væri nægilegt, þá skal eg játa, að það væri ástæða til að finna að því; en eg hefi vissa von um, að mikil umframgreiðsla muni ekki koma fyrir á því tímabili sem nú stendur yfir. Það er rétt af nefndinni, sem fjallað hefir um málið, að taka það fram, sem henni hefir þótt ábótavant, og hún á lof skilið fyrir að hafa rannsakað þetta eins nákvæmlega eins og sjá má af umræðunum og nefndarálitinu, að hún hefir gert, og eg efast ekki um, að spítalalæknirinn muni kynna sér umræðurnar og taka tillit til þess, sem fram hefir komið í þeim, eftir því sem honum er ítrast mögulegt, og eg er viss um, að ef hann væri hér, og hefði tækifæri til þess að skýra frá ástæðunum til þessa, sem fundið hefir verið að, þá mundu þær reynast fullnægjandi.

Sumt af því, sem h. 1. þm. K.-R. (Þ. J. Th.) hélt fram, var ekki á fullum rökum bygt. Þar sem hann talaði um, að svo lítið af matvælum hefði verið til í spítalanum á nýári, þá kemur það ekki til af því, að nauðsynjar spítalans séu keyptar í smáskömtum, heldur er orsökin sú, að þó raunar sé samið við þann og þann kaupmann um að láta í té svo mikið, sem spítalinn þarfnast af hinum og þessum vörutegundum, þá eru þær ekki látnar úti allar í einu, heldur teknar smátt og smátt, af því að það þótti hentugast. Það er það sama sem á sér stað t. a. m. við olíukaup latínuskólans; öll sú steinolía, sem þar er brúkuð, er keypt á haustin; en ef rannsakað væri um nýár, hve mikið hann ætti fyrirliggjandi, þá mundu það reynast að eins fáir pottar; olían er látin úti smátt og smátt, en fyrir sama verð eins og ef hún væri tekin öll í einu. — Eg verð að ætla, að þeir, sem stjórna spítalanum, reyni að gæta hagsmuna spítalans og viðhafa

þann sparnað, sem þeim er unt, og eg vona að það mundi sýna sig, ef þeir menn, sem aðfinningunum er beint að, væru hér og hefðu málfrelsi, þá mundu þeir geta sýnt fram á, að aðfinningarnar eru ekki fullkomlega á rökum bygðar. En eg tek það fram, að það mun verða tekið tillit til þess, sem hér hefir komið fram undir umræðunum, og eg fyrir mitt leyti skal benda hlutaðeigendum á það, sem fram hefir verið tekið hér, og veit eg, að þeir hafa fullan vilja á að bæta úr því, enda mun þeim veita það því hægar, sem þeir nú hafa fengið nokkura reynslu.

ATKVGR.: 2. gr. samþ. með 17 atkvæðum.

3. gr. samþ. með 15 atkv.

Brtt. á þgskj. 221 samþ. án atkv.

4. gr. með breytingum samþ. með 19 atkv.

Brtt. við 9. gr. samþ. án atkv.

9. gr. samþ. með 20 atkv.

6. gr. samþ. með 20 atkv.

Ný grein á eftir 6. gr. samþ. með 19 atkv.

1. gr. samþ. með 20 atkv.

Vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 446).

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði.

Málið afgreitt til Ed.

Fjáraukalög 1900 og 1901.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901 (C bls. 52); 1. umr., 3. júlí.

ATKV.GR.: Málinu vísað til fjárlaganefndarinnar.

Fyrstu umræðu frestað.

Framh 1. umr., 24. júlí (C bls. 52, nefndarál. bls. 354, breytingartill. bls. 337).

ATKV.GR: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 26. júlí (C bls. 52, breyt.till. landsh. 337, 369).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg hefi ekki mikið að bæta við nefndarálitið í þessu máli. — Eins og tekið er fram í nefndarálitinu hefir nefndin bætt við nokkrum tillögum um nýjar fjárveitingar, t. d. um kostnað við að byggja garð til varnar vitanum á Skagatá. — Hafði hæstv. landsh. skrifað nefndinni um þetta efni, og vakið athygli hennar á því, að nauðsynlegt væri að byggja þar garð fyrir framan vitann, því ella væri vitinn í hættu staddur. Þar hafði verið bygður garður 1898 fyrir framan vitann, en hann var ekki steinlímdur, og nokkur kafli hans hrundi í sjávargangi í janúar síðastliðnum, enda er þar brimasamt mjög og jarðvegur sendinn og gljúpur, svo landið brotnar smám saman upp, og skellur nú brimrótið á sjálfum vitanum, og álítur nefndin því, að ekki megi dragast, að tryggja vitann þegar fyrir skemdum, og leggur því til, að 2,500 kr. sé þegar veittar til að byggja steinlímdan garð fyrir framan vitann honum til varnar.

Þá hefir hæstv. landsh. lagt það til í bréfi til nefndarinnar, að bygt yrði íbúðarhús handa vitaverðinum í Gróttu, eins og á sér stað við hina aðra vita, en hingað til hefir verið ætlast til, að hann yrði sér úti um húsnæði á bænum Gróttu, sem er rétt hjá, og hefði að eins lítinn klefa handa sér, þegar hann er í sjálfum vitanum, en nú eru húsin í Gróttu fallin, og með því vitavörðurinn er fátækur, mundi honum

verða um megn, að reisa þau aftur af eigin rammleik. — Leggur því hæstv. landsh. til, að veittar verði 2000 kr. til þess, að bygt yrði hús handa honum. — Fjárlaganefndin álítur aftur á móti heppilegra, að kaupa býlið Gróttu með jarðarhúsum handa vitaverðinum. — Þar má hafa dálitla grasnyt, og með því, að bæta jarðarhúsin, mundi slíkt miklu heppilegra, en að veita vitaverðinum styrk til, að koma sér upp húsnæði, því þegar hann deyr eða flytur burtu, þá mundi landssjóður verða að kaupa húsin handa eftirmanni hans. — Nefndin hefir grenslast eftir verðinu á Gróttu, og komist að því, að býlið megi fá fyrir 1600—1800 krón. með jarðarhúsunum, en til endurbóta þeirra mundi þurfa 7—800 krónur. Nefndin leggur því til, að veittar verði alt að 2500 kr. til þess, að kaupa Gróttu og til viðgjörðar á jarðarhúsunum, er síðan verði haft til ábúðar handa vitaverðinum, og álítur hún það heppilegra úrræði en að gefa vitaverði nú fé til að koma sér upp húsnæði, sem landssjóður yrði síðan að kaupa aftur handa eftirmanni hans.

Þá hefir hæstv. landsh. lagt það til í breytingartillögunni á þingskjali 196, að veittur yrði 700 kr. utanfararstyrkur verkfróðum manni til að kynna sér skipamælingar. — Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að veittar verði 500 kr. handa verkfróðum manni til aðstoðar landsböfðingja við þessar mælingar, og í athugasemdum stjórnarinnar fyrir frumv. er gert ráð fyrir því, að þetta starf mundi mega fela forstöðumanni stýrimannaskólans; en hæstv. landsh. hefir í bréfi til nefndarinnar talið tormerki á þessu, því hann hefði ekki tíma til, að sinna þessu starfi, svo vel færi, og leggur því til, að starf þetta verði falið sérstökum manni og honum veittar 700 kr. til utanfarar í því skyni, að búa sig undir starf sitt.

Nefndin getur ekki fallist á þetta, heldur verður hún að hallast að skoðun stjórnarinnar og skrásetningarskrifstofunnar um það, að forstöðumaður stýrimannaskólans hafi öðrum fremur betri skilyrði fyrir því, að geta kynt sér þetta starf á skömmum tíma, og svo int það af hendi. — Nefndin álítur starf þetta ekki svo afar-umfangsmikið, því þó nokkuð mörg skip hafi verið keypt hér á landi á hinum síðari árum, þá er alls ekki víst, að þeim fari jafnfjölgandi að tiltölu hér eftir.

Nú er forstöðumaður stýrimannaskólans staddur erlendis, og gæti hann því fengið sér þær upplýsingar og leiðbeiningar á skrásetningar-skrifstofunni, er hann þarf með, og hefir nefndin því ætlast til, að hæstv. landsh. skrifaði forstöðumanninum og skoraði á hann, að fá leiðbeiningar í skipamælingum, og jafnframt leggur nefndin til, að forstöðumanninum sé veittur 200 króna styrkur í þessu skyni. — Það má nú reyndar segja, að það sé óvíst, að hinn núverandi forstöðumaður verði framvegis fyrir stýrimannaskólanum, þar sem hann er að eins settur í bráð til gegna sýslun þessari; en það hefir líka alls enga þýðingu, því hvort sem að hann heldur forstöðu skólans áfram eða ekki, þá hlýtur hann öðrum fremur að vera fær um, að geta á skömmum tíma numið skipamælingar og gert útreikninga þá, er þar til heyra.

Þessa breyt.till. nefndarinnar hefir hæstv. landsh. ekki viljað samþykkja, og kemur því hér með breyt.till. um, að veittar sé 700 kr. handa einhverjum öðrum manni til þess, að búa sig undir þetta starf, en nefndin getur ekki

mælt með, að sú breytingartill. verði samþykt.

Þá hefir fjárlaganefndinni borist erindi frá póstmeistaranum, þar sem hann fer fram á, að fá endurgoldnar úr landssjóði 2669 kr. 10 a., sem hann hafi greitt í þarfir póststjórnarinnar úr eigin sjóði á árunum 1897—1899 fram yfir fjárveitingar þær, er honum hafi verið veittar til þess úr landssjóði þau ár, en í þessum kostnaði er fólginn skúr, er hann hefir bygt við austurhlið pósthússins, sem hefir kostað 621 kr. 30 aura, en sem póstmeistarinn vill að landssjóður kaupi af sér. — Nefndin getur alls ekki fallist á það, að kaupa skúr þenna, en hvað snertir þá upphæð, sem þá er eftir, nefnilega 2047 kr. 20 a., þá álítur nefndin, að póstmeistarinn hafi hér alls enga réttarkröfu, þar sem hann hafi gengið að þeim launum, er embættinu fylgdu, og þar að auki furðar hún sig á, að á þetta atriði var alls ekkert minst á síðasta þingi af póstmeistarans hálfu, þá er hann sótti um og fekk aukið fé til skrifstofukostnaðar að miklum mun, en hann hefir víst ekki álitið það praktiskt, að fara fram á hvorttveggja í einu. Hæstv. landsh. hefir álitið sanngjarnt, að póstmeistarinn fái þennan kostnað að einhverju leyti endurgoldinn, og þar sem reikningar póstmeistarans sýna, að útgjöld þessi hafi verið nauðsynleg, þótt þau væri gjörð að þinginu fornspurðu, hefir nefndin lagt til, að kostnaði þessum yrði skift að helmingi milli póstmeistarans og landssjóðs, þannig, að póstmeistarinn fengi endurgoldnar 1023 kr. 90 a., og það er því komið undir háttv. deild, hvað hún álítur rétt í þessu efni.

Þá er farið fram á það í fjárlagafrumv., að veita fé til nauðsynlegrar aðgerðar á Stýrimannaskólanum. — En þar sem nefndin hefir komist að raun um, að heppilegra muni að fresta ekki þessari aðgerð, þá hefir hún álitið heppilegra, að féð væri veitt í fjáraukalögum, svo að aðgerðin gæti farið fram þegar í haust áður en skólinn byrjaði, en álítur, að til þess muni nægja 200 kr.

Þá hefir hæstv. landsh. komið með breytingartill. á þingskjali 153 um, að veittar séu 7500 kr. til brúargjörðar á Hörgá á Staðarhyl, en þar sem fé þetta hefir áður verið veitt, þótt það hafi ekki verið notað fyr, þá er ekkert um þessa fjárveiting að ræða, því hún er sjálfsögð, að eins form og ekkert annað.

Þá hefir nefndin farið fram á, að lækka fjárveitinguna til járnskápakaupa handa landfógetaembættinu og bæjarfógetaembættinu í Reykjavík um 100 kr. Nefndin álítur fjárveitingu þessa nauðsynlega, en álítur, að ekki þurfi jafnmikla upphæð og stjórnin stingur upp á í þessu skyni. Eg skal taka fram, að skápar þeir, er keyptir hafa verið handa sýslumannaembættunum, hafa kostað 200 kr. hver. Að sönnu hefir járn hækkað nokkuð í verði, en þó naumast meir en svo, að skápar fyrir 250 kr. ættu að nægja þessum embættum, enda virðist nefndinni, að sumir af þessum fyrri skápum hafi verið keyptir nokkuð dýrt, því að henni er kunnugt um, að sams konar skápar hafa verið keyptir fyrir 120 krónur. — (*Landshöfðingi*: Með fragt?). Það veit eg að sönnu ekki, en 80 krón. er svo mikill verðmunur, að fragtin mun ekki hafa numið svo miklu.

Að því er snertir fjárveitinguna til vegagjörðar, þá virðist nefndinni óheppilegt, að jafn-mikla upphæð verði að taka upp á fjáraukalög, ekki af því, að fé þessu hafi ekki verið vel varið, heldur

af því, að hún æskir eftir því, að yfirlit lægi fyrir fjárlaganefndinni á hverju þingi um allar þær vegagjörðir, er þyrfti að framkvæma á næsta fjárhagstímabili, ásamt áætlun um kostnaðinn, svo fjárlaganefndin geti dæmt um og gert tillögur um, hverjar vegabætur og vegagjörðir ættu að sitja í fyrirrúmi. — Vonar hún þess, að slíkar áætlanir verði gjörðar af vegfræðingi landsins framvegis og þær lagðar fyrir fjárl.n. ásamt fjárlagafrv.

Að því er snertir 4. gr. d. um námsstyrk til lærða skólans, þá er slíkt að eins endurveiting á fé, sem ekki hefir verið notað áður, en alls ekki nein ný fjárveiting.

Landshöfðingi: Eg get verið h. fjárlaganefnd þakklátur fyrir, hvað greiðlega hún hefir tekið í þær fjárbeiðslur, sem farið er fram á í þessu frv., og í bréf, sem eg hefi seinna skrifað h. nefnd út af póstum, sem stjórnin ekki vissi af, þegar frv. var samið. Nefndin hefir lagt það til, að allar þær fjárbeiðslur, sem komið hafa fram frá stjórninni, væru veittar, að einni einustu undantekinni. Yfir þessu hlýt eg bæði persónulega og fyrir stjórnarinnar hönd að vera mjög ánægður; og þó að nefndin hafi með nokkurum ummælum gengið inn á sumar fjárbeiðslurnar, þá álít eg það alls ekki hafa verið ástæðulaust. Eg er alveg samdóma nefndinni um það, að þessar miklu aukafjárveitingar eru mjög leiðinlegar og ættu ekki að eiga sér stað. En það er nokkuð einkennilegt með þessar fjárveitingar til vega, að það sýnist vera ómögulegt að gjöra áætlun tveim árum fyrir fram, þannig, að ekki verði farið fram á meiri vegabætur á tímabilinu. Um flutningabrautirnar er það að segja, að fjárveitingin til þeirra var sett talsvert niður á þinginu 1899, svo að það var ekki að búast við frá upphafi, að hún mundi nægja; en yfir höfuð hefir það reynst svo, að þó það hafi verið lagt ríflega í áætlun, þá hefir alt af komið svo mikið af beiðnum um vegabót þar og vegabót hér, brú hér og brú þar, sem hefir verið erfitt að synja. Það hefir alt af orðið reyndin á, að það fé, sem hefir verið sett til vara, hefir aldrei orðið nægilegt; en eg tek það upp aftur, að eg er h. nefnd fullkomlega samdóma um, að það er leiðinlegt að þurfa að grípa til þess óyndisúrræðis, að vera að fara fram á þessar aukafjárveitingu. Eg gjöri ráð fyrir að það falli í mitt hlutskifti að ráða yfir fénu, sem veitt verður til vega fyrir næsta fjárhagstímabil, og mun það því verða mitt ráð, þegar áætlun verður gjörð um það, hvernig á að verja því fé, að hafa vaðið fyrir neðan mig og brúka heldur sparnað; því eg vil heldur syndga í þá áttina en að brúka mikið meira fé en veitt er í fjárlögunum.

Að því er snertir þessa fjárbeiðslu frá stjórninni, sem nefndin vildi ekki aðhyllast nema í litlum mæli, þá get eg þrátt fyrir ummæli framsm. (V. G.) ekki séð betur, en ef á að vera nokkurt gagn í fjárveitingunni, þá megi hún til að vera eins og stjórnin hefir lagt til. Nefndin ætlast til, að forstöðumaður stýrimannaskólans taki að sér skipamælingarnar. En þar við er að athuga, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefir sjálfur sagt mér, að hann geti ekki tekið að sér þetta starf. Það var með miklum eftirgangsmunum, að eg gat fengið hann til að kynna sér vitaumsjón, svo að hann gæti orðið umsjónarmaður vita hér við Faxaflóa. — Þegar hann fór til Kaupmannahafnar var tilgangur hans með ferðinni sá, að fullkomna sig í sjómannafræði og taka þetta nýjasta próf, sem heimtað er við stýrimannaskólana í Danmörku; og hann sagði mér, að honum veitti ekki af öll-

um tímanum til þess að búa sig undir prófið og taka það, svo að hann vissi ekki, hvort hann gæti gjört nokkuð til að setja sig inn í vitaumsjón, en lofaði samt að gjöra það sem hann gæti til þess. Og hvað það starf snertir, þá hefir vitastjórnin látið það í ljósi, að hálfsmánaðardvöl á vita væri nóg til þess að setja sig inn í það starf, svo að það er augljóst, að, að því er snertir að setja sig inn í skipamælingar, sem er mjög erfitt starf, þá getur hann engan tíma fengið til þess að þessu sinni. — Og eftir því sem eg get hugsað mér, þá þarf langan tíma til að setja sig inn í það; það er mjög vandasamt, einkum að því er snertir mæling á gufuskipum, svo vandasamt, að mér hefir verið sagt, að það séu ekki nema 1 eða 2 menn í Danmörku, sem kunni til fullnustu að mæla út gufuskip. Eg er hræddur um, að ef h. d. ekki aðhyllist mína br.till. en tekur heldur uppástungu nefndarinnar, þá muni stjórnin ekki sjá sér fært að nota fé þetta. Framsm. gjörði ráð fyrir, að það mundi verða minna um skipamælingar heldur en hefir verið að undanförnu. Það er spádómur, sem eg hvorki skal rengja né heldur staðfesta. En þó það verði ekki eins mikið næsta ár, þá eru líkindi til þess að það verði bráðlega mælt talsvert mikið af gufuskipum. Háttv. þm. hafa heyrt getið um fyrirætlun um að setja hér upp mjög stóran gufuskipaflota, þar sem í ráði er að það verði keypt gufuskip fyrir fleiri miljónir króna; fengi þetta framgang, þá fengi sá maður, er skipamælingar ætti að hafa á hendi, nóg að mæla og reikna út, og mundi ekki þýða að bjóða 3—500 kr. fyrir slíkt starf.

Eg hefi svo ekki meira að segja, en óska að h. d. samþykki br.till. undir 3. tölul.

Skúli Thoroddsen: Eg vildi að eins gjöra stutta athugasemd, áður en frv. þetta gengur til 3. umr.

Mér og samþingismanni mínum hafa nýlega borist tilmæli um dálitla fjárveitingu frá mönnum nokkurum í Dýrafirði, sem við álítum bezt til fallið, að komist að í frv. þessu.

Þessari málaleitun er þannig varið, að þegar lögreglustjórinn á Ísafirði fór til Dýrafjarðar í okt. 1899 til þess að halda uppi lögregluvaldi gegn botnvörpungum, þá hafði hann fengið lánaðan bát hjá fátækum manni þar í Dýrafirði, og báturinn og fleira varð fyrir þeim skemdum, að þær voru metnar nál. 250 kr. Þessi upphæð var síðan tilfærð á málskostnaðarreikningi, sem landsstjórninni var sendur til úrskurðar, en úrskurðarvaldið komst við rannsókn á reikningnum að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rétt að telja þetta sem málskostnað, og strikaði það út. Þegar málið var dæmt í hæstarétti, þá voru mönnunum að vísu dæmdar þessar skaðabætur hjá Nilsson skipstjóra á »Royalist«, en þeir eru litlu nær fyrir það, því að þó útgerðarmenn skipsins »Royalist« yrðu að setja 6000 kr. veð, til þess þeir fengju skipið laust, þá hefir niðurstaðan orðið sú, að þessi upphæð var öll tekin upp í málskostnað og sektir, þar á meðal upp í 3000 kr. til landssjóðs.

Landssjóður hefir þannig grætt við mál þetta, og sýnist það nokkuð ósanngjarnt, að hann skuli ganga fyrir, en fátæklingar þessir, sem hafa orðið fyrir skaða, af því að þeir urðu við tilmælum yfirvaldsins, er reynt var að koma lögum yfir yfirgang botnvörpunga, fá ekki skaða sinn bættan.

Eg mun því og h. 2. þm. Ísf. bera okkur saman við fjárlaganefndina um að koma með br.till. fyrir 3. umr., og eg

vona að það fái góðar undirtektir hjá háttv. deild.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg vil fyrir nefndarinnar hönd lýsa ánægju minni yfir undirtektum landshöfðingja undir br.till. nefndarinnar. — Að því er snertir 1. lið, sem hann ekki er oss nefndarm. samdóma um, þá verð eg að taka það fram, að mér getur ekki betur skilist en að umsjónarstarfið með vitunum mætti frekara fela öðrum manni en forstjóra stýrimannaskólans, heldur en skipamælingarnar; því þær eru svo samvaxnar einmitt starfi stýrimannaskólastjórans, og að hann þurfi langan tíma til þess að setja sig inn í það, eins og hæstv. landsh. sagði, það get eg ekki skilið, því að maðurinn á að hafa góða undirstöðuþekkingu, og auk þess segir í bréfi forstjóra skrásetningarskrifstofunnar dönsku, að hann muni »á mjög stuttum tíma geta sett sig inn í þessi efni«, svo eg sé ekki betur en að tillaga vor fari í rétta átt. Að því er snertir þá mótbáru hæstv. landshöfðingja, að starfið mundi verða svo erfitt vegna mælinga á gufuskipum, þá hygg eg að ekki sé ástæða til að taka það til greina, af því að við getum ekki búist við stórum fiskigufuskipaflota fyrst um sinn. Því að þó að því hafi verið haldið fram, meðal annara af mér, að við ættum að brúka gufuskip til fiskiveiða, þá hefir sú tilraun svo hrapallega mistekist, að engar líkur eru til, að mikið verði af gufuskipum að mæla fyrst um sinn að minsta kosti. Eg verð því að ráða h. deild til þess, að samþykkja tillögu nefndarinnar að því er þetta atriði snertir.

ATKVGR.: Br.till. 1, 1. liður þgskj. 176 sþ. með 14 : 1 atkv.

2. liður sþ. með 21 atkv.

Br.till. þgskj. 209 sþ. m. 17 atkv.

— — 196 feld m. 13 : 8 atkv.

2. liður br.till. þgskj. 178 sþ. m. 17 atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

Br.till. 2 þgskj. 178 sþ. m. 14 atkv.

Br.till. þgskj. 178 sþ. m. 17 atkv.

3. gr. samþ. m. 19 atkv.

Br.till. 3 þgskj. 178 sþ. m. 20 atkv.

4. gr. sþ. m. 21 atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umr., 29. júlí (C. bls. 394, brt. 396).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg hefi að þessu sinni ekki miklu að bæta við það, sem eg tók fram við 2. umr. Það er að eins ein breyttill., sem fjárlaganefndin hefir leyft sér að koma fram með síðan frumvarpið var samþ. við 2. umr. og það er breyttill. á þgskj. 225 um, að aftan við frumv. bætist svo hljóðandi viðauki: »Til þess að bæta eignaskemdir, er urðu við báthvolf við botnvörpuskipið »Royalist« í október 1899, alt að 250 kr.« Háttv. 2. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram við 2. umr. allar nauðsynlegar upplýsingar þessu máli viðvíkjandi, svo eg álít óþarft að fara að rekja það upp aftur. Nefndinni virtist það hart, að þessir menn, sem hæstiréttur hafði dæmt skaðabætur, skyldu engar bætur fá fyrir eignamissi sinn, af því að alt það fé, sem náðist í, gekk til landssjóðs. Honum áskotnaðist töluvert fé, eitthvað um 3000 kr., en bændurnir fengu ekki einn eyri. Nefndinni fanst því sanngjarnt, að landssjóður miðlaði nokkru af þessu fé, sem hann hafði fengið fyrir ekkert, til þeirra, sem fyrir skaðanum urðu, og hefir því lagt til, að þeim séu veittar alt að 250 kr., svo þeir geti fengið þær skaðabætur, sem þeim eru dæmdar í hæstaréttardómnum, en sam-

kvæmt honum voru þær ákveðnar eftir mati þar til kvaddra manna.

ATKVGR.: Breyttill. á þgskj. 225 sþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Ein umr., 15. ágúst (C bls. 566, nefndarál. 616, brt. 643).

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Hin eina breyting, sem gjörð hefir verið á frumv. þessu í háttv. Ed., er sú, að hækka styrkinn upp í 700 kr. til utanfarar handa manni til að kynna sér skipamælingar til þess að vera til aðstoðar landshöfðingja. Nefndin hafði lagt það til, að fjárveiting þessi væri 200 kr.; en hæstv. landsh. álítur slíkt ónóg, þar sem skipa þurfi sérstakan mann til að fara utan í þessu skyni og hafa skipamælingar á hendi. Nefndin verður aftur á móti, enn sem fyr, að halda því fram, að þetta megi fela forstöðumanni stýrimannaskólans, eins og skrásetningarskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir lagt til, og það því fremur, sem nefndinni er kunnugt, að maður þessi er nú staddur erlendis og þyrfti því ekki að takast á hendur sérstaka ferð til útlanda til að kynnast skipamælingum. Háttv. landsh. skýrir svo frá, að forstöðumaðurinn muni ekki geta kynst þessu starfi í utanför sinni, vegna þess, hve tími sá sé naumur, sem hann eigi eftir ódvalið þar. En nefndin verður þá að líta svo á, að hann geti nú þegar tekið þetta starf að sér án frekari kunnáttu í því fyrst um sinn en hann hefir þegar, og það því fremur, sem starf hans á ekki að vera fólgið í öðru en að endurskoða mælingarnar, og hann muni eins fær til að gera það án sérstaks undirbúningsnáms, eins og lögreglustjórarnir að hafa skipamælingarnar sjálfar á hendi. Virðist nefndin því, að fremur sé farið fram á bitling handa sérstökum manni en nauðsynlega fjárveiting, og leggur því til, að fjárveitingin sé aftur færð niður í 200 kr. Við þá breyttill. nefndarinnar er nú komin brt. frá hæstv. landh. á þgskj. 483, um að að eins sé veittar 500 kr. í þessu skyni. Nefndin hefir að sönnu ekki haft tíma til að tala sig saman um þessa breyttill., en eg held þó, að mér sé óhætt að lýsa yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að hún haldi fast við skoðun sína á þessu máli.

Landshöfðingi.: Eftir undirtektum h. framsögum. (V. G.) við breyttill. mína á þgskj. 483 get eg ekki gert mér miklar vonir um, að hún muni verða samþ. hér í deildinni. Eg þarf ekki að færa frekari rök fyrir henni en eg hefi þegar gert, að nauðsyn væri á að veita þetta fé, og það því fremur, sem þingd. hefir álitið það nauðsynlegt, að sérstakur maður væri til aðstoðar landsh. við skipamælinga, því þá leiðir af sjálfu sér, úr því að enginn kann þetta hér á landi, að senda verður mann til útlanda til að kynna sér þetta starf og veita honum ferðakostnað í því skyni. Eins og eg hefi einnig tekið fram, er ekki til neins að fara fram á það, að forstöðumaður stýrimannaskólans taki þetta starf að sér, því hvorki vill hann þurfa að eiga við það, né hefir tíma til að kynna sér það. Auk þess er sá tími þegar liðinn, sem hann ætlar að dvelja erlendis, svo þótt áskorun væri send til hans með fyrstu gufuskipsferð héðan, að kynnast skipamælingum áður hann kemur heim aftur, þá má búast við, að hann verði lagður af stað heimleiðis áður en það bréf berst í hendur hans.

Háttv. framsm. talaði um, að hér mundi vera um bitling að ræða. Eg get ekki neitað því, að eg hefi augastað á vissum manni til þessa starfa;

það er greindur maður og ötull sjómaður, sem verið hefir skipstjóri mörg ár. Hann hefir tekið stýrimannspróf með góðum vitnisburði, og hefir því næga undirbúningsþekkingu til að læra skrásetningarstörf.

Vilji nú deildin ekki veita nægilegt fé til ferðakostnaðar í þessu skyni, þá nær það ekki lengra, en afleiðingin verður, að landshöfðingi fær enga aðstoð við endurskoðun skipamælinganna. Verða þá mælingar sendar til skrásetningarskrifstofunnar í Khöfn misjafnlega undirbúnar, eins og áður hefir átt sér stað. Má þá búast við, að ýmsar mælingar verði sendar óstaðfestar heim aftur, og að eigendurnir verði að bíða um allangan tíma eftir að fá skip sín skrásett á löglegan hátt.

Mér hefði fundist það vera í samræmi við það, sem samþ. hefir verið hér í deildinni, um breyting á lögum um skrásetning skipa, og ummælum þeim, sem hafa verið höfð í því máli, að hér lenti ekki í rekistefnu í þessu efni milli skrásetningarskrifstofunnar og landshöfðingja.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg játa það rétt vera, að nefndin hefir álitið það nauðsynlegt, að landsh. fengi aðstoð við skipamælingar af manni, er hefði kunnáttu í því efni, en hún byggir á áliti skrásetningarskrifstofunnar, að forstöðumaður stýrimannaskólans mundi geta tekið að sér þetta starf. (*Landshöfðingi*: Hún þekkir ekki forstöðumann stýrimannaskólans). Hefir hún sagt, að hann mundi á skömmum tíma geta aflað sér nægrar kunnáttu í þessu efni. Þar sem hæstv. landsh. vill ekki ganga að þessu, en vill fela þetta verk sérstökum manni, sem tekið hefir stýrimannspróf, mundi hann líka geta tekið að sér endurskoðun skipamælinganna án sérstaks undirbúnings, því séu lögreglustjórarnir færir um að framkvæma mælingarnar, mundi hann vera fær um að endurskoða þær. Yrði nú reynslan sú, að útreikningur á mælingum hans yrðu gerðir afturreka, er hægt að veita honum síðar ferðakostnað til utanfarar til að kynna sér skipamælingar.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar mál þetta var til umræðu í nefndinni, var hún þeirrar skoðunar, og vildi í sparnaðarskyni ráða til þess, að forstöðumanni stýrimannaskólans væri falið að kynna sér skrásetning skipa, þar sem hann er nú á ferð í útlöndum, enda hafði skrásetningarskrifstofan í Khöfn ráðið til, að honum yrði falið að kynnast þessu starfi. Áleit nefndin sjálfsagt, að honum yrði skrifað þá þegar, og falið, að kynnast þessu starfi. En þar sem það hefir dregist, að honum væri skrifað um þetta, veit hann ekkert um þetta, og hlýtur því að snúa heim bráðlega, svo hann verði kominn heim fyrir 1. okt. í haust, áður en stýrimannaskólinn á að taka til starfa.

Þegar svo er orðið ástatt, að auðsætt er, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefir engan tíma til, að kynnast þessu verki, finst mér ekki ástæðu til, að halda lengur fast við skoðun nefndarinnar. Eg held því ekki vert, að prefa með þær 300 kr., sem nefndin og hæstv. landsh. verða ekki ásáttir um. Þó nefndin hafi haldið því fram, að 200 kr. nægi, þá dugar ekki að halda fast við það lengur, þar sem hæstv. landsh. hefir sýnt fram á, að slík fjárveiting muni ekki nægja, og fer fram á, að 500 kr. sé veittar í þessu skyni. Eg verð að mæla með því, að brt. hæstv. landsh. verði samþ.

ATKVGR.: Breyttill. á þgskj. 483 við breyttill. á þgskj. 453 sþ. með 12 atkv gegn 5.

Breyttill. 453 við 2. gr. þar með fallin.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. í einu hljóði og endur sent Ed.

Fjárlög 1902 og 1903.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1902—1903 (C bls. 1); 1. umr., 3. júlí.

Landshöfðingi: Eins og háttv. þm., er áður hafa setið á þingi, munu minnast, þá hefir því oftar en einu sinni verið hreyft af framsm. fjárlaganefndarinnar í Nd., að formið á fjárlögunum, eins og það hefir verið að undanförnu, væri að sumu leyti óheppilegt, þar sem hinum ýmsu útgjaldaliðum, er smám saman hafa bæzt við, væri skotið inn í fjárlögin til og frá og nokkuð af handa hófi. Sérstaklega ætti þetta við 10. gr. C., þar sem settir hafa verið inn ýmsir útgjaldaliðir, sem í raun réttri eiga þar ekki heima, þegar litið er á fyrirsögn greinarinnar; og mætti einkum til þess nefna búnaðarstyrkinn og útgjöldin til vitanna. Sama mætti segja um 13. gr., sem hefir að fyrirsögn: »Til kirkju og kenslumála«. Þar væru einnig á C.-liðnum ýms gjöld, sem ekki koma við kirkju og kenslumálum. Framsm. fjárlaganefndar í Nd. skaut því á síðasta þingi til stjórnarinnar, hvort henni fyndist ekki ástæða til að breyta formi fjárlaganna eftir þessum bendingum, og hefir þetta verið tekið þannig til greina, að bætt hefir verið inn í fjárlögin nýrri grein 14. gr., sem hefir fyrirsögnina »Til vísinda og bókmenta, og verklegra fyrirtækja«; þangað hafa verið fluttir allir útgjaldaliðir, sem snerta landbúnað og verkleg fyrirtæki. Aftur hafa útgjöldin til vitanna verið flutt yfir í 12. gr., sem hefir að fyrirsögn: »Til samgöngumála«. Líka hafa verið teknar út úr 13. gr. C allar þær styrkveitingar, sem ekki geta talist til kirkju og kenslumála, og settar í 14. gr. Eg vona að þessar breytingar séu í samræmi við óskir undanfarandi þinga, og skyldi svo vera, að einhver önnur tilhögun þætti heppilegri, þá vona eg að háttv. þm. láti það uppi. Háttv. deild sér, að hér er áætlaður nokkur tekjuhalli í fjárlagafrumv., svipaður og er í hinum núgildandi fjárlögum. Þá var tekjuhallinn eftir frumv. stjórnarinnar 34,595 kr. 40 a., en nú er hann áætlaður 36,829 kr. 3 a.

Viðvíkjandi fjárhag landsins að öðru leyti get eg vísað til frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1898 og 1899, sem lagt hefir verið fyrir háttv. deild. Þar sést, að tekjuhallinn hefir á fjárhagstímabilinu orðið 41,073 kr. 35 a., og er það minna en við var búist. Um árið 1900, sem búist var við miklum tekjuhalla á, er það að segja, að að svo miklu leyti, sem eg hefi getað gengið gegnum reikninga þessa árs, þá skilst mér svo, að tekjuafgangur á því muni verða meiri en það sem nemur tekjuhallanum á fjárhagstímabilinu 1898 og 1899. Af því að eg býst við að nefnd verði þegar skipuð í málið, skal eg ekki fara fleiri orðum um það að sinni.

ATKV.GR.: Þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) stakk upp á að skipuð væri 7 manna nefnd í málið, og var það samþykt.

Kosið var síðan með hlutfallskosningu eftir ósk 8 nafngreindra þm. (Lárusar H. Bjarnasonar, H. Hafstein, H. Þorsteinssonar, Hermanns Jónassonar, Stefáns Stefánssonar, þm. Eyf., Björns Bjarnarsonar, þm. Dal., Jósafats Jónatanssonar, Björns Bjarnarssonar, þm. Borgf.), og hlutu þessir kosningu:

Tryggvi Gunnarsson.
Skúli Thoroddsen.
Valtýr Guðmundsson.
Pétur Jónsson.

Hermann Jónasson.
Stefán Stefánsson, þm. Skgf.
Einar Jónsson.
1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 1. ágúst (C bls. 1, nefndarál. bls. 421, bónarbréfaskrá bls. 414, breyt.till. bls. 440).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Eg hefi ekki mikið að segja fyrir hönd nefndarinnar um málið að þessu sinni; það er þannig vaxið, að einstakar gerðir nefndarinnar geta fyrst komið til umr. við aðra umræðu þess. Þó ætla eg nú þegar að fara nokkrum orðum um málið alment.

Skal eg þá geta þess að því er tekjurnar snertir, að nefndinni virðist stjórnin hafa farið þar óþarflega varlega í sakirnar, þótt hún hins vegar játi, að hyggilegra sé að ákveða þær heldur of lágt en of hátt. En þótt hún hafi þetta fyrir augum, sýndist henni þó, að óhætt mundi að hækka nokkra tekjuliðina, og nemur sú hækkun alls 32,000 kr.; þá hefir hún og fært niður ýmsa gjaldaliði eða numið þá með öllu burt, og verður sú lækkun alls 24,990 kr. eða samtals 56,990 kr. Aftur á móti hefir nefndin hækkað suma útgjaldaliði, og bætt öðrum nýjum við, og verður sú upphæð samtals 97,330 kr. Þegar frá þessu er dregin áætluð tekjuhækkun nefndarinnar og gjaldahækkun, sem, eins og að framan var bent á, nemur samtals 56,990 kr., hefir mismurinn á tekjum og gjöldum við meðferð nefndarinnar vaxið um 40,340 kr. Eftir stjórnarfrumv. var tekjuhallinn áætlaður 36,829 kr. 3 a., en eftir tillögum nefndarinnar ætti hann að verða 77,169 kr. En fari svo, að toll-lögin komist út úr þinginu, svipuð og þau voru samþykt hér í deild, má búast við, að tekjur landssjóðs muni aukast við það um 40,000 kr. eða rúmlega það. Ennfremur er harla tvísýnt um, að út verði borgað á fjárhagstímabilinu að minsta kosti ein veruleg fjárupphæð, tillagið til ritsímans, að upphæð 35,000 kr. hvort árið. Sé þetta haft fyrir augum, þá mun ekki vera um verulegan tekjuhalla að ræða, eins og nefndin nú hefir gengið frá frumv.

En það eru ýms atriði, er oss finnast athugaverð, er vér virðum fyrir oss frumv. stjórnarinnar. Það virðist á sumum stöðum koma fram nokkuð mikið eftirlitsleysi af landsstjórnarinnar hálfu; það kom fram í gær í umræðunum um holdsveikraspítalann, að hin mikla fjáreyðsla þar mundi að einhverju leyti stafa af ónægu eftirliti, og get eg tekið það fram, að fjárlaganefndin hefir komist þar að sömu niðurstöðu og reikningslaganefndin. En af því að farið var út í einstök atriði þessa máls í gær, sleppi eg að fjölyrða um það nú. Eg get þess yfirleitt, að nefndinni finst mega við hafa meiri sparnað í ýmsum liðum en gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv.

Um vegabótafé var það tekið fram áður, er fjáraukalögin fyrir 1900 og 1901 voru til umr., að stjórnin hefði eigi undirbúið nægilega, hvað vinna þyrfti að vegabótum á fjárhagstímabilinu, og því þurfti að koma til mikillar aukafjárveitingar. Þá gaf hæstv. lh. þá yfirlýsingu, að séð mundi verða fyrir, að slíkt kæmi ekki fyrir framvegis, og í því trausti, að svo verði, skal ekki fjölyrt um það nú.

En svo virðist, eftir því sem komið hefir fram í máli, sem fyrir dómstólunum hefir verið, að betra eftirlit hefði þurft að vera með því, hvernig vegabótafénu er varið. Það hefir komið fram, að borgað hefir verið meira fyrir menn og hesta en þörf gerðist, og

meira en viðkomendur hafa fengið hjá verkstjóranum. Eftirleiðis þarf landstjórnin að hafa skarpara eftirlit en hingað til með því, að landssjóðsfé sé ekki eytt að óþörfu. Í sambandi við þetta vil eg minnast á fjárveitinguna til hins sameinaða gufuskipafélags, og spyrja stjórnina að, hvað hún hafi gjört til þess, að gera ábyrgð gildandi gegn því, þegar það hefir ekki fullnægt samningum við hana. Eg á hér einkum við það, þegar skipstjórar hafa að nauðsynjalausu siglt fram hjá höfnum, sem þeir hafa átt að koma við á, og á þetta bæði við Hornafjarðarós og Vestmannaeyjar í síðustu ferðinni í fyrra. Það er sannað með vottorðum, að hægt var að koma þar við þá, og hefir verið send klögun til félagsins út af þessu; klögunin gekk í gegnum mínar hendur, og skipstjórinn varð að játa, að í raun og veru hefði hann getað komið þar við, en hann hefði talið það ofmikla töf fyrir farþegana. Þetta og annað eins má stjórnin ekki láta ganga ákærulaust; það elur upp skeytingarleysi hjá félaginu og skipstjórum þess. Viðvíkjandi Hornafirði ætti að draga af tillaginu til félagsins fyrir vanræksluna að koma þar við.

Þá er að minnast á það, að ekki er fullljós grein gerð fyrir sumum fjárveitingum til opinberra stofnana, hvernig þeim hafi verið varið, á eg þar einkum við fé það, sem veitt er til bókakaupa og áhalda við skóla þá, sem engar skýrslur liggja fyrir frá á prenti, svo sem læknaskólann og prestaskólann. Þetta álítur fjárlaganefndin óviðkunnanlegt, og vill því leggja það til, að við hvern skóla sé haldin bók yfir áhöld hans og bækur, og að þinginu gefist kostur á að kynna sér hana. Þetta væri trygging fyrir því, að fénu væri heppilega varið, og veitir hita í haldi með það, að séð sé um að eigi fari neitt að forgörðum um skör fram, af því sem útvegað hefir verið til skólans. Eg skal sérstaklega minnast á eina kenslustofnun, sem um var rætt á síðasta þingi, Möðruvallaskólann; þá lofaði hæstv. landsh. því, að yfirumsjón hans skyldi fengin í hendur amtmanninum fyrir norðan; þá var það tekið fram, eins og líka er alveg rétt, að stiftsyfirvöldin gætu ekki haft umsjón með honum, svo að haldi kæmi. Mér er ekki kunnugt um, að þetta loforð hafi enn verið uppfylt, og vil eg nú leita upplýsinga um, hví svo sé. Eg hefi nú í ár persónulega séð skólahúsið, og leizt mér ekki á blikuna; ástandið mátti heita hörmulegt. Málningin var víða af húsinu, gluggar brotnir og troðið sængurfatnaði upp í glompurnar; en þegar inn kom í húsið var þar svo óhreint og sóðalegt, að undrum sætti. Þessi staður liggur svo nærri Akureyri, að það eru ekki fáir útlendingar, sem þangað koma, og er það alt annað en skemtilegt fyrir landið eða sæmdarauki, að fyrir augum þeirra verði opinber stofnun í slíku ástandi. Þar þarf að líta betur eftir en gert hefir verið; en eins og eg tók fram, stiftsyfirvöldin geta það ekki. Það er því nauðsynlegt, að loforðið, sem gefið var á síðasta þingi, verði uppfylt sem fyrst, og eg skil ekki í því, að ekki skuli vera búið að uppfylla það. Þá ætla eg að beina orðum að hæstv. landsh. um það, hvernig gjafsóknastyrknum til embættismanna er varið. Það er alkunnugt, að einum háttstandandi embættismanni hér í bæ, landlækninum, var skipað að höfða mál á móti blaði einu, sem hafði borið honum það á brýn, að hann hefði gengið um bæinn og reynt að hindra ráðstafanir héraðslæknis gegn skarlats-

sótt þeirri, sem hér hefir gegnið, með því að hann hefði gert lítið úr hættunni, og staðhæft, að hér væri um aðra veiki að gera. Eg blanda mér auðvitað ekkert inn í það, að dæma um það, hvor réttara hafi haft fyrir sér, héraðslæknir eða landlæknir, að því er sóttina snertir. En víst er um það, að landsstjórninni hefir þótt áburðurinn alvarlegur; annars hefði hún ekki farið eins að og hún gerði, að skipa landlæknínum að höfða mál gegn blaðinu.

Við málsreksturinn sannaðist það, að blaðið hafði skýrt rétt frá framkomu landlæknisins; að eins var blaðið dæmt í dálitla sekt fyrir það, að það hefði ekki hagað orðum sínum nógu gætilega. Nú væri gaman að vita, hvað stjórnin hefir gert gagnvart embættismanni þessum, eftir að búið er að sanna á hann áburð blaðsins, eða hvort henni þyki engin ástæða til að hefjast frekara handa.

Eg spyr að þessu, af því að það er hálf-óviðkunnanlegt, ef verja má fé landsins til þess að láta embættismenn landsins reka móðgunarmál móti sér fyrir það eða það, og svo sé ekkert að gert, þótt það sannist upp á embættismanninn, sem honum hefir verið skipað að höfða málið til að hreinsa sig af.

Þá skal eg taka það fram, sem almenna athugasemd, að mér virðist koma fram frá hálfu landsstjórnarinnar töluvert framkvæmdarleysi; hún virðist gera lítið til að hrinda málum landsins áleiðis. Á undanförnum þingum hefir hvað eftir annað verið leitast við að koma fatækramálum landsins í betra horf; þingið hefir reynt að vinna að þessu starfi eftir megni, en það hefir reynst því ofvaxið á hinum takmarkaða tíma þess. Hér hefir stjórnin ekkert að gert til að létta undir starf þetta. Setjum nú svo, að stjórnin hefði ekki treyst sér til að leggja fullkomið frv. fyrir þingið, en sjálfsagt hefði hún getað undirbúið málið að góðum mun; að minsta kosti hefði hún getað komið með tillögu um að skipuð væri milliþinganefnd í málinu. Það er nokkuð óviðkunnanlegt og öfugt, að þingið skuli jafnan þarfa að taka »initiativið« í þeim málum, sem stjórnin á að gera það.

Þetta hið sama afskiftaleysi kemur og fram í öðrum greinum. Einn af merkismönnum vorum, Páll amtmaður Briem, hefir skrifað langa ritgerð og merka um það, í hvílíku ólagi mentunarstandið sé í landinu; stjórnin skellir við þessu skolleyrunum og gerir ekkert.

Um landbúnaðinn er það að segja, að kvartanir koma sí og æ fram um, að menn hörfi af landi burt fyrir það, hve hann sé vanræktur, en hins vegar liggja fyrir sannanir um, að hann muni geta verið eins arðvænlegur hér sem annarstaðar, sé honum sómi sýndur. Hér væri því verkefni fyrir stjórnina að reyna að koma fram með tillögur um, hvernig úr þessu mætti bæta, eigi síður en um umbætur á mentunarástandinu; en þar er steinhljóð.

Stjórnin kynni nú að berja því við, að ekki sé til neins að vera að koma með neinar umbótatillögur; það vanti fé til að framkvæma þær. En finst henni það þá ekki vera skylda sín, að leggja heilann í bleyti og leita eftir ráðum til að auka tekjur landssjóðs, svo að hægt sé að framkvæma þetta, sem öllum kemur saman um, að endilega þurfi að gera?

Hverju svarar stjórnin þessu?

Á síðasta þingi var stórmál fyrir þinginu, þar sem komið var fram með frumv. í því skyni að bæta úr peningaleysi í landinu, sem alment hefir verið kvartað yfir; verzlunarástandið byndi

þjóðina á klafa og væri til óbætanlegs hnekkis fyrir framfarir þjóðarinnar og kæmi á óeðlilegu sambandi á milli kaupmanna og landsmanna á aðra hliðina og kaupmanna og lánardrotna þeirra á hina hliðina, og hefði vegna þess spillandi áhrif á hugsunarhátt almennings. Hér vantar fé til atvinnuvega landsmanna, bæði landbúnaðar eg fiskiveiða og yfirhöfuð til allra þeirra fyrirtækja, sem þarf að hrinda áfram, og menn geta ekki fengið lán til eflingar atvinnuveganna, svo neinu verulegu nemi, þar sem engin öflug peningastofnun er til í landinu, því þrátt fyrir það, þó landsbankinn láni alt það fé, sem honum er mögulegt, er starfsfé hans svo lítið, að það getur ekki komið að neinu verulegu haldi.

Nú var stjórninni falið á síðasta þingi, að undirbúa bankamálið og koma fram með tillögur sínar héraðlútandi nú á þinginu.

En hvað gerir h. stjórn?

Hún skrifar Þjóðbankanum danska, og biður hann um álit sitt á málinu. Þjóðbankinn hefir auðvitað gott vit á þess konar máli, en hins vegar er hann sú eina stofnun í Danmörku, sem hefði ef til vill heldur óhag af því, að öflug bankastofnun kæmist á hér á landi eða að minsta kosti riði heldur í bága við hagsmuni Þjóðbankans. En það er ekki í fyrsta skifti nú, að stjórnin leitar að eins upplýsinga hjá þeim mönnum, er sökum stöðu sinnar hljóta að verða fremur andvígir gegn þeim framkvæmdum, sem í ráði eru, eða »interes seraðir« í málinu. Þannig var það t. d. þegar stjórnin átti að leita upplýsinga um stofnun brunabótasjóðs fyrir landið; þá snýr stjórnin sér til þess eina manns í Danmörku, sem gat haft óhag af því, að brunabótasjóðurinn kæmist á.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um það, þó stjórnin sneri sér til Þjóðbankans danska í bankamálinu, því slíkt gat verið eðlilegt. En þrátt fyrir það, þó þessi stofnun hafi óhag af því, að stór banki yrði stofnaður hér á landi, kemst kún þó að þeirri niðurstöðu, að öflug bankastofnun sé lífsnauðsynleg fyrir landið, því peningar séu mjög ónógir í landinu. Reiknar hún út, hvað miklir peningar komi á hvert mannsbarn hér á landi í samanburði við það, hvað mikið af peningum komi á hvern mann í öðrum löndum en reiknar þó lágt, þar sem hún tekur að eins tillit til þess, hve mikið sé af mynt í landinu, en tekur ekki tillit til þess, að í öðrum löndum ganga peningar minna að tiltölu í viðskiftum en hér á landi, en miklu meira ávísanir (checks), sem koma í peningastað. Þyrfti því töluvert meira af mótaðri mynt hér á landi. Þjóðbankinn kemst svo að þeirri niðurstöðu, að eins og peningaástandi landsins sé háttað, þá sé engin önnur ráð fyrir hendi, en að hlutafélagsbanka sé komið hér á stofn, en vill ekki líta við því, að lappa við landsbankann, eftir að hafa íhugað nákvæmlega, hvort slíkt mundi mögulegt. En Þjóðbankinn gerir þó ýmsar breytingar við frv. um hlutafélagsbankann, til þess að girða fyrir það, að seðlar hans komi í bága við seðla Þjóðbankans og geti gengið í Danmörku. En hvað gerir svo stjórnin, þegar áreiðanlegasta stofnunin í Danmörku álítur hlutafélagsbankastofnunina nauðsynlega fyrir Ísland?

Stjórnin gerir ekkert, hreint ekki neitt; hún skellir skolleyrunum við þessu og leggur árar í bát, þvergirðir fyrir alt og þvertekur fyrir alla samninga við þá menn, er vilja koma bankanum á fót, og það þegar ekki er ó-

samið um nema tvö smá-atriði, og sem hlutaðeigendur lýsa yfir, að þeir muni fúsir að semja um, og skrifi stjórninni til þess að fá samningunum lokið.

Nei, stjórnin gerir ekkert; en þingið verður svo með litlum tíma og veikum kröftum, að taka upp málið, sem átti að koma algerlega undirbúið í þess hendur. Þetta kalla eg óhæfilega framkomu af stjórninni í þessu nauðsynjamáli.

Þá mætti minnast á annað nauðsynjamálið, stjórnarskrármálið, og framkomu stjórnarinnar í því. Það játa víst allir, bæði stjórnin, þingið og þjóðin, að það sé vandræðamál, þar sem deilurnar í því hafa nú staðið yfir næstum í tvo áratugi, þingið og þjóðin hefir varið til þess of miklu af kröftum sínum og það hefir tafið fyrir öðrum málum og staðið þeim fyrir þrifum, þar sem þingið hefir verið svo upptekið af því, að önnur mál, sem það hefir átt að ræða, hafa fyrir þá sök orðið að sitja á hakanum. Það hefði nú átt að mega búast við því, að sérhver góð stjórn hefði tekið þetta mál til meðferðar, og viljað reyna að leiða það til lykta, svo þingið gæti snúið sér að öðrum málum, sem snerta hinn »ökonomiska« hag landsins. En það er öðru nær en svo sé; og þó þingið reyni að semja við stjórnina, þá gerir hún ekki nokkurn skapaðan hlut. Jú, hún sendir reyndar konungsboðskapinn til þingsins, sem vér urðum svo glaðir við að heyra, en jafnframt eru oss send skilaboð um, að þetta og þetta megi ekki gera, en ekki verður stjórninni að vegi að leggja fram nokkurar tillögur um málið, eða leggja frumv. fyrir þingið. Hún gerir allsendis enga tilraun til að semja við okkur, og eg álít, að sú sök liggi ekki aðeins hjá stjórninni í Kaupmannahöfn, heldur einnig hjá okkar innlendu stjórn eða hæstv. landshöfðingja, því það er öllum ljóst, að hefði hann beitt sér nokkuð fyrir hag landsins í þessu máli fyrir þetta þing, þá væri nú sam komulag komið á, því ef hann hefði haft viljann, hefði hann líka haft mátt til að hrinda þessu máli lengra áleiðis en hann hefir gjört. Eg hefi talað svo mikið við hinn núverandi ráðgjafa, að mér er kunnugt um, að hann er alls ekki ótilleiðanlegur með að semja um málið, og hefði jafnvel viljað ganga lengra en gert hefir verið. En hinn »innlendi, þjóðholli« talsmaður vor, landshöfðinginn, hann tefur eins mikið fyrir samkomulaginu og mögulegt er.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að margir hafa kvartað yfir því að landshöfðingjastaðan væri orðin þýðingarminni nú en hún hefði átt að vera, vegna þess, að þeir, sem hafa í henni setið upp á síðkastið, ekki að eins hinu núverandi landsh., heldur og fyrirrennari hans, hafi ekki beitt sér nægilega gagnvart stjórninni í Khöfn, því ef landsh. hefði haldið á rétti sínum, þá hefði stjórnin í Khöfn ekki leyft sér að gera ýmislegt hér, sem eðlilega hefði átt að heyra til verksviði landshöfðingja, og sem hann hefði ekki þurft að láta renna úr höndum sér, ef hann hefði haldið á því valdi, er honum bar. Eg vona að þetta breytist áður en langt um líður, og að stjórnin verði framtakssamari eftirleiðis en hún hún hefir verið hingað til, svo að minna beri á því, að landshöfðingjavaldinu hnigni.

Það þýðir reyndar ekki mikið að sakast um orðinn hlut, en það er þó átæða til að minnast á þetta, þegar talað er um stjórnarfarið yfir höfuð, enda hefir þetta orðið okkur til mikils tjóns, hversu landshöfðingjavaldið hefir rýrnað.

Það hafa verið send lagafrumvörp frá landshöfðingjaskrifstofunni, sem hafa

verið góð, og haft miklar réttarbætur í sér fólgnar, en svo hefir þeim verið umturnað til verri vegar af stjórnardeildarskrifstofunni í Khöfn. Mér finst, að þessi innlenda stjórn hefði ekki átt að láta bjóða sér slíkt, og mér er næst að halda, að sá, sem fyrstur sat í landshöfðingjasætinu, hefði ekki látið bjóða sér það. Og þetta er því tilfinnanlegra, þar sem ráðgjafinn gefur sig mjög lítið að Íslandsmálum, og þessar breytingar eru gjörðar af ábyrgðarlausri skrifstofu og landshöfðinginn lætur sér sæma að verða undirtylla hennar.

Landshöfðingi: Eins og háttv. frsm. (V. G.) tók fram, getur það ekki legið fyrir að fara út í sérstök atriði fjárlagafrumv. við þessa umr. Hvað nefndarálitið snertir, þá er sá kostur á því, hvað það er ítarlegt, því það getur verið þægilegt fyrir stjórnina, að vita, hvernig þingið vill, að ýmsum fjárupphæðum sé varið, og verði tillögur nefndarinnar samþyktar, verð eg að skoða svo, sem það sé vilji þingsins, að farið sé eftir tillögum hennar um þessi atriði. Aftur á móti finst mér ekki svo mikill sparnaður hjá nefndinni, eins og hún lætur í veðri vaka. Hún vill að sönnu spara á ýmsum upphæðum, þar sem ei til vill er ekki hægt að komast af með minna fé en farið er fram á, en vill hins vegar veita ýmsar fjárupphæðir, sem virðist mega sneiða hjá.

Það er einkum eitt atriði, sem virðist vera orðið »dagsins thema«, að klifa á því, að stjórn holdsveikraspítalans hafi óhæfilega eyðslu í frammi, og það mætti komast af með miklu minna fé. En með allri virðingu fyrir h. fjárlagan., þá held eg hún hafi ekki rétta þekkingu um, hvað mikið fé er nauðsynlegt til spítalans, og eg get ekki annað haldið en að þeir, er hafa umsjón spítalans á hendi, þekki mikið betur þarfir hans. Og það er líka svo langt frá, að spítalastjórnin sé eyðslusöm, að það er kvartað yfir því, að hún skeri við neglur sér, og jafnvel sjúklingarnir kvarta yfir því, að fæðið sé heldur af skornum skamti, sem kemur einmitt til af því, að farið er nákvæmlega eftir matarskrá spítalans. Aðfinningum þessum er auðvitað einkum beint að læknunum, sem hefir yfirumsjónina á hendi og svo spítalastjórninni; en því er ver og miður, að enginn þeirra er til staðar hér í háttv. deild, eða eiga kost á, að svara hér fyrir sig, og er því ekki annað ráð fyrir spítalalæknirinn en bera hönd fyrir höfuð sér á annan hátt, t. d. í blöðunum, og vona eg þá, að fjárlaganefndin fái tækifæri til að komast í réttan skilning og sannfærist um, að áburður sá, er hún leggur á spítalastjórnina, sé ekki á nægilega gildum rökum bygður.

Háttv. framsm. (V. G.) gat þess enn fremur, að vegabótafénu væri ekki vel varið, og að hyggilegar hefði mátt verja sumum upphæðum en gjört hefir verið, og sérstaklega að engin áætlun væri gerð fyrir fram, hvernig vegabótum ætti að haga, og hverjar ættu að sitja í fyrirrúmi. Til þessa liggur sama svar og minst hefir verið á áður, að þegar á að ákveða fyrir fram um vegabætur fyrir tveggja ára tíma, þá geta á því tímabili komið upp þarfir, sem ómögulegt er að neita um að bæta úr, og við það geta jafnvel hinar beztu áætlanir reynst óáreiðanlegar. Nú hefir háttv. fjárlagan. komið með tillögur um, hvernig verja ætti vegabótafénu á næsta fjárhagstímabili, og ætti það að bæta mikið úr og vera til góðrar leiðbeiningar fyrir stjórnina.

Þar sem háttv. framsm. (V. G.) minntist á mál eitt út af vegabótafénu, sem verið hefir fyrir dómstólunum, og gat þess til, að landssjóður hefði beðið þar

halla við, að borgað hefði verið meira fé til vegabóta en vera ætti, þá mun þm. við nánari athugun sannfærast um, ef hann kynnir sér málið, að í þessu máli sannaðist ekki, að ofborgað hefði verið nema í einu tilfelli, en hins vegar sannaðist, að landssjóður hafði borgað á sumum stöðum minna en vera átti. Auk þess er líka sú upphæð endurborgað, sem ofgreidd hafði verið, og landssjóður því ekki beðið neitt tjón. Kom fram við endurskoðun vegabótareikninganna grunur um, að ekki væri alt með feldu með reikninga eins vegabótastjórans; var þá rannsókn hafin og málshöfðun síðar ákveðin. En eins og nú er varið endurskoðun vegabótareikninganna, er lítt hugsandi, að endurskoðuninni sjáist yfir verulegar misfellur á reikningunum, þar sem endurskoðunin er tvöföld, fyrst af vegfræðingi landsins, og þar eftir af hinum umboðslega endurskoðanda, og ætti það að vera nægileg trygging fyrir því, að landssjóður borgaði ekki meira fé til vegabótanna en réttmætt væri.

Háttv. framsm. (V. G.) gat þess, að hið sameinaða gufuskipafélag hefði ekki uppfylt skyldu sína gagnvart farþegum hér með að koma á þær hafnir, er stæðu á áætlun þess, og léti farast fyrir, að koma á sumar hafnir hvað eftir annað. Mér hefir ekki borist nema ein umkvörtun um þetta efni, nefnil. yfir því, að strandferðaskipið austanlands hafi ekki komið á Hornafjarðarós. Kæra þessi barst mér í sumar, og mun hún verða látin ganga sinn gang. En eg hefi ekki sent hana enn til stjórnarinnar, og kemur það til af því, að kærendur gjöra reikning til skaðabótakröfu á hendur gufuskipafélaginu; er sá reikningur kom ekki með kærunni; en með því að kæran og skaðabótakröfureikningurinn ætti að fylgjast að, bíður afgreiðsla málsins þess, að sá reikningur komi, sem ekki mun verða langt að bíða.

Þá mintist frrmsm. á, að árlega væri veitt fé til ýmsra skóla til bókakaupa og áhalda, en skólar þessir létu engar skýrslur af hendi um, hvernig þessu fé væri varið. Hér hlýtur að vera átt einkum við prestaskólann og læknaskólann, því latínuskólinn lætur prenta árlega skýrslu um alt það, er honum hefir bæzt. En fylgiskjölin með reikningum prestaskólans og læknaskólans sýna það, hvernig því fé er varið árlega, og hvað hefir verið keypt fyrir það, og liggja reikningar þessir hjá hinum umboðslega endurskoðanda, og hann sér um, að því fé sé ekki varið nema eftir tilgangi sínum. Það gæti þá einungis verið spursmál um, að forstöðumenn skólanna týndu eða létu af hendi muni þá, er skólarnir ættu og komnir væru í hendur þeirra, eða stælu þeim úr sjálfs síns hendi; en eg álít þá of ráðvanda menn til slíks. En tortryggi háttv. þingd. þá, væri ekki annað en leggja þeim fyrir, að semja skýrslur um allar bækur og áhöld skólanna, og bera hana saman við það, sem keypt hefir verið, ef þingið áliti slíkt nauðsynlegt, eða tortrygði þessa menn um, að þeir hefðu í vanhirðu þá muni, er bærust í hendur þeirra, en mér mundi þykja það nokkuð óviðkunnanlegt.

Þá mintist h. framsögum. (V. G.) á, að Möðruvallaskólinn væri illa hirtur og væri á fallanda fæti, eins og áður hefir verið getið hér í háttv. deild. — Það hefir áður verið farið fram á meiri fjárveitingu til viðhalds honum, en því hefir ekki verið sint, og því hefir ekki verið hægt að halda honum í sæmilegu standi. — Það hefir því ekki verið hægt, að gefa amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu skipun um, að hafa umsjón Möðruvallaskólahússins á hendi

vegna þess, að ekki hefir verið fé til, sem veitt hafi verið til viðgerðar þess. Að öðru leyti hefir amtmanninum verið falin umsjón skólans, og hefir hann haft hana á hendi, t. d. að því, að skipa hina árlegu prófdómara, o. s. frv. Aftur á móti man eg ekki eftir, að því hafi verið lofað, að fela honum fjárhald skólans, en það er hægt að gera það, ef þingið óskar þess, en þá má líka búast við kröfum um meiri fjárveitingu til viðhalds skólanum.

Þá mintist h. framsögum. (V. G.) á gjafsóknirnar. — Veiting þeirra heyrir undir umboðsvaldið, og er bundin ákvæðum í gildandi lögum, og eg get ekki kannast við, að þeim hafi verið beitt öðru vísi en samkvæmt lögunum. — En þar sem hann mintist á eitt sérstakt mál, þá kannast eg ekki við, að hann hafi sagt rétt frá, eða að sannast hafi á landlæknirnn það, sem blaðið bar honum á brýn. — Að minsta kosti var blaðið dæmt í sekt, og ummælin um landlæknirnn í því dæmd dauð og marklaus, sem ekki verður samrýmt við, að þau hafi verið sönnuð undir rekstri málsins. — Að öðru leyti er of snemt, að tala um mál þetta nú, þar sem að því er enn óáfrýjað til æðra dóms.

Síðari hluti ræðu h. framsögum. (V. G.) snerti stjórnarfarið yfir höfuð, og eiga þær umkvartanir sér stað á mörgum þingum, og þingmenn eru oft óánægðir með aðgjörðir stjórnarinnar í ýmsum efnum, en það er auðvitað miklu hægra að finna að vandkvæðunum, en að ráða bót á þeim. — En hvað sjálft stjórnarfarið snertir, þá er líklegt, að það komist bráðum í annað form, hvort sem þingið verður þá ánægðara eftir en áður.

Að öðru leyti mun tilgangur háttv. framsögum. (V. G.) hafa fremur verið sá, að nota tækifærið til að lýsa yfir óánægju sinni og svala sér á stjórninni, en að fá leiðrétt það, er hann kvartaði um, og vona eg því, að hann sé nú ánægður, þegar hann hefir leyst frá pokanum og hafi aldrei ætlast til meira. — Sumt af því, er hann kvartaði yfir, stendur líka í nánu sambandi við fátæktina í landinu, og það er álitamál, hvort þjóðin mundi geta risið undir þeim gjöldum, er stöfuðu af því, að koma landbúnaði, sjávarútvegi, mentamálum o. s. frv. í það horf, að gerðar væru fullkomnar umbætur á því, og stjórnin verður að vera þeirrar skoðunar, að það yrðu meiri gjöld en landið gæti risið undir.

H. framsögum. (V. G.) nefndi meðal annars fátækramálið og fátækralöggjöfina. — Það eru nokkuð skiftar skoðanir um hana. Sumir telja hana slæma og mjög ófullkomna, en aðrir álíta, að hún sé góð, ef henni væri réttilega beitt. — Og að því er snertir fjárveitingu til millibinganefndar í því máli, þá hefir tillaga um hana verið feld á hverju þinginu eftir annað vegna þess, að þingið hefir horft í kostnaðinn. — Hefði því ekki verið árennilegt fyrir stjórnina, að fara fram á slíka fjárveitingu.

Umræður um bankamálið og stjórnarskrármálið finst mér ekki eiga hér við, og koma alls ekki við fjárlögunum; svo að eg fyrir mitt leyti finn ekki ástæðu til, að fara út í þau mál. Þau mál eru hvort um sig til umræðu hér á þinginu, og hafa þinginu verið látnar í té ítarlegar skýrslur um bæði þau mál; en þó að stjórnin líti öðrum augum á þau en þingið, þá sannar það alls ekki, að stjórnin eigi neitt ámæli skilið fyrir afskifti sín af þeim. — En að búast við, að öllu því verði kipt í lag, sem hverjum einstökum þingm. kann að þykja ábótavant, það er óðs manns æði og enda ekki að búast við,

að stjórnin gæti sint því, þar sem svo er margt sinnið sem skinnið.

Eins og h. framsögum. (V. G.) tók fram, mun nú ef til vill vera von á gagngjörðri breytingu á stjórnarfarinu, og getur háttv. framsögum. (V. G.) þá huggað sig við, að þá verði stjórnað svo, að ekki verði að fundið.

Einar Jónsson: Það hafa borist fregnir úr Fljótsdalshéraði um, að hætta hafi orðið við byggingu Lagarfljótsbrúarinnar. — Eg vil því við þetta tækifæri leyfa mér, að beina þeirri ósk til hæstv. landshöfðingja, að hann vildi svo vel gjöra, að gefa þingingu skýrslu um samninga þá, sem gjörðir hafa verið viðvíkjandi byggingu brúarinnar, og jafnframt, ef hægt er, skýrslu um málið, eins og það stendur nú, svo að þinginu gefist kostur á að athuga það, hvort það getur nokkuð við það mál gjört.

Sérstaklega er það svifferjan hjá Steinsvaði, sem ákveðið var á síðasta þingi að koma skyldi á jafnhliða, sem eg hefði óskað að fá skýring um, hvernig á því stendur, að hún hefir ekki getað komist á í sumar, þó að brúarbyggingin yrði að hætta. — Eg veit ekki til, að þar væri neitt samband á milli, að ferjunni mætti ekki koma á, þó að brúin færist fyrir.

Landshöfðingi: Mér er ómögulegt, að verða við ósk h. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.). — Í fyrsta lagi hefi eg enga skýrslu fengið aðra en þá, sem er á allra vitorði, hvernig fór um bygging Lagarfljótsbrúarinnar núna; og það er ekki að búast við, að regluleg skýrsla um það komi fyr en nú með Hólum; og hvað hitt atriðið snertir, þá eru samningar bæði um brúna og svifferjuna hjá verkfræðingi landsins þar eystra, svo að eg get ekki gefið neina skýrslu um þá.

Yfir höfuð hefir stjórnin haft bein afskifti af þessu brúarmáli, en samningarnir sjálfir hafa gengið til verkfræðingsins, en alls ekki komið til mín.

Skúli Thoroddsen: Þegar eg leit á fjárlagafrumvarp það, sem stjórnin að þessu sinni hefir lagt fyrir þingið, og sá, að stjórnin í frumv. sínu gjörði ráð fyrir tekjuhalla, þó ekki sé nema 36—37,000 krónum eftir fjárhagstímabilið, þá þótti mér það strax óviðkunnanlegt, að stjórnin skyldi ekki jafnframt hafa gjört einhverjar ráðstafanir til þess, að auka þannig tekjur landsins, að gjöra mætti ráð fyrir, að tekjur og útgjöld gætu staðist á fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. — En þegar við lítum á það frumv., sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, þá er það að eins eitt frumv., sem miðar að því, að auka tekjur landsins, og það er frumv. um toll, óverulegan toll á brjóstsykri. — Sá tekju-auki, sem landið mundi hafa af þeim, mundi þó ekki undir neinum kringumstæðum verða svo mikill, að hann gæti vegið neitt upp í þann tekjuhalla, sem stjórnin gjörir ráð fyrir að verði, eftir því, hvernig hún sjálf áætlar tekjurnar. — En þegar maður á hinn bóginn lítur á það, að þrátt fyrir það, að landið eigi í viðlagasjóði freka miljón, þá hefir fjárhagur þess á yfirstandandi fjárhagstímabili verið svo þröngur, að stjórnin hefir orðið að láta farast fyrir, að fullnægja ýmsum fyrirmælum síðasta alþingis í fjárlögunum, að því er snertir ýmiskonar veitingar bæði til þilskipa, jarðabóta og fleira, sem bráðnauðsynlegt var álitið af þinginu til að styðja atvinnuvegi landsins, — þá finst mér að í þessu hefði einnig hlotið að liggja hvöt fyrir stjórnina til þess, að reyna að bæta að einhverju leyti tekjuhallann. — En háttv. stjórn

hefir sem sagt ekki gjört neitt í þá átt, og yfir höfuð hefir hún að minu áliti sýnt stakt framtaksleysi í því, að rétta hinum bágu atvinnuvegum þessarar þjóðar hjálparhönd, eins og h. þingm. Vestm. (V. G.) tók fram.

Hæstv. landshöfðingi lét í ljósi í ræðu sinni, að h. þm. Vestm. (V. G.) mundi hafa gjört þetta sér til ánægju, að rétta stjórninni þessa hnútu; en eg er í engum vafa um, að h. þm. Vestm. (V. G.) hefir gengið annað til, og það er það, að reyna vekja stjórnina til umhugsunar og frekari aðgjörða í framtíðinni; því að við vitum ekki, hve lengi við kunnum að búa við þá stjórn, sem við nú höfum, og eg álít því nauðsynlegt, að stjórnin fái sem skýrast að vita það að þing og þjóð eru ekki ánægð með það, að stjórnin ekki hugsi meira um hag þess þjóðfélags, sem hún er skipuð yfir, heldur en hin núverandi stjórn gjörir. — Því stjórnin er ekki að eins til þess, að stjórna og sjá um framkvæmdir þeirra gildandi laga, heldur er það jafnframt hennar ætlunarverk, að sjá fyrir og reyna að vísa á leiðirnar, sem hagkvæmar muni vera, til þess að reyna að rétta hag þjóðfélagsins.

Háttv. þingm. Vestm. (V. G.) nefndi svo glögt dæmi um þetta aðgjörðaleysi, að eg finn ekki ástæðu til, að fara út í það. — En um leið og eg lýk máli mínu, þá ætla eg að leyfa mér, að afhenda forseta yfirlýsingu. — Sú yfirlýsing er á þessa leið, ef eg má með leyfi h. forseta lesa hana upp:

»Um leið og þingdeildin lýsir óánægju sinni yfir framtaksleysi og aðgjörðaleysi landstjórnarinnar við undirbúning löggjafarmála, ekki síst að því er atvinnumál þjóðarinnar snertir, heldur hún áfram umræðum um málið«.

Alþtíð. B. 1901.

Þá ætla eg að víkja að einu atriði í ræðu hæstv. landsh., að því er snertir vegabótamál landsins. Mér er kunnugt um, að á meðal þjóðarinnar er megn óánægja með það, að sá orðrómur, sem leikur á því, að mjög miklar misfellur séu á stjórn vegabótamálanna og landið hafi beðið töluverðan halla fyrir ýmsar af misfellum verkstjóranna — að þetta skyldi ekki vera rækilega rannsakað. Það var að vísu svo, að það var höfðað sakamál á móti einum af verkstjórunum, og það var komið nafni á dóm í því máli; en rannsóknin í því máli, hún sýnir sig. Hún var þannig, að landsyfirrétturinn sá sig knúðan til að lýsa því yfir, að það væri ómögulegt, að gjöra neitt við málið, og þýðingarlaust, að láta rannsaka það. — Þær kærur, sem komu fram um þetta efni, voru svo alvarlegar, — þar sem miklar líkur komu fram fyrir því, að landssjóður hefði verið látinn borga fyrir fleiri hesta en brúkaðir hefðu verið, fleiri dagsverk en unnin hefðu verið, hærra dagkaup heldur en þeir menn hefðu fengið, sem unnið hefðu — þetta mál var svo alvarlegt, að hafi nokkurn tíma verið ástæða til, að skipa konunglegan rannsóknardómara, þá var það í þessu máli. — Þetta var mál, sem þjóðin átti heimting á, að rannsakað væri; en ekki verður litið öðru vísi á en að landsstjórnin hafi gjört það, sem hún gat, til að þagga það mál sem mest niður, því það var auðvitað hneykslismál móti landsstjórninni. — Þegar þjóðin er af tátækt sinni að reyna að leggja fram fé til vegabóta, þá er von, að hana taki það sárt, ef illa fer um það fé; og þar sem eg tók það fram, að það hefði litið svo út, sem landsstjórnin hefði reynt að gjöra sem minst úr því máli, þá byggi eg það á því, að menn, sem talsverðar líkur

voru fyrir, að væru, ef ekki samsekir, þá að minsta kosti meðvitandi um þetta, að þeir voru af landsstjórninni orðalaust teknir áfram til að hafa verkstjórn á hendi, og þar með var fyrirgirt, að hægt væri, að rannsaka málið, því að auðvitað mundu verkamennirnir skirrast við, að segja skýrt og ljóst frá, hvernig í öllu lægi, þegar þeir áttu atvinnu að sækja í hendur þessara manna eftir sem áður. Þetta lítur fjarskalega illa út.

Að því er snertir veitingar landsstjórnarinnar á gjafsóknum til embættismanna, þá er það að vísu rétt, sem hæstv. landsh. tók fram, að það væri umboðsvaldsins að ákveða, hve nær ástæða er til, að veita gjafsókn og hve nær ekki. — En það er auðvitað þingið, sem á að hafa »kontrol« með umboðsvaldinu í þessu sem öðru. — Þetta er beinlínis ætlunarverk þingsins, og er því skylt að finna að því, ef landsstjórnin gengur frekara en því þykir við eiga.

H. þingm. Vestm. (V. G.) nefndi eitt dæmi, að því er snertir það gjafsóknarmál, sem landlæknirinn höfðaði eftir skipun landshöfðingja, og vildi landshöfðingi gjöra mikið úr því, að það hefði ekki sannast, sem að hefði verið sakavert. En eg held, að hver sá, sem lítur á dóm þann, er féll í því máli, hljóti að viðurkenna, að það sem þótti svo meiðandi fyrir landlæknirinn, að hann hefði reynt, að starfa móti þeim ráðstöfunum, sem hann sjálfur hafði fyrirskipað, og hann hefði látið sér um munn fara, að héraðslæknirinn í Reykjavík þekti ekki skarlatssótt frá annari veiki — sannaðist fullkomlega; og sú lítilfjörlega sekt, sem blaðstjórinn fekk, var ekki bygð á þessu, heldur á því, að ummæli blaðsins um það, að landlæknirinn hefði gengið um til að troða þessu inn í fólk, urðu ekki sönnuð.

Hér er alt svo að eins á það að líta, hvort landsstjórnin hefir litið svo á, að það, sem væri niðrandi fyrir þennan embættismann, væri umgangurinn, eða það, að gjöra sér ferð til manna til þess, að koma þessu inn hjá þeim; ellegar landsstjórnin hefir litið svo á, að eingöngu það, að tala á móti sinni eigin fyrirskipun, væri niðrandi fyrir embættismanninn.

Þar sem landsstjórnin hefir ekkert gjört gagnvart þessum embættismanni, þá verður líklega að líta svo, að það sé ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að embættismaður standi á móti því í öðru orðinu, sem hann hefir sjálfur fyrirskipað; en að það verði fyrst saknæmt, ef það sannast, að hann sé að gjöra sér ferð, ganga inn í hvers manns hús, til að reyna að fyrirbyggja, að hans eigin fyrirskipun sé fylgt.

En það er líka annað mál, þar sem landsstjórnin hefir veitt öðrum embættismanni gjafsókn í máli, sem líkt stendur á með; eg meina sýslumanninn í Snæfellsnessýslu.

Í ástæðunum fyrir dómnum í þessu máli er það líka tekið fram, að allar sakir, sem blaðið ber á sýslumanninn, hafi sannast. En það er ekki kunnugt um, að landstjórnin álíti sér það að neinu leyti viðkomandi. Þetta virðist benda á, að stjórnin beiti valdi sínu öðru vísi en tilgangur laganna er, því sá tilgangur getur ekki verið annar en að gjöra embættismönnum auðvelt að hrinda af sér röngum sakargiftum, er landsstjórnin lítur svo á, að hlutaðeigandi gæti ekki haldið embætti sínu, ef sakargiftirnar reyndust sannar. En landsstjórnin hefir í þetta sinn, eins og oftar, beitt gjafsóknarréttinum til að ofsækja menn, sem hún hefir viljað klekkja á.

Og það er þetta, sem við, sem höfum þann heiður að vera fulltrúar þjóðarinnar, verðum að mótmæla kröftuglega.

Oft hefir verið ýmislegt athugavert viðvíkjandi embætta og sýslanaveitingum landsstjórnarinnar. Í þetta skifti skal eg að eins minnast á veitinguna á póstafgreiðslusýslaninni á Seyðisfirði. Hún var veitt þeim manni, er að allra kunnugra áliti var sízt hæfur allra þeirra, er sóttu. Það er náttúrlega ekki auðvelt fyrir landsstjórnina að meta ávalt rétt verðleika manna, en um þessa sýslan sótti maður, sem kunnugt var að hafði haft póstafgreiðsluna á hendi í mörg ár og verið settur póstafgreiðslumaður eitt ár; en hann fekk ekki áheyrn. Annar, sem um þessa sýslan sótti, var barnakennari, og hinn duglegasti maður, sem allir beztu menn óskuðu að yrði póstafgreiðslumaður. — En sá þriðji, sem tekinn var fram yfir báða þessa menn, hafði ekkert annað sér til ágætis en að hann var í ætt við landsstjórnina. Þetta er heldur óviðfeldið, og eg get bætt því við, að þessi maður er ekki betur starfinu vaxinn en það, að hann vinnur sem minst að því sjálfur og lætur aðra gjöra það fyrir sig. Það vildi nú líka svo vel til, að um leið og hann fekk stöðuna, var ástæða til að hækka launin um 175 kr. — úr 600 upp í 775.

Þetta er auðvitað smáræði í sjálfu sér, og er því ekki hreyft hér í öðru skyni en því, að vekja athygli landsstjórnarinnar á því, að hvort sem er um embætti eða annað að ræða, þá ætlast menn til að landsstjórnin fari eftir verðleikum, en ekki eftir ætt, vinfengi, eða þess konar.

Fleira hefi eg ekki að segja að sinni, en skal leyfa mér að afhenda forseta þessa yfirlýsingu.

Forseti: Er það meining þm., að þetta skuli borið upp nú?

Skúli Thoroddsen: Nú eða þegar umræðum er lokið.

Forseti: Samkvæmt 22. gr. þingskapanna skulu aðrar sérstakar uppástungur en lagafrumvörp vera samdar í ályktunarformi, og skal sagt til þeirra á fundi, og ályktar þingdeildin þá á öðrum fundi, eftir uppástungu forsetans, hvernig ræða skuli uppástunguna. — Annað form þekkja ekki þingsköpin, nema rökstudda dagskrá, sem bygð sé á ástæðum um að taka fyrir næsta mál á dagskránni. Þingsköpin gera hvergi ráð fyrir, að hægt sé að gera neina ályktun undir meðferð mála, nema um breytingartillögur, og hvort því skuli vísað lengra, og sérstaklega segja þingsköpin (12. gr.), að við fyrstu umræðu, eins og hér á sér stað, skuli einungis leita atkvæða um, hvort málið skuli ganga til annarar umræðu. Eg álít því ekki, að hægt sé að bera þetta undir atkv. þingdeildarinnar.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að leyfa mér að geta þess, að á ríkisþingi Dana er það alsiða, að bera þannig lagaðar uppástungur undir atkvæði. Það er á valdi forseta, hvort hann ber þetta upp nú þegar, eða þegar umræðum er lokið; en eg krefst þess, að það sé borið upp.

Forseti: Að því er snertir skírskotun h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) til venju á ríkisþingi Dana, þá vil eg ekki bera brigður á, að það kunni að vera rétt. Eg er því ekki svo kunnugur, að vel getur verið, að heimild sé til slíks þar samkvæmt þingsköpunum fyrir ríkisþingið; en eg get ekki skilið þingsköp alþingis öðru vísi en eg hefi skýrt frá, og sé mér því ekki fært, að bera þetta upp.

Skúli Thoroddsen: Neitar forseti, að bera þetta undir deildina?

Forseti: Já.

Lárus H. Bjarnason: H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) vék að mér ofurlítilli athuga semd, þar sem hann sagði, að líkt stæði á fyrir mér og öðrum þm., þar sem mér hefði verið skipað að fara í mál, sem hafi farið svo, að allar sakir, er bornar voru á mig, hefðu sannast.

Eg held að hér sé ekki rétt hermt frá. Þm. mun fara eftir sögusögn blaðs ns sjálfs; en eg hefi dóminn hér við hendina og er h. þm. og öðrum, sem vilja, guðvelkomið að kynna sér hann. Mun það þá sjást, að alt, sem eg hafði átalið, er dæmt dautt og marklaust, blaðið sektað um 60 kr. og mér dæmdur málskostnaður. Með öðrum orðum: málið vanst að öllu leyti. Mér finst ekki ástæða til að fara frekara út í þetta að svo stöddu; en eg skal að eins geta þess að mér er ekki kunnugt um, að neitt fé hafi tapast við gjafsóknir embættismanna, eins og h. þm. Vestm. (V. G.) og h. 1. þm. Isf. (Sk. Th.) hafa haldið fram. Embættismenn eru, eins og allir vita, miklu meira útsettir fyrir móðgunum en aðrir menn, og þess vegna er það sjálfsögð skylda landsstjórnarinnar, að halda hlífiskildi fyrir þeim. —

Það er auðsjáanlega tilgangurinn með frumvarpinu um afnám gjafsókna að heimila mönnum, einkum blaðamönnum, að úthúða embættismönnum að ósekju; en tilgangi þessum verður ekki náð með því, að taka af landsstjórninni réttinn til að veita gjafsókn. Embættismenn geta eins fyrir því höfðað mál gegn blaðamönnum og fengið ritstjórana dæmda. Ætti tilgangurinn að nást, þyrfti að afnema hegningarákvæðin fyrir meiðyrði að því er embættismenn snertir.

Annars finst mér þeir, sem fyrir þessu berjast, gjöra helzt til lítið úr blaðamönnum. Hvers vegna eiga þeir fremur en aðrir að hafa rétt til að meiða fólk? Eða er það skoðun þessara manna, að ekki eigi að taka mark á því, sem blaðamenn segja, og þess vegna sé óþarfi að hreinsa sig af áburði þeirra? Sé svo, og eg er nú reyndar þeirrar skoðunar, skal eg ekki amast við því, að gjafsóknarrétturinn sé úr gildi feldur.

Stefán Stefánsson, þm. Skg.: Þó að það sé að bera í bakkafullan lækinn, að beina fleiri spurningum til hæstv. landsh., þá vildi eg þó leyfa mér að æskja upplýsinga um það, hvernig á því stóð, að synjað hefir verið um allar lánveitingar til jarðabóta á yfirstandandi fjárhagstímabili; samkvæmt fyrirmælum fjárlaganna skyldi verja 30 þús. kr. til jarðabótalána, en eftir því sem mér er kunnugt um, hefir þeim öllum verið synjað, sem um þau hafa beðið. Þegar lítið er á fjárhag landssjóðsins, getur mér ekki skilist, hvernig á synjun þessari hefir staðið, þegar landssjóður í árslok átti í sjóði nær eina og ¼ miljón. Auðvitað er mikið af fé landssjóðs í föstum lánum, sem ekki er handbært, en þó hlýtur nokkuð að hafa verið í sjóði um nýár, en í maí mest á eftir var lánanna leitað, og þeim neitað algerlega, og eins mun hafa verið um lánin til þilskipanna, þó að mér sé það ekki eins kunnugt. Eg spyr að þessu af því, að þetta hefir vakið óánægju úti um landið, margir einstakir menn og búnaðarfélög höfðu í trausti til þess, að lán mundi fást, ráðið menn til jarðabótavinnu sumarið 1900, svo þegar til átti að taka, fékst ekkert lánað, og kom það mörgum mjög óþægilega. Eg þykist vita, að einhverjar gildar ástæður séu til þessa, en eg álít gott, að skýring fáist á því, hvernig á þessu hefir staðið, enda þótt eg gangi að því vísu, að það hefir ekki komið til af tregðu, heldur getuleysi.

Eg skal um leið víkja nokkurum

orðum að því, sem h. þm. Vestm. (V. G.), sagði um Möðruvallaskólann, og skal eg játa, að það var sumt rétt, sem hann hermdi; það var rétt, að húsið var ekki í góðu standi þegar hann sá það; hann kom þegar skólanum var nýsagt upp og hin árlega viðgerð ekki farin fram; hann kom ekki inn í öll herbergin, en þar sem hann kom inn, þar átti að hvítta veggina, svo það var ekki álitið til neins að hreinsa herbergin, fyr en það væri um garð gengið. En eg vona, að hann hafi sannfærst um það, af því sem hann sá, að peningarnir, sem veittir eru til viðhalds skólahúsinu, eru heldur litlir, og að það er ósómi fyrir landið og hreinasta hneyksli, að láta æskumenn búa við slíkt í tvö ár; eg tala ekki um okkur, kennarana, að bjóða okkur upp á slíkt og annað eins; við erum gamlir og forhertir og viðbúnaðinum vanir orðnir

En eg vona sem sagt, að þessi sjón, sem h. þm. Vestm. (V. G) var að lýsa, hafi þau áhrif, að hann greiði atkvæði með því, að skólahúsinu á Möðruvöllum verði meiri sómi sýndur eftirleiðis.

Landshöfðingi: Eins og h. þ. m. Skgf. (St. St.) er kunnugt, þá var í hinum núgildandi fjárlögum settur sá fyrirvari, um leið og hinum umræddu lánum var heitið, að þau skyldu því að eins veitt, að nægilegt fé væri fyrir hendi í viðlagasjóði; því þurfti, um leið og fjárlögin voru staðfest, að taka ákvörðun um, hvort útlit væri fyrir, að landssjóður mundi hafa nokkurt fé til að lána. Eins og fjárhagurinn lá fyrir eftir landsreikningnum 1896—97, var í sjóði 620 þús. kr., en jafnframt hafði við umræðurnar um reikningssamþyktarlögin á þinginu 1897 verið samþykt tillaga og áskorun til stjórnarinnar um, að koma einhverju talsverðu af því fé, sem í sjóði var, á arðberandi stað, og samkvæmt því voru á árinu 1899 lánaðar út til einstakra manna og félaga 270 þús. kr, svo að í árslok 1899 voru að eins 350 þús. kr. í sjóði. Hefði maður getað gert sér von um, að þessar 350 þús. kr. hefðu verið disponiblar á núverandi fjárhagstímabili, þá hefði mátt lána alt, sem lofað var í núgildandi fjárlögum, og vel það. En eg verð að geta þess, að í fjárlögunum fyrir 1898 og 1899 var gert ráð fyrir alt að 160 þús. kr. tekjuhalla, og þó að sjóðþurðurinn fyrir 1898 yrði ekki nema milli 40 og 50 þús., þá mátti búast við honum töluvert hærri fyrir árið 1899, sem var alþingisár, og til þinghalds ganga ekki minna en frekar 40 þús., svo að ætla mátti, að sjóðþurðurinn fyrir bæði árin mundi nema um 100 þús. kr. Í annan stað var áætlað í fjárlögunum sjálfum, að á fjárhagstímabilinu 1900—01 mundi tekjuhallinn nema 100 þús. kr., og eru þá þarna komnar 200 þús. kr. í sjóðþurð, sem ráðgerð var fyrir 2 fjárhagstímabil. Svo voru ekki eftir nema 150 þús. kr., og hefði jafnvel það verið nóg, ef ekki væri til 19. gr. í fjárlögunum né önnur gr., 12 gr. D. Í 19. gr. getur laga, sem hafa stór útgjöld í för með sér, t. d. Lagarfljótsbrúin og sjómannaskólinn, og samkv. 12. gr. D. varð að hafa 75 þús. kr. til taks, hvenær sem á þyrfti að halda, í ritsímann. Þegar gjöldin, sem 19. gr. og 12. gr. D. gera ráð fyrir, eru lögð saman, nema þau langt um meir en 150 þús kr., þannig, að ekkert fé hefði verið til í landssjóði, ef þau hefðu komið til útborgunar; en þar á ofan verður alt af að hafa talsvert fé fyrirliggjandi í landssjóði, af því tekjurnar koma svo misjafnt inn, og má sú upphæð ekki minni vera en 50—60 þús. Af þessum ástæðum var það, að stjórnin tók þá

ákvörðun á árinu 1899, að ekkert skyldi lánað fyr en fullkomin trygging væri fyrir því, að nóg yrði í sjóði, og því var öllum lánbeiðnum neitað árið 1900; en nú, eftir að fullséð var, að fjárhagurinn er ekki eins slæmur, eins og búast mátti við, þá hafa nokkur lán verið veitt, sérstaklega til mjólkurbúa og þilskipakaupa.

Björn Kristjánsson: Eg hafði einmitt sams konar spurningu fram að bera, viðvíkjandi lánum til þilskipakaupa, sem háttv. 2. þm. Skgf. viðvíkjandi lánum til jarðabóta. Eins og kunnugt er, var svo ákveðið í síðustu fjárlögum, að 30,000 kr. skyldi lána úr landssjóði til þilskipakaupa, en mér vitanlega er ekki farið að veita þau lán enn þann dag í dag. Hæstv. landsh. gat ekki sannfært mig með ræðu sinni, þó sannfærandi væri, um erfiðleikana fyrir landssjóð til að veita þessi lán, og eg er engan veginn ánægður með svar hans, því að mér er kunnugt um, að alt síðastliðið ár hafði landssjóður 120,000 kr. á hlaupareikningi í landsbankanum, svo að þar af er auðsætt, að fé hefir verið til; mér er spurn, hvernig á því stóð, að það var ekki notað samkvæmt tilætlun þingsins og ákvörðun fjárlaganna.

Annað var það líka, sem eg ætlaði að leita svara um, og er það bankamálið. Hæstv. landsh. tók það að vísu fram áðan, að hvorki bankamálið né stjórnarskrármálið kæmi þessari umr. við, og bankamálið kæmi ekki þinginu við. (*Landshöfðingi*: Nei, það sagði eg ekki!). Eg skrifaði orðin hjá mér, — en af því að það er altalað, að banka byggingarreikningarnir hafi tapast milli húss þess, sem bankastjórinn býr nú í, og Glasgow, þá vildi eg spyrja hæstv. landsh., hvort þeir eru nú fundnir, samdir, endurskoðaðir og úrskurðaðir, og hvort þeir eru í góðu lagi. (*Landshöfðingi*: Eg hefi ekki fundið þá).

Svo var það ýmislegt annað, sem eg ætlaði að spyrja bankastjórann um. Það hefir verið talað um það, að störf bankastjórans væru í miður góðu lagi stundum, og það hefir sérstaklega í seinni tíð verið haft á orði, að bankastjórinn væri nokkuð ör á meðmæli sín um lán til gjaldþrota manna, og til dæmis er það, að hann mun nýlega hafa gefið tveim mönnum meðmæli sín, sem voru gjaldþrota, eða lágu við gjaldþroti. Annar hafði 3 víxla í bankanum, sem hann gat ekki borgað, og fór svo til Kaupmannahafnar, og kvað hafa fengið þar lán út á meðmæli bankastjórans; það lán gat hann svo heldur ekki borgað, og mun hafa á endanum gengið inn á samninga við skuldheimtumennina, að borga að eins 1/4 skuldarinnar. Önnur sagan er sú, að kaupmaður varð nýlega gjaldþrota, fekk loforð um lán seinna hjá manni á Englandi, en sá gekk frá loforðinu, er hann fekk að vita, að hann var gjaldþrota. Kaupmaðurinn gerir sér lítið fyrir, fer til bankastjórans, fær hjá honum meðmæli, og víst er um það, að lánið fekk hann.

Nú er mér spurn, hvort nokkrum kemur til hugar, að meðmæli bankastjórans privat séu þess megnug, að útvega mönnum lánstraust. Eg hygg, að hann sé ekki svo þektur, t. d. á Englandi, að það nægi; það er því að eins staða hans sem forstjóri fyrir Íslandsbanka, sem getur meðmælum hans nokkra sem helzt þýðingu, og ef meðmæli hans lenda oft á slíkum mönnum, sem í þessum tilfellum, þá getur það haft mjög illar afleiðingar fyrir álit þessarar einu peningastofnunar í landinu og álit landsins í heild sinni.

Svo er það einnig altalað hér í bæ,

að bankastjóri taki sjálfur lán í bankanum fyrir milligöngu annara, til að nota það í eigin þarfir. Þetta er, ef satt væri, beint á móti bankalögunum; þau ætlast til að bankastjórinn taki ekkert lán í bankanum, hvorki beint né óbeint. Þessu til sönnunar skal eg geta þess, að eg man eftir, að minsta kosti einn maður hefir sagt mér, að hann hafi verið ábyrgðarmaður, ásamt öðrum fleiri, fyrir 40,000 kr. láni til bankastjórans, og fengið 50 kr. fyrir.

Eg vildi einnig spyrja að því, hvernig á því stæði, að bankagjaldkerinn hafði ekki á hendi alla reikninga og útborganir við byggingu bankans, eins og aðra reikninga og útborganir. Það væri mjög fróðlegt að fá að vita, hvernig þessu væri varið, eða því bankastjórinn sjálfur tók þetta að sér, án þess að lögin heimili það.

Forseti: Eg skal taka það fram, að eg álít, að nokkur hluti af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) hafi farið út fyrir þau efni, sem nú liggja fyrir til umræðu, og þótt bæði formenn minir hafi verið mjög frjálslyndir í því, að einskorða ekki um of ræður háttv. þingdm., og eg eg einnig hafi fylgt og ætli mér að fylgja sömu reglu, þá skal eg láta í ljósi, að eg óska helzt, að háttv. þingdm. beini aðallega helzt aðfinningum sínum til landsstjórnarinnar, ef þeir óska að koma með einhverjar, þar sem það eru hennar gjörðir, sem nú liggja fyrir til umræðu, en ekki að einstökum mönnum.

Tryggvi Gunnarsson: Eg þakka fyrir þá æru, sem mér hefir verið sýnd með því að beina til mín fyrirspurnum, sem væri eg landsstjórnin sjálf, eða liður úr henni. Annars skal eg taka það fram, að það var svo mikið ósatt í þessum sakargiftum, og þessar fyrirspurnir voru svo ónákvæmar, að það er ómögulegt, að vita við hvað þingm. hefir átt. Hvaða menn eru það, sem eg á að hafa gefið meðmæli? Það sýnist mér nauðsynlegt að fá að vita, svo eg gæti svarað fyrirspurninni. Hvað þessar 40,000 kr. snertir, þá veit eg ekki lifandisögu, við hvað maðurinn á; ræða hans var öll út í bláinn. (*Björn Kristjánsson*: Almannarómur). Það þýðir ekkert að vísa til þess, og það er jafnómögulegt að svara því fyrir það, fyr en tilgreint er, hverir þessir tveir menn voru, sem eg á að hafa gefið meðmæli, og hvaða 40,000 kr. lán þetta er, og þetta hvorttveggja vil eg fá að vita.

Annars sýnist mér þingdm. ættu að forðast að bera bæjarslúður inn á þingbekkina, bæjarslúður, sem enginn hvorki getur né vill sanna.

Valtýr Guðmundsson: Það gleður mig, að hæstv. landsh. segist muni gera gangskör að því, að koma fram ábyrgð á hendur gufuskipafélaginu danska. Það, að þessu máli er hreyft, ætti einmitt að geta orðið bending til manna um það, að láta slíkt skeytingarleysi ekki viðgangast og átt hefir sér stundum stað hjá þessu félagi, og það getur orðið til þess, að menn sendi ætið kæru, þegar eitthvað líkt kemur fyrir, ef menn sjá, að landsstjórnin tekur þær til greina og gerir þær gildandi.

Hæstv. landsh. fanst það lýsa tortrygni gagnvart skólastjórum lækna- og prestaskólans og hinna annara skóla, sem njóta styrks til bóka- og áhaldakaupa, að heimta af þeim skýrslur yfir þá muni, sem keyptir hafa verið fyrir þetta fé. En svo mætti segja um eftirlit landsstjórnarinnar með öllum embættismönnum, og yfirhöfuð með alt eftirlit, en öllum kemur þó saman um, að eftirlit sé nauðsynlegt. Þessar skýrslur eru líka heimtaðar ekki einungis til þess, að sjá, að peningunum

hafi öllum verið varið til að kaupa fyrir þá þessa muni, og ekki til einhvers annars, heldur líka til þess, að hægt sé að sjá, hvernig þeim munum, sem keyptir hafa verið, sé haldið við, og hvað mikið hafi ónýzt af þeim. Mér finst það ekki vera nema eðlilegt, að fjárlaganefndin eða þingið hafi að gang að, að fá að vita, hvernig þeim peningum er varið, sem veittir eru af landsfé, en það getur það enga hugmynd haft um nema af skýrslum, sem geínar væru af skólunum sjálfum, og eg vona mönnum skiljist það, að það er ekki af neinni tortrygni, að farið er fram á þetta, heldur eingöngu af því, að fjárlaganefndin vill hafa röð og reglu eins á þessu og öðru. .

Að því er Möðruvallaskólann snertir, þá skal eg geta þess, að þótt það kunni að vera satt, að það þurfi að gera við hann, og að það skorti fé til þess, þá veit eg þó ekki betur en að það hafi þó verið veitt nægilegt fé til að hreinsa hann og þvo, og setja rúður í gluggana, svo að ekki þurfi að fylla þær með madressum og sængurverum, og alt vera fult af ryki og sóti.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 2. þm. G. K. (B. Kr.), þá skal eg taka það fram, að mér eru ókunn þau atriði, sem hann tók fram í ræðu sinni; en sé nokkur hæfa fyrir þessum meðmælum, þá finst mér vera full ástæða fyrir þingið til að taka í sama strenginn og beina þeirri áskorun til landsstjórnarinnar, að hún sjái um, að slíkt eigi sér ekki stað. Eg verð að biðja menn að athuga, að hér er ekki svo lítið í húfi, ef óorð kemst á bankann af þessum völdum. Það er um allan hinn mentaða heim álitið óhætt að reiða sig á meðmæli bankastjóra, og slík vottorð hafa ákaflega mikla þýðingu, og það hefir því stórmikla þýðingu fyrir álit bankans í útlöndum, að slík vottorð séu ekki gefin að ástæðulausu. Það er því að mínu áliti fyllilega réttmætt, að hreyfa þessu, þótt það ef til vill hafi ekki verið gert því formi, sem bezt hefði átt við.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir, að hann hefir gert grein fyrir, hvers vegna stjórnin hafði tekið það ráð, að neita um öll jarðabótalán á fjárhagstímabilinu. Raunar fundust mér þessar ástæður ekki fullnægjandi, en stjórnin hefir þó haft nokkuð til síns máls. En það er annað mál, er stendur í sambandi við þetta, eða er því máskyit, sem stjórnin hefði getað hraðað meir en hún hefir gert, og það er að semja skipulagsskrá fyrir ræktunarsjóðinn, því það hefði bætt nokkuð úr, ef hann hefði getað tekið til starfa strax og lögin fyrir hann voru samþykt, en það voru þau í marz í fyrra. Það er nú liðið á annað ár síðan, og veit eg ekki til, að hún sé enn komin, og getur því ekki komið til tals, að sjóður þessi geti tekið til starfa þetta árið að minsta kosti.

Eg vil ekki að vera að deila við háttv. þm. Vestm. (V. G.). Aðfinningar hans eru á talsverðum rökum bygðar, en vitanlega hefir það sínar orsakir, að húsið var í þessu ástandi, þegar hann sá það. Það getur ætíð komið fyrir, að rúður brotni, ekki sízt í húsi sem, um 40 unglingar ganga um, og sé rúðugler ekki við hendina, þá verður að sækja það til kaupstaðarins, og það tekur tíma. Í öðru lagi stóð svo á, þegar þm. var á ferðinni, að skólinn var nýlega hættur það ár, rúðurnar voru nýbrotnar, þegar skóla var sagt upp, og því mjög eðlilegt, að ekki hafi verið búið að setja nýjar rúður í, og þá látið eitthvað annað í götin, til að hlífa fyrir vindi og regni. En hvað sótið snertir, þá er það einnig mjög

skiljanlegt, þegar þess er gætt, að allir ofnar í skólanum rjúka, svo bæði kennarar og piltar verða oft að fara út úr kenslustofunum í miðjum stundum, til þess ekki að kafna, eldavélin botnlaus og hliðalaus, og engin eimpípa úr eldhúsinu, svo reykur og gufa kemst ekki annað en upp stigaganginn, sem með því móti verður einn aðalreykháfur skólahússins. Þetta get eg dokumenterað, hvaða ár sem vera skal, með svona hér um bil 60 vitnum. Þegar nú svona er ástatt, finst mér ekki neinn þurfi að furða sig á því, þótt hvítir múrveggir dökni fljótt, og verði ekki sem hreinlegastir; en ef hinn háttv. þm. veit ráð til að gera við þessu og halda múrnum hvítum í sífeldum kolareyk, þá vildi eg biðja hann um að kenna mér þau. Eg þekki ekkert annað ráð en að hvítta múrinn á ný, og það þykir ekki þörf á að gera það fyr en einhvern tíma sumars, eftir því, sem bezt lætur. Aftur á móti skal eg játa það, að það væri heppilegast að viðhúsið að utan væri gert strax á vorin; en að það hefir ekki verið gert nú, ímynda eg mér hafi stafað af því, að ekki hafi verið fé fyrir höndum til þess, svo skólastjóri hafi neyðst til að fresta því til haustsins, því alt það fé, sem ætlað er til viðhalds skólanum, mun hafa eyðst í fyrra haust og meira til, til þess að bæta hinar miklu skemdir, er urðu á útihúsum skólans í ofviðrinu mikla 20. sept. Annars skal eg geta þess, að mér þykir vænt um, að þessar aðfinningar hafa komið fram, því af þeim umræðum, sem út af þeim hafa spunnist, geta háttv. þingdm. séð, hvernig ástand skólahússins er, og verða því fúsari á, að ráða bót á þessu, og annaðhvort reisa skólanum nýtt hús, sem auðvitað er hið eina, sem bætt getur úr þessu til fulls, eða þá að bæta svo galla skólhússins, að það verði nokkurn veginn byggilegt, því viðunandi skólahús getur það aldrei orðið, enda er líka komin fram krafa um styrk til að gera við húsið.

Tryggvi Gunnarsson: Mig furðar stórlega á lýsingu háttv. þm. Skgf. (St. St.) á skólahúsinu á Möðruvöllum, því hann hefir ekki minst á þetta einu einasta orði í fjármálanefndinni, og finst mér það hefði verið sæmilegra og hefði átt miklu betur við, að koma með það þar, heldur en að fara fyrst nú að skýra frá þessu í deildinni. En kannske það eigi að vera meðmæli með því, að flytja skólann inn á Akureyri. Eg ímynda mér þó, að það séu svo margir praktiskir menn hér í deildinni, að þeir sjái eitthvert annað ráð til að gera við þessu en það, að flytja skólann inn á Akureyri, nefnilega það einfalda ráð, sem einnig liggur langnæst, og það er, að veita fé til þess að gera við skólahúsið.

Að því er það snertir, sem háttv. þm. Vestm. (V. G.) sagði, að það hefði mikla þýðingu fyrir álit bankans og áreiðanleik hans, hvernig þau vottorð eða meðmæli væru, sem eg persónulega gæfi, þá neita eg því, að svo geti verið. Það er maðurinn, sem gefur meðmælin, en ekki bankinn; og ef mín meðmæli reynast ósönn, þá bitnar það á mér persónulega og mínu áliti, en alls ekki bankanum. En annars get eg huggað háttv. þm. (V. G.) með því, að þótt álit mitt ef til vill sé lítið, þá hafa þó bæði bankastjórnir í Kaupmannahöfn og eins bankastjóri sá í Norvegi, sem bankinn skiftir við, fult traust á mér enn, svo það er óþarfi fyrir háttv. þm. að því leyti, að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, að landið líði fyrir mínar sakir, eða að bankinn þess vegna fái miður gott orð á sig.

Það er æði-lítilfjörlegt, að vera að tala þetta á huldu, svo enginn getur ráðið í, við hvað þeir eiga. Því koma þeir ekki með nöfn? Eg skal sjálfur nefna eitt nafn, sem eg þykist vita, að þeir eigi við með, að eg hafi gefið meðmæli; það er Páll Torfason. Eg hefi einu sinni skrifað undir, ekki meðmæli með honum, heldur yfirlýsingu. Svo stóð á, að hann skuldaði bankanum 700 kr., og hafði til tryggingar fyr ir skuldinni veðsett bankanum sem handpant nokkra pappíra. Þessi skjöl vildi Páll fá út aftur, og sagði eg það væri velkomið, ef hann borgaði skuldina, þessar 700 kr., en annars gæti eg ekki slept þeim. Hann bað mig þá um staðfesta afskrift af þeim, og það gerði eg, og vottorð um, að þessir pappírar, sem væru virtir svo og svo mikið, lægju hér í bankanum. Þetta eru öll meðmælin, sem eg hefi gefið honum; og þó menn vildu leggja þessi svokölluðu meðmæli fram, þá mundu menn ganga úr skugga um, að meðmælin eru ekki annað en þetta, sem eg hefi sagt, copi af skjölum, og vottorð um, að þau lægju í bankanum. Eg hefi alla mína æfi verið mjög varasamur með að gefa meðmæli nokkrum manni, bæði vegna þess, að eg hefi ekki viljað spilla fyrir þeim, sem á hjálp hafa þurft að halda, og eins hins vegar, að eg hefi ætíð viljað forðast, að nokkur maður gæti narrast sakir þeirra vottorða, sem eg hefði gefið. Eg átti því sízt von á að fá skömm fyrir meðmæli mín, því á þeim hefi eg alla æfi verið mjög sparsamur. En hvað það snertir, að mín persónulegu meðmæli gætu spilt áliti bankans, þá er það, eins og eg áðan tók fram, helber misskilningur.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Það er fullkominn misskilningur hjá bankastjóranum, að hans meðmæli hafi ekki þýðingu fyrir bankann sjálfan, heldur að eins fyrir hann persónulega. Þegar um slík meðmæli er að ræða í útlöndum, þá er alls ekkert tillit tekið til hans sem privatmanns, heldur að eins sem bankastjóra, og það lendir því á bankanum sem slíkum, ef meðmælin reynast óáreiðanleg. En eg skal játa, að í þessu eina tilfelli, sem bankastjórinn nefndi, þá er líklega ekkert við það að athuga, ef rétt er skýrt frá hjá honum, enda getur ekki kallast meðmæli, heldur að eins vottorð, sem sjálfsagt var að gefa, en það er á hinn bóginn ekki nema eðlilegt, þótt menn vilji reyna að fyrirbyggja, að slíkt geti átt sér stað, einkum þegar sá orðrómur hefir legið á. Það gleður mig annars að heyra, hvað gott traust bankinn hefir erlendis, en því fremur er nauðsynlegt að hafa vakandi auga á því að gæta þess, og spilla því ekki með óþörfum og óáreiðanlegum meðmælum.

Tryggvi Gunnarsson: Eg skal með leyfi forseta að eins gera örstutta athugasemd, og hún er sú, að eg skora hér með á háttv. þm., að koma með eitt einasta dæmi upp á það, að meðmæli mín hafi haft þess háttar áhrif fyrir lánveitanda eða lántakanda.

Forseti: Eg skal endurtaka það, að eg sé mér ekki fært, að bera upp undir atkv. deildarinnar nú þá till. háttv. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem komið hefir fram og lesin hefir verið upp hér í deildinni, en skal samkvæmt beiðni h. þm. taka það til íhugunar til 2. umr., hvort hún þá geti orðið tekin til greina samkvæmt analogíu 26. gr. þingskapanna, sem er hin eina grein, sem kynni að heimila það, að hún mætti berast undir atkvæði.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Eg skal að eins geta þess, af því að mér finst hafa verið sveigt að skólastjóranum á Möðruvöllum, að eg veit ekki betur en

skólastjóri Jón A. Hjaltalín hafi falið bóndanum þar, 2. þm. Skgf. (St. St.), hirðing og ræstingu hússins (*Stefán Stefánsson*, Skgf.: Eg er dauður), svo eg sé ekki að það sé réttmætt, að gefa honum neina sök á því.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 3. ágúst (C bls. 1, nefndarál. bls. 421, bónarbréfaskrá bls. 414, breyt.till. 440 og 454).

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Eg hefi litlu við að bæta við það, sem eg tók fram við framh. 1. umr., og við það, sem stendur í áliti nefndarinnarinnar um tekjukaflann. Að eins skal eg taka það fram, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir nefndinni lágu um tekjurnar á undanförnum árum, virtist henni óhætt að hækka einstaka tekjuliði nokkuð upp úr því, sem í stjórnarfrv. var. Eg þarf ekki að gera nánari grein fyrir, í hverju hækk. un þessi er fólgin, því að það liggur fyrir í nefndarálitinu. Nefndin er samdóma stjórninni um það, að varlega sé farandi í það, að áætla tekjurnar mjög hátt. Eg skal taka t. d. að þeirri reglu hafi verið fylgt þar, að útflutningsgjald af fiski og lýsi áætlar nefndin að eins 55,000 kr. hvort árið, þótt reynslan sýni, að síðasta ár hafi það numið nær því 70,000 kr., og ekki sé útlit fyrir, að það muni taka miklum breytingum næstu ár, sízt í lækkunaráttina. En af því að hér er um nokkuð óvissa tekjugrein að ræða, þótti nefndinni þó ekki ráðlegt, að fara meir en 5000 kr. á ári fram úr áætlun stjórnarinnar.

Í einu atriði er það þó, að nefndin áleit að stjórnin hefði áætlað tekjurnar of hátt. Það eru tekjurnar af fasteignum landssjóðs. Eftir viðaukanum í fjárlögunum við þann tekjulið má búast við, að leiguliðar landssjóðsjarða noti heimild þá, sem þar er veitt, til þess að fá styrk til húsabyggingar. Nefndin gerir ráð fyrir, að tekjurnar muni minka um 2000 kr. hvort árið við þetta; auðvitað er þetta að eins lausleg áætlun, sem getur haggast.

Finn eg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þennan kafla, á meðan ekki koma fram athugasemdir frá öðrum við hann.

Landshöfðingi: Eg hefi líka lítið að athuga við þennan kafla. Þó skal eg taka það fram, að þegar eg samdi áætlunina um tekjur landssjóðs fyrir árin 1902 og 1903, þá var mér ekki kunnugt um reikningshag landsins 1900; hefði eg þá vitað, hvernig tekjurnar reyndust það ár, þá mundi eg að líkindum hafa sett sumar tekjugreinir fult svo hátt og eg gerði. Eg hefi því ekkert að athuga við tekjuhækkun nefndarinnar yfir höfuð. Þó er það einn liður, sem mér sýnist varhugavert að hækka; það er erfðafjárskatturinn. En svo vill vel til, að þar er ekki um mikla hækkun að ræða, einar 500 kr. á ári, svo að þótt áætlun nefndarinnar brygðist, og hann gæfi ekki eins mikið af sér og nefndin ætlar, gæti sá mismunur naumast farið fram úr 1000—2000 kr. á fjárhagstímabilinu. Það hefir oft viljað reynast svo, að hann hefir gefið lítið af sér. Það er að eins einstöku ár, ef verulega stórt bú fellur til, að hann hleypir fram að mun. Eg tek þetta að eins fram, án þess að gera það að minsta kappsmáli.

Það er annað, sem eg ætlaði og að minnast á, nefnilega 8. liður í 2. gr., útflutningsgjaldið á fiski og lýsi m. m. Nefndin leggur áherzlu á, að þessi liður muni gefa talsvert af sér á næstu árum, einkum vegna þilskipafjölgunarinnar. En þess er að gæta, að aðal-

tekjustofninn er hér ekki útfluttur saltfiskur; aðaltekjurnar koma frá hvalveiðunum og síldveiðunum. Ef misbrestur verður á þeim veiðum, þá má búast við, að útflutningsgjaldið lækki svo og svo mikið. En auðvitað er engu hægt að spá um það, hvernig þetta muni reynast á næsta fjárhagstímabili. Þess er getið í áliti nefndarinnar undir 3. gr., að nefndin beini þeirri áskorun til landsstjórnarinnar, að hún auglýsi eða á annan hátt geri mönnum kunnugt, hvað útheimtist til þess, að verða aðnjótandi styrksins til húsabóta á þjóðjörðum. Eg hefi ekkert á móti þessari áskorun, en það kæmi sér vel, að háttv. þm. létu í ljósi, hvernig þeir ætlist til að fé þessu sé varið. Hingað til hefir styrkur þessi ekki verið veittur, nema því að eins, að svo virtist, sem hús það, er byggja skyldi, bæri jörðina ofurliða. Þegar svo er, að á lítilli jörð með lágu eftirgjaldi á að byggja hús, sem kostar 2,000 kr. eða jafnvel meira, þá virðist það varla geta komið til mála, að landssjóður leggi fram $^2/_3$ til byggingarinnar. Það sýnist meiningarlaust, að leggja fram meira fé til húsabyggingar á einni jörð en hún mundi sjálf kosta. Annað, sem heimtað hefur verið, er það, að húsabyggingin sé haganleg og traust og vel af hendi leyst. Önnur skilyrði hafa ekki verið sett. Eg skal enn taka það fram, að eg verð að halda fast við það, að það verði að vera rétt hlutfall milli jarðarverðsins og afgjaldsins, og verðs þeirra húsa, sem á jörðunni eru bygð með styrk af landsfé.

Pétur Jónsson: Hæstv. landsh. óskaði, að þingmenn létu í ljósi, hvaða reglum þeir teldu heppilegt að fylgt væri við styrkveiting til húsabóta á þjóðjörðum. — Eg ætla mér ekki þá dul, að fara að gefa reglur þessar, en skal geta þess, að eg hefi kynt mér nokkuð það, sem framkvæmt hefir verið í þessu efni. — Eg hefi átt kost á, að skoða skjöl amtmannsins í Suður- og Vesturamtinu um þetta — úr Norður- og Austuramtinu liggja engin slík skjöl fyrir —, og eg verð að lýsa því yfir, að eg felli mig vel við tillögur hans, og finnast mér þær bygðar á svo glöggri athugun á þessu máli, að eg hefi ekkert verulegt við þær að athuga. Amtmaðurinn hefir lagt áherzlu á það, að byggingarnar væru ekki óhæfilega stórar í samanburði við jörðina, sem þær væru reistar á, eða, ef svo væri, þá skyldi veitt minna af landsfé til þeirra.

Eftir því, sem kom fram í ræðu hæstv. landsh., þá finst mér, sem farið muni hafa verið eftir tillögum amtmannsins, og tel eg mega vel þar við una.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að leyfa mér að segja nokkur orð út af athugasemd háttv. fjárlaganefndar um styrkinn til ábúanda á þjóðjörðum til húsabygginga, og um skilyrðin, sem þeir eiga að fullnægja, til þess að geta orðið hans aðnjótandi. — H. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir þegar bent á nokkur atriði þessa máls, og hæstv. landshöfðingi tekið fram afstöðu sína til þess. — H. þingm. S.-Þ. (P. J.) fekk lánuð hjá mér skjöl, er hljóða um 2—3 tilfelli, þar sem styrkur hefir verið veittur. — Það er sjálfsagt, að styrkinn verður að miða við jarðardýrleik, sennilegt jarðarverð, og við það, hverja framtíð jörðin sýnist eiga fyrir höndum, hvort hún sé undirorpin skemdum o. s. frv.

En það sem leiguliðanum ríður mest á, er, að hann fái að vita, hvernig hann eigi að fara að því, að ná í styrkinn, og hver skjöl hann eigi að leggja fram fyrir umboðsstjórnina. — Þetta er skýrt tekið fram í bréfi amtmannsins til umboðsmanns Kirkjubæjar-

og Þykkvabæjarklausturs, og væri því æskilegt, að það kæmi fyrir almenningssjónir á prent; því að eins og h. þingm. S.-Þing. (P. J.) tók fram, voru skilyrðin bæði skýr og heppileg. — Það var meðal annars tekið fram, að styrkbeiðslunni ætti að fylgja áætlun um byggingarkostnaðinn og uppdráttur af byggingunni eftir byggingarfróðan mann, og þess skyldi getið, hvert afgjald jarðarinnar væri, og hvað lengi leiguliði hefði búið á henni, og ýms einstakleg atriði skyldu tekin fram, þau er þýðingu geta haft.

Það kom til tals á þinginu 1899, að koma fram með þingsályktunartillögu, þar sem settar væru í reglur fyrir styrkveitingunni; en við nánari athugun var þó hætt við það, með því að reynslu þótti vanta fyrir því, hvernig heppilegast mundi vera, að skipa fyrir um hana. — Hið sama má að nokkru leyti segja enn; reynslan er enn næsta lítil og naumast rétt, að binda hendur umboðsstjórnarinnar. Eg tók það fram á þingi 1899, að eg hefði það traust á umboðsstjórninni, að hún mundi ekki verja fé þessu að ófyrirsynju, og það er óhætt að fullyrða, að hún hefir ekki brugðist þessu trausti. — Ef nokkuð er, mundi fremur mega liggja henni á hálsi fyrir það, hve treglega hún hefir tekið í sumar styrkbeiðslur, og það mætti benda á til dæmis, hvernig fór um bygging bóndans í Fitjakoti (*Landshöfðingi*: Það dæmi er eldra); en það er eigi að síður spegill þess, hver varkárni sýnd hefir verið. Eg lasta þetta þó eigi svo mjög, því að það er eðli legt og jafnvel æskilegt, að umboðsstjórnin fari gætilega. — En þó nær styrkveitingin ekki tilgangi sínum, ef umboðsstjórnin er mjög íhaldssöm. — Í þeim 2—3 tiltellum, sem eg þekki til, að styrkurinn hafi verið veittur, hefir leiguliðinn orðið að leggja fram alt að helmingi byggingarkostnaðarins. — En þó tel eg það ekki ástæðulaust um tvö at þeim, því að þar voru bygð hús, sem nokkur ástæða var til að segja um, að þau bæru jörðina ofurliða. — Að endingu skal eg svo taka það fram, að æskilegt væri, að umboðsstjórnin léti opinberlega koma fram, til dæmis í Stjórnartíðindunum, reglur þær, er hún vill að eftir sé farið. — Sömuleiðis væri það æskilegt, að hún veitti leiguliðunum svo góða kosti, sem hún sér sér frekast unt, án þess þó að skaða landssjóð.

Eg þarf ekki að taka það fram, að eg tel það sjálfsagt, að andvirði jarðarhúsa þeirra, sem rifin eru, sé látið ganga upp í þá $^2/_3$ byggingarkostnaðarins, sem landssjóður á að leggja fram.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér, að bæta við nokkrum orðum um skilning stjórnarinnar á athugasemdinni við 3. gr. 1., svo mönnum komi ekki á óvart seinna þessi skilningur. — Stjórnin álítur sem sé, að henni samkvæmt þessari athugasemd sé heimilt, að verja alt að helming afgjaldanna í hverju umboði yfir alt fjárhagstímabilið annað árið, en sé ekki bundin við þau afgjöld, sem koma inn hvort árið fyrir sig, ef hún að eins fer ekki fram yfir helminginn, þannig, að hún t. d. getur látið vera, að veita nokkurn húsabótastyrk fyrra árið, og þá aftur veitt því meira síðara árið.

Eg tek þetta að eins fram, svo að háttv. þingmenn, ef þeir væru á annari skoðun, þá gætu látið hana í ljósi.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir undirtektir hans undir gjörðir nefndarinnar að því er þennan kafla fjárlaganna snertir, tekju-kaflann, og að hann álítur, að nefndin hafi ekki farið mjög ógætilega.

Hvað það snertir, að erfðafjárskatturinn 2. gr. 5. hafi verið settur of hátt hjá nefndinni, þá getur það auðvitað verið álitamál, en þar sem skatturinn öll þessi ár frá 1895 og til 1900 hefir numið yfir 3000 krónur árlega, þá virðist engin hætta vera, að setja hann 3000 krónur, með því að engin ástæða er til, að hugsa sér hann lækki, einkum þegar maður gætir þess, að efnahagur manna almennt mun þó hin síðari árin vera að minsta kosti engu lakari en áður, heldur jafnvel betri.

Að því er snertir 2. gr. 8., útflutningsgjald af fiski og lýsi, þá er það að vísu satt, að þessi skattur er nokkuð óviss, eins og hæstv. landsh. tók fram, en mér virðist alls ekki of hátt farið hjá nefndinni, þegar gætt er að því, að hvalaveiðar ekki einungis eru eins miklar nú og áður, heldur jafnvel að aukast, þar sem nú er ný-stofnuð ný hvalveiðastöð á Austfjörðum.

Um húsabótastyrkinn verð eg að láta það álit mitt í ljósi, að eg sé ekkert á móti því, þótt honum sé skift ójafnt niður á árin, ef hann að eins fer ekki fram úr því, sem má verja til hans bæði árin til samans.

Annars skal eg taka það fram, að hvað mig sjálfan snertir, þá finst mér þessi aðferð nokkuð varhugaverð, og að eg verð að álíta, að þetta sé ekki hin heppilegasta leið til að bæta húsakynni á þjóðjörðum. — Miklu heppilegri leið hygg eg það vera, sem bent var á í einni ritgjörð í tímaritinu »Lögfræðingur«, að landssjóður gengi á undan með því, að koma upp húsum á sínum jörðum. — Landssjóður ætti þá bæði hús og jörð og leigði þau saman. — Auðvitað yrði afgjaldið af jörðinni nokkru hærra við það, því landssjóður þyrfti einnig að fá afgjald af húsunum.

Eg vil því skjóta því til landsstjórnarinnar, hvort hún álíti ekki heppilegt, að koma þessari reglu á á þjóðjörðum sínum, og mín meining er þá auðvitað sú, að bændur tækju þá sjálfir upp þessa reglu á eftir. — Á hvern hátt þessu verður bezt komið fyrir, skal eg ekki segja, en eg hygg það mundi hafa miklu meiri þýðingu fyrir landbúnaðinn. — Nú er það svo, að sá sem flytur frá einhverri jörð, hefir ekki nema um tvo kosti að velja, annaðhvort að selja þá húsin þeim, sem kemur að jörðinni fyrir hvað sem hann býður, eða þá að láta rífa húsin niður, og er hvorugur góður.

Magnús Torfason: Eg er auðvitað glaður yfir þessari athugasemd við 3. gr., þar sem stjórnin lýsir yfir því, að hún vilji styðja landbúnaðinn; en eg er þó ekki eins glaður yfir þessari yfirlýsingu eins og menn gætu haldið, og það af því, að mér finst vera byrjað á öfugum enda. Það er byrjað á húsunum, en ekki á því, sem fyrst er þörf að byrja á. Það er að vísu töluvert satt í því, sem sagt er, að fyrst sé að hafa kofann yfir höfuðið; en þá er að gæta að því, að kofinn er til áður og að ekki er verið að byggja frá stofni. Húsin eru til; það þarf að eins að bæta þau og því á samlíkingin ekki að öllu leyti við hér. Það er þó sérstaklega eitt, sem mælir á móti því, að fara þessa leið, og það er það, að menn hafa ekki enn þá lært að byggja hús svo traust, að þau standi nokkuð að staðaldri, og mér finst því mjög varhugavert, að vera að eyða landsfé í byggingar, sem ettir nokkur ár ef til vill eru farnar forgörðum. Það er því að mínu áliti ekki álitamál, að það sé skylda okkar, að vera varkárir með þessar styrkveitingar.

En það er einnig önnur ástæða fyrir okkur til að vera varkárir, og það er það, að það hefir sýnt sig, að það er

ómögulegt fyrir þann, sem fer frá jörðu, að selja sér í lagi hús, og hvað meira er, það hefir jafnvel verið ómögulegt, að byggja jarðir, sem timburhús hafa staðið á. Það má að vísu segja, að þetta komi ekki við landssjóðsjörðum, en það kemur því við, hvaða stefnu við eigum að fylgja, hvort við eigum að byrja á húsunum í stað þess að bæta jörðina, svo hún sé fær um að bera húsin. Til þess menn sjái, að þetta er ekki sagt út í bláinn, þá skal eg geta þess, að í fyrra reyndist það ómögulegt, að byggja eina jörð vegna þeirra húsa, sem á henni stóðu. Húsin voru svo rifin niður og bygðist þá jörðin óðara.

ATKVGR.: Brtt. 260 við 2. gr. 2. lið samþ. í e. hlj.

Brtt. 260 við 2. gr. 3. lið samþ. með 19 atkv.

Brtt. 260 við 2. gr. 5. lið samþ. með 18 atkv.

Brtt. 260 við 2. gr. 7. lið samþ. með 18 atkv.

Brtt. 260 við 2. gr. 8. lið samþ. með 19 atkv.

Brtt. 260 við 2. gr. 11. lið samþ. í e. hlj.

Brtt. 260 við 2. gr. 13. lið samþ. með 19 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Brtt. 260 v. 3. gr. 1. samþ. með 19 atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

4 gr. samþ. í e. hlj.

5. gr. samþ í e. hlj.

6. gr. samþ. í e. hlj.

1. kafli samþ. í e. hlj.

Gjaldabálkurinn (8.—10. gr.). Atkvæðaskrá bls. 702.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Nefndin hefir ekki athugað neitt við fyrstu greinarnar í þessum kafla og þarf eg því ekki að minnast á þær. Það fyrsta, er eg hefi því að minnast á, er í 10. gr., þar sem nefndin hefir lagt til, að bætt sé nýjum lið aftan við 10. gr. B. c., er verði d., um að veittar sé 2000 kr. til byggingar fangahúss á Seyðisfirði. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, eru komin upp fangahús í öllum öðrum kaupstöðum landsins, og ennfremur í ýmsum kauptúnum, svo sem Eskifirði og Skipaskaga. Og þar sem Seyðisfjörður er orðinn nokkuð fjölmennur bær, og þangað koma allmargir útlendingar, og þar er töluvert svakk, þá virðist nefndinni ástæða til, að þar væri hús til þess, að stinga fanga inn í, þegar á þyrfti að halda; og með því upphæð sú er sæmileg og engan veginn of hátt sett, sem beðið er um í þessu skyni, þá hefir nefndin viljað veita þetta fé.

Nefndin hélt, að ef til vill mundi mega spara á fé því, sem veitt er í 10. gr. C. 1. + b – d viðvíkjandi prentun Stjórnartíðinda ogLandshagsskýrslna. Þótti henni fjárveiting þessi heldur hátt sett, og vildi því skjóta þeirri athugas. til h. landsh., hvort ekki mundi mega fá prentunina fyrir nokkuð minna verð. Nefndin vildi þó ekki gera breytt. við þetta, heldur að eins óska þess, að þetta yrði tekið til athugunar.

Að því er samning landshagsskýrslna og prófarkalestur snertir, þá hélt nefndin, að þetta mundi mega fá fyrir nokkuð minna verð, að minsta kosti þar sem samningur skýrslnanna er ekki fólginn í öðru en að afrita embættisskýrslurnar. Aftur á móti er öðru máli að gegna um þær athugasemdir, er fylgja sumum skýrslunum, þar sem semjandinn hefir reiknað út úr þeim og bygt ýmsar ályktanir á þeim reikningum. Slíkt er miklu meira verk, og virðist því borgunin fyrir samning skýrslnanna mega vera nokkuð mismunandi.

Nefndin hefir ekki getað orðið sam-

mála stjórninni um 10. gr. C 5., þar sem stjórnin fer fram á, að veittar séu 500 kr. hvort árið til þess að fá aðstoð verkfróðs manns við rannsókn skipamælinga. Nefndinni virðist reyndar ástæða til, að h. landsh. vilji hafa þessa aðstoð, og að það sé nauðsyn á að hún sé veitt, því það getur valdið óþægindum, ef skipamælingar eru svo ófullkomnar, að skrásetningarskrifstofan í Khöfn verður að endursenda skipamælingarnar hingað. Má koma í veg fyrir þetta, sé hér á landi maður, er geti rannsakað reikninga þá, er þar að lúta og leiðrétt þá, áður en þeir væru sendir héðan, svo þá mundi það aldrei koma fyrir úr því, að reikninga þessa þyrfti að endursenda.

Nefndin er því samdóma stjórninni í því, að fjárveiting í þessu skyni sé þörf; en hún getur ekki verið samdóma henni í því, að setja launin fyrir þann starfa svona hátt. Vill hún, eftir uppástungu formanns skrásetningarskrifstofunnar, fela forstöðumanni stýrimannaskólans þetta starf, og heldur, að hann muni ekki þurfa nema stuttan tíma að læra það. H. landsh. hefir ekki getað fallist á þetta og hefir í bréfi til fjárlaganefndarinnar lýst yfir því, að forstöðumaður stýrimannaskólans hafi ekki tíma til að kynna sér þetta starf, meðan hann dvelur í sumar í Kaupmannahöfn, og lagði því til, að í fjáraukalögunum fyrir árin 1900—1901 væri starf þetta falið sérstökum manni og honum veittur 700 kr. styrkur til utanferðar til þess að nema þetta starf. Nefndin getur ekki fallist á, að starf þetta sé svo umfangsmikið, að forstöðumaður stýrimannaskólans geti ekki tekið það að sér, enda er ekki ástæða til að ætla, að eins mikil brögð verði að skipakaupum um hin næstu árabil, eins og þau hafa verið á hinum síðari árum, og þar sem þetta starf er að eins fólgið í endurskoðun skipamælinganna, þá geti hann gert þetta í hjáverkum, og þá yrði fé það, er veitt væri fyrir þetta starf, nokkurs konar viðbót við laun hans. Nú hefir hann, eins og kunnugt er, annað aukastarf á hendi, nefnilega umsjón vitanna. Honum stæði nær, að hafa endurskoðun skipamælinganna á hendi, en ekki væri ástæða til, að hann hefði vitaumsjónina á hendi fremur en einhver annar, og vildi því fela hana einhverjum öðrum manni.

Eins og kunnugt er, lagði nefndin það til, að veita honum í fjáraukalögunum 200 kr. styrk til að kynnast skipamælingum, og hélt það mundi nægja, þar sem hann er staddur utanlands hvort sem er; og þar sem h. deild félst á þá tillögu nefndarinnar, vonar hún, að eins verði fallist á þessa tillögu, og það því fremur, sem till. nefndarinnar styðjast við till. forstjóra skrásetningarskrifstofunnar.

Eg læt svo þessar athugasemdir nægja að sinni, þar til eg hefi heyrt undirtektir deildarinnar.

Landshöfðingi: Það fór svo fyrir mér í fyrra dag, þegar eg heyrði, að forseti tók fjárlagafrumvarpið á dagskrá í dag, að eg hélt, að ekki mundi verða rætt um annað en tekjubálkinn í dag, en að gjaldabálkurinn kæmi ekki til umræðu fyr en á næsta fundi, og hefi eg því ekki búið mig undir breytingartill. við þá liði, er eg kynni að hafa haft ástæðu til að koma með. En nú sé eg, að farið er að ræða nokkuð af gjaldabálkinum, t. d. 10. gr., og verður sjálfsagt gengið til atkvæða um hana. Verð eg því að bíða með brt. mínar þar til við 3. umr.

Brtt. sú, er eg ætlaði að koma með, var við 10. gr. B. 2., um aukið ritfé

handa bæjarfógetanum í Reykjavík. Eins og h. nefnd er kunnugt um, skrifaði eg henni og bað hana, að gera brt. í þessu efni, en af nefndarálitinu sé eg, að hún hefir ekki fundið ástæðu til, að verða við beiðni minni. Eg skal geta þess, þó brtt. liggi ekki fyrir, að eg mun fara fram á, að ritfé bæjarfógetans sé hækkað upp í 2800 kr., svo bæjarfógetinn geti tekið fastan mann, löglærðan, er hann hafi fyrir fullmektugann, er geti ílengst hjá honum, en hingað til hefir það ekki tekist, því þó bæjarfógetinn hafi ráðið til sín löglærðan mann, þá hefir honum ekki haldist á honum, því hann hefir ekki getað veitt honum svo góð kjör, að hann hafi ekki sótt um fyrsta embætti, sem losnaði. — En þar sem nefndin hefir ekki viljað verða við tilmælum minum, verð eg að bíða eftir tækifæri til að koma með breytingaruppástungu um þetta, við 3. umr.

Breytingaruppást. nefndarinnar við 10. gr. eru svo litlar, að ekki er ástæða til að fjölyrða um þær. H. frsm. (V. G.) mintist á 10. gr. C. 1. b., að kostnaðurinn við prentun Stjórnartíðindanna væri of hár; en eg get látið hann vita, að þó sama prentsmiðjan hafi haft prentun Stjórnartíðindanna á hendi í mörg ár, hafa hinar prentsmiðjurnar jafnan vitað, að prentun á þeim væri fáanleg fyrir undirboð. Hafa þær ráðfært sig við landsstjórnina um þetta, en aldrei treyst sér til, að taka að sér prentunina fyrir minna verð, og held eg því, að ekki sé ástæða til að setja prentunina niður.

Hvað ritlaun á landshagsskýrslunum snertir, þá er eg samdóma h. framsm. (V. G.) um, að 40 kr. eru fullhá laun fyrir sumar arkirnar; en aftur eru þar á milli aðrar arkir, sem hafa kostað svo mikla fyrirhöfn, að 40 krónur eru ekki nægileg borgun, þar sem höfundurinn hefir dregið hugleiðingar út úr tölunum. — Eg hefi skilið svo þessa fjárveitingu, að 40 kr. ritlaunin ættu að jafna sig upp; stundum væru þau of lítil borgun, en stundum aftur of mikil, en yrðu mátuleg upp og ofan. Því álít eg rétt og hyggilegt af háttv. nefnd, að hún hefir ekki gert breyt.till. við þetta.

H. framsögum. (V. G.) mintist á 10. gr. C. 5. um þóknun handa verkfróðum manni til að hafa umsjón með útreikningi skipamælinga, en um þetta hefir verið talað áður, og þýðir því ekki að þrátta um það. — Forstöðumaður stýrimannaskólans treystir sér ekki til að taka þetta verk að sér, vegna þess, að hann hefir engan tíma til, að búa sig undir það, og það er ekki til neins, að veita honum 200 kr. í þessu skyni, því hann hefir þann tíma áskipaðan, sem hann dvelur í Kaupmannahöfn, og engan tíma afgangs til að kynna sér þenna starfa.

Þó það sé uppástunga skrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, að fela forstöðumanni stýrimannaskólans endurskoðun skipamælinganna, þá stafar hún af venjum frá eldri tíma, því meðan Markús F. Bjarnason var á lífi, þá »klingdi« það jafnan við hjá sjóliðsráðaneytinu, að öllu mætti hlaða á hann. — Hann var auðvitað hæfileikamaður, en það er ekki víst, að eftirmenn hans verði jafn-afkastamiklir atgervismenn.

H. framsögum. (V. G.) drap á, hvort ekki mundi heppilegra, að skift væri um aukastört forstöðumannsins, og láta hann sjá um skrásetningarnar, en fela öðrum manni umsjón vitanna. — Því miður kemur tillaga þessi fram of seint, því honum hefir verið falið, að búa sig undir umsjón vitanna, dvelja

á vita ytra og nota tækifærið til þess, að kynna sér meðferð þeirra. — Þegar hann kemur aftur, hefir hann því þann undirbúning í því efni, að ekki verður öðrum til að dreifa til að taka það starf að sér.

Hitt getur hann ekki kynt sér, og fæst því að líkindum enginn verkfróður maður á næsta fjárhagstímabili til þess, að taka að sér skrásetningarnar, og má því nokkurn veginn standa á sama, hvort veittar eru 500 kr. eða 300 kr. í því skyni.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eg get ekki vel felt mig við till. nefndarinnar um nýjan lið aftan við 10. gr. B. 3 c., sem sé 2000 króna fjárveitinguna til byggingar fangahúss á Seyðisfirði. — Mér finst nauðsynlegra, að veita fé til margs annars en fangaklefa, enda þótt dálítið meiri ástæða kunni að vera til, að hafa fangaklefa á Seyðisfirði en sumstaðar annarstaðar. – Eg veit ekki betur en að flestir þessir fangaklefar standi oftast auðir og tómir, þar sem þeir eru þegar reistir. — Auk þess virðist mér all-ríflega áætlað, að 2000 kr. þurfi til, að koma þessum klefa upp. En það lítur svo út, þegar eitthvað á að framkvæma fyrir fjárveiting úr landssjóði, að enga hagsýni þurfi við að hafa. — Þótt það nú væri ástæða til, að koma upp fangaklefa á Seyðisfirði, þá skil eg ekki í öðru en að komast mætti af með minna fé til þess en hér er gjört ráð fyrir. — Eg þekki dæmi til, að langt upp í sveit, þar sem alt efni þurfti að flytja að langar leiðir, hefir verið bygt timburhús, vel vandað, alt járnvarið, 12 álna langt og 10 álna breitt, og kostaði þó ekki nema 800 krón. — Fangaklefinn mun ekki þurfa að vera stærri; látum nú svo vera, að hann þurfi sterkan; en samt sem áður get eg ekki skilið í öðru en að hann mætti byggja fyrir minna fé. — Auk þess er það venjulegt, er um þau fyrirtæki er að ræða, sem landssjóður ber kostnaðinn af, að ein fjárbænin rekur aðra, og þegar búið er að smeygja inn einum fingri, er komið með alla höndina á eftir. — Nú tekur Seyðisfjarðarkaupstaður yfir stórt svæði, svo að það mun vera um klukkustundar ferð milli yztu enda hans. — Þegar klefinn er kominn, er ekkért líklegra, en að farið verði að biðja um vagn, til að flytja hina þverbrotnu á í fangelsið, líkt og þegar beðið var um líkvagninn handa Reykjavík um daginn, og hamingjan má vita, hvort svo kemur ekki ósk um sporbraut fyrir vagninn að ganga eftir, og svo frv.! — Enn fremur má ganga að því vísu, að eftir því, sem húsið er stærra, eftir því verður viðhaldskostnaður þess meiri. — Ef nauðsyn væri á að byggja fangaklefann, sem eg get þó ekki haldið að sé, þar sem duglegur lögreglustjóri er þar á staðnum, sem mun gæta reglu og aga í kaupstaðnum, þá held eg að mætti láta sér nægja, að byggja skýli upp við gaflinn á einhverju húsi kaupstaðarins.

Eg mun því greiða atkvæði móti þessari fjárveitingu, að minsta kosti nema um helmingi minni fjárupphæð væri að ræða, og mætti koma því að sem breytingartillögu við næstu umræðu.

Þá vil eg minnast á 10. gr. b. 1. eða kostnaðinn við landshagsskýrslurnar. — Pappír og prentun á þeim kostar 43 kr. fyrir örkina, og samning þeirra og prófarkalestur 40 kr. Það eru samtals 83 kr. örkin. — Fyrir 30 arkir verður það samtals 2490 kr., sem virðist allálitleg upphæð. Eg hefi þó ekki svo mjög á móti því, sem borgað er fyrir samning þeirra og prófarkalestur, og get nokkurn veginn felt mig við skoðun hæstv. landsh. í þessu efni; en eg

get ekki trúað því, að pappír og prentun þurfi að kosta 43 kr. fyrir örkina. Eg er að vísu ekki fróður um prentunarkostnað, en þetta hygg eg þó svo gífurlega upphæð, að eg tel mjög ótrúlegt, að ekki sé hægt að fá þessa prentun og pappírinn fyrir minna verð.

Eg mun því að sjálfsögðu greiða atkvæði með breytingartill. um, að orðin »alt að« sé sett inn fyrir framan töluna, og það því fremur, sem eg álít, að þau hefði mátt standa þar, þótt upphæðin væri ekki ákveðin nema 30 krónur.

Jóhannes Jóhannesson: Það er auðheyrt á ræðu h. þm. Borgf. (Bj. Bj.), að hann hefir ekki verið lögreglustjóri né dvalið í kaupstað um lengri tíma; en eg ber það traust til dómgreindar hans og skynsemi, að hann muni geta sannfærst um, að nauðsynlegt sé að hafa í kaupstöðum hús til að stinga inn í druknum manni, að eg ekki tali um, ef glæpir koma fyrir. — Og eigi yfirvald staðarins að geta gegnt skyldu sinni sem lögreglustjóri og dómari og haldið uppi reglu og aga, þá er jafnframt nauðsynlegt, að staður sá sé þannig gjörður, að hægt sé að einangra menn, ef á þarf að halda.

Fyrir háttv. fjárlaganefnd hefir legið áætlun um fangabúsbygginguna á Seyðisfirði. — Eftir henni á sjálft húsið að kosta rúm 1700 kr., en áhöld og útbúnaður til þess um 300 krónur, og hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að áætlun þessi sé engan veginn of hátt sett, enda er í nefndinni að minsta kosti einn byggingarfróður maður. — Nauðsyn á fangahúsi er að minsta kosti eins mikil á Seyðisfirði og víða annarsstaðar. — Þaðan ganga 4 gufuskip með útlendum skipshöfnum til fiskiveiða. — Kemur því oft fyrir, að þörf er á, að stinga manni inn, og er þá þörf á fangahúsi, því naumast munu menn ætlast til þess, að eg fari að gæta þessara manna inni í stofu hjá sjálfum mér, en svo er þröngt um húsakynni á Seyðisfirði, að ómögulegt er, að fá hús léð í því skyni. — Alla þá, sem dæmdir eru í fangelsishegningu í Norður-Múlasýslu og á Seyðisfirði, verður nú að flytja til Eskifjarðar, til að taka þar út hegninguna, og verður landssjóður venjulega að greiða kostnaðinn við flutning á þeim. — Getur því verið álitamál, hvort það verði ekki fult svo ódýrt, að kosta til fangelsisbyggingar á Seyðisfirði, eins og að kosta flutning sakamanna til Eskifjarðar.

Hér liggur fyrir teikning yfir hina fyrirhuguðu fangahússbyggingu, og er hún háttv. þingmönnum til sýnis. — Samkvæmt henni á fangahúsið að vera 10 álna langt og 7 álna breitt, afþiljað í 4 klefa, eins og nauðsynlegt er. — Með teikningunni fylgir sundurliðuð áætlun um allan kostnaðinn, og eru svo glöggir menn í fjárlaganefndinni, að þeir mundu hafa fært áætlunina niður, ef þeim hefði virst hún of há.

Eg vona því, að h. þingdeildarmenn færi ekki upphæðina niður, og að h. þm. Borgf. (B. B.) hafi að eins haldið ræðu sína í því skyni, að friða kjósendur sína, en ekki af því, að honum hafi þótt upphæðin ónauðsynleg eða of há, eða ætli sér einu sinni að greiða atkvæði á móti henni.

Gamanyrðum hans um vagninn og járnbrautina álít eg ekki þörf á að svara.

ATKV.GR.: 8. gr. frumv. samþykt í einu hlj.

9. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. B. 3. c. nýr liður d. samþyktur með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 1. b. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 5. samþ. með 13 atkv. gegn 4.

10. gr. með áorðinni breyting samþ. í einu hlj.

---

11. og 12. gr., 5. ágúst (atkvskrá bls. 702).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Að því er snertir breyttill. nefndarinnar við þessar greinar fjárlaganna, þá er ástæðnanna til þeirra stuttlega getið í nefndarálitinu, og meðan ekki eru fram komnar athugasemdir gagnvart tillögum nefndarinnar, þykir ekki þörf á að fara mörgum orðum um þær. En það eru fram komnar breyt. frá háttvþm., mjög margar, og sumar því miður svo seint, að nefndin hefir ekki getað rætt þær með sér svo ítarlega sem hún hefði viljað, og skal eg fara um þær nokkrum orðum.

Að því er snertir sérstaklega styrkinn til sjúkrahússins á Akureyri, þá skal eg geta þess, að það lágu fyrir nefndinni skýrslur um, hve mikið þessi spítali er notaður, og hve mikið gagn fjórðungsbúar hafa af honum, en hagur hans er sem stendur ekki góður, af því að sjúkragjaldið er mjög vægt, þá áleit nefndin rétt að hlaupa undir bagga nú í þetta sinn, og hefir því lagt það til, að hann fái nokkurn aukastyrk næsta ár, 1902, en að hann fái eftirleiðis sama styrk og hinir aðrir amtsspítalar, og verður spítalastjórnin að haga sér eftir því, er hún ákveður gjald fyrir legu sjúklinganna, að tekjur og útgjöld spítalans standist á. En það vakti ekki eingöngu fyrir nefnd., að hjálpa spítalanum úr þeirri skuld, sem hann er í, heldur líka hlaupa undir bagga með honum að útvega áhöld, sem hann vanhagar um, og sem hlýtur að vera þýðingarmikið fyrir jafnfjölsóttan spítala.

Þá hefir nefndin lagt til, að Guð mundi Magnússyni læknaskólakennara sé veittar 1200 kr. til utanfarar til þess að kynna sér nýjungar í læknisfræði, og álítur nefndin, að þetta sé þýðingarmikið, vegna þess, að læknisfræðinni fleygir fram með ári hverju, og nýtt kemur fram í hverri grein fræðinnar, og er ekki nærri alt af unt að kynna sér það af bókum; menn verða að sjá það með eigin augum, og þar sem það er álitið nauðsynlegt t. d. í Kaupmhöfn, að dugandi læknar fái tækifæri til þess að ferðast til útlanda í þessu skyni, þá er það ekki síður nauðsynlegt hér, og þar sem þessi maður er aðalkennarinn við læknaskólann og að öllu vel hæfur og maklegur styrks í þessu skyni, þá hefir nefndin af öllum þessum ástæðum lagt það til, að honum verði veittur styrkurinn. Það væri náttúrlega æskilegt, að fleirum læknum gæti orðið veittur slíkur styrkur, og helzt sem flestum; en fjárhagurinn er takmarkaður, enda þóttist nefndin ekki geta komið því við, að hafa styrkinn til Guðm. Magnússonar hærri en þetta, enda þótt hann hafi sótt um 1500 kr. Af sömu ástæðu varð nefndin að leggja á móti því, að Sigurjóni Jónssyni veittist 1200 kr. styrkur til utanfarar; þrátt fyrir það, að fjárlaganefndinni þætti líklegt, að styrkur til þessa manns mundi verða vel notaður, og að æskilegt væri, að hann gæti framast erlendis í sinni grein, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að þegar um læknaskólakennarann var að velja og þennan unga kandídat, þá bæri að taka læknaskólakennarann fram yfir, þegar hún ekki treystist til þess að veita báðum styrk.

Þá er önnur brt. frá 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.), að Júlíusi lækni Halldórssyni verði veittar 3000 kr. sem eins konar skaðabætur, fyrir að hann var knúður til að skifta um bústað. Lækn

ishéraði hans var með hinum nýju læknalögum skift í 2 umdæmi, og honum gefinn kostur á að velja annaðhvort hinna nýju héraða, Blönduóss eða Miðfjarðarhérað. Hann vildi hvorugt, en bað um lausn með eftirlaunum. Stjórnin vildi ekki verða við þeim tilmælum. En ef hann kaus Blönduóshérað, varð hann að flytja sig af bústað sínum, en ef hann kaus Miðfjarðarhérað, átti hann kost á að sitja kyr. Honum var næsta óþægilegt að flytja af bújörð sinni, og hins vegar var honum heldur ekki þægilegt að sitja, því að þá var bústaður hans á héraðsenda. Loks var honum skipað í Blönduóshérað, og Miðfjarðarhérað veitt öðrum, og hlýddi hann því, og flutti sig. Fyrir þetta þykist hann hafa orðið fyrir skaða, og sækir um 5000 kr. skaðabætur. Nefndin íhugaði rækilega þetta spursmál, og las skjöl þau, er til voru, málið áhrærandi, en gat ekki komist að annari niðurstöðu en að þetta væri dómstólaspursmál, og í öðru lagi þótti henni sem sökin lægi hjá lækninum sjálfum, þar sem stjórnin gaf honum kost á hvoru læknishéraðinu sem hann vildi heldur, og mátti hann svo kjósa, að hann gat setið kyr. En látum svo vera, að nefndinni skjátlist í þessu, þá stendur manninum opið að leita úskurðar dómstólanna og fá landssjóð dæmdan til að borga skaðabætur. Nefndin verður því að leggja á móti því, að þessi breyttill. verði samþ.

Á tillögu nefndarinnar, að fjárveitingin til póstflutninga verði hækkuð úr 40000 í 41000 stendur svo, að samgöngumálanefndin fór fram á það við fjárlaganefndina, að styrkur yrði veittur félaginu O. Wathnes Arvinger, sem heldur uppi 12 ferðum milli Austur- og Norðurlands og útlanda, á þeim tíma, sem póstskipin ekki koma þar, til mikilla þæginda fyrir fjórðungsbúa. En sá hængur er á, að ómögulegt er að senda ábyrgðarbréf og böggulsendingar með þessum skipum, og eftir því sem samgöngumálanefndin hefir skýrt frá, hefir hún átt tal um þetta við hæstv. landsh., og hafi hann sagt, að máske mætti ráða bót á þessu, en að til þess þyrfti tillag nokkurt frá þinginu; því hefir nefndin lagt til, að félaginu væru veittar 1 þúsund kr., með því skilyrði, að skipin flyttu alls konar póstflutning, ábyrgðar- og böggulsendingar og peningabréf, og annaðist póstinn að öllu leyti sem póstskip; þar sem þetta eru töluverð þægindi fyrir hlutaðeigandi landsfjórðung, hefir nefndinni fundist ástæða til að taka þetta til greina. Þetta er ekki styrkur fyrir ferðirnar, heldur beinlínis borgun fyrir póstflutninginn, og kemur ekki í bága við þá samninga, sem gerðir eru milli póstmeistara og póstafgreiðslumanna á pósthúsinu í Reykjavík; nefndinni fanst þetta sanngjarnara, heldur en að miða fjárveitinguna við póstmeistarann einan, sem ekki hefir ábyrgð af mistalningu, nema að því leyti, sem hann hefir yfirumsjónina.

Þá kem eg að 12. gr. B. Þar hefir nefndin viljað halda þeirri upphæð til vegabóta, sem stjórnin hefir stungið upp á. En það hafa komið fram ýmsar breyt.till. við þessa grein, og skal eg minnast sérstaklega á breyt.till. á þingskj. 316. Nefndin hefir rækilega athugað þetta spursmál; henni barst umsókn í þessa átt, og með því að þessir menn hafa þegar leitað til stjórnarinnar, og hún ekki viljað sinna þeim, þá fanst nefndinni ekki ástæða fyrir þingið, að blanda sér inn í þetta mál, þegar ekki hefir komið nein tillaga frá stjórninni um það. Mennirnir hafa aðgang að stjórninni, og ef hún neitar að sinna þeim, þá geta þeir farið í mál, ef þeim finst réttur sinn fyrir borð

borinn, og fá hana dæmda til skaðabóta; en nefndin vill efast um, að þeir eigi nokkra heimtingu til skaðabóta, og verður að ráða frá að breyt.till. verði samþ.

Þá er breyt.till. á þgskj. 313, að aftan við 12. B. 4. bætist: þar af 5000 kr. fyrra árið til vegagerðar við Stykkishólm. Þetta spursmál var rækilega rætt í fjárlaganefndinni, og var meiri hlutinn á þeirri skoðun, að upphæðina bæri ekki að veita. Það er búið að veita fé til vegagjörðar frá Borgarnesi og vestur Mýrar, og er meiningin, að sá vegur nái til Stykkishólms; sá vegur er kominn vestur á Mýrar, og hefir landshöfðingi ákveðið, að halda skuli veginum áfram frá Urriðaá til Hítarár, enda virðist full ástæða til þess, vegna þess, að þar eru torfærurnar á leiðinni til Stykkishólms mestar. Breyt.till. fer nú fram á að taka af því fé, sem ætlað er til þessa hluta vegarins, og brúka það til þess að byrja á hinum enda hans. Nefndinni virðist óeðlilegt, að hætta við veginn þar, sem byrjað er á honum, og einkum þegar það er versti kaflinn, og með því að hæstv. landsh. hefir látið í ljósi, að hann geti ekki komist af með minna en 25,000 kr. til þeirrar vegagjörðar, sem hann þegar hefir látið byrja á, þá verður nefndin af þessum ástæðum, að leggja eindregið móti þessari breyt.till.

Á þgskj. 334 er farið fram á, að hækka styrkinn til þjóðvega fyrra árið úr 50,000 kr. upp í 60,000 kr. Það sést ekki af breyt.till., við hvað hækkun þessi er miðuð, en eg mun ekki geta rangt til, að 10,000 kr. muni ætlaðar til vegagerðar upp í Mosfellssveit. Til fjárlaganefndarinnar kom beiðni um samsvarandi styrk til vegar þessa. Hún athugaði málið, og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að verða við málaleitan þessari í þetta sinn; henni sýndist ekki fært að fara fram úr upphæð þeirri, sem í stjórnarfrumv. er; en af annari hálfu hefir verið lagt svo mikið fé til vegagerðar á Suðurlandi að undanförnu, að rétt sýndist að verja vegafénu á höndfarandi tímabili aðallega til vegagerða í hinum landsfjórðungunum; og jafnvel þótt þessi vegur kunni að vera eins nauðsynlegur og sumir aðrir vegir, sem ráðgerðir eru, áleit nefndin rétt, að láta hann bíða að þessu sinni. Þá kem eg að breyt.till. á þgskj. 276; í henni er farið fram á, að veitt sé alt að 2000 kr. til að rannsaka hafnarstæði undir Dyrhólaey og við Vík í Mýrdal. Það er að vísu svo, að það er harla þýðingarmikið spursmál, ef mögulegt væri að fá góða höfn á þessu svæði, sem svo mjög þarfnast hafnar, en meiri hluti nefndarinnar hallaðist þó að því, að hann treysti sér ekki að leggja beinlínis fram með fjárveitingu þessari. Landshöfðingi hefir skýrt frá því, að vegfræðingur landsins mundi ekki hafa mjög mikið að starfa næsta ár, og mundi þá ef til vill mega nota hann til þessa; það yrði að mun ódýrara fyrir landssjóð Það gæti jafnvel komið til greina, að hann tækist þetta rannsóknarstarf á hendur þegar í sumar, þar sem hann hefir nú orðið að hverfa frá starfi því, sem hann átti að vinna, umsjóninni með bygging Lagarfljótsbrúarinnar. Eins og sakir standa, verður nefndin því að mæla á móti breyt.till. Þá skal eg minnast fáum orðum á fjárveitingar til sýsluvega. Það hefir á undanförnum þingum læðst inn sú stefna, að styðja að lagning þeirra. Reyndar álít eg hana miður heppilega, og tel hér komið inn á hættuveg, sem auðvelt er að komast inn á, en erfitt að sleppa út af. Afleiðingin af þessari stefnu, að landssjóður er, auk þjóðvega, fjallvega og

flutningabrauta farinn að taka að sér sýsluvegi, er þegar orðin sú, að nú dynja yfir fjárbænir um styrk til sýsluvegagerða, með því að sýslurnar telja sér ofvaxið að standa straum af þeim, og það má eiga það víst, að þessar bænir fjölga en fækka ekki, ef þessu heldur fram. Fyrir nefndinni lágu nú nokkrar fjárbænir í þessa stefnu, sem henni fanst ástæða til að sinna. Fyrst og fremst kom frá samgöngumálanefndinni tillaga um, að veita nokkurt fé til vegagerðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu. Á síðasta þingi var veitt fé til þessa sama vegar með því skilyrði, að sýslan legði fram jafnmikið á móti, en hún treysti sér þá ekki til þess, og því var fjárveitingin ekki notuð. Í ár fól hún þm. sínum á hendur að koma fram með lagafrumv. um veg þennan, um að gera hann að þjóðvegi, og var því vísað til samgöngumálanefndarinnar; hún réð til að láta frv. þetta eigi fara lengra, en vildi leggja með því, að styrkur yrði veittur til vegar þessa sem til sýsluvegar, 3750 kr. hvort árið, gegn því, að sýslan legði fram 1250 kr. á ári. Nefndin vildi sinna máli þessu að nokkru leyti, þótt hún vildi ekki fara eins langt eins og samgöngumálanefndin; henni fanst ekki lengra farandi en svo, að landssjóður legði fram helming móts við sýsluna. Vér verðum vel að gæta þess, hve hætt er við, að hver fjárveiting til sýsluvega dragi nýjan dilk á eftir sér. Eg vil að þingið slái því föstu, að veita aldrei meir en helming til sýsluvega á móts við tillagið úr sýslunni sjálfri. Það hefir að vísu verið brotið móti þessari reglu áður, en þótt þingið hafi gert eitt glappaskot áður, þá er það ekki skyldugt til, að gera þau áfram í það óendanlega.

Breyt.till. á þgskj. 331 fer fram á, að hækkað sé tillagið til sýsluvega um 1250 kr. hvort árið, og byggist hún á því, að farið er fram á að hækka tillagið til Breiðadalsheiðarvegarins upp í hið sama og samgöngumálanefndin fór fram á, eða úr 2500 kr. á ári upp í 3750 kr. Móti þessari breyt.till. verður nefndin að mæla, af þeirri ástæðu, sem eg tók nú fram rétt á undan. Það virðist svo, að vilji sýslan ekki svo mikið til vinna, að leggja fram helming fjárins til vegagerðarinnar, þá telji hún þörf vegarins ekki svo aðarbrýna; að öðrum kosti mundi hún ekki hafa í að leggja nokkuð hart á sig til að fá veginn.

Þá hefir nefndin farið fram á, að fá af fé því, sem ætlað er til sýsluvega, nokkurn styrk til vegagerðar á Hellisheiði í Norður-Múlasýslu. Þar eru fyrir henni sömu ástæður og með Breiðadalsheiðarveginn, að það mundi ofvaxið sýslunni, að vinna ein að vegagerðinni. Nefndin hefir tekið sömu stefnu og með Breiðadalsheiðarveginn, og þess er að gæta, að sé farið að breyta hlutföllunum á tillaginu til þess vegar, þá er það því nær skylda þingsins, að láta hið sama ganga yfir Hellisheiðarveginn, því að einhverri reglu verður þó að fylgja í þessu eins og öðru. En nefndin verður nú halda fast við það, að til hvorugs vegarins sé veitt meira en helmingur úr landssjóði á móts við sýsluna, og að yfir höfuð sé ekki gengið lengra í því efni. Að því er snertir önnur tillög til sýsluvega, þá er gerð svo ítarleg grein fyrir þeim í nefndarálitinu, að eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Þá er að víkja að því, að nefndin leggur það til, að veitt sé fé til að bæta innsiglinguna á Stokkseyri, og er gerð nokkur grein fyrir afstöðu nefndarinnar í því efni í sjálfu nefndarálitinu. Það er harla þýðingarmikið, að fá bærilega höfn á þessum stað, og

héraðið hefir sýnt lofsverðan áhuga í að undirbúa málið og lagt töluvert í sölurnar til þess, enda er það nú svo úr garði gert, að þingið getur gert sér allglögga grein fyrir því. Auk þess hafa viðkomendur boðist til, að bera þriðjung kostnaðarins, eða 8000 kr., og er það allrar virðingar vert. Af því að hér er um þýðingarmikla samgöngubót að ræða fyrir mannmörg héruð, þá sýnist ekki áhorfsmál, að leggja fram úr landssjóði þær 16000 kr., sem um er beðið. Hæstv. landsh. hefir gefið mér kost á að kynna mér bréf frá foringjanum á Diönu, sem hefir skoðað innsiglinguna á Stokkseyri; hann hefir komist að sömu niðurstöðu og hinn norski verkfræðingur, að hægt sé að bæta innsiglinguna og gera við höfnina. Eg efast því ekki um, að þessari tillögu verði tekið vel.

Þá hafa komið fram ýmsar breyt.-till. við 11. gr. C. En þess skal eg láta þegar getið, að nefndin hefir að sinni ekki viljað hreyfa við þeim kafla; hana vantaði ýmsar upplýsingar, sem hún býst við að fá, og geymir hún sér rétt til að koma með breyt.till. við þann kafla til 3. umr., ef henni svo sýnist. Á þgskj. 313 er breyt.till. við 12. gr. C., um það, að miðsvetrarskip ið komi við í Stykkishólmi jafnskjótt og viti verður reistur í Elliðaey. Þessi breyt.till. kom svo seint fram, að fjárlaganefndin hefir ekki haft tíma til að tala sig saman um hana, enda er því máli svo varið, að það hefði fyrst átt að koma fram í samgöngumálanefndinni, og það því fremur, sem hún er einmitt nú að semja við mann frá hinu sameinaða gufuskipafélagi. Þessi breyt.-till. getur því ekki vel komið til greina fyr en hún hefir verið undirbúin í samgöngumálanefndinni.

Breyt.till. á þgskj. 330 við 12. gr. C. 2. b. fer fram á að hækka styrkinn til gufubáts á Ísafjarðardjúpi úr 2500 kr. upp í 4000 kr. Þessi styrkur var fyr veittur með því skilyrði, að sýslufélagið legði fram nokkurt fé á móts við landssjóðsstyrkinn. En á þinginu 1899 var þessu skilyrði slept, og síðan hefir ekki verið varið öðru opinberu fé til gufubátsferða þessara en landssjóðsstyrknum, og því munu ferðirnar hafa orðið nokkru minni en áður. Það er annars óþægilegt og naumast rétt, þegar verið er að koma til þingsins með þessar beiðnir um að losa sýslufélög við slík fjárframlög. En svo hefir farið bæði með Faxaflóabátinn og Ísafjarðarbátinn. Sá maður, sem hefir á hendi umsjón Faxaflóabátsins, baðst undan því að hafa á hendi ferðirnar vestur á Breiðafjörð, og vildi þá sleppa af nokkrum hluta tillagsins. En þegar hann er orðinn laus við þær ferðir, þá þykist hann ekki geta haldið uppi Faxaflóaferðunum fyrir minna en 10,000 kr., eða sama og hann hafði haft fyrir allar ferðirnar áður. Eins er hér ástatt, þegar búið er að sleppa úr fjárlögunum skilyrðinu fyrir styrkveitingunni til gufubátsins á Ísafjarðardjúpi, þá er komið til þingsins og beðið um meira fé; annars stöðvist ferðirnar eða verði að minsta kosti harla ófullnægjandi. Svona liggur málið fyrir, og getur það orðið all-útdráttarsamt fyrir landssjóð, ef hann á að taka upp á sig allan kostnað við þessa aukabáta. Þó má vera, að nefndin komi sjálf með breyt.till. til 3. umr., um að hækka styrk þennan upp í 3000 kr.; lengra getur hún naumast farið.

Þá er brt. á þingsk. 333, þar sem farið er fram á, að veita styrk til gufubáts á Breiðafirði, alt að 10,000 kr. síðara árið. Það virðist ekki vera kominn tími til að veita styrk þennan.

Eg skal játa það, að þörf geti verið á gufubátaferðum á Breiðafirði, en mjög er hæpið, að hægt sé að koma þeim fyrir á hentugan hátt, fyr en um leið og nýir samningar verða gerðir við hið sameinaða gufuskipafélag. Kæmi sérstakur gufubátur á Breiðafjörð, þá væri t. d. þýðingarlaust að senda strandferðabátinn inn á Hvammsfjörð, en við það að vera laus við það, ynnist tími, sem mætti nota á annan veg, svo sem með því, að strandbáturinn færi fleiri ferðir. Af því að ekki eru líkindi til, að nýir samningar komist á við gufuskipafélagið nú, og ekki fyr en 1904, þá verður nefndin að telja það ráðlegast, að fresta ákvörðunum um sérstakar gufubátaferðir um Breiðafjörð þangað til þá, og verður því að leggja á móti tillögunni að svo stöddu. En þegar hægt verður að gera nýja samninga við gufuskipafélagið, og einkum ef hægt verður að fá tvilnun hjá því fyrir það, að vera laust við krókana á Breiðafirði, þá væri full ástæða til að taka málið til greina.

A þingskj. 330 við 12. gr. D. er brt. um ritsímann. Oss datt sízt í hug, að það yrði farið að hreyfa við þessu, sem búið er að standa í fleiri en einum um fjárlögum að undanförnu, og auk þess er svo saklaust í sjálfu sér, af því að svo lítil líkindi eru til, að nokkuð verði gert í því máli á næsta fjárhagstimabili. Breytingartillagan fer fram á, að breyta skilyrðum þeim, sem nú eru sett fyrir fjárveitingunni; hún áskilur, að sæsíminn sé lagður á land í Reykjavík eða svo nálægt henni, sem föng eru á. Það var rætt mikið um þetta á síðasta þingi, og ekki vert að vekja upp jafnharða rimmu nú aftur. En á það skal eg benda, að vér erum ekki einráðir um þetta mál. Eins og glöggt var sýnt á síðasta þingi, batt ríkisþingið danska fjárveiting sína til ritsímans því skilyrði, að yrði ritsíminn lagður á land í Reykjavík eða í grend við hana, ætti ritsímafélagið norræna að leggja 150 þús. kr. til landsímalagningar, en yrði hann lagður á land á austurlandi, þá 300 þús. kr. A ríkisþinginu kom sú skoðun fram, að landið hefði ekki verulegt gagn af ritsímanum, ef hann næði til höfuðstaðarins eins saman, og því var það, að það setti þessa kosti, sem eg nefndi. Félagið tók þann kostinn, að leggja ritsímann til Austurlandsins, og leggja 300 þús. kr. til landsímalagningar; hinum neitaði það algerlega. Það hefir því alls eigi gengið að því, að leggja sæsímann með öðru móti en þessu. Ef þessi brt. kæmist að, þá yrðum vér að standa sem hringlandi þing frami fyrir öðrum þjóðum, því að það er orðið kunnugt út um heiminn, við hvað vér höfum bundið oss í þessu máli. Menn sjá, hvaða meiningarleysi það er fyrir þingið, að fara að hringla nú í þessu, og með því hrinda frá sér því tillagi, sem ríkisþingið hefir boðið fram og samþykt með ákveðnum skilyrðum. Þessi brt. er bæði svo hættuleg fyrir heiður þingsins og framgang málsins, að eg vona, að þingið gefi henni engan gaum. Eg skal geta þess, að eg tala þetta fyrir sjálfan mig, því að eg hefi ekki átt kost á að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um þetta atriði.

Þá hefir nefndin álitið, að rétt væri að lækka gjaldið til umsjónarmannsins við vitana við Faxaflóa; henni fanst starfið ekki svo umfangsmikið, að ekki mundi vera hægt að fá mann til þess, að taka það að sér fyrir minni borgun. Nefndin hefir því á þingsk. 329 leyft sér að koma fram með þá brt., að gjaldið væri fært niður í 150 kr. Maðurinn, sem áður hefir haft þetta

starf á hendi, er nú dáinn, og er þess vegna heppilegt, að breyta þessu nú, áður en nýr maður hefir tekið að sér umsjónina. Nefndinni virðist þessar 150 kr. vera nægileg borgun fyrir þessa einu ferð — eða hvað það nú er, — sem umsjónarmaðurinn fer á ári.

Hvað viðvíkur því, að hækka laun vitavarðarins við Reykjanesvitann, þá getur nefndin ekki fallist á það, sem stjórnin stingur upp á, nefnilega að hækka launin upp í 1500 kr., heldur leggur nefndin það til, að launin til vitavarðarins séu látin halda sér óbreytt, en hinum núverandi vitaverði veittar 100 kr. sem persónuleg launaviðbót handa honum sjálfum.

Ennfremur hefir nefndin þgskj. 329 komið með þá breyttill., að veita fé til tveggja vita, nefnilega á Arnarnesi við Skutilsfjörð 4200 kr., gegn því, að hlutaðeigandi síslufélag annist hann að öðru leyti, og 1650 kr. til vita á Elliðaey á Breiðafirði með sömu skilyrðum. Það er auðvitað áhorfsmál, hvort ekki væri réttast, að bíða þangað til stjórnin legði fyrir ákveðið plan yfir vitabyggingar hér við land, því án þess verður alt af handahófi og ekki eins vel fyrir komið og skyldi; en af því að það stendur nokkuð sérstaklega á með þenna vita á Arnarnesi, sem ekki að eins hefur þýðingu fyrir siglingar frá útlöndum, heldur einnig fyrir innlenda sjómenn, þá var nefndin með því, að fé til að byggja þenna vita yrði veitt, gegn því, að sýslan vildi kosta hann að öðru leyti. Sama er að segja um vitann á Elliðaey. Hann hefir raunar mesta þýðingu fyrir útlendar siglingar, en er svo nauða-nauðsynlegur, að nefndin áleit ekki rétt að fresta byggingu hans. En nefndin heldur fast við það, að sýslurnar annist viðhald á vitunum, og eg álít þess vegna réttast fyrir háttv. þm. Ísf., að taka aftur breytingartillögu sína á þgskj. 380, um að landssjóður annist vitann, því hún gæti orðið málinu að falli. Það hefir ekki verið farið fram á, að landssjóður héldi vitanum á Elliðaey við.

Þá er einnig á þgskj. 329 tillaga um, að veita 1000 kr. fyrra árið til þess, að setja sjómerki við ýmsar hafnir. Nefdinni barst í hendur bréf til landshöfðingja um þetta efni, og þar eð svo er ástatt, að víða á innsiglingunum eru blindsker, og kortin ónákvæm, þá áleit nefndin, að hagurinn af þessu gæti orðið svo mikill, að rétt væri að veita þessa litlu fjárupphæð.

Eg skal svo ekki í þetta sinn fjölyrða meira, en að eins benda hinni háttv. deild á, að eftir tillögum nefndarinnar, ef þær verða allar samþyktar, þá verður tekjuhallinn 76,000 krónur. Allar breyttill. þær, sem fram hafa komið frá þm., fara fram á að auka útgjöldin, en engin gefur minstu bendingu um, hvernig auka megi tekjur landssjóðs. Eg verð því að benda háttv. deild á, að það má fara varlega í að samþykkja þessar breyttill., ef tekjuhallinn á ekki að verða alt of gífurlegur.

Landshöfðingi: Eg hefi ekki mikið að athuga við 11. gr. Flestallar brt. nefndarinnar við þá gr. eru viðvíkjandi holdsveikraspítalanum, um það, að færa útgjöldin til hans niður. Það er erfitt að eiga við það mál, því það er eins og menn séu búnir að telja sér trú um, að þar eigi sér stað einhver fádæma-eyðsla. Eg ímynda mér, að það sé til lítils fyrir mig að boða mönnum nýja trú því viðvíkjandi; en að allra dómi, sem eitthvað hafa með þá stofnun að sýsla, fer því svo fjarri, að þeir álíti að nokkur eyðsla eigi sér þar stað, að þá hreint og beint furðar á, hve ódýr hún er. Eg er ekki vel kunnugur því, hvað slíkar stofnanir

kosta annarsstaðar; en eg vil þó benda mönnum á, að kostnaðurinn við hvern sjúkling í holdsveikraspítalanum er ekki nema 1,20 kr. á dag, þar með talin læknishjálp, en t. d. í Kommunespítalanum í Höfn er kostnaðurinn við hvern sjúkling 2,50 a. á dag, eða meir en helmingi meiri. Eg skil því ekki, að það geti verið um neina eyðslu að ræða við þennan spítala, sem hér er um ræða. Hvað vinnumannskaupinu viðvíkur, þá skal eg ekki neita því, að það mætti ef til vill fá mann fyrir 200 kr. í kaup um árið, en það er orðið erfitt að fá vinnufólk, því menn þykjast hafa meira upp úr að vera á þilskipum.

Viðvíkjandi niðurfærslunni á því, sem veitt er til kola og ljósmetis, skal eg taka það fram, að eg álít, að sú till. nefndarinnar sé ekki á rökum bygð. Eg efast um, að háttv. nefnd viti, hve mörg teningsfet þarf að upphita og hve margar gráður. Eg efast jafnvel um, að hún viti, hve margir ofnarnir eru, sem lagt er í, og lamparnir, sem kveikt er á. En þetta hefir litla þýðingu, því þessu er svo varið, að það er ekki mögulegt að taka tillit til þess, þótt of lítið fé sé veitt. Það verður sem sé hvorki hætt að leggja í ofn né kveikja á lampa, ef þess þarf, þótt það fé, sem veitt hefir verið til þess í fjárlögunum, sé búið. Afleiðingin af því, að fjárveitingin er of naum, verður að eins sú, að spítalastjórnin getur ekki birgt spítalann upp að haustinu með nægilegu eldsneyti og ljósmeti, og verði spítalinn svo uppiskroppa á útmánuðunum, verður að kaupa kol og olíu við miklu dýrara verði, svo sparnaðurinn verður að ráðlausri eyðslusemi. Sama er að segja um niðurfærsluna til viðhalds á húsum. Það má ef til vill fá það lítið eitt ódýrara en áætlað er, en ekki nærri því eins ódýrt og nefndin ímyndar sér. Eg verð líka að álíta það mjög vanhugsað hjá nefndinni, að veita að eins 1500 kr. til þess, að byggja geymsluhús handa spítalanum, því það er ómögulegt að byggja viðunanlegt geymsluhús handa spítalanum fyrir það verð; enda minnir mig ekki betur en nefndin hafi kannast við það; Dr. Beyer fórust að minsta kosti svo orð, sem nefndin hefði haft góð orð um að veita hinar áætluðu 4000 kr. til að byggja geymsluhús fyrir spítalann. Hinar breytingaruppástungurnar við 11. gr. er óþarfi fyrir mig að fara orðum um.

Þá er 12. gr. Eg hefi þar ekki margt að athuga við uppástungur nefndarinnar. Eg skal geta þess viðvíkjandi brt. á þgskj. 329, um að hækka fjárframlagið til póstflutninga, að eg hefi í sjálfu sér ekki á móti því, að sá liður sé hækkaður, en mér finst athugasemdin ekki vel orðuð. Framsögumaður tók það fram, að þessi hækkun væri ætluð til þess, að senda mætti ábyrgðarbréf og böggulsendingar með skipum þess félags, sem styrkur er veittur; en orsökin til þess, að póststjórnin hefir ekki sent ábyrgðarbréf og böggulsendingar með þessum skipum, er áhættan. Eins og kunnugt er, hefi danska póststjórnin alla ábyrgð á því, sem sent er milli Islands og Danmerkur með póstgufuskipunum, en íslenzka póststjórnin hefir enga ábyrgð. Póststjórnin danska borgar alt, sem tapast á þeirri leið, en það er bundið því skilyrði, að það sé sent með póstskipunum. Það sem því yrði sent með skipum »Wathnes Arvinger« yrði íslenzka stjórnin að ábyrgjast, en þessa ábyrgð vill hún ekki takast á hendur án þess, að fá heimild til þess hjá fjárveitingarvaldinu. Ef þeir, sem eftir þessari till. eiga að annast póstflutningana, vilja ábyrgjast sending-

arnar, þá er alt gott, en annars ekki; það þarf ekki mikið til, að nokkur þúsund fari í sjóinn, ef skip ferst. Eg þekki lítið til þessara skipa; sum þeirra eru ef til vill góð, en þau eru víst misjöfn.

Viðvíkjandi því, sem lagt er til vegabóta, hefi eg ekki mikið að athuga; nefndin hefir borið sig saman við mig um það; en þó er fénu skift niður nokkuð öðruvísi en eg hafði búist við. — Hvað því viðvíkur, að veita 8—10 þús. kr. til að gera veg á Fjarðarheiði, þá þykir mér það óþarflega mikið, því það getur þó naumast verið meiningin, að búa til akveg á þessari heiði, sem liggur 9—10 mánuði af árinu undir snjó. Eg áleit að það væri að eins meiningin, að gera hana greiðfærari, en mér finst ekki mikil ástæða til að gera akveg á fjalli, þar sem maður mestan hluta ársins verður að ferðast á snjó. Háttv. framsm. hefir gert grein fyrir br.till. við 12. gr. B. 5. Það er eingöngu á þingsins valdi, hvað það vill gera í því efni, og skal eg ekki blanda mér inn í það.

Þá er 12. gr. E. Við þá gr. er brt. um að lækka stafl. a. eða þóknunina til umsjónarmannsins við vitana við Faxaflóa. Eins og h. þm., sem setið hafa á fyrri þingum, muna, þá veitti danska sjóliðsstjórnin, þegar þessir vitar voru bygðir, 14,000 kr. til þessa fyrirtækis, en setti sem skilyrði fyrir fjárveitingunni, að fastur umsjónarmaður væri skipaður, og þóknunin til hans var ákveðin 300 kr. Nú er sá maður, sem hafði þetta starf á hendi, dáinn, og það má ekki dragast lengur en til hausts að skipa mann í þessa stöðu, vegna þess, að þetta skilyrði var sett. Þess vegna samdi eg svo um við forstöðumann stýrimannaskólans, að hann tæki þetta starf að sér með þeirri þóknun, sem áður hefir verið. Eg skal játa, að það var einfaldlegt af mér, að halda, að ekki yrði farið að hræra í þessu; ef nú þóknunin er færð niður um helming, þá er þessi maður ekki bundinn við loforð sitt um að taka þetta starf að sér, og þar eð ekki er völ á öðrum fyr en þá seint og síðar meir, þá rekur að því, að ekki verður mögulegt að uppfylla skilyrði sjóliðsstjórnarinnar. — Þar að auki verð eg að álíta, að nefndin hafi ekki gert sér fullljóst, hvað þessi maður hefir að gjöra. Framsm. talaði um 1 ferð á ári. Það hefir nú hingað til verið talið nauðsynlegt, að fara að minsta kosti 2—3 ferðir á ári. Auk þess hefir hann margt annað að gera; hann annast t. a. m. um kaup á olíu og áhöldum til vitanna, og hefir miklar bréfaskriftir út af þeim, og eg er viss um, að margt starf er betur launað, þar sem minna er að gera. Eg vil því mælast til þess við fjárlaganefndina, að hún falli frá þessari br.till. og láti þenna lið frv. halda sér óbreyttan.

Þá er eftir br.till. nefndarinnar við 12. gr. E. c. 1. Stjórnin hefir sem sé farið fram á, að hækka laun vitavarðarins við Reykjanesvitann um þrjú hundruð kr., og sýnt fram á, hvers vegna það er nauðsynlegt. Vitavörðurinn þarf að halda 2 vinnumenn til þess, að að alt sé tryggilegt, en nú, síðan vinnuhjúahaldið varð svona dýrt, er þetta ókleifur kostnaður fyrir hann með þeim launum, sem hann nú hefir. Þegar vinnumenn hans eru orðnir vanir störfunum, þá er þeim farið að leiðast á þessum afskekta stað. Þeir þykjast vera betur komnir á þilskipunum og hafa meira upp úr því. Þeir hlaupa því á þilskipin og hann verður að taka nýja óvana menn fyrir afarkaup.

Eg hefi ekkert á móti því, að laun vitavarðarins séu ákveðin 1200 kr. og 300 kr. sem persónuleg viðbót við nú-

verandi vitavörð. Br.till. mín er því, að í stað »100« komi »300«. Eg vil biðja nefndina um að íhuga þetta.

Nefndin hefir komið með br.till. við þennan kafla, sérstaklega viðvíkjandi vita við Ísafjörð. Þegar eg var að gera mínar tillögur til fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, þá var það einmitt eitt af þeim atriðum, sem eg lagði með, að komið væri upp vita á Arnarnesi við Isafjörð, og hafði eg þá fyrir mér skýrslur frá vita-ingeniörnum Brinck, sem var sendur hingað upp til þess að rannsaka vitastæði hér á landi árið 1898. En þeirri uppástungu minni var ekki sint, og mér skildist það vera af misskilningi, af því það væri skilið þannig, að þessi viti væri eingöngu fyrir þau skip, sem sigldu um Djúpið, en væri ekki til neins gagns fyrir önnur skip. Því var haldið fram í tillögum mínum, að ef vitinn stæði þarna, þá lýsti hann svo langt til hafs, að skip sem sigldu fram hjá Djúpinu, hefðu gagn af honum. Þetta höfðu þeir víst ekki skilið í vitastjórninni eða álitið það einhverja fjarstæðu. Eg er fullkomlega samdóma því, sem h. framsmtók fram um það, að það væri eiginlega ekki kominn tími til þess fullkomlega að veita neitt fé til vita, fyr en búið væri að rannsaka ítarlega þetta mál og komnar væru fram uppástungur um vita yfir höfuð að tala, hvar væri mest þörf á þeim, hvar bráðust væri nauðsyn og sízt mætti draga að byggja þá. Stjórnin hefir líka lagt þetta út á líkan hátt; hún hefir í hyggju næsta ár að setja nefnd kunnugra manna til þess að ræða vitamálið og gjöra ítarlegar uppástungur um, hvar þyrfti að byggja vita, hvar þyrfti að byggja fyrst og hver kostnaður mundi verða við hvern vita.

En það er ekki svo að skilja, að eg leggi á móti þessari vitabyggingu á Arnarnesi né heldur á Elliðaey. En þar sem h. framsm. fjárlaganefndarinnar hefði talsvert í kostnaðinn við vitann á Arnarnesi, þá skal eg geta þess, að sú uppástunga kom frá mér við fjárlagafrv. 1900—1901, að jafnframt og þessi viti yrði bygður, þá skyldi hækka vitagjald á Ísafirði, þannig, að þar yrði greitt sama vitagjald sem greitt er hér við Faxaflóa. Við það mundi vinnast ekki einungis góðir vextir, heldur og ríflega það sem þyrfti til árlegs kostnaðar. Eg álít ekki, að það sé orðið of seint, að koma fram með frv. til að útvega þetta fé í viðbót til að standast kostnaðinn, og eg hygg að það væri mikið betra að haga málinu þannig, heldur en veita nú máske ekki fullnægjandi upphæð til að koma vitanum upp, en skipa svo sýslufélaginu að annast hann að öllu leyti. Mér finst það ekki »conseqvent«, að láta Isafjarðarsýslu bera kostnaðinn af þessum vita, þar sem landssjóður annarsstaðar ber árlegan kostnað af vitunum, en fær aftur á móti tekjur af öllum skipum, sem hafa gagn af þeim. Eins og Ísafjarðarsýsla var fús fyrir þrem árum síðan að ganga að hækkun vitagjaldsins, til þess að geta fengið vitann á Arnarnesi, þá efast eg ekki um, að þeir séu sömu skoðunar enn. Eg vildi óska, að mörgum af þessum fjárbændum, sem komið hafa, gæti orðið sint með eins litlum tilkostnaði og gjöra mætti við þessa grein.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Það var í tilefni af 6. útgjaldalið 11. gr., sem eg vildi segja nokkur orð. — Það hefir komið fram nokkur orðasveimur um það, að sjúklingarnir í Laugarnesspítalanum mundu ekki vera svo ánægðir sem skyldi og búast mætti við, eftir árlegum tilkostnaði og annari tilhögun eða ásigkomulagi stofnunarinnar.

Í þessu viðvíkjandi hefir mér borist bréf frá all-mörgum sjúklingum í spítalanum, og með leyfi háttv. forseta vil eg lesa bréfið upp. (*Forseti*: Ef það er ekki langt). Það er það ekki; en áður en eg les það upp, vil eg geta þess, að það er ekki ritað eftir réttum ritreglum, svo eg verð að biðja afsökunar á því, þó að lesturinn verði ekki sem áheyrilegastur:

»Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi.
1. ágúst 1901.

Það eru vor vinsamleg tilmæli allra sjúklinga, er hér eru undirskrifaðir, að þér virðingarfylst vilduð nú verða svo góðir, háttvirtu og heiðruðu alþingismenn, og taka mál vort til athugunar. — Svoleiðis var í vetur, þá er spítalastjórnin hélt yfirskoðunarfund sinn hér á spítalanum, þá fórum við fram á við hina háttvirtu spítalanefnd, að við sjúklingar fengjum bættan kost vorn, og var það að því leyti, að við fengjum ost eða kjöt ofan á brauðið að morgni dags, og bárum við þetta fram og annað ekki við spítalanefndina, og svaraði herra amtmaður því vel, og að það kæmi til fjárveitingar, og eru þetta vor tilmæli og bón til yðar allra, háttv. þingmanna, að þetta fái framgang, og fylgja nöfn þeirra sjúklinga, er þessu eru meðmæltir; nöfn mannanna fylgja sérskilin á blaði, og það eru 53 menn, sem óska þess, er hér að framan er skráð, nefnilega, að fá brauðið bætt eða 2 pela af nýmjólk á dag í staðinn fyrir 1 pela, er við höfum vanalega, sem á fótum erum, ef það gæti fremur haft framgang; og enn fremur eru það nokkrir menn, er hér skulu tilgreindir, sem oska, að fá leyfi til þess, að biðja um annan mat, þá er þeir geta ekki borðað þann mat, er fram er borinn yfir almenning, og er það vinsamleg bón þeirra til ykkar allra, heiðruðu þingmenn.

Þessu næst viljum við leggja þá spurningu fyrir yður, alla þingmenn, hvort þér viljið ekki vera svo góðir og setja aðra ráðskonu eða matmóður í stað þeirrar, sem hér er og hefir verið, þar kostur mun vera að fá aðra í hennar stað með því kaupi, sem hún hefir hér haft síðan stofnun þessi var hér fyrst á stofn sett. — Aðal orsök þess, að þessi ráðskona sé afsögð, er sú, að við sökum hana fyrir illa handteringu á mat og misjafna meðhöndlun á margan hátt, er mætti tilgreina, ef krafist yrði.

Þeir sem afbiðja ráðskonuna eru 37 alls (þrjátíu og sjö). — Þeir sem óska að fá annan mat í stað þess matar, er þeir ekki geta borðað, eru að tölu 10 (tíu).

Vér vonumst nú svo góðs til yðar allra, háttvirtu þingmenn og háyfirvöld, að þessar uppástungur okkar nái fram að ganga.

Virðingarfylst
Sjúklingar Laugarnesspítala«.

Hér fylgir svo nafnalisti samkvæmt þessu bréfi. — Eg get ímyndað mér, að þingið geti máske ekki gjört gagngjörða breyting á þessu, þar sem spítalastjórnin mun hafa vald og yfirráð á öllum framkvæmdum í spítalanum. En eg álít, að ef þingið lætur óánægju sína í ljósi yfir því, að sjúklingunum líði ekki eins vel og við mætti búast, þá taki spítalastjórnin það til greina. — Þessu til stuðnings get eg skírskotað til þess, að það hafa fleiri mönnum hér í salnum borist bréf lík þessu, sem einmitt benda á það, að þessum kröfum verði sem bezt framfylgt.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vona, að þessi ósk aumingjanna að Laugarnesi, sem nú hafa leitað til þingsins, verði heyrð.

Hannes Hafstein: Af því eg er riðinn dálitið við sumar af þeim breyt.till. sem fram eru komnar, þá ætla eg að leyfa mér að fara um þær fáum orðum. — Í fyrsta lagi er breytingartill., sem snertir Breiðadalsheiðarveginn. — Það hefir verið áður tekið fram hér í deildinni, er máli skiftir viðvíkjandi þessum vegi, og eg álít ekki, að eg þurfi því að taka það upp aftur. — Málinu var vísað til samgöngumálanefndarinnar, sem kynti sér málið rækilega, og komst að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þó meiri hluta hennar þætti ástæða til, að taka veginn í tölu þjóðvega, þá vildi hún leggja það til, að veittar væru 7500 kr. úr landssjóði gegn 2500 kr. úr sýslusjóði, og skaut því til fjárlaganefndarinnar, er lagði þann úrskurð á málið, sem h. framsögumaður (V. Guðm.) skýrði frá. — Það kann að virðast svo, sem háttv. flutningsmenn megi vera þakklátir fjárlaganefndinni fyrir það, að hún hefir þó viljað veita 2500 krónur á ári, en það er bundið sömu skilyrðum eins og áður var, að sýslan leggi til 100% eða jafnmikið og landssjóður, og það gjörir, að þakklætið verður minna; því það hefir sýnt sig, að það er ómögulegt að fá sýslufélögin til að leggja það fé fram, sem með þarf til Breiðadalsheiðar; þetta er sú gjá, sem gleypir miklu meira fé en sýslufélögin geta risið undir; og þó er vegurinn nauðsynlegur; en það mundi þurfa að fara dýpra ofan í vasann á landssjóðnum til að gjöra hann góðan alla leið. — Og þó sýslufélögin vildu ráðast í, að taka enn þá 5000 kr. lán, þá væri ekki þar með búið; hið dýra viðhald, sem yrði á þessum vegi, mundi leiða til þess, að sýslufélögin yrðu að ráðast í nýjar og nýjar lántökur. — En sýsluvegasjóðirnir í þessum sýslum eru ekki ríkir; í norðursýslunni hefir sýsluvegasjóðsfénu stöðugt verið varið til gufubátsferða að undanförnu; og ef það verður ofan á, að það verði klipið svo mjög af styrkveitingunni til gufubátsferðanna, eins og nefndin vill, þá verður mjög lítið til eftirleiðis til þess, að leggja til vega eða vaxta og afborgana af lánum. — Í vestursýslunni eru ekki nema 5 hreppar, og hennar hið árlega sýsluvegasjóðsgjald ekki nema 5—600 kr.; hún hefir tvo fjallvegi að annast, auk Breiðadalsheiðar; þá verður þar ekki mikið afgangs.

Þessi vegur, sem hér ræðir um, er á milli Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, svo að hver sýslan um sig getur eiginlega með sanni sagt, að hann sé ekki sýsluvegur hjá sér. — Norðursýslan hefir ekki mikinn hag af þessum vegi; en vestursýslan, sem aðallega brúkar hann, hefir sem sagt mikið annað að annast, svo að hún mundi aldrei leggja ein út í þennan kostnað. — Það hefir, eins og allir vita, verið á síðari árum lagt talsvert fé af landssjóði til sýsluvega, og sumt með því skilyrði, að sýslan legði nokkurn part til, en sumt án nokkurs slíks skilyrðis. — Það er kunnugt, að árið 1899 voru samþykt lög, sem ákvarða, að leggja skuli veg frá Borgarnesi til Stykkishólms; vegurinn er ekki enn gjörður að þjóðvegi, heldur stendur að eins, að þar skuli gjöra veg á kostnað landssjóðs, sem fullnægi sömu skilyrðum eins og landssjóðsvegur, án nokkurs tillags af sýslunum. — Sýsluvegurinn milli Gilsfjarðar og Hrútafjarðar er aftur á móti gjörður algjörlega að þjóðvegi, og þar er lagður allur kostnaður af þeirri vegagjörð á landssjóð. — Og fyrir fáum árum hefir verið veitt stórmikið fé til vega í Barðastrandarsýslu gegn að eins $^1/_5$ tillags af sýslusjóði. — En hér fer fjárlaganefndin fram á, að Ísafjarðarsýsla borgi helming móts við

landssjóð; og það þrátt fyrir það, þó að það hafi sýnt sig, að það var ekki hægt, að þiggja sams konar tilboð frá þinginu 1899. — Eg verð að álíta eftir kringumstæðum, að þetta tilboð fjárlaganefndarinnar sé gjört fremur til að segja eitthvað, heldur en af því, að hún hafi getað ímyndað sér, að þetta gæti komið nokkurn tíma til gagns. — Eg lýsi því yfir, að eg hefi enga von um, að sýslurnar geti fært sér það í nyt.

Háttv. framsögum. (V. G.) tók veg í Norður-Múlasýslu til samanburðar við þennan veg; eg skal ekki segja, með hve miklum rétti það er gjört. — Að minsta kosti sé eg það, að mikill er munur á, hvað lagt hefir verið til Norður-Múlasýslu og Ísafjarðarsýslu. — Það liggur hér fyrir framan mig skýrsla, sem sýnir, að lagðar hafa verið til Norður-Múlasýslu 30,000 kr. til vegagjörða síðustu 10 ár, en til Isafjarðarsýslu einar 700 krónur; og voru þær veittar til fjallvega á Þorskafjarðarheiði, er liggur milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. — Ísafjarðarsýsla hefir alt af til þessa farið alveg varhluta af vegabótafénu. (*Valtýr Guðmundsson*: Sjóleiðin). Hún hefir ekki fengið meira til sjóleiðar en aðrar sýslur að tiltölu, eins og eg mun síðar gjöra grein fyrir, og þó greitt landssjóði meiri tekjur af sjóferðunum en flestar aðrar sýslur.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að svo framarlega sem fé væri veitt af landssjóði til sýsluvegargjörðar á einum stað, án þess að hlutaðeigandi sýslusjóður legði fram annað eins, þá mundi afleiðingin verða sú, að það yrði að gera alstaðar; en það mætti alt eins vel segja: úr því að einn sýsluvegur er tekinn í tölu þjóðvega, því þá ekki að taka alla sýsluvegi í tölu landssjóðsvega? — Þessi princip hafa bæði nokkuð til síns máls, og það verður að taka tillit til þess, hvernig til hagar á hverjum stað; en að miða skiftingu vega í sýsluvegi og landssjóðsvegi við það, hvort það er »aðal«-póstur eða »auka«-póstur, sem fer um hann, það er gripið úr lausu lofti, í stað þess, að miða við umferðina og þörfina, og það sem rétt er og sanngjarnt í hverju einstöku tilfelli.

Háttv. framsögum. (V. G.) sagði enn fremur, að það væri háskalegt, að styrkja sýsluvegi framar en gert hefði verið; en eg álít enn þá háskalegra, að bíta sig fasta í einhverja meir eða minna útlenda reglu, einhver takmörk, sem sett hafa verið einhverntíma af handahófi, og ganga svo sem aðrir »princip«-riddarar fram hjá því, sem sanngjarnt er og rétt.

Breyt.till. er samhljóða tillögu samgöngumálanefndarinnar, og eg veit, að hún stendur fast við það, sem hún einu sinni hefir samþykt í þessu efni, og eg vona, að h. fjárlaganefnd og h. deild sjái, að það er sanngjarnt, að landssjóður setji ekki landinu skilyrði hér fremur en annarsstaðar, úr því fé er lagt fram á annað borð; það verður ekki hærri upphæð alt í alt en 3750 krónur hvort árið á móti 1250 kr. úr sýslusjóði; og munurinn er á fjárhagstímabilinu 2500 krónur, og er það smáræði fyrir landssjóð; en fyrir fátækan sýsluvegasjóð er það all-mikið fé.

Þá er breyt.till. viðvíkjandi gufubátsferðum á Ísafjarðardjúpi. — H. frmsm. (V. G.) skaut því fram áðan, að Ísafjarðarsýsla hefði fengið svo mikið fé til sjóferða. — En Ísafjarðarsýsla hefir um langan tíma verið sú eina sýsla, sem hefir verið látin borga tillag til gufubátsferða; þegar því var hætt annarsstaðar, þá var því haldið áfram

við Ísafjarðarsýslu. — Þetta var gert þar til á síðasta þingi, að gufubátsstyrkurinn, sem var þó alt of lágur, þá loks var veittur skilyrðislaust. — Sýslan hefir aldrei fengið gufubátsferðir fyrir lægri borgun en 3200 krónur á ári, svo að viðunandi væru, og hefir því orðið að bæta við af sjóði sínum svo miklu á undanförnum árum um fram landssjóðsstyrkinn, sem lengst af hefir verið 2400 kr., að þeirri upphæð varð náð.

En í fyrra á síðasta sýslufundi, sem haldinn var, kom það fram, að útgerðarmaður gufubátsins »Ásgeirs litla«, sem hafður hefir verið til ferðanna vildi ekki lána bátinn til jafnra ferða og áður fyrir minna en 5000 krónur; sýslufundur sá sér ekki fært, að borga svo mikið fyrir þær, og einungis fyrir lipurð verzlunarstjóra »Á. Ásgeirssons verzlunar á Ísafirði«, þá gátu þeir samningar komist á, að í þetta sinn fekk sýslan helmingi færri ferðir en áður fyrir það, er landssjóðsstyrkurinn nam. — En þessar ferðir eru næsta ónógar, sérstaklega þar sem Ísafjarðardjúp hefir farið á mis við viðkomu »Skálholts«, sem ekki hefir fengist leiðrétting á vegna þess, að því hefir verið við barið, að sýslan hefði sérstakan styrk til gufubátsferða. — Nú hafa komið ýmsar kröfur um, að Skálholt verði látið koma við á ýmsum stöðum við Djúpið, en þær hefir samgöngumálanefndin leitt hjá sér, af því að sýslan hefði gufubát með landssjóðsstyrk, og væri því ekki vert, að ómaka stærra skip á þá staði af þeirri ástæðu. — Samgöngumálanefndin sneið tillögu sína eftir þessu, að ef sýslan fengi 4000 kr. til gufubátsferða, mundu fyrir þær fást svo miklar ferðir, að Skálholt mundi mega ganga fram hjá þeim stöðum, sem beiðst hefir verið, að það kæmi á. — Þetta tvent setti nefndin í samband hvað við annað, að Skálholt kæmi ekki að Arngerðareyri né Hesteyri, og að sýslan fengi 4000 kr. til gufubátsferða.

Eg vona, að h. fjárlaganefnd hafi ekki ákvarðað þessa niðurfærslu fastlega, og að hún, þegar hún hugsar sig um, þá komist hún að þeirri niðurstöðu, að það er ómögulegt af þeirri ástæðu er eg nefndi, að komast hjá þessari fjárveiting.

Þá er 2. breyt.till. á þingskjali 330, sem h. framsögum. (V. G.) varð svo tíðrætt um, og fer hún í þá átt, að ákvarða, að lendingarstaður sæsímans sé Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, sem kostur er á; í stað þess, sem nú er leyft, að stjórnin megi leyfa, að leggja sæsímann að Austfjörðum, svo framarlega sem sá er hann leggur, láti af hendi 300,000 kr. til þess, að leggja telegraf yfir land þaðan til Reykjavíkur.

Eg fyrir mitt leyti hefi frá upphafi haft mikla trú á, að það sé stór-mikið framtíðar-spursmál fyrir landið, að fá telegraf, svo mikla, að ef fokið væri í öll skjól, og engin von væri um, að hann yrði kostaður af útlendu fé, þá mundi eg ekki hika við, að leggja það til, að landssjóður tæki lán til þess, að leggja hann; því að eg þykist sannfærður um, að svo framarlega sem lagningu hans verður hagað á réttan hátt, og svo framarlega sem hann verður lagður á land í Reykjavík eða mjög nálægt henni, þá mundi hann hafa í för með sér gagngerða breyting á verzlun landsins; það mundu rísa hér upp stórkaupmenn og vörubirgðasöfn, svo stór, að kaupmenn, sem nú fara til útlanda að kaupa vörur sínar, hefðu nægar birgðir að velja úr hér; þar af mundi leiða, að öflugur banki

risi upp, er aftur mundi vekja til lífs önnur fyrirtæki og allar framkvæmdir til menningar hafa greiðari gang; og afleiðingin mundi yfir höfuð verða gagngerð breyting frá því, sem nú er, á verzlun og viðskiftalífi landsins, — en alt þetta er bundið við það, að sæsíminn sé lagður þannig, að vissa sé fyrir því að, að sá staður, þar sem skilyrðin eru fyrir því, að myndast geti verzlunarcentrum, hafi hans vís og stöðug not, og í því tilliti er ekki um annan stað að gjöra en Reykjavík, höfuðstað landsins. — En eg álít ekki, að þessu máli sé borgið, svo framarlega sem samband Reykjavíkur við útlönd er komið undir landþræði á staurum; því að fyrir utan það, að það mundi hafa í för með sér ókljúfandi kostnað fyrir landið, að viðhalda stöðugu sambandi gegnum landþráð milli Reykjavíkur og Austurlands veturinn yfir, þá er það stopult og næsta óáreiðanlegt.

Mér er kunnugt um, að telefónþráður hefir á einum stormdegi slitnað á 20 stöðum á 1/2 mílu vegar, og hversu mikil spjöll mundi ekki einn slíkur stormdagur geta unnið á þræði, sem lægi alla leið af Seyðisfirði og til Reykjavíkur? — Þar að auki er engin trygging fyrir því, að sú upphæð, sem áætluð og áskilin er til lagningar landsíma, sé nóg eða nokkuð í áttina til þess, að vera nógu há; þvert á móti eru líkindi til, að hún mundi engan veginn nægja, og um árlegan kostnað af landsímanum er alls engin áætlun til.

Vér vitum, að auk þess, sem gengur til að bæta þær skemdir, sem á símanum verða, þá þarf að stofna telegrafstöð í hverri sveit, og setja launaða telegrafista á hverri stöð, og allur sá sægur af fólki, sem til þessa þyrfti frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, mundi því verða þungur baggi fyrir landssjóðinn. — En auk þess er engin trygging fyrir því, að þráðurinn liggi um sveitir; það stendur ekki eitt orð um það hér; hann getur legið hvar sem vera vill um landið, um fjöll og firnindi eins vel og bygðir.

Það getur verið, að háttv. framsm. (V. G.) viti það af einhverjum leynisamningum um það, hvar þráðurinn á að liggja, eins og svo margt annað, — háttv. framsm. (V. G.) veit svo margt leynilegt, — hann citerar í, að legið hafi fyrir útskrift af samþykt hins stóra norræna Telegraffélags um þetta atriði; en eg hefi hvergi séð hennar getið, og engan heyrt á hana minnast nema háttv. framsm. (V. G.), svo að hann sýnist að eiga við eitthvað annað en það, sem opinbert er. (*Valtýr Guðmundsson*: Það lá fyrir þinginu). Eg mótmæli því, að hér hafi verið neitt slíkt að sjá í sumar, og eg sé ekki, að háttv. þm. geti fært sönnur á það, enda hefir hann ekki gert það. Eg mótmæli því, að það, að tillag landssjóðs sé því skilyrði bundið, að síminn sé á land lagður í Reykjavík, eða nálægt henni, geti orðið því til fyrirstöðu, að tillag fáist til hans af ríkissjóði. Í ríkisdagstíðindunum stendur ekkert slíkt, og á annan hátt fyrir liggur ekkert um það. Eg álít það fjarstæðu, að ríkisþingið láti sig það nokkru skifta, hvar síminn er lagður á land, og eg álít, að sá sem fyrstur fór að grauta í málinu með tillögunni um að síminn sé fyrst lagður til Austfjarða, hafi unnið málinu ómetanlegt tjón; hann hefir ef til vill gert það móti sínum vilja, en það getur orðið til þess, ef þingið ekki tekur í taumana, að málið bíði stórmikinn hnekki af. Það eru kannske engin líkindi til, að þessi fjárveiting komi til útborgunar í bráð, enda er svo ráð fyrir gert í ástæðum stjórn-

arinnar; en jafnvel þó málið dragist von úr viti, þá er samt rétt, að grípa í taumana í tíma, og samþ. ekki ákvæði, sem getur orðið málinu að ógagni, ef til framkvæmdar kemur.

Eg skal ekki tala meir um þetta atriði; eg ímynda mér, að hér sé margur mér samdóma; það er að eins af tilviljun, að eg stend einn á breyt.till., en eg hefi heyrt á tal manna, og veit, að eg stend ekki einn um þá skoðun, sem eg hefi látið hér í ljósi.

Þá skal eg að lokum fara fáum orðum um vitann á Arnarnesi. Fyrsti frumkvöðull að vitabyggingu á þessum stað er sá maður, sem sýnt hefir svo mikinn áhuga á ýmsu, er þetta land varðar, kapteinn Ryder. Hann skrifaði bæjarstjórninni á Ísafirði og sýslunefndinni í Ísafjarðarsýslu, að nauðsynlegt væri að byggja vita á þessum stað, ekki eingöngu fyrir skip þau, er hafnar leita við Ísafjarðardjúp, heldur líka fyrir skip þau, sem sjóferðir fara kringum landið, og sérstaklega vegna þess, að um þessar slóðir eru skipaferðir tíðar á þeim tíma árs er vita þarf við, því gufuskipaferðir, er að hvalveiðum lúta, standa frá því í marz og fram á veturnætur, auk annara tíðra siglinga. Eg hefi áður tekið það fram, að það er mjög óviðkunnanlegt, að verða ár eftir ár að krefja skip um hátt gjald fyrir vita-afnot, sem þau ekki hafa eða svo sem ekki, og þar sem landið græðir mikið fé á slíkum gjöldum, þá er það ekki nema sanngjarnt, að landið láti nokkuð í móti koma. Út af áskorun kapteins Ryders var fenginn vitamaður, ingeniör Brinck, til þess að koma til Vesturlandsins og skoða vitastæði. Hann skoðaði vitastæðið á Arnarnesi, og lét í ljósi, að það væri eitt hið glæsilegasta vitastæði, sem til væri hér, staðurinn hár og sæist víða að. Hann gerði áætlun um 2 innsiglingarvita bæði á Arnarnesi og við Skutulsfjörð; hinir síðarnefndu vitar voru þegar 1899 bygðir af hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar, og hafa reynst vel. Bæði kapteinn Ryder og ingeniör Brinck ætluðust til, að »Blinkfyr« yrði settur á Arnarnesi, og áætlaði kapteinn R. kostnaðinn við bygginguna hans 16,000 kr., en Brinck sagði mér, að hann ímyndaði sér, að ef vitinn ætti að vera stór og eftir nýjustu tízku, mundi ekki veita af 30,000 kr. til að reisa hann. Með þessa tölu í huganum skrifaði eg landsh., og til stuðnings því, að ekki væri hér til of mikils mælst, gat eg þess í bréfi mínu, að ekki þyrfti annað en hækka vitagjaldið og gera það jafnhátt því sem væri hér, og leggja vitagjald eins á þau skip, sem koma til Vesturlandsins norður um land, til þess að landssjóði bættist sá kostnaður von bráðara. En þegar áætlun Brincks kom til Fyrdirectorsins, var það álit hans, að ekki væri rétt að byggja svo dýran vita svo langt inn í firði, sem Arnarnes er. Stjórnin áleit þess vegna réttast, að gera minni vita á þessum stað, og er það sá, sem hér er um að ræða. En það er til merkis, hve nauðsynlegan þeir menn, er kunnugir eru og skoðað höfðu staðinn, álitu þennan vita, að þeir réðu til að byggja hann svo stóran og kosta til hans svo miklu.

Forstjóri vitanna í danska ríkinu, Ravn, hefir í bréfi 4. apríl 1899 lýst hinum fyrirhugaða smávita nákvæmlega og segir þar meðal annars, að vitinn verði ekki eingöngu til leiðbeiningar fyrir þau skip, sem sigla inn fjörðinn, heldur einnig fyrir þau, sem fram hjá sigla. Þegar þess er gætt, að kostnaðurinn við vitabygginguna er svona lítill, að eins 4200 kr., fyrir ut-

an lóð, grunn og þess háttar, að eins 1/4 af þeim kostnaði, sem kapteinn Ryder áætlaði, og 1/7 hluti af þeim kostnaði, sem Brinck gerði ráð fyrir, þá sé eg ekki ástæðu til, að færa vitagjaldið upp. Það vitagjald, sem nú er borgað, er hátt í sjálfu sér, og hækkun um 5 aura á smálest yrði of mikið í sambandi við það, sem vitinn kostar. Eg skal geta þess, að árið 1899 var tonnatal þeirra skipa, sem til Ísafjarðar komu, 19500, og má þá sjá, að hækkun vitagjalds um 5 aura mundi ekki nema lítilli upphæð. Aftur á móti gæti komið til greina að útvíkka vitagjaldsskylduna einnig til þeirra skipa, sem koma norðan um land. Eins og kunnugt er, borga þau skip, sem ekki fara fyrir Reykjanes, ekkert vitagjald eftir gildandi lögum. Ef þeim skipum yrði gert að skyldu að borga einnig vitagjald, þá mundi þar við fást fullkomlega næg upphæð, til þess að góður ágóði yrði á þessum vita þegar í stað. Því að árið 1899 var tonnatal þeirra skipa, sem norðan að komu til Isafjarðarsýslu, 3886; væru nú 15 aurar goldnir af hverju tonni, mundi það til samans nema alt að 600 kr. En jafnvel þetta álít eg ekki tiltækilegt, þegar um svo lítið framlag er að ræða, sem þessi smáviti kostar. Það er þegar búið að greiða mikið vitagjald í Ísafjarðarsýslu til landssjóðs, og að láta sýsluna bera kostnaðinn af vitanum, en landssjóð framvegis fá allar tekjurnar, það veit eg að hver maður sér að ekki er sanngjarnt.

Í áætlun vitamálastjórnarinnar segir, að ætla megi, að brúkuð séu 2000 pd. af steinolíu, og kostar það um 200 kr.; að öðru leyti munu útgjöld vitans verða hér um bil eins og vitans á Garðskaga, og mun það láta nærri, að þau verði alls 800 kr. Af þessari upphæð er að eins farið fram á að fá 500 kr. styrk að svo stöddu, en 300 kr. vonast eg til að geti fengist á annan hátt. Nefndin tekur til 4200 kr. til byggingar vitans, og er það upphæð sú, sem áætlunin greinir til sjálfs vitans; en það má öllum vera ljóst, að grunnurinn fæst ekki fyrir ekki neitt, og heldur ekki það jarðrask, sem byggingunni er samfara; eg ímynda mér, að þetta kosti um 300 kr., og því er 4500 kr. sú minsta upphæð, sem komist verður af með til byggingarinnar. Þessi upphæð kemur vitanlega ekki til útborgunar, nema hún verði öll brúkuð, og ætla eg, að háttv. fjárlaganefnd sé óhætt, að trúa landsstjórninni fyrir að sjá um það.

Eg vona, að háttv. nefnd og háttv. deild sjái, að þessi breyt.till. er á rökum bygð, og veiti þetta fé.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi alt til þessa hliðrað mér hjá að þreyta þingd. með löngum umr., enda hygg eg, að ræður sumra þm. séu fremur fyrir þá, sem lesa þingtíðindin, heldur en af því, að menn búist við með þeim að hafa áhrif á atkvæði þm.; en engu að síður verð eg nú að þessu sinni, að breyta út af þessari reglu, sem eg hefi fylgt.

Það fyrsta, sem eg vildi minnast á, er breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 8. b, um 1200 kr. styrk til Guðmundar læknis Magnússonar til utanfarar, til að kynna sér framfarir síðustu ára í læknisfræðinni. Eg býst nú við því, að það muni mælast illa fyrir, að mæla móti þessari breyt.till., og eg hefi heldur ekki dirfst að koma með neina sérstaka breyt.till. héraðlútandi; en engu að síður verð eg þó að lýsa því yfir, að mér finst nefndinni hefði verið alveg óhætt, að færa þenna styrk niður úr 1500 kr., sem læknirinn upphaflega í beiðni sinni fór fram á, og ekki niður í 1200 kr., heldur 1000 kr. Eg held eg gæti gert grein fyrir þessari tillögu

minni, hvenær sem vera skyldi, en af því eg til þess yrði að fara út í persónulegar ástæður, þá skal eg ekki fara lengra út í það hér.

Þá hefir fjármálanefndin í áliti sínu samið yfirlit yfir, hvernig vegafé því sem varið hefir verið til flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega hin síðustu 10 ár, frá 1892—1901, hefir verið skift niður á hinar einstöku sýslur á landinu, og skal eg strax taka það fram, að með því að stara á yfirlit þetta sér maður ekki nema eina hliðina á málinu. Eg veit það vel, að þegar maður lítur á þetta yfirlit, þá stingur það strax í augun, að Arnessýsla er það auðveldlega nr. 1 með 193,800 kr., og það gæti því legið nærri að álykta út frá þessu, að svo miklu fé hefði verið hrúgað í þessa sýslu til vegabóta, að það gæti komið til greina, að veita henni ekki einn eyri framar; en hér kemur fleira til greina. Eg vil taka það skýrt fram hér, að það er einnig önnur hlið á þessu máli, sem ekki sést af nefndarálitinu og algerlega hefir verið stungið undir stól. Þetta verð eg að biðja menn að athuga. Eg bið menn gæta þess, og legg mikla á herzlu á það, að í raun og veru eru vegirnir í Arnessýslu þeir lang-ódýrustu fyrir landið, sem lagðir hafa verið, því umferðin um þá er miklu meiri en nokkra aðra vegi, sem lagðir hafa verið á landssjóðs kostnað. Þetta get eg sýnt fram á með tölum. Vegirnir um Arnessýslu eru notaðir af hér um bil 1/4 allra landsmanna, og eru því lang-ódýrastir allra vega hér á landi, þegar litið er á notkunargildi þeirra.

Í sambandi við þetta skal eg minnast á brt. mína á þingskj. 316 við 12. gr. B., að á eftir 3. lið komi nýr liður, til að verja flutningabrautina frá Eyrarbakka að Ölfusárbrú fyrir vatnaágangi, 1500 kr., þar af til eigenda og umráðamanna jarðanna Litla-Hrauns, Stóru-Háeyrra, Skúmstaða og Óseyrarness 500 kr. Eg heyri það raunar, að þessi brt. hefir hvorki fengið góðan byr hjá h. fjárlaganefnd né heldur hjá þeim þingm., sem hafa minst á hana, en eg verð þó engu að síður að fara um hana nokkurum orðum. Ástæðan til, að eg hefi komið fram með hana, er þessi. Eins og mönnum mun kunnugt vera, var þessi flutningabraut, sem hér er um að ræða, lögð árið 1898—89. Það kom brátt í ljós, að brautin hafði verið gerð of lág, vatnið flóði yfir hana og skolaði burt ofaníburðinum. En auk þess, sem brautin sjálf varð fyrir skaða, þá urðu einnig allmargar jarðir fyrir ágangi af vatni úr ræsunum með fram brautinni. Þessar skemdir voru metnar af yfirmatsmönnum og lögðu þeir til, að eigendum jarðanna væru borgaðar 500 kr. skaðabætur. Nú hafa eigendur þessara jarða ráðist í allmikið þrekvirki, sem sé, að grafa skurð, sem er fleiri hundruð dagsverk, um 2200 faðma langur, til þess að verja jarðirnar fyrir frekari skemdum, og sýnist mér það hljóta að mæla með því, að þeir fái þessar 500 kr., sem farið er fram á í brt. minni. En til að fullkomna það verk, sem byrjað hefir verið á, og gera brautina trygga fyrir vatnságangi, þá þarf að gera frárenslið frá henni betra, hreinsa og dýpka skurðina, er liggja meðfram brautinni og út frá henni, og til þess eru þessar 1000 kr. ætlaðar, en afgang. urinn, 500 kr., eru, eins og eg sagði, ætlaðar sem skaðabætur til eigenda eða umráðenda jarðanna Litla-Hrauns, Stóru-Háeyrar, Skúmstaða og Oseyrarness, fyrir þann skaða, sem þessar jarðir þegar hafa orðið fyrir. Deildin er auðvitað sjálfráð um, hvað hún vill gera við þessa brt. mína, og það er

ekki fyrir mig annað að gera, en að bíta í það súra eplið, ef henni þóknast að skera brt. niður.

Aftur á móti er eg þakklátur nefndinni fyrir undirtektir hennar undir styrkinnu til að bæta innsigling og skipalægi við Stokkseyri. Eg sagðist vera þakklátur henni fyrir þetta, en skal þó jafnframt geta þess, að það er í rauninni alls ekkert þakklætisvert, þar sem hlutaðeigandi héruð, auk þess að hafa undirbúið málið að öllu leyti á eigin kostnað, hafa boðist til að leggja til 1/3 af kostnaðinum við fyrirtækið. Eg býst því við, að það sé óþarfi fyrir mig að eyða fleiri orðum að þessari brt, og að hún án þess verði samþ. af deildinni.

Þá skal eg með nokkurum orðum minnast á brt. á þingskj. 330 frá 1. þm. Ísl. (H. H.) við 12. gr. D., um að áskilið sé, að ritsíminn sé lagður á land í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, sem föng eru á. Flutningsmaður hefir fært svo gild rök fyrir þessari brt., að eg álít óþarft að mæla frekara með henni, eða hvaða yfirburði hún hafi yfir athugasemdina í fjárlaga nefndarálitinu, en að eg gef henni at kvæði mitt, er þó af nokkuð öðrum á stæðum en háttv. flutnm. (H. H.). Eg er sem sé ekki ekki svo skarpsýnn, að eg sé enn farinn að sjá, að okkur sé svo brýn nauðsyn á þessum ritsíma þegar í stað, að við getum ekki þolað að bíða með hann í nokkur ár; og eitt er víst, og það er það, að það er okkur hollara að bíða, heldur en að leggja á okkur svo þungan skatt, að við naumlega getum risið undir honum, skatt, sem við ef til vill getum alveg komist hjá. Eg hefi alt af verið mjög hræddur við þennan landsíma, sem liggja á yfir fjöll og firnindi, og jafnvel þótt þráðurinn sé lagður í bygð alla leið frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, þá mun reynslan sýna það á sínum tíma, að kostnaðurinn við viðhaldið verður voðalegur. Eg skal alls ekki neita því, að fréttaþráður kunni að hafa töluverð áhrif á verzlunina, en eg hygg þó, að meira sé gert úr þessum áhrifum en þau verði í reyndinni. Það hefir verið sagt, að ef fréttaþráður kæmist hingað, þá gætu Íslendingar fylgst með vöruverðinu á heimsmarkaðinum og hagað sér þar eftir, og sent vörur sínar út á markaðinn, þegar vörurnar stæðu hæst. En ætli það verði ætíð svo hægt að koma þessu við? Við skulum setja eitt dæmi. Gerum ráð fyrir, að þráðurinn sé nú í lagi og ekki slitinn sundur, og skeyti komi frá heimsmarkaðinum um, að saltfiskur stæði mjög hátt á Spáni. Gerum enn fremur ráð fyrir, að kaupmenn hér hefðu nægar birgðir af saltfiski. Hvernig á þá að koma fiskinum? Ekki verður hann sendur með sæsímanum, og að bíða eftir, að kúttarar þeir, sem til eru hér, gætu flutt fiskinn, gæti orðið stopult. Fyrst og fremst eru þeir ef til vill úti á fiskiveiðum, en þótt þeir séu við hendina, þá þarf fyrst að að hreinsa þá og gera ýmislegt að þeim, áður en þeir verða sendir í jafnlanga ferð. (*Valtýr Guðmundsson*: Það má selja fiskinn pr telegraf!). Jú, stundum og stundum ekki. En hvað sem því líður, þá eru hagsmunirnir við fréttaþráðinn frá mínu sjónarmiði ekki svo stórir, að við eigum að leggja út í jafn-tvísýnt fyrirtæki og fréttaþráðarlagningin yfir alt land frá Seyðisfirði og hingað til Reykjavíkur er. Þessir þingmenn, sem hafa jafn-ófluga trú á öllum framförum og framfarafyrirtækjum, finst mér ættu þó að taka til greina tilraunir þær, sem gerðar hafa verið og að minsta kosti sumpart hepnast, að senda fréttaskeyti þráðlaust. Fjöldi manna fæst við að gera þessar tilraun-

ir og reyna að fullkomna þær svo, að hægt verði að komast af án nokkurs þráðar, og finst mér það því vera langt um réttast fyrir okkur, að bíða með þennan sæsíma, þangað til við höfum séð, hvernig þessum tilraunum reiðir af, heldur en að leggja út í tvísýnt fyrirtæki, sem ef til vill gæti riðið okkur að fullu.

Eg skal svo að þessu sinni ekki fara út í fleiri atriði.

Lárus H. Bjarnason: Eins og h. þm. sjá, þá á eg hér 3 brt. á þingskj. 313. Síðasta brt. er við 14. gr., og kemur því að svo stöddu ekki til umræðu nú, þar sem sú grein ekki liggur fyrir. Hinar tvær brt. eru við 12. gr., en hin síðari þeirra er að eins orðabreyting.

Eg skal fyrst taka fyrir fyrstu brt. Hún fer fram á, að af þeim 50,000 kr., sem ætlaðar eru hvort árið á næsta fjárhagstímabili til vegabóta, skuli fyrra árið verja 5000 kr. til vegagjörðar við Stykkishólm, samkv. lögum 9. septbr. 1899. H. þm. Vestm. (V.G.), frsm. fjármálanefndarinnar, gekk út frá því, að þessar 5000 kr. ætti að taka af þeim 25000 kr., sem fjármálanefndin leggur til að verja til að halda áfram veginum vestur Mýrar frá Urriðaá til Hítarár; en það er ekki svo, heldur er það meiningin, að þessar 5000 kr. eigi að taka af þeim 50 þús. kr. óskiftum, sem ætlaðar eru fyrra árið til vegabóta, enda er það mjög hægt. Flestar af þeim brt., sem koma fram við fjárlagafrumv., fara fram á að hækka útgjöld landssjóðs, en hér er ekki farið fram á neitt þvílíkt. Brt. raskar ekki vitund þeim fjárupphæðum sem tilteknar eru í frumv.; hún leggur ekki eina kr. í viðbót á landssjóð. Ekki fer hún heldur fram á að fjölga þjóðvegum, því það er úrskurðað með lögum 9. sept. 1899, að þessi vegur, sem hér er um að ræða, skuli lagður á kostnað landssjóðs.

Eg vil biðja menn að athuga vel þetta hvorttveggja, að með breyttill. eru útgjöld landssjóðs ekki aukin um einn eyri, og ekki heldur farið fram á, að leggja neinn nýjan þjóðveg. Eins og sést af yfirliti því, er fjárlaganefndin hefir gert yfir það fé, sem hefir verið varið úr landssjóði til vegabóta í hinum einstöku sýslum síðustu 10 árin, þá er Snæfellsnessýsla mjög neðarlega í þeirri röð. Það eru einar 2000 kr., sem hún hefir fengið öll þessi ár, og þær þó að eins gegn því, að leggja sjálf til móts við þær annað eins. Fé þessu var einmitt varið í þennan veg. Aftur á móti hefir Mýrasýsla á sama tíma fengið 65,000 kr. Eg hefi því farið fram á 5000 kr. til að byrja á þessum vegi, sem er aðalvegurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Í sýslunum er enginn landssjóðssvegur, heldur tómir sýsluvegir, og er árlega varið stórfé í viðhald þeirra. Vegirnir eru illir yfirferðar, og það er óhætt að fullyrða, að á því svæði, sem hér er um að ræða, kaflanum frá Hítará til Stykkishólms, eru allar þær torfærur, sem geta verið á vondum íslenzkum vegum. Það eru hraun, svo sem Eldborgarhraun, fjallvegir svo sem Kerlingarskarð, vondar og stórar ár, svo sem Bakkaá í Helgafellssveit og Straumfjarðará í Miklholtshreppi. Í þennan kafla leggur sýslan alt af töluvert fé til viðhalds, og verður að halda því áfram þangað til landssjóður tekur við honum, en við því má sýslan ekki. Vegaféð er ekki nema 7—800 kr. á ári alls, en í ærið mörg horn að líta, og aðrir vegir verða vanræktir einmitt af því, að þessi kafli er svo heimtufrekur. Auk þess hvílir á sýslunni 4000 kr. lán, sem allar hafa verið lagðar í þenna sama kafla.

Það er ekki rétt hjá háttv. framsm. fjárlagan. (V. G.), að vegirnir í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu séu betri en í Mýrasýslu; eg held einmitt, að margir kaflar þeirra séu mun verri, og þarf háttv. framsm. ekki annað en líta í blöðin til að sannfæra sig um, að mönnum hefir þó tekist að minsta kosti að drepa sig hver á fætur öðrum á Kerlingarskarði. Loks skal eg geta þess, að það er hreinasti búhnykkur fyrir landssjóð, að byrja á veginum við Stykkishólm. Allir aðdrættir yrðu með því móti miklu hægri og því ódýrari, en ef alt þyrfti að sækja suður til Borgarness, miklu lengri leið, og yfir tvær óbrúaðar stórár, Haffjarðará og Hítará. Eg er einnig viss um, að þessi breyting mun mælast því betur fyrir, sem nú er kunnugt um, að það varð ofan á í fárlagan. að minsta kosti tvisvar, að leggja 7000 kr. til þessa vegar. Það eru heldur engin vandkvæði á að benda á, hvaðan þessar 5000 kr. skuli taka. Nefndin hefir ætlað 16000 kr. til vegagjörðar og viðhalds í Suður og Vesturamtinu, og hæstv. landsh. hefir sagt, að bæði mundi það vera vel í lagt, og svo mundi eflaust ekki þurfa svo mikið fé til Fjarðarheiðar, sem nefndin hefir ætlað til hennar, þar eð sá vegur liggi um 10 mánuði undir snjó.

Önnur breyttill. á þgskj. 313, við 12. gr. C. 1., er, eins og eg tók fram, eiginlega að eins orðabreyting. Háttv. framsm. (V. G.) veit það vel, þótt hann hafi ef til vill ekki gætt að því, að það hefir orðið að samkomulagi hjá báðum málspörtum, samgöngumálanefndinni og umboðsmanni gufuskipafélagsins, að póstskipið komi við í Stykkishólmi í miðsvetrarferðinni, undir eins og viti er kominn á Elliðaey, og það er að eins til að taka þetta skýrt fram, að eg hefi komið með þessa breyttill. eða viðaukatillögu, að aftan við athugasemdina við 12. gr. C 1., bætist: »Auk þess komi miðsvetrarskipið við í Stykkishólmi jafnskjótt og viti verður reistur á Elliðaey«. A ferðaáætlun póstskipanna er sem sé ekki gert ráð fyrir að skipið komi við í Stykkishólmi í miðsvetrarferðinni og með því nú að í athugasemdinni við 12. gr. C. 1. er sagt, að í ferðunum til Vesturlandsins skuli vera sömu viðkomustaðir og á ferðaáætlununum, þá gæti hugsast, að gufuskipafélagið hengdi hatt sinn á þetta, og léti skipið ekki koma við í Stykkishólmi, þótt vitinn væri kominn upp. Eg mintist á vitann og skal því fara nokkrum orðum um hann. Það er nú raunar að bera í bakkafullan lækinn, þar sem bæði samgöngumálanefndin og fjármálanefndin hafa fallist á hann. Vitinn er nauðsynlegur, ekki að eins að mínum dómi, heldur að dómi allra þeirra manna, sem um Breiðafjörð fara. Þetta mál var á síðasta þingi borið fram af þm. Snæfellinga, og afhenti eg honum þá meðmæli allra skipstjóra hins sameinaða gufuskipafélags og annara skipstjóra, sem eg gat náð til, en skjal þetta hefir því miður týnst úr skjalasafni þingsins, svo ekki er hægt að vísa til þess. Hins vegar hefi eg lagt fram á lestrarsalinn meðmæli helztu útgerðarmanna, er eiga skip í siglingum hér við land. Eins og mönnum er kunnugt um, þá er Breiðifjörðurinn með stærstu flóum á landinu, liggja að honum þrjár sýslur, Snæfellsness-, Dala- og Barðastrandarsýsla, og 4 kauptún; hins þarf ekki að geta, að hann er fullur af torfærum, straumar miklir og skerin eins mörg og hárin á höfði manns. Skipaleið um fjörðinn því mjög örðug og hættuleg, en fjörðurinn fjölfarinn. Að öðru leyti er alveg eins á-

statt með þennan vita og vitann á Arnarnesi. Ingeniör Brinck var einnig fenginn til að skoða vitastæðið á Elliðaey, og hefir hann gjört uppdrátt af vitanum og samið áætlun um kostnaðinn við byggingu hans. Bæði skjölin liggja á lestrarsalnum.

Jafnvel þótt eg áliti, að það sé rétt að viðhaldskostnaður falli á landssjóð, þar sem landssjóður fær öll vitagjöldin, þá er Snæfellingum svo mikið áhugamál, að fá þennan vita upp, að þeir vilja vinna til að kosta viðhaldið sjálfir.

Að endingu skal eg taka það fram, að þessi viti verður ekki að gagni þeim einum, sem um flóann fara, bæði stórum skipum og smáum, heldur einnig þeim skipum, sem sigla fyrir mynnið á firðinum. Elliðaey er um 150 feta há, og vitinn lýsir 12 kvartmílur út frá eynni.

Þórður J. Thoroddsen: Eg á hér ásamt öðrum háttv. þm. nokkurar brt. við fjárlagafrumv. stjórnarinnar, og viðaukatill. við breyttill. háttv. fjárl.n., sem eg vildi fara nokkrum orðum um, Háttv. framsm. (V. G.) hefir reyndar minst á þær, og farið um þær heldur hlýjum orðum, en samt sem áður lýst yfir því, að fjárlaganefndin muni ekki geta tekið þær til greina, og hún muni ekki gefa þeim atkvæði sitt.

Fyrsta breyttill. mín er á þgskj. 335, og fer fram á, að 1200 kr. styrkur sé veittur læknaskólakandídat Sigurjóni Jónssyni, til að framast í læknisfræði í útlöndum. Háttv. framsm. bar nú reyndar ekki fram neina sérstaka ástæðu gegn því, að styrkur þessi væri veittur, aðra en þá, að landssjóður hefði ekki efni á því, að veita þenna styrk, enda finst mér engin ástæða geta verið á móti því, nema þessi eina, og það þá því að eins, að hún sé sönn. En það verð eg að telja mjög vafasamt, að landssjóður, sem á, þegar alt er til týnt, sjálfsagt 2—3 miljónir kr., ekki hafi efni á að styrkja einn kandídat með 1200 kr. einu sinni fyrir alt, og það þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þessi kandídat tók próf hér við læknaskólann síðastliðið vor, og er sérstaklega efnilegur maður. Ætti því að styrkja hann, svo framarlega sem nokkur ráð væri. Hann er sá fyrsti kandídat, sem fengið hefir ágætiseinkunn frá læknaskólanum, og er að dómi bæði kennaranna við læknaskólann og latínuskólann mjög vel gáfaður og efnilegur piltur, og það er ekki ott, að við fáum verulega efnilega pilta; ættum vér því að láta verða sem mest úr hæfileikum þeirra sem auðið er. Það er ekki svo oft, að vér fáum tækifæri til að sýna reglulega góðum hæfileikum sóma, svo vér ættum ekki að láta oss slíkt fyrir brjósti brenna, og sérstaklega þegar ekki er um meiri fjárupphæð að ræða en hér er farið fram á.

Þá er önnur breyttill. frá mér á sama þgskj., um að Júlíusi lækni Halldórssyni sé veittar 3000 kr. fyrra árið. Háttv. framsm. gat þess réttileg til, þó þess sé ekki getið í breyttill., að það ætti að skoða sem skaðabætur fyrir meðferð þá, sem hann hefir orðið fyrir, hvort sem það kann að nokkru að vera honum sjálfum að kenna eða öðrum. Háttv. framsm. gat þess, að fjárlagan. áliti, að hann gæti í þessu efni snúið sér til dómstólanna, til þess að útkljáð yrði, hvort stjórnin hefði haft lög að mæla gagnvart honum. Eg ætla mér ekki að dæma um rétt hans gagnvart dómstólunum, og breyttill. mín kemur ekkert í bága við það, að hann geti leitað dómstólanna. En mér virðist, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða, og það svo mikla, að hún vel sé takandi

til greina, þar sem fáir menn hafa orðið fyrir slíkri meðferð áður. Eins og mönnum er kunnugt, var umdæmi hans með læknalögunum skift í tvö læknishéruð, og skiftingin féll hér um bil um bústað hans, Klömbrur; sem lenti í vestra umdæminu, Miðfjarðarhéraði; það mun vera rétt hermt, sem háttv. framsm. sagði, að stjórnin hafi gefið honum kost á, að taka hvort umdæmið sem hann vildi, með því skilyrði, að tæki hann Miðfjarðarhéraðið, mætti hann vera kyr í Klömbrum, en tæki hann Blönduóshéraðið, yrði hann að flytja sig á Blönduós.

Júlíus læknir Halldórsson var nú þeirrar skoðunar, að embætti hans væri upphafið með læknalögunum, og fór þess á leit, að hann fengi lausn frá embætti og eftirlaun eftir eftirlaunalögunum, því að hann hefði ekki efni á því, að taka sig upp frá bústað sínum og flytja á Blönduós, og væri ekki fær um aldurs og heilsunnar vegna, að þjóna Miðfjarðarhéraði. Hann stóð fast á því, að sér væri óréttur gjör með þessari skipan, og fór því ennfremur fram á, að sér væru veitt biðlaun, þangað til hann þá gæti annaðhvort sótt um annað embætti eða beðist lausnar. En svo neitar stjórnin honum um alt þetta, og úrskurðar, að hann skuli flytja sig á Blönduós.

Háttv. framsm. sagði, að þetta hefði verið lækninum sjálfum að kenna, því honum hefði staðið til boða, að þjóna Miðfjarðarhéraði og sitja kyr á heimili sínu, Klömbrum. Hefði hann nú tekið þann kostinn og þjónað Miðfjarðarhéraði, þá verður þess að gæta, að umdæmið er örðugt yfirferðar og snjóþungt á vetrum; og þar sem hann hefði setið á öðrum endanum, en hinu megin var bætt við héraðið tveim stórum hreppum úr Strandasýslu, þá hefði verið örðugra fyrir hann að þjóna þessu héraði einu, heldur en áður öllu héraðinu, sem skift var í sundur. Læknirinn er líka orðinn nokkuð aldraður, og farinn að lýjast, kominn á sextugsaldur, og hefir verið 25 ár í embætti, svo það var engin furða á því, þó hann vildi ekki taka að sér að þjóna jafnörðugu embætti. Hann hefir sýnt það með skýrum rökum í skjölum, sem liggja hér fyrir þinginu, að ógjörningur er að þjóna Miðfjarðarhéraði frá Klömbrum; það er 14 tíma reið vestur á enda umdæmisins á sumardag, hvað þá heldur á vetrum og í ófærðum, þar sem á þessum parti eru margar ár, sem verða ófærar á vetrardag. Hann álítur, að það hefði verið miklu hægra fyrir sig að þjóna Blönduóshéraði heiman frá sér. A þetta verða menn að líta, þegar sagt er, að þetta sé honum sjálfum að kenna, enda finst mér skoðun hans á því mjög afsakanleg. Mér finst, að vér eigum að vera vorkunnlátir við mannskepnurnar, þegar þær fara að eldast, ekki síður en við dýrin, og eg verð að vera þeirrar skoðunar, að hér sé ástæða til að brúka sanngirni í þessu máli. Júlíus læknir Halldórsson hefir nú búið um sig á Klömbrum á margan hátt. Hann hefir ekki að eins keypt jörðina, heldur bætt hana á ýmsan hátt, og bygt þar stórt og vandað steinhús, sem hann verður nú að yfirgefa. Það væri sök sér, ef þetta væri timburhús, því þá gæti hann þó rifið það og flutt það með sér á Blönduósi, en þetta hús getur hann auðvitað ekki flutt með sér, og hefir heldur enga von um, að geta fengið þann ábúanda á jörðina, er geti greitt það eftirgjald, er standi í nokkru réttu hlutfalli við fé það, er hann hefir varið í þessa eign sína. Hann hefir farið fram á, að fá 5000 kr. skaðabætur. Eg hefi nú ekki farið svo langt, heldur að eins farið fram á, að honum væri veittar 3000 kr. Þetta

sem hér er farið fram á er ekkert nýtt; eg veit ekki betur en að embættismanni hafi verið veittar skaðabætur þegar líkt hefir staðið á og hér, þó það hafi reyndar verið áður en þingið fekk löggjafarvald. Amtmanninum yfir Vesturamtinu, Bergi Thorberg, var veittur styrkur til að flytja hús sitt frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, þegar embætti hans var steypt saman við amtmannsembættið í Suðuramtinu. Eg álít því sanngirni mæla með því, að veita Júlíusi Halldórssyni einhverja uppbót; en að vísa mönnum til dómstólanna kalla eg að vísa mönnum út í hött, og það er nægilega mikill skaði, sem læknirinn hefir orðið fyrir, þó ekki bættist þar ofan á, að hann færi að kosta ærnu fé til að fara í mál gegn stjórninni, sem svo óvíst er um, hvernig myndi reiða af.

Þá á eg hlut í brtt. á þgskj. 334 við 12. gr. B. 4. um að hækka fjárveitinguna til þjóðvega fyrra árið úr 50000 kr. upp í 60000 kr. Þessi brtt. kemur til af því, að við flutnm. brtt. ætluðumst til, að veittar yrðu 10000 kr. þetta ár til þess, að leggja veg frá Hellisheiðarveginum hér í Mosfellssveitinni og upp undir Leirvogsá. Beiðni um þennan veg hefir áður legið fyrir þinginu, en það hefir ekki til þessa séð sér fært að sinna henni, og h. framsm. vildi ekki taka tillögu þessa til greina vegna þess, að svo miklu fé væri búið að verja til vegabóta í Sunnlendingafjórðungi, að ekki væri á það bætandi. Mér finst slíkt ekki rétt ástæða, og að ekki eigi að spyrja að landsfjórðungum, þegar talað er um, að leggja vegi, ef nauðsyn er á því, að vegirnir séu lagðir. Hér er um fullkominn nauðsynjaveg að ræða. Liggur hann á aðalpóstleiðinni héðan til Norðurlands og Vesturlands; og þó hann sé dágóður á sumrum, er hann svo slæmur bæði vetur og vor, að ómögulegt er að fara hann. Nú er ætlast til, að vegurinn liggi nokkuð á öðrum stað og beinna en nú, því þar er álitið betra vegarstæði. Vegur þessi kæmi til að liggja upp að hinni einu verksmiðju, sem til er á Suðurlandi, ullarverksmiðjunni á Álafossi. Og þar sem vér viljum styðja að iðnaði hvar í landinu sem er, þá eigum vér ekki að hugsa um, í hvaða fjórðungi sá vegarkafli liggur, sem getur orðið iðnaðinum að verulegu gagni. Nú sem stendur er mjög örðugt með aðdrætti og frádrætti á verksmiðjunni á Álafossi, vegna þess, að veg vantar að henni. Væri vegur þangað betri, mundi hún verða að miklu meira gagni en nú, ekki að eins fyrir Sunnlendingafjórðung, heldur fyrir alt landið. En einmitt vegna þess, að vegur þangað er slæmur, hefir eigandinn orðið að setja vinnuna dýrari en hann mundi hafa getað gert, ef hann hefði getað flutt alt á vögnum frá verksmiðjunni og að henni frá Reykjavík.

Eftir því sem eigandi verksmiðjunnar hefir skýrt mér frá, er hún ekki að eins notuð af Suðurlandi, heldur einnig úr öðrum landsfjórðungum, einkum þó af Norðurlandi. Af fjarliggjandi sýslum er hún mest notuð úr Árnessýslu, en þar næst úr Húnavatnssýslu; ennfremur mun hún nokkuð notuð af Vestfjörðum, og verður þá ekki sagt, að það sé eingöngu gert fyrir Suðurland, þó verksmiðjan væri studd með því, að fá sæmilegan veg að henni. Það, sem ennfremur mælir með því, að fé sé veitt til þessa vegar, er það, að Mosfellingar hafa hlaupið undir bagga með landssjóði og safnað saman fé til að leggja góða brú yfir á á þessum vegi, og hefir hún kostað hátt á annað þús. kr. Þegar menn sjá, að sveitirnar

sjálfar sýna svo mikinn áhuga, er þinginu skylt, að hjálpa til og mæta þeim á miðri leið.

Með þessum orðum vona eg, að eg hafi skýrt það, hver sé meining fim. með því, að þjóðvegaféð sé hækkað um 10000 kr. fyrra árið.

Þá á eg litla brtt. við 12. gr. E. h. um að styrkurinn til vörðuvitans á Gerðatanga sé hækkaður úr 50 kr. í 100 kr. Fyrir h. fjárlaganefnd hefir legið bænarskrá þess efnis, að aukinn væri styrkurinn til þess vita. Upphaflega var viti þessi bygður fyrir opna báta, en eftir því, sem þilskipum fjölgaði hér við flóann, eru það ekki að eins opnu bátarnir, heldur einnig þilskipin, sem hafa gagn af vitunum. Þetta viðurkendi þingið einnig, þegar það tók styrk til hans á fjárlögin. Nú er svo komið, að veiði á opnum bátum er næstum lögð niður á Vatnsleysuströnd, þar sem vitinn er, og má því segja, að nú sé það nærri eingöngu þilskipin og önnur skip, sem fara inn flóann til Reykjavíkur, sem hafi gagn af vitanum. Virðist því órétt, að láta sveitina, og það fátæka sveit, kosta hann framar, enda er hér líka um svo litla fjárupphæð að ræða. Eg vona því, að brtt. mín verði tekin til greina.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Eg hefi komið fram með brtt. á þgskj. 333, um að veittur sé 10000 kr. styrkur síðara árið til að halda úti sérstökum gufubát á Breiðafirði. Hafa bænarskrár komið frá sýslunefndunum bæði í Barðastrandarsýslu og Dalasýslu um, að settur væri sérstakur gufubátur til ferða um Breiðafjörð, en strandferðaskipin koma þar ekki við nema á fáum stöðum. Einkum hefir Barðastrandarsýsla lítið gagn af þeim. Frá Látrabjargi til Gilsfjarðar er um 20 mílna strandlendi, alt innskorið af fjörðum. Strandbáturinn »Skálholt« kemur hvergi við land á öllu þessu svæði nema í einni ey, sem er langt úti á firði, og eru örðugar samgöngur þaðan til meginlands. Ekki hefir Barðastrandarsýsla heldur mikil not af vegagjörðum þeim, er landið kostar, nema að eins af litlum spotta af þjóðveginum, er liggur í gegnum Geiradalshrepp upp á Þorskafjarðarheiði.

Litlu betur er ástatt í Dalasýslu. Þar hefir strandbáturinn að eins 2 viðkomustaði og er þó sjaldan komið á annan þeirra, og þá jafnvel helzt á þeim tímum, þegar sízt er þörfin á því. Nauðsyn á sérstökum gufubát á Breiðafirði er því mjög mikil, enda hefir þingið viðurkent hana með því, að veita tvisvar fé til þessa, þó þær fjárveitingar hafi komið að litlum notum til þessa dags. Í annað skiftið var gufubátnum Reykjavík veitt fé til þessara ferða, en þá var ferðum bátsins komið svo illa fyrir, að hann var látinn verða »Skálholti« samferða frá Reykjavík vestur á hafnirnar við Breiðafjörð; og þó það sé mikil þörf á góðum samgöngum, þá er það samt alveg óþarft, að fá tvö gufuskip sama dag og frá sama stað inn á Hvammsfjörð. Af þessu fyrirkomulagi leiddi einnig, að útgerðarmaður »Reykjavíkurinnar« hafði að eins skaða af ferðum þessum, því að, eins og við var að búast, náði stærra skipið, sem þar að auki stóð í sambandi við millilandaskipin, mestum hluta flutnings og farþega.

Í hitt skiftið var fjárveitingin svo lítil, að það var ekki viðlit að nota hana.

Þessu máli þokar því ekkert áfram enn í dag og Barðastrandarsýsla hefir ekki önnur not strandferðanna við Breiðafjörð en viðkomu þeirra í Flatey, en allir íbúarnir frá Rauðasandi

til Gilsfjarðar hafa engin not þeirra. — Eg heyri á ræðu h. framsm. (V. G.), að hann vill ekki mæla með breyttill. af þeirri ástæðu, að hann telur málið ekki nægilega vel undirbúið og vill láta það bíða eftir því, að hægt sé að breyta um viðkomustaði strandskipsins Skálholts um leið og láta það sleppa nokkurum viðkomustöðum á Breiðafirði. En sé gufubáturinn ekki kominn á Breiðafjörð áður en samningi við gufuskipafélagi um viðkomustaði strandbátsins þar er breytt, má búast við því, að af því leiddi það millibilsástand, að alls engar strandferðir yrðu um tíma á enn stærra svæði við Breiðafjörð en nú er, meðan verið væri að útvega gufubát til ferðanna, því ekki mundi gufuskipafélagið vilja leigja gufubát til þeirra, og það væri þó ekki sá árangur, sem neinn hefði óskað eftir.

Guðlaugur Guðmundsson: Það mun þykja óviðkunnanlegt að eg segi ekki fáein orð viðvíkjandi þessari einu br. till., sem eg hefi komið fram með við 12. gr. B, sem sé br.till. í þá átt að veittar séu úr landssjóði 2000 kr. gegn 1000 kr. frá Vestur-Skaftafellssýslu til þess að rannsaka hafnarstæði við Dyrhólaey og Vík í Mýrdal. Fjárlaganefndin hefir nú tekið mjög liðlega í þessa br.till. H. framsm. tók fram, að hér væri í raun og veru um þýðingarmikið mál að ræða. Eg er honum að öllu leyti samdóma þar í. Eg skal benda á það, að á svæðinu frá Djúpavogi alla leið sunnan um land vestur á hafnirnar við Faxaflóa er ekki ein einasta trygg höfn, meira að segja ekki einn einasti staður, þar sem skip geta leitað hælis inn á fyrir ofviðri og sjógangi. En á þessu svæði er mér kunnugt um að eru tveir staðir, sem taldir hafa verið líklegir til þess að geta orðið góðar hafnir, ef nokkuð væri til þeirra kostað; annar staðurinn er við Hornafjarðarós; sá staður hefir verið mældur upp nýlega og yfirmaðurinn á herskipinu hefir látið mjög líklega yfir, að þar mætti gjöra trygga höfn með mjög litlum kostnaði. Hinn staðurinn er undir Dyrhólaey. Þar hefir lengi vakað fyrir mönnum, að gjöra mætti höfn með ekki mjög miklum tilkostnaði. Þetta er að vísu órannsakað; en þó skal eg geta þess, að um 1870 var farið fram á við stjórnina, að þetta væri rannsakað, og hún lagði fyrir yfirmanninn á herskipinu »Fylla«, sem þá var uppi, kaptein Tuxen, að rannsaka þetta, en það fórst fyrir af því, að hann fekk fyrirskipunina svo seint um haust, að hann treystist ekki til þess. Hann kynti sér samt málið og skrifaði erindi um það, og það erindi hefir h. fjárlagan. haft fyrir sér. Það var auðvitað maður, sem var ókunnugur og hafði lítið fyrir sér annað en lauslegar sögusagnir og miður áreiðanlegar skýrslur. En hvernig á það hafi verið lítið af héraðsbúum, kostnaðarspursmálið, má ráða af því, að á tveim árum var eftl til samskota í héraðinu til þess að gjöra þar trygga höfn og trygga lendingu, og safnaðist talsvert fé; en svo þegar undirtektir stjórnarinnar komu til, þá var fénu skilað aftur 5 eða 6 árum eftir að samskotin voru gjörð. Eg er nokkuð kunnugur á þessum stöðum, en treysti mér auðvitað ekki til að segja neitt um, hve mikill kostnaður mundi verða þessu samfara; en eg held mér sé óhætt að fullyrða, að það sé ekki nein geypileg upphæð. Þar háttar svo til, að það gengur hamrabelti út í sjó, sem að vísu er hlið á, »Dyrnar«, en vestan og sunnan undir þessum dröngum er mjög mikið afdrep fyrir sjó; og eg skal taka það fram, að nú á síðari tímum, síðan fiskiskipin fóru að fjölga fyrir Suðurland, þá

hefir það mjög oft komið fyrir, að þar hafa legið milli 10 og 20 gufuskip til að verjast ágangi af sjó. Höfn á þessum stað hlyti að hafa afarmikla þýðing fyrir öll þau skip, er fara fyrir sunnan land, hvort sem þau koma að austan eða vestan. Þetta er og syðsti oddinn á landinu og styttri sjóleið til útlanda en nokkursstaðar annarsstaðar frá Suðurlandi, og væri því hentugur staður fyrir vistaforða. Í annan stað má benda á það, að á þessum stað væri ákaflega nauðsynleg bjarghöfn fyrir fiskiflotann innlenda. Eins og kunnugt er, eru þarna viðáttumestu og kannske fiskiauðugustu plássin með fram landinu; en á þessa staði treystir innlendi þilskipaflotinn sér ekki til að leita fiskjar einmitt vegna hafnleysisins, með hin smáu og veiku skip, sem í honum eru að mestu leyti; en væri komin þarna höfn, þá mundu fiskiskipin geta leitað á þessi landsins beztu fiskimið.

Það er því ekkert efamál, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, ekki einungis fyrir héraðið, heldur og fyrir landið í heild sinni. Það má geta nærri, hvílíka þýðingu það hefði fyrir héraðið að fá góða og trygga höfn á þessum stað. Héraðið er, svo sem kunnugt er, eitt af farsælustu landbúnaðarhéruðum sunnanlands, og því hefir staðið það eitt fyrir þrifum, að það hefir átt svo langan veg á markað. Úr því mundi verða bætt með höfn við Dyrhólaey.

Það má segja, að það sé nokkuð loftkastalakent, að fara að rannsaka hafnarstæði á þessum stöðum; höfnin mundi kosta æðimikið fé, meira fé en héraðið getur lagt fram, og meira fé en líklegt er að landssjóður mundi vilja eða geta lagt fram í öllu falli í nálægri framtíð. En það er vel að gætandi, að samt sem áður held eg mér sé óhætt að fullyrða, að málið er ekki alveg í loftinu bygt. Það er hér á ferðinni annað mál, sem eg »per injuriam temporum« hefi orðið flutningsmaður að, sem sé það, að heimila rétt til fiskiveiða á þessum stöðum, með sérstökum skilyrðum; og það hefir verið skýrt tekið fram af héraðsins hálfu á fundum, sem héraðið hefir haldið, að það fyrsta skilyrði, sem sett verður af héraðsins hálfu fyrir því að nokkurt slíkt leyfi verði veitt, sé það, að við fáum trygga vissu fyrir því, að við getum látið byggja höfn við Dyrhólaey eða Vík. Það er það, sem héraðið er einráðið í, og að öðrum kosti að gjöra alls ekkert slakt við leyfi til fiskiveiða. — En það er líka álit manna þar, að fengist höfn undir Dyrhólaey, þá mundi vera rétt að mæla með slíku leyfi; en fengist leyfið, þó að það væri þessu skilyrði bundið, þá er enginn efi á, að það fé mundi fást, er þyrfti til að koma fyrirtækinu á. Það er einmitt með þetta fyrir augum, að farið er fram á þessa fjárveitingu til að láta rannsaka þetta hafnarstæði nú. H. framsm. fjárlaganefndarinnar tók nú mjög vel í þetta mál; hann benti sem sé á, að þetta mætti vinna án kostnaðar fyrir landssjóð, með því móti að verkfræðingur landsins, sem nú hefir lokið við þau störf, sem honum um sinn er ætlað að vinna, notaði þann tíma, sem hann hefir lausan, til að rannsaka þetta. Eg er því samþykkur, að þetta væri mjög heppilega og hyggilega ráðið; það eina sem hér er athugavert við, er, að hann hefir engin tök á að rannsaka sjávarbotninn á þessum stöðum; en á því er enginn vafi, að hann er góður.

Það er að eins eitt atriði, sem er varhugavert; það er sá kostnaður, sem leiðir af því, að verkfræðingurinn þarf að ferðast á þessa staði, dvelja þar nokkurn tíma og svo ferðast til baka. Eg býst við, að þær fjárveitingar, sem standa í núgildandi fjárlögum, séu svo

orðaðar, að það sé ekki beinlínis heimild til að borga af þeim kostnaðinn við þetta verk. En eg gjöri mér von um, að hæstv. landsh. finni ekkert varhugavert við að fela verkfræðingnum þetta verk, ef fram kemur af hendi fjárlaganefndarinnar yfirlýsing um, að þennan kostnað megi gjalda af landssjóði. — Komi það fram frá hálfu hæstv. landsh., að hann sé fús til að senda verkfræðing landsins til að framkvæma þetta verk, og jafnframt yfirlýsing frá fjárlaganefndinni, þá sé eg enga ástæðu fyrir mig til að halda fram br.till., og þá tek eg hana aftur.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Eg á hér eina breytingartillögu, og af því þörf mun á að skýra efni hennar nokkuð, skal eg fara um það nokkurum orðum.

Í fjárlögunum frá síðasta þingi var Borgarfjarðarsýslu veittur 2400 króna styrkur til að leggja veg frá Akranesi upp í héraðið. Það stendur nefnil. svo á, að Akranes er eina kauptúnið í héraðinu, og leiðin úr öðrum hlutum héraðsins þangað er langfjölfarnasti vegurinn í sýslunni, því að þjóðvegurinn eða póstleiðin, sem landssjóður kostar, liggur þvert yfir sýsluna, og kemur héraðinu sjálfu ekki að eins beinum notum sem aðflutningavegur. Það fé, sem landssjóður hefir hingað til greitt til vegabóta í Borgarfirði, hefir því mestalt gengið til póstvegar, sem héraðsbúum kemur að minna gagni, en er að eins til að greiða fyrir umferðinni milli suðurlands og norður- og vesturlands yfir héraðið. Héraðsbúar hafa lagt mikið í kostnað til að bæta Akranesveginn og vilja halda því áfram eftir megni, en vegurinn er bæði langur og torvelt að gjöra hann góðan. Þar hagar svo til, að vogar skerast inn í landið, og verður nú að sæta sjávarföllum til að komast þessa leið; sá vegspotti, sem þegar er lagður fyrir reikning sýslunnar og notið hefir þessa litla styrks af landssjóði, sem eg nefndi áðan, er að eins fyrsti kaflinn frá Akranesi upp til héraðsins; og er styrkurinn auðvitað lítill hluti þess, sem vegurinn kostar; hitt hefir sýslan lagt fram. H. þm. Vestm. (V. G.) talaði um, að það væri varhugaverð braut að ganga inn á, að leggja fé úr landssjóði til sýsluvega. — En eg verð að telja það heppilegt, því landssjóður veitir að eins uppörfunarstyrk til að leggja slíka vegi, sem sýslan svo annast viðhald á og kostar að öðru leyti, og auk þess eru sýsluvegir víðast enn meira notaðir en margar akbrautir og aðrir þeir vegir, sem landssjóður kostar. Með því að styrkja héruðin til að vinna að þessum vegabótum, eru knúðir fram kraftar, sem annars kæmi ekki í ljós; héruðin uppörvast til að leggja fram fé til að bæta samgöngufæri, sem þau svo hafa allan veg og vanda af, og má því fé telja mjög vel varið. Akranesveginum er, á þeim spotta, sem hér um ræðir, nú svo háttað, að þegar ekki verður komist eftir sjávarbotninum, þá er næstum ófært á landi; þar eru mýrarkeldur, skurðir og holt á víxl, og fullilt yfirferðar lausríðandi mönnum og smölum, en ófært með klyfjaða hesta. Vegurinn frá Akranesi að Blautós er nú orðinn góður; næsti kaflinn er af náttúrunnar hendi nokkurn veginn greiðfær yfirferðar, en svo kemur þessi kafli, sem með br.till. er farið fram á að veita styrk til að gjöra við, og er hann, eins og eg hefi lýst, algjörlega ófær, nema með fjöru. Á því svæði eru á fjöruleiðinni 8 vogar og jafnmörg klettanes á milli, og verður að klöngrast fyrir framan eða yfir þau um hinar verstu torfærur, og það þó að eins um 2 stunda bil með hverri fjöru. Fengi nú héraðið þann styrk, sem hér er farið fram á, er líklegt, að það legði út í fyrirtækið, þó

vegurinn kostaði mikið meira en annað eins; mætti hér verða fær vegur, svo komist yrði á landi um þennan aðalveg sýslunnar; þá kæmi svo, að ferðamenn þyrftu ekki að bíða fjöru eins og nú er, og þannig tapa miklum tíma. — Því nú verður að liggja til byrjar við fjörurnar hvernig sem á stendur. Á lestrarsal þingsins hefir legið frammi **tillaga frá** þingmálafundi Borgfirðinga. um þetta efni, og bjóst eg við að h þm., og sérstaklega fjárlaganefndin, hefði kynt sér hana (*Valtýr Guðmundsson*: Við gleymdum henni).

Eg á hér fleiri breytingartillögur, og vona eg, að ekki verði sagt um þær, **að þær** miði að því að hækka útgjöld landssjóðs, því yrðu þær allar samþyktar, mundu honum sparast 500 kr.

Það eru nokkrir aðrir liðir í þessari grein, sem ýmislegt væri að athuga við, en eg hefi nú gert mér að reglu, að lengja ekki mikið umræðurnar. Hvað snertir launahækkun hjúkrunarkonunnar í holdsveikraspítalanum, þá finst mér hún talsvert varhugaverð, og vona eg að hún verði ekki samþykt; þó það sé haft að ástæðu, að Oddfellowar, sem spítalann gáfu, hafi áskilið sér að ráða hjúkrunarkonu, þá skil eg ekki, að þingið láti sér vel líka, að Oddfellówar gjöri sig að eins konar yfirfjárráðamönnum þingsins, og segi við það: »Nú hafið þið tekið við þessari gjöf, og svo verðið þið að láta ykkur lynda, að veita svo mikið fé og haga öllu við spítalann eftir því, sem okkur þykir bezt við eiga«. Þetta þykir mér nokkuð freklega að farið, og finst mér að réttast sé af þinginu, að fella þessa launahækkun, og láta svo kylfu ráða kasti, hvernig Oddfellówar taka í strenginn. Er ólíklegt, að af því standi nein vandræði.

Viðvíkjandi ráðstöfun á vegabótafénu eða tillögum nefndarinnar um það skal eg geta þess, að mér þykir undarlegt, að flutningabrautin í Eyjafirði skyldi finna svo miklu meiri náð fyrir augliti háttv. nefndar en vegir í öðrum héruðum. Eg held háttv. fjárlaganefnd hafi láðst að skjóta inn í nefndarálitið orðunum: »þýðingarmesta flutningabr ut landsins« Að öðru leyti skal eg geta þess, að það er undarlegt, að verja 8000—10000 kr. til vegar á Fjarðarheiði, þar sem Austfirðingar eru alt af að berjast fyrir að fá veg yfir Fagradal. Það þykir ef til vill óviðeigandi, að eg skifti mér af þessu, þar sem eg er ekki svo kunnugur á þeim slóðum; en eg lít svo á, að aðalvegurinn milli Héraðs og Fjarða hljóti með tímanum að liggja um Fagradal. Til þess að tefja ekki tímann meira, skal eg láta hér staðar numið, en vænti þess, að háttv. þingd. taki vel breyttill. við 12. gr. B. 5., sem eg nú hefi gjört grein fyrir.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Eg skal gera nokkrar athugasemdir við ræður þær, sem hér hafa farið fram, og þá fyrst snúa mér að ræðu hæstv. landshöfðingja. Hann tók það fram viðvíkjandi holdsveikraspítalanum, að sumar lækkanir, sem nefndin hefir farið fram á, gætu verið athugaverðar, og getur verið, að nefndin hafi í sumum greinum gengið lengra en hægt er að fylgja. Þannig má það vera, að í hörðum vetrum verði að brenna þar meiri kolum en nefndin hefir áætlað; en eftir því, sem nefndinni er kunnugt um, að notað er af kolum í viðlíka stórum húsum, ætti þetta að vera nægilegt.

En hins vegar getur það verið efamál, hvort öll þau kol, sem notuð hafa verið undanfarandi vetra, hafa verið brúkuð af spítalanum sjálfum, þar sem

kolin eru geymd undir beru lofti. Það er engan veginn víst, að allir séu svo frómir, að þeir geti ekki freistast til að taka kol, sem liggja þannig laus á vegi þeirra. En nú leggur nefndin til, að veitt verði fé til að byggja útihús, svo vonandi er, að kolanna verði betur gætt framvegis. Hæstv. landsh. tók fram, að þessi veiting til útihússbyggingar væri helzt til lítil, en hún ætti að nægja, enda hefir byggingarmeistari Thuren látið það álit sitt í ljósi, að byggja mætti viðunanlegt útihús fyrir minna en áætlað var í fyrstu; en auðvitað er ekki ætlast til, að það verði neitt arkitektoniskt smíðarverk. Að því er snertir lækkun á launum starfsmanna við spítalann, þá er engin hætta á því, að ekki verði hægt að fá vinnumenn fyrir 200 kr. kaup. Vinnumenn hafa víða hér á landi 130 kr., og 150 kr. í kaup, þegar hátt er, og hins vegar þarf varla fullkomna menn til að leysa af hendi störfin við spítalann, og mætti að líkindum notast við léttadrengi. Um ljósmetið getur verið álitamál, hvort veitingin nægi. Að því er snertir athugasemd hæstv. landsh. um það, að æskilegt væri að orða öðru vísi skilyrðið fyrir styrknum til »O. Wathnes Arvinger«, þá er eg þakklátur fyrir þá bendingu; en hins vegar væri það æskilegt, ef nefndin ætti kost á, að bera sig saman við hæstv. landsh. um það, hvernig ætti að orða þetta, því það er óvíst, að nefndin geti án hans aðstoðar orðað þetta svo, að breytingin yrði að tilætluðum notum. Og skal eg geta þess, að ekki virðist mikil áhætta, að senda með þessum skipum böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf, þar sem þessi skip njóta styrks frá Noregi til að flytja póstsendingar, og ætti þá ekki að vera meiri áhætta að láta þau flytja póst til Danmerkur, enda mætti koma því svo fyrir, að póstsendingar yrðu vátrygðar. Hæstv. landsh. og háttv. þm. Bf. tóku það fram, að of mikill styrkur hefði verið veittur til vegagjörðar á Fjarðarheiði, en ekkert fé verið veitt til Fagradals, sem verða mundi aðalvegur, og getur verið að það sé rétt, sem margir ætla, að aðalvegurinn verði með tímanum um Fagradal. Én um Fjarðarheiði liggur aðalpóstvegur, og með því að veita styrk til hans er því slegið föstu, að þar eigi ekki að vera akbraut.

Og þegar þess er gætt, að þetta er aðalpóstvegur og að flestallir héraðsbúar reka verzlun á Seyðisfirði, þá er full ástæða til að veita þennan styrk. Og þótt vegur yrði lagður um Fagradal, þá mundi það reynast, að minni hlutinn notaði hann, en að Fjarðarheiði yrði aðalleiðin, því langur tími yrði að að líða til þess, að verzlun yrði aðallega rekin á Reyðarfirði; þess konar breyting kemur ekki á stuttum tíma, eða þeir, sem halda því fram, gera ekki mikið úr skuldaklafanum.

Eg vildi um leið beina þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvort hann álítur sig bundinn við það, sem stendur í nefndarálitinu um vegaféð, því kæmi yfirlýsing frá hæstv. landsh. um það, þyrfti ekki frekara að líða þetta sundur í fjárlögunum. Og um leið vildi eg koma fram með spurningu viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. G.-K. talaði um skaðabætur til Júlíusar læknis Halldórssonar. Eg hefi áður lýst yfir skoðun nefndarinnar um það mál, og þætti nú gott að heyra álit hæstv. landsh.

Og í þriðja lagi vildi eg drepa á það, sem h. þm. V.-Sk. ræddi um rannsókn á hafnarstæði við Dyrhólaey og Vík í Mýrdal. Eg er nú fyllilega á þeirri skoðun, að full ástæða sé til að láta gera þetta, og að ef til vill mætti nota

verkfræðing landsins til þess að skoða þessa staði. H. þm. V.-Sk. hélt því fram, að landsh. hefði ekki heimild til þess, að borga út kostnað við það, nema yfirlýsing kæmi um það frá þinginu, og skal eg lýsa því yfir fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, að hún er þessu samþykk og óskar þess, að hæstv. lh. geri ráðstafanir til þess, að verkfræðingur landsins rannsaki þessa staði. Jafnframt vildi eg skjóta því fram, hvort ekki væri hægt, að fá yfirmanninn á varðskipinu Diönu til að fara austur og láta síðan álit sitt í ljósi.

Hæstv. landsh. tók fram viðvíkjandi vitaumsjóninni, að af því að hann hefði álitið, að fjárveitingin til hennar væri föst, þá hefði hann lofað forstöðumanni stýrimannaskólans sömu þóknun fyrir þann starfa og að undanförnu, og skal eg geta þess, að nefndinni er ekkert kappsmál, hvernig fer um þá veitingu.

Að því er snertir vitana, þá gat hæstv. landsh. þess, að jafna mætti reikningshallann með því að hækka vitagjaldið; en h. 2. þm. Ísf. tók því fjarri, að hækka vitagjaldið, þó þetta fé yrði veitt, og þá lízt mér ver á blikuna. Persónulega er eg á þeirri skoðun, að réttast væri að geyma alla vita, einkum þar sem það hefir verið upplýst af landshöfðingja, að stjórnin væri að undirbúa það mál. Eg get ekki sagt um þetta atriði fyrir hönd nefndarinnar, en vil þó ráða frá að samþ. brtt. Nefndin getur rannsakað þetta mál til 3. umr. og komið þá fram með ákveðnar tillögur, og vill hún helzt, að þetta atriði sé samþykt óbreytt til 3. umr.

Þá skal eg minnast á ræðu h. 2. þm. Eyf. (St. St.); hann las upp bréf frá sjúklingum í holdsveikraspítalanum í Laugarnesi, þar sem kvartað er yfir viðurgerningi á spítalanum. Hér liggur fyrir matarskrá sjúklinganna og vil eg ráða h. þm. (St. St.) til að kynna sér hana; vonast eg þá til að h. þm. muni sannfærast um, að þeir eigi við fullviðunanlegan kost að búa, og að þingið þurfi ekki að gera sér mjög mikla samvizku út af því, þótt einstaka sjúklingur æski eftir meiri kræsingum en hann fær í spítalanum. Það er svo sem ekki eins dæmi þetta, að sjúklingar séu ekki fullánægðir með spítalafæði sitt.

Að því er Breiðadalsheiðarveginn snertir, tók h. 2 þm. Ísf. (H. H.) það fram, að þetta væri vegur, sem lægi milli tveggja sýslufélaga, en þess er að gæta, að það er þó sama sýslan, sem nær yfir bæði þessi sýslufélög. H. þm. (H. H.) tók það fram, að veitt hefði verið fé til Stykkishólmsvegarins, eins og hann væri þjóðvegur, en eg álít að hann hafi um leið verið tekinn upp í þjóðvegatölu, enda er svo, að þótt einu sinni hafi verið breytt út af réttri reglu, þá er langt frá, að sjálfsagt sé að halda hinu sama áfram.

H. þm. (H. H.) sagði, að engin von væri til, að sýslan hagnýtti sér fjárveitinguna, ef skilyrðinu yrði hagað eins og fjárlaganefndin vill hafa það; en þá verð eg að segja, að ekki getur verið mjög mikil þörf á veginum. Það er ekki rétt, að fjárveitingunni sé eins hagað í ár og síðast; þá voru að eins veittar 2500 kr., en nú eru boðnar fram 2500 kr. hvort árið eða 5000 kr. alls á fjárhagstímabilinu. Þegar um gufubátsferðir á Isafjarðardjúpi er að ræða, þá er þess að gæta, að Ísafjarðarsýsla er vel sett með aðrar gufuskipaferðir; þangað koma bæði millilandaskipin allmargar ferðir og á fleiri stöðum, og sömuleiðis strandbáturinn. Sýslan fær þannig árlega mjög rífan hlut af fé því, sem lagt er til strandferða.

Þá skal eg minnast á ritsímann, sem h. þm. (H. H.) er svo þungt í skapi við.

Hann áleit, að sá ætti óþökk skilið, sem fyrst hefði komið þeirri flugu inn, að hann skyldi lagður upp að Austurlandi. Eg er þar á gagnstæðri skoðun, og mér er ekki nema skylt, að taka svari þess manns, því að hann er mér nokkuð nákominn. Eg verð að álíta, að h. þm. (H. H.) sé mál þetta ókunnugt, eftir því, sem hann talaði. Hann vildi rengja, að nokkurir samningar hefðu farið fram milli ríkisþingsins og hins norræna ritsímafélags, en hann getur ekki séð það af ríkisþingtíðindunum. En eg veit, að þeir h. þm., er hér sátu á síðasta þingi, kannast við það, að þá voru hér til sýnis á þinginu skjöl, er sýndu, að eg hefi alveg rétt fyrir mér; en þau eru hér eigi nú, því að þau varð að senda til Danmerkur aftur og því er eigi hægt að leggja þau fram nú. Þar var það tekið fram, eins og eg skýrði áðan frá, að ríkisþingið setti það skilyrði fyrir tillagi sínu, að annaðhvort skyldi þráðurinn lagður til Reykjavíkur og félagið skyldi leggja 150000 kr. til ritsímalagningar á landi, eða til Austfjarða, og að félagið legði þá fram 300000 kr. til landsímalagningar. Það tók síðari kostinn, en hafnaði hinum. H. þm. (H. H.) gerði ógnmikið úr bilun þráðarins. En svo vill vel til, að menn hafa fengið reynslu fyrir slíku í löndum, sem eigi eru veðursælli en Ísland eða álitlegri til ritsímalagningar, og þessi reynsla sannar ekki hugboð h. þm. (H. H.). Hann má ómögulega einblína á það, þótt hann kunni að vita til, að lélegir telefonþræðir hafi reynst haldlitlir hér. Það hefir töluvert verið rannsakaður sjávarbotninn fram með suðurströnd landsins, og þær rannsóknir hafa sýnt, að sæþræði er þar hætta búin; þar eru víða grynningar og hraunbotn, og mundi þráðurinn nuggast þar brátt í sundur; þyrfti því að fá sæsímaskip frá útlöndum til að gera við hann, og hlyti slíkt að dragast ærið lengi, svo að í raun og veru yrði Reykjavík á þennan veg ver sett en þótt sæsíminn lægi á land á Austfjörðum og landsími þaðan til Reykjavíkur. Við Austfirði er hyldýpi upp að landi og botn góður, svo að þar gæti það varla komið fyrir, að síminn bilaði í sjó. H. þm. (H. H.) tók það fram, að það mundi hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir Reykjavík, ef sími yrði lagður þangað frá útlöndum; en það hefir alveg sömu þýðingu fyrir hana, þótt hann sé fyrst lagður til Austfjarða og gangi síðan landveg þangað. H. þm. (H. H.) gerði ákaflega mikið úr kostnaðinum við lagning landsímans, og úr viðhaldskostnaði hans. En þess er að gæta, að fyrir síðasta þingi lá kostnaðaráætlun yfir lagninguna, samin af hinu norræna ritsímafélagi, sem ber fult skyn á slíka hluti, og það tel eg nokkuð djarft af mönnum, sem enga reynslu hafa og ekki einu sinni hafa kynt sér málið, að ætla að þeir geti farið nær um kostnaðinn en þeir, sem bæði hafa til að bera þekkinguna, og látið mann ferðast um landið til að kynna sér málið. H. þm. (H. H.) kvað árskostnaðinn mundu verða svo mikinn sökum ritsímastöðvanna og telegrafistanna. En meiningin er, að hafa ritsímastöðvar eigi annarsstaðar en á Seyðisfirði, Akureyri og í Reykjavík, en jafnhliða ritsímanum er ætlast til að talsími liggi og að talsímastöðvar verði til og frá, en kostnaður við þær er eigi mikill; þar þarf enga telegrafista. Þessar þrjár ritsímastöðvar mættu jafnvel vera í pósthúsunum; svo er það í Noregi; og aðalritsímastöðin í sjálfri

Kaupmannahöfn er uppi á lofti í pósthúsinu þar. — Nú vill svo vel til hér í Reykjavík, að landið á í pósthúsinu herbergi, sem póstmeistari býr í að eins um stundar sakir, en sem má byggja honum út úr, ef þörf gerist.

H. þm. (H. H.) taldi það heppilegt, að leggja þráðinn hér með ströndum fram; en eg held hann hafi ekki kynt sér vel, hve miklum mun það er dýrara en að leggja hann á landi, því að líklega er það alt að tífalt dýrara. — Eg átti tal um þetta við forstjóra hins norræna ritsímafélags, og sagði hann að það gæti ekki komið til mála, að leggja símann í sjó, þar sem unt væri að leggja hann á landi. — Þess er líka að gæta, að hafís er einatt við Norðurland, og er hætt við, að hann mundi skemma þráðinn.

H. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að vér ættum að bíða með þetta mál, þangað til vér sæjum, hvernig gengi með þráðlausu skeytin. — En eg get fullvissað h. 2. þm. Árn. (S. S.) um, að ef þau duga, þá mun hið norræna ritsímafélag nota sér það.

En sú uppgötvun er enn eigi komin svo langt á veg, að hægt sé, að nota áreiðanlega, að senda skeyti þráðlaust (*Sigurður Sigurðsson*: Að eins að eigi verði byrjað eða búið að leggja þráðinn áður en uppgötvunin er komin í lag); það er að minsta kosti ekki mikil hætta á, að byrjað verði að leggja þráðinn að svo stöddu, þar sem fyrir liggur yfirlýsing frá ritsímafélaginu, að eigi muni verða byrjað á starfinu á næsta fjárhagstímabili.

Ríkisþingið danska var svo skynsamt, að sjá, að lítið gagn væri að ritsíma, er næði að eins til Reykjavíkur, og því setti það skilyrði það, sem eg gat um áðan. — En það eru ekki Danir einir, sem þetta skilyrði setja.— Norðmenn gera það líka. — Eg talaði við ráðaneytisforseta Steen, og sagði hann, að það mundi að skilyrði gert fyrir fjárframlagi frá Noregs hálfu, að síminn lægi ekki til Reykjavíkur einnar saman. — Norðmönnum er annara um, að hafa samband við hvern annan hluta Íslands en Suðurland.

H. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að það mundi ekki mikið gagn fyrir oss, þótt vér fengjum nýjar og tíðar markaðsfréttir utan úr löndum, því að vér yrðum svo seinir fyrir, að koma vörum vorum á markaðinn, að vér mundum einatt missa af hentugasta sölutímanum, þótt vér vissum um hann. — En h. 2. þm. Arn. (S. S.) hefir víst ekki gætt þess, að það er bæði auðvelt og al-títt, að selja vöru gegnum ritsíma, svo að mönnum væri innan handar, að selja hana héðan á haganlegasta tíma, væri ritsíminn að eins til.

Þetta ætti að opna augu h. 2. þm. Arn. (S. S.) fyrir því, að hér er ekki um lítið að tefla. — Það sannast, að fáum vér sæsímann og síma um landið, þá mun það leiða af sér svo ómetanlega heilla- og framfara-breyting, að torvelt er að renna grun í það fyrir þá, sem ekki þekkja þetta samgöngufæri. — Eg verð að taka það fram aftur, að eg ber það traust til þingsins, að það muni ekki fara að eyðileggja þetta mál með því, að fara að breyta til frá því, sem áður hefir verið samþykt; bæði er það ómetanlegur skaði fyrir málið sjálft, og varpar bletti á þingið fyrir það, að hafa því nær í stað farið að hringla með það, sem það var búið að fastbinda til 20 ára. — Slíkt á sér ekki stað á neinu öðru þingi. — Þegar löggjafarþing eins lands er búið að lofa einhverju, þá stendur það fast og á líka að standa fast.

H. þm. Snæf. (L. B.) tók það fram, að hann ætlaðist ekki til, að þær 5000 kr., sem hann vill fá til Stykkishólms-

vegarins, væru teknar af fé því, sem fjárlaganefndin hefir ætlað til Mýravegarins. — En það er ekki hægt, að taka þær af öðru fé, því það er búið að ráðstafa því öllu.

Breyt.till. hlýtur því að fara fram á það, að 50000 krónur séu teknar af 25000 kr., sem átti að gera veg fyrir um Mýrarnar.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. Th.) talaði langt mál um Júlíus lækni Halldórsson; hann áleit, að læknir þessi ætti sanngirnis kröfu til landssjóðs; en svo má máske um fleiri segja, og eg held, að þingið geri réttast í, að vísa lækni þessum, að fara sömu leið og embættismönnum hefir áður verið vísað, þegar þingið hefir ekki viljað taka kröfur þeirra til greina: vísa honum til dómstólanna. — Þangað hefir bæði læknum og sýslumönnum verið vísað áður, og á þann veg á hann kost á, að ná rétti sínum. — Þetta þarf ekki að hafa kostnað í för með sér fyrir lækninn, því að eg býst við, að landsstjórnin mundi veita honum gjafsókn; hún er ekki svo spör á gjafsókna-veitingunum hvort sem er. — Ef þingið tæki þessa fjárbón til greina, þá mundi það og verða að líta á fleiri fjárbænir.

Það hefir til dæmis legið fyrir fjárlaganefndinni beiðni frá Halldóri prófasti Bjarnarsyni um fjárbætur fyrir hrakning á sér, og væri máske eins mikil ástæða til, að taka þá fjárbón til greina, eins og þessa; en nefndin gerði það þó ekki.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) taldi veg upp í Mosfellssveit svo áríðandi og hentugan vegna verksmiðjunnar á Álafossi; má vera, að hann sé það fyrir verksmiðjuna sjálfa, en nú vonum vér, að fá verksmiðju á Seyðisfirði, þar sem hægra verður með aðflutninga en að Álafossi, þótt akbraut lægi þangað. — En eg held annars, að aðflutningar geti verið all hægir að Álafossi með því, að fara sjóveg héðan inn í Grafarvog. (*Björn Bjarnarson*, þm. Borgf.: Það verður dýrara en landflutningur).

Eg verð að halda fast við það, að rétt sé að bíða með, að fá gufubát á Breiðafjörð, í fyrsta lagi af því, að vér eigum að bíða þangað til, að nýir samningar hafi verið gerðir við gufuskipafélagið, og í öðru lagi af því, að héraðinu eigi að gefast kostur á, að undirbúa málið betur en það er enn undirbúið.

Eg gleymdi í fyrri ræðu minni, að minnast á breytingartill. á þingskjali 300 við 12. gr. B. 5. um, að hækka tillagið til sýsluvega síðara árið um 3000 kr., og verja þessari hækkun, til að gera veg fyrir milli Hvítaness og Urriðaár.

Nefndin telur sig hafa verið full-rífa í, að veita fé til sýsluvega, og þykist því ekki geta farið lengra í því. — Þar að auki er nú veitt svo mikið fé til vegagjörða í því héraði, þar sem um Mýraveginn er að ræða, að þetta fé verður síður veitt nú í viðbót við alt hitt. — Það er ekki hægt að miða veitinguna eingöngu við það, að vegurinn sé nauðsynlegur; svo er víðar, en eigi verður úr öllu bætt í einu, en hvað eina verður að bíða síns tíma. — Eg tel ekki vafasamt, að einhvern tíma verði varið fé til að gera veg þennan fyrir, þótt eigi sé það nú.

Eg get játað það, að ef til vill hefði verið ástæða til, að láta einhverjar aðrar flutningabrautir sitja í fyrirrúmi fyrir flutningabrautinni um Eyjafjörð; en nú er einu sinni byrjað á henni og ekki hálft gagn að henni eins og hún er, og það er aðal-ástæðan fyrir því, að nefndin hefir nú lagt það til, að fé yrði veitt til að fullgera hana fram að Grund.

Landshöfðingi: Eg skal svara fyrirspurnum háttv. framsögum. (V. G.). — Fyrst spurði hann að því, hvort eg áliti mig ekki bundinn við þá niðurskiftingu á vegabótafénu, sem ítarlega er sundurliðuð í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar. — Eg svara þessu þannig, að eg hafði þegar áður átt tal við nokkra af fjárlaganefndarmönnum um sundurliðun þessa, og lét eg það þá í ljósi við þá, að eg teldi mig bundinn við hana, og hið sama segi eg enn; þó er það sjálfsagt, að komi einhverjar þær breytingar fram, er hljóta að hagga sundurliðuninni, þá get eg ekki lengur ríghundið mig við hana.

Að vísu hefir dálítið verið vikið frá því, sem talaðist til milli mín og fjárlaganefndarmannanna; en það er ekki svo verulegt, að eg finni ástæðu til, að taka orð mín aftur, þau er eg talaði við þá.

Eg tek það upp, að eg tel mig bundinn við sundurliðunina, svo framarlega sem þingið sjálft óskar henni ekki breytt í einhverju, eða önnur sérstök atvik gera breyting nauðsynlega.

Önnur spurningin var um það, hvernig stjórnin liti á skaðabótakröfu Júlíusar læknis Halldórssonar. — H. frmsm. (V. G.) rakti rétt sögu málsins; stjórnin getur ekki viðurkent, að hún hafi gert lækni þessum órétt, og þá eigi heldur, að hann eigi nokkurn lagarétt til skaðabóta; ef hún hefði álitið, að svo væri, þá mundi hún hafa komið fram með tillögu um, að honum væru veittar þær. — Stjórnin lítur á málið frá sinni hlið, en læknirinn frá annari, og því er ekki annað fyrir hann en að fara þá leið, sem á hefir verið bent, og fara í mál við landsstjórnina; hann hefir sýnt það áður, að hann er ekki hræddur við það, því að nú á hann í máli við landsstjórnina, sem hann að vísu hefir ekki unnið fyrir yfirrétti; en óútkljáð enn um, hvernig fara muni fyrir hæstarétti.

Hvað kostnaðinn við málssóknina snertir, þá er stjórnin góð viðfangs þar, því hann hefir fengið gjafsókn í því fyrir öllum dómum, og mundi hann mega búast við, að fá gjafsókn líka í þessu nýja máli sínu eigi síður en í máli því, sem nú stendur yfir út af bólusetningarkostnaðinum.

Þriðja spurningin, sem h. framsögum. (V. G.) beindi til mín, var, hvort eg vildi ekki leggja fyrir verkfræðing landsins, að fara austur í Mýrdal til þess, að skoða hafnarstæði við Vík og Dyrhólaey. — Eg get ekki séð neitt því til fyrirstöðu; því nú sem stendur hefir hann ekkert að gjöra sökum þess, að það tókst svo illa til með Lagarfljótsbrúna. — Hann átti að vera þar við í sumar, en úr því svona fór, sé eg ekkert á móti því, að vinda bráðan bug að því, að senda hann þangað, og jafnvel þegar á þessu sumri. — Ferðakostnaður getur ef til vill orðið nokkuð mikill, en ekki þó svo, að eg ekki telji mér heimilt að útborga hann, þegar það er samkvæmt áskorun frá fjárlaganefnd neðri deildar alþingis. — Til þess það ekki valdi misskilningi síðar, vil eg geta þess við það, sem stendur í nefndarálitinu undir 12. gr. B. 3, um flutningabrautina í Eyjafirði, að eg skil það svo, sem flutningabrautin sé fullger, þegar hún er komin inn að Grund.

Í nefndarálitinu stendur: »fyrra árið sé varið því, sem með þarf til að fullgera flutningabrautina í Eyjafirði«. — Eg skil þetta, eins og eg tók fram áðan, svo, sem þessu takmarki sé náð, þegar að flutningabrautin nær inn að Grund.

Eg vildi að eins taka þetta fram, til að fyrirbyggja allan misskilning.

Hannes Þorsteinsson: Eg á enga br.-till. við 11. og 12. gr., og ætlaði ekki að standa upp, en neyddist til þess út af fyrirspurninni til landsh., frá háttv. þm. Vestm. (V. G.) og svari landsh. upp á hana um sundurliðun vegafjárins. Eg get alls ekki álitið það rétt, að setja þessa sundurliðun eingöngu í nefndarálitið, því á þann hátt getur það ekki komið undir atkvæði deildarinnar. Menn geta verið harðóánægðir með margt í þessari sundurliðun, án þess að geta sýnt það í verkinu, því þetta getur ekki komið til atkvæða nema það standi í sjálfu frumv. Eg skal t. a. m. nefna brúargerðina á Skaftá og vegagerðina á Fjarðarheiði. Eg get vel ímyndað mér, að það séu margir hér í deildinni, sem ekki álíta, að það sé svo ákaflega brýn nauðsyn að brúa Skaftá, eða að nauðsyn beri til, að verja 10,000 kr. til að gera veg yfir Fjarðarheiði. Það getur þó varla verið meiningin, að gera akbraut yfir þá heiði, og eg skil ekki annað en að það megi gera brúklegan veg yfir hana fyrir minna verð. Með svona lagaðri skiftingu á vegafénu verður fjárlaganefndin ein beinlínis fjárveitingarvald. Það þarf ekki annað en koma sér vel við fjárlaganefndina með fjárveitingar til ýmissa fyrirtækja, er þingið mundi aldrei samþykkja, ef það væri lagt undir atkv. þess. Eg álít því mjög varúðarvert að taka upp þessa reglu eftirleiðis, að því er fjárveitingar til vegagerða snertir.

Viðvíkjandi holdsveikraspítalanum skal eg geta þess, að mér finst það óviðkunnanlegt, að gefendurnir (Oddfellóar) skuli geta neytt upp á landssjóð yfirhjúkrunarkonu fyrir það kaup, sem þeim sýnist. Það er alt af hægt að segja, að ómögulegt sé að fá hjúkrunarkonu fyrir minna verð en jafnvel 2000 kr., og þá er landssjóður skyldur að taka það til greina, samkvæmt ákvæðum gefendanna í stofnskrá spítalans, þar sem þeir hafa áskilið sér rétt til að skipa yfirhjúkrunarkonuna við spítalann. Eg segi þetta ekki til hnjóðs við yfirhjúkrunarkonu þá, sem nú er í spítalanum, því hún hefir komið sér vel, og eg heyri alla bera henni gott orð. Eg segi þetta að eins af því, að eg vil að það sé opinberlega látið í ljósi, að menn séu óánægðir með þetta fyrirkomulag. Um ráðskonu spítalans hafa aftur á móti borist kvartanir, jafnvel skriflegar, til sumra þm. En eg er þessu ekki svo kunnugur, að eg geti dæmt um, hvort kvartanir þessar eru á nægum rökum bygðar eða ekki. Þá vil eg einnig geta þess, að það hafa komið fram kvartanir yfir mataræðinu frá sjúklingunum. Eg hefi ekki séð matarskrána, og skal því ekki tala um hana, en eg hefi heyrt sagt, og það með sannindum, að sumir sjúklingarnir þoli ekki þann mat, sem þeir fá, og geti því ekki haft full not hans, en selji honum upp, og þá þykir mér óviðkunnanlegt, að sjúklingarnir skuli verða að svelta. Sjúklingar þessir kvarta að eins yfir vissum mat, sem þeir fá ákveðna daga vikunnar, og það bendir einmitt á, að þeir þoli ekki þær matartegundir, en ekki hitt, að það sé af matvendni Eg kynni því betur við, að þeir þá daga fengju annan mat; en það fá þeir ekki, fá enga tilslökun í þessu, en verða að vera matarlausir.

Styrkurinn til Guðm. Magnússonar læknis gengur auðvitað greiðlega gegnum deildina, og þótt eg álíti, að sá maður sé svo efnum búinn, að hann gæti farið þá ferð fyrir eigin reikning, skal eg þó ekki mæla á móti styrk þessum, því að styrkbeiðandi er alls góðs maklegur sem viðurkendur ágætur læknir. En eg hefði kunnað betur við, að »landsspítalinn« hefði verið

samþ. hér í deildinni, áður en styrkur þessi væri samþyktur, því að verði frumv. um landsspítala felt, yrði ferðastyrkur þessi ekki jafn nauðsynlegur.

En eg get ekki sezt svo niður, að eg ekki víki nokkrum orðum að ritsímanum. Við þann lið hefir háttv. þm. Ísf. (H. H.) komið fram með br.-till., og hefir hún mjög óverðskuldað orðið fyrir mjög hörðum mótmælum framsm. fjárlaganefndarinnar (V. G.) Hann gat um einhverjar mjög nákvæmar áætlanir, sem legið hefðu fyrir síðasta þingi, um kostnaðinn við það, að leggja landsímann. Eg veit ekki, hvaða áætlanir það eru, sem hann meinar, nema ef það eru áætlanir Hansons, en eg hélt þó að eitthvert lýsingarorð yrði fyr fyrir manni en orðið »nákvæmur«, ef maður vildi lýsa þeim að einhverju leyti. Þessi Hanson var sendur af félaginu Siemens & Halske í Berlín, og var sú sendiferð að ýmsu alleinkennileg. Hann fer beint til Seyðisfjarðar, og hleypur þaðan fótgangandi yfir land suður til Reykjavíkur, óð flestar ár, hálf-berlæraður, og skal eg ekki leiða neinar getur að því, hve nákvæmlega hann hefir athugað það, sem fyrir augun bar, en svo mikið er víst, að ekki var hann lengi á leiðinni. Hann setti þau skilyrði, að fá 4000 kr. fyrir ferðina, ef hann fengi að vera við lagningu símans yfir land, en 8000 kr. að öðrum kosti. Þetta þykir mér hálf undarlegt. Hann hefir auðvitað ætlað sér að vinna upp þessar 4000 kr. á verkinu sjálfu —; en mér finst lítið á því að græða, sem þeir menn segja, sem koma þannig fyrirfram ákveðnir —, og það var hann, því hann var strax í byrjuninni á því, að síminn ætti að liggja til Austfjarðu, en ekki að Suðurlandi, og mér er ekki kunnugt um, að hann hafi rannsakað Suðurland neitt.

Háttv. framsm. (V. G.) sagði, að það væri hættulegra að láta þráðinn koma á land við Suður- en Austurland, því við Suðurland væri grunnsævi og hraunbotn, og síminn gæti því nuddast sundur á hraunbotninum, og í sömu ræðunni sagði hann, að síma fyrir norðan land væri hætta búin af hafís; veit hinn háttv. þm. (V. G.) ekki, að til Austurlands, að minsta kosti suður undir Reyðarfjörð, kemur hafís alveg eins og að Norðurlandi? (*Valtýr Guðmundsson*: Hafísinn ristir ekki eins djúpt þar). Það er líklegt, að háttv. þm. hafi góðar heimildir fyrir þessu; en hvergi hefi eg séð skýrslur um það, og sjálfur hefir hann víst ekki mælt, hvað hafís ristir djúpt fyrir Austurlandi. Honum hefir að minsta kosti tekist vel að dylja það starf sitt. Hann hefir víst viljað láta það vera »launungarmál«. Annars er mér ekki kunnugt um, að sæsímanum sé meiri hætta búin fyrir Suðurlandi en Austurlandi. Díana og Fylla hafa rannsakað botninn fyrir suðurströnd landsins, og komist að þeirri niðurstöðu, að í Þorlákshöfn væri mjög hentugur lendingarstaður fyrir ritsímann, og í raun og veru sá eini staður austan Reykjaness til Austfjarða, þar sem sæsímann ætti að leggja á land. Þaðan væri ekki erfitt að leggja landsíma til Reykjavíkur. Það dugar ekki að miða landsímalagningu hér á landi við önnur lönd, því að þar er víðast hvar hagað svo til, að þræðirnir eru lagðir meðfram járnbrautunum.

Þar er fjótlegt að gera við það sem bilar, en eg er hræddur um að það yrði tafsamt að gera við landsímann hér, ef hann bilaði um hávetur og ófærð einhversstaðar uppi á Möðrudalsöræfum, jafnvel þó hægt væri að »telefónera« strax til Akureyrar, að hann væri bilaður einhversstaðar á því

svæði, og alls ekki víst, að unt væri að gera við hann þar fjarri mannabygðum. En hve miklum hnekki gæti það valdið, er áríðandi hraðskeyti frá Reykjavík, er send væru áleiðis til útlanda yfir land til Seyðisfjarðar, stöðvuðust á miðri leið innanlands, ef til vill svo vikum eða mánuðum skifti að vetrinum til? En þetta gæti oft komið fyrir.

Mér og öðrum, sem hafa líka skoðun á þessu máli og eg, hefir verið borið það á brýn, að vér vildum reyna að hindra framgang þessa máls. Þessu verð eg að mótmæla kröftuglega. En vér viljum að síminn liggi á land einhversstaðar nærri Reykjavík, því annars verður hann ekki að þeim notum, sem hann á að verða. Hér sunnanlands er er mest bygðin, og Reykjavík er höfuðstaður landsins, og það er því augljóst, að síminn á að liggja á land hér í nánd við Reykjavík (t. d. í Þorlákshöfn) og hvergi annarsstaðar. Eg get í þessu sambandi ekki látið vera að benda á það, að svo lítur út sem sumir þm. vilji endilega láta Reykjavík vera hornreku alls landsins, og vilji gera alt sem þeir geta til þess, að rýra bæði hana sjálfa og þýðingu þá, sem hún hefir fyrir þetta land. Þeir gæta þess ekki, að þeir með þessu gera landinu stórskaða, því það er hamingja fyrir hvert land, að hafa sem öflugast an höfuðstað; því frá höfuðstaðnum breiðast menningarstraumar út um alt landið, og alt sem miðar að því að rýra gildi höfuðstaðarins hlýtur að rýra áhrif þau, sem hann hefir á það land, sem hann er í, og þar af leiðandi er það tjón fyrir landið. Mér finst sjálfsagt, að þingið breyti nú þegar skilyrðinu fyrir fjárveitingunni til símans, samkvæmt breyttill. háttv. 2. þm. Isf. (Sk. Th.). Eg skil ekki hinn háttv. framsm. (V. G.), þegar hann er að tala um, að það væri óafsakanlegur hringlandaskapur hjá þinginu, ef það færi að breyta þessu skilyrði. Er ekki sjálfsagt að leiðrétta svo fljótt sem unt er þau glappaskot, sem manni hafa orðið á? Auk þess hefir það sýnt sig, að skilyrðið, eins og það nú er, hefir ekki freistað manna til að leggja fé til þessa fyrirtækis, því undirtektirnar hafa verið slæmar. Eg skil því ekki, að það hafi neina þýðingu í því efni, hvernig skilyrðið er orðað, en það hefir mikla þýðingu fyrir oss, að því sé breytt, því að eg fæ ekki séð, hvernig landið eða réttara sagt landssjóður ætti að geta risið undir þeim gífurlega kostnaði, er rekstur og viðhald landsímans hefði í för með sér. Sá kostnaður samsvaraði ekki á neinn hátt arðinum af þessu fyrirtæki. Þvert á móti mundi landsími þessi verða einhver sú versta og þyngsta byrði, er oss hefir nokkuru sinni verið á herðar lögð. En hins vegar eru mjög miklar líkur fyrir, ef sæsími væri lagður til Reykjavíkur, eða í nánd við hana, að vér fengjum þá innan skamms landsíma oss að kostnaðarlausu norður um land frá Reykjavík, sérstaklega veðurfræðinnar vegna, t. d. alla leið til Grímseyjar, eins og komið hefir til orða meðal veðurfræðinga. Og þá nytum vér góðs af þeim síma. Hvernig sem á mál þetta er litið, getur skilyrði það, er nú stendur í fjárlögunum um sæsímalagningu til Austfjarða og landsímalagningu þaðan yfir land, aldrei orðið oss til blessunar, heldur einmitt til mikils ófarnaðar og ófagnaðar. Eg vona því að háttv. deild samþ. þessa breyttill.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Eg ætlaði ekki að standa upp í þetta skifti, því eg á enga breyttill. við þessar gr. frv., en ræður þeirra 2. þm. Ísf. (H.H.)

og 1. þm. Árn. (H. Þ.) gerðu það að verkum, að eg gat ekki annað.

Háttv. þm. Ísf. hefir ætlð, þegar eg hefi heyrt hann tala, rökstutt betur málstað sinn en nú og verð eg að álíta að það komi til af því, að hann hefir þá haft við betri rök að styðjast. Háttv. þm. talaði um, hver kostur það væri fyrir landið, að losna við kostnaðinn, sem af því leiddi, að leggja telegraf yfir landið og halda honum við; en hann mintist ekki á, hver kostur það er fyrir alt landið, að hafa telegraf landshornanna milli. Eg get ekki séð annað en að ærið lítið sé bætt úr skák með því, að leggja telegraf til Reykjavíkur einnar. Það er langt fyrir Norðlendinga og Austfirðinga, að ríða með sín símskeyti suður til Reykjavíkur.

Hann færði sem aðalástæðu fyrir því að síminn ætti að liggja til Reykjavíkur það, að hún ætti að verða aðalverzlunarból landsins, sem alt landið sækti til, og eg vildi að það yrði; það segi eg satt. En hvernig hugsar hinn h. þm. sér að þetta verði, án þess að Reykjavík standi í telegraf- og telefónsambandi við alt landið? Háttv. þm. nefndi, að hér mundi koma upp banki; en hvernig hugsar háttv. þm. sér, að þessi banki geti orðið til þess gagns fyrir landið, sem hann ætlast til að hann verði, nema telegraf liggi um landið? Háttv. þm. veit þó, að landsbankinn hefir ekki treyst sér til að stofna útibú einmitt vegna þess, að telegraf vantar, og það mundi að líkindum þessi banki, sem þm. talar um, ekki heldur geta en án útibúa verður þessi banki ekki að því gagni, sem þm. ætlaðist til að hann yrði. Þannig mundi fara um alt hitt, sem þm. nefndi.

Það rekur þess vegna alt að því, að ekki er nóg að fá telegraf til Reykjavíkur, heldur verður að koma telegraf yfir landið líka, og hvað erum vér þá bættari? Vér missum að eins 300,000 kr. tillag, sem oss hefir verið boðið upp í kostnaðinn við að leggja landsíma, ef sæsíminn lægi á land á Austfjörðum. Eg vonast til, að eg þurfi ekki að fjölyrða um þetta við háttv. þingm.

Hinu, sem háttv. þm. talaði um, þarf eg ekki að svara; háttv. framsm. fjárlagan. hefir gert það svo rækilega.

En það var viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði um daginn, að hann áliti ekki svo afarmikla þörf á telegraf. Eg skil ekki, hvernig menn, sem annars eru greindir menn, geta látið sér slík orð um munn fara, og eg skal ekki eyða mörgum orðum til að hrekja þessa fjarstæðu, en að eins benda honum á, hvaða þýðingu telegraf mundi hafa fyrir síldarveiðina. Eg er viss um, að það eru ekki tugir, heldur hundruð þúsunda, sem þessi eina atvinnugrein hefir gefið minna af sér heldur en hún hefði gert, ef telegraf hefði verið. Það kemur oft fyrir, að t. d. Eyjafjörður fyllist af síld, þegar öll skip eru farin frá landinu og ómögulegt er að koma boðum til útlanda um að senda skip upp. Salt og tunnur þrjóta fljótt, þegar mikill landburður er, og náist ekki til þess, verður oft að hætta veiðinni fyrir þá sök, svo veiðin er þannig sýnd, en alls ekki gefin, veiði sem oft gæti numið tugum þúsunda króna. Heldur háttv. þm., að slíkt kæmi fyrir, ef vér hefðum telegraf? Nei, ef telegrafinn væri kominn, þá væri hægt að fá skip á nokkrum dögum og senda það aftur með alla veiðina á markað.

Loks skal eg taka það fram, að eg skil ekki og hefi aldrei skilið framkomu 1. þm. Arn. (H. Þ.) í þessu máli, og eg skildi ekki, í hvaða sambandi margt af því, sem hann sagði, stóð við

þetta mál. Eg skil t. a. m. ekki, í hvaða sambandi fótabúnaður Hansons stendur við nauðsyn telegrafs til Austfjarða yfir land, né heldur það, að hann vildi hafa 4000 kr., ef hann fær að vinna verkið, en 8000 kr. annars. Þetta er nokkuð, sem er algengt annarsstaðar og allir ingeniörar gera, enda er það eðlilegt, að menn vinni fyrir minna kaup, þegar þeir hafa atvinnu langan tíma, en þegar þeir hafa atvinnu að eins stuttan tíma.

Sami háttv. þm. sagði einnig, að ef síminn lægi til Reykjavíkur, mundi strax verða lagður þráður til Grímseyjar vegna veðurfræðinnar. Eg veit ekki, hvaðan hann hefir þá vizku, en varla getur hann dregið það út af undirtektunum, sem mál þetta hefir fengið hjá stórþjóðunum. Úr því þær hafa ekki tekið betur undir að leggja telegraf til Íslands, þá þykir mér ekki líklegt, að þær fari að leggja mikið í kostnaðinn til þess að fá þráð til Grímseyjar.

Sami þm. lét í ljósi þá skoðun, að þeir sem væru á móti því, að telegrafinn lægi til Reykjavíkur, vildu hafa Reykjavík fyrir hornreku alls landsins. Þessu mótmæli eg fyrir mitt leyti. Sömuleiðis verð eg að vera á móti því, að setningin hans um »sem öflugastan höfuðstað« sé fyllilega rétt. Eg álít að höfuðstaðurinn og landið, sem höfuðstaðurinn er í, eigi að standa í réttu hlutfalli hvort annað. Maður á því ekki að stuðla að því, að Reykjavík vaxi svo, að hún beri landið ofurliða, heldur hinu, að bæði Reykjavík og landið nái sem mestum vexti og viðgangi. Ef hagur landsins batnar og velgengni þjóðarinnar eflist og blómgast, þá mun Reykjavík eflast að sama skapi. Framför höfuðstaðarins er og verður afleiðing að framförum landsins. Höfuðstaðurinn er blómið, aldinið á hinum þroskaða þjóðlífsmeið, en ekki rótin undir honum.

Þá á eg að eins eftir að minnast á tvö atriði. Hið fyrra er viðvíkjandi sýsluveginum á Breiðadalsheiði. Mér finst ekki rétt af háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) að vera svo óánægður við fjárlaganefndina út af þeirri fjárveitingu. Fjárlaganefndin hefir beinlínis viðurkent nauðsyn þessa vegar; og þar sem hann segir að fjárveitingin sé ekki til neins, af því að sýslufélögin geti ekki lagt fram fé á móti, þá skal eg taka það fram, að mörg sýslufélög hafa lagt á sig margfalt meira heldur en þó sýslan taki 5000 kr. lán; það er þó aldrei nema 300 kr. afborgun á ári í 28 ár. Eg get því ekki betur séð, en að sýslurnar geti vel borið það, að leggja fram fé á móti landssjóðsstyrknum. Eg gæti bent honum á eina sýslu, sem hefir tekið yfir 30,000 kr. lán, sem hún þarf að afborga, til ýmsra framfarafyrirtækja. Hvað það snertir, að Ísafjarðarsýsla fari varhluta af vegabótafé, þá er naumast ástæða til að kvarta fyrir sýslu, sem er eins vel farin eins og Ísafjarðarsýsla með samgöngur á sjó, þar sem hún fer 6 ferðir á ári, sem kostaðar eru af landssjóði, á sama tíma sem aðrar sýslur á Norðurlandi hafa enga, og svo þar að auki styrk til gufubátsferðanna, sem eg skal gjarnan játa að ekki er ofmikill.

Að síðustu vildi eg beina nokkurum orðum að h. þingm. Borgf. (B. B.), þar sem hann var að tala um akbrautina í Eyjafirði. Mér datt í hug að segja: »sá segir mest af Ólafi konungi«. Mér er ekki kunnugt um, að hann sé gagnkunnugur í þessu héraði; en mér finst það einkennilegt, að um leið og hann er að berjast fyrir því, að vegur komist á upp frá aðalverzlunarstað í hans

eigin kjördæmi, þá skuli hann um leið vera að tala um það, að það sé ástæðulaust að styrkja til akbrautar um Eyjafjörð. Hér er um að ræða það hérað, sem er einna blómlegast og á mesta framtíð fyrir sér á Norðurlandi. Og þar sem um það var að tala, að leggja akbraut, þá var það sjálfsagt að leggja hana þar fyrst, sem sýnilegt var, að hún mundi koma fyrst og bezt að notum. Eg er sannfærður um, að það líður ekki á löngu, áður en það sjást ljós merki um afleiðingar af þessari akbrautarlagning. Hvað jarðabætur snertir, þá skal eg geta þess, að eftir að brautin kom, tóku menn hverja dagsláttuna á eftir annari meðfram brautinni til ræktunar; það var bein afleiðing af því, að brautin var komin á. Þá hefir brautin og gert miklu meiri »trafik« mill Akureyrar og héraðsins upp af Eyjafirði; maður fer aldrei svo akbrautina, að maður ekki mæti fleiri eða færri smávögnum. Eg er alveg viss um, að braut þessi er notuð meir en margar af þeim brautum, sem hafa verið lagðar hér á Suðurlandi og standa í sambandi við Reykjavík. Eg verð að segja, að úr því Akureyri er af náttúrunni kjörin til að vera höfuðstaður Norðurlands — og þar til hefir hún margt að bera, sérstaklega höfnina — þá sé það ekki nein fjarstæða, að maður vilji hlynna að þeim höfuðstað, svo að hann blómgist sem allra mest. Eg vona því, að það fari að hætta, þetta tal um þessa Eyjafjarðarbraut, og menn fari að sjá, að það er hégóminn einber, sem fólk er að bera fram, um nauðsynjaleysi þessarar brautar.

Forseti: Eftir 33. gr. þingskapanna er forseta lagt á vald að stinga upp á, að umræðum skuli lokið um hvert mál, þá er honum finst þær dragast fram úr hófi. Eg ætla nú samt ekki nú að beita þessari heimild, en að eins benda h. þm. á, að ef umræður um aðra kafla fjárlaganna eiga að verða eins og þær hafa orðið um þennan kafla, þá verðum við að taka næturnar með, ef vér eigum að koma fjárlögunum nokkurn veginn í tæka tíð til h. Ed.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Eg hafði ekki ætlað að tala að þessu sinni; en framsm. fjárlaganefndarinnar gaf mér tilefni til þess, þar sem hann sagði að eg skyldi líta á matarskrá holdsveikraspítalans. Þetta hefi eg gert, og verð að segja, að mér þótti hún ekki svo glæsileg, að eg geti ekki skilið, að hér sé talsverð ástæða fyrir sjúklingana til að kvarta, þar sem þeir fá í morgunverð að eins $^5/_{14}$ parta úr pundi af rúgbrauði, 3 kvint af smjöri og einn pela af mjólk; mér virðist þetta ekki vera neinn sérlegur kostur, og eg skil ekki í því, ef h. framsm. hefir skoðað þetta vandlega, að hann sannfærist ekki um það. Eg verð að leggja sérstaka áherzlu á það, að hér ætti ekki að vera spursmál um að spara kostinn, heldur að sjúklingunum líði í alla staði sem bezt. En það er eitt atriði, sem eg vildi leyfa mér að hreyfa viðvíkjandi þessum spítala, jafnvel þó eg vildi ekki fara nema sem fæstum orðum um hann í viðbót við það, sem eg hefi þegar gjört. Það er sú nauðsyn, að sjúklingarnir hafi eitthvað að starfa. Þeir lifa þarna í sínu volæði og aðalhugsunin snýst um eymd þeirra, og svo um matinn, sem þeir fá daglega; þetta hljóta menn að sjá að er mjög eðlilegt, og jafnframt að það er nauðsynlegt, að fá þeim eitthvert starf í hendur, til þess að gjöra þeim lífið léttbærara. Það var af tilviljun, að eg hitti þar sjúkling, sem eg þekti; hann kvartaði um, að hann hefði ekkert að gjöra, en kvaðst mundu geta gjört hverja almenna vinnu, sem vera

skyldi. — Væru nú margir sjúklingar þannig, þá finst mér það væri ekki illa tilfallið, að þeir væru látnir taka handtak, og þá lögð kjötflís ofan á brauðið þeirra á morgnana. — Mundi mér finnast eins mikil ástæða til þess, eins og að bæta við laun forstöðukonunnar, sem þegar hefir full sómasamleg laun.

Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál.

Áður en eg sezt niður, vil eg minnast á akbrautina um Eyjafjörð. — Eg get ekki verið sömu skoðunar og margir, sem á hana hafa minst. — Eg álít, að hún hafi komið í mjög miklar og góðar þarfir; enda er hún mjög mikið notuð. — Að fara nú að hætta við að leggja til brautarinnar, væri hreinasta óráð.

Eins og nú stendur endar brautin á foræðismýri, en þegar mýrinni sleppir, þá tekur við mjög fagurt tún. — Það er því ofur-létt, að gjöra sér glögga grein fyrir, hve afar-óheppilegt það væri fyrir héraðsbúa, ætti einmitt nú að hætta allri fjárveitingu til brautarinnar, enda ber eg það traust til h. þingdeildarmanna, að þeir kasti ekki hendi sinni af fyrirtækinu, þegar mest nauðsyn er á, að halda því áfram og komast að ákveðnu marki.

Hannes Hafstein: Eg skal reyna, að fara eftir bending h. forseta, og vera ekki mjög langorður.—Það eru að eins fáein orð, sem eg verð að segja út af athugasemdum h. framsögum. og h. 2. þm. Skagf. viðvíkjandi breytingartill. minni.

H. framsögum. (V. G.) tók fram, að eg hefði tekið því fjarri, að hækkað væri vitagjaldið. Þetta var ekki nákvæmt hjá honum. Eg gat þess að eins, þegar talað var um, að byggja þennan vita, og að hækka vitagjaldið þannig, að það væri jafnt fyrir vestan eins og fyrir sunnan, að mér sýnist ekki ástæða til, að fara að gjöra slíka breytingu, þótt varið væri svona lítilræði — 4000—5000 kr. — til vitabyggingar.

Viðvíkjandi hinum umþráttaða Breiðadalsheiðarvegi, þá tók h. framsögum. (V. G.) það fram, að það væri meginregla, að landssjóður legði ekki nema helming á móti sýslufélögunum; en hvaðan kemur sú meginregla? Áður hefir ekki verið fylgt þeirri reglu; bæði hefir verið lagt til án nokkurs endurgjalds, og líka móti þriðjungs-tillagi. — Það er þess vegna ekki rétt, að það sé neitt brot á meginreglum, þó landssjóður legði til vegar þessa, án þess, að sýslan leggi til 100%, heldur er þetta ný hugsun, sem hann vill innleiða.

Þá tók h. framsögum. (V. G.) það fram, að upphæðin væri tvöfölduð við það, sem hún var sett árið 1899; en það er alveg sama upphæðin á móti jafnmiklu gjaldi, að eins veitt nú fyrir tvö ár; en sama ástæðan, sem gilti á móti því, að nota styrkinn í eitt ár, gildir nú á móti því, að nota hann í 2 ár; en ástæðan er meðal annars sú, að peningar þeir, sem í öðrum sýslum er varið til vegabóta, ganga í Norður-Ísafjarðarsýslu til annars, nefnilega til gufubátsferða og fleira þess háttar. — Eg leyfi mér um það að skírskota til þess, sem eg hefi áður tekið fram.

H. framsögum. (V. G.) sagði, að svo framarlega, sem sýslurnar vildu ekki taka lán, þá sýndi það, að þörfin væri ekki mikil; en eg get ekki fallist á, að það sé rétt; það er líka hægt að kaupa gullið of dýrt, með öðrum orðum, þó þörfin sé mikil, þá getur frá sýslunnar sjónarmiði verið ótiltækilegt, að leggja út í kostnaðinn; og eins, að þó þörfin sé mikil, þá getum við komist af án þess, þó það sé ómynd og óforsvaranlegt, eins og það er.

H. framsögum. (V. G.) og h. þingm. Skgf. (St. St.) höfðu mikið að athuga viðvíkjandi ritsímanum; en eg skal ekki vera að rekja það alt saman. — H. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefir tekið af mér ómakið í mörgu tilliti.

Viðvíkjandi skjölum þeim, sem h. framsögum. (V. G.) tók fram, að legið hefðu fyrir síðasta þingi, skal eg að eins segja, að þó því hafi verið haldið fram, að fjárframlagið frá Danmörku væri miðað við landsíma, þá er ómögulegt, að það sé beint skilyrði, eða, að það hafi verið meiningin, að binda styrkveitinguna nokkrum slíkum takmörkum. — Eg verð að halda því föstu, að það, hvar síminn kemur á land, geti ekki haft nein áhrif á fjárframlagið frá Danmörku.

Þar sem h. framsögum. (V. G.) hafði það eftir stjórnarforsetanum í Noregi, að styrkurinn þaðan væri bundinn því skilyrði, að síminn yrði lagður á land á Austfjörðum, þá er mér ekki kunnugt um, að Noregur hafi lofað nokkru fé fyr en h. framsögum. (V. G.) var farinn frá útlöndum í sumar.

Hann gjörði mjög lítið úr því, að eg mundi hafa vit á þessu máli, og hélt, að eg vissi ekki, að það er dýrara, að leggja þráð í sjó en á landi. — En þetta er mér full-kunnugt. — En aftur verður viðhalds kostnaðurinn á landsímanum meiri, svo að það mundi jafna sig upp, þó meira fé þurfi til að kosta í byrjun.

Við höfum alls enga áætlun um það, hvað mundi kosta, að leggja landþráð hingað frá Austfjörðum. (*Valtýr Guðmundsson*: Lá fyrir síðasta þingi). — Lá ekki neitt ákveðið; og víst er um það, að félagið fæst ekki til að taka að sér símalagninguna fyrir 300,000 kr. — Það yrði mikið meira, þegar á ætti að herða.

En aðal-ástæðan til að leggja þráð inn ekki yfir land er sú, að með því móti mundi hann ekki koma að tilætluðum notum vegna þess, að slys mundu verða mjög tíð, og þráðurinn slitna vegna snjóþyngsla og óveðra. — H. framsögum. (V. G.) ætlast til, að aðal-stöðvar yrðu á Seyðisfirði og Akureyri, en telefónstöðvar í hverri sveit. — En eg ímynda mér, að þessar telefónstöðvar hefðu ekki lítinn kostnað í för með sér, því þar verður að hafa fastan mann nótt og dag, hvort sem stöðin heitir telefónstöð eða telegrafstöð. En kostnaðurinn er ekki aðal atriðið, heldur hitt, að þráðurinn kæmi ekki að fullkomnu gagni. — Alt Suðurland og Vesturland yrði eftir sem áður án sambands við sjóþráðinn, og þyrfti því alveg eins að leggja sjóþráð kringum landið fyrir því, þó þessir landþræðir yrðu lagðir. — Það fer svo fjarri því, að alt landið færi varhluta af notunum af þræðinum, ef hann yrði lagður fyrst til Reykjavíkur, því eg býst við, að strax yrði byrjað á, að leggja þaðan þráð kringum landið, og þá líklega um leið til Grímseyjar vegna veðurfræðinnar. — Og að leggja þráðinn í sjó er það eina, sem yrði til frambúðar. (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Yrði það ódýrara?) Það yrði líklega dýrara, en mundi borga sig. — Eg get ekki gengið inn á, að hætta sé á, að þráðurinn höggvist sundur á hraunum á sjávarbotni hér sunnanlands; að minsta kosti er meiri hætta af ís í því efni fyrir austan land og norðan.

Það eru mörg fleiri atriði viðvíkjandi þessu, sem eg þyrfti að svara, en eg sé nú, að forseti er farinn að líta á klukkuna.

Þar sem h. framsögum. (V. G.) sagði, að það væri hringl og vanvirða fyrir þingið, að nema burt það skilyrði, sem samþykt hefir verið á tveim undan-

farandi þingum, þá er það ranghermi, að þetta hafi verið samþykt á tveim þingum. — Það var samþykt á þinginu 1899. — Á þinginu 1897 kom stjórnin fram með tillögu um styrkveitingu til þráðarins hreint og beint, án þess, að Austurland væri nefnt; þvert á móti áleit landsstjórnin, að ætti að leggja þráðinn fyrst til Reykjavíkur. — En fyrst milli þinganna 1897 og 1899 fór maður, sem er háttv. framsögum. (V. G.) mjög nákominn, að hringla í því, sem áður hefði verið samþykt, og vildi breyta því, sem slegið hafði verið föstu af þingi, þjóð og stjórn. — Eg get því ekki séð, að orð h. frmsm. (V. G.) séu á rökum bygð, og tel það rétt og sjálfsagt, að svo framarlega, sem ber að hugsa meira um Reykjavík en aðra hluta landsins, þá sé það skylda, að kippa þessu í lag.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Viðvíkjandi því, sem h. 2. þm. Ísf. (H. H.) sagði, þá skal eg mótmæla nokkrum atriðum. Hann tók það fram, að telefónstöðvarnar yrðu kostnaðarsamar; en af þeim mundi nálega enginn kostnaður stafa, því það mætti hafa þær á bæjum og í búðum, þar sem fólk er alt af við. — Eg skal geta þess, að í Noregi eru telefónstöðvar hafðar jafnvel í seljum. — Og hér á landi þyrfti því nálega enginn kostnaður að verða að stöðvunum. — Ekki er heldur hættara við, að þræðirnir bili hér á landi en víða erlendis, t. d. í Síbiríu, og þó hefir stóra norræna símafélagið lagt línuna þar, og gengur vel. — (*Hannes Hafstein*: En þar er járnbraut með fram línunni). Já, þar er járnbraut nú; en hún var ekki, þegar línan var lögð.

H. 2. þingm. Ísf. (H. H.) sagði enn fremur, að þessi landþráður yrði ekki fyrir alt landið. — Það er satt, að aðallínan yrði það ekki sjálf, en frá henni mætti auðvitað leggja hliðarlínur, t. d. frá Borðeyri til Isafjarðar og frá Borgarnesi til Stykkishólms, og svo yrði sjálfsagt lagður þráður frá Reykjavík austur í Árnessýslu. — Þá er flugan sú, að menn mundu fá þráð lagðan yfir landið til Grímseyjar, vegna veðurfræðinnar. — Það vill nú svo vel til, að eg get rakið feril þeirrar flugu. — Það var Mitchel, sem sló henni út um árið, þegar hann var hér á ferðinni, og taldi hann það þá sjálfsagt, að yrði að leggja þráð til Grímseyjar, en Mitchel hefir reynst miður áreiðanlegur, en hitt hefir aldrei komið til orða, að stóra norræna félagið legði þráðinn, nema með þessu móti, sem tekið hefir verið fram.

H. 2. þm. Ísf. (H. H.) vildi neita því, að hraunbotn og grunnsævi væri hættulegt fyrir þráðinn hér sunnanlands, en það er ekki nóg, að slá slíku út, þegar fyrir liggja nákvæmar rannsóknir og mælingar, sem sanna þetta, frá herskipum, sem launuð voru til að rannsaka það. — En á Austfjörðum gegnir alt öðru máli, þar sem 100 faðma dýpi er inni á fjörðum og engin hætta af ís.

H. 2. þm. Ísf. (H. H.) tók enn fremur fram, að 1897 hefði ekkert skilyrði verið sett við fjárveitinguna til þráðarins. — En þar sem eg tók það fram, að þetta mál hefði verið samþykt á tveim þingum, þá átti eg að eins við tillagið. — 1897 átti þingið ekki kost á, að semja við stóra norræna félagið og gat því engin skilyrði sett, en þegar farið var að semja við það, var skilyrðið sett inn.

Eg skal svo ekki þreyta hina háttv. deild á lengri ræðu, en vil að endingu biðja h. þingdeildarmenn, að átta sig á útgjöldunum.

Eftir því, sem nú liggur fyrir, er tekjuhallinn 76,639 krónur; samkvæmt

stjórnarfrumv. var hann 36848 kr., en eftir frumv. nefndarinnar 38960 kr.

Hannes Þorsteinsson: Eg vildi að eins gjöra stutta athugasemd við það, sem h. 2. þingm. Skgf. (St. St.) sagði. Hann talaði ekki um neitt það í ræðu minni, er var mergurinn málsins, og sneiddi alveg hjá því, en vék að eins að nokkrum auka-atriðum, og færði þau úr lagi. — Eg mintist á ferðalag Hansons að eins til að sýna, að maðurinn hefði ekki kostað sérlega miklu til ferðarinnar, og hefði því ekki þurft að vera sérlega kaupdýr. — Þar sem eg mintist á, að landið nyti góðs af því, að höfuðstaðurinn efldist og ykist, þá held eg h. 2. þm. Skgf. (St. St.) geti naumast borið á móti því, að svo sé, auðvitað svo framarlega sem vöxtur höfuðstaðarins er ekki óeðlilegur og ónáttúrlegur. — Eða heldur h. 2. þm. Skgf. (St. St.), að það hafi enga þýðingu fyrir landið, að fá t. d. mikinn og góðan markað fyrir afurðir sínar í fjölmennum höfuðstað, og hafa þar aðgang að góðum mentastofnunum o. s. frv.? — Þau ábrif eru afar-mikil, sem öflugur höfuðstaður hefir á hvert land.

H. 2. þm. Skgf. (St. St.) gat þess, að hann hefði aldrei skilið framkomu mína í ritsímamálinu. — Þessu trúi eg vel, því að augu hans eru svo haldin og skynsemi hans svo bundin í þessu máli, að þess er ekki von. — En hins vegar hefi eg alt af skilið mjög vel atstöðu hans í þessu máli. — Eg hygg, að hann líti nokkuð hreppa-pólitiskum augum á málið. Hann býr nálægt Akureyri, og vill nú gjarnan flytja þangað til bæjarins. — En Akureyri verður millistöð milli Reykjavíkur og Austfjarða, þegar búið er að leggja þráðinn þar á land og þvingunarskyldan lögð á landssjóð, að leggja hann til Reykjavíkur. — Þá yrði ekki sneitt hjá Akureyri, og þá er leysingin á afstöðu þingmannsins fengin. — (*Stefán Stefánsson*, 2. þingm Skgf.: Margur heldur mig sig). Nei, fyrir mér vakir hagur alls landsins í heild sinni.

Eg vona nú, að hinn h. 2. þm. Skgf. (St. St.) sýni það með atkvæðagreiðslu sinni í kveld, að hann vilji efla gagn og sóma höfuðstaðarins, eins og hann lýsti yfir í ræðu sinni. — Nú er t. d. tækifæri til að sýna það í verkinu með því, að samþykkja breytingartill. um ritsíma-skilyrðið.

Þegar fundur hafði staðið 3 stundir, var fundi frestað til kl. 5 e. m. Var þá haldið áfram umræðunum til kl. 8 e. m., og þá gengið til atkvæða um 11. og 12. gr. frumv. Atkvæðagreiðsla fór þannig:

Brtl. 260 við 11. gr. 3 samþ. með 20 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 a samþ. með 18 atkv.

Viðbótin samþ. með 12:10 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 e samþ. með 18 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 f samþ. með 18 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 g samþ. með 19 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 i samþ. með 20 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 o samþ. með 19 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 6 p samþ. með 18 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 8 b samþ. með 17 atkv.

Brtl. 260 við 11. gr. 8 h samþ. með 14 atkv.

V.till. 335 við 11. gr. 8 h 9 fyrri liðurinn feldur með 15:2 atkv.

V.till. 335 við 11. gr. 8 h. 9 síðari liður feld með 12:5 atkv.

11. gr. frv. með breyt. samþ. í e. hlj.

Brtl. 329 við 12. gr. A 2 samþ. með 17 atkv.

Viðbótin samþ. með 16 atkv.

Brtl. 260 við 12. gr. A 4 b samþ. með 19 atkv.

Brtl. 260 við 12. gr. B 3 samþ. með 16 atkv.

Brt. 316 við 12. gr. B feld með 15:6 atkv.

Brtl. 334 við 12. gr. B 4 feld með 13:4 atkv.

Brtl. 313 við 12. gr. B 4 samþ. með 13:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk þessara þm.:

Lárusar H. Bjarnasonar, H. Hafsteins, Hermanns Jónassonar, Björns Bjarnarsonar þm. Dal., Stefáns Stefánssonar þm. Eyf. og Jósafats Jónatanssonar; og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnars., Bf.,	Björn Kristjánsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
H. Þorsteinsson,	Sig. Sigurðsson,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jósaf. Jónatansson,	St. Stefánss. Skgf.,
Lárus Bjarnason,	Valtýr Guðmunds
Ólafur Briem,	Þórður Thoroddsen.
Pétur Jónsson,	
St. Stefánsson, Eyf.,	
Þórður Guðmundss.	
Tr. Gunnarsson.	

Brtl. 260 við 12. gr. B. 5 fyrri liður samþ. með 14 atkv.

Brtl. 260 við 12. gr. B. 5 síðari liður samþ. með 19 atkv.

Brtl. 300 við 12. gr. B 5 feld með 13:4 atkv.

Brtl. 331 við sömu brtill. feld með 11:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei*:
B. Bjarnarson., Bf.,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson., Dal.,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Sigurðss.
Jósafat Jónatanss.,	St. Stefánss., Skgf.,
Lárus Bjarnason,	Tr. Gunnarsson.
Ólafur Briem,	Valtýr Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
St. Stefánss., Eyf.,	Þórður Thoroddsen.

Brtl. 276 við 12. gr. B tekin aftur.

Brtl. 313 við 12. gr. C 1 samþ. með 12:1 atkv.

Brtl. 330 við 12. gr. feld með 11:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundsson,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Björn Bjarnars., Bf
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Sigurðsson,
Jósafat Jónatanss.,	St. Stefánsson, Skgf.,
Lárus H. Bjarnason,	Tr. Gunnarsson.
Olafur Briem,	Valtýr Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
St. Stefánsson, Eyf.	Þ. J. Thoroddsen.

Brtl. 333 við 12. gr. C2 feld með 16:4 atkv.

Brtill. 330 við 12. gr. D feld með 15:7 atkv.

Brtill. 329 við við 12. gr. E a tekin aftur.

Brt. 260 við 12 gr. E c 1 samþ. með 17 atkv.

Viðbótin samþ. með 18 atkv.

Breyttill. 329 við 12. gr. E c 1 samþ. án atkvgr.

Breyttill. 334 við 12. gr. E h feld með 14:5 atkv.

Breyttill. 330 við 12. gr. E fyrri liður feldur með 13:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson, Bf.	B. Bjarnarson, Dal.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Torfason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Sigurður Sigurðss.,
S. Stefánsson, Eyf.	S. Stefánss., Skgf.,
	Tr. Gunnarsson.
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen.

Breyttill. 330 við 12. gr. E síðari liður feldur með 13:3 atkv.

Breyttill. 329 við 12. gr. E i 1. liður ur samþ. með 14 atkv.

Breyttill. 329 við 12. gr. E i 2. liður samþ. með 15 atkv.

Brt. 329 við 12. gr. Ei 3. l. sþ. m. 21 atkv.

12. gr. frv. með breyt. samþ. í e. hlj.

13. grein ($^5/_8$, kl. $9^1/_2$—12 síðd.)

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Við þessa 13. gr. hefir nefndin leyft sér að koma fram með ýmsar breyt., en fyrir flestum þeirra er gerð ítarleg grein í nefndarálitinu, svo eg get farið því fljótara yfir sögu.

Það er fyrst breyttill. nefndarinnar við 13. gr. A b 1, um að tillögin til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880 skuli ákveðin 9000 kr. hvort árið, en ekki 9500 kr. síðara árið, eins og upphaflega var í stj.frumv. Þessi tillaga nefndarinnar um að lækka þennan lið um 500 kr. síðara árið var að eins gjörð af því, að nefndinni var ekki kunnugt um, hvaða ástæðu stjórnin hefði til þess að ætla 500 kr. meira til þessara útgjalda síðara árið.

Hún hélt raunar, að þessar 500 kr. væru þannig til komnar, að stjórnin hefði afskrifað liðinn eins og hann er í núgildandi fjálögum. En með því henni var þetta ekki ljóst, og henni annars var ekki kunnugt um, að von væri á neinum nýjum útgjöldum síðara árið fremur en hið fyrra, þá áleit hún réttast, að ætla sömu upphæð bæði árin, og áleit þá 9000 kr. hæfilega upphæð með hliðsjón af því, að árið 1899 námu útgjöldin til prestakalla rúmum 8872 kr. og engin séstök ástæða til að ætla þau miklu hærri á næsta fjárhagstímabili. En komi fram einhverjar sérstakar upplýsingar, um að þörf sé á þessum 500 kr., þá mun nefndin taka þær til greina.

Þá kemur næsti liður, 13. gr. A b 2., um bráðabirgðauppbót til fátækari brauða. Þessi liður hefir á stjórnarfrv. verið nokkuð hækkaður frá því á síðustu fjárlögum, og var nefndin því fyrst á þeirri skoðun, að færa þennan lið úr 2500 kr. og niður í 2000 kr., eins og farið er fram á þgskj. 301. En með því að nefndin hefir orðið ásátt um, að taka til greina ýmsar málaleitanir um styrkbeiðnir til uppbótar á ýmsum fátækari brauðum, sem henni hafa borist, og sem samtals nema um 500 kr., þá hefir hún fallist á, að láta liðinn halda sér óbreyttan, og að eins yrði bætt við liðinn, að af þessum 2500 kr. gengju 300 kr. til Reynistaðarprestakalls, 100 kr. til Kálfafellsprestakalls, sem svo er kallað á atkvæðaskránni, en mun þó að réttu lagi heita Kálfafellsstaðarprestakall, og 100 kr. til Stafafellsprestakalls. Við þessa breyttill. nefndarinnar er aftur komin fram önnur breyttill. um að fella burtu þessa 100 kr. uppbót til Stafafellsprestakalls, og verður nefndin eftir nánari íhugun að vera þeirri breyttill. meðmælt, vegna þess, að það var aldrei frá upphafi meining nefndarinnar, að veita þessar 100 kr. sem uppbót á sjálfu prestakallinu, heldur að eins til þess prests, sem nú þjónaði því, enda

þykir sumum nokkur vafi leika á því, hvort það beri að veita honum þessa uppbæð. En svo hafa komið fram ýmsar aðrar breyttill. við þennan sama lið. Breyttill. um að veita 125 kr. uppbót til Kálfatjarnarprestakalls, 150 kr. uppbót til Suðurdalaþinga, 300 kr. uppbót til Eyvindarhólaprestakalls. Fjárlaganefndin hefir ekki haft tækifæri til að athuga þessar breyttill. og skal eg því ekki tala frekara um þær að sinni, en vil bíða eftir þeim upplýsingum, sem eg býst við eg fái að heyra frá formælendum þessarar breyttill. og þá síðar minnast frekar á þær.

Þá er breyttill. nefndarinnar við 13. gr. A 8, um að styrkurinn til að gera við Þykkvabæjarklausturs og Langholts kirkjur falli burt. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá vill nefndin láta leita samkomulags við hlutaðeigandi söfnuði, um að fá þá til að taka þessar kirkjur að sér, og hefir, eins og kunnugt er, borið upp frumv. hér í deildinni þess efnis, sem hefir verið samþykt. Það leiðir því af sjálfu sér, að þessi liður falli burtu.

Svo hefir nefndin ennfremur lagt til, að fella burtu 10. liðinn í 13. gr. A b, styrkinn til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík. Eins og tekið er skýrt fram í nefndarálitinu, þá verður meiri hluti nefndarinnar að vera þeirrar skoðunar, að þegar kirkjujörðin Reykjavík var gefin eða afhent kaupstaðnum, þá hafi sú kvöð fylgt jörðunni, að leggja til kirkjugarðsstæði handa dómkirkjunni, og sér því enga ástæða til að veita þetta fé. En þar sem hins vegar er gert gildandi af bænum, að þessi kvöð hafi ekki fylgt jörðunni, þá vill nefndin láta leita úrskurðar dómstólanna um þetta atriði. Hvað aftur athugasemdina um gamla kirkjugarðinn snertir, að hann sé eign landsins, þá fellur nefndin frá því, að úrskurðar dómstólanna sé leitað einnig um það atriði, því það virðist leiða af hinu, að ef þessi kvöð, um að sjá um kirkjugarðsstæði, hefir fylgt jörðunni, þá ætti líka gamla kirkjugarðsstæðið einnig að hverfa til bæjarins. Þetta sýnist vera bein afleiðing hvað af öðru. Þetta hafði nefndinni yfirsést að athuga nægilega. Sé þetta rétt athugað, fellur athugasemdin um kaup á gamla kirkjugarðinum burt af sjálfu sér. Í staðinn fyrir þennan lið, sem nefndin, eins og eg sagði, leggur til að fella burtu, ráðleggur hún þingdeildinni að samþykkja annan lið svohljóðandi: »Til Lundarbrekkukirkju til viðgerðar 600 kr.« (fyrra árið).

Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, þá var vísað til fjárlaganefndarinnar þingsályktunartillögu, sem samþykt var hér í deildinni um, að Lundarbrekkukirkju væri gefin upp 1200 kr. skuld, sem hún stendur í við landssjóð. — Að vísu finst nefndinni þessi bending h. háttv. deildar nokkuð undarleg, og verður því að álíta mjög varhugavert, að ganga inn á þá braut, að gefa upp lán til landssjóðs, sem gæti haft bæði mikil og varhugaverð eftirköst, og getur því ekki ráðið hinni háttv. deild til þess, að ganga þá leið; en hins vegar finst nefndinni með tilliti til þess, að hér á í hlut fátækur söfnuður, sem hefir sýnt kirkju sinni staka rækt, en kirkjan sjálf tvívegis orðið fyrir óvenjulegum slysum, ástæða til að hlynna að einhverju leyti að þessum söfnuði, og hefir lagt til að veita honum 600 kr. fyrra árið, ekki sem eftirgjöf á skuldinni, heldur svo sem til að bæta úr því slysi, er kirkjan síðast varð fyrir, og með því skilyrði, að þessum 600 kr. sé varið til þess að afborga landssjóðsskuldina. Með þessu

eru engin aukaútgjöld lögð á landssjóð, en hins vegar er söfnuðinum það sama, sem honum hefðu verið gefnar upp 600 kr. af skuldinni.

Þá er styrkurinn til prestaskólans. Stjórnin fer fram á að námsstyrkurinn sé 800 kr. fyrra árið, en 1000 kr. síðara árið. Nefndinni virtist ekki nein ástæða til, að veita hærri námsstyrk til lærisveina prestaskólans árið 1903 en 1902. Henni var ekki kunnugt um, og hún hefir heldur ekki fengið neinar upplýsingar um, að líklegt sé, að meiri aðsókn verði að skólanum það árið en hið fyrra.

Stjórnin fer fram á, að tölul. 2, 13. gr. B. II. b. til eldiviðar, ljósa og ræstingar við læknaskólann sé hækkaður um 100 kr., úr 200 kr. upp í 300 kr. Nefndin álítur hæfilegt að fara meðalveginn, og leggur því til að þessi liður sé færður niður um 50 kr., eða niður í 250 kr.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar um fjárveitingarnar til latínuskólans, er gerð svo ítarleg grein fyrir í nefndarálitinu, að eg get leitt hjá mér að minnast að svo stöddu neitt frekara á þær. Hið sama er að segja um fjárveitinguna til Stýrimannaskólans og Möðruvallaskólans.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við sömu grein B. VI. a. um styrk til kvennaskólanna. Nefndinni hefir borist beiðni frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, um styrk til þess að koma á fót kenslu í fornum íslenzkum heimilisiðnaði, ýmsum merkilegum gömlum þjóðlegum hannyrðum, sem fyr tíðkuðust, en nú eru farnar að leggjast niður. Til að koma slíkum iðnaði á fót álítur forstöðukonan, að ekki muni nægja minna en 1200 kr., þar sem nauðsynlegt yrði að kaupa mörg dýr áhöld, svo sem vefstaði, rokka, flosgrindur o. fl., og til árlegs kostnað gerir hún ráð fyrir að gangi 300 kr. Nefndin verður nú að vera þeirrar skoðunar, að vert sé að styðja að eflingu á íslenzkum heimilisiðnaði, og leggur því til, að þetta fé sé veitt. Í stjórnarfrumv. er annar liður, sem fer í líka átt og þetta, en sem ekki er bundinn við þennan skóla, en nefndin verður að ráða deildinni til að telja þann lið burtu, því hún álítur heppilegast að binda styrkinn við þá stofnun, sem búin er að sýna, að hún hefir álit á sér, og er mest sótt. Þá er ennfremur komin breyt.till. um, að hækka styrkinn til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga og Eyfirðinga úr 2200 kr. upp í 2500 kr., eins og styrkurinn er til kvennaskólans í Reykjavík, en þessi breyt.till. miðar að því, að gera öllum skólunum jafnt undir höfði, og getur það auðvitað verið álitamál, en nefndin verður þó að leggja fremur á móti því, að breyt.till. komist að, en hún leggur þó ekki mikla áherzlu á það.

En þar sem aftur á móti á þgskj. 291 er farið fram á 5000 kr. styrk til skólahússins á Blönduósi, þá verður meiri hluti nefndarinnar eindregið að leggja á móti þeirri fjárveitingu. Það hefir komið fram sem vilji þingsins, að ekki væru haldir nema tveir kvennaskólar á öllu landinu, annar í Reykjavík fyrir Suðurland, en hinn fyrir Norðurland, og voru til þessa síðarnefnda skóla veittar 10,000 kr., bundnar því skilyrði, að Norðlendingar sameinuðu sig um einn skóla. Nú hafa Húnvetningar beitt töluverðu gjörræði með því að reisa þennan skóla, þar sem þeir ekki einu sinni hafa verið ófáanlegir til að sameina sig um einn skóla við Eyfirðinga, heldur jafnvel ráðist í þessa byggingu að Skagfirðingum fornspurð um, og reist stórt og dýrt hús, sem að vísu mun vera vel úr garði gert, en

hafa ekkert tillit tekið til annara. I upphafi var farið fram á að þessi styrkur væri 7000 kr.; nú hefir beiðnin verið lækkuð niður í 5000 kr., en nefndin getur samt ekki mælt með veitingunni af því, að málið stendur þannig af sér, enda hefir þessi styrkbeiðni ekki verið eftirkastalaus, eins og vænta mátti, því hún hefir strax leitt á eftir sér aðra breyt.till. á þgskj. 339, um að veita líka 5000 kr. til að koma upp kvennaskólahúsi á Akureyri. Þessar styrkbeiðnir yrði að taka báðar saman til greina, ef annari verður sint, og má þá einnig búast við að sama styrkbeiðnin komi úr Austfirðingafjórðungi, og það því fremur, sem þegar er farið að safna saman í sjóð til að koma þar upp kvennaskóla. Það er því mjög varhugavert fyrir þingið, að ganga inn á þessa braut, og nefndin verður því eindregið að ráða háttv. deild til að fella báðar þessar breyt.till.

Þá er ennfremur við sömu grein sama staflið (13. gr. B. VI. b. 1.) br.till. frá mentamálanefndinni, um að styrkurinn til barnaskóla utan kaupstaða verði hækkaður úr 5,500 kr. upp í 7000 kr. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að tala sig saman um þessa breyt.till., en eg held mér sé þó óhætt að segja, að meiri hluti fjárlaganefndarinnar sé henni sinnandi, og ræð eg það af því, að meiri hlutinn í mentamálanefndinni, og sem er flytjandi að þessu, er jafnframt meiri hluti í fjárlaganefndinni. Að því er aftur snertir þá breyt.till., að veita 10,000 kr. til að byggja barnaskóla utan kaupstaða, þá skal eg ekki segja neitt um, hvernig nefndin tekur í hana, en sem mína persónulegu skoðun skal eg taka það fram, að eg álít mjög varhugavert fyrir þingið, að ganga inn á þessa braut, því það er auðsætt, að ef farið er að veita fé til barnaskólabygginga á einum stað, þá verður að gera hið sama um land alt, og getur farið til þess stórmikið fé. Eg skal fúslega játa, að það væri mjög heppilegt, ef við hefðum ráð á því, og ef til vill er þetta eini vegurinn til þess að koma upp almennilegum barnaskólum, en eg skal þó benda á, að það er ekki nægilegt, að koma upp húsunum einum, heldur verður líka að sjá fyrir góðum kennurum, og að skólarnir verði sóttir. Mér finst því réttast, að við fyrst reyndum að koma betra skipulagi á mentamál vor yfir höfuð, áður en við förum að leggja fram fé til húsabygginga. Auk þess er málið hvergi nærri nægilega undirbúið. Fyrst og fremst þyrfti að rannsaka, hvernig þessi hús ættu að vera bygð, svo þau væru hentug sem skólahús, og í öðru lagi þyrfti að orða þetta nákvæmara en gert er í breyt.till., hvernig húsin ættu að vera bygð til þess þau gætu orðið styrksins aðjótandi. Jafnvel þó eg sé einn úr mentamálanefndinni, get eg þó ekki gefið þessari breyt.till. atkvæði eða mælt með henni.

Þá er ennfremur á sama þgskj. þriðja breyt.till., um að hækka styrkinn til sveitakennara úr 5,500 upp í 7000 kr., og getur verið nokkur ástæða til þess, því það má búast við, að sveitakennurunum fari fjölgandi.

Þá hefir nefndin lagt til, að Guðm. Finnbogasyni séu veittar 2000 kr. hvort árið, til að kynna sér uppeldis- og mentamál erlendis. Fyrir þessari tillögu er gerð svo greinileg grein í nefndarálitinu, að mér sýnist ekki þörf á að ræða mikið um hana hér, og eg skal því láta mér nægja að benda á, að þar sem nú hefir verið, og er enn, kvartað svo mikið um, að mentamál vor séu í ólagi, þá virðist nefndinni ekki verða ráðin bót á þessu á annan hátt en þann, að styrkja einhvern

efnilegan mann til þess að rannsaka mentunarástandið hér, og sem eftir að hafa kynt sér helztu mentastofnanir erlendis, kæmi fram með ákveðnar tillögur um, hvernig vér bezt gætum kipt þessu í lag, því að öðrum kosti yrði það, sem þingið gerði í þessu efni, tómt fálm. Eg sé nú að það hefir komið fram önnur br.till. við þessa br.till. nefndarinnar, þar sem farið er fram á, að binda styrkinn ekki við ákveðinn mann, svo að fleirum gæti gefist kostur á að reyna til að verða þessa styrks aðnjótandi, og að stjórnin þá úrskurðaði, hver skyldi fá styrkinn; en fjárlaganefndin verður að halda fast við sína tillögu um, að veita styrkinn Guðmundi Finnbogasyni og binda styrkinn við hann. Hún verður að álíta, að þessi maður hafi aflað sér svo góðrar undirbúningsmentunar, sem kostur er á, til að takast þenna starfa á hendur. — Hann hefir lagt stund á þá vísindagrein, sem alment er talin mest alment mentandi af öllum vísindagreinum, og er sérstaklega ein grein þessarar vísindagreinar, sálarfræðin, sem við þetta starf mundi koma að góðum notum. Nefndin álítur því, að við eigum ekki völ á öðrum heppilegri manni í þetta sæti.

Auðvitað gæti það komið til tals, að til þessa starfa fengist vel fær maður úr flokki þeirra manna, sem mest hafa fengist við kenslu unglinga, eg á við skólakennarana; en bæði er það, að þessir menn eru bundnir mestan hluta ársins við þann starfa, sem þeir hafa tekist á hendur, og eins er það líka efasamt, að meðal þeirra væri hægt að fá mann, sem væri öllu hæfari til þess, að taka þetta að sér en einmitt þennan umsækjanda.

Þá hefir mentamálanefndin enn fremur lagt til, að styrkurinn til kennarafræðslu væri hækkaður upp í 3200 kr. úr 2800 kr., eða um 400 kr., að því tilskildu, að þessari upphæð sé varið til áhaldakaupa. Orsökin er sú, að það kom málaleitun til nefndarinnar um að stofna kennaraskóla. Nefndinni fanst nú nokkuð fljótráðið að fara að setja á stofn slíkan skóla, áður en rannsóknum þeim á mentamálum okkar væri lokið, sem nú er byrjað á, og kaus hún heldur að reyna að hlynna að þeim vísi til kennaraskóla, sem þegar er kominn á fót hjá okkur, og þá einkum með því að styðja að áhaldakaupum, sem ekki þyrfti að vera eytt til ónýtis, þótt breyting kæmist á skólafyrirkomulag okkar.

Þá hefir enn fremur komið br.till. frá sömu nefnd um að hækka námsstyrkinn til kennaraefna úr 50 kr. upp í 75 kr. Það getur verið álitamál, hvort vert sé að hækka námsstyrkinn, því það er æði vafasamt, hvort aðsóknin að skólanum mundi aukast að nokkuru gagni fyrir það, þótt styrkurinn væri hækkaður um 25 kr. Hitt er miklu meira vert, hverjar framtíðarhorfur þessir menn hefðu. Sem stendur eru þær ekki sérlega glæsilegar; en ef betra skipulag kæmist á skólamál og þeir gætu gert sér vissa von um lífvænlega stöðu, þá mundi aðsóknin að skólanum koma af sjálfu sér. Annars get eg ekkert sagt um afstöðu fjárlaganefndarinnar til þessarar br.till., því nefndin hefir ekki átt kost á að taka hana til íhugunar.

Að því er snertir hinar aðrar br.till. fjárlaganefndarinnar við þessa grein: styrkinn til stúdentafélagsins til að halda áfram alþýðufyrirlestrum, og styrkinn til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri, þá læt eg mér nægja að vísa í nefndarálitið, þar sem allítarlega er talað um þessar styrkveitingar. Sömuleiðis að því er snertir styrkinn til sundkenslu og styrkinn til Stefáns Eiríkssonar. —

Annars held eg hafi þá minst á flestar br.till., sem fram voru komnar, bæði frá einstökum þingm., nefndum og fjárlaganefndinni. —

Landshöfðingi: Eg skal fara að dæmi h. framsm. (V. G.) og reyna að vera stuttorður, enda ætla eg ekki að minnast nema á fáeinar br.till.

Að því er snertir till. um að hækka tillag til prestakalla síðara árið, þá hefir slíkt enga þýðingu, því þetta er lögboðið gjald samkv. prestakallalögunum frá 1880, og verður borgað út, hvort sem meira eða minna fé til þess er sett í fjárlögin.

Þar sem fjárlaganefndin virðist ekki hafa skilið, hvernig á því stendur, að meira fé er ætlað til þessa síðara árið, skal eg geta þess, að það getur komið fyrir, að á næsta fjárhagstímabili losni einhver ný brauð, sem á að bæta upp, er þau losna, eftir lögunum, og þess vegna er upphæð þessi jafnan áætluð hærri síðara ár fjárhagstímabilsins. Á hinn bóginn gerir minna til um áætlunina, því þurfi að borga meira út eftir lögunum árið 1903 en áætlað er í þessu skyni, verður það gjört, hvað sem fjárlögunum líður, þar sem fjárveitingar þessar eru ákveðnar með lögum.

Næsta br.till. er um bráðabirgðauppbót til nokkurra fátækra brauða, og hefi eg ekki mikið við það að athuga. H. framsm. hefir minst, á að 100 kr. væri veittar til Stafafellsprestakalls, og er það ekki mikil upphæð; en eigi uppbótin að vera nokkurs konar skaðabót til hins þjónandi prests fyrir að tekjur hans sem umboðsmaður Bjarnanesumboðs lækka, þegar söfnuðurinn tekur að sér kirkjuna, þá á það alls ekki við, að veita brauðinu uppbótina. Hinn núverandi prestur getur fengið veitingu fyrir öðru brauði, jafnvel áður en fjárlögin öðlast gildi. Þar næst get eg ekki bundist þess að láta í ljós, að mér virðist skrítið, að veita bráðabirgðauppbót til brauða, sem eiga að borga árgjald til landssjóðs, því þau brauð, sem eiga að greiða árgjöld, verða naumast skoðuð fátæk brauð. Þannig þykir mér það nokkuð skrítin tillaga, að Reynisstaðarprestakall fái 300 kr. uppbót, en það prestakall á einmitt að greiða 300 kr. árgjald til landssjóðs. Það sýnist svo, að beinna hefði legið við, að afnema árgjaldið, því hitt fyrirkomulagið sýnist vera að taka úr einum vasanum og láta í hinn, að heimta 300 kr. árgjald af brauðinu og borga því svo aftur 300 kr. úr landssjóði. — En nú er það vafasamt, hvort ástæða er til að bæta upp Reynistaðarprestakall. Eftir síðasta brauðamati er það metið á 1200 kr. og eru mörg prestaköll töluvert tekjuminni en það. Hið sama má segja um br.till. um að veita uppbót til Suðurdalaþinga, því það brauð hefir ætíð verið álitið gott brauð, og er engin ástæða til að bæta það upp. Aftur á móti er Eyvindarhólaprestakall mjög fátækt brauð. Hefir það fengið uppbót undanfarin ár af fjárveitingunni til fátækra brauða, og mun fá hana eins framvegis, hvort sem það er nefnt í fjárlögunum eða ekki.

Þá vill fjárlagan. ekki veita fé til að kaupa kirkjugarðsstæði handa Reykjavíkursöfnuði, og álítur, að söfnuðurinn sé sjálfur skyldur til að kosta sinn eiginn kirkjugarð. Það er vitaskuld lagaspursmál, hvort Reykjavíkurkaupstaður eða landssjóður eigi að leggja til kirkjugarðinn handa Reykjavík, og það hefir oft legið nærri, að farið væri í mál út af því; en sóknarnefndin hefir hlífst við að leggja út í málssókn fyr en í síðustu lög, og haldið, að þetta mætti laga með samkomulagi, ef viljinn væri góður. — En það lítur út svo, sem alþingi vilji ganga þann veg, að láta málið ganga til dómstólanna, og mun stjórnin verða

að láta sér það lynda. Mér þótti vænt um, að framsm. sá og viðurkendi, að það gat ekki verið hugsunarrétt hjá nefndinni, að segja í öðru orðinu, að Reykjavík ætti sjálf að kosta sér kirkjugarð, en í hinu, að vilja taka frá bænum hinn gamla kirkjugarð bæjarins. — En þó nú væri farið í mál út af þessu, þá er það ekki víst, að þó dómstólarnir kæmust að þeirri niðurstöðu, að landssjóður væri skyldur til að leggja bænum kirkjugarðsstæði, þá væri þar með útkljáð um, að bærinn ætti að láta af hendi gamla kirkjugarðinn. Nú hefir stjórninni og bæjarstjórn Reykjavíkur komið saman um, að bærinn borgaði landssjóði 600 kr. fyrir gamla kirkjugarðinn, en fjárlaganefndin vill ekki ganga að þessu, og þykir upphæð þessi of lág. Það segir sig sjálft, að þó landssjóður hefði átt gamla kirkjugarðinn, getur það ekki komið til nokkurra mála, að meta þá lóð eftir því, í hvaða verði hún kynni að vera nú, heldur verður að meta hana eftir því, í hvaða verði hún hefði verið þegar kirkjugarður þessi var lagður niður. En nú hefir verið kostað miklu fé upp á þetta svæði, og mundi þess verða krafist, að sá kostnaður yrði endurgoldinn, ef svæði þetta væri fengið í hendur landssjóði. Nú hefir svæði þetta verið metið 600 kr. með tilliti til lóðargjaldsins af því, og er það sennilegt, þar sem lóðargjaldið er 24 kr. Eg skil því ekki, að það geti verið ástæða fyrir landssjóð, að fara í mál út af þessu, því bæjarstjórnin getur ákveðið, að ekki megi byggja hús á þessu svæði; og þá er það ekki svo ýkja-mikilsvirði. Eg skil því ekki, að neitt sé á móti því fyrir þingið, að ganga að þessum samningi milli stjórnarinnar og bæjarins og þiggja þessar 600 kr.

Viðvíkjandi till. um ýmsar lækkanir á fjárveitingum til skólanna, þá skal eg ekki fara út í þær, án þess ályktamegi af því, að eg með þögninni vilji samþykkja, að niðurfærslur þessar séu á rökum bygðar.

Það er ein aths. í áliti fjárlaganefndarinnar við 13. gr. B. VI. i.—j., þar sem nefndin getur þess, að engin skýrsla hafi legið fyrir um kenslu heyrnar- og málleysingja, eða hvernig því fé sé varið, sem til þeirrar kenslu sé veitt.

Þetta er að vísu satt; en svo er um margt annað, að ekki liggja fyrir prentaðar skýrslur, því þær eru ekki til nema frá að eins fáum stofnunum, en reikningarnir frá heyrnar- og málleysingjaskólanum eru endurskoðaðir árlega og ekkert að þeim fundið, og hefði nefndin getað fengið þá til athugunar, ef hún hefði farið þess á leit, eins og hvað annað, sem hún hefir viljað rannsaka. Annars er ofur-einfalt að skýra, hvernig fé til heyrnar- og málleysingjakenslunnar er varið. Eftir tilskipun 26. febr. 1872 2. gr. á að greiða allan kostnað við kenslu, útbúnað og ferð barnanna til kenslustaðarins úr jafnaðarsjóði eða nú úr landssjóði eftir lögum 8. nóvbr. 1895, þegar svo stendur á, að hlutaðeigendur, foreldrar eða vandamenn heyrnar- og málleysingjanna eru fátækir og geta ekki borgað. Áður var allur kostnaðurinn, eins og eg sagði, borgaður úr jafnaðarsjóðunum, og höfðu hlutaðeigandi amtmenn samið svo um, að hann skyldi vera 1 kr. á dag, og þetta ákvæði hefir svo gengið að erfðum til landssjóðs um leið og hann tók við að borga kostnaðinn við kenslu heyrnar- og málleysingja. Nú eru 12 nemendur í skólanum, og verður þá árskostnaðurinn við þá 4380 kr., og þar við bætist svo kostnaður við 1 eða 2 heyrnar- og málleysingja, sem eru stundum á kenslustofnun í Danmörku, þegar

ekki er rúm á kenslustofnuninni hér á landi. Nú sem stendur eru 2 málleysingjar á kenslustofnun í Danmörku, af því, að ekki var hægt að koma þeim að á kenslustofnuninni hér, en sökum aldurs þeirra var ekki hægt að bíða með kenslu þeirra; en þeir eru aldrei sendir utan nema slík brýn nauðsyn sé fyrir hendi.

Eg verð að vera samþykkur h. frsm. (V. G.) um, að ekki sé ástæða til að hækka fjárveitinguna til barnaskóla og sveitakennara. Sérstaklega verð eg að álíta ísjárvert að veita 20,000 kr. til byggingar barnaskólum, og það því fremur, sem enginn skilyrði fylgja fjárveitingunni, hvernig slíkum skólabyggingum eigi að vera háttað. Það er ekki nóg, að trygging sé fyrir því, að jafnmikið fé sé veitt annarsstaðar að, heldur þarf einnig að tryggja, að slík hús séu hentug til skólahalds, og á meðan ekki er athugað nákvæmlega, hvar hentugt sé að hafa skólana, og hvernig eigi að haga slíkum byggingum, þá finst mér ekki rétt fyrir landssjóð, að leggja slíkt fé fram.

Eins og eg sagði áður álít eg óþarft að hækka tillagið til barnaskóla og sveitakennara, eins og hér er farið fram á, því styrkur sá, sem þeir hafa fengið hingað til, hefir ekki verið svo nánasarlegur, að ekki geti dugað í bráð, og hvað sveitakennarana snertir, þá er hætt við, að margir þeirra séu fremur að nafninu til en að þeir eigi skilið að kallast kennarar í raun og veru, og því finst mér, að sá styrkur sé nægilegur, sem farið er fram á handa þeim í fjárlagafrv.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Það eru sérsaklega brt. mentamálanefndarinnar, sem eg vildi gera að umtalsefni sökum þess, að mér hefir verið falið að hafa orð fyrir þeim fyrir nefndarinnar hönd, og eg get gert það með því fúsara geði, þar sem eg get fyllilega samþykt tillögur mentamálanefndarinnar. Það getur vel verið, að ýmsum virðist, að mentamálanefndin, þessi fyrsta mentamálanefnd nýju aldarinnar, hafi ekki verið stórstíg í tillögum sínum, að hún skuli ekki leggja til meiri fjárveitingar til alþýðumentunarmálanna en hún fer fram á. Slíkt er ekki af því, að mentamálanefndin álíti, að ekki þyrfti margfalt meira fé til alþýðumentunarinnar, eða af því, að hún vildi ekki að veitt yrði meira, heldur af því í fyrsta lagi, að fé er ekki fyrir hendi, og í öðru lagi af því, að málið er ekki nægilega undirbúið. Það var samhuga álit nefndarinnar, að verja þyrfti margfalt meira fé til alþýðumentunarinnar en nú er gert, og að henni þyrfti að vinna með miklu meira afli og áhuga; en þar sem allur undirbúningur málsins er mjög ófullkominn og eftirlitið ófullnægjandi, þá virtist nefndinni ekki tiltækilegt að leggja til, að farið yrði stórum skrefum í þessu máli. Brt. okka fara ekki fram á nema smábreytingar, og mun það ekki vera háttv. þingdm. á móti skapi, eftir því sem eg hefi skilið þá marga hverja. Vér vildum að eins sýna, að vér færum lítið eitt áfram, í stað þess að standa í stað, og vonum, að meiri hluti deildarinnar sé á sama máli. Vér stingum upp á, að styrkurinn til sveitakennaranna sé hækkaður úr 5500 kr. upp í 7000 kr., eða um 1500 kr. hvort árið. Nú sést af skýrslunum, að árið sem leið hafa 140 sveitakennarar notið styrks úr landssjóði, og koma þá að eins 50 kr. á hvern þeirra. Sömu hækkun stingum vér upp á til barnaskólanna. Eftir skýrslunum hafa 26 skólar notið styrks síðasta ár. Hér er því dálítil breyting til batnaðar. Till.

vorar viðvíkjandi skilyrðum fyrir styrkveitingum þessum eru ekki enn komnar fram, en vér munum fara fram á í brt. vorum, að styrktarféð til sveitakenslu verði því að eins borgað út úr landssjóði, að móti því verði lagt helmingur úr öðrum stöðum. Yrði þá alt það fé, sem varið yrði til sveitakenslunnar, 10,500 kr. Koma þá 75 kr. á hvern sveitakennara, ef þeir væru jafnmargir og nú. Með þessu hefir nefndin viljað stíga spor í áttina til að bæta kjör þeirra og jafnframt skerpa eftirlitið með þeim. Því þegar sveitarfélögin eiga sjálf að borga út fé til kenslunnar, er nokkur trygging fyrir því, að til sveitakennara verði ekki ráðnir mjög lélegir menn. Verður slíkt hvöt fyrir sveitarfélögin til að heimta nokkuð af kennurunum, en síður, ef kenslufé er ekki borgað úr þeirra eigin vasa.

Viðvíkjandi barnaskólunum mun nefndin leggja til, að jafnmiklu fé sé varið til þeirra annarstaðar að og landssjóðsstyrknum nemur. Verður þá alt féð til barnaskólanna 14000 kr. og koma þá á hvern skóla rúmir 500 kr. Nú er að eins einn kennari á flestum barnaskólunum, og ættu því kjör þeirra að verða talsvert betri hér eftir, þó ekki sé farið fram á að auka styrkinn til barnaskóla meira. Þetta stendur í nánu sambandi við aðrar till. nefndarinnar, um að veita dálítinn styrk til kennarafræðslu. Helzt hefði nefndin óskað, að geta komið á fót kennaraskóla; en það vakti fyrir henni að málið væri ekki nægilega undirbúið, hvað mikið hann mundi kosta, eða hvernig fyrirkomulag hans ætti að vera. Nefndin lýsti því yfir því einhuga, að hún væri sannfærð um, að mál þetta yrði betur undirbúið undir næsta þing, og þá mundi því verða ráðið til heppilegra lykta. En það segir sig sjálft, að vér þurfum að fá betri kennara, ef alþýðumentunin á að verða betri.

Viðvikjandi tillögum nefndarinnar um 10,000 kr. styrk á ári til bygginga barnaskólum hefir það verið tekið fram, að sá styrkur kæmi ekki að notum, ef kennara og áhöld vantaði. Þetta vissi mentamálanefndin, og hún vissi líka, að kennarar og áhöld koma að litlu haldi, ef hvorttveggja er húsnæðislaust. En það sem aðallega var tilgangur hennar með þessari fjárveiting, var það, að sýna eða láta þingið sýna, að það vildi styðja að því, að fastir skólar kæmust upp, en umgangskennurum færi heldur fækkandi, og svo vildi hún einnig, að sú regla kæmist á, að barnaskólar þeir, er bygðir væru eftirleiðis, væru að helmingi bygðir af landssjóði, en að hinum helmingnum af sveitarfélögum eða öðrum, sem til þeirra vildu kosta.

Sú ósk kom frá synodus til mentamálanefndarinnar, að þingið vildi styðja að því, að barnaskólum færi fjölgandi, því öllum væri kunnugt, að sveitakenslan hefði ekki þá þýðingu, sem æskilegt væri, og fastir skólar væru líklegri að ná tilgangi sínum en umferðarkenslan. Þó umferðarkenslan hafi sumstaðar verið ófullkomin, verður því þó ekki neitað, að hún hefir gert á öðrum stöðum mikið gagn. Nefndin hefir því sýnt með tillögum sínum, að hún vill halda áfram að styrkja hana og um leið stuðla að því, að hún fari batnandi, en jafnframt gefa þeim mönnum kost á styrk, sem vilja koma upp barnaskólum. Það er ekki farið fram á, að styrkurinn til barnaskólabyggingar fari fram úr 5000 kr., og fyrir þetta fé ætti því að mega koma upp 4 barnaskólum á fjárhagstímabilinu.

Það segir sig sjálft, að eftirlit þarf

að hafa með því, að þessar barnaskólabyggingar samsvari kröfum tímans, enda gekk mentamálanefndin út frá því sem gefnu, að styrkurinn yrði ekki veittur, nema skólahúsin yrðu vönduð og hentug til kenslu, en vildi ekki styðja að því, að haldið yrði áfram að hrófa upp kofum, sem væru allsendisóhæfir; enda ætti þingið fremur að sporna við því. Vér þykjumst vissir um, að verði þessi tillaga vor samþykt, komi nokkurir góði barnaskólar upp á næsta fjárhagstímabili.

Eg skildi ekki h. framsm. (V. G.), þar sem hann sagði, að það væri varhugavert, að kosta til þessa miklu fé. Hér er nú ekki um mikið fé að ræða, en sé ekki verjandi miklu fé til að styðja að því, að efla mentun alþýðunnar, þá hefi eg ekki mikla von um framtíð þessa lands.

Eg fjölyrði svo ekki um þessa tillögu, en vona, að h. deild sinni henni og samþykki hana.

Þá er loks tillaga frá mér og öðrum h. þm. um, að veittar séu 5000 kr. til að bygður sé kvennaskóli á Akureyri. Eg vil tala sem allra fæst um þessa tillögu, því við höfum verið knúðir til þess að koma með hana vegna þess, að annar kvennaskóli á Norðurlandi fer fram á að fá 5000 kr. styrk til skólabyggingar.

H. framsm. (V. G.) tók það fram, að þingið hefði jafnan áður haldið því fram, að heppilegast væri, að að eins einn kvennaskóli væri á Norðurlandi, og hann vonaði, að þingið breytti ekki þessari skoðun sinni, þótt nýir þingmenn væru sumstaðar komnir til sögunnar. Það hafa verið leidd skýr rök að því, að heppilegt væri, að ekki væri nema einn kvennaskóli á Norðurlandi, og þingið 1897 veitti 10,000 kr. styrk til þess, að slíkum skóla yrði komið upp. Eyfirðingar skrifuðu þá stjórn kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga, til þess að fá hana til að sameinast sér um byggingu sameiginlegs skóla, svo ekki yrði farið að hrófa upp tveimur ófullkomnum skólum. Það hefir verið sagt, að Eyfirðingar hafi haldið því fram, að skólinn ætti að vera á Akureyri. Þessu neita eg algerlega, og mér er kunnugt málið, þar sem eg skrifaði bréf það, sem áður er nefnt. Var þar að eins því haldið fram, að Norðlingar bygðu einn skóla í félagi á þeim stað, er þeir kæmu sér saman um. Þessu boði neituðu Húnvetningar þá, en á þessu herrans ári byggja þeir skóla fyrir sig á Blönduósi, ekki að eins á móti vilja Eyfirðinga, heldur og í trássi við Skagfirðinga, sem þangað til höfðu verið í félagi með þeim um kvennaskólann, og beint ofan í yfirlýstan vilja þingsins.

Eigi nú að fara að styðja skólabygging Húnvetninga, þá er það sýnilega hugsunarrétt, að Eyfirðingar fái jafnmikinn styrk til skólabyggingar, þar sem þeir einir hafa haldið uppi kvennaskóla jafnlengi og vestursýslurnar, en eiga ekkert hús, og hafa ekki átt það í nokkur ár. Eg vona að mönnum sé ljóst, að þetta sé einföld jafnréttiskrafa. Falli tillagan um fjárveitingu til skólabyggingar Húnvetninga, mun hinni ekki verða haldið fast fram. En sé hún samþykt, þá álít eg skyldu þingsins, að taka þessa tillögu mína til greina.

Þá vil eg minnast á styrkveiting til Guðmundar Finnbogasonar. Hún stendur í nánu sambandi við það, sem mentamálanefndin hefir gjört. — Við höfum frestað að fara langt út í umbætur í mentamálum landsins að þessu sinni, en reynt að búa í haginn fyrir okkur til næsta þings, svo við þá get-

um haft einhvern ráðunaut okkur við hlið, sem geti gefið bendingu um, hvað þá beri að gjöra í þessu máli. — Og fjárlaganefndin var eindregið á því máli, að styðja þennan unga og efnilega mann, sem vitanlega hefir haft beztu meðmæli allra sinna kennara frá því fyrsta, að hann kom undir kennara hendur, og er að öllu leyti hinn efnilegasti — styðja hann til þess, að gjöra skólamálið að sínu lífsstarfi. — Við, sem þekkjum hann nokkuð persónulega, getum ekki hugsað okkur, að hann fari með neitt skrum, þegar hann segir: Ef eg fæ þennan styrk, þá ætla eg að leggja fram krafta mína til þessa eins.

Eg vil því leggja með því, að till. fjárlaganefndarinnar fái að standa, því eg sé ekki, að við höfum heppilegra eg efnilegra manni á að skipa.

Hermann Jónasson: Eg var svo óheppinn, að eg lenti í minni hluta í fjárlaganefndinni með þetta atriði, er snerti kvennaskólana, og lét eg þá strax í ljósi, að eg gæti ekki fylgst með háttv. meiri hluta. — Nú hafa komið fram hér tvær breytingartill., og önnur fer fram á það, að veitt sé til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga 2500 krónur hvort árið. — Eg verð að halda því fram, að þessi breytingartill. hefir við ákaflega sterk og sanngjörn rök að styðjast. — Eg verð að segja það, að það er og hefir verið og verður lengi bölvun þessa lands, hvernig karlmennirnir misbeita yfirráðum sínum í fjármálum landsins gagnvart kvenfólkinu. — Þegar við lítum á þessa hærri skóla með öllum þeim tugum þúsunda, sem ganga til þeirra, og lítum enn fremur á lægri skólana, sem verður að skoða nokkuð samhliða kvennaskólunum, þá eru árlega veittar til Möðruvallaskóla 8600 kr.; til gagnfræðadeildar Flensborgarskóla hafa verið veittar 2500 krónur; og til hvers búnaðarskóla 2500 krónur, og eru þeir fjórir. — Eins og stendur, þá eru nú í einum þessum skóla þrír nemendur; og þó eg sé enginn spámaður, þá ímynda eg mér, að mér sé óhætt að fullyrða það, að næsta vetur muni verða fleiri, eða að minsta kosti eins margir nemendur í kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga eins og í öllum búnaðarskólunum til samans. — Og að ætla svo búnaðarskólunum 10,000 krónur, en þessum kvennaskóla ekki nema 2,200 kr.

Eg vil leyfa mér, að spyrja h. deild: Á hverju byggist þetta? Er það rétt skoðað, að kvennamenntun hafi svo mörgum sinnum minni þýðing fyrir þjóðfélag vort en mentun karlmannanna?

Svo er önnur breytingartill.; hún fer fram á það, að veittar séu 5000 kr. byggingarstyrkur til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga. — Sýslunefnd hafði auðvitað beðið um 7000 krónur. — En af því það kom fljótt fram, að það mundi ekki hafa byr hér í deildinni, þá hefir þessi liður verið færður niður í 5000 kr., og það er aðallega bygt á því, að á þingi árið 1897 var ákveðið, að verja til kvennskóla á Norðurlandi 10,000 kr. til bygginga. — Eg hefi nú fengið mörg orð að heyra þessu viðvíkjandi. — Það var tilætlunin, að byggja sameiginlegan skóla fyrir Norðurland; en nú gat það ekki gengið, að það yrði einn sameiginlegur skóli, og eg veit ekki, hvort það er hægt, að ásaka eitt sýslufélag heldur en annað því viðvíkjandi. — Og eg verð að segja það, að háttv. þingmenn sumir hafa litið ómildari augum á þetta, heldur en vera ætti. — Eg vil ekki neita því, að ekki hafi getað átt sér stað lítilfjörlegur misskilningur og kapp hjá einstöku mönnum, en yfirleitt var

það ekki, og eg álít, að sýslufélagið eigi alls ekki að gjalda þess, og úr því að þetta hús er nú komið upp, þá sé það skylda þingsins, að hlaupa undir bagga til að létta byrðina; því að það er þó landsins eign, þetta hús; það er alls ekki svo, að alþingi megi skoða það svo, að eitt sýslufélag sé ekki hluti þessa lands.

Einnig var þessi breytingartill. um 5000 kr. til skólans í Húnavatnssýslu miðuð við það, að í mentamálanefndinni kom fram sú skoðun, að það væri alveg bráðnauðsynlegt að hugsa meira en hingað til hefir verið gjört um barna- og unglingamentun; og eins og háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) tók fram áðan, þá liggur fyrir tillaga um, að verja 10,000 krónum hvort árið til að byggja barnaskóla, og að það megi leggja til hvers skóla alt að 5000 kr. móti því, að lagðar séu 5000 krónur á móti.

Það sem eg verð enn að koma með, er, að það, sem sérstaklega hefir vakað fyrir Húnvetningum, er það, að kvennaskólarnir þyrftu að vera fleiri en tveir á öllu landinu, af því það væru unglingarnir, sem ættu að ganga í skólana. — Því það er mjög sorglegt, að hugsa til þess, að stúlkur á sínum beztu vinnuárum sitja við ýmislegt nám, sem þær hefðu bezt getað lært á 12 til 16 ára aldri. — Nú á þessum síðari árum er þetta farið að verða mikið áhugamál í Húnavatnssýslu, að þetta megi ekki svo lengur ganga; og því mundi þessi skoli aðallega verða að skoðast sem unglingaskóli.

En þar sem mentamálanefndin hugsaði sér hálft tillagið til barna- og unglingaskóla, þá fara Húnvetningar ekki fram á meira en um 1/4 af byggingarkostnaðinum.

Skólahúsið kostar 18,600 kr., og eins og allir vita, þá hlýtur húsið að fara nokkuð yfir 20,000 kr., þegar öll áhöld og rúmföt eru til skólans fengin. — Eg verð að taka það líka fram, að hér er verið að ræða um skóla, sem búið er að byggja, og að eins beðið um 1/4 af byggingarkostnaðinum (*Stefán Stefánsson*: Ekki í Skagafjarðarsýslu), og það er munur á því, þegar fyrir liggur yfirlýsing um, að sýslunefndin skuldbindur sig til, að leggja það til, sem á vantar; en slíkt liggur ekki fyrir frá sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu né Norðurmúlasýslu.

Einn háttv. þingm. skaut því fram, að það mætti eins vel biðja um skóla á Seyðisfirði; eg álít, að svona unglingaskólar séu sérstaklega nauðsynlegir í öllum héruðum landsins, og eg hefi ekkert á móti því, að svoleiðis byggingar væru studdar; en eg vil leyfa mér að spyrja: þora eða geta þessir h. þingmenn, sem hafa komið fram með breyt.till. gagnvart skóla í Eyjafjarðarsýslu, að lofa því, að sýslufélagið vilji taka að sér, að leggja 3/4 til byggingarinnar? Ef svo væri, þá mundi eg ánægður greiða atkvæði með því. — En eg ímynda mér, að eg þurfi ekki að taka það skýrara fram en þetta; allir þingmenn sjá, að hér er ákaflega stór munur á milli, og eg treysti því, að menn athugi þetta vel, áður en þeir ganga til atkvæða, hvað sé réttur og hvað sé sanngirni í þessu máli; en fari ekki eftir einhverjum misskilningi, sem þeir ásaka annaðhvort Húnavatnssýslu eða Skagafjarðarsýslu eða þingið í heild sinni fyrir.

Sigurður Sigurðsson: Það voru fáeinar athugasemdir, sem mig langaði til að gera. Eg ætla þá fyrst að minnast stuttlega á breyttill. mentamálanefndarinnar, fyrstu tvo liði hennar.

Eg græddi nú töluvert mikið á ræðu h. 2. þm. Skgf., og hann skýrði að miklu leyti fyrir mér, hvernig eg ætti að snúa

mér í þessu máli. Eftir því, sem honum fórust orð, og eftir því, sem eg skildi hann, þá fekk eg það út, að í raun og veru væri ekki kominn tími til enn að stíga þetta spor, sem hér er farið fram á. Hann margtók það fram, að hér á landi ríkti sorglegt þekkingarleysi á öllu því, er að mentamálum lýtur, og í öðru lagi framúrskarandi eftirlitsleysi með alt það fé, sem er varið til mentamála. Eg er fyllilega samdóma honum í þessu og verð þess vegna að viðurkenna, að meðan ekki er bætt úr þessu, sé varla þorandi út í að veita stórfé út í bláinn. (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Það er ekkert stórfé).

I öðru lagi skal eg benda á, að hér fyrir þinginu liggur beiðni frá manni um fjárstyrk, til að kynna sér mentamál erlendis; og fjárlaganefndin hefir farið fram á, að honum væri veittur 2000 kr. styrkur.

Ef það er nú meining manna að veita þessum manni styrkinn og með þeirri sannfæringu, að hann sé þessu vaxinn, sem eg skal ekki bera neinar brigður á, þá álít eg réttast að bíða með frekari fjárframlög til mentamála, þangað til hann hefir að einhverju leyti fullnægt því, sem krafist verður af honum í þessu efni, aflað sér þekkingar á mentamálum erlendis, og komið fram með tillögur, sem mætti byggja á skynsamlega tilhögun í þessu efni. Eg legg mikla áherzlu á þetta. Þegar slíkur maður er fenginn, þá fyrst er kominn tími til að taka mentamálin til rækilegrar athugunar, og umsteypa þeim samkvæmt þeim bendingum, sem svo þessi maður gefur.

Svo var það viðvíkjandi kvennaskólum Norðurlands. Eg vil nú ógjarna blanda mér inn í það kvennaskólamold viðri. Mér finst það sorglegt um Norðlendinga, svo vænt sem mér þykir um þá, að þeir skuli ekki hafa getað komið sér saman um jafn þýðingarmikið mál; og eg álít að þessi sundrung verði og sé orðin til að hnekkja þeirra kvenna skólamálum máske á næstu árum.

Það liggja nú fyrir ekki færri en 3 brtt., sem hver er á móti annari, á þingskj. 291, 293 og 339. Eg held nú, að eins og þessu kvennaskólamáli horfir nú við, að það sé það eina rétta, að lofa þeim að deyja rólegum og hægum dauðdaga hér í kveld. Eg lít svo á, að eins og sakir nú standa, sé enginn framtíðarvegur í því fólginn að ganga inn á þessar breyttill.; meðan sundrungin er eins og hún er, og meðan dýr kvennaskólahús eru reist í trássi við guð og góða menn, þá held eg að réttast sé að fara varlega í sakirnar með að veita þeim fé. Eg hefði kosið heldur, að Norðlendingar hefðu sameinað sig um 1 búnaðarskóla, t. d. á Hólum, og annan, gagnfræðaskóla á Möðruvöllum eða Akureyri, sameiginlegan fyrir karla og konur. Hefði það mál verið hér til umræðu, vel undirbúið, þá hefði eg verið með því, en að fara að veita fé til norðlenzku skólanna meðan þessi tvístringur og tvískinnungur á sér stað, það get eg ekki verið með til.

Það gleður mig, að h. nefnd hefir strikað út fjárveitinguna til stækkunar kirkjugarðsins hér, því henni var eg mótfallinn; eg tel víst, að því fé, sem til þess var ætlað, hefði mátt verja betur á annan hátt.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Brtt. á þgskj. 301 fer fram á að færa niður upphæðina í fjárlögunum til prestakalla um 500 kr., og um leið nema burtu athugasemdinu, sem fjárveitingin er miðuð við. Eg skal ekki tara nákvæmara út í það atriði, en að eins geta þess, að eg sé enga ástæðu til að veita neina uppbót til þessara brauða. Hæstv. landsh. hefir skýrt þetta atriði svo rækilega, að engin þörf er á að fjölyrða

um það. Snemma á þingtímanum kom fram frumv., sem miðaði til að koma kirkjumálum á miklu betri og eðlilegri rekspöl, en það lenti í svo skipaðri nefnd, að það er ekki komið frá henni enn, og litlar líkur til, að það komi aftur fram á þinginu, þar sem nefndin hefir að eins átt með sér einn fund til að ræða málið.

Það féllu þannig löguð orð um hirðinguna á Möðruvallaskólahúsinu fyrir skömmu, að mér virðist varhugavert, að leggja mikið fje í bætur eða áhöld handa þeim skóla; eftir því að dæma er útlit fyrir, að húsið sé svo illa hirt, að alt hlýtur að fara þar í fúa og eyðileggingu þess vegna; það virðist því þurfa að koma einhver breyting á það, áður en farið er að veita meira fé til bókakaupa eða áhalda.

Frá brtt. á þgskj. 300 get eg fallið, vegna þess, að önnur er fram komin sama efnis. Fyrir mér vakti ekki annað en það, að óheppilegt væri, að binda fjárveitinguna við eins manns nafn. Það var ekki af því, að eg hefði neitt á móti hlutaðeigandi, sem eg efast ekki um að muni uppfylla þær vonir, sem til hans eru gerðar; en eins og maður veit, þá er líf manna fallvalt, og þó eg óski og voni, að manninum verði auðið langra lífdaga, þá getur verið, að hann verði ekki til, þegar féð á að fara að nota; sé það bundið við eins manns nafn, er ekki unt að veita það öðrum hæfum manni, og væri það illa farið, ef þá yrði engi not að fjárveitingunni, úr því hún álízt nauðsynleg. H. framsm. (V. G.) lýsti því yfir áðan, að nefndin héldi fast við nafnið, og þykir mér það nokkuð mikið sjálfsálit og undarlegt, að nefndin skuli hafa það traust á sér, að hún ein geti valið mann til þessa starfa, þótt hinir sömu menn og deildin öll ekki treystist til þess um daginn, að velja hæfan mann — til að standa fyrir undirbúningi tátækramálalöggjafarinnar milli þinga.

Hannes Þorsteinsson: H. þm. Borgf. (B. B.) hefi tekið aftur till. sína, og er þá ekki um aðra að ræða í því efni en brtt. mína og nokkurra annara þm. á þgskj. 300. Það sem fyrir okkur, sem flytjum þessa brtt., vakti, var það, að vér álítum betur við eiga, að fjárveitingin sé ekki bundin við eins manns nafn; okkur sýndist það fljótræði af deildinni, ef hún kysi ungan kandídat til þessa starfa, nýkominn frá examensborðinu, án þess eg vilji bera nokkurar brigður á hæfileika hans; þeir geta verið í bezta lagi; en sjálfsagt er þó völ á öðrum jafnhæfum eða enda hæfari mönnum fyrir sakir reynslu þeirra í þessum efnum. Hann getur ekki, þessi nýbakaði kandídat, haft neina praktiska æfingu í því, sem lýtur að kenslu eða uppeldismálum; þó hann hafi lært sálarfræði, og tekið próf í heimspeki við háskólann, þá er það ekki einhlítt; það er alt annað en »pædagogik« eða uppeldismál. Eg vil taka það fram, að það sem eg legg mesta áherzluna á, er það, að öðrum sé gefinn kostur á að sækja, mönnum, sem hafa praktiska æfingu og kunnugleik á þessum málum, bygðan á margra ára reynslu, og eg ímynda mér, að völ sé á slíkum mönnum hér. Hitt getur vel verið, að styrkurinn verði þá veittur þessum manni, sem hér er um að ræða; það er alls ekki meiningin að ætla að útiloka hann með þessari tillögu, — en það mundi að minsta kosti mælast betur fyrir hjá almenningi, að styrkurinn sé ekki við nafn einstaks manns bundinn. (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Það hafa engir aðrir sótt). Við viljum einmitt gefa öðrum kost á að sækja, og því viljum vér láta landshöfðingja veita styrkinn eftir tillögum stiftsyfirvalda. Eg get ímyndað mér, að sumir

kynnu að skoða þessa fjárveiting þingsins til kand. Guðmundar Finnbogasonar sem eins konar uppbót handa honum fyrir vonbrigði hans um styrk úr annari átt. Og yfirleitt kann eg illa við það hjá fjárlaganefndinni, að það er eins og hún í áliti sínu sé að vígja manninn til einhvers allsherjar kenslustjórnarembættis hér á landi í framtíðinni.

Eg vona því, að breyttill. mælist vel fyrir, og að háttv. deild fallist á hana.

Magnús Torfason: Eg vil minnast nokkuð á breyttill. á þgskj. 294 um að fella burtu uppbót til Stafafellsprestakalls. Þegar eg las bænarskrána um uppbót þessa, gat eg ekki betur séð, en að ástæðan til hennar væri sú, að presturinn hefði mist af umboðstekjum Bjarnanesumboðsjarða, en eg álít að það umboð eigi ekkert skylt við prestsembættið, og komi því ekkert brauðinu við. Í sambandi við þetta vil eg minnast á uppbótina til Eyvindarhólaprestakalls, 300 kr. af þeim 2500, sem ætlaðar eru fátækum brauðum. Breyttill. er ofboð saklaus í sjálfu sér, og ástæðan til að hún er framkomin er sú, að brauð þetta hefir jafnan notið 250 kr. uppbótar, þar til í fyrra, að hún var færð niður í 175 kr., af hvaða ástæðu sem það nú var; það voru vonbrigði fyrir manninn, því að eins og við vitum, ganga embættismenn ekki út frá því, að laun þau, er þeir fá, þegar þeir taka við embættum sínum, fari minkandi. Að vísu fer breyttill. fram á nokkru meira en brauðið hefir fengið fyrirfarandi, og styðst það við það, að jörðin hefir mjög gengið af sér í seinni tíð og gengur af sér á hverju ári, og ennfremur við það, að fólkið í prestakallinu er fátækt og líður prestur við það mikinn tekjumissi, og deildarmönnum mun kunnugt um það hið mikla áfall, sem þetta prestakall varð fyrir ár, og sem auðvitað kemur niður á prestinum að sínu leyti, er svo margir heimilisfeður féllu frá í einu.

Eg vona, að háttv. deild sjái, að þetta er sanngjarnt, og að breyttill. nái fram að ganga.

Hermann Jónasson: Háttv. 2. þm.Arn (S. S.) gerði mikið úr sundrungu í skólamálum á Norðurlandi; eg álít að hann hafi gert meir úr henni en vert var og eg er sannfærður um að sundrung þarf ekki að óttast, ef menn vilja ekki ala hana, og vandalaust fyrir allagóða menn að koma í veg fyrir slíkt. Og þó að fyrirkomulagi kvennaskólanna verði hagað eins og hér er farið fram á, þá kemur það ekkert í bága við það, þó búnaðarskóli verði stofnaður á Hólum fyrir karla og konur; þangað mundu ekki fara nema þroskaðar stúlkur, og mundi þeim efalaust verða kend bústjórn og verklegt nám. En aftur á móti mundi það koma í bága við byggingu sameiginlegs kvennaskóla á Norðurlandi, að byggja kvennaskólahús á Akureyri, sérstaklega þar sem kvennaskólinn þar hefir stórt og gott húsnæði nú sem stendur. Ef það kæmist á, að byggja sameiginlegan skóla á Akureyri fyrir karla og konur, og flytja þangað Möðruvallaskólann, þá geng eg út frá því, að þar verði sérstök deild fyrir kvenfólk, sem gangi í líka stefnu og kvennaskóli Skagfirðinga og Húnvetninga nú gerir, og önnur deild, þar sem þroskuðum stúlkum er kend fullkomnari bókleg mentun. Svo eg sé ekki um neinn glundroða að ræða, ekkert sem kemur í bága hvað við annað, og ef þetta mál er ekki til lykta leitt, áður langt líður á þessa öld, þá finst mér það bera vott um dauðamörk yfir þessari þjóð, og ef jafn bráðnauðsyn-

leg bót á þessum málum, eins og hér er farið fram á, ekki fæst, þá hefi eg ekki trú á, að mentamál vor komist nokkurn tíma í rétt horf.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Mér dettur ekki í hug að mótmæla háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), heldur þvert á móti taka undir með honum, um það, að það væri æskilegt, að skólamálum Norðurlands yrði sem fyrst hrundið í viðunanlegt horf, og vona eg að það takist, en þá má ekki auðsæ hreppapólitík ráða, heldur verða menn að taka höndum saman um að gera þá skólastofnun, sem mönnum kemur saman um, sem bezt úr garði. Þar sem háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) tók það fram sem ástæðu fyrir því, að þennan styrk bæri að veita, að Húnvetningar hefðu þegar komið upp skólahúsi fyrir kvennaskóla, þá fer eg að skilja, hvernig á því stóð, að þingmenn Norðmýlinga tóku aftur breyttill. sína í morgun, um styrk til kvennaskóla á Austurlandi; þeir hafa hugsað sér, að það væri betri aðferð, að byggja hjá sér kvennaskólahús fyrst, og sækja svo um styrk, heldur en að sækja um hann á undan.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) fanst það óþarfi, að veita Eyfirðingum styrk til kvennaskólabyggingar, af því að þeir hefðu ekkert skólahús bygt; þeir hafa barist fyrir því í mörg ár, að fá Skagfirðinga og Húnvetninga í félag með sér til þess að byggja sameiginlegan kvennaskóla; þetta á að mæla á móti þeim, en hitt á að vera meðmæli með Húnvetningum, að þeir endilega vilja bolloka sér og koma í veg fyrir heppilega og nauðsynlega samvinnu í þessu máli.

Eg stóð eiginlega upp til þess að svara háttv. 2. þm. Arn. (S. S.) einu orði. Mér skildist svo á ræðu hans, er hann stóð upp, sem hann ætlaði sér að reyna að snúa við allri hugsuninni í minni ræðu, en honum tókst það svo hrapallega, að hjá honum sjálfum vissi það upp sem niður átti að snúa, og niður það, sem upp átti að snúa. Þm. byrjar á því, að eg hefði tekið fram, að málið væri svo lítið undirbúið, að ekki væri hyggilegt að stíga stór spor. Þetta vildi hann taka sem mótmæli móti málinu, en eg var með því einmitt að afsaka, hvað mentamálanefndin hefði verið smástíg. Við skulum gæta að, hve langt nefndin hefir farið. Hún leggur til, að landssjóður styrki barna- og unglingakenslu í landinu með upphæð, sem nemur 20 aurum á hvert mannsbarn. Þetta er alt og sumt. Ef þetta er að stíga stórt, hvað er þá að stíga smátt? Að nefndin hefir haft fullkominn vilja á því að stiga spor í áttina, til að bæta kjör þeirra manna, sem mest og bezt vinna að því, að menta alþýðuna, sem sé barnakennaranna, það mun sýna sig á tillögum hennar á sínum tíma. Eg er enda viss um, að ef þessar tillögur hefðu legið fyrir háttv. 2. þm. Arn. (S. S.), þá mundi hann hafa sparað sér þessa ræðu, og gefið óhikað atkvæði sitt með brtill. nefndarinnar, og eg veit, að hann er svo skynsamur maður, að hann einnig mun gefa breyttill. atkvæði, þegar hann hefir hugleitt þær nánara. Mér er svo kunnur hugsunarháttur þessa manns, að eg veit að hann vill af alefli styðja að fræðslu alþýðunnar. Hann hefir sjálfur reynt of vel, hvað það er fyrir fátæka menn, að berjast við að afla sér nauðsynlegrar mentunar, til þess, að hann sé á móti því, að landið styðji hvern þann mann til mentunar, sem óskar þess.

Þórður J. Thoroddsen: Eg held eg sé nú búinn að gleyma því, sem eg ætlaði að segja í öllu þessu orðagjálfri,

Það er eins og hella sé komin fyrir eyrun á manni af öllum þessum norðanbyljum, sem hvinið hafa hér um salinn. Samt ætla eg að reyna að muna hvað það var, sem gaf mér tilefni til að biðja um orðið. Það var breyttill. eða öllu heldur viðaukatill. mín á þgskj. 333 um bráðabirgðauppbót til Kálfatjarnarprestakalls, 125 kr. hvort árið.

Eg þarf að skýra fyrir deildinni, hvernig stendur á þessari viðaukatill. minni, vegna þess, að fullnægjandi upplýsingar hafa hvorki legið fyrir þinginu eða háttv. fjárlaganefnd. Kálfatjarnarprestakall má að vissu leyti og af vissum ástæðum telja til hinna fátækari brauða, sem vert er að styrkja af landssjóði, og það af þeim ástæðum, sem eg nú skal skýra frá. Við síðasta brauðamat var brauðið metið töluvert hærra en það í raun og veru nú er vert, og var ástæðan til þess sú, að matið á brauðinu var miðað við tekjurnar 5 ára tímabilið 1893—98, en fyrri árin af því tímabili voru góðæri í þessu prestakalli. En síðari árin voru fiskileysisár og upp frá því hefir prestakallinu hnignað svo ár frá ári við fiskileysi og aðra óáran. Það er miklu lægra nú að mati en það var á þessu 5 ára tímabil. Eftir síðasta mati er brauðið 1400 kr., en eftir áreiðanlegum skýrslum frá prestinum, sem eg hefi í höndum, þá nær það nú ekki meira en rúmum 1200 kr. Eins og háttv. þingdm. er kunnugt um, eru lög fyrir því, að þau prestaköll, sem metin eru yfir 1200 kr., skuli sjálf borga prestsekkju, ef hún situr í brauðinu. Nú er einmitt svo ástatt hér, að það er ekkja í brauðinu, sem á að fá 126 kr., og af því að brauðið hefir verið metið svo hátt, þá er prestinum gert að skyldu að borga þetta meðlag. Við það kemst brauðið eins og það er nú í sjálfu sér niður í 1100 kr. Þegar nú gætt er að, að auk þess hvílir lán á brauðinu, sem á að afborgast með 150 kr. á ári, lán, sem tekið var áður en hinn núverandi prestur kom að brauðinu, og sem hann hefir ekki haft neitt persónulegt gagn af, þá eru nettótekjur brauðsins ekki nema rúmar 900 kr. og má því óhætt telja brauðið með hinum fátækari brauðum. Það virðist því öll sanngirni mæla með því, að þetta brauð sé tekið á lista þann yfir fátæk brauð, sem fjárlaganefndin hefir gjört í frumv. Því til sönnunar, að prestakallið sé í afturför, skal eg geta þess, að síðan brauðamatið fór fram, hafa 44 fjölskyldur flutt burt úr því, lambseldin hafa farið niður í 60 úr 80, að því að landsetarnir hafa yfirgefið jarðirnar; af sömu ástæðu hefir orðið að setja niður afgjaldið á jörðum prestakallsins til þess hægt væri að fá þær bygðar. Til þess að sýna fólksfækkuna í prestakallinu, skal eg geta þess, að nú eru í einu hverfi þar, þar sem 60 manns áttu heimili þegar brauðamatið fór fram, ekki eftir nema tólf manns. Eg tek þetta dæmi að eins til þess að sýna, hve gífurlegur burtflutningurinn hefir verið. Það sjá allir, hvaða áhrif þetta hlýtur að hafa á tekjur prestsins, og vona eg því, að háttv. deild samþykki viðaukatill. mína og fjárlaganefndin taki vel í málið.

Eg var spurður að því af háttv. sessunaut mínum, hvort eg myndi ekki meira, sem eg þyrfti að minnast á. Það geri eg ekki; eg man ekki fleira, en eg sé hér dálítið fleira, sem mér finst athugavert. Það eru breyttillögur fjárlaganefndarinnar sérstaklega við 13. gr. B. III. c. 3, sem mér finst nefndin ekki hafa litið rétt á í áliti sínu. Stjórnin fer fram á, að veita, auk hinna venjulegu 1400 kr. til viðhalds latínuskólanum utan og innan, þar að

auki 2400 kr. fyrra árið, og ætlast til, að af þeim gangi 1800 kr. í að girða úr steini kringum alla lóð skólans. Fjárlaganefndin vill ekki ganga inn á þetta, en ræður til að hafa girðinguna úr tré, af því það sé ódýrara. Eg skal fúslega játa það, að það sé allrar virðingar vert, hjá hverjum sem er, og ekki sízt hjá nefndinni, að vilja spara; en í þessu tilfelli má ekki líta eingöngu á þann sparnað, sem hægt er að vinna í bili, heldur á það, hvað borgi sig bezt með tímanum, og eg er hræddur um, að það sé misskilningur hjá nefndinni, að trégirðingin borgi sig bezt, þegar frá líður; hún þarf svo mikið viðhald, að hún með tímanum verður miklu dýrari. Aftur á móti getur steingirðingin staðið óbögguð um aldur og ævi, ef hún er vel gerð í fyrstu, án þess að til hennar þurfi að ganga nokkur viðhaldskostnaður. Eg hefði því heldur kosið, að nefndin hefði hallast að tillögum stjórnarinnar í þessu efni.

Þá er það einnig önnur breyttill. hjá háttv. fjárlagan., sem eg ekki get felt mig við. Það er breytingartill. við 13. gr. A 10, um að veita 6200 kr. til að stækka kirkjugarðinn í Reykjavík. Nefndin leggur til, að veita ekki þetta fé, og vill láta landsstjórnina leita úrskurðar dómstólanna um þetta mál. Það er ekki í fyrsta sinn, að fjárlagan. kemst að þeirri niðurstöðu, að landið eigi að fara í mál; en eg hafði satt að segja hugsað, að það væri fremur verksvið nefndarinnar að vera fjárlaganefnd heldur en málaferlanefnd, sem hún sýnist hafa svo mikla köllun til. En eg þykist fullviss um, að þótt landið færi í mál við Reykjavíkurkaupstað út af þessu, þá mundi málið dæmt á landssjóð; svo auðsær sýnist mér réttur Reykjavíkur, og með því væri landinu bakaður óþarfakostnaður. Það, að vera að segja bænum að fara í mál, virðist mér ekki annað en óþarfa refjar, til þess að reyna að koma sér hjá að borga það, sem manni ber, og virðist mér það ekki sæma fyrir þingið, að koma svo fram. Að því er snertir gamla kirkjugarðinn, sem lagður var niður 1837, þá skal eg ekki segja neitt um það, hvort tilboð bæjarins um að kaupa hann fyrir 600 kr. sé of lágt; en eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. landsh. hefir gefið, þá virðist það ekki vera fjarri sanni.

Forseti: Eg hafði ekki búist við að umræðurnar um þessa 13. gr. fjárlaganna yrðu eins langar og raun hefir á orðið, og með því nú þrír háttv. þm. hafa beðið um orðið, en vér hins vegar höfum setið lengi á fundi í dag, og komið er fram undir miðnætti, þá vil eg skjóta því til háttv. deildar, hvort umræðunum skuli haldið áfram lengur að sinni.

Fleiri þm.: Bezt að lúka við þær.

Forseti: Fyrst svo er, að háttv. þm. óska að lúka umr. um þessa gr. í kveld, þá verður þeim haldið áfram.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Það er viðvíkjandi br.till. á þgskj. 293 um að hækka styrkinn til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga og til kvennaskóla Eyfirðinga upp í 2500 kr. á ári, sem eg ætlaði að tala fáein orð.

Eg hefi dálítið kynt mér þau útgjöld, sem hvíla á kvennaskólunum, og þegar eg athuga, hvað þau eru há, þá þykir mér nokkuð undarlegt, að fjárlaganefndin skuli ekki hafa ákveðið styrkinn til þeirra nokkuð hærri en hún hefir gert. Mér hefir reiknast svo til, að árlegur kostnaður við skólana nema að öllum jafnaði frá 3000—3500 kr., en svo kemur fyrir, að hann nemur 4000 kr. og enda jafnvel meira. — Auk þess

er það líka undarlegt, að ákveða styrkinn til þessara tveggja skóla ekki nema 2200 kr., þegar maður ber það saman við styrk þann sem kvennaskólinn í Reykjavík fær. Honum eru ætlaðar 2500 kr., en eg sé ekki að það sé nein ástæða til að styrkja hærra þann kvennaskóla, sem er á Suðurlandi, en þá, sem eru á Norðurlandi. Ætti að miða styrkinn við aðsóknina, þá er hún nokkuð lík. Vilji maður aftur á móti líta á, úr hvaða héruðum skólarnir eru sóttir, þá get eg, hvað kvennaskólann í Eyjafjarðarsýslu snertir, gefið þær upplýsingar, að hann er sóttur af stúlkum úr öllum landsfjórðunum. Þegar þeirri reglu ekki er fylgt, að skifta styrknum á milli skólanna eftir nemendatölu, sem ef til vill væri það réttlátasta, þá sýnist engin ástæða til að gera upp á milli skólanna og hafa styrkinn ekki jafnan fyrir þá alla. En yfir höfuð er styrkurinn til kvennaskólanna heldur lágur, þegar hann er borinn saman við þann styrk, sem aðrir skólar, t. d. búnaðarskólarnir, njóta af landsfé, og vilji maður bera hann saman við þann styrk, sem einn af okkar realskólum fær (Möðruvallaskólinn), þá er styrkurinn til allra þriggja kvennaskólanna samanlagður ekki jafnhár og þessa eina skóla. Þetta finst mér ekki ná neinni átt; að minsta kosti ætti skólunum öllum að vera gjört jafnt undir höfði, og ber eg því fram tillögu um, að styrkurinn til kvennaskóla Húnvetninga, Skagfirðinga og Eyfirðinga sé hækkaður upp í 2500 kr. Mér er annars alveg óskiljanlegt, að svo margir h. þm., einkanlega svo margir af vorum mentamönnum, skuli endilega vilja spara svo mjög fé við kvennaskólana.

Jósafat Jónatansson: Það er br. till. á þgskj. 291 við 13. gr. B. VI. a., um að veita 5000 kr. styrk til að byggja skólahús á Blönduósi fyrir kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga, sem eg vildi minnast á nokkurum orðum.

Mig furðar stórlega á, hve margir hafa lagt á móti þessum styrk, en sérstaklega furðar mig þó á, að h. 2. þm. Skgf. (St. St.) skuli vera einn í þeirra tölu. Menn hafa haft það sem ástæðu móti þessum styrk, að sýslunefnd Húnvetninga hafi haft í frammi gjörræði með því að reisa skólann, af því að þingið hafi áður veitt 10,000 kr. styrk til að byggja einn kvennaskóla sameiginlegan fyrir alt Norðurland, en að nú hafi sýslunefnd Húnvetninga brotið á móti þessu með því að byggja þennan skóla. En menn gæta ekki að því, að ástæðan til þess, að sýslunefndin fór að reisa húsið, án þess fyrst að leita til alþingis um fjárstyrk, var sú, að skólahúsið á Ytri-Ey var orðið svo lélegt og óbrúkandi, að stúlkur voru hættar að sækja skólann vegna þess. — En hvað það snertir, að það eigi ekki að veita þennan styrk, þá skilst mér það helzt vera af því, að húsið heitir kvennaskóli, og þótt þetta megi virðast undarleg ástæða, þá skal eg þó hugga h. þm. með því, að líkindi eru til, að húsið yrði að eins fyrstu árin notað sem kvennaskóli, og eg get ætlað, að það yrði ekki svo örðugt að fá sýslunefnd Húnavatnssýslu til að fallast á að hafa húsið fyrir unglingaskóla, þegar frá liðu stundir og kominn væri upp sameiginlegur kvennaskóli fyrir alt Norðurland.

Þegar litið er á, hve litlu er varið yfir höfuð af landsfé til að menta kvenfólkið, þá get eg ekki meint, að nokkur láti sér það vaxa í augum, að veita svo litla upphæð til byggingar, sem er jafnvönduð eins og þetta hús er, og svo þegar maður ber styrkinn til kvennaskólanna saman við styrkinn til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, sem fær meiri styrk en allir þrír kvennaskól-

arnir til samans, þá er enn undarlegra að nokkur skuli horfa í þetta.

Að Húnvetningar fyrir dugnað sinn, að byrja á að reisa og byggja af eigin ramleik eitt með vönduðustu skólahúsum á landinu, ættu að verða af því að fá nokkurn styrk, það get eg ekki álitið réttlæti, og heldur ekki fæ eg séð, að þeir með því að byrja á jafnþarflegu fyrirtæki hafi getað brotið af sér nokkurn styrk.

Það er búið að mæla svo röggsam samlega með þessum styrk af h. 1. þm. Húnv. (H. J.) og hann hefir svo rækilega tekið fram alt, sem snertir þessa styrkbeiðni, að eg þykist geta leitt hjá mér, að fara nánara út í sögu málsins.

Einar Jónsson: Það eru að eins fáein orð um fjárframlög til mentamálanna, sem eg vildi tala. H. 2. þm. Skgf. (St. St.) hefir nú talað svo vel fyrir till. mentamálanefndarinnar, að það er ekki þörf á því frekara og er eg honum yfir höfuð sammála hvað þær snertir. En í sambandi við þær till. mintist hann einnig á kvennaskólana og það er á þá, sem eg vil sér í lagi minnast. H. þm. gat þess, að það hefði komið til orða hjá oss þm. Múlasýslnanna, að fara fram á að biðja um líka fjárupphæð til kvennaskóla á Austurlandi og lét í ljósi að við mundum hafa horfið frá því aftur, af því að okkur hefði líklega þótt hyggilegra að fara að dæmi Húnvetninga og reisa skólann fyrst og fá svo styrk hjá þinginu á eftir. Það er nú alveg satt, að það kom til tals milli okkar, að fara fram á styrk til kvennaskóla á Austurlandi, þegar við sáum br.till. um 5000 kr. styrk til skólahúss á Akureyri og skólahúss Húnvetninga og Skagfirðinga. — En þar sem hann sagði, að við mundum hafa horfið frá því af því við vildum fara að ráði Húnvetninga og byggja skólann fyrst og leita svo til þingsins með styrkinn á eftir, þá er það ekki rétt til getið. Í hans augum átti þetta að vera galli á aðferðinni, en eg verð að vera á annari skoðun. Eg verð að álíta, að þeir eigi fremur styrk skilið, sem hafa ráðist í af sjálfsdáðum að koma upp hjá sér dýrum skóla, ef byggingin er traust og vel gerð, heldur en þeir, sem biðja um styrkinn fyrir fram. En það var annað, sem kom okkur til að hætta við styrkbeiðni til kvennaskóla á Austurlandi, að minsta kosti í bráð. Þingmenn Austfirðinga hafa leitað til þingsins áður oftar en einu sinni um styrk til kvennamentunar, en bænir okkar hafa hingað til ekki fengið svo góðar undirtektir hjá þinginu. Það er ekki lengra síðan en á síðasta þingi, að vel mentuð og dugleg kona sótti um 500 kr. styrk til að halda uppi lítils háttar kvennakenslu á Austurlandi, en þingið sá sér ómögulegt að verða við þeirri bæn. Nú, þessi kona hefir þó engu að síður haldið kenslunni uppi tvo síðustu vetur, auðvitað í smáum stíl; gat það eigi eins og hún óskaði sökum fjárskorts. Af þessástæðu var það, að við álítum réttast að bíða og sjá fyrst, hvernig þingið tæki í þessa styrkbeiðni Húnvetninga.

Þar sem lítið hefir verið á þessa styrkbeiðni í sambandi við 10,000 kr. styrkveiting þingsins 1897 til sameiginlegs kvennaskóla fyrir alt Norðurland, þá fæ eg ekki séð, að sú fjárveiting þurfi að skoðast svo, sem hún komi í nokkurn bága við þessa fjárveiting nú. Að minsta kosti virðist mér, að þeir þm., sem vilja koma upp barnaskólum og unglingaskólum með styrk af landsfé, ættu fremur að vera hlyntir þessari 5000 kr. styrkveitingu, því þótt svo færi, að einn sameiginlegur kvennaskóli kæmi fyrir alt Norðurland, þá má ganga að því sem vísu, að þessu húsi yrði ekki fyrir það ofaukið, heldur yrði það þá

tekið fyrir skólahús handa unglingaskóla, og það því fremur, sem húsið er að allra sögn hið vandaðasta og stendur á heppilegum stað. (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Á mjög óheppilegum stað). Á mjög óheppilegum stað, segir h. 2. þm. Skgf. (St. St.), en eg hygg það standi einmitt á mjög heppilegum stað fyrir Húnvetninga sem unglinga- og alþýðuskóli. Eg verð því að gefa atkvæði mitt með þessari styrkveitingu bæði af því, að húsið í sjálfu sér er mjög vandað og vel úr garði gjört, og líka vegna þess, að þegar litið er fram í tímann, þá er eg einn af þeim, sem vilja, að barnaskólar og unglingaskólar séu styrktir á þann hátt, að landssjóður byggi húsin að nokkuru leyti. Þetta skólamál Húnvetninga hefir verið rætt í sambandi við Möðruvallaskólann og kvennaskólann á Akureyri. En þar stendur þó nú í raun inni nokkuð öðruvísi á, þar sem talað hefir verið um að byggja sameiginlegan skóla fyrir karla og konur í Eyjafirði, leggja niður Möðruvallaskólann og byggja svo hinn sameiginlega skóla á Akureyri. Eg álít það nú heppilegt, að skólarnir yrðu sameinaðir, hvort sem það yrði ofan á að stækka skólahúsið á Möðruvöllum eða flytja þann skóla til Akureyrar. En um það, hvort það skyldi gjöra nú þegar, hefir mentamálanefndin ekki getað orðið sammála. Að vísu álitu víst flestir í henni réttara að flytja skólann til Akureyrar, en þar sem þá ekki var ljóst, hvað gert yrði við skólahúsið á Möðruvöllum, þótti meiri hluta hennar réttara að svo stöddu, að fresta því, að flytja skólann, og þá um leið álít eg líka réttast, að fresta byggingu kvennaskólans á Akureyri, þar sem vænta má, að hann geti komist af næstu 2 ár með húsnæði, eins og þessi síðustu ár.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Hæstv. landsh. tók það fram viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar um að veita Reynistaðarprestakalli 300 kr. bráðabirgðauppbót, að það ætti ekki vel við, þar sem ekki væri hægt að kalla það fátækt brauð, þar sem árgjald af því væri 300 kr., og hann sagði að þetta væri að taka úr öðrum vasanum og að láta í hinn. Þetta er nú að nokkru leyti rétt, en fjárlaganefndin áleit þó rétt, að veita þessa ívilnun þannig, en ekki rétt að sleppa árgjaldinu, því að brauðið gæti orðið svo tekjumikið, ef Sauðárkrókur yxi, að ekki væri ástæða til að sleppa árgjaldinu. Presturinn í þessu brauði verður að sitja á Sauðárkróki, og bæði er það dýrara að lifa í kaupstað, og auk þess getur hann ekki haft bú og aukið tekjur sínar á þann hátt. Svo er og það, að af engu brauði á landinu, þar sem presturinn situr í kauptúni, eru tekjurnar minna en 1400 kr., nema af þessu brauði eru þær 1100 kr. Af þessum ástæðum áleit nefndin rétt, að veita þessa uppbót, sem eiginlega ekki er annað en uppgjöf á árgjaldinu.

Viðvíkjandi breyt.till. um, að veita Kálfatjarnarprestakalli 125 kr. uppbót, Kálfafellsstaðarprestakalli 100 kr. og Eyvindarhólaprestakalli 300 kr. uppbót, þá vil eg geta þess, að nefndin hefir ekki getað borið sig saman um þessar breyt.till. á nefndarfundi, en eftir því, sem eg hefi getað komist að undir umr., held eg, að eg fyrir nefndarinnar hönd geti mælt með þeim. Aftur á móti virðist engin ástæða til, að veita 150 kr. til Suðurdalaþinga, eins og hæstv. landsh. tók fram.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði um, að það væri sanngjarnt, að landssjóður afsalaði sér gamla kirkju-

garðinum gegn 600 kr. þóknun frá bænum, þar eð lóðargjald af þessum bletti væri 24 kr., eða sem svarar til renta af 600 kr., þá vil eg geta þess, að nefndin áleit ekki, að lóðargjaldið eigi að vera mælikvarði fyrir verðinu, heldur hvað grunnar á þessum stað í bænum eru seldir fyrir, og á þessum stað hljóta grunnar að vera mikils virði.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) hélt langa og snjalla ræðu til þess, að mæla með breyt.till. á þgskj. 291, um að veita 5000 kr. til að byggja skólahús á Blönduósi. En nefndin áleit, að ef þessi breyt.till. yrði samþ, gæti það dregið dilk á eftir sér, því þá gætu Akureyrarbúar heimtað það sama með fullum rétti, og á Austurlandi er kvennaskólasjóður, og enda á Vesturlandi líka, svo það væri líklegt, að báðir þessir fjórðungar heimtuðu 5000 kr. styrk til kvennaskóla hjá sér, og það væri hart að neita þeim um það fé, ef búið væri að veita Húnvetningum styrk þann, sem hér er um að ræða. 1. þm. Húnv. (H. J.) tók það fram, að þetta ætti eiginlega að vera unglingaskóli. Gott og vel; það er hér till. um að veita 10,000 kr. til að byggja unglingaskóla, og af því fé má einmitt veita 5000 kr. til hvorrar byggingar, svo að Húnvetningar geta þá orðið fyrstir til að fá þann styrk. En að veita 5000 kr. til að byggja kvennaskóla á Blönduósi, finst mér ójöfnuður gagnvart Austfirðingum, sem á þinginu '99 var neitað um einar 500 kr. til þess að halda uppi kvennaskóla hjá sér.

Hvað þeirri breyt.till. viðvíkur, að hækka tillagið til kvennaskólanna á Norðurlandi upp í 2500 kr. til hvors, þá er það enginn jöfnuður gagnvart kvennaskólanum í Reykjavík, sem ekki að eins er fyrir Sunnlendingafjórðung allan, heldur og fyrir alt landið, og hann fær þó ekki nema 2500 kr. tillag úr landssjóði, en skólarnir á Norðurlandi fá að samanlögðu 4400 kr.

Háttv. þm. Borgf. (B. B.) finst óviðkunnanlegt, að binda styrkinn til að kynna sér uppeldis- og mentamál við einstakan mann, en hans breyt.till. hefir verið tekin aftur, svo honum þarf ekki að svara; aftur á móti er það breyt.till. 1. þm. Árn. (H. Þ.), sem fer í sömu átt. Þessu viðvíkjandi skal eg taka það fram, að nefndin áleit það praktiskara, að binda fjárveitinguna við sérstakan mann, því hér er um verk að ræða, sem þarf að vera lokið fyrir þing, því hann á að koma með till. til þingsins 1903. Ef fjárveitingin er bundin við vissan mann, þá getur hann strax tekið til starfa, en ef enginn er ákveðinn, og stjórnin á að veita þennan styrk, þá verður styrkurinn ekki veittur fyr en í byrjun ársins 1902. Það er því augljóst hverjum manni, að þetta eykur starfstíma mannsins, og ekki mun af veita, að hafa hann sem lengstan.

Háttv. 1. þm. G.-K. tók það fram, að það mundi misráðið hjá fjárlaganefndinni, að setja trégirðingu í kringum lóð latínuskólans, því steingirðing mundi verða ódýrari þegar fram í sækti, þó hún kostaði meira í svipinn, og hann gat þess til, að fjárlaganefndin mundi hafa ætlað að spara með þessu; en eg vil geta þess, að þetta var eigi ástæðan, heldur hitt, að það er mjög tvísýnt hvort bæjarstjórnin leyfir, að steingirðing sé sett kringum lóðina, vegna þess, að snjór sezt fremur upp að steingirðingu en trégirðingu, og getur orðið þar til trafala.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en að endingu að eins minna hina háttv. deild á, að ef allar breyt.till. yrðu samþ., þá mundi tekjuhallinn á fjárhagstímabilinu verða 172,000 kr.

ATKV.GR.: Breyt.till. 260 við 13. gr. A. b. 1. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 301 við 13. gr. A. b. 2. feld með 14 : 7 atkv.

Breyt.till. 294 við 13. gr. A. b. 2. samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyt.till. 335 við 13. gr. A. b. 2. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 335 við 13. gr. A. b. 2. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 333 við 13. gr. A. b. 2. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt till. 294 við 13. gr. A. b. 2. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. A. 8. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260, 1 við 13. gr. A. 10. sþ. með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. 260 2 við 13. gr. A. 10. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. I. b. 2. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. II. b. 2. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. III. c. 1. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. III. c. 2. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. III. c. 6. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. III. c. 12 sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. IV. b. 1. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. IV. b. 4. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B V. b. 2. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. V. b. 4. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VI. a. 1. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 293 1 við 13. gr. B. VI. a. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Hermann Jónasson,	Magnús Torfason,
Jósafat Jónatanss.,	Sigurður Sigurðss.,
Lárus Bjarnason,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	S. Stefánss., Skgf.,
Pétur Jónsson,	Tr. Gunnarsson,
S. Stefánsson, Eyf.,	Valtýr Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.

Breyt.till. 293 2 við 13 gr. B. VI. a. feld með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. 291, 1 við 13. gr. B. VI. a. feld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Bj. Bjarnars., Dal.,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
H. Þorsteinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Herm. Jónasson,	Magnús Torfason,
Jósaf. Jónatansson,	Pétur Jónsson,
Lárus Bjarnason,	Sig. Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánson, Eyf.,	St. Stefánsson, Skf.,
Þ. Guðmundsson,	Tr. Gunnarsson,
	Valt. Guðmundsson,
	Þ. Thoroddsen.

Breyt.till. 291, 2 við 13. gr. B. VI. a. tekin aftur.

Breyt.till. 311 við 13. gr. B. VI. b. 1. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 311 við 13. gr. B. VI. b. 1. feld með 11 : 9 atkv.

Breyt till. 324 við 13. gr. B. VI. b. 2. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VI. b. 2. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 300 við 13. gr. B. VI. b. 2. tekin aftur.

Breyt.till. 311 við 13. gr. B. VI. d. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 311 við 13. gr. B. VI. e.

samþ. með 15 : 7 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson., Bf.,
Guðl. Guðmundss.,	Jóh. Jóhannesson,
B. Bjarnarson., Dal.,	Jósafat Jónatanss.,
Björn Kristjánsson,	Magnús Torfason,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Skúli Thoroddsen,
Hermann Jónasson,	Þórður Guðmundss.
Lárus Bjarnason,	
Ólafur Briem,	
Sigurður Sigurðss.,	
St. Stefánss., Eyf.,	
St. Stefánss., Skgf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VI. f. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VI. g. sþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VII. a. sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 260 við 13. gr. B. VIII. sþ. með 15 atkv.

13. gr. frumv. með áorð. breytingu samþ. í einu hlj.

---

14. gr. (6. ágúst kl. 12—3 og 5—7).

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það liggja nú fyrir ekki all-fáar breytingartill. við þennan kafla fjárlaganna; eins og vant er, þá er einna mest af breytingartill. einmitt við þessa grein. — Frá nefndinni eru náttúrlega nokkrar breytingartill., en enn þá fleiri hafa komið frá háttv. þingmönnum. — Eg skal þá reyna, að fylgja þeirri röð, sem er í frumv., að svo miklu leyti, sem mér er unt. — Og vil þá fyrst minnast á breyt.till. á þgsk. 260; þar er farið fram á, að hækka dálítið fjárveitinguna við 14. gr. A. 1. c. fyrir bækur, handrit, bókband o. s. frv., — hækka þennan lið um 500 kr.

Þessi breytingartill. nefndarinnar var bygð á því, að það kom umsókn frá stjórn landsbókasafnsins, þar sem farið var fram á þessa hækkun, og, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá er miðað við það, að veita dálítið hærri styrk til að semja þessa spjaldskrá, sem byrjað er á, og að þá verði fyrst hægt að ljúka þessu verki, sem er mjög seinlegt; og nefndinni virtist heppilegra, að veita hærra fé og verkinu verði þá fljótara lokið, heldur en að veita minna og það dragist. — En svo var að miða við dálítið annað líka. — Það var í þessari umsókn tekið fram, að ýms handrit væru orðin svo snjáð, að nauðsynlegt væri því, að afskrifa þau, og sömuleiðis væri nauðsynlegt fyrir safnið, að útvega sér afskrift af skjölum, er væru annarsstaðar, sérstaklega í safni Árna Magnússonar, sem má fá léð hingað. — Og af því safnið hefir nú mann, sem er vel fallinn til þessa starfa, þá væri æskilegt, að geta notað sér það.

Nú er komin fram breytingartill. á þingskj. 322, sem fer fram á, að lækka liðinn, samkvæmt tillögu nefndarinnar, og veita að eins 4200 krónur í staðinn fyrir 4500 krónur. — Hún fer fram á meira; hún fer fram á, að hækkuninni sé varið til, að afrita gömul skjöl; en meiningin með henni sýnist vera sú, að það eigi að hætta við samning spjaldskrárinnar, sem byrjað var á samkvæmt fjárveiting á síðasta þingi. — Nefndinni finst það vera óheppilega að farið, að þegar þingið er búið að samþykkja það, og byrjað er á þessu verki, sem er mjög nauðsynlegt fyrir safnið, þá sé það gjört í ein tvö ár og svo sé hætt. — Nefndin verður þess vegna að leggja á móti því, að þessi

breytingartillaga verði samþykt. — Það er af öllum viðurkent, að þess konar skrár séu mjög hentugar og nauðsynlegar; og þó að skráin verði nokkuð dýr, þá rekur að því fyr eða síðar, að safnið verður að útvega sér hana.

Þá hefir verið farið fram á ýmsar fjárveitingar til landskjalasafnsins. — Nefndin hefir farið fram á, að lækka um 330 kr. einn liðinn, nefnilega til bókaskápakaupa. — Nefndinni virtist nægilegt, að veita 1000 krónur í stað 1330 kr., sem er í frv. stjórnarinnar.

Þá hefir komið fram breytingartill. viðvíkjandi landskjalasafninu á þingskj. 320. — Þar er farið fram á, að bæta við tveim nýjum liðum; fer annar fram á, að veittar séu 200 krónur til að kaupa hin eldri íslenzku blöð og tímarit.

Skjalavörðurinn hafði farið fram á þetta við stjórn landskjalasafnsins, stiftsyfirvöldin, og aftur við stjórnina; en viðkomandi yfirvöld álitu ekki fulla ástæðu til, að verða við bón hans í þessu efni, og réðu frá, að taka þetta upp í stjórnarfrumv., svo að stjórnin vildi ekki sinna því.

Það var farið fram á þetta líka við fjárlaganefndina, en hún varð á sömu skoðun og stjórnin í þessu efni. — Það virðist ekki vera svo mikil ástæða til þess, að koma upp blaðasafni þarna, þar sem landskjalasafnið er nú í sömu byggingu og landsbókasafnið, þar sem öll þessi skjöl finnast, og sýnist því hægt um vik, að bregða sér ofan af loftinu og niður í landsbókasafnið, ef menn þurfa á þessum blöðum að halda. — Auk þess er svo um þessi blöð, að það er lítil eign í þeim; þau eru prentuð á svo vondan pappír, að eftir lítinn tíma eru þau orðin ónýt og að engu. — En alt öðru máli er að gegna um það, sem farið er fram á með sérstöku frumv., að landskjalasafnið fái eitt eintak af blöðunum á góðum pappír; þá er miklu meiri von um, að þau geti geymst.

Í öðru lagi er farið fram á 1000 kr. hvort árið til að gefa út heimildarrit, að sögu Íslands. — Þessi beiðni lá líka fyrir fjárlaganefndinni, og athugaði hún hana vandlega, og komst að þeirri niðurstöðu, að hún ekki gæti sint henni. — Það má líka geta þess, að bókmentafélagið gefur út Safn til sögu Íslands, og í því riti hafa einmitt verið gefin út slík heimildarrit, og eg ímynda mér, að því haldi áfram; og þar sem þingið nú veitir bókmentafélaginu styrk, þá sá nefndin ekki næga ástæðu til, þess, að fara að veita sérstakan styrk í þessum tilgangi.

Þá hefir fjárlaganefndin farið fram á, að gjöra dálitla breytingu við 14. gr. A, 6. b. — Það er viðvíkjandi forngripasafninu, til umsjónar við safnið. — Eins og menn muna var á síðasta þingi þessi fjárveiting hækkuð um 200 krónur; hafði áður verið 400 krónur, en var þá hækkuð upp í 600 krónur, og tekið fram, að það væri ætlað til aðstoðarmanns við safnið, þegar búið væri að flytja það í nýja húsnæðið í bankanum, og safnið væri í fleiri herbergjum, þá gæti umsjónarmaðurinn ekki verið til staðar nema í einu herbergi, og þyrfti þá aðstoðarmann í hin. — En nú hefir fjárlaganefndinni verið skýrt frá því, að fremur lítið af þessari upphæð muni hafa verið varið til þessa aðstoðarmanns.

Í því efni skal eg geta þess, að það er engan veginn svo, að fjárlaganefndin hafi viljað beina nokkrum hallmælum til umsjónarmanns safnsins; honum var náttúrlega frjálst, að fá þann mann, sem hann óskaði sér til aðstoðar og með þeim kjörum, sem um gat samist með þeim. — En nefndinni fanst þó, að tilætlun þingsins með þessari hækk-

un væri ekki náð, ef það væri varið mjög litlu af upphæðinni í þessu skyni, til að mynda að eins 50 krónum. — Hins vegar finst nefndinni ekkert á móti því, að umsjónarmaðurinn sjálfur njóti nokkurs góðs af þessari fjárhækkun, þar sem hann hefir lítil laun, og verður að verja meiri tíma til safnsins en að undanförnu. — Nefndin hefir því ekki ætlast til, að 200 kr. væri endilega varið til aðstoðarmannsins, heldur að eins 100 kr.; en nefndinni virtist að öllu minna en 100 kr. væri ekki unt að bjóða aðstoðarmanni við safnið. — Formaður náttúrufræðisfélagsins hefir farið fram á, að styrkurinn til safnsins yrði hækkaður upp í 1000 kr. hvort árið. — Nefndin játar, að ástæða sé til þess, að veita félaginu meiri styrk en hingað til, svo að safnið geti keypt fleiri gripi í viðbót, og útvegað sér betra húsnæði. — Hefir nefndin því lagt það til, að félaginu séu veittar 800 kr., og að af þeim megi verja 200 kr. til umsjónar við náttúrugripasafnið; og mun ekki nauðsynlegt, að fara um það fleiri orðum.

Þá hefir nefndin lagt það til, að eftir 14. gr. A. 12. komi tveir nýir liðir: 500 krónur til Þorsteins Erlingssonar hvort árið, og 800 kr. til síra Valdimars Briem hvort árið. — Í nefndarálitinu er gjörð grein fyrir því, hvernig á þessu standi, og skal eg að eins geta þess, að á þingskj. 323 er komin fram breytingartill. við síðari liðinn, þar sem farið er fram á, að í stað 800—800 komi 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll. — Nefndin verður að halda við sína tillögu, og finst jafnvel það væri þinginu til minkunar, ef breytingartill. þessi yrði samþykt.

Það er tekið fram af nefndinni, að hér er um mikil hæft skáld að ræða, sem hefir unnið sér vinsældir þjóðarinnar, en hefir við þröngan kost að búa. — Sökum heilsubrests hefir hann orðið að taka sér aðstoðarprest, og yrði honum lítil bót að því, þótt honum væru veittar 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll, enda á það illa við, að binda hendur þingsins svo, að það aldrei mætti veita honum framar.

Verður nefndin því að mæla sérstaklega á móti þessari breyt.till.

Enn fremur er breyt.till. á þingskj. 301 um, að fella styrkinn til Páls Ólafssonar. — Nefndin hefir enga tillögu gjört um þetta, en þar sem farið er fram á þetta af stjórninni, og ekki ástæða til, að breyta því, þá er nefndin breyt.till. mótfallin.

Að því er snertir það, að fella burt 16. lið stjórnarfrumv., og setja nýjan lið í staðinn, þá er gjörð nægileg grein fyrir því í nefndarálitinu, og skal eg ekki fjölyrða um það.

Við 17. lið eru komnar fram þrjár breytingartill. á þingskjali 301, 314 og 325, og fara allar í þá átt, að fella styrkinn til Biblíufélagsins. — Í stjórnarfrumv. var farið fram á, að veita félaginu 1500 króna styrk hvort árið, til að gjöra nýja þýðingu á gamla testamentinu. — Nefndinni fanst þetta verk svo þýðingarmikið fyrir þjóðina, að ástæða væri til, að styðja það, en gat þó ekki farið eins langt og stjórnin og færði styrkinn því niður í 1000—1000. — En að því er ástæðurnar til að veita þennan styrk snertir, þá er víst flestum kunnugt, að málið er ekki gott á þeirri biblíuþýðingu, sem vér nú höfum, og jafnvel mjög vont á sumum köflum hennar. — Hins vegar er það kunnugt, að engin bók hefir meiri áhrif á málið en einmitt biblían. — Við vitum, hvernig þýðingu biblíuþýðing Lúthers hafði, að hún setti sinn stimpil á mál Þjóðverja, og við vitum, að svo

hefir viðar verið. — Og ef við hlustum á ræður prestanna út um landið, mun engum dyljast, hve mikil áhrif biblían hefir á mál þeirra, og þá um leið á mál alls þorra alþýðu. — Sé biblían á fögru máli hefir hún bætandi áhrif á málið, og er því hér um þýðingarmikið atriði að ræða.

Hvað viðvíkur styrknum til Halldórs Lárussonar, þá var aldrei ætlast til, að hann yrði veittur nema einu sinni, og finnur því nefndin ekki ástæðu til, að veita hann lengur. Nefndin hefir gjört grein fyrir því, hvers vegna hún vill veita Sighvati Borgfirðing 200 kr. og skal eg því ekki tala um það.

Á þgskj. 343 og 338 er farið fram á að bæta inn tveim nýjum liðum; er hinn fyrri til kand. mag. Helga Jónssonar 1000—1000 og er styrkurinn ætlaður til grasafræðisrannsókna hér á landi, sérstaklega til að rannsaka íslenzkar þarategundir, sem þessi maður hefir fengist við að rannsaka um nokkur ár og fengið styrk til, sumpart hér, sumpart erlendis. Nefndin hafði umsókn hans til yfirvegunar, en gat ekki betur fundist en að margt annað lægið nær. Ekki svo að skilja, að hún teldi þessar rannsóknir þýðingarlausar, því auðvitað geta þær orðið að gagni eins og aðrar vísindalegar rannsóknir, en þar sem svo margt liggur í kalda kali hér á landi af verklegum fyrirtækjum, og fé lítið af að taka, getur hún ekki ráðið til að leggja fram fé til rannsókna, sem liggja eins fjarri praktiskum árangri og rannsókn á þarategundum. Verður nefndin því að leggja á móti þessari tillögu.

Hinn liðurinn, sem farið er fram á að bæta inn, er: »handa sjómannafél. »Báran« til bókakaupa 150 kr. fyrra árið«. Mér er ekki fullkunnugt um þetta atriði, en mun þó óhætt að geta þess, að nefndin leggur á móti því.

Þá hefir nefndin lagt það til, að Einari Jónssyni myndhöggvara væri veittur 2000 kr. styrkur fyrra árið til þess hann geta haldið áfram sjálfstæðri myndasmíð erlendis. Flestum mun kunnugt, að þessum manni hefir um undanfarin ár verið veittur af þinginu talsverður styrkur til að nema myndasmíð erlendis, og hefir hann nú á þessu ári sýnt, að hann hefir verið þess maklegur, þar sem hann hefir, samkvæmt einróma áliti forstöðunefndar sýningarinnar á Charlottenborg, fengið tekna á sýninguna mynd eftir sig af íslenzkum útilegumanni, sem lokið hefir verið lofsorði á í dönskum blöðum. Með því að þessi maður er að allra áliti hinn efnilegasti og hinn fyrsti íslenzki listamaður í þessari grein, virðist rétt að styðja hann, svo að hann þurfi ekki að hætta í miðju kafi, og geti sýnt, hvaða efniviður er í honum. Sérstaklega skal eg taka það fram, að hann hefir í hyggju að gera standmynd af Ingólfi Arnarsyni og væri það einkar-vel viðeigandi, að það yrði fyrsta þess konar mynd, er reist yrði hér, og má gera ráð fyrir, að Reykjavík mundi leggja kapp á að eignast slíka mynd, ef hún væri í boði og líkaði vel. Það er komin fram brt. um að hækka þennan styrk þannig, að bætt sé við 1000 kr. síðara árið, og hefir nefndin tekið það til íhugunar og afráðið, að fallast á brtt., því þessi vegur er svo dýr og erfiður, meðan menn eru að vinna sér nafn, að varla er við að búast, að þessi maður geti í fyrstu komist af styrklaust, einkum þar sem hann hefir í hyggju að fara til Rómaborgar til að fullkomna sig í list sinni. Að öllu þessu yfirveguðu og þar sem þingið hefir tekið þennan mann að sér til að sjá, hvað í honum býr, þykir nefndinni réttast, að veita þennan styrk svo ríflega, að allar líkur séu til, að hann komi að gagni.

Þá hefir nefndin lagt það til, að leikfélagi Reykjavíkur yrði veittur sami styrkur og að undanförnu. Þar sem þessi styrkur virðist hafa borið góðan árangur, skal eg ekki fara um hann fleiri orðum, en vísa til nefndarálitsins. Nefndin leggur til, að hækka styrkinn til búnaðarfélaga úr 18000 kr. (hvort árið) upp í 20000 kr., og er það miðað við að búnaðarfélögum er alt af að fjölga og veitir því ekki af þessari upphæð, ef styrkurinn á ekki að verða alt of lítilfjörlegur. Svo er á þskj. 276 komin fram tillaga frá h. þm. V.-Sk., sem fer fram á, að bæta við þessa styrkveitingu svolátandi athugasemd: »Við skifting þessarar fjárveitingar skal 1 dagsverk í jarðabótum á opinberum eignum metið tvöfalt móts við dagsverk á eignum einstakra manna«. Nefndin félst á þá hugmynd, sem liggur til grundvallar þessari tillögu, en vildi breyta henni á annan veg og hefir því komið fram með tillögu á þskj. 329, sem fer í sömu átt, og vonar nefndin, að h. flm. felli sig við það. Nefndinni þótti rétt, að takmarka þetta við landssjóðsjarðir og prestsetur (*Björn Bjarnarson*, þm. Bf.: Þó prestssetrin séu privateign?), og vildi að hlutfallið yrði ekki eins og 1 : 2, heldur eins og 2 : 3. Vonar nefndin, að flutningsmenn taki till. sína aftur og felli sig við till. nefndarinnar. Þá er á þskj. 321 farið fram á, að af fé því, er Búnaðarfél. Íslands er veitt, skuli varið 1000 kr. hvort árið til verðlauna handa 5—8 bændum, er sýnt hafa sérstakan dugnað við jarðabætur og annað, er að búnaði lýtur, miðað við efni og ástæður. En eg skal geta þess, að nefndin lýtur svo á, að ekki sé þörf á þessu ákvæði við þennan styrk. Því bæði er sjóður Chr. IX., sem beinlínis veitir bændum verðlaun fyrir sérstakan dugnað í þessu efni, og auk þess hefir þingið með lögum stofnsett »Ræktunarsjóð Íslands«, og má verja af fé hans til þessa. Virðist því ekki ástæða til, að klípa af styrknum til búnaðarfél. til þess. Nefndin er því algerlega móttfallin þessari till. Nefndin hefir lagt það til, að styrkurinn til Búnaðarfélags Íslands yrði hækkaður upp í 12000 kr. hvort árið. Fyrir henni lá fjárbæn um 15000 kr., en henni fanst hún ekki geta teygt sig svo hátt, þó hún vilji styðja félagið. En hins vegar játar nefndin, að þau fyrirtæki, sem félagið hefir ráðist í, þurfa peninga við.

Viðvíkjandi styrknum til kenslu í mjólkurmeðferð skal eg vísa til nefndarálitsins.

Þá hefir nefndin lagt það til, að veittar yrðu til skógræktartilrauna 6000 kr. fyrra árið og 4000 kr. síðara árið. Á þessu stendur svo, að kapt. Ryder og prof. Prytz við landbúnaðarháskólann danska hafa sent þinginu beiðni um að veittar yrðu 14000 kr. til þessa fyrir næsta fjárhagstímabil, og var, eins og kunnugt er, sendur hingað maður til að gæta að skógræktartilraunum þeim, sem kapt. Ryder hefir gengist fyrir, og gefa þinginu nauðsynlegar upplýsingar. Nefndinni þykir ástæða til að sinna þessu, og mun engum blandast hugur um, að þetta er þýðingarmikið spursmál. Eins og kunnugt er, er víða talað um það í fornsögum vorum, að hér hafi verið miklir skógar, að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Um þetta atriði hefir talsvert verið þráttað fram og aftur; en hvað sem því líður, þá er hitt víst, að Íslendingar hafa farið illa með skóginn og eyðilagt hann. Og virðist það loða við þá, þar sem þeir nema land, eins og hefir sýnt sig t. d í Argyle.

Skógarnir voru eyðilagðir með því, að þeir voru höggnir og kvistaðir niður til eldsneytis og beittir af fénaði. En þegar skógarnir hverfa, þá losnar jarð-

vegurinn, landið blæs upp og verður að holti, berum moldarlausum mel. Að holtin hafi litið öðruvísi út áður, sést af upprunalegri þýðingu orðsins. Íslenzka orðið »holt« er hið sama og þýzka orðið »holz«, er þýðir viður, og hafi skógar verið eins víða og holtin eru nú, þá bendir það á, hve skógurinn hér á landi hefir verið miklu meiri í fornöld. Melarnir og holtin sýna okkur á hinn bóginn hina slæmu afleiðingu af eyðing skóganna, landið blæs upp, og þessu verðum við að stemma stigu fyrir; við þurfum að frelsa landið. Og einhvern tíma verðum við að byrja. En þessu fyrirtæki er svo varið, að landssjóður verður að takast það á hendur. Sjálfselskan er svo mikil hjá einstökum mönnum, að ekki er til þess ætlandi, að þeir leysi nokkuð verulegt af hendi í þá átt, því skógarræktin tekur svo langan tíma, að árangur hennar kemur fyrst fram á barnabörnunum. Það er því fremur ætlandi þjóðfélaginu en einstökum mönnum, að hugsa svo langt fram í tímann. En einhvern tíma verður að byrja, segi eg. Ef forfeður vorir á liðinni öld hefðu byrjað á þessu, þá væri margt öðru vísi hjá oss nú.

»Feðranna dáðleysi er barnanna böl, og bölvun í nútíð er framtíðarkvöl« —; það er einmitt það: framtaksleysi feðranna kvelur oss og þjáir. Nú eigum við að byrja, svo að við getum skilað landinu í betra ástandi til næstu og þriðju niðja vorra.

Eg þarf ekki að fara út í einstök atriði skógræktinni viðvíkjandi, en leyfi mér að vitna til skjala þeirra frá skógfræðing Flensborg, sem lögð eru fram á lestrarstofunni, og geta menn kynt sér þau. Að rekja þau hér í þingsalnum yrði of langt mál.

Eftir nánari yfirvegun hefir mér sýnst rétt, að ganga að breyttill. hæstv. lh. á þgskj. 327 um að hækka styrkinn úr 4000 upp í 5000 síðara árið. Nefndin hafði ekki áætlað meira en 10000 fyrir bæði árin, en á breyttill. þessari er það fært upp í 11000. Eg býst við, að meiri hluti nefndarinnar gangi að þessari breytingu, af því ferðakostnaðurinn yrði tiltölulega of mikill síðara árið, ef fé til að vinna fyrir yrði of lítið.

Þá er komin tillaga frá landbúnaðarnefndinni um nýjan lið, til stofnunar slátrunarhúss í Reykjavík. Nefndinni gafst ekki kostur á að kynna sér þessa uppástungu, af því hún kom svo seint fram, og líklega mun hún ekki geta fallist á hana. Svo er mál með vexti nefnilega, að maður nokkur, sonur kaupmanns héðan úr Reykjavík, er nú í Kaupmannahöfn til þess að læra slátrunarstörf, og er líklegt, að hann stofni slátrunarhús hér, er hann kemur aftur. En sé svo, er ekki vert að vera að leggja fram landssjóðsfé til þess, úr því það kemst á hvort sem er.

Nefndin hefir lagt til, að fella burt styrkinn til búnaðarritsins, en í stað þess sett 250 kr. til Sauðárkróksbúa til varnar gegn vatnaágangi. Kauptúnið er landssjóðseign, og á hinn bóginn er það upphvatning fyrir íbúana að fá styrkinn, enda er hann bundinn því skilyrði, að þeir leggi það fram, sem á vantar.

Að því er snertir brtt. á þgskj. 276 um að veita 2000 kr. til þess að verja þjóðjarðir Leiðvallarhrepps sandfoki, þá getur nefndin ekki mælt með því. Þó hún játi að vísu, að gott sé að verja jarðirnar, álítur hún réttara, að snúa sér með það til landsbúnaðarfélagsins. Mér er það kunnugt, að í landsbankanum liggur sérstakur sjóður að upphæð 6000 kr., sem einmitt er stofnaður í þessum tilgangi og stendur undir stjórn

búnaðarfélagsins. Það er því réttara, að snúa sér þangað, en leita á náðir landssjóðs.

Á þgskj. 315 er farið fram á, að útvega verkfræðing til þess, að gera áætlanir um stærri vatnsveitingar; en nefndin verður að vera tillögu þessari mótfallin. Það er óþarfi að fá útlendan verkfræðing til þessa; við getum notast við verkfræðing landsins, sem ekki mun hafa svo mikið að gera, og fengið honum einhvern búfræðing til aðstoðar. Málið hefði að minsta kosti átt að vera betur undirbúið, svo því yrði sint, því ekkert hefir komið fram um, hvar sé aðallega þörf á slíkum vatnsveitingum, eða hversu brýn þörfin sé.

Fjárlaganefndin hefir lagt til að lækka styrkinn til Stefáns Stefánssonar kennara um 1000 kr., með því að fella hann burt síðara árið. Á þgskj. 300 er farið fram á að lækka hann niður í 500 kr. f. á., en nefndinni þykir hún hafi farið fyllilega langt, því annaðhvort er að veita alls ekkert, eða svo mikið, að hægt sé að gera eitthvað, en það er ekki hægt að halda uppi efnafræðislegum rannsóknum fyrir 500 kr.; þær eru svo dýrar.

Önnur tillaga fer fram á, að nema styrkinn alveg burt, en nefndin er einnig alveg á móti því, úr því að engar ástæður eru færðar fyrir því, að hætta skuli, en margar og miklar ástæður mæla með því, að rannsóknunum sé haldið áfram. Það er alment viðurkent, að undirstaðan undir búfræði hvers lands sé þekking á efnum jarðanna í því landi, en útlendur ferðamaður, er eg átti tal við og sem hefir gott vit á þessu, sagði mér, að hér væri alt á reiki í þessu efni. Eg þarf ekki annað en skírskota til ritgerðar inspektors Feilbergs, sem er því manna kunnugastur. Fóðurmagn plöntunnar fer eftir lífsskilyrðum hennar. Jurtir, sem taldar eru ónýtar til eldis erlendis, eru hinar notabeztu hér, en þetta þarf að rannsaka, svo hægt sé að kenna það. Nú er í búnaðarskólunum hér alt miðað við útlendar plönturannsóknir, en það getur verið ramvitlaust, því efnasambandið í plöntunni fer eftir hinum ytri lífsskilyrðum, sem eru mismunandi í hverju landi. Eg sé því ekki annað en að styrkveiting þessi sé nauðsynleg.

Að því er snertir styrkveitinguna til cand. mag. Helga Péturssonar og stud. Asgeirs Torfasonar, þá hefir verið gerð nægileg grein fyrir því í áliti nefndarinnar, svo eg þarf ekki að fjölyrða um það. Nefndin hefir hækkað styrkinn til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík úr 600 kr. upp í 1200 kr. hvort árið, en á þgskj. 328 er farið fram að áhækka styrkinn upp í 2200—1900 kr. til þess að koma upp kvöldskóla. Nefndin telur hugmyndina mjög góða, því slíkur skóli ætti að geta orðið vísir til teknisks skóla, og þess vegna vill hún veita nokkurn styrk til uppörfunar, en treystir sér ekki til að hækka hann um meira en 600 kr. að þessu sinni. Auk þess væri það fljótfærni, að fara að veita mikið fé til skólans áður en hann væri kominn á fót; hann ætti fyrst að sýna sig í verkinu. Nefndin verður því að vera brt. mótfallin.

Að því er snertir styrkinn til Rögnv. Ólafssonar og til Lífsábyrgðarfélags sjómanna, skal eg að eins skírskota til nefndarálitsins.

A þingskjali 276 og 335 er farið fram á, að veita tveim mönnum, Halldóri Guðmundssyni og Þork. Þorkelssyni, styrk til að nema véla- og rafmagnsfræði. Báðir mennirnir eru taldir efnilegir, og einmitt not fyrir svona menn hér á landi og því full ástæða til að styrkja þá. Vatnsaflið okkar verður

ekki notað fyr en menn með þekkingu eru fengnir, menn, er sjá, hvað kunni að koma til nota og kunni að borga sig. Kunni þeir að ryðja sjálfum sér braut hér, er það einnig hagur fyrir landið. Nefndin treystir sér þó ekki til að styðja þessa menn, því það er vafamál, hvorn eigi að taka fram yfir hinn, og hvort maður þá hittir á þann rétta.

A þingsk. 313 er er farið fram á 1200 kr. styrk til Bjarna Þorkelssonar í Olafsvík, til þess að nema báta- og skipasmíði erlendis, en nefndin verður einnig þessu viðvíkjandi að taka hina sömu afstöðu. Að vísu telur hún þetta gott og þarft, en það eru svo margar fjárbeiðnir líka og nefndin verður að takmarka sig. Auk þess hafa sömu beiðnir oftar legið fyrir þinginu, en þá verið synjað, nema einu sinni, er öðrum manni var veittur 1000 kr. styrkur í þessum tilgangi, og af því hefir enginn árangur sést enn. Að svo mæltu hygg eg, að eg hafi minst á það helzta viðvíkjandi þessum kafla, og þetta nægi að svo komnu máli.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir við 14. greinina, þessa grein, þar sem hrúgað er saman öllum persónulegnm fjárveitingum. Eg hefi áður verið mótfallinn persónulegum bitlingum, og er það eins enn; eg ætla því ekki að fara út í hvert einstakt atriði, en að eins víkja máli mínu að nokkurum af breytingartillögum þeim, sem eg ekki felli mig við. Þar sem stendur í nefndarálitinu um 14. gr. A, 6, b, að liður þessi hafi í síðustu fjárlögum verið hækkaður um 200 kr. til þess að launa aðstoðarmanni, þá er þetta ekki rétt hermt. Eg man þegar málið var fyrir, þá var borin upp brtill. í Ed., eg má segja af stiftsyfirvöldunum, að í stað orðanna »að launa aðstoðarmanni«, kæmi »borga aðstoð við umsjónina«. Annars verð eg að taka það fram út af athugasemd hinnar h. nefndar, að menn mega vera fullkomlega ánægðir með umsjónarmanninn; hann hefir haldið safninu oft ar opnu en áður, síðan það var flutt á nýja staðinn, og er reiðubúinn til að sýna ferðamönnum safnið þess utan þegar hann getur komið því við. Nefndin stingur nú upp á, að klípa af þessari 600 kr. þóknun, sem honum hefir verið veitt fyrir starfa sinn, 100 kr. til aðstoðarmanns, sem mér skilst að eigi að vera fastur starfsmaður með svo glæsilegri þóknun. En þá er spurningin, hvort stiftsyfirvöldin eða umsjónarmaðurinn eigi að skipa þennan mann. Ef stiftsyfirvöldin eiga að skipa hann, þá verður hann að hafa starfann upp á eigin ábyrgð, en þannig að skifta ábyrgðinni milli tveggja, álít eg mjög óheppilegt. Ef umsjónarmaður sjálfur á að skipa hann, er bezt að hafa það eins og áður, að hann ráði hve nær hann tekur manninn og hvað hann borgar honum. Það er misjafnlega mikið að gera á safninu á ýmsum tímum árs, og á sumrin meira en svo að einn maður megi við því; er þá eðlilegt, að umsjónarmaður fái sér aðstoð þann tímann, og ráði sjálfur þóknuninni fyrir það. Eg vil þess vegna mælast til, að liðnum sé haldið óbreyttum, eins og hann er í frumv.

Nefndin hefir lagt það til, að fella styrkinn til cand. mag. Boga Th. Melsteðs til að rita aðra alþýðlega minni og aðra stærri Íslandssögu. Nú er hann byrjaður að gefa út hina minni og kominn út fyrsti partur hennar, er af hinni stærri, sem Bókmentafélagið ætlar að gefa út, kvað þegar vera fullsamið frá hans hendi 1. bindi, sem þá ætti að koma út nú eða að ári.

nedfnarálitinu stendur, að lítill árangur þyki að styrk þessum, en því get eg ekki verið samdóma; það er mikið verk að safna til og semja Íslandssögu. Hvaða laun eða styrki þessi maður hefir annarstaðar, frá er mér ókunnugt um, en mér kemur það undarlega fyrir, þar sem sagt er, að hann hafi styrk til sögurannsóknar úr Arna Magnússonar sjóðnum. Mér þykir það mjög vanráðið, að fella styrkinn til B. M., en veita Jóni Jónssyni 1200 kr. í sama skyni. Satt að segja hefir mér ekki fundist mikið til rita þess manns, er að sumu leyti hafa verið uppskriftir úr handritum, og til hinna sjálfstæðu dóma hans hefir bæði mér og öðrum þótt lítið koma. Eg er því algerlega mótfallinn þessum breytingum, og álít misráðið að fylgja tillögum nefndarinnar að því er þetta snertir.

Háttv. framsm. (V. G.) tók vel í brt. við 14. gr. b. 1; hann talaði þar alveg út úr huga mínum, er hann sagði, að orsökin til þess, að eg vildi fá styrkinn aukinn um 1000 kr. síðara árið, mundi vera sú, að svo mikið fé mundi ganga til ferðalaga og til skógfræðingsins, að hér um bil ekkert fé mundi vera aflögum síðara árið til sjálfrar skógræktarinnar. Eins og kunnugt er, þá er einkum ætlast til, að fénu sé varið til að girða um hluta af skástu skógaleifunum, sem nú eru eftir. Það er tilætlunin, að girða af allstóra hluta af Hallormstaðarskógi og Hálsskógi, og koma upp gróðrarstöðvum innan girðinga þessara; við það sparast girðing, með því að sama girðingin nægir um skóginn sjálfan og gróðrarstöðina. Það kom ljóslega fram við það, sem h. framsm. (V. G.) sagði um málið, að það, sem mest ríður á og næst liggur fyrir, er að vernda skógaleifar þær, sem enn eru eftir; en það verður ekki á annan hátt, svo fulltryggjandi sé, en með girðingum, því að versti óvinur skóganna er sauðfé, sem stýfir af greinar og unga viðarteinunga, og þarf því að varna því frá að komast að skógunum. Eftir undirtektum h. framsm. vona eg að brt. mín verði samþykt, þannig, að veittar verði 6000 kr. fyrra árið, en 5000 kr. hið síðara.

Eins og eg gat um áðan, er flest af því, sem hér fer á eftir, persónulegar fjárveitingar, sem eg ætla ekki að vísu að mæla á móti, en sem eg finn ekki heldur neina ástæðu til að mæla með.

Hún virðist hálfskrítin, þessi fjárveiting til Sauðárkróksbúa til varnar gegn vatnságangi. Þar hefir áður verið veitt fé til þessa hins sama, og það sjálfsagt verið notað; hvort sem það nú hefir reynst nægilegt eða ekki, þá er víst um það, að engin beiðni hefir komið til landsstjórnarinnar um nýja styrkveiting í þessu augnamiði. Það er vafasamt, hvort rétt er að segja, að lóðir þær, sem húsin standa á, séu eign landssjóðs. Eg geri ráð fyrir, að hver telji lóð þá, er hús hans stendur á, í raun og veru sína eign, að eins með þeirri kvöð hvílandi á henni, að borga af henni víst árgjald í landssjóð. Þetta tel eg rétta skoðun. Hitt væri og harla óþægilegt fyrir húseigendur, ef þeir hefðu ekki svo mikinn rétt yfir lóð sinni, að þeir gætu selt hana, ásamt húsinu, sem á henni stendur.

Lárus H. Bjarnason: Eg á hér eina breyttill. á þgskj. 313, sem fer fram á, að Bjarna Þorkelssyni í Ólafsvík séu veittar 1200 kr. til þess að fara utan og fullkomna sig í báta- og skipasmíði. Háttv. framsm. (V. G.) hafði í raun og veru ekki annað á móti þessu en að margt annað væri jafn-nauðsynlegt eða nauðsynlegra. En það er vert að at-

huga þetta nokkuru nánara. Það mun þó viðurkent, að fiskiveiðar séu annar aðalatvinnuvegur vor; þær eru stundaðar á tvo vegu: sumpart á þilskipum og sumpart á opnum bátum. Nú veit eg ekki til, að neinn sé sá hér á landi, sem verulega sé fær til að gera við þilskip, ef þau bila. Þessi maður, sem um styrkinn sækir, ætlar nú að læra það. Sýnist ekki ærin nauðsyn, að vér eigum þó einn mann hér á landi, sem því starfi er vaxinn? Eg skil ekki í öðru en að menn verði að játa, að svo sé. En höfum vér þá fullgóða báta til að stunda bátfiski á? Nei, því fer fjarri; vér höfum litlar skeljar og óhentugar, sem menn verða að sækja fiskinn á oft út á reginhaf. Vér þyrftum að eignast betri báta, og með þessari fjárveiting er ætlast til að spor sé stigið í þá átt, því að hún er ekki eingöngu miðuð við þilskipin, heldur öllu fremur við opnu bátana. Maður sá, er hér ræðir um, er hinn hagasti, og hefir stundað bátasmíði í 10—12 ár; hefir hann leyst það starf þannig af hendi, að fyrir liggja meðmæli merkra manna og æfðra sjómanna, er bera bezta traust til þess, að maður þessi muni hafa veruleg not af frekara námi í iðn sinni, og að þetta frekara nám muni geta orðið til heilla fyrir landið; en maðurinn er fátækur og getur eigi af eigin rammleik lagt út í frekara nám erlendis. Mér finst það mæla með styrkveitingunni, að það er nú í þriðja sinni, sem maður þessi sækir um styrk, og í þriðja sinn, sem honum er neitað um hann af þeirri ástæðu, að eigi sé ráð á að veita hann, án þess nokkuð sé að manninum fundið, og þótt það sé játað, að hér sé um þarfamál að ræða.

Háttv. fjárlaganefnd fer fram á, að feld sé úr stjórnarfrumv. fjárveitingin til Boga Melsted. Þessum manni var veittur styrkur til sögurannsókna á þingi 1891, og þeim styrk hélt hann þangað til 1899; þá var honum kipt í burtu. Upphaflega var honum veittur styrkurinnn til að safna til sögu Íslands. Sjálfsagt hefir tilætluninn verið sú, að hann safnaði fyrst til sögunnar, og færi svo að rita hana, þegar tími væri til kominn; hitt hefði verið svo heimskulegt, að staðar skyldi numið við það eitt, að safna, að eg trúi ekki þinginu til slíks. Það hefir verið sagt, að þessi maður hefði svo miklar tekjur, að óþarfi væri að veita honum styrk af landsfé. Eg hefi talað við hann í vor um þetta, svo að mér er kunnugt um, hvernig hag hans er háttað. Sem arkívar hefir hann 1200 kr. á ári, af sjóði Arna Magnússonar fær hann 1000 kr., og úr ríkissjóði 600 kr. styrk til að rita sögu Íslands. En eigi er nema hið fyrsta af þessu fast. Árna Magnússonar styrkurinn er veittur að eins til 2 ára, og bjóst hann ekki við að halda honum lengur en það sem eftir væri af þeim tíma. 600 kr styrkinn má búast við, að hann missi líka, ef vér kippum hendinni að oss og viljum engan styrk veita honum til söguritunar. En þótt hann nú haldi þessum 600 kr. styrk frá Dönum, þá sýnist svo, að virðingar vorrar vegna getum vér varla synjað honum um annan eins styrk frá oss. Hafi það verið rétt, að veita honum styrkinn til að safna til sögunnar —, og enginn mótmæli eru kominn gegn því --, þá sýndist það eins sjálfsagt, eins og það er að b komi eftir a, að haldið sé áfram að veita styrkinn til þess að rita söguna og gefa hana út.

Maður þessi hefir og sýnt það með söguágripi því, sem vér höfum frá hans hendi, að han muni vel fær til að rita sögu landsins, og það er ekki honum að kenn, að ekki skuli þegar vera farið að gefa út sögu hans hina

stóru, því að hann á fyrirliggjandi stórt bindi af henni; það er Bókmenta félagið, sem enn hefir ekki getað snúist við því að gefa það út. Háttv. þm. Vestm. (V. G.). sem svo margt er kunnugt, mun öðrum fremur hér á þingi vera kunnugt um það, að maður þessi muni varla halda framvegis styrknum úr sjóði Arna Magnússonar, né heldur 500 kr. úr ríkissjóði.

Reyndar eru þetta auka-atriði, hvað maður þessi fær úr öðrum áttum; aðalatriðið er það, að honum hefir verið veittur styrkur af landsfé til að semja sögu landsins, og að eigi er annað sæmandi en að hann haldi þessum styrk þangað til hann hefir lokið við starf sitt.

Sigurður Sigurðsson: Eg er svo óheppinn að eiga hér breyttill., sem ekki hafa fundið náð í augum háttv. fjárlaganefndar. Fyrst er sú, að eg fer fram á, að sjómannfélaginu »Báran» séu veittar 150 kr. til bókakaupa. H. framsm. (V. G.) sagðist ekki vita, á hverju þessi fjárbeiðni væri bygð; þetta segir hann þrátt fyrir það, þótt fyrir nefndinni hafi legið bænarskrá frá félaginu, þar sem ljós grein er gerð fyrir beiðninni. Hér er um fátækt sjómannafélag að ræða, sem þegar hefir komið upp ofurlitlum vísi til bókasafns, en biður nú um styrk til að efla það betur. Eg vona, að háttv. deild kunni svo að meta mentunarviðleitni sjómannanna, að beiðnin fái betri byr hjá henni en hún hefir fengið hjá h. nefnd.

Háttv. fjárlaganefnd leggur það til, að Einari myndhöggvara Jónssyni séu veittar 2000 kr. fyrra árið. En eg og meðflutningsmaður minn að breyttill. förum fram á, að honum séu einnig veittar 1000 kr. síðara árið. Það sem fyrir okkur vakti var það, að einhver veruleg not gætu orðið að styrknum, því annaðhvort er að veita hann ekki, eða veita hann þannig, að tilgangínum verði náð. Meira að segja efast eg um, að þessi upphæð nægi til þess, að hann nái þeim tilgangi, sem fyrir augum er hafður, sem sé sá að fara til Rómaborgar til frekara náms.

Þá skal eg víkja að breyttill. á þgskj. 315. Mér er sárt um þá breyttill. og satt að segja brugðust mér vonir, er háttv. nefnd lýsti ónáð sinni yfir því, að lagt væri fram fé til að útvega verkfræðing fyrir til að rannsaka og gera áætlanir um stærri fyrirtæki til vatnsveitinga. Það sem helzt er fundið að þessari breyttill. er það, að málið sé svo óundirbúið. En eg fæ ekki séð, að það þurfi frekari undirbúning að svo stöddu. Það er ætlast til, að fé þessu sé varið eftir tillögum Búnaðarfélagsins og undir þess umsjón. Hér á landi hefir á fleiri stöðum komið til orða, að koma upp stórkostlegum vatnsveitingafyrirtækjum, svo stórkostlegum, að ofvaxið er mönnun af búnaðarskólum hér, að segja fyrir með þau; slíkt er ekki annara meðfæri að undirbúa en reglulegra verkfræðinga. Því hefir reyndar verið barið við, að engum slíkum verkfræðing væri nú á að skipa, með því að verkfræðingur Knud Zimsen væri ráðinn í þjónustu Reykjavíkurbæjar. Sömuleiðis hefir því verið kastað fram, að þótt verkfræðingur landsins hefði tíma afgangs frá öðrum störfum sínum, þá mundi hann ógjarna vilja taka þetta starf að sér, því að hann hefði ekki lagt sérstaka stund á það. Eg held, að það sé ekki ástæða til að halda þessu fram; hann mun fullhæfur til að leysa mælingarnar og áætlanirnar af hendi. En þótt þessum mönnum sé slept, þá er þó eigi fokið í öll skjól. Búnaðarfélagið gæti t. d.

snúið sér til »Hedeselskabet« í Danmörku, sem hefir allmikla reynsluþekking í þessu efni, og beðið það að lána sér mann til starfsins. Eg bið þess sé gætt, að tillaga þessi fer ekki alveg út í bláinn. Menn munu kannast við, að austur í Arnessýslu hefir verið talað um afarstórt vatnsveitingafyrirtæki, hvorki meira né minna en að veita vatni yfir Skeið og Flóa úr Þjórsá eða Ölfusá. Þetta er svo þýðingarmikið verk, að það eitt væri nóg til að réttlæta breyttill. En auk þessa liggja mörg önnur slík fyrirtæki við borð. Skal eg að eins minna á Safamýrina, vatnsveiting yfir Vallhólm í Skagafirði, vatnsveitingar í Borgarfirði, vatnsveitingar á sandana í Skaftafellssýslu, og svona mætti lengi halda áfram að telja. Hér er því miklu meira að gera en einn maður gæti yfir komist á tveim árum; þetta er því að eins byrjun, að eins spor í áttina til stórkostlegra búnaðarframfara. Það er víst alveg jafnóhætt að treysta stjórn Búnaðarfélagsins eins og landsstjórninni til þess, að það sjái um, að fé þessu verði ekki kastað á glæður. Af því að tillaga þessi hefir við svo góð rök að styðjast, vona eg að hún fái góðar undirtektir hjá hinni háttv. deild, þrátt fyrir ummæli háttv. framsm. (V. G.)

Þá skal eg víkja að tillögu landbúnaðarnefndarinnar um styrk til að koma á stofn slátrunarhúsi. Fyrir nefndinni vakti einkum, að styrknum skyldi varið til að senda mann utan, til að kynna sér fyrirkomulag á slátrunarhúsum erlendis og slátrun þar, eða þá að fá útlendan mann hingað, sem þessum störfum væri vaxinn. Skyldi svo maður þessi leiðbeina þeim, sem fást einkum við slátrun hér; gerði nefndin ráð fyrir, að þetta mundi geta leitt til þess, að hér yrði komið upp reglulegu slátrunhúsi, sem sumpart legði stund á að flytja út vörur sínar. Loks kem eg að breyttil. minni við 14. gr. A 17. lið, um að feldur sé burt styrkurinn til bókmenntafélagsins. Þessi breyttill. mín hefir ekki fremur en annað fundið náð hjá háttv. fjárlaganefnd, og furðar mig þó stórlega á því, því að eg hélt, að þá nefnd skipuðu ekki sérlegir bókmenntaberserkir. Háttv. framsm. (V. G.) sagði, að biblían hefði svo mikla þýðingu fyrir þjóðlífið, og að sérstaklega væri ástæða til að endurskoða gamla testamentið málsins vegna. Eg er þar ekki á sama máli. Það fer nú tvennum sögunum um það, hvað áreiðanlegt gamla testamentið sé; ýmsir halda því fram, að það sé ekki merkara en hver önnur sögubók, og ýmsir þeirra, sem við mætti búast, að fremur öðrum teldu sér skylt, að halda uppi heiðri og gildi ritningarinnar, eru nú farnir að ganga inn á þessa skoðun. En síður skil eg þó, að ástæða sé til að veita þennan styrk málsins vegna. Ekki hefir verið veittur styrkur af landsfé til að gefa út Heimskringlu Snorra Sturlusonar, og með allri virðingu fyrir endurskoðendum bókmenntanna býst eg alls ekki við, að mál þeirra taki fram íslenzku Snorra Sturlusonar. Málsins vegna mun sjálfsagt ráðlegra að lesa Heimskringlu og aðrar fornsögur vorar en bókmenntina. Eg er að vissu leyti hlyntur breyttill. á þgskj. 323, en þar hafa slæðst inn í þessi hneykslanlegu orð: »eitt skifti fyrir öll«. Eg fyrir mitt leyti kann betur við að fjárveitingin sé látin heita heiðurstyrkur en skáldastyrkur, og sízt hefði eg á móti, þótt hann yrði ákveðinn 1000—2000 kr. Að endingu skal eg taka það fram, að eg vona, að brtl. mínar verði samþyktar, og sérstaklega skal eg vekja athygli háttv. deildar á því, að í breyttil. á þgskj. 315 felst

meira en í fjótu bragði kann að sýnast; hún er spor í áttina að rækta landið.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg á breyttill. á þgskj. 276 og 320, sem eg þarf að minnast á, og skal eg þá fyrst snúa mér að breyttill. við 14. gr. B. 1. b; þar hefir háttv. fjárlaganefnd gengið inn á hugmyndina, sem liggur til grundvallar fyrir þeirri breyttill., en lagt það til, að athugasemdinni væri breytt. Aðalbreyting nefndarinnar er í því fólgin, að hún vill að ákvæði athugasemdarinnar nái ekki til kirkjujarða, heldur að eins til landssjóðsjarða og prestssetra. En það mun vera réttara, að orða athugasemdina skýrara en nefndin hefir gert, því það er sjálfsagt ekki tilætlunin, að ákvæðið nái til allra prestsetra, eins þeirra, sem eru einstakra manna eign, heldur að eins til lénsjarða; en þetta má laga til 3. umr. Það sem liggur til grundvallar fyrir tillögu minni er það, að jafnframt því, sem búnaðarfélög og jarðabætur sé stutt yfir höfuð, þá sé þó sérstaklega gefin upphvatning til að efla og auka jarðabætur á þeim jörðum, sem eru landsins eign, og að enn meiri ástæða sé þó fyrir landssjóð, að styðja að jarðabótum á landsins eignum en á jörðum einstakra manna. Um þetta virðist bæði fjárlaganefndin og eg vera sammála, og með þessum ummælum tek eg breyttill. mína aftur, í þeirri von, að háttv. fjárlaganefnd orði athugasemd sína skýrara en nú er hún orðuð

Þá eru tvær breytingartill. frá mér á þingskjal 320. Önnur þeirra er um, að veita 200 kr. á ári til landskjalasafnsins til þess, að kaupa gömul íslenzk blöð og tímarit. — Er hún komin fram eftir beiðni landskjalavarðarins, og stendur í námu sambandi við þá ályktun, er nýlega var gjörð hér í h. þingdeild, að prentsmiðjum hér á landi skyldi skylt, að senda landskjalasafninu eftirleiðis eitt eintak af öllum blöðum og tímaritum, er prentuð væru. — Hér er aftur farið fram á, að veita landskjalasafninu fé til þess, að kaupa hin eldri blöð og tímarit, því það er talið víst, að þau mundu geymast þar betur en á landsbókasafninu, því þó það fái tvö eintök af öllu, sem prentað er hér á landi, er annað eintakið lánað til afnota, og hlýtur því að slítna upp áður langur tími líður.

H. framsögum. (V. G.) gat þess, að landskjalavörðurinn hefði farið fram á þessa fjárveitingu við stjórnina, en stiftsyfirvöldin, landshöfðingi og ráðgjafinn hefðu allir lagt á móti því, að hún væri veitt. — Ástæður þeirra munu helzt hafa verið miðaðar við fjárhaginn; en hér er um svo lítið fé að ræða, að slíkt getur hvorki gert til né frá. — Eg álít rétt, að blöð þessi og tímarit væru keypt nú sem fyrst, því það mundi hafa talsverða þýðingu, að kaupa þau nú, t. d. Hirði og fleiri rit frá sömu tímum, því það má búast við, að þau muni bráðum glatast, séu þau ekki keypt bráðlega. — A hinum eldri blöðum græðum vér að minsta kosti eins mikið og hinum yngri, því í þeim sjáum vér undirrót og sögu þeirra mála bæði um pólitík, kultúr í búnaði og fleira, sem nú eru efst á dagskrá þjóðarinnar, og það virðist mæla mikið með því, að dálítilli fjárupphæð væri varið til þess, að kaupa þau til landskjalasafnsins. — Væri það ekki þýðingarlaust fyrir þingið, að hafa þessi blöð hér á reiðum höndum við hliðina á okkur í landskjalasafninu. — Tel eg þar einkum til blöðin og tímaritin frá 1830 til 1850, sem eru orðin mjög sjaldfengin, og svo jafnvel blöðin frá árunum 1850 til 1870. (*Valtýr Guðmundsson*: Þau eru á landsbókasafninu). Það er ekki víst, að þau séu þar öll,

enda má búast við, að það safn verði flutt héðan úr húsinu áður en langt um líður.

Síðari breytingartill. fer fram á það, að veittar séu 1000 kr. hvort árið til landsbókasafnsins og landsskjalasafnsins í sameiningu, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, og er hún einnig komin fram eftir beiðni forstöðumanna beggja þessara safna.

H. framsögum. (V. G.) gat þess, að Bókmentafélagið gæfi út »Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta». — Það er satt, að það gerði þetta um tíma, en Bókmentafélagið er á hinum síðari árum orðið »hvorki fugl né fiskur«, hvorki vísindalegt né alþýðlegt. — Eins og félagi þessu er nú komið mun það heppilegast, að það snúi sér eingöngu að alþýðufræðslu, en að þessum tveimur söfnunum sé falin útgáfa hinna fornu, sögulegu heimildarrita. — Það er farið fram á, að fyrir útgáfum þessum standi 5 manna nefnd, nefnilega forstöðumenn landsbókasafnsins og landskjalasafnsins og formaður stjórnarnefndar landsbókasafnsins, og svo tveir menn aðrir. — Er því líklegt, að í nefnd þessari mundu sitja sérfróðir menn, og útgáfa ritanna mundi verða eftir einhverja plani. — En hversu sem vér viðurkennum starf Bókmentafélagsins, þá er ekki hægt að viðurkenna, að það starfi eftir neinu föstu plani. — Stjórn Bókmentafélagsins starfar undir stjórn, sem kosin er árlega, svo það er engin trygging fyrir því, að þar verði ekki öllu gjörbreytt og umturnað að ári, sem gjört er í ár, og það því fremur, sem störf þess ganga þannig, að það liggur við borð, að því verði öllu umsteypt eftir því, hvaða stafsetning er höfð í því, og að félagið getur verið að þrefa hálfan dag um eintóma stafsetning. — Hvaða trygging er þá fyrir því, að slíkt félag geti gefið út vísindaleg rit og geri það eftir ákveðinni stefnu.

Eg álít því eðlilegt, að starfi Bókmentafélagsins sé snúið þannig, að það taki sér fyrir hendur, að gefa út fræðirit fyrir alþýðu manna, og þá hygg eg, að það mundi gera miklu meira gagn en nú, og þá væri meining í styrkveitingu þeiri, sem það fær, en nú sem stendur er engin trygging fyrir því, að sú styrkveiting komi að notum, meðan félagið hleypur úr einu í annað af handahófi.

Breytingartill. mín miðar til þess, að komið yrði fyrir sjónir vísindamannanna ýmsum heimildarritum frá fyrri tímum, sem hafa mörg mikla þýðingu fyrir rannsóknir í sögu landsins, og álít eg, að það hafi miklu meiri þýðingu fyrir þekking í sögu landsins, að þessi rit sé gefin út, og veitt sé fé til þess, en þótt veittur sé styrkur til að gefa út eða safna til sögu Íslands, og eg tala nú ekki um, þegar slíkt lendir í höndum þeirra manna, sem gjöra sig svo bera að táfræði og hlutdrægni í frásögnum sínum, að jafnvel þeir, sem ekki eru fagmenn, sjá, að handbragðið á verkum þeirra er eins og þau hefðu verið unnin »með blautum sjóvetlingum«?

Viðvíkjandi breytingartill. minum á þingskjali 276, þá hefir nefndin ekki getað gengið að þeim. — Eg verð að telja breytingartill. við 14. gr. B. 1. g. einkar-þýðingarmikla, þar sem farið er fram á, að veittar séu 2000 krónur til að verja jarðir landssjóðs í Leirvallarhreppi fyrir sandfoki með vatnsveitingum, og með því skilyrði, að ábúendurnir leggi að minsta kosti fram 500 krónur til verksins, og að styrknum sé varið eftir tillögum Landsbúnaðarfélagsins.

Viðvíkjandi þessu hefi eg talað við formann Landsbúnaðarfélagsins, og farið

þess á leit við hann, að búnaðarfélagið sendi mann austur til að undirbúa þetta verk með því, að gjöra nauðsynlegar mælingar, er þar að lúta, og hefir hann haft góð orð um, að félagið yrði við þessari beiðni.

Vildi eg því hreyfa þessu máli hér á þinginu, og heyra undirtektir deildarinnar, því það gæti verið til leiðbeiningar fyrir mig síðar.

Að eg hefi ekki hreyft þessu fyr, kemur til af því, að eg hefi ekki verið persónulega kunnur staðháttum á þessu svæði fyr en á síðastliðnum vetri. — Þar er um svo miklar víðáttur og landflæmi að ræða, að menn gera sér þar ekki ferðir um nema sérstakt tækifæri sé fyrir hendi. — Kom það fyrir mig í vetur sem leið, að fara þar um, og sá eg þá, að þar leit töluvert öðruvísi út en eg hafði gert mér hugmynd um. — Þar erú sandsléttur afarstórar, sem ógna svo jörðunum, að þær eru í bersýnilegum voða staddar. — Önnur sandálman liggur að austanverðu við Meðalland, en hin vestur með því að norðan alt vestur að Kúðafljóti; er þar fyrir sunnan og vestan graslendið í Kví vestur af fljótinu, og þrengir sandurinn að því meir og meir á tvo vegu. — Sandfokið á graslendi þetta má nú verja með því, að veita kvísl úr Eldvatninu austur með Meðallandinu alt austur í sjó, og með því yrði sandfokið heft. – Eg hefi beðið hreppstjórann þar, sem er greindur og gætinn maður og hefir dvalið þar um 40 ár, að gefa mér lýsingu af öllum staðháttum, og telur hann vafalaust, að alt Austur-Meðalland og jafnvel mikið af Vestur-Meðallandi mætti verja frekara ágangi með slíkri vatnsveitingu. — Jarðir á þessu svæði eru 16 að tölu, og að dýrleika 80 hundruð. — Ábúendur þar eru 28, en afgjald af jörðunum til landssjóðs nemur 700 krón., sem samsvarar því að jarðirnar væru að minsta kosti 16,000 kr. virði.

Eg hélt því, þar sem um jafn mikla eign er að ræða, að það mætti ekki mótspyrnu hjá fjárlaganefndinni að þetta fyrirtæki væri framkvæmt.

Þar sem h. framsögum. (V. G.) vísaði á 6000 kr. sjóð, sem hefði verið gefinn af sparisjóðsdeild landsbankans til sandgræðslu, þá er það misskilningur hans, að sá sjóður sé í vörzlum Búnaðarfélagsins. — Af þessu fé var varið allmikilli upphæð til sandgræðslu með vatnsveitingum milli Landbrotsins og Síðunnar. — Hefir það tekist vel, og er það einmitt sönnun fyrir því, að tillaga mín sé ekki bygð í lausu lofti; en mér er ekki kunnugt um, að það sem eftir er af þessu fé sé ákvarðað til sandgræðslu eða varnar sandfoki í austursveitum.

Eg vona því, að h. deild taki þessu máli vel; en sé því ekki sint nú, má eiga víst, að það kemur aftur fyrir þingið, unz það sinnir því. — En það er auðsær hagur fyrir landssjóðinn, að þetta sé gjört sem fyrst, og eg verð að álíta það óforsvaranlegt skeytingarleysi, að láta 16,000 kr. fara til eyðileggingar, þegar sönnun er fengin fyrir því, að hægt er að verja jarðir þessar fyrir frekari skemdum; en sé slíkt óheillaráð tekið, þá þvæ eg hendur mínar, og það verður að vera á ábyrgð nefndarinnar og háttv. þingdeildar.

Þá er breytingartil. frá mér við 114. gr. B. 9., að þar bætist inn nýr liður til Halldórs Guðmundssonar til að læra »Efektroteknik«, 600 kr. hvort árið. — H. framsögum. (V. G.) mælti margt til stuðnings þessari breytingartill., svo eg hugði framan af, að hann mundi eindregið mæla með henni; en það fór þó alt út um þúfur, þegar á átti að herða. — Hann gat þess, að hér lægju fyrir

tvær fjárbænir til sams konar náms, og væri því jöfn ástæða til, að styðja báða þá menn, er sótt hefðu; og hallast eg að því, að slíkt væri rétt. — Hér er um þá kunnáttu að ræða, sem gæti orðið landinu til afarmikils gagns, sem sé þekking á notknun rafmagnsins. — Hér eru ótæmandi uppsprettur til rafmagnsframleiðslu, og rafmagnið er þegar orðin einhver öflugasta lyftistöngin í framförum þessara tíma, og þó allar líkur til, að að henni kveði meira, er fram líða stundir.

Það er því að fleygja burtu gullinu til þess að spara skildingi'n, að neita að veita styrk til þessa náms, og þar að auki getur það verið vandséð, hvort allar þær styrkveitingar eru nauðsynlegri eða arðvænlegri, sem háttv. fjárlaganefnd hefir tekið undir sinn verndarvæng.

Viðvíkjandi manni þessum, sem styrksins æskir, þá skal eg geta þess, að hann hefir fengið sveinsbréf sem járnsmiður hér í bænum árið 1898, og fekk svo styrk hjá Iðnaðarmannfélaginu til utanferðar til að fullkomna sig í iðn sinni. — Þegar til Kaupmannahafnar kom, gekk hann þar til vinnu á Orlogsværftet og jafnframt á kvöld skóla, »det tekniske Selskabs Skole» til undirbúnings undir vélfræðispróf, og er hann nú á hinu tekniska akademíi. — Ætlar hann í haust að taka vélfræðisprófið, en ganga að svo búnu á elektrotekniska skólann, en námstíminn þar eru 3 ár fyrir þá, sem tekið hafa vélfræðisprófið, en 4 ár fyrir aðra. — Sækir hann um 900 kr. styrk á ári, en eg hefi fært það niður í 600 kr. og ætla honum það nóg. — Hann hefir góð vottorð frá öllum þessum stöðum, bæði frá hinu »tekniska akademíi« og iðnaðarmannafélagi íslenzkra manna í Kaupmannahöfn og frá Orlogsværftet, dags. 19. apríl 1901, og fær hann alstaðar orð fyrir, að vera allvel greindur og framúrskarandi iðinn og sérstaklega siðprúður. — Sjálfur þekki eg hann ekki persónulega, en eg þekki ætt hans, og kippi honum í kyn, þá ætti hann að vera duglegur og fylginn sér. — Núna rétt í þessu barst mér skeyti frá manni, sem er hér inni í deildinni, sem segist hiklaust geta gefið honum þann bezta vitnisburð af þekkingu sinni á honum, þegar hann gekk á alþýðuskólann hér í bænum. — Það sé fágætt, að hitta slíkan pilt, og hann sé drjúgur að gáfum, framúrskarandi iðinn, og siðprýði hans eftir því. — Án þess mér detti í hug, að mæla á móti því, að sams konar styrkur sé veittur til annars manns, þá álít eg þó, að þessi ætti að sitja fyrir, ef að eins um annan þeirra væri að ræða, enda er hann kominn ári lengra áleiðis við námið, þar sem hann hefir þegar tekið maskinist-examen. — En helzt vildi eg greiða atkvæði með báðum þessum mönnum, því hér mun nóg að starfa, ekki að eins fyrir tvo, heldur jafnvel fyrir fleiri menn með þessari kunnáttu. — Og sé svo, að menn gjöri sér von um, að hér geti komið upp iðnaður í líking við iðnað annara landa, þá hlýtur það einmitt að byggjast á Elektroteknik. — A henni verður vér að byggja framtíðarvonir vorar, og sérstaklega með verksmiðjur og iðnaðar-fyrirtæki, því vatnsaflinu er víða svo varið, að eigi það að koma að notum, verður fyrst að breyta því í rafsegulafl.

Björn Kristjánsson: Eg hefi komið með breyt.till. á þgskj. 328 um aukinn styrk til skóla Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Háttv. fjárlaganefnd hefir verið nokkuð spör í styrkveiting sinni, þegar hún ákvað styrkinn til skólans,

og lítur svo út, sem hún hafi ekki haft nægar upplýsingar um skóla þennan, enda eru þær of litlar í umsókninni. Nefndin gengur sem sé út frá því, að meistararnir styðji námspilta til bóklegs náms, og á því byggir hún, að hafa styrkinn ekki hærri. Sömuleiðis ætlast nefndin til, að meistararnir veiti námspiltunum ekki að eins styrk til að læra, heldur einnig nægan tíma til námsins frá vinnu sinni. Piltar koma hingað til iðnaðarnáms hingað og þangað að úr ýmsum stöðum á landinu, og eiga margir þeirra fáa að. Þeir eru ráðnir til námsins í 3—5 ár, og meistararnir eru ekki skyldir til, að kenna þeim neitt nema iðn sína. Þeir vilja láta þá vinna frá morgni til kvölds, og eru þeir skoðaðir fremur eins og daglaunamenn hjá kaupmönnum, en að þeir séu eins og í foreldrahúsum. Piltarnir hafa því engan tíma til bóknáms, og er það þó nauðsynlegt fyrir iðnaðarnámið. Stjórn Iðnaðarmannafélagsins fór því fram á það við meistarana, að stytta vinnutíma námspiltanna, svo þeir gætu lært á kvöldin, og samþyktu þeir, að gefa þeim eftir 3 tíma á kvöldin til bóknáms, ef þingið vildi styðja það með því að kosta kensluna, og þegar námspiltar þessir koma hingað, flestir þannig, að þeir eiga engan að, þá er það skylda þingsins að gera þessum 200 iðnarnemum mögulegt að njóta kveldkenslu; það er skylda þingsins að ganga þeim í foreldra stað að þessu leyti. Stjórn Iðnaðarmannafélagsins hefir sett reglur fyrir kvöldskóla sínum, en þær reglur hafa því miður ekki verið sendar þinginu. Þar á að kenna íslenzku, dönsku, reikning og fl. Ennfremur ensku þeim, sem óskuðu að læra hana, og þar að auki dálítið í bókfærslu. Þessir piltar hafa engan annan tíma til náms en kvöldstundirnar, og þó bærinn væri fullur af skólum, kæmi það þeim að engu liði, því þeir gætu ekki sótt þá. Það má geta nærri, hvílíkt gagn iðnnemendur geti haft af því, að geta notið 3 stunda kenslu daglega á hverjum vetri í 5 ár, og að það sé ástæða fyrir þingið að rétta þeim hjálparhönd, svo þeir geti orðið þessarar kenslu aðnjótandi. Áætlun Iðnaðarmannafélagsins um kostnaðinn við kenslu þessa er þannig:

Kenslukaup	kr.	643 50
Ljós og hiti	—	96
Ræsting	—	144
Umsjón	—	150

og til áhalda og ýmislegs annars fyrra árið kr. 326 50.

Allur kostnaðurinn er því fyrra árið um 1600 kr., en síðara árið 1300 kr. Frá Iðnaðarmannafélagsins hlið er það skoðað sem mannkærleiksverk, að styðja að því, að kensla þessi geti komist á, sem er bráðnauðsynleg fyrir framfarir alls iðnaðar, ekki að eins í bænum, heldur meira og minna út um alt land. Og það mælir því meiri sanngirni með því, að þessi kensla sé styrkt, þar sem 2500 kr. er varið af landssjóði til kvennaskóla hér í bænum fyrir þó að eins 40 nemendur í hæsta lagi, og Norðurland hefir Möðruvallaskólann, sem veittar eru 8—9 þús. kr. árlega, og það því fremur, sem hér er ekki að ræða nema um 1300 kr. styrk á ári, þegar kenslan er komin á. Eg vona því, að háttv. deild fallist á breyt.till. mína um, að hækka styrkinn til Iðnaðarmannafélagsins upp í 2200 kr. fyrra árið, þ. e. til kenslukostnaðar með áhaldakaupi 1600 kr., og 600 kr. til utanfararstyrks, en 1900 kr. síðara árið, eða 1300 kr. til kenslunnar, og 600 kr. til utanfarstyrksins. Það kom fram efi hjá háttv. frmsm. (V. G.), hvort rétt væri að leggja þetta fé í

hendur Iðnaðarmannafélagsins, en slíkt er alls ekki varhugavert, því eg held það engum vafa undirorpið, að félagið hafi varið vel því fé, sem því hefir verið veitt til styrktar iðnarmönnum til utanferða, og eg veit með vissu, að engar umkvartanir hafa komið í því efni, ekki einu sinni frá þeim, sem um þennan styrk hafa sótt, og hefi eg því fult traust til félagsins, að það muni gera sitt ítrasta til, að kenslan geti komið að fullum notum. Það er ómögulegt, að ætlast til þess, að meistararnir kosti kensluna, því þeir gjöra mikið með því, að gefa nemendunum tíma til námsins. Eg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um breyt.till., en vona, að hún verði samþykt.

Þórður J. Thoroddsen: Það var af því, að eg er riðinn hér við eina breyt.till., sem eg ætla að leyfa mér að standa upp. Það er um, að Þorkeli Þorkelssyni séu veittar 500 kr. hvort árið, til að stunda véla og rafmagnsfræði. Eg skal strax taka það fram, að eg kom ekki með þessa breyt.till. í þeim tilgangi, að spilla fyrir hinum manninum, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) ber fram, heldur að eins af því, að eg álít það sé nauðsynlegt, að veita báðum þessum umsækjendum styrk. Eg skrifa fullkomlega undir alt það, sem hann sagði um það efni, og vona til þess, að háttv. deild sé á sama máli um það, að það sé nauðsynlegt að styrkja fátæka efnilega menn til þessa, einmitt fyrir framtíð Íslands. Þessi piltur, sem eg flyt fyrir þessa beiðni, er mikið efnilegur piltur, að þeirra dómi, sem þekkja hann, og hann hefir fengið góðar meðmælingar frá félagi íslenzkra iðnaðarmanna í Kaupmannahöfn, og hefir það vottorð legið frammi hér á lestrarsalnum; er þar tekið fram, að hann sé sérstaklega reglusamur og iðinn piltur, og hann hafi aflað sér álits þeirra iðnaðarmanna og annara, er hafi kynst honum; og stjórn félagsins lýsir því yfir, að hún álíti, að hann sé efni í nýtan mann, sem geti orðið Íslandi að miklu liði. Þessi piltur er ungur, rúmlega tvítugur; er fæddur hérna í Hafnarfirði, komst á verksmiðju hjá Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn, þar sem hann er nú lærlingur; og hann hefir líka meðmæli frá þeim mönnum, og lýsa þeir því yfir, að hann sé mjög iðinn og efnilegur piltur. Eg álít því, að þingið geti fullkomlega, eftir þessum vottorðum að dæma, treyst því, að styrkurinn, sem þessum pilti verði veittur, komi í góðar þarfir. Eg skal taka það fram, ef það eru einhverjir, sem þykir það óviðkunnanlegt, að veita tveim mönnum styrk til þess að nema það sama, þá finst mér það fyrst og fremst ekki, ef það er nauðsynlegt á annað borð, að styrkja svona fyrirtæki, og svo hefir það verið áður gjört hér á þinginu, að tveim mönnum hefir verið veittur styrkur til þess að læra sömu ment; eg skal að eins benda á það, að á þingi '95 var veittur tveimur efnilegum mönnum styrkur til þess að fullkomna sig í myndasmíði; það voru þeir Skúli Árnason frá Akureyri og Einar Jónsson, sem nú er talað um hér á þinginu.

Einar Jónsson: Eg vildi að eins víkja fám orðum að háttv. 2. þm. Árn. (Sig Sig.), út af því, sem hann sagði um styrkinn til bifliufélagsins. Eg get ekki látið þau orð fara svo, að þeim sé ekki að einhverju leyti mótmælt. (*Sigurður Sigurðsson*: Þau voru ekkert ljót). Hann sagði meðal annars, að biflían væri ekkert merkari bók en margar aðrar. (*Sigurður Sigurðsson*: Eg sagði, það væri skoðun manna). Hann lýsti þeirri skoðun sem sinni skoðun. En eg hefi aldrei heyrt henni

haldið fram, hvorki af þeim, sem hafa haft hana í hávegum, eða þeim, sem hafa mótmælt henni. Svo sagði hann að það væri »viðurkent, að hún væri ekkert áreiðanlegri en hvert annað sögurit«. Veit eg það, að margir hafa sagt svo; en að það sé »viðurkent« veit eg ekki til.

Mér finst það ekki eiga við að kasta slíkum orðum fram um þá bók, sem við höfum allir haft svo mikið gott af, bæði svo við vitum og án þess við vitum. Hún er þó sú bók, sem hefir haft og mun hafa mest betrandi áhrif á hugsunarhátt og félagslíf manna; og þá bók er skylt að hafa í heiðri, og ber sízt á slíkum stað sem hér að kasta að henni þeim orðum, sem háttv. þm. hafði. Eg hygg helzt, að beztu áhrifin, sem hann hefir sjálfur orðið fyrir, að því er hans andlega hag snertir, eigi sína rót að rekja einmitt til þessarar bókar. En þessi bók, sem öld eftir öld hefir haft og mun hafa sín góðu áhrif, hún þarf líka að fylgja með tímanum hvað búninginn, þ. e. málið snertir Innihaldið er auðvitað hið sama, í hvaða búningi sem hún birtist; en hvað málið snertir, þá á hún auðvitað ekki jafnt við alla tíma. Hver, sem t. a. m. ætlar sér nú á dögum, að fara að nota Guðbrandsbiblíu eða Steinsbiblíu í staðinn fyrir þá þýðingu, sem við nú höfum, hann mundi fljótt finna til þess, að sá búningur, sem hún birtist þar í, á ekki við tímann nú. Háttv. framsm. (V. G.) gat þess, að þó ekki væri nema málsins sjálfs vegna, væri rétt af þinginu að styðja að því, að hún kæmist í þann búning, sem samsvaraði tímanum nú, og eg er honum samdóma um það. Málið á ritningunni hefir haft mjög mikil áhrif á vort móðurmál, og hefir það í hverju landi sem er; sú bók sem hefir eins mikla þýðingu fyrir mannlífið, eins og ritningin hefir haft, hlýtur einnig að hafa mjög mikil áhrif á málið, bók sem allir æskumenn læra meira eða minna úr, og sem hinir fullorðnu margir hverjir kynnast meir en nokkurri annari bók; þó þeir ekki lesi hana alla, þá heyra þeir sífelt við svo mörg tækifæri setningar og kafla úr henni, oftar en úr nokkurri annari bók. Hún grípur meir inn í lífið en nokkur önnur bók, og þess vegna á hún að vera á því máli, er samsvarar hverjum tíma. Þess vegna álít eg alveg rétt af þinginu, að veita styrk til þess, að hún geti birst í þessum búningi. Háttv. þm. vildi fremur ráða til að lesa Heimskringlu en biflíuna. (*Sigurður Sigurðsson*: Vegna málsins). Já, vegna málsins. Það getur nú vel verið satt, ef að eins væri um málið eitt að ræða, því að það er öllum kunnugt, að biflían hefir aldrei verið rituð á slíkt mál, sem er á Heimskringlu, og það efast víst enginn um, að málið á Heimskringlu er betra en nokkru sinni hefir verið á biflíunni. En mundi nokkur óska þess, að biflían kæmist á það mál? Aftur á móti vildi eg óska, að hún kæmist á það mál, sem samsvaraði eins vel nútímanum, eins og málið á Heimskringlu samsvaraði þátímanum, og til þess vildi eg, að þessi styrkur gæti hjálpað. Eg skil því ekki, að háttv. þingdm. verði á móti þeim styrk, sem hér er farið fram á, til þess að fá hana á gott nútíðarmál. Þetta er ekki nema styrkur til þess mikla verks, sem verið er að vinna, og þess vegna ekki vert að mótmæla honum.

Úr því eg stóð upp, vil eg lítils háttar minnast á eina breyt.till. h. fjárlaganefndar; það er viðvíkjandi þóknun fyrir starfið við forngripasafnið; eg hygg að hún hafi með nokkurri ógætni eða ekki með nægilegri athugun verið sam-

þykt af fjárlaganefndinni eða meiri hluta hennar. Mun það hafa komið mest af því, að menn ekki höfðu athugað nægilega, hvernig stóð á fjárveitingunni frá 1899. Þegar litið er á nefndarálitið 1899, þar sem stungið er upp á að færa styrk þennan upp í 600 kr., þá er ekki tekið fram, að nokkuð skuli skifta þeim styrk, heldur blátt áfram sagt, að í staðinn fyrir 400 kr. skuli veittar 600 kr. hvort árið til þess, að forngripasafnsvörðurinn geti bæði sýnt safnið oftar og tekið sér aðstoðarmann við það, þegar helzt þarf með. Eg hygg því, að fjárlaganefndin haldi ekki fast við þá br.till., sízt eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. landsh. hefir gefið viðvíkjandi þessu; og eg mun efalaust ekki vera henni fylgjandi fremur nú en í nefndinni.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Það er ein br.till., sem eg vil leyfa mér að minnast á; það er um fjárveiting til útleggingar bifliunnar. Það hefir verið tekið fram, að þetta gæti haft svo mikla þýðingu fyrir málið; en mér skilst að þessi styrkur sérstaklega sé ætlaður til Gamla-testamentisins, og eg get ekki verið á sama máli eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem álítur að gamlatestamentið hafi haft svo framúrskarandi áhrif á hugi manna. Það er einasta Nýja-testamentið, sem hefi haft það.

Gamla-testamentið er að mörgu leyti góð bók, og hefir sitt sögulega gildi. — Hvað málið snertir, þá vil eg taka það fram, að það er ekki svo fjarskalega alment að lesa svo mikið í Gamlamentinu, og þar að auki er ekki svo fjarskalega afleitt mál á því, að það sé ástæða til að breyta því nú þegar. — Þessi sama bænarskrá kom 1899, og þingið neitaði þá um styrk; það hefir ekki fundið ástæðu til þess þá, og eg finn þess vegna ekki, að það sé frekar ástæða til þess nú. Þó að biflíufélagið hafi ráðið mann til þessa starfa, þá er ekki sérstök ástæða til fyrir þingið að hlaupa undir bagga með að borga þeim manni. Þetta er líkt því, sem kom fyrir hér í gær í Nd., þar sem Húnavatnssýsla hafði bygt sér skóla, kom svo á eftir og ætlast til, að þingið hlaupi undir bagga með kostnaðinn. Þingd. áleit ekki ástæðu til að veita styrk til þessarar byggingar, sem þeir höfðu ráðist í af sjálfsdáðum, og finst mér ekki fremur ástæða til að veita styrk til biflíufélagsins, þó það sé búið að ráða mann til þess að framkvæma þetta verk, einkum þar sem þingið neitaði því áður.

Eg ætlaði að minnast á úthlutun á styrkinum til búnaðarfélaganna. Mér þykir landssjóðsjarðalandsetum gert nokkuð hátt undir höfði, í samanburði við leiguliða á öðrum jörðum. Það er engin sanngirni í því, að þeir, sem á landssjóðsjörðum búa og sæta oft betri kjörum en aðrir leiguliðar, skuli fá endurgjald fyrir jarðabætur sínar; þeir sitja vanalega í betri byggingu en hinir, sem hafa þetta 1—5—10 ára byggingu, hafa því lítil not sinna jarðabóta; og þó að þeir eigi samkvæmt landbúnaðarlögunum að fá endurgjald fyrir jarðabætur sínar, þá mun það oftast vera meira á pappírnum en í reynd inni. En landsjóðsjarðalandsetar hafa lífstíðarábúð og munu því jafnaðarlega hafa margfalt þann kostnað, sem þeir hafa lagt í jarðabætur.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.: Það er hér ein br.till., sem nafn mitt stendur á, sú, að veita kand. mag. Helga Jónssyni 1000 kr. styrk hvort árið til grasafræðisrannsókna. Eg hefði frekara óskað, að hún hefði komist í flokk með br.till. nefndarinnar, en samnefndarmenn mínir vildu ekki fallast á hana, og því varð eg að koma með sérstaka br.till. um þetta atriði. Eg verð að líta

svo á, að þessi maður hafi fyllilega verðskuldað, að landið styrki hann í rannsóknum hans, sem hann hefir byrjað fyrir löngu, og haldið áfram með miklum dugnaði. En það lítur út fyrir, að þingið og þjóðin meti ekki mikils rannsóknir á náttúru landsins, og virðist hugir manna á þessu landi hneigjast fremur að því að rannsaka það sem hefir skeð fyrir löngu síðan, heldur en það sem er að ske. Mönnum virðist ljúfara og fýsilegra að grúska í göml um skræðum, heldur en að afla sér þekkingar á náttúrunni til þess að geta gert sér hana undirgefna og notað hana sem bezt. Það virðist vaka fyrir þing inu sú skoðun, að það sé lítið á þeirri þekkingu að græða.

Annarstaðar er þessu öðru vísi hátt að; í öðrum löndum standa náttúruvísindin efst á blaði, enda er það viðurkent þar, að engin vísindagrein hafi hrundið þjóðunum eins áleiðis í menningu og velmegun, og að rannsóknir, uppteknar og framkvæmdar í vísinda legum tilgangi, hafi margsinnis og venjulegast leitt til stórvægilegra upp götvana, er hrundið hafa áfram atvinnuvegum þjóðanna í ýmsum greinum.

Af því að maður sá, er hér ræðir um er vinur minn, þá vil eg sem minst tala um hann persónulega, en eg vil að eins skýra frá því, að það eru nú 6 ár síðan að hann hóf rannsóknir sínar og öll þessi ár hefir hann eingöngu gefið sig við rannsóknum í gróðurríki landsins okkar. Hann hefir ekki leitað fyrir sér um stöðu erlendis, til þess að geta helgað þessum rannsóknum krafta sína óskerta, og hefir bókstaflega ekki á öðru að lifa en styrk þeim, sem hann hefir fengið til rannsóknanna frá Danmörku (Carlsberg Fondet) og eitthvað lítils háttar frá öðrum vísindastofn unum. Að hann hefir helgað landinu krafta sína, og neytir þeirra í þess þjónustu eingöngu, virðist mæla með því, að þingið líti með velþóknun á starf hans og liðsinni honum. Eg efast um, að nokkur maður í þessum sal geti borið um það frekara en eg, hverja þýðingu starf hans hafi. Og það er sannfæring mín, að það hafi mikla þýðingu. Rannsóknir hans hafa ekki náð eingöngu til vatnajurta, heldur líka landgróðurins. Hefir hann þegar ritað allmikið um það efni, og liggja þau rit hér til sýnis, og nú er byrjað að koma út hans aðalverk um íslenzka sæþara og þá miklu plöntufylling alla. Mönnum þykir það láta undarlega í eyrum, að rannsóknir á jurtum í hafinu, sem margar eru smásæjar, hafi praktiska þýðingu. En annarsstaðar er litið öðru vísi á slíkar rannsóknir. — Þess konar rannsóknir eru ávalt reknar samfara rannsóknum á fiskilífi sævarins, af því að það er vitanlegt, að alt æðra líf byggist algerlega á hinu lægra plöntu og dýralífi. Þessar rannsóknir eiga því beinlínis að verða einn liður í rannsóknum á fiskilífinu hér við land, og þær rannsóknir þurfa sannarlega að verða meir stundaðar en hingað til, et sá atvinnuvegur á að standa á föstum fótum. Menn hafa séð, hversu margar fiskiveiðasamþyktir hafa farið út um þúfur; það má segja hreint og beint, að öll fiskiveiðalöggjöf hafi farið í handaskolum eingöngu fyrir þá sök, að alla undirstöðuþekkingu vantaði. En augu manna eru ekki enn opnuð fyrir því, hvaða þýðingu allar náttúrurannsóknir hafa; það er eins og menn séu blindir fyrir því, að nákvæm þekking á sælífinu og öllu eðli sjávarins er undirstaðan og aðalskilyrðið fyrir því, að fiskiveiðarnar geti tekið verulegum framförum, á sama hátt eins og þekking á landjurtalífinu hefir stórvægilega þýðingu fyrir landbúnaðinn; og má það heita furðanlegt, að menn sem hafa

fengist við landbúnað og jafnvel stundað búfræðisnám, skuli geta lokað augunum fyrir slíku.

Eg vil ekki þreyta h. deild með langri ræðu, en ræð henni eindregið til að samþykkja þessa br.till.; eg vona að menn sjái, að það verða not að þessu fé; og er óhætt að segja, að oft hafi verið veitt hér meira fé til annars, sem ekki hefir verið praktiskara en þetta er, og það þing eftir þing. — Eg sé ekki betur en að þingið hljóti sóman vegna að sinna kröfu þeirra fáu vísindamanna, sem vér eigum, um styrk til rannsókna á landinu; allar aðrar þjóðir leggja mikla stund á að þekkja sitt land til hlítar, kosti þess og galla, til þess að geta hagnýtt sér það í sem fylstum mæli.

Eg skal geta þess að lokum, að Helgi er nú á rannsóknarferð um Suðurland, sem minst hefir verið rannsakað til þessa, með styrk af Carlsbergssjóði; ef hann ekki fær hann framvegis, og það kvaðst hann ekki hafa von um, þá neyðist hann til þess að hætta rannsóknum sínum; fái hann hér enga stöðu, því að óvíst er að hann fái styrk annarsstaðar frá. Vér getum varla búist við því, að Danir haldi stöðugt áfram að styrkja okkar vísindamenn án nokkurs stuðnings frá vorri hálfu. Eg álít meira að segja stór-vansæmandi fyrir oss, að lifa sífelt á bónbjörgum og láta aðrar þjóðir kosta það, sem oss sjálfum ber að kosta, ef við eigum að geta verðskuldað að heita sérstök þjóð.

Fái Helgi ekki þann styrk, sem hér er farið fram á, neyðist hann til að leita sér stöðu í útlöndum, og við það missir landið mikið, fer á mis við starf semi duglegs vísindamanns, sem hefir lifandi áhuga á því, að vinna landi sínu og þjóð gagn og sóma.

Hannes Þorsteinsson: Eg á hér nokkrar breyttill., sem því miður ekki hafa fundið náð fyrir augum háttv. fjárlaganefndar, nema að eins ein. Eg skal fyrst geta þeirrar við 14 A 1 c, viðvíkjandi landsbókasafninu. Í áliti fjárlaganefndar er lagt til, að styrkurinn til safnsins sé hækkaður upp í 4,500 kr. hvort árið, og það tekið fram, að það sé ætlað til að flýta fyrir samningu spjaldskrár og að afrita skjöl. Þetta síðasta er rétt og fullkomlega nauðsynlegt. Úr því að handritum þeim, sem vér gætum með réttu heimtað úr safni Arna Magnússonar, ekki er skilað, er þó betra að hafa hér afskriftir af þeim, heldur en ekkert. Hér höfum vér líka manni á að skipa, sem er einkar vel fallinn til þess starfa, kand. Guðmund Þorlákssson; hann er bæði nákvæmur og alvanur þeim störfum. Annars virðist það nokkuð undarlegt, að þessi fjárveiting til landsbókasafnsins er ekki sundurliðuð hér í fjárlögunum, eins og t. d. veitingin til landsskjalasafnsins, svo að maður veit ekki, hversu mikið fé er ætlað til hvers fyrir sig; eitthvað töluvert af því á líklega að ganga til samningar spjaldskrár, úr því að sú athugasemd fylgir, að henni skuli hraða. Það getur vel verið, að um 2000 kr. séu ætlaðar til þess, og ef svo væri kæmi það niður á bókakaupum safnsins og afritun handrita, og væri það næsta óheppilegt, því að safnið mundi þá ekki einu sinni geta keypt þær bækur, sem bráðnauðsynlegar eru á slíku safni. En þar vantar svo ákaflega margt af því, sem þar ætti að vera, einmitt af nýjustu ritverkum. Eg tala ekki um, þótt þar vanti stórmerk þýzk vísindarit. En safnið fylgist alls ekki með tímanum í bókmentum Norðurlanda á síðari árum. Þar vantar jafnvel merk dönsk ritverk, sem þýðingarmikil eru fyrir sögu vors eigin lands.

En hvað er þá þessi spjaldskrá?

Hún hlýtur að vera ákaflega nauðsynleg, úr því að hækka á styrkinn til safnsins vegna hennar! Þessi spjaldskrárfluga smaug hér inn á fjárlögin á síðasta þingi, í síðustu forvöðum, nfl. í Ed., og mér er óhætt að fullyrða, að téð til hennar var veitt í hugsunarleysi hér í Nd., að minsta kosti þingmenn vissu ekki hvað þetta var, sem þeir voru að veita fé til, þektu ekkert til þess. Annars mundu menn ekki hafa bitið svo auðveldlega á agnið. Hugmyndin er upprunnin í Ameríku og flutt hingað af manni, sem var um tíma riðinn þar við stórt bókasafn, og hefir líklega kynst þessum skrám þar. Þær eru hafðar þar í sumum bókasöfnum. Þessi svo nefnda spjaldskrá er mjög nákvæm skrá, hver bókartitill sér á spjaldi, og má stinga inn í, eftir því sem við bætist, svo að aðferðin er í sjálfri sér góð. En hún er seinleg og afarkostnaðarsöm, og því að eins notuð af bókasöfnum, sem hafa yfir miljónum að ráða. Í raun og veru er ekki hægt að lúka þessum spjaldskrám, þeim er aldrei lokið, svo lengi sem safninu berast bækur. Eg hefi heyrt því fleygt, að þessari spjaldskrá hér við landsbókasafnið eigi að vera lokið eftir 16 ár. Eg held að það sé dálítið skrítinn reikningur. Það er oftast svo, þegar um fjárveitingar er að ræða, sem eiga að standa mörg ár, þá er ekki lagt ofmikið í, verkinu þá talið lokið á mun skemmri tíma en raun verður á. Það mun því vera alveg óhætt, að tvöfalda þessa áratölu, og sé nú reiknað, að til þessa sé varið 2000 kr. á ári, verða það 60,000 kr., sem spjaldskrárnar kosta landið að lokum. Eg álít, að því fé sé mjög óheppilega varið; eg álít spjaldskrá handa landsbókasafninu ekki svo mikils virði, að tilvinnandi sé að kosta of fjár til hennar, úr vasa landsmanna. Eg get ekki tekið neitt tillit til þess, þótt maður sá, sem skrá þessa mun eiga að semja, sé févana eða styrksþurfi. Hann getur þá sótt um fé þetta undir eigin nafni, og séð þá, hvernig fer. Eg bið menn að athuga þetta áður en til atkvæða kemur, og samþ. breyttill. mína, að styrkurinn sé hækkaður um 200 kr. til samningar handritaskrár og til afritunar skjala. Að semja nákvæma handritaskrá tæki ekki langan tíma. Það yrði ekki svo mikið í samanburði við spjaldskrárverkið; en hversu nauðsynlegt það er, að hafa nákvæma handritaskrá, vita þeir bezt, sem handritasafnið nota; það er eflaust margt markvert enn hulið innan um annað ómerkara, af því að ítarlega handritaskrá vantar. Eg hefi sjálfur komist að raun um það, og fundið þar af tilviljun einni sumt fágætt og markvert. Eg verð að benda mönnum á, að athuga þetta vel, áður en þeir greiða atkvæði um brtl. Eg sé varla að menn geti forsvarað þessa fjárveiting gagnvart kjósendum sínum og sinni eigin samvizku. Það er hægt að hætta við spjaldskrána, og aldrei betra en nú, áður en miklu fé er búið að eyða til hennar. Það má vel vera, að það fari svo í þetta sinn, að ekki verði við hana hætt; en sá kemur tíminn, að það mun gert; það skal sannast. Og er því verra síðar.

Þá skal eg minnast á breyttill. á þgskj. 323, viðvikjandi styrknum til Valdemars Briem. Eg er á móti því, að honum sé veittar 800 kr. á ári, ekki af því, að eg álíti hann ekki heiðurs og viðurkenningar maklegan, heldur af því, að eg er principielt á móti skáldalaunum. Af sömu ástæðu er eg á móti 500 kr. til Þorsteins Erlingssonar. Hvað Valdimar Briem snertir, þá hefi eg lagt til, að honum sé veittar 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll sem heiðursgjöf. Háttv. framsm. (V. G.)

mælti móti þessu, og kallaði það minkun fyrir þingið, ef það veitti honum svona lagaða gjöf, en ekki árleg skáldalaun. I hverju sú minkun á að vera fólgin, skil eg ekki. Skárri er það nú minkunin! Það er auðvitað munur á fjáruppbæðinni; hún getur orðið 32000 kr., ef hann lifir í 40 ár, en hingað til hefir þótt svo mikil virðing samfara heiðursgjöf frá þinginu, að enginn hefir hlotið hana nema Jón Sigurðsson einn; það hefir verið stungið upp á henni margsinnis, en jafnan verið felt, af því að svo mikill sómi hefir þótt henni samfara. Eg þekki svo hlutaðeigandi, að honum mun ekki þykja mikið til þess koma, að fá laun af þeirri ástæðu, að hann sé svo fátækur, enda er það ekki rétt hermt, að fjárhagur hans sé erfiður. Eg álít, að hann muni verða þakklátari fyrir heiðursgjöf heldur en hitt, þó aldrei nema upphæðin sé minni. Þar sem háttv. framsm. (V. G.) þótti ákvæðið »eitt skifti fyrir öll« óviðkunnanlegt, eins og menn vildu binda hendur þingsins eftirleiðis, þá er auðvitað hægt að breyta því við 3. umr., og eg skal gjarnan láta það falla burt, ef það hneykslar háttv. framsm.

Um breytingartill. mína viðvíkjandi styrknum til Einars Jónssonar frá Galta felli þarf eg ekki að fjölyrða, enda hefir fjárlagan. fallist á hana.

Þá er viðaukatill. mín við 14 B 6, að af styrknum til búnaðarfélaganna sé varið 1000 kr. á ári hverju til verðlauna fyrir búnaðarframkvæmdir, miðað við efni og ástæður. Háttv. framsögumaður gat ómögulega fallist á þessa breyttill., af tveim ástæðum. Önnur var sú, að það væri þegar til verðlaunasjóður handa bændum, sjóður Christjans 9. Eg veit vel, að sá sjóður er til, en hann er svo lítill, að eins tvenn verðlaun á ári hverju, sem þar að auki eru alls ekki miðuð við efni og ástæður, og álít eg því þessi verð laun ekki óþörf fyrir það. Hin ástæða háttv. framsm. var, að til væri þegar lög um ræktunarsjóð fyrir landið, og veit eg vel, að sá sjóður hefir meðal annars það hlutverk, að verja nokkuru af vöxtunum til verðlauna fyrir framkvæmdir í búnaði, en eg veit ekki til að skipulagsskrá eða reglugjörð um þann sjóð sé útkomin enn þá, enda mætti vel kippa þessum verðlaunum burtu úr fjárlögunum eftir næsta fjárhagstímabil, ef ræktunarsjóðurinn sýndi rögg af sér í því, að verja allmiklu fé til verðlaunaveitinga.

Eg vil taka það fram, að eg hefi hugsað mér, að verðlaun þessi yrðu ekki eingöngu veitt fyrir túnrækt, heldur líka fyrir kálgarðarækt, túngarðahleðslu, húsabyggingar og alls konar aðrar jarðabætur, og ennfremur, að verðlaun þessi séu veitt eftir efnum og ástæðum, þannig, að tillit sé tekið til þess við veitingun , hvort einyrki á í hlut eða efnamaður. Það er ekki réttlátt, að svona löguð verðlaun lendi hjá þeim einum, er hafa bezt efni til að vinna mest. Mælikvarðinn verður að vera hinn, að fátæklingurinn geti fengið viðurkenningu fyrir dugnað sinn. Eg er sannfærður um, að svona löguð verðlaun, sem hér er stungið upp á, yrðu til þess, að örva menn og hvetja til ýmissa búnaðarframkvæmda.

Þórður Guðmundsson: Eg þarf reyndar ekki að standa upp til þess, að mæla með nokkurri sérstakri breyttill. En hitt er annað mál, að eg hefi margt við fjárlögin að athuga; ýmislegt af því er áður tekið fram af öðrum, en af því eg var ekki viðstaddur, þegar umræða þessi hófst, leyfi eg mér að tala nokkur orð, og það því fremur, sem eg man ekki eftir, að fram hafi komið jafnmargar breyttill. við fjárlögin og nú.

Hinn háttv. framsögum. nefndarinnar tók vara fyrir því, að greiða atkvæði með þeim breyttill., er ykju mjög gjöld landssjóðs, — benti hann á tekjuhallann, og hæstv. landsh. sömuleiðis; tekjuhallinn verður auðvitað því meiri, því fleiri breyttill. sem komast að. Eg fyrir mitt leyti er alveg samdóma þeim í þessu efni. En því skal játað, að fjárlaganefndin hefir farið varlega, ekki aukið gjöld landssjóðs um skör fram, og gert sitt til þess, að draga úr útgjöldum þeim, er farið er fram á í stjórnarfrumv.

Úr því eg hefi staðið upp, vil eg leyfa mér, að minnast á breyttill. á þgskj. 349, þar sem landbúnaðarnefndin fer fram á að veita 2000 kr. fyrra árið, til stofnunar slátrunarhúss í Reykjavík. Eg er nefndinni mjög þakklátur fyrir þetta. Hér eru sannarleg orð í tíma töluð, og þó fyr hefði verið. Eg bar mál þetta fram á síðasta þingi (1899), en það fekk því miður lítinn byr. H. framsm. taldi þess ekki þörf, og þótti mér fyrir, að hann skyldi vera þessu mótfallinn. Hann bar það fyrir sig, að nú væri maður erlendis, sonur kaupmanns, sem væri að kynna sér slátrunaraðferð og meðferð og verkun á kjöti; eg verð nú að líta svo á, að engin vissa sé fyrir, að maður þessi setjist að hér í Rvík, og engin trygging sé fyrir því, að oss sé að neinu borgið með þekkingu hans í þessu efni.

En slátrunaraðferðin þarf stórbóta við; bæði hún og meðferð sauðfénaðar á undan slátrun er með öllu ósamboðin tímanum. Eg leyfi mér að skírskota því til háttv. þm. Rvík (Tr. G.), sem er formaður dýraverndunarfélagsins, hvort honum hefir ekki oft ofboðið meðferðin á skepnunum. Eg efast alls ekki um það. En einkum hefir þó verið þörf á slátrunarhúsi síðan enska innflutningsbannið á sauðfé komst á. Við erum svo skamt á veg komnir í kjötverzlun, að kjötið getur varla heitið verzlunarvara, varla mannamatur. Það er að eins 1 kaupmaður á Suðurlandi, sem 1—2 síðustu árin hefir verkað svo kjöt, að það hefir komist í allgott verð í útlöndum, og verið talin allgóð vara. Við nánari athugun vona eg að háttv. fjárlaganefnd og framsm. komist á þá skoðun, að þetta sé mjög þarflegt landbúnaðinum.

Þá vildi eg minnast á brtt. á þgskj. 321. Eg er henni mjög hlyntur og vona, að hún nái fram að ganga. Á seinni tímum er mikið rætt um, hve landbúnaðurinn sé á tæpu stigi, framleiðslan á fallanda fæti og sveitabúskap stórum að hnigna. Þetta er ekkert skrum. — Þið sjáið fólkið streyma hópum saman til kaupstaðanna úr sveitunum, ágætisjarðir standa auðar, höfuðbólin leggjast í eyði og fögur engi eyðilögð. Þinginu ætti að liggja ríkt á hjarta, að snúa hugum manna og framkvæmdum að landbúnaðinum, hefta strauminn til kaupstaðanna, laga hörfurnar. Á hverjum einasta þjóðmálafundi kveður við raust, sem krefst þess, að eitthvað sé gert fyrir landbúnaðinn. En, má eg nú spyrja: Hvað er gert fyrir hann? Það er sannarlega smáræði. Við tölum mikið um skóla, mentun og menningu, og veitum talsvert fé til þess, og er það fjarri mér að hafa á móti því, ef alt annað lægi ekki í kaldakolum. — Þessi 1000 kr. verðlaun til bænda eru þó spor í rétta átt, en fús hefði eg viljað fjór- eða fimfalda upphæðina. Það er ekki séð í að auka eftirlaun embættismanna, hvernig sem þeir hafa staðið í stöðu sinni, en mér sýndist þarfara að veita þeim heiðurslaun, er það eiga skilið, af hverri stétt sem þeir eru

Eg er eindregið með till. og óska hjartanlega, eins og eg tók fram áðan, að unt hefði verið að fjór- eða fimfalda upphæðina.

Þá vildi eg ennfremur leyfa mér, að fara fáum orðum um viðaukatill. á þskj. 315, sem fer fram á, að útvega verkfræðing til að rannsaka og gera áætlanir um stærri fyrirtæki til vatnsveitinga. Hér er líka annað spor stigið í rétta átt hvað landbúnaðinn snertir.

Allir sem þekkja nokkuð til búskapar, hljóta að viðurkenna þýðingu vatnsveitinga fyrir grasræktina, og óskandi væri, að menn yfirleitt gerðu sér ljóst, hver þörf er á að auka hana. Hér er stórvægur auður ónotaður, grasið grotnar niður ónotað, vötnin æða viðstöðulaust áfram sinn farveg, án þess að þeim sé bægt frá því, að eyðileggja fegursta slægjuland, eða þeim sé beint í rétta átt til að frjóva jörðina. Þingið verður að hafa vakandi auga á því, að landbúnaðurinn er og verður hyrningarsteinn þjóðfélags vors og lífs. Það hefir reynst svo og mun reynast enn, að satt er hið fornkveðna: »svipul er sjávargjöf«. En þó eg álíti arðinn af sjávarútvegnum stopulann, er eg alls ekki mótfallinn því, að þilskipum fjölgi; það fer fjarri því; en fram með landbúnaðinn! — Vér hættum að verða þjóð, ef hann líður undir lok.

Eg skal nú ekki þreyta menn á oflangri umræðu, en að eins minnast á brtt. á þgskj. 323 (14. gr. A. 12 á atkvæðaskrá). Farið var fram á, að veita síra Valdimar Briem 800 kr. styrk hvort árið, en nú er stungið upp á því, að veita honum 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll og hallast eg fremur að því. Slíkar fjárveitingar eru að vísu að bera í bakkafullan lækinn og að mörgu ísjárverðar, ekki sízt þar sem búast má við, að þær verði þaulsætnar í fjárlögunum. Eg játa fúslega að maður þessi á sanna viðurkenningu skilið fyrir mikið og heiðarlegt starf, en hvað brtt. snertir, sést ekki hvort hér er að ræða um skáldlaun, heiðurslaun eða eftirlaun. Það væri vel farið ef þessi öld hefði það í för með sér, að á henni yrði öllum eftirlaunum breytt í heiðurslaun til þeirra er þau eiga skilið og ekki geta séð fyrir sér sómasamlega án þess. En hitt er þjóðarhneyksli, að róta í sterkríka embættismenn gífurlegum eftirlaunum, án þess þeir þurfi, og hvernig sem þeir hafa staðið í stöðu einni. Ekki mun það vera rétt, sem h. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að maður þessi ætti við þröng kjör að búa; hann er og hefir verið fremur velstandandi, en það sem því líður, er eg með því, að honum sé veittur 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll sem heiðurslaun.

Björn Bjarnarson (þm. Borgf.): Eg vildi leyfa mér að fara fáum orðum um brtt. mína á þskj. 301. Viðvíkjandi því að fella burtu 12. og 17. lið get eg skírskotað til hinna sönnu orða frsm., er hann sagði í ræðu sinni áðan: »að ekki sé ástæða til að styrkja slíkt, meðan svo margt hjá oss liggur í kaldakoli og vér sjáum oss eigi fært, að styrkja landbúnað og aðra atvinnuvegi«. Mér gengur alls ekkert persónulegt til þess að vilja ekki veita þessa styrki, en mér finst ekki vera ástæða til þess, þar sem í svo mörg horn er að líta og svo margt hjá oss »liggur í kaldakolum«. Þess hefir verið getið, og á því er eg líka, að verja mætti fénu til annars nauðsynlegra. Að vísu virðist h. fjárlaganefnd hallast nokkuð mikið að fátækrastyrks-pólitíkinni; en í því, eins og fleiru, vantar alveg samkvæmnina. Og landssjóður getur ekki bætt þörf allra fátækra.

H. fjárlaganefnd hefir farið fram á að nema burtu styrkveitingu til nafnkends manns, sem margt hefir ritað

þarflegt. Eg er yfir höfuð mótfallinn slíkum styrkveitingum; en þar sem hér er þó um ákveðið starf að ræða, sem ekki er fullgert, gæti svo farið, ef maðurinn yrði að hætta við hálfgert verk, að aldrei yrði lokið við það. Öðrum manni yrði þó ekki veittur styrkur til þess fyr en á næsta þingi. Eg á hér við styrkinn til Boga Th. Melsted. Eg skal að öðru leyti ekki mæla með þessari styrkveitingu; hæstv. landsh. hefir gert það. Háttv. framsm. tók það meðal annars fram sem ástæðu móti styrknum, að maðurinn hefði nóg fé úr annari átt. Þessu hefir að vísu verið mótmælt. En svo er á það að líta, að þótt svo væri, að maður þessi hefði nóg fyrir sig að leggja úr annari átt, þá hefir nefndin ekki tekið tillit til þess við ýmsa aðra, en í því ætti hún þó að vera sjálfri sér samkvæm, en það er hún ekki; að minsta kosti vill hún veita slíka styrki mönnum, sem eru í föstum, vel-launuðum embættum, en þessi maður hefir engan fastan lífeyri, ekki einu sinni um næstu 2 ár. Mótbára h. framsm. er því einkis virði; en að öðru leyti segi eg ekkert um verðleika þessa manns.

Mér virðist það ekki á rökum bygt, að fella burtu 19. lið 14. gr., styrkinn til Halldórs Lárussonar, eina hraðritara landsins. Tilganginum með fjárveitingunni til hraðritunarnáms er enn ekki að fullu náð. En skýrsla sú, er lögð hefir verið fram, sýnir, að maðurinn hefir fullnægt þeim skilyrðum, er þingið setti honum. Hann hefir kent 15 mönnum síðastliðinn vetur. — Eg efast ekki um, að okkar þing þurfi ekki síður en þing erlendis á hraðriturum að halda til þingskrifta, og það er viðurkent, að hraðritarar leysi það starf betur af hendi enn aðrir skrifarar.

Þá á eg brtt. á þgskj. 300 (14. gr. B 6) við brtt. á þgskj 260, um styrk til St. St. kennara, sem fer fram á, að lækka liðinn um helming, 1000 kr. í 500 kr.

Þessi styrkveiting nær engri átt, eins og högum þessa manns er nú háttað. Fyrst og fremst er þessi maður í fastri stöðu, sem hann er bundinn við mestan hluta ársins, og svo vildi til það slys í Skagafirði í fyrra, að hann var kosinn alþingismaður þar; það leiðir því af sjálfu sér, að hann getur ekki stundað það starf, sem styrkurinn er veittur til; og hvaða meining er þá í því, að veita honum styrk til hans? Hann mun hafa nóg að gera við Möðruvallaskólann að vetrinum og þingmenskuna að sumrinu. Vegna málefnisins er eg ekki á móti þessum styrk. En úr því má bæta með því að veita hann öðrum hæfum manni, sem ekki hefir öðru að sinna, enda er till. komin fram í þá átt. En þessar 500 kr. álít eg megi nægja til að gefa út skýrslu um árangurinn af fyrri fjárveitingu í þessu skyni.

Eg hefi svo ekki fleira að mæla, en mun sem fyrri láta atkvæði mitt sýna, hverju eg er með eða móti.

Hermann Jónasson: H. þm. Bf. (B. B.) var á þeirri skoðun, að styrkurinn til fóðurjurtarannsókna væri þarflegur. Eg get eigi verið honum sammála um það, og skal eg nú leitast við að gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Er það í styztu máli að segja, að eg hefi enga trú á að rannsókn þessi geti haft vísindalega þýðingu; það vantar öll skilyrði fyrir því. Eg varð hissa, þegar eg sá, að styrkveiting þessi var samþykt upphaflega, og enn meira undrandi var eg, þegar eg sá, að henni var haldið í fjárlagafrv. stjórnarinnar nú, þrátt fyrir það þótt ekkert lægi fyrir um árangur rannsóknanna. Eg

verð að segja það, að oft hefir þjóðin verið óánægð með fjárveitingar alþingis, en ekki hefi eg hevrt öllu ver mælast fyrir nokkurri annari fjárveitingu en þessari hjá henni.

Það sem eg hefi á móti fjárveitingunni er það, að rannsókn sú, sem hér ræðir um, hlýtur að verða ónóg og óáreiðanleg. Ef hún ætti að hafa nokkura fullnægjandi vísindalega þýðingu, þá þyrftum vér að hafa í landinu sjálfu vísindalega rannsóknarstöð, og hæfan mann til að standa fyrir rannsókninni, en slíkt mundi kosta þúsundir króna, jafnvel tugi þúsunda. Það hefir áður verið reynt að safna hér jurtum og senda þær til útlanda til rannsókna, og það hefir sýnt sig, að sú rannsókn hafði litla þýðingu; analysis sú, sem þá fór fram, varð hreint og beint til athlægis. Þetta stafar af því, að ekki er hægt að taka nema svo sáralítið af jurtunum og frá svo fáum stöðum; auk þess þorna jurtirnar upp og taka efnabreytingum frá því þær eru teknar til að senda þær út og þangað til rannsóknin getur farið fram, eða að minsta kosti er mjög hætt við þessu. Þetta leiðir svo til þess, að ekki er hægt að finna ýms þýðingarmikil efni í jurtunum, sem upphaflega voru í þeim.

H. framsm. (V. G.) tók það fram í dag, að það væri svo þýðingarmikið, að rannsaka jurtir hér á landi, af því að þær mundu vera svo ólíkar jurtum annarstaðar, og bar hann Feilberg fyrir sig í þessu. Þetta er engin ný kenning. Þetta veit hver athugull bóndi; hann hefir tekið eftir því, að beri hann eitt ár vel á útjaðar í túni sínu, þá spretta þar kraftmeiri jurtir en ef hann er látinn úburðarlaus. Þar vaxa þar ekki nýjar jurtir, en lífsskilyrði jurtanna hafa breyzt. Vér vitum það, að á sumum stöðum hér á landi eru sömu jurtirnar miklu kjarnbetri en á öðrum stöðum, skal eg nefna til þess Múlasýslur, Þingeyjarsýslu, og Vestfjörðu. En vér þurfum ekki svo langt að fara; vér þurfum ekki annað en athuga jurtirnar innan túns og utan, til að finna þennan mismun, þótt um sömu jurtina sé að ræða. Af þessu leiðir það, að ætti rannsóknin að hafa víðtæka vísindalega þýðingu, þá þyrfti að safna miklu af jurtum víðsvegar um land, og það er ekki nóg að þessi söfnun fari fram eitt sumar, heldur þarf hún að ná yfir fleiri sumur, því að mismunandi veðurlag, meiri eða minni væta, meira eða minna ljós hefir áhrif á samsetning jurtanna. Það þarf því sumar eftir sumar að halda áfram rannsóknunum, og þær að ná yfir land alt; annars verða þær kák. En til þessa þarf að sjálfsögðu stórfé. Vér vitum það, að flestar þjóðir hafa um mörg ár rannsakað jurtir hjá sér, og að hægt er að fá analysistöflur yfir jurtir, sem vaxið hafa í ýmis konar jörð, bæði frá norðanverðum Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Síberíu og úr Alpafjöllunum, yfir höfuð frá fjölda staða, þar sem svipað hagar til og hér á landi; og þótt það sé satt, sem h. framsm. (V. G.) sagði, að sama jurtin sé mismunandi eftir því, hvar hún vex, þá mun óhætt að fullyrða, að söfnum vér vandlega skýrslum um jurtarannsóknir í öðrum löndum, þar sem líkt stendur á og hjá oss, þá munum vér fá út úr þeim fult eins áreiðanlegan fróðleik um samsetning fóðurjurta vorra, eins og vér getum vænst að fá af rannsóknum þeim, sem nú er verið að styrkja af landsfé. Þegar eg nú lít á þessar rannsóknir, þá eru fyrst og fremst engar skýrslur komnar um árangur þeirra; en heyrt hefi eg að jurtirnar, sem til rannsókna voru sendur, hafi flestar verið úr Eyjafirði og Skagafirði, sem hvorttveggja

eru megringssveitir, og verður því fremur lítið á þessu að byggja, þótt nú rannsóknin hepnist vel í sjálfu sér. Eg þykist vita það með vissu, að það hafi að eins verið lítið af jurtum, sem út var sent til rannsókna, og sannorðir menn úr Skagafirði hafa skýrt mér frá því, að rannsóknir þar mundu öllu meira hafa gengið út á það, að grenslast eftir atkvæðum manna fyrir kjörfund, en hitt, að safna jurtum til rannsóknar. Ef vér viljum halda áfram að veita styrk til jurtarannsókna, þá sýnist mér um tvent að gera, annaðhvort að veita Helga Jónssyni hann, eða þá Stefáni Stefánssyni, þó ekki til fóðurjurtarannsókna, eins og nú, heldur til að rannsaka, hvaða jurtir vaxa hér á landi. Ef Helgi Jónsson fær ekki styrk — og eg verð að játa, að margt liggi okkur nær en að veita honum hann — þá er rangt, að þessi styrkur standi.

Ef vér nú athugum, hvort praktiskt gagn muni geta orðið að styrk þessum, þá tel eg það ekki líklegt, þegar litið er á ástand vort og fátækt landsins. Vér vitum, að fóðurjurtir eru mismunandi á ýmsum stöðum, en þótt vér vitum þetta, eigum vér einatt ekki kost á að breyta lífsskilyrðum þeirra; vér vitum, að taða er mjög misjöfn og að oft þarf ekki annað til að bæta hana en lokræsa túnið eða bera betur á það; þá fara að spretta þar hagkvæmar jurtir. Þó neita eg því ekki, að glögg þekking á samsetning fóðurjurtanna hafi að vísu verulega þýðingu, einkum sé um stórar túnasléttur að ræða, þar sem grasfræi er sáð. Vér vitum, að í mýrum er lélegt gras, en það eitt gagnar ekki, að gróðursetja þar plöntur af góðum tegundum; það þarf að ræsa mýrina fram og undirbúa jarðveginn svo, að hinar nýju plöntur geti þrifist í honum. Sá sem ætlar að taka að sér rannsóknir fóðurjurta, þarf að hafa til þess mikla undirbúningsmentun; hann þarf að hafa hirt skepnur vetur og sumar, hann þarf að hafa tekið vandlega eftir, hvernig hinar ýmsu fóðurtegundir og beitijurtir reynast búpen, ingi vorum, hvað bezt gefist kindum, hrossum og kúm, hver áhrif heyverkun hafi á notagildi heysins o. s. frv. Þessi bitlingsþegi, sem hér ræðir um, fór ungur í latínuskólann og þaðan beint á háskólann, síðan varð hann kennari við Möðruvallaskólann; hann hefir því ekki átt kost á þeirri praktisku undirbúningsmentun, sem nauðsynleg er til að geta leyst starf þetta af hendi; hann hefir ekki einu sinni þá teoretisku þekkingu, sem til þess útheimtist. Eg neita því ekki, að hann sé vel að sér í systematiskri grasafræði; en á fóðurjurta- og beitijurtarækt hefir hann ekki meiri þekkingu en hver annar. Það er því jafn-einkennilegt, að hann skyldi fara fram á, að sér yrði veittur styrkur þessi, og hitt, að hann fékk hann.

Það eru komnar fram tvær brt. viðvíkjandi fjárveiting þessari; önnur þeirra fer fram á, að styrkurinn sé lækkaður úr 1000 kr. í 500 kr., en hin fram á það, að liðurinn sé með öllu feldur burtu. Eg veit ekki, hvort síðari tillagan er fullrétt, því eitthvað hefir þó verið sent af jurtum á kemiskt laboratorium, og það mun þó réttast, úr því sem komið er, að fá rannsókn þeirra lokið þar og þær sendar heim, en til þess þarf nokkurt fé (*Stefán Stefánsson*: Það er fyrir hendi nóg fé til þess). Þá er eg ekki með brt. í þá átt, að 500 kr. séu látnar standa; en eg vil mælast til þess, að styrkþeginn skrifi eftir analysistöflunum og auglýsi þær t. d. í hinu opinbera auglýsingablaði, svo að kostur gefist á að sjá árangurinn af rannsóknarstarfinu, ef ske kynni, að það opnaði augun á þjóð og þingi fyrir gagnsleysi þeirra.

Magnús Torfason: Eg er hér riðinn við breytingartill. á þingskjali 349, sem fer fram á, að veittar séu 2000 kr. til þess, að koma upp slátrunarhúsi í Reykjavík. — Tillaga þessi er komin fram samkvæmt ósk kjósenda minna, og margra annara manna. — Það sem tillagan felur í sér, er, að gerð sé praktisk tilraun til að skapa markað fyrir íslenzkt kjöt. — Eg hefi nú alt af haft þá skoðun, að hollasti markaðurinn fyrir kjöt vort sé innanlandsmarkaðurinn, og með fram af þessu hefi eg ekki spyrnt á móti því, sem komið hefir sjávarútveginum til góða, því að efling hans ætti jafnframt frá þessu sjónarmiði að geta verið efling landbúnaðarins. — En þótt vér nú aðallega leitum markaðar fyrir kjöt vort inni í landinu, þá ríður eigi síður á, að vanda meðferð þess, og auk þess, sem við má búast, að vér verðum fyrst um sinn að leita með fram útlends markaðar handa því.

Það hafa heyrst þær raddir í blöðunum, að vér þyrftum að vanda betur kjötverkun vora en verið hefir og hagnýta betur hina parta skepnunnar; en þessu hefir lítill gaumur verið gefinn. — Eg hefði nú búist við, að Reykjavík mundi taka að sér mál þetta, að hún mundi sjá, að það væri henni líklegt til stórhags í framtíðinni, að það kæmist í gott horf. — En það lítur svo út, sem enginn sjái þetta þar. — Hér er ekki um stóran bitling að ræða, og ekki um bitling til neins einstaks manns, og því furðar mig á, hve kuldalega hefir verið tekið í tillöguna. — Bændur þeir, sem talað hafa, hafa lítið minst á hana, og rétt eins og þeir álitu þetta þýðingarlaust fyrir stétt sína, og það hefir meira að segja heldur verið spyrnt á móti tillögunni en hitt. — Eftir þessum undirtektum að dæma, þá verð eg að ætla, að mönnum sé ekki full-ljóst, hvað í tillögunni liggur; en meiningin er að útvega útlending til að stofna hér sláturhús eða hjálpa til að stofna það, og ekki einungis til að búa út kjöt til notkunar í landinu sjálfu, heldur líka til að búa út kjöt til útflutnings. — Það er mikið varið í, að slíkt lærist, því að oss dugar ekki annað en að laga oss eftir kröfum hins útlenda markaðar, því að hitt verður seinlegt og erfitt, að ætla sér að venja útlendingana við, að laga sig eftir vorum vörum. — Það hefir verið sagt, að þetta ætti að vera einstakra manna fyrirtæki, og að eigi ætti að þurfa opinberan styrk til að koma því á. — Eg skil ekki vel í þessari staðhæfingu, því þegar vér ætluðum að fara að bæta mjólkurmeðferðina og smjörgerðina, þá gripum vér til þess, að fá opinberan styrk til þess, að fá oss útlendan ráðunaut, og mun það naumast mega telja vanráðið; hér er tilætlunin að fara eins að. — Það er sjálfsagt, að mjólkurframleiðslan er mikil í landinu, en kjötframleiðslan er það líka, og eins og reynslan hefir gefið mönnum þá trú, að töluverðu sé kostandi upp á endurbætur mjólkurmeðferðarinnar, eins mundi reynslan sýna, að stórfé væri unnið við umbætur á kjötmeðferðinni. — Kjötverzlun hér í Reykjavík er orðin all mikil, og það er hneyksli, að eigi skuli vera hér til reglulegt slátrunarhús, er standi undir umsjón hins opinbera.

Það var mikið talað um það í blöðunum og á þingmálafundum í vor, að brýn þörf væri á, að styðja landbúnaðinn, en þegar á þing kemur, þá er nálega steinhljóð eða annað þaðan af verra. — Eg vona að menn kannist við þetta, og að tillögunni verði tekið vel, og að menn sjái, að hér sé farið fram

á eins þarflegt og margt annað, er þingið er einráðið í að styðja að. — Sérstaklega býst eg við, að h. þingm. Rvík. (Tr. G.) muni röggsamlega styðja mál þetta, og reyni þannig að koma í veg fyrir, eins og nýlega var kvartað yfir, að menn þyrftu hér að lifa á grindhoruðu graðneytakjöti.

Eg tók það fram áðan, að mér virtist landbúnaðarmálið ekki eiga góðum byr að sæta hér á þingi. — Það er ekki svo vel, að landbúnaðurinn sé látinn hlutlaus. — Áðan stóð upp einn af merkisbændum þingsins, og eg sá ekki, að hann ætti annað erindi en að hafa á móti tillögu, sem miðaði að því, að efla landbúnaðinn, nefnilega styrk til, að rannsaka fóðurjurtir. — Mér kom það nokkuð undarlega fyrir, að hann skyldi ekki þurfa að ræða um neitt annað, og ekki þurfa að leggja landbúnaðinum eitt einasta liðsyrði, og get eg ekki neitað því, að mjög kveður við annan tón á þingi um landbúnaðinn en vænta mátti og eg hefði búist við.

Eins og kunnugt er, þá hafa áður verið veittar 2000 kr. til þessa, og eg held það sé misráðið, að fara að hætta í miðju kafi og klípa utan af styrknum áður en nokkur árangur hefir orðið af þessu, og það er því undarlegra, þar sem það er kunnugt, að þessi maður, sem styrksins hefir notið, er nú búinn að láta prenta mikið verk »Flora Íslands», sem hann hefir fengist við í mörg ár án nokkurs styrks. — Einkum þykir mér þetta skrítið af því, að þessi háttv. þingmaðnr, sem mælti á móti þessum styrk, vill veita styrk öðrum manni, sem þingið undanfarin ár hefir rutt í 12—13 þúsundum króna með litlum árangri.

Eg skal þá víkja að breytingartill. á þingskj. 329, þar sem farið er fram á, að á landssjóðsjörðum og prestssetrum skuli dagsverkið metið 50% hærra en á öðrum jörðum. — Eg kann ekki alls kostar við, hvernig tillagan er orðuð, — eg sé ekki, hvern rétt prestar hafa til þess, að fá þetta fremur en t. d. landsetar þeirra, og einkanlega ef presturinn situr á prívat-eign sinni. — Eg get verið með þessu nú sökum þess, að eg álít, að þingið með þessu viðurkenni, að landsetar eigi alment meira skilið fyrir jarðabætur en landsdrotnar; en eg vil, að breytingartill. verði löguð við 3. umr.

Þá verð eg að fara nokkrum orðum um 16. liðinn í 14. gr. A. Nefndin vill fella þenna lið burtu, en svo komu hér við umræðurnar í dag mótmæli gegn því, og jafnframt var hnýtt í annan mann, sem fjárlaganefndin vill neita um fé í sama tilgangi. — Eg álít það ekki vel gert — ekki gustuk — að minnast með þessu móti á þennan lið til þess, að gefa mönnum ástæðu til þess, að mæla á móti honum. — Eg tók það fram, að eg áliti það ekki gustuk, því að mér er vel við þennan mann, sem oft hefir veitt mér marga ánægjustund, og oft hefir gefið mér ástæðu til þess, að hlæja hjartanlega. — En mér finst Bogi Melsted vera búinn að fyrirgera þeim rétti sínum til þessa styrks, því hann er búinn að fá mikið fé til þess, að rita þessa Íslands sögu, sem hann undanfarin ár hefir verið að burðast með — hann hefir til dæmis í útlöndum fengið minst 12,000 kr. til þess —, en það sem eftir Boga liggur fyrir alt þetta fé, er mjög lítið að vöxtum, en því lítilfjörlegra að efni. — Annars er heldur ekki von. — Honum hefir af forsjóninni aldrei verið ætlað, að finna púðrið — og hefir því aldrei haft hæfileika til þess, að fást við þetta verk. — Eg skil ekki annað, en að háttv. þingmenn kannist við, að þetta sé satt, ef þeir hafa lesið þésa

þann, sem Bogi Melsted hefir samið og látið útbýta hér í deildinni. — Eg verð raunar að játa, að eg hefi aldrei lesið þenna pésa — eg hefi satt að segja ekki haft þrek til þess — en eg rak þó augun í eina setningu, sem víst hefir átt að vera mikil speki, því með henni er klikt út. Setningin var sú, að valtýskan ætti að byggja allri mentun út úr landinu. — Eg veit ekki hvað öðrum háttv. þingmönnum sýnist um annað eins og þetta, en það er mín sannfæring, að maður, sem lætur annað eins og þetta frá sér fara, sé annaðhvort ekki með öllum mjalla, eða hann hefir einurð til, að bera það fram, sem flestir aðrir mundu blygðast sín fyrir, að láta sjást eftir sig.

Forseti: Eg verð að biðja háttv. þm. þegar þegar þeir tala um fjarverandi menn, að viðhafa þann takt og þá stillingu, sem heimta má af mentuðum mönnum og sjálfsagt er að hver þm. hafi, þegar hann talar hér í þingsalnum. (*Magnús Torfason*: Sannleikurinn verður að komast að).

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Það voru að eins fáeinar athugasemdir, sem eg ætlaði að gera. Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. talaði um, að sér þætti óviðkunnanlegt, að fjárlagan. ákvæði, að 100 kr. skyldi verja til umsjónar við forngripasafnið, þá skal eg taka það fram, að það var meining nefndarinnar, að það skyldi vera á valdi umsjónarmannsins við safnið, hvern hann tæki sér til aðstoðar, en ekki fastur maður, skipaður af yfirvöldunum, og þess vegna hefir nefndin ekki á móti, að þetta sé öðru vísi orðað.

Að því er snertir styrkinn til Boga Melsteðs, þá vil eg geta þess, að það er ekki fyllilega rétt hjá hæstv. landsh. að 1. bindi af sögunni sé búið. Eg veit það, að stjórn Bókmentafélagsins hefir verið reiðubúin nú í 2 ár, til að taka á móti því, hvenær sem eitthvað fengist hjá honum, en seinast nú í vor lýsti hann yfir því, að hann treysti sér ekki til að koma með neitt fyr en að ári. Viðvíkjandi Arna Magnússonar styrknum skal eg geta þess, að honum hefir verið skift þannig, að 1000 kr. eru veittar til vísindalegra rannsókna, og þær hafa verið veittar Boga síðustu 2 árin og verða sjálfsagt veittar honum næstu 2 ár. Það er því ekki rétt hjá háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að hann missi þenna styrk, því honum verður veittur hann, ef hann bara sækir um hann. Sami þm. benti á, að styrkurinn, sem hann fær af ríkisþinginu, væri bundinn við fjárveitingu frá alþingi, en eg vil benda honum á, að Bogi hafði ekki styrk frá alþingi síðasta fjárhagstímabil og misti þó ekki styrk frá ríkisþinginu. Það eru því engin líkindi til þess, að hann missi hann fremur nú. Eg skal ekki fara hér að dæma um ritstörf Boga, þótt eg sé eins fær um það eins og margur annar, en það verð eg þó að segja, að fremur lítið þykir mér að því kveða, sem eftir hann liggur. Auk þess er það, að hann hefir svo mikinn styrk nú þegar, að engin líkindi eru til þess, að hann afkasti meira, þó hann fái 600 kr. héðan. Hæstv. landsh. tók það fram, að síður væri ástæða til að veita Jóni Jónssyni styrk. Það getur verið, að honum finnist það; eg skal ekki þrátta við hann um það, því um það geta verið skiftar skoðanir, eins og annað, en eg verð þó að benda á, að þessi maður hefir haft styrk áður, en hefir engan styrk sem stendur, og þar sem þetta er efnilegur maður, þá virðist eins mikil ástæða til að láta hann fá eitthvað eins og að bæta við styrkveitingarnar til Boga, og láta engan ann-

an fá neitt. Auk þess er styrkurinn til Jóns ekki eingöngu til þess, að hann riti sögu, heldur er líka ætlast til, að hann haldi fyrirlestra í þeirri grein. Enn fremur hefir nefndin lagt áherzlu á, að hann ætti að rita sögu landbúnaðarins hér á landi, sem margir hafa óskað eftir að fá ritaða.

Viðvíkjandi breyttill. 1. þm. Arn. (H. Þ.), um að útbýta 1000 kr. til 5—8 bænda fyrir jarðabætur, þá virðist mér engin ástæða til þess, þar sem 2 sjóðir eru til, sem einmitt eru ætlaðir til þess sama, sjóður Kristjáns IX. og Ræktunarsjóðurinn, sem einmitt nú tekur til starfa. (*Landshöfðingi*: Reglugjörðin er komin). Þá þess heldur. Hér er um smáupphæð að ræða, en þar er mikið fé til útbýtingar. Eg er alls ekki á móti, að veita bændum fé til þess að efla framfarir hjá sér, þar sem þess er þörf, en hér get eg ekki séð, að slík þörf sé fyrir hendi. Háttv. þm. Borgf. (B.B.) tók það fram viðvíkjandi styrknum til fóðurjurtarannsókna, að hann væri hræddur um, að styrkþeginn gæti ekki sint þessu verki, vegna þingstarfa. Þetta, eins og margt annað, er misskilningur hjá háttv. þm.; það fer minstur tími til þess, að safna jurtunum, og styrkurinn er ekki aðallega veittur til þess, heldur til þess að sjá um, að plönturnar séu rannsakaðar »kemiskt«. Styrkþeginn er því að eins millilíður milli landssjóðs annars vegar og þess manns, sem rannsóknina gerir, hins vegar. Þm. Húnv. tók það fram, að enginn árangur hefði sést af þessari styrkveitingu enn. Þessu viðvíkjandi skal eg geta þess, að styrkþeginn hefir skýrt fjárlagarefndinni frá, að það sé vegna óhapps. Sami háttv. þm. tók það fram, að fyrir engri styrkveiting hefði mælst ver en þessari. Það get eg vel skilið, því almenningi getur ekki verið ljóst, hverja þýðingu þetta getur haft fyrir landbúnaðinn. Ef almenningi væri það ljóst, er eg viss um, að fyrir engri styrkveitingu mundi mælast betur. Hann kvað einnig þörf á að rannsaka þetta sumar eftir sumar. Hvers vegna vill hann þá hætta við þetta nú? Til þess að gera alt ónýtt, sem búið er að gera? Háttv. sami þm. sagði, að til væru töflur yfir þetta frá öllum löndum, sem aðrar þjóðir hefðu látið búa til, og hann sagði, að vér gætum notast við þær. En hvers vegna eru aðrar þjóðir að búa til slíkar töflur? Vegna þess, að þær álíta þær nauðsynlegar. Og hvers vegna nota þær ekki töflur frá öðrum? Af því, að þær álíta, að það sé ekki neitt á því að byggja. Það er ekki víst, að sama planta hafi sama næringargildi í t. d. Danmörku og Svíþjóð, og þess vegna þarf að rannsaka það, og alveg það sama gildir fyrir þetta land.

Háttv. þm vildi einnig finna þessum rannsóknum það til foráttu, að plönturnar, sem út væru sendar, væru mestmegnis úr Eyjafirði og Skagafirði, sem væru megringssveitir; en eg man ekki betur en að einhvern tíma hafi verið sent hey frá Hólum í Skagafirði til rannsókna og að það reyndist kjarngott — jafnvel korngæft, og það bendir þó ekki, á að það sé mjög orð á því gerandi, hvað Skagafjörður sé magur.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V-Skf. (G.G.) tók fram, að breyttill. á þgskj. 329 væri óheppilega orðuð, þá skal eg geta þess, að nefndin mun athuga það nákvæmlega og koma með breyttill. þar að lútandi við 3. umr.

Að endingu skal eg leyfa mér að minna hina háttv. deild á, að fara varlega í að auka tekjuhallann mjög mikið, því það er leiðinlegt, að þurfa að láta Ed. skera mjög mikið niður og

vera nokkurs konar fjárhaldsmenn vora.

Hermann Jónasson: Í tilefni af því, sem framsm. sagði, að það hefði verið sent hey til rannsókna frá Hólum, þá vil eg að eins skýra háttv. deild frá því, að það er eitt með fleiru, sem hefir sannfært mig um það, hve erfitt væri að senda heysendingar til útlanda til þess að láta rannsaka þær. Hinn núverandi skólastjóri á Hólum sendi einu sinni dálítið af útheyi og töðu til landbúnaðarháskólans í Khöfn, og þar var það rannsakað, og sú skýrsla sýndi það glögglega, að það er ómögulegt að slíkar heysendingar geti haft nokkra þýðingu, því »resultatið« var, að útheyið reyndist mikið kraftbetra en taðan; svo eg verð að taka það fram, að útheyið var mikilgæft hey, ekki beinlínis slæmt hey, en mikilgæfara en eg hefi þekt í Þingeyjarsýslu og víðar. Það er einmitt þetta atriði, sem sýnir það svo glögt, að þetta getur ekki haft nokkra vísindalega þýðingu. En er til athláturs fyrir þá, sem hafa þekking á þessum efnum.

Sigurður Sigurðsson: Það voru tvær stuttar athugasemdir, sem eg vildi gera. Eg hefði nú satt að segja kosið, að h. 1. þm. Húnv. (H. J.) hefði ekki gengið svo langt eins og hann gjörði áðan, í því að mæla móti styrknum til Stefáns Stefánssonar. Það situr nú illa á mér, að deila við minn gamla og góða kennara, hvaða þýðingu þessi styrkur hafi; en mér fyrir mitt leyti blandast ekki hugur um það, að hann hafi mjög mikla þýðingu fyrir okkar búfræði og okkar grasrækt. Mér fanst það koma í ljós í ræðu háttv. þm., að hann efaðist um hæfileika viðkomandi manns, sem styrksins nýtur; en það hélt eg sízt af öllu að því væri til að dreifa; eg veit ekki betur en að hann sé þektur »Botaniker«, og sérstaklega lagt áherzlu á að kynna sér fóðurjurtir. Eg hygg líka, að þessi maður hafi við fleira að styðjast en »theoríuna« eina, þar sem hann hefir stórt bú, eitt með fallegri búum á Norðurlandi, og stýrir því máske flestum betur. Eg held þess vegna, að þessi styrkur hafi einmitt verið heppilega valinn, og eg vona honum verði haldið fram eins og fjárlaganefndin hefir lagt til.

Svo þurfti eg að víkja fám orðum til háttv. þm.N Múl. (E.J.). Hann var að taka mig til bæna út af biblíustyrknum. Eg hafði aldrei á móti því, að biblían kæmist á betra mál; en það var það, sem eg hafði á móti, að sú þýðing væri kostuð af landsins fé. Ef það er svo áríðandi, að koma henni á betra mál, þá held eg að biblíufélagið og þessir andlegu guðsríkisþjónar geti hjálpast að því, að koma henni á betra mál en nú er. Að gamla testamentið hafi haft bætandi áhrif á siðferði manna, um það geta verið skiftar skoðanir. Eg skal játa, að eg hefi haft gaman af að lesa gamla testamentið, haft gaman af þessum ribböldum, sem þar koma fyrir, eins og af hverjum öðrum fornaldarhetjum; en að gamla testamentið sé sérstaklega lærdómsbók í siðferði, hélt eg að mönnum mundi koma saman um að ekki væri. Eg ætla ekki að fara að koma með dæmi þessu til sönnunar; það nægir að nefna Salomon, sem átti 300 konur og 700 hjákonur.

Það hefir verið minst á styrkinn til prófastsins í Arnessýslu; mér hefir komið það það hálfleiðinlega fyrir eyra, að heyra þm. hér í deildinni vera að tala um efnalegar kringumstæður þess heiðursmanns. Eg er sannfærður um, að ef hann skilur það, að honum sé veittur styrkurinn sem fátækrastyrkur, þá er hann svo stór maður, að hann þiggur hann ekki. Eg hallast helzt að því, að honum verði veittur heiðursstyrkur. Því

var hvíslað að mér í morgun, að þetta væri ekki í góðu samræmi við skoðun mína á bibliunni, þar sem hans aðalverk væri Bibliuljóðin, eða ljóð út af bibliunni. En get ekki fundið, að þetta sé nein ósamkvæmni. Menn geta ort um alt mögulegt, og ort ljómandi fallega; og það á ekki að vera neitt grundvallaratriði, um hvað maður yrkir, heldur hvernig hann yrkir, og hver áhrif það sem hann yrkir hefir á hugsunarhátt þjóðarinnar.

Það liggur líka fyrir hér tillaga frá fjárlaganefndinni um styrk til annars manns, skálds, sem við viðurkennum allir að er skáld. Við gætum nú haft svoleiðis hausavíxl á hlutunum, að styrkurinn til biblíufélagsins verði veittur þessum manni til að yrkja eitthvað betra eða öðruvísi um bibliuna heldur en síra Valdimar hefir gjört. Honum er trúandi til þess.

ATKVGR.: Breyttill. 260 við 14. gr. A samþ. með 19 atkv.

Breytill 260 við A 1 c samþ. með 14 atkv.

Breyttill. 322 við 14. gr. A 1 c feld með 12:8 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 3 b samþykt með 18 atkv.

Breyttill. 320 við 14. gr. A 3 feld með 11:11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	B. Bjarnarson, Bf.
Hannes Hafstein,	B. Bjarnarson, Dal.,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Torfason,
Jósafat Jónatanss.,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðss.,	S. Stefánsson, Eyf.
Skúli Thoroddsen.	S. Stefánss., Skgf.,
Þórður Guðmundss.	Tr. Gunnarsson.
Þórður Thoroddsen.	Valtýr Guðmundss.

Breyttill. 320 2 við 14. gr. A 3 samþykt með 12:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Björn Bjarnars.Dal.
Guðl. Guðmundsson,	Hermann Jónasson,
Bj. Bjarnason, Bf.	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Magnús Torfason,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	Stef. Stefánss., Skf.
Sig. Sigurðsson,	Tr. Gunnarsson,
Stefán Stefánss. Eyf.	Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddson,	

Breyttill. 260 við 14. gr. A 6 b feld með 12:9 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 8 samþ. með 13 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 8 samþ. með 12 atkv.

Breyttill. 301 við 14. gr. A 12 feld með 12:7 atkv.

Breyttill. 323 við 14. gr. A 12 feld með 13:8 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 12 samþ. með 13 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 12 samþ. með 13 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 16 samþ. með 13:7 atkv.

Breyttill. 260 við 14. gr. A 16 samþ. með 16 atkv.

Breyttill. 301, 314, 325 við 14. gr. A 17 feld með 11:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Bj. Bjarnarsson, Bf.	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnarson Dal.	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Torfason,	Skúli Thoroddsen,

já: *nei*:
Olafur Briem, St. Stefánsson, Skf.,
Sig. Sigurðsson, Tr. Gunnarsson,
Stef. Stefánss., Eyf., Valtýr Guðmundss.,
Þórður Guðmundss. Þórður J. Thorodds.

Breyt.till. 260. við 14. gr. A. 17 samþ. með 14 atkv.

Breyt till. 260. 1. við 14. gr. A. 19 samþykt með 12 : 1.

Breyt.till. 260. 2. við 14. gr. A. 19 samþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: *nei*:
Einar Jónsson, Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnarson, Dal., Bj. Bjarnars., Bf.,
Björn Kristjánsson, Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein, Jósaf. Jónatansson,
H. Þorsteinsson, Lárus Bjarnason,
Herm. Jónasson, Magnús Torfason,
Pétur Jónsson, Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson, St. Stefánsson, Eyf.,
Skúli Thoroddsen, Þórður Guðmundss.
St. Stefánss. Skgf.,
Tr. Gunnarsson.,
Valtýr Guðmundss.,
Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. 260. 3. við 14. gr. A. 19 samþykt með 15 atkv.

Breyt.till. 260. 4. við 14. gr. A. 19 þar með fallin.

Breyt.till. 260. 5. við 14. gr. A. 19 samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 343. við 14. grein A. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 338. 14. gr. A. feld með 13 : 4 atkv.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 1. b. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 329. við 14. gr. B. 1. b. samþ. með 14 : 4 atkv.

Breyt.till. 276. við 14. gr. B. 1. b. tekin aftur.

Breyt.till. 353. við 14. gr. B. 1. c. feld með 13 : 7 atkv.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 1. c. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 321. við 14. gr. B. 1. c. tekin aftur.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 1. d. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 1. e. tekin aftur.

Breyt.till. 327 við 14. gr. B. 1. e. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 329. við 14. gr. 1. e. þar með fallin.

Breyt.till. 349. við 14. gr. B. 1. e. samþykt með 15 : 7 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: *nei*:
Guðl. Guðmundsson, Einar Jónsson,
Björn Bjarnars., Bf., Hermann Jónasson,
B. Bjarnarson, Dal., Jósafat Jónatanss.,
Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein, Olafur Briem,
Hannes Þorsteinss., St. Stefánsson, Eyf.,
Jóh. Jóhannesson, Valtýr Guðmundss.
Magnús Torfason,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
St. Stefánsson, Skgf.,
Tr. Gunnarsson,
Þórður Guðmundss.,
Þ. J. Thoroddsen.

Breyt.till. 260. 1. við 14. gr. B. 1. g. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260. 2. við 14. gr. B. 1. g. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 276. við 14 gr. B. 1. g. feld með 11 : 7 atkv.

Breyt.till. 315. við 14. gr. B. feld með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. 354. við 14. gr. B. 6. feld með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. 300. við 14. gr. B. 6. feld með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 6. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260. 1. við 14. gr. B. 7. samþ. með 12 atkv.

Brt.till. 260. 2. við 14. gr. B. 7. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 328. við 14. gr. B. 8. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. 260. við 14. gr. B. 8. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 260. 1. við 14. gr. B. 9. samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260. 2. við 14. gr. B. 9. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260. 3. við 14. gr. B. 9. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 276. við 14. gr. B. 9. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 335. við 14. gr. B. 9 feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 313. við 14. gr. B. 9. feld með 14 : 2 atkv.

14. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

Þá var tekið til umræðu það, sem eftir var af frumv., 15. grein og til enda.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Við 16. gr. hefir nefndin gjört nokkrar breytingar, og er gjörð grein fyrir þeim í nefndarálitinu, svo ekki er ástæða til að minnast á þær, nema breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar, þingskj. 317, um 150 króna viðbót við eftirlaun síra Péturs Guðmundssonar.— Það lá fyrir nefndinni beiðni um 100 kr. árlega viðbót, og var farið fram á, að hún yrði veitt aftur í tímann frá því hann fekk lausn frá embætti. — En nefndin þóttist ekki geta ráðið til, að veita þessa viðbót, nema fyrir eftirtímann, og heldur fast við, að að eins skuli veitt 100 krónur. — Það hefir verið tekið fram í umsókninni, að veitingarvaldið hafi ekki farið sem bezt með þennan mann; honum hafi verið veitt embætti með fyrirheiti, sem ekki hafi verið uppfylt. — Þannig var hann prestur í Grímsey 27 ár, en varð þá að fara þaðan fyrir heilsubrest konu sinnar, og fekk lausn frá embætti. — Til þessa hefir verið tekið tillit, þegar eftirlaun hans voru ákveðin, og þegar nú nefndin leggur til, að hækka þau um 100 krónur, þá verður ekki með sanni sagt, að hann hafi orðið fyrir illri meðferð af þingsins hálfu. — Ef til vill hefir hann þörf á meira, en það má segja um svo marga. — Eg er hræddur um, að þeir, sem komu fram með þessa breytingartillögu, hafi heldur spilt en bætt fyrir hlutaðeigandi með henni.

Eg hefi svo ekki annað að athuga, en nokkrar breytingar við athugasemdirnar aftan við fjárlögin. — Þar er farið fram á, að veita megi úr viðlagasjóði alt að 20,000 kr. lán til stofnunar mjólkurbúum, og sömuleiðis úr viðlagasjóði alt að 15,000 kr. lán Hirti Hjartarsyni og félögum hans, til þess að koma upp trésmíðaverksmiðju í Reykjavík. — Nefndinni virtist eftir skýrslum þeim, er umsókninni fylgdu, að töluvert útlit væri fyrir, að all-mikill hagur yrði að þessu, og beiðnin var hins vegar svo hófleg, að nefndinni virtist full ástæða til, að sinna þessu. — Á þingskj. 355 hefir komið fram breytingartill., sem fer fram á, að veita St. Jónssyni snikkara og B. Jónssyni lán til líks fyrirtækis, en beiðni frá honum lá og fyrir nefndinni og þriðja manni til, en nefndinni virtist, að allir þessir menn ættu að slá sér saman, og gætu hinir 2 síðastnefndu gengið í félag með Hirti og félögum hans. — Nefndin verður því að mæla á móti tillögunni á þingskjali 355.

Þá hefir komið beiðni frá sútara A. E. Berg á Seyðisfirði um 10,000 kr. lán til að koma betur fótum undir sútunarfyrirtæki, er sett hefir verið á stofn á Seyðisfirði, og með því að nefndin er á

þeirri skoðun, að nauðsyn sé á að koma upp skinnsútun, þar sem svo mikið er til af skinnum og þau illa verkuð, þótti henni ástæða til að veita lánið, og vill hún ekki binda ábyrgðina við sýslufélag Norður-Múlasýslu eða bæjarfélag Seyðisfjarðar, svo að hlutaðeigandi geti notað lánið, þó hann ekki fengi ábyrgð hjá þessum félögum, en yrði að leita til annara bæjarfélaga eða sýslufélaga. Nefndin vill yfir höfuð styðja að því, að iðnaður komist upp í landinu og leggur því með þessu. Þá hefir nefndin lagt það til, að hlutafélagi á Seyðisfirði yrði veitt alt að 65,000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að stofna klæðaverksmiðju. Eins og menn vita, var á síðasta þingi heimilað, að verja alt að 5000 kr. til rannsókna viðvíkjandi klæðaverksmiðju hér á landi og undirbúnings hennar.

Hafa margir fundið sárt til þess, hve lítið er unnið úr ullinni, sem við höfum, og hve lítið okkur verður úr henni. En svo er annað komið til, sem er verra; menn eru teknir upp á því, að vinna ekki sjálfir föt sín úr ullinni, en senda hana til útlanda og láta vinna hana þar, og kostar það mikið fé, sem þannig gengur út úr landinu. Það vakti því fyrir síðasta þingi, að nauðsynlegt væri að koma hér á stofn klæðaverksm., og veitti því þingið heimild til að verja alt að 75,000 kr. til að taka hluti í klæðaverksmiðju, er komið yrði á stofn, ef það þætti tiltækilegt. Nú hefir stjórnin falið verkfræðing Knud Zimsen að rannsaka þetta mál, og hefir álitsskjali hans verið útbýtt hér í deildinni. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að fyrirtækið sé arðvænlegt og að hentugast mundi að setja verksmiðjuna á Seyðisfirði, bæði vegna þess, hvernig vatnsafli er þar háttað, og samgöngur greiðar, og þó einkum vegna þess, að á Seyðisfirði sitja umboðsmenn norsku klæðaverksmiðjanna og yrði því samkepnin við þær verksmiðjur auðveldari á Seyðisfirði. Næst hentugasta staðinn telur verkfræðingurinn Akureyri. Það hefir komið til þingsins beiðni frá Eyfirðingum um styrk til klæðaverksmiðju, 30,000 kr. styrk og 30,000 kr. lán, en en frá Seyðisfirði um 65,000 kr. lán. — Á þgskj. 332 er br.till., sem fer fram á að bæta við heimildina til að veita Seyðfirðingum hið áminsta lán svo látandi athugasemd: »Ef hlutafélag á Seyðisfirði notar eigi lánsheimildina árið 1902, má veita öðru hlutafélagi lánið með sömu skilmálum«. Þessi till. miðar að því, að öðrum hlutafélögum skuli heimilað að fá lánið, skyldi svo fara, að Seyðfirðingar hefðu ekki nægilegt fjármagn til að setja á stofn verksmiðjuna, og telur nefndin heppilegt að það sé tekið fram.

Þá er önnur br.till. á 318, sem fer fram á, að fyrir »til lánveitingar handa hlutafélagi á Seyðisfirði« komi »til lánveitingar handa hlutafélagi á Seyðisfirði eða Akureyri«. Þessi br.till. virðist ekki jafnheppileg og hin, af því niðurstaðan af rannsóknunum er sú, að Seyðisfjörður sé heppilegasti staðurinn, og virðist því ekki rétt að Akureyri sitji í fyrirrúmi, en landsstjórnin gæti skilið þetta svo, ef það væri orðað svona. Þá hefir nefndin farið fram á, að veitt yrði úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. hvort árið til þilskipakaupa og þilskipabygginga, en á þgskj. 306 er farið fram á að hækka þessa veitingu upp í 60,000 kr. hvort árið og veita 6000 kr. til hvers skips í stað 5000 kr., sem nefndin stingur upp á. Þessari br.till. er nefndin algjörlega mótfallin, og býst hún við, að fullríflega sé í farið, að veita 30,000 kr., þegar tekið er til tillit til, hve mikið er lánað og hve vel það gengur stundum að fá slík lán úr viðlagasjóði. Þá fer nefnd-

in fram á, að veitt sé úr viðlagasjóði alt að 15,000 kr. lán til ísgeymslufélaga eða einstakra manna, er byggja ísgeymsluhús, og alt að 50,000 kr. lán til þess að byggja þurra þilskipakví við Faxaflóa. En á þgskj. 305 ar farið fram á, að í stað hinnar síðastnefndu lánveitingar komi »30,000 kr. lán til þess að gjöra tvær dráttarbrautir (slip), svo að draga megi þilskip á land, aðra í Hafnarfirði og hina í grend við Reykjavík«. Eg skal ekki fjölyrða um þetta, því formaður nefndarinnar mun skýra það betur; en persónulega mundi eg fult eins vel óska, að br.till. yrði samþykt. Mér er kunnugt, að í Færeyjum er slíkt dráttarverkfæri notuð og reynast vel, og væri þetta líklegt til að komast í framkvæmd. Fleira hefi eg svo ekki að segja í bráð.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.: Þar sem eg hefi komið fram með br.till. á þskj. 317, þá ætla eg að fara um hana nokkrum orðum; eg þarf ekki að vera fjölorður, því á lestrarsal þingsins hefir legið skýrsla, sem gjörir grein fyrir ástæðunum til þess, að tillagan er fram komin. Þessi skýrsla eða beiðni er frá síra Pétri Guðmundssyni, og fer fram á, að þingið bæti 100 kr. árlega við eftirlaun hans frá þeim tíma, er hann hætti prestsskap, 1895, eða með öðrum orðum, veiti honum 600 kr. fyrir liðinn 6 ára tíma frá því hann fekk lausn frá embætti og framvegis árlega 100 kr. Ástæðurnar eru þessar: Árið 1868 fer hann, aðallega eftir ósk biskupsins, út í Grímsey sem þjónandi prestur að Miðgörðum, þegar enginn annar fekst til að fara í slíka útlegð. Hann fer þangað með fyrirheiti um, að hann eftir 6 ára prestsþjónustu skuli fá gott meðalbrauð á landi, og á þessum 6 ára tíma skrifar biskupinn honum nokkurum sinnum og tekur það fram, að hann fái því frekara vel við unandi prestakall á landi, sem hann þjóni lengur prestsembætti í Grímsey. Líða þannig 17 ár, að hann þjónar í Miðgörðum og sækir ekki burt. En þá sækir hann um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og skyldu menn ætla, að honum hefði verið veitt það brauð, en því fór fjarri. Svo sækir hann um Mælifell og það fer á sömu leið. Þetta hygg eg að alls enginn h. þm. álíti réttlátt eða sanngjarnt gagnvart þeim heitum, sem honum voru gefin, þegar hann flutti út í eyna, þar sem enginn prestur vildi aldur sinn ala. Hann er nú þarna í 27 ár; þá er kona hans svo farin að heilsu, að hann má til að flytja á land, en hefir þá ekki að neinu embætti að flýja, og verður að segja af sér prestskap, sezt hann þá að á Akureyri, og reisir þar íbúðarhús, er kostar hann svo mikið fé, að efni hans brukku ekki til byggingarinnar. Nú fara skuldir hans alt af vaxandi, því bæði er kona hans mjög heilsulítil og starfsþrek hans farið, svo fyrirsjáanlegt er, að hann muni ekki geta staðið í skilum. En allir, sem þekkja síra Pétur, vita, að honum fellur ekkert sárara. Þegar nú er litið til þess, að þessi prestur hefir þjónað svo lengi jafnafskektu brauði og gjört það svo snildarlega, að hann hefir verið frömuður og höfundur allrar menningar eyjabúa um öll þessi ár, og þegar þess er einnig gætt, að hann hefir verið prettaður um það, sem hann hafði fylsta loforð fyrir, þá finst mér sjálfsagt, að þingið sjái um, að hann þurfi ekki að skorta. Eg er sannfærður um, að hver h. þm., er hefði haft sama hjúið í 27 ár, mundi ekki láta það fara frá sér án þess að sjá því fullkomlega farborða, og eg álít, ekki síður, heldur enn frekara, skyldu þingsins, að sjá þessum manni fyrir sæmilegum lífeyri. Eg skal játa, að sú 100 kr. viðbót á eftirlaunum, sem fjárlaganefndin hefir farið fram

á, er allra þakka verð, en hún er ekki fullnægjandi. Þar sem þessi heiðursverði maður er nú orðinn sjötugur að aldri, og hefir verið beittur jafnmiklu misrétti af hálfu veitingarvaldsins, þá hefi eg leyft mér að fara fram á, að honum væri veittar 150 kr. árl. í viðbót við eftirlaun sín.

Þessi breytingartillaga verður að skoðast mjög sanngjörn og eðlileg, þar sem fjárlaganefndin vildi ekki fallast á, að veita honum samkvæmt ósk hans 600 kr. fyrir liðinn 6 ára tíma frá 1895, því þar sem maðurinn er svo gamall, sem eg þegar hefi tekið fram, þá gæti þessi breyting orðið hagur fyrir landssjóð.

I sambandi við þetta mál skal eg leyfa mér að geta þess, að síra Pétur hefir í smíðum sagnamál yfir 19. öldina, allmerkilegt, sem eigi er ólíklegt, að verði allmikill stuðningur fyrir þá, er þessa fræðigrein iðka. Finst mér því alt mæla með því að veita þessar 150 kr. og ber það traust til þingsins, að það líti hér á sanna þörf beiðandans og á hina hliðina á skyldu þingsins.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Á þskj. 355 hefi eg komið fram með brtt. um að veita Stefáni B. Jónssyni snikkara hér í Reykjavík 8000 kr. lán til trésmíðaverksmiðju. Fjárlaganefndin hefir ekki viljað sinna þessu, en mér eru ekki kunnar ástæðurnar til þess, því eg var ekki við, þegar h. framsögum. talaði um þetta. H. nefnd hefir aftur á móti lagt til, að veita öðrum lán í sama augnamiði. (*Valtýr Guðmundsson*: Hann getur slegið sér saman við þá). Eg gæti skilið synjun nefndarinnar, ef hér væri um gjöf að ræða, en það er að eins farið fram á lán. Auk þess liggur hér fyrir sérstök ástæða. Lánbeiðandi talaði um þetta við fjárlaganefndina 1899, en þá þótti málið ekki nægilega vel undirbúið og því þó ekki tekið fjarri. Maður þessi hefir verið snikkari í 14 ár, þar af 10—12 ár í Ameríku og hefir unnið á verksmiðjum þar; hann hefir því bæði þekkingu og kunnáttu til að bera og mun færari en flestir aðrir hér á landi til þessa fyrirtækis. Auk þess er þetta hæfileikamaður, sem vill gera landinu gagn; hann hefir bæði í Vesturheimi og hér skrifað í blöðin og fyrstur leitt athygli manna að smjörgerðarbúum. Nú er hann kominn hingað aftur til þess að gera landinu gagn hér, og yfirgaf þó lífvænlega stöðu vestra. Það er því ástæða til að hjálpa þessum manni, og það því fremur, ef hann með eftirdæmi sínu getur fengið fleiri menn til að flytja aftur vestan. Við höfum einmitt þörf á slíkum mönnum, sem hafa bæði séð og heyrt meira en hér gerist og því geta komið hér ýmsum framförum á stað. Það eru dæmi til þessa. Íshúsin eru komin frá Ameríku, og svo kynni að verða í fleiru. Þessi maður gæti nú gert landinu mikið gagn sem trésmiður, ef hann fengi þetta lán. Fjárlaganefndinni mun hafa þótt óþarfi að setja tvær trésmíðaverksmiðjur á stofn í einu, en hér er nóg að gera og því óhætt að styðja alla góða viðleitni, sérstaklega þegar, eins og hér, að eins er að ræða um lán.

Björn Kristjánsson: Eg hefi komið fram með brtt. á þgskj. 305, sem fer fram á að veita 30000 kr. lán til tveggja drátarbrauta í stað þurrakvíar. Það hefir verið rætt mikið um þetta mál í blöðunum undanfarið, og þingmönnum mun því kunnugt um, hvað muni heppilegast. Allir, sem með athygli hafa skoðað málið, munu hafa komist að þeirri niðurstöðu, að réttara sé að draga skipin á land. Sá sem bezt hefir skýrt þetta fyrir mönnum, er

skólastjóri Jón Þórarinsson, en áður en hann skrifaði um það, var eg búinn að kynna mér málið sérstaklega erlendis. I fyrra skoðaði eg í Yarmouth skipakvíar, er komu mér í skilning um, að það væri bæði betra og ódýrara að hafa dráttarbraut en þurrakví. Áður hafði eg séð svona kvíar bæði í Khöfn og víðar. Hver meðalþurrakví tekur að jafnaði 2—3 skip. Nú þegar eitt fer út, falla skorðurnar undan hinum, svo allmikið er fyrir haft að koma þeim á sinn stað aftur og skorða þau, og sama óhagræði veldur það, þegar skip eru tekin inn í kvína, og því meira er óhagræðið, sem kvíin er stærri og fleiri skip eru í henni. Annar er sá ókostur við kvíarnar, að þær fyllast fljótt af óhreinindum, með því að leðja safnast fyrir í þeim, svo kostnaðarsamt er að hreinsa þær í hvert skifti. En það sem verst er og mestur ókostur á kvíunum er, að þær verða sjálfar svo fljótt lekar, og þá þarf stöðugt að hafa gufudælu í gangi. Kvíin, er eg sá, hafði 20 hestafla dælu, er gekk bæði dag og nótt, þegar skip voru í kvínni, og þó var sú kví að eins ætluð fyrir 3 skip. Eg spurði eigandann að þessari kví, hvort honum sýndist heppilegra þurrakví eða dráttarbraut, en hann sagðist hafa orðið að hafa kví vegna rúmleysis og að verkstæði hans lægi við aðalgötu og ekki átt kost á að hafa dráttarbraut; dráttarbrautirnar væru miklu haganlegri, auk þess sem kvíarnar væru mikið dýrari og endingarverri. Einmitt af þessum ástæðum hefi eg komið fram með brtt. mína, og lagt það til, að gerðar yrðu tvær dráttarbrautir, önnur í Hafnarfirði, en hin á hentugum og tryggum stað nálægt Rvík. Eg þekki þrjá mikilsmetna skipstjóra, sem eru á sömu skoðun og eg um þetta og einmitt voru suður í Yarmouth á sama tíma og eg, og athuguðu kvíarnar þar; og eg efast ekki um, að h. deild verði með mér í því. Engum sjómanni eða manni, sem vit hefir á, dytti í hug að leggja hlut í þurrakví; þar á móti veit eg af vissum mönnum, sem eru fúsir á að leggja fé í dráttarbraut; eg skal nefna þann helzta, sem á flest skipin, kaupm. Th. Thorsteinsson. Það hefir verið færð sem ástæða fyrir kvínni, að hún fyrirbyggi maðk, en maðkur kemur í skipin alstaðar, hvaða varúð sem beitt er; það var enda maðkur í 8 ára skipi, sem eg keypti. Og það mun ekkert skip hafa hingað komið frá Englandi, að ekki hafi verið einhversstaðar maðkur í því. Og sé maðkur kominn í skip, þá mun betur borga sig, að taka borð eða plankabút úr því, heldur en að byggja heila þurrakví, til að verja skipin maðki; slíkt mundi engri þjóð detta í hug. Aðalatriðið er, að fá hentug tæki til að koma skipinu á þurt þegar gera þarf við það, og þau hentugustu tækin eru dráttarbrautir.

Á þgskj. 306 hefi eg farið fram á, að lánið til þilskipakaupa verði fært úr 30000 upp í 60C00. Svo stendur nefnilega á, að skip eru orðin dýrari en áður. Sá flokkur skipa, sem áður hefir verið notaður, er nú uppgenginn, og var afgangurinn seldur á uppboði í júnímánuði síðastliðnum. Af sömu ástæðu hefi eg farið fram á, að færa upphæðina til hvers skips úr 5 þús. upp í 6 þús.

Þegar líta skal á það, hvort styrkja eigi sjávarútveginn svo ríflega, þá er að því gætandi, að sjávarútvegurinn gefur tiltölulega mikið meira fé af sér en landbúnaðurinn. Höfuðstóll sjávarútvegsins var hér um bil 600 þús. árið 1898, en landbúnaðarins um 10 miljónir. Þegar tollur af hvalfylsi er ekki frá

dreginn, þá svarar sjávarútvegurinn landssjóði um 7% árlega af veltufé sínu í fisk- og lýsistoll, en landbúnaðurinn svarar landssjóði ekki 1/2% af veltufé sínu í beina skatta. Eg skal fúslega viðurkenna, að landbúnaðurinn er stoð og stytta landsins, og eg tel ekki eftir honum þann styrk, sem veittur er til eflingar honum, en við megum þó ekki gleyma sjávarútveginum, og heppilegast er, að hvað vegi á móti öðru. Nú eru veittar einar 60 þús. kr. til landbúnaðarins, er ekki verða endurgoldnar, en hér er að eins að ræða um álíka mikið 8 ára lán til sjávarútvegsins. Eg hefi leitað upplýsinga hjá landfógeta um, hvernig þessi lán til þilskipakaupa hafi gefist, lætur hann vel yfir því og segir, að menn hafi yfirleitt staðið í skilum og að ekkert hafi tapast. Og nú er enginn annar vegur til að fá lán út á skip, því bankinn lánar ekki út á þilskip, þó að hann hefði peninga til þess. Eg vona því, að h. þm. sé orðin þessi nauðsyn ljós, og eins hitt, að æskilegra er að fá dragbrautir í stað þurrakvíar, úr því líka að fé sparast við það. Má þá leggja það til þilskipalánanna, sem sparast við kvíarbygginguna.

Tryggvi Gunnarsson: Eg stend upp vegna þess, sem h. síðasti ræðumaður mintist á skipakvína. Það sýnist að vera mikil mótstaða gegn skipakvínni og efasemdir um það, að hún verði til gagns, en reynslan mun með tímanum sýna, að hún sé nauðsynleg og ómissandi. Eins og sést á atkvæðaskránni er farið fram á 50000 kr. lán til þessa, en líklegast verður það því miður ekki notað í bráð, og það af tveimur ástæðum, bæði af því, að ekki eru menn til, sem hafa áræði til að taka lánið, né heldur nægilegt fé til í landssjóði; þetta verður því líklega meira til skrauts í fjárlögunum en til nota. En eigi að síður fer vel á því, að láta sjá, að þingið vilji styðja slíkt fyrirtæki, og einhvern tíma mun að því reka að þörfin knýi menn til að nota lánið. Menn sjá að eins ekki enn sem komið er nauðsynina, né heldur, hve létt er að bæta úr henni. Það hagar hér öðruvísi til en í útlöndum, þar sem eg hefi séð. Það er eins og náttúran hafi lagt upp í höndurnar á okkur stað, sem með tiltölulega mjög litlum tilkostnaði mætti gera skipakví úr, þar sem allur floti okkar, um 50—60 skip, gæti komist fyrir vetrarlangt. Fjárveitinguna til dráttarbrauta tel eg óþarfa. Útgerðarmenn sjálfir ættu að geta kostað þær. Færeyingar hafa án nokkurs styrks bygt dráttarbraut fyrir 15—20 þús.; því ætti mönnum, sem eiga um 600000 kr. höfuðstól í skipaeignum, að vera vorkunnarlaust, að gera það sama. Þó bygðar séu dráttarbrautir, þá er það ekki fullnægjandi. Í vetur var talað um það í færeyskum blöðum, að koma upp skipakví; af því sést, að þeir álíta dráttarbrautina eigi fullnægjandi, og að þeir, þrátt fyrir hana, þóttust þurfa á skipakví að halda. Eg er kunnugur í Færeyjum og veit, að þar er hvergi eins hentugur staður fyrir skipakví og hér. Eg ætla að eins að drepa á í sambandi við þetta, að hér í sjónum sunnanlands er mjög skaðlegur maðkur, svo að nauðsynlegt er að setja skipin hér á þurt land, til þess að láta maðkinn frjósa og drepast. Eg hefi lagt lítið sýnishorn af þessum maðkétna við í gluggann á lestrarsalnum; hann er tekinn í vor úr nýlegu skipi, er hirðumaður átti, en það var því nær sokkið frá Snæfellsnesi og hingað. Sjón er sögu ríkari, líti menn á spýturnar og sjái, hvort ekki beri nauðsyn til, að bjarga þilskipaflota vorum og lífi þeirra manna, sem á honum er. En því er ver, að það er næstum ó-

mögulegt að sannfæra menn, þegar þá skortir traust og áræði. Eg tel það ekkert áríðandi að veita lán til dráttarbrauta, þær geta þilskipaeigendur sjálfir gert upp á eigin spýtur, en skipakví er miklu stærra fyrirtæki, sem alþingi hefir sóma af að styðja.

Að því er snertir brtt. á þgskj. 306 um að veita 60 þús. króna lán til þilskipakaupa, þá situr ekki á mér að vera á móti því, en hræddur er eg um, að landssjóði sé svo stór fjárveiting ofvaxin, því fjárveitingarnar eru svo margar og miklar. Eg er því fyrir mitt leyti ánægður með þær 30 þús., sem fjárlaganefndin hefir nefnt.

Björn Kristjánsson: Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) gat þess, að það væri ekki líklegt, að þetta skipakvíarlán yrði notað, þótt það væri sett í fjárlögin, og að það stæði þar meir til skrauts, og það er líka mín skoðun, og það er einmitt af þeirri ástæðu, að eg býst við, að enginn vilji leggja fé í þetta fyrirtæki, að eg er á móti láninu til skipakvíar, en það er alls ekki meining mín með þessu 30,000 kr. láni til dragbrautanna, að setja það í fjárlögin til skrauts, heldur er það einmitt tilætlun mín, að það verði notað. Þm. áleit, að dragbrautir væru ónauðsynlegar, en eg skil satt að segja ekkert í því, að það geti verið meining hans. Því til sönnunar gat hann þess, að Færeyingar, sem um mörg ár hafa haft dragbraut í Trangisvogi, væru nú orðnir óánægðir með hana, og vildu fara að koma upp hjá sér skipakví. Eg ímynda mér, að eg hafi að minsta kosti verið fult eins oft í Færeyjum og háttv. þm. Rvk (Tr. G.), og hefi eg aldrei heyrt þessa getið.

Eins og eg tók fram áðan, þá hefir þur skipakví alls engin áhrif á maðkinn í skipunum, því varla hugsar þm. sér, að byggja svo stóra skipakví, að öll skip hér við flóann geti staðið þar uppi allan veturinn, en svo stór yrði hún að vera, ef hún ætti að geta haft nokkur áhrif á maðkinn. Aðalatriðið fyrir okkur er að fá tæki til þess, að geta gert við skip okkar á þurru, og til þess eru dragbrautir bæði hentugar og nægilegar.

Þar sem þm. sýndi okkur maðksmognar spýtur úr skipi, þá er þetta ekki annað en það, sem alvanalegt er um alla Evrópu, og enginn útlendingur er lifandi ögn hræddur við, og engum lifandi manni erlendis dettur í hug að fara að byggja skipakví til þess að reyna að útrýma maðkinum.

Dragbraut sú, sem Færeyingar hafa, kostaði 25,000 kr., og það kosta þær, ef þær eiga að vera vel sterkar. Eg skil nú ekki þá ástæðu hjá háttv. þm., að þetta fé sé svo lítið, að ekki sé ástæða til að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem vilja koma þannig lagaðri braut á, og gera þeim það mögulegt. Auðvitað má byggja dragbraut ódýrari, fyrir alt niður að 10,000 kr., en hér er gert ráð fyrir, að þessar dragbrautir séu svo sterkar, að þær geti dregið upp hvaða skip sem er og þörf er á að gera við.

Mig furðar mjög á því, að þm. Rvk. (Tr. G.) skuli ekki vilja fallast á, að veita þetta 30,000 kr. lán, og eg vil að minsta kosti ekki vera með í því, að ganga alveg fram hjá að styrkja með einum eyri sjávarútveg landsins.

Til þess háttv. þingdm. þurfi ekki að byggja á mínu eigin áliti í þessu máli eingöngu, þá skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp álitsskjal nokkurra skipstjóra hér í Reykjavík á þessu máli, og það einmitt þeirra skipstjóra, sem hafa verið erlendis, og því má ætla, að hafi töluvert vit á, hvað bezt

hentar í þessu efni. Álitsskjalið er á þessa leið:

»Vér undirskrifaðir skipstjórar álítum, að miklu hentugra sé, að hafa áhöld til að draga skip á land, þegar gera þarf við þau, en að hafa þurrakví hér, og mikið kostnaðarminna bæði í upphafi og síðar.

Ef skipakví er bygð, þarf gufudæla að ganga stöðugt, meðan skip eru í kvínni til viðgerðar, sem er afarmikill kostnaðarauki, og svo þarf jöfnlega að hreinsa kvína fyrir leðju, sem í hana vill safnast, svo hægt sé að vinna þau verk, sem vinna þarf.

Vér viljum því eindregið ráða hinu háttvirta alþingi til, að veita lán til þess að búa hér til áhöld (slip) til að draga skip á land, en ekki til skipakvíar, þar sem ekki er líklegt, að menn yrðu heldur fúsir til að kaupa hluti í skipakvíarfyrirtæki.«

Undir þetta álit hafa skrifað: Jóhann Þórarinsson, alþektur dugnaðarmaður, sem víða hefir verið í förum, Kristinn Magnússon, alkunnur skipstjóri hér í Reykjavík fyrir sjósókn og fiskisæld, Hjalti Jónsson einnig kunnur fyrir dugnað og sjósókn, og auk þess margir aðrir skipstjórar, sem allir eru kunnir sem duglegir og skynsamir sjómenn.

Tryggvi Gunnarsson: Það er satt, að eg sagði, að eg væri hræddur um, að lánveitingin til að byggja fyrir skipakví yrði að eins til skrauts í fjárlögunum; því er ver, ef sú ímyndun rætist, því skipakví væri án efa eitthvað það þarfasta verk, sem þingið styddi í þessum fjárlögum. Auðvitað færi enginn maður að leggja hlut í annað eins stórfyrirtæki, nema eftir að búið væri að leita álits miklu fróðari manna hér um en skipstjóranna við Faxaflóa, að þeim alveg ólöstuðum, manna, sem hefðu bæði vit á, hvað þyrfti til annars eins fyrirtækis, og einnig, að hvaða gagni það gæti komið.

Að því er þetta álitsskjal snertir, sem þm. G.-K. (B. Kr.) las upp, þá get eg fullvissað bæði hann og aðra um það, að ef eg hefði farið á stað í gær og reynt að smala saman nöfnum skipstjóra undir það, að þeir álitu skipakví bráðnauðsynlega fyrir okkur, þá hefði eg getað komið með miklu fleiri nöfn því til stuðnings, heldur en eru á þessu álitsskjali hans.

Það er auðvitað, að fyrir þessar 50,000 kr. verður ekki bygð fullkomin skipakví; útgjörðarmenn þurfa því talsvert að leggja til frá sjálfum sér, og það einmitt ætti að vera nægileg trygging fyrir því, að engin hætta sé, að veita heimild til þessa láns.

Að maðkur sé í öllum löndum í Evrópu, og að enginn sé hræddur við hann, eins og háttv. þm. (B. Kr.) sagði, er hrapallegur misskilningur. Fyrst og fremst er það alls ekki satt, að maðkur sé til í öllum löndum, og í öðru lagi er ákaflega mismunandi mikið um hann. Hann er mestur í sumum heitu höfnum; í Miðjarðarhafinu er hann sérstaklega skaðvænn. Öll skip, sem þar sigla, eru koparhúðuð einmitt vegna maðksins; fyrir því er fullkomin reynsla, að til að standa á móti honum nægir ekkert annað en málmhúð.

ATKV.GR.: Breyt.till. 260 við 14. gr. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 1. c. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 322 við 14. gr. A. 1. c. feld með 12 : 8 atkv.

Breyt till. 260 við 14. gr. A. 3. b. sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 320, 1 við 14. gr. A. 3. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	B. Bjarnarson., Bf.,
Hannes Hafstein,	B. Bjarnarson., Dal.,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Torfason,
Jósafat Jónatanss.,	Ólafur Briem,
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðss.,	St. Stefánss., Eyf.,
Skúli Thoroddsen,	St. Stefánss., Skgf.,
Þórður Guðmundss.,	Tr. Gunnarsson,
Þórður Thoroddsen,	Valtýr Guðmundss.

Breyt.till. 320, 2 við 14. gr. A. 3. sþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson, Dal.,
Guðl. Guðmundss.,	Hermann Jónasson,
B. Bjarnarson, Bf.,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Magnús Torfason,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jósafat Jónatanss.,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	S. Stefánss., Skgf.,
Sigurður Sigurðss.,	Tr. Gunnarsson,
S. Stefánsson, Eyf.,	Valtýr Guðmundss.
Þórður Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 6. b. feld með 12 : 9 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 8. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 8. sþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 301 við 14. gr. A. 12. feld með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 323 við 14. gr. A. 12. feld með 13 : 8 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 12. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 12. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 16. sþ. með 13 : 7 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 16. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 301, 314, 325 við 14. gr. A 17 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Bj. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnars., Dal.,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
H. Þorsteinsson,	Herm. Jónasson,
Jósaf. Jónatansson,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Torfason,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	St. Stefánsson, Skf.,
Sig. Sigurðsson,	Tr. Gunnarsson,
St. Stefánson, Eyf,	Valtýr Guðmundss.,
Þ. Guðmundsson,	Þ. Thoroddsen.

Breyt.till. 260 við 14. gr. A. 17. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 260, 1 við 14. gr. A. 19. sþ. með 12 : 1 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 14. gr. A. 19. sþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Bj. Bjarnars., Dal.	Bj. Bjarnars., Bf.
B. Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jósafat Jónatanss.,
Hannes Þorsteinss.,	Lárus Bjarnason,
Herm. Jónasson,	Magnús Torfason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	St. Stefánsson, Eyf.
Sk. Thoroddsen,	Þ. Guðmundsson.
St. Stefánss., Skgf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 260, 3 við 14. gr. A. 19. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260, 4 við 14. gr. A. 19. þar með fallin.

Breyt.till. 260, 5 við 14. gr. A. 19. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 343 við 14. gr. A. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 338 við 14. gr. A. feld með 13 : 4 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 1. b. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 329 við 14. gr. B. 1. 6. sþ. með 14 : 4 atkv.

Breyt.till. 276 við 14. gr. B. 1. b. tekin aftur.

Breyt.till. 353 við 14. gr. B. 1. b. feld með 13 : 7 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 1. c. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 321, við 14. gr. B. 1. c. tekin aftur.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 1. d. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 1. e. tekin aftur.

Breyt.till. 327 við 14. gr. B. 1. e. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 329 við 14. gr. B. 1. e. þar með fallin.

Breyt.till. 349 við 14. gr. B. 1. e. sþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnars., Bf.	Hermann Jónass.,
Bj. Bjarnars., Dal.,	Jósafat Jónatanss.,
B. Kristjánsson,	Lárus Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
H. Þorsteinsson,	St. Stefánss., Eyf.
Jóh. Jóhannesson,	Valtýr Guðmundss.
Magnús Torfason,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Sk. Thoroddsen,	
St. Stefánss., Skgf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þ. Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyt.till. 260, 1 við 14. gr. B. 1. gr. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 14. gr. B. 1. g. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 276 við 14. gr. B. 1. g. feld með 11 : 7 atkv.

Breyt.till. 315 við 14. gr. B. feld með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. 354 við 14. gr. B. 6. feld með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. 300 við 14. gr. B. 6. feld með 12 : 6 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 6. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260, 1 við 14. gr. B. 7. sþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 14. gr. B. 7. sþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 328 við 14. gr. B. 8. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. 260 við 14. gr. B. 8. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 260, 1 við 14. gr. B. 9. sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 14. gr. B. 9. sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. 260, 3 við 14. gr. B. 9. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 276 við 14. gr. B. 9. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 335 við 14. gr. B. 9. feld með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. 313 við 14. gr. B. 9. feld með 17 : 2 atkv.

14. gr frumv. sþ. með 21 atkv.

15. gr. frumv. sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 260, 1 við 16. gr. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. 317 við 16. gr. samþ. með 12 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 16. gr. 1 fallin.

Breyt.till. 260, 2 við 16. gr. 2 samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 16. gr. 3 samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 16. gr. 4 samþ. með 14 atkv.

16. gr. frumv. með áorð. breyt. sþ. í einu hlj.

17. gr. frumv. sþ. í einu hlj.

18. gr. frumv. sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 260, 1 við 19. gr. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 260, 2 við 19. gr. sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 260, 3 við 19. gr. sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. 318 við 19. gr. feld með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
B. Bjarnars., Bf.	B. Bjarnars., Dal.,
Hannes Þorsteinss.,	B. Kristjánsson,
Hermann Jónass.,	Hannes Hafstein,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhanness,
Lárus Bjarnason,	Magnús Torfason,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
St. Stefánss., Eyf.,	Sig. Sigurðsson,
Tr. Gunnarsson.	Sk. Thoroddsen,
	St. Stefánss., Skgf.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þ. Guðmundsson,
	Þórður Thoroddsen.

Breyt.till. 260, 4 við 19. gr. sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 332 við 19. gr. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 260, 5 við 19. gr. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 306, 1 við 19. gr. feld með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. 306, 2 við 19. gr. feld með 12 : 4 atkv.

Breyt.till. 260, 6 við 19. gr. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 305 við 19. gr. samþ. með 12 : 5 atkv.

Breyt.till. 260, 7 við 19. gr. þar með fallin.

Breyt.till. 355 við 19. gr. feld með 14 : 1 atkv.

19. gr. frumv. með áorð. breyt. sþ. í einu hlj.

7. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 12. ágúst (C bls. 552 atkvæðaskrá 560).

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það eru komnar fram töluvert margar brt. við frumv. og eg skal leyfa mér að fara nokkurum orðum þær í þeirri röð, sem þær heyra frv. til.

Fyrst er þá brt. við 10. gr. B. 2, frá hæstv. landsh., á þingskj. 382, sem fer í þá átt, að hækka ritfé bæjarfógetans í Reykjavík um 1450 kr. á ári. Það lá á sínum tíma fyrir fjárlaganefndinni beiðni, sem fór í sömu átt; var það tekið fram, að tilætlunin væri sú, að bæjarfógetinn gæti fengið lögfróðan mann sér til aðstoðar, sem gæti létt undir störf hans, en sem sjálfsagt yrði að launa töluvert betur en ólögfróðum skrifara. Nefndin athugaði þetta mál vandlega; hún kynti sér vandlega, hverjar tekjur bæjarfógetinn mundi hafa. Eg hefi nú ekki við hendina þau skilríki, sem hún hefir við að styðjast, og get því ekki nákvæmlega sagt um, að hverri niðurstöðu hún komst með laun hans, en það get eg þó sagt, að henni fanst embættið svo tekjumikið, að bæjarfógetinn mundi geta tekið sér löglærðan aðstoðarmann og launað honum viðunanlega, og haft þó sjálfur eftir ríflegar tekjur; á þessu bygði nefndin neitun sína. Nefndin verður því vera brt. þessari jafnmótfallin eins og hún var áður, þegar málið lá fyrir henni. Eg veit, að embættið er að vísu erfiðara en önnur bæjarfógetaembætti á landinu, en það er líka að því skapi tekjumeira.

Þá er komin brt. við 10. gr. C. 6. um að nýr liður bætist við, um alt að 2000 kr. þóknun handa milliþinganefnd, er landsstjórnin skipi, til að íhuga fátækra- og sveitastjórnarlöggjöf landsins. Eg verð að taka það fram gagnvart brt. þessari, að hér mun of lágt farið,

og líklegt að þessi fjárveiting muni ekki reynast nægileg. En af því að ekki liggur önnur tillaga fyrir, verður nefndin að fallast á að samþykkja þessa, eins og hún er. Það er þá hægt að koma að breytingu í Ed., ef ástæða þykir til þess.

Næst kemur brt. við 11. gr. 6 a, á þingskj. 393; sú brt. fer fram, á að lækka hina persónulegu launaviðbót við yfirhjúkrunarkonuna við Laugaspítalann. Eins og tekið var fram við 2. umr., þá hefir nefndin fallist á, að samþykkja þessa launaviðbót, og fyrir sitt leyti gefið þeim, sem eiga að skipa hjúkrunarkonuna, vilyrði fyrir launahækkuninni. Nefndin vonar, að h. deild taki þetta til greina, og lofi upphæðinni að standa óhaggaðri.

Brt. við 11. gr. h. 8 á þingskj. 396 fer fram á, að með vissum skilyrðum sé veittur styrkur til nýs sjúkrahúss í Reykjavík. Þessi tillaga stendur í sambandi við landsspítalann, sem mikið hefir verið rætt um undanfarna daga, en nú er úr sögunni að sinni. Undir umræðunum kom fram tilboð frá St. Jósefssystrunum um að byggja spítala með 35 sjúkrarúmum., ef þær fengju 60,000 kr. lán úr landssjóði og 3000 kr. árlegan styrk til spítalahaldsins; lofuðu þær þá að taka sjúklinga fyrir ákveðið verð í sjúkrahúsið, en læknishjálp vildu þær ekki kosta. Nú hefir meiri hluti nefndarinnar lagt til, að boðið væri fram lán til spítalabyggingar, og heitið styrk fyrir árið 1903, því að fyrri mætti varla búast við að spítalinn tæki til starfa. Vildu þessir nefndarmenn að styrkurinn væri hækkaður upp í 4000 kr., en að spítalinn kostað svo sjálfur alla læknishjálp. Fjárveitingar þessar eru miðaðar við tilboð St. Jósefssystranna, en þó er eigi svo að skilja, að þeim séu ætlaðar þær að sjálfsögðu. Reykjavíkurbæ eða hverjum öðrum, sem landsstjórnin ber traust til, er heimilt að hagnýta sér styrkinn, ef hann að eins fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru. Fjárframboð þetta er að eins hvöt til þess að koma upp spítala, en ekki bundið við neinn einstakan. Það má ætla, að fyrst tilboð um spítalabygging er komið frá einum, þá geti það og komið frá fleirum, því geti einn staðið sig við að reisa hann á þennan hátt, má búast við, að annar og hinn þriðji geti það líka. Nefndin vildi að sínu leyti styðja að því, að skilyrði væri fyrir hendi, ef einhver vildi ráðast í að koma upp spítala.

Við 12. gr. A 2 er brt. frá nefndinni; hún er komin fram samkvæmt bendingu hæstv. landsh. og fer fram á það, að styrkurinn til O. Wathnes Arvinger fyrir flutning á póstsendingum sé bundinn því skilyrði, að félagið vátryggi sendingarnar, og að tekið sé fram, að átt sé við sendingar milli Íslands og útlanda; því er farið fram á, að inn í sé skotið orðunum: »Milli Íslands og útlanda, vátryggja þær o. s. frv.« Ef svo er um búið, þá lendir tapið ekki á landssjóði, þótt sending farist; hann þarf þá að eins að greiða verð sendingarinnar í svipinn, en á svo aðgang með endurgjaldið að félaginu.

Þá er brt. við 12. gr. B 4, á þingskj. 396. Eins og h. deild veit, hafði fjárlaganefndin tekið þá afstöðu, að setja inn í sjálft fjárlagafrumv. ekki annað en aðalupphæðina, en látið það koma fram í nefndarálitinu, hvernig hún ætlaðist til að fénu væri skift niður. En síðan þessu starfi var lokið, hafa komið fram beiðnir, er ástæða hefir þótt að taka til greina. Nú héðan af er ekki hægt að breyta nefndarálitinu,

og búið er að skjóta inn í sjálf fjárlögin athugasemd um, að 5000 kr. skuli lagðar til Stykkiskólmsvegarins, og þannig breyta frá því formi, sem nefndin hafði upphaflega ætlað að hafa; af því svona er komið, hefir nefndin sjálf lagt það til, að skotið væri athugasemd inn í fjárlögin um, að 3000 af þjóðvegafénu skuli varið til vegagerðar á Mýrum í Austurskaftafellssýslu. Það má gánga að því vísu, að fjárlögin muni koma aftur hingað ofan í deildina, og þá hefir nefndin í huga að taka vegaspursmálið til nýrrar íhugunar, og kippa í lag þeim ruglingi, sem nú er að komast á það. Með þessum fyrirvara hefir nefndin tekið brt. að sér

Þá kem eg að brt. við 12. gr. B 6, um tillagið til vegagerðarinnar yfir Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu. Nefndin hefir haldið því fram, að hún vildi ekki, að landssjóður legði fram meira en helming til þeirrar vegagerðar á móts við sýslufélögin. Henni þykir nógu langt gengið, að styrkja sýslufélög svo ríflega til vegagjörða, og enda helzt til langt, þegar þess er gætt, hve þjóðvegir og flutningabrautir hvíla þungt á landssjóði. Það má telja óheppilegt, að gengið var nokkurn tíma inn á þá braut, að leggja fram fé úr landssjóði til sýsluvega, en úr því svo er nú einu sinni komið, þá ætti þó að minsta kosti að slá því föstu, að aldrei væri lagður fram meir en helmingur kostnaðarins úr landssjóði. Það sýnist líka svo, að vilji sýslufélag, sem í raun réttri á að kosta veginn að öllu leyti, ekki kosta hann að hálfu, þá sé nauðsyn vegarins ekki mjög brýn. Í brt. er farið fram á, að sýslan kosti veginn að $^1/_3$ móts við landssjóð, og er það nokkuru meira en áður var boðið fram, á meðan það var að eins $^1/_4$; að því leyti er þetta dálitlu aðgengilegra; en nefndinni finst þó oflangt farið enn, og að þingið megi ekki ganga inn á, að veita meir en helming á móts við sýsluna. Ef það er gert á einum stað, þá er í raun og veru ástæða til að gera hið sama á fleiri stöðum. Eg sé t. d. ekki, hvaða ástæða er til þess, að viðhafa ekki sömu reglu með Hellisheiðarveginn. Nefndin verður sem sagt að vera algerlega á móti brt. þessari, og eg vona, að h. deild fari ekki að breyta því, sem hún hefir einu sinni samþykt.

Þá er breyt.till. við 12. gr. C. 1. um, að í athugasemdinni við styrkveitinguna til hins sameinaða gufuskipafélags til að halda uppi strandferðum falli burt setningin: »Þó skulu ákvæðin . . . . . í nefndum ferðaáætlunum« falli burt. — Samgöngumálanefndin hefir lagt það til við fjárlaganefndina, að athugasemdin væri orðuð betur, væri þetta felt burtu, og hefir fjárlaganefndin fallist á það.

Breyt.till. þessi er fólgin í því, að þegar þessi orð eru feld burtu, verður gufuskipafélagið að hlíta sömu ákvæðum með ferðir sínar á næsta fjárhagstímabili og gilt hafa frá því árið 1898, og sem gilda enn á yfirstandandi fjárhagstímabili.

Hefir stjórnin farið fram á breytingu á þessu ákvæði, þannig, að það sé orðað eins og nú er í fjárlagafrumv., en breytingartill. sú, sem hér liggur fyrir, fer fram á, að þessu sé breytt í sama horf og nú er.

Þá kemur breytingartill. á þingskj. 362 um, að hækka styrkinn til gufubátsferða á Faxaflóa úr 10,000 krón. upp í 10,200 krónur. — Eg skal geta þess viðvíkjandi þessum styrk, að nefndinni þótti hann heldur hár, en eftir að hún hefir talað við umboðsmann þess manns, sem heldur uppi ferðum þess-

um, er henni það ljóst, að hún getur ekki komist að betri kjörum, þar sem hann lýsir yfir því, að hann muni hætta ferðunum, sé styrkurinn lægri. — Þar sem gufubátsferðir þessar eru nauðsynlegar, sá nefndin ekki annað ráð en að ganga að þessu, svo ferðunum yrði haldið áfram, þó henni þætti styrkurinn heldur hár. — Nú er farið fram á, að hækka styrk þenna um 200 krónur í sérstöku augnamiði, eða til þess, að gufubátur þessi fari auk ferðanna á Faxaflóa tvær ferðir á ári milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara. — Mig minnir, að einu sinni áður hafi verið veittur sams konar styrkur, og hafi ekki verið notaður, og virðist því naumast ástæða til sérstakrar fjárveitingar í þessu skyni. — Auk þess ætti að vera hægt, að fá Faxaflóagufubátinn til að fara ferðir þessar án sérstaks endurgjalds, þar sem tillagið til hans er of hátt. — Fjárlaganefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að vera heldur á móti þessari breytingartill. — Þess er líka að gæta, að landshöfðingi á að semja ferðaáætlun gufubáts þessa, eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda, og gæti hann þá séð um, að báturinn færi þessar ferðir, þó að tillagið til hans væri ekki hækkað upp úr þessum 10,000 kr.

Þá eru tvær breytingartill. við næsta lið b. á þingskjali 395 og 396 um, að hækka styrkinn til gufubátsferða á Isafjarðardjúpi úr 2500 kr. upp í 3500 kr., og er síðari breytingartill. frá fjárlaganefndinni, og er því auðsætt, hvernig hún muni taka henni. — Nefndin hafði viljað leggja það til, að styrkur þessi væri hækkaður.

Við 2. umr. kom fram breytingartill. um, að hækka hann upp í 4000 kr., en það þótti henni of hátt, og sýndist, að nægja mætti, að veittar væru 3000 kr., en meiri hluti nefndarinnar hefir þó orðið á því, að leggja það til, að styrkurinn sé hækkaður upp í 3500 krónur.

Þá er tillagan á þingskjali 396 frá nefndinni um, að hér sé bætt inn nýjum staflið c. til gufubátsferða á Breiðafirði 7000 kr. síðara árið. — Héraðið þar er æði-víðlent, strandlendi mjög langt og margir smáfirðir ganga inn úr flóanum, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, og Strandasýsla óbeinlínis, sem mundu geta haft not af gufubátsferðum þar, og svo Barðastrandarsýsla. — Þegar hér stendur því svo á, að mjög margir menn mundu geta haft not af gufubátsferðum þar, en erfitt er fyrir strandbátana að koma þar, og slíkt tefur þá mjög á ferðum þeirra, þá hefir samgöngumálanefndin álitið mjög heppilegt, að fyrirkomulaginu á gufubátaferðum á Breiðafirði væri breytt, þegar samningar yrðu gjörðir við gufuskipafélagið í næsta sinn, þannig, að feldir yrðu burtu ýmsir viðkomustaðir Skálholts á Breiðafirði, svo að það kæmi þar ekki nema á eina höfn; en þegar Hvammsfirði væri slept úr áætlun þess, mundi mega láta Skálholt fara fleiri ferðirnar. — Slíkir samningar geta reyndar ekki komist á fyr en árið 1903, og ekki komist í verk fyr en árið 1904. — Samt sem áður þyrfti áður að vera búið að veita fé til sérstakra gufubátsferða á Breiðafirði, svo að hægt sé að gera tilraun með að útvega þær, og ekki sé búið að nema burtu viðkomustaði strandbátsins án þess trygging sé fengin fyrir því, að aðrar ferðir fáist í þeirra stað. — Reyndar má búast við, að ekki séu miklar líkur til þess, að styrkurinn yrði notaður á þessu fjárhagstímabili, en nefndin verður þó að álíta, að fjárveitingin hafi þýðingu við samninginn við gufuskipafélagið, og vill því mæla með því, að þessi styrkur sé veittur.

Þá er breyt.till. frá hæstv. landsh. á þingskjali 382 við athugasemdina við 12. gr. E. c. 1. — Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar var lagt til, að hækka laun vitavarðarins á Reykjanesi um 300 kr. eða úr 1200 kr. upp í 1500 kr., en fjárlaganefndin lagði til, að hækkunin yrði ekki nema 100 kr., og væri að eins persónuleg fyrir hinn núverandi vitavörð. — Þetta var samþykt við 2. umræðu hér í háttv. deild, og verður nefndin því enn að vera sömu skoðunar og áður, að hækkun þessi sé nægileg. — Nú fer hæstv. landsh. fram á, að hækkunin sé hin sama og farið var fram á í stjórnarfrumv., en það sé að eins persónuleg viðbót. — En eins og eg tók fram við 2. umr., þá virðist nefndinni hækkunin nóg, og heldur því fast við sína fyrri skoðun, og vonar, að háttv. deild fylgi sér í því efni.

Þá er á þingskj. 395 farið fram á, að bæta inn nýjum lið við 12. gr. E. j. — Þegar fjárlaganefndin lagði til, að veita fé til byggingar tveim vitum, öðrum á Arnarnesi við Skutulsfjörð, en hinum á Elliðaey, þá var hún í vafa um, hvort hún ætti að hreyfa nokkuð vitanum að þessu sinni, þar sem stjórnin hefir í hyggju, að undirbúa alt vitamálið; en það varð þó ofan á í nefndinni, að styðja bygging þessara tveggja vita, ef viðhaldskostnaður þeirra og árleg útgjöld hvíldi á hlutaðeigandi sýslufélögum.

Við 2. umr. láu fyrir 3 breyt.till. um, að vitanum á Arnarnesi væri veittar 500 krón. úr landssjóði til árlegra útgjalda, og breyt.till. þessi kemur aftur hér fram við 3. umr. — Nefndin verður sem fyr að vera á móti þessu, en þó er ekki þar með sagt, að landssjóður taki að sér kostnaðinn við vita þennan síðar, en meðan þingið er ekki komið að neinni niðurstöðu á því, hvaða stefnu það tekur með vitana, þá vill það ekki binda hendur sínar, og vill láta eitt og hið sama ganga yfir báða vitana bæði á Arnarnesi og Elliðaey.

Annars er það undarlegt, að farið er fram á, að veita fé til ársútgjalda vitans á Arnarnesi bæði árin, en þó er sýnilegt, að hann kemst ekki á fyr en árið 1903, eða þá í fyrsta lagi sumarið 1902. — Kostnaður við lýsing og umsjón vitans yrði því að minsta kosti ekki nema síðari helming ársins 1902. — Það er því nokkuð skrítið, að heimta 500 kr. til ársútgjalda við vita, sem er ekki bygður, og það gæti ekki komið til mála, að neitt fé væri veitt í því skyni fyr en árið 1903. — En eins og eg hefi sagt, þá vill nefndin ekki sinna þessari breyt.till., og að þingið bindi ekki hendur sínar með því, að taka neinn nýjan vita á landssjóð, fyr en stjórnin er búin að rannsaka málið, og leggja það að svo búnu fyrir þingið, enda er enginn skaði, þó að þetta bíði um eitt ár. — Þörfin á vitum er mjög knýjandi á mörgum öðrum stöðum en hér, og það getur verið mjög vafasamt, hvort þörfin er meiri hér en víða annarsstaðar.

Þá er breyt.till. á þingskj. 396 frá nefndinni við 13. gr. A. b. 2., þar sem hún fer fram á, að veita 2 prestaköllum bráðabirgðauppbót, nefnilega Stað í Grunnavík og Stað í Aðalvík hvoru um sig 120 kr. — Hér lá fyrir beiðni frá biskupi og áskorun hlutaðeigandi héraðsfundar, og meðmæli prófasts með málinu. — Svo stendur á, að ný annexíukirkja hefir verið reist í Staðarprestakalli í Aðalvík, en bænahús í Staðarprestakalli í Grunnavík. — Bænahús þetta er í Furufirði, og er þangað yfir langa leið og örðugan fjallveg að fara fyrir prestinn. — Með þessu eru nýjar kvaðir lagðar á hlutaðeigandi

presta, sem ekki voru, þegar þeir tóku við embættunum, og er því ástæða til, að veita þeim bráðabirgðauppbót, sem svo félli niður við næstu prestaskifti. — Það getur virst vafasamt, hvort rétt sé, að bæta bæði brauðin jafnri upphæð, en nefndin varð þó að vera á því, því annexían frá Stað í Aðalvík er þriðjungakirkja og liggur ekki mjög langt í burtu, en í bænahúsinu í Furufirði er ekki messað nema örsjaldan á ári, en þangað á Grunnavíkurpresturinn aftur á móti miklu lengri og örðugri leið. — Virtist nefndinni því, að þetta jafnaði sig upp, og væri því á stæða til, að hafa uppbótina jafna í báðum prestaköllunum.

Þar næst kemur breyt.till. á þingskj. 382 frá hæstv. landsh. við 13. gr. B. IV. 3. til viðhalds skólahúsinu á Möðruvöllum, þannig, að hún sé hækkuð um 2000 krónur fyrra árið. — Það hafa komið hér fram áður lýsingar á Möðruvallaskólanum, og er því ekki þörf á, að fjölyrða um það. — Það hefir komið hér fram frumv. um það, að flytja skólann, en þó að það sé auðsætt, að skólinn verði fluttur áður en langt um líður, þá er ekkert útlit fyrir, að það mál komist fram hér í þetta sinn. — Virðist því auðsætt, að nauðsynlegt sé, að gera eitthvað við skólann, en það er þó varhugavert, að leggja mikið fé til skóla, sem bráðlega verður lagður niður. — Og þar sem það virðist auðsætt, að flytja verði skólann annaðhvort til Akureyrar eða annað, þá ætti ekki að veita meira fé til viðhalds skólahúsinu en bráðnauðsynlegt er. — Nefndin hefir ekki tekið afstöðu í heild sinni gagnvart þessari breyt.till. hæstv. landsh., en eg verð þó að ráða til, að hún sé felld, þar sem mér virðist, að 1000 krónur mundu nægja til viðhalds húsinu. — Gæti þá hæstv. landshöfðingi komið með breytingartill. í h. efri deild. — Fjárlaganefndin treystir sér ekki til að taka beina afstöðu í því, hvað mikla upphæð þurfi til viðhalds skólahúsinu, þar sem engar upplýsingar hafa legið fyrir í málinu. (*Landshöfðingi*: Framsögumaðurinn hefir gefið upplýsingar). — Ekki nema eftir því, sem eg hefi séð með eigin augum, en það getur verið, að upplýsingar komi frá hæstv. landsh.

Svo er breyttill. á þgskj. 399 við 13. gr. B. 4 a, að þar bætist inn nýr liður 4000 kr. til byggingar kvennaskólahúss á Blönduósi. Þessi till. hefir áður legið fyrir fjárlagan., og svo fyrir háttv. deild við 2. umr. Fyrst var farið fram á 7000 kr. fjárveiting, þá 5000 kr og nú loks 4000 kr. Afstaða nefndarinnar er alt af hin sama gagnvart þessari till. og ræður hún fastlega frá, að samþykkja hana. Eins og tekið hefir verið fram, hefir skólahús þetta verið bygt í trássi við þær reglur, sem settar hafa verið af þinginu, um að sameina kvennaskólana á Norðurlandi. Bindi þingið nú hendur sínar með því, að samþykkja þessa breyttill., mætti búast við því, að Eyfirðingar kæmu bráðlega á eftir og bæðu um styrk til byggingar kvennaskóla sínum, sem á ekkert skólahús. Það má og búast við því, að Austfirðingar vilji einnig bráðlega fá styrk til skólahúsbyggingar. Þar er búið að safna 2000 kr. sjóð og 1899 var sótt um einar 500 kr. til styrks skólahaldi þar, en þingið leyfði sér að neita þessari litlu fjárbeiðni. Þá er kominn stofnsjóður til kvennaskóla á Vestfjörðum, og má því búast við, að Vestfirðingar vilji bráðlega koma þeim kvennaskóla upp, og sæki um styrk til að byggja hann. Gæti það því dregið töluverðan dilk á eftir sér, ef breyttill. þessi væri samþ. Fjárlagan. leggur því eindregið til, að breyttill. sé feld, og vonar að deildin

hafi sömu skoðun á henni og við 2. umr.

Enn er breyttill. á þgskj. 394, við 13. gr. B. VI., og er sú till. frá mentamálan. Fer hún fram á, að nýjum lið sé þar bætt við, þess efnis, að 1000 kr. sé veittar hvort árið til skólastjóra Jóns Þórarinssonar í Flensborg, fyrir að líta eftir barnaskólahaldi í landinu, og láta landstjórninni í té skýrslu um það. Hugsunin með þessari fjárveitingu er, að þessum manni sé falið, að ferðast um landið, og kynna sér mentunarástandið í landinu og sérstaklega barnaskólana. Maður þessi hefir skrifað þinginu og boðist til að gera þetta fyrir ekki neitt í sumarleyfinu, að eins að sér væri borgaður ferðakostnaður eftir reikningi, sem úrskurðaður væri af landshöfðingja. Þetta tilboð var rætt í mentamálanefndinni, og komst meiri hluti hennar að þeirri niðurstöðu, að heppilegt mundi, að áður en mentamálið kæmi fyrir þingið, væru til greinilegar skýrslur um mentamálið á landinu. Nú hefir fjárlaganefndin lagt það til, og það verið samþ. hér í deildinni, að veita manni utanfararstyrk, til að kynna sér alþýðumentamál í öðrum löndum og leggja skýrslur sínar fyrir þingið, og álítur mentamálanefndin þá heppilegt, að til væru þá skýrslur um mentaástandið hér, svo hægt væri að bera þær saman; væri þá hægra að gera sér glögga grein fyrir því, hvað væri að og hvernig ráða mætti bót á því. Afstaða fjárlaganefndarinnar gagnvart þessari breyttill. er þó sú, að það geti ekki orðið að fullu gagni, að veita þennan styrk, þar sem maður þessi getur að eins ferðast í sumarleyfinu, þegar skólar eru ekki haldnir, svo hann fær enga aðra vitneskju um skólana en að sjá tóm skólahúsin, og svo það sem hann fær að vita af afspurn, en ekki eftir eigin reynslu. Því leggur meiri hluti nefndarinnar móti því, að breyttill. þessi sé samþ.

Þá er komin fram breyttill. við 13. gr. 8, á þgskj. 390, sem fer fram á styrk til unglingaskóla í Dalasýslu, 1000 kr. hvort árið. Það hefði nú sjálfsagt verið heppilegt, að það kæmust upp unglingaskólar hér á landi; en fjárlaganefndin verður samt að ráða algerlega frá því, að þessi breyttill. verði samþ., og það aðallega af þeirri ástæðu, að hún álítur ekki ástæðu til að fara að veita styrk til þess konar sérstakra skóla nú, meðan ekki er búið að rannsaka mentamálin, en ráðstafanir gjörðar af þingsins hálfu því til undirbúnings, í því skyni að taka það mál alvarlega til meðferðar. Nefndinni virtist því ekki heppilegur tími nú, til að vera að veita styrk til nýrra tegunda af skólum, einmitt þegar verið er að rannsaka málið og taka það til rækilegrar meðferðar.

Þá er þessi blessaða 14. gr., sem flestar breyttill. eru við. Það er þá fyrst breyttill. við 14. gr. A 3 b, á þgskj. 392. Þar er komin fram breyttill. um að veita landskjalasafninu 400 kr. hvort árið til að stofna handbókasafn. Þessi tillaga kom fram í skjölum þeim, er fjárlaganefndin hafði fyrir sér, en stiftsyfirvöldin og landsh. og stjórnin lögðu á móti henni, og vildu ekki taka það til greina, og alveg að sömu niðurstöðu komst fjárlaganefndin og lagði til að neita um þessa upphæð. Við aðra umr. kom þessi sama brtl. og var felld hér í deildinni. Það virðist þess vegna skrítið, að þessi tillaga kemur nú enn fram, þegar stjórnin er á móti, fjárlaganefndin er á móti og deildin hefir greitt atkvæði á móti. Eg verð að segja það, að þess konar aðferð er einstakleg á okkar löggjafarþingi, að þegar allir málsaðilar eru búnir að vera á móti, þá kemur sama

till. enn fram, og verið að álíta að þm. séu þeir hringlandar, að þeir fari að breyta skoðun sinni, án þess nokkrar nýjar upplýsingar komi fram. (*Landshöfðingi*: Koma seinna kannske). Það ætti að vera svo hér á þessu þingi, eins og öðrum löggjafarþingum, að það sem einu sinni er búið að samþykkja, ætti að standa. Annað mál er það, ef alveg nýjar upplýsingar koma fram; en það á sér ekki stað hér.

Þá er breyttill. við 14. gr. A 7, viðvíkjandi styrk til landsskjalasafnsins til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands. Það er komin fram breyttill. á þgskj. 405 um að fella þennan lið burtu — ja það er eðlilegt, að fjárlaganefndin taki þessari breyttill. vel, því að í því efni er hún samkvæm sjálfri sér. Það var farið fram á þetta við nefndina, en hún neitaði að koma með nokkura tillögu í þá átt. Svo kom fram breyttill. hér í deildinni og var samþykt, en eg held að það hafi verið af ókunnugleik fyrir sumum, að þeir greiddu atkvæði með þessu. Það var heldur ekki af fjárlaganefndarinnar hálfu farið langt út í það mál, því mér sem framsögumanni datt ekki í hug að þessi styrkur yrði veittur. Eg tók það fram þá, að til væri sérstakt rit, sem Bókmentafélagið gæfi út, »Safn til sögu Íslands«, þar sem beinlínis er ætlast til að gefa út það sem hér er farið fram á, og þar sem þess konar hefir verið gefið út; og mér er fullkunnugt um það, sem nefndarmanni í stjórn Bókmentafélagsins í Kaupmannahöfn, að því riti berst alls ekki of mikið af ritgjörðum; svo þeir menn, sem hafa þörf á að koma út ýmsum gömlum ritum, þeir geta snúið sér til Bókmentafélagsins; og það kostar ekkert úr landssjóði, því Bókmentafélagið í Kaupmannahöfn fær engan eyri úr landssjóði; styrkurinn til félagsins fer til Rvíkur-deildarinnar, en ekki til Hafnardeildarinnar. Það er þessi tilhneiging til að apa eftir öðrum, að fara að stofna hér sérstaka »Commission« til að gefa út fornrit eins, og A. M.-comm. í Khöfn og Kildeskrifts-comm. í Noregi. Ef nokkursstaðar er lítil þörf á slíku, þá er það hjá okkur; því einmitt það merkilegasta, sem til er, er gefið út af öðrum þjóðum. Af því okkar fornrit eru svo merkileg, þá eru þau gefin út af öðrum þjóðum, og verða gefin út, þó við kostum engu til. Það er yfir höfuð ekki nærri eins mikil þörf fyrir okkur til að verja fé til útgáfu fornrita, eins og fyrir aðrar þjóðir, af því það eru svo margir aðrir, sem aðstoða okkur í því. Eg verð þess vegna að telja það mjög illa farið, ef þessi liður er látinn standa, og svo neitað um fjárveitingar til svo margs annars, sem okkur bráðliggur á, og sem er nauðsynlegt fyrir okkar búnaðarframfarir og atvinnuvegi. Þar neitum við hverjum á fætur öðrum, og væri þá undarlegt, að vera að fleygja út fé til þess, sem engin þörf er á, þar sem við sjálfir höfum ritsafn, er tekur fúslega móti þess konar ritum, og í Noregi og Danmörku eru félög, sem hafa það aðalstarf, að gefa slíkt út.

Þá er breyttill. við 14. gr. A 7 b, á þgskj. 396. Það lá fyrir deildinni við 2. umr. breyttill. frá fjárlaganefndinni, um að greiðast skyldi af þessum lið 100 kr. til aðstoðarmanns við safnið. Þetta var ekki sem heppilegast orðað, eins og hæstv. landsh. tók fram, og brt. féll líka af þeirri ástæðu. En hæstv. landsh. tók það fram, að hann mundi sætta sig við till., ef hún væri að eins orðuð: »til aðstoðar við sýningu safnsins«. Þá er nefnilega þessi munur, að hann er ekki bundinn við neinn ákveðinn mann, heldur getur útvegað sér aðstoð á hvern hátt sem hann vill. Nú er till. komin í þetta heppilegra

form, og vonar því nefndin, að hún verði samþykt.

Þá er breyttill. við 14. gr. A 8, á þgskj. 409, þar sem farið er fram á 300 kr. til að gefa út tímaritið »Eir«, minst 10 arkir. Eg verð að geta þess, að það stendur á þgskj., að það sé frá fjárlaganefndinni, en það er ekki fyllilega rétt, því hún er að eins frá einstökum þm. í fjárlaganefndinni, en fjárlaganefndin hefir að eins lofað henni að flakka með sínu nafni til þess hún kæmist að, eins og tíðkast að þm. gera, að þeir ljá nafn sitt undir breyttill. án þess, að binda sig við að greiða atkvæði með þeim, að eins til þess þær komist að. Breyttill. er því að eins að því leyti frá nefndinni, að hún hefir viljað lofa henni að koma til umræðu; en annars er hún ekkert í ætt við fjárlaganefndina, nema við formanninn. En hvað það snertir, að fara að styrkja þetta rit, þá verður maður að segja, að jafn-alþýðlegt rit ætti að geta borið sig með sama styrk sem »Lögfræðingur«; en það rit er að eins styrkt með 150 kr., þar sem hér er farið fram á 300 kr. til að styrkja rit, sem er alþýðlegra og gæti átt von á fleiri kaupendum. Eg álít því ekki ástæðu til að samþykkja þessa breyttill. Hvort ástæða væri til að samþykkja minni upphæð, um það skal eg ekki segja, enda liggur það ekki fyrir.

Þá er breyttill. við 14. gr. A 20, á þgskj. 387, um að sá liður falli burt, o: styrkur til biblíufélagsins til að gefa út nýja þýðing af gamla testamentinu. Sama breyttill. kom fram við 2. umr. en féll, og nefndin vonar að sama verði niðurstaðan nú. Nefndinni þótti hún fara nógu frekt, er hún lækkaði liðinn um 800 kr., og hún verður þess vegna að halda sömu afstöðu gagnvart þessum lið; og leggur þess vegna til, að breyttill. verði feld.

Þá er br.till. á þgskj. 403, þar sem farið er fram á nýjan lið, 400 kr. til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun. Þessi fjárveiting stóð í frumv. stjórnarinnar; fjárlaganefndin réði til að fella hana, og var hún svo feld við 2. umr. Það er því dálítið skrítilegt, að hún skuli rísa upp á ný. Flutnm. geta kannske komið með nýjar upplýsingar, sem gera það að verkum, að styrkurinn verði veittur, en það þykir mér þó ólíklegt. Þessi maður hefir haft nægan tíma til þess að kenna út frá sér, en það hefir ekki borið á því, að neinir lærisveinar hafi komið fram; í Kaupmannahöfn er hraðritun kend á 2—3 mánuðum, svo að þeir, sem notið hafa kenslu í þann tíma, eru fullfærir til skrifta á fundum og skrifstofum. Þessi maður hefir haft 2 ár. Nefndin leggur því til, að br.till. þessi verði feld.

Þá er br.till. við 14. gr. B. 1. g., sem fer fram á, að fé til skógræktartilrauna verði veitt landsbúnaðarfélaginu, en ekki þeim mönnum, sem um styrkinn hafa sótt. Nú stendur svo á, að landsbúnaðarfélagið hefir alls ekki sótt um styrk í þessu skyni, en þeir tveir menn, sem um styrkinn hafa sótt, hafa lagt fram áætlun um, hvernig því skuli verja; nefndin hefir fallist á áætlunina, og lagt til, að fé yrði veitt, og landsbúnaðarfélagið hefir haft þau ein afskifti af málinu, að það hefir lagt til, að fé þetta væri veitt þessum mönnum, en alls ekki sér. Það virðist því næsta óeðlilegt, að fara að taka þetta fé frá þeim mönnum, sem deildin þegar hefir veitt það, og fá það öðrum, sem alls ekki hafa sótt! Það væri alt annað mál, hvort heppilegra sé, að landsbúnaðarfélagið hafi eftirlit með því, hvernig starfið er unnið, — en, eins og till. er, verður nefndin að leggja eindregið móti henni.

Þá er 27. liður á atkvæðaskrá. Svo

stendur á þessari br.till. nefndarinnar, að fyrir henni lágu upplýsingar um það, að Örfirisey lægi fyrir stórskemdum, og ef sjórinn bryti af eynni það sem eftir stendur, mundi höfninni vera stórhætta búin, því að eyjan og grandinn veita henni mikla hlíf, eins og nú er. En ef sjónum tækist að brjótast gegnum eyna, mundi grandinn hverfa og höfnin breytast. Tveir aðilar hafa hag af því, að varna skemdum á eynni, landssjóður, sem á eyna, og hafnarsjóður Reykjavíkur, sem á að gæta hagsmuna hafnarinnar. Hér kemur ýmislegt til greina. Landsjóður hefir lítinn arð af eynni, enda fylgir hún nú sem stendur landfógetaembættinu, en þar sem hún er í grend við Rvík, sem sífelt fer vaxandi, má búast við, að hún með tímanum verði töluvert meira virði en hún nú er. Þá kemur það til álita, hvort betra sé að selja hana eða gefa Rvíkurbæ, ellegar leggja fram töluvert fé til þess að gera við hana. Það hefir fram farið mat á eynni þessa dagana, og er hún talin 4000 kr. virði, og lausleg áætlun hefir verið gerð um, að viðgerðin muni kosta 4500 kr. Nú er það athugavert, að kosta 4500 kr. upp á viðgerð eyjar, sem er að eins 4000 kr. virði, og er þá álitamál, hvort ekki sé betra að losa sig við hana. Landssjóður á líka kost á því, að losna við hana, með því að bærinn taki við henni og leggi fram það fé, sem til viðgerðarinnar þarf, en aftur virtist sumum í nefndinni svo mikil framtíðarvon í eynni, að ekki væri ástæða til að selja hana eða gefa. Eftir að nefndin hafði átt tal við bæjarfógetann í Reykjavík, og hann ekki talið það frágangssök, að hafnarsjóður legði fram helming upphæðarinnar til viðgerðar eyjarinnar, þá varð sú niðurstaðan í nefndinni, að landssjóður legði til helming móti helming úr hafnarsjóði. Deildin verður nú að skera úr því, hvort nefndin hefir þar komist að heppilegri niðurstöðu.

Það eru komnar fram upplýsingar um það, að matsmenn á fiski séu ekki nægilega samvizkusamir í starfi sínu, og taki of mikið tillit til kaupmanna þeirra, er fiskinn eiga, þannig, að þeir taka með fisk, sem fellir vöruna, og kemur það ekki eingöngu niður á þeim, sem fiskinn sendir í hvert skifti, heldur öllum, sem með fisk verzla. Það virðist því nauðsynlegt, að gera eitthvað í þessu efni, og um það voru allir nefndarmenn samþykkir. En þó meiri hluti nefndarinnar hafi lagt það til, að upphæð þessa, 1800 kr., skyldi veita, þykir sjálfsagt, að semja sérstök lög um þetta efni, leggja gjald á þá, sem not hefðu matsmannanna, til landsjóðs, og hegningarákvæði, ef matsmenn gættu ekki skyldu sinnar; yfirmatsmenn ættu að vera launaðir af landssjóði, svo að þeir stæðu óháðir gagnvart öðrum; það þyrfti að semja reglur um matsgjörðina o. s. frv.; og verður þetta alt að gerast með sérstökum lögum. Nefndin átti svo annríkt, að hún gat ekki komið því við, og vil eg skjóta því til hæstv. landsh., að taka málið að sér og veita því hæfilegan undirbúning. Hvort deildin vill fallast á þessara 1800 kr. fjárveiting til matsmanna í Rvík og á Ísafirði, er á hennar valdi, en eg tyrir mitt leyti ætla það áhorfsmál, hvort hún kemur að nokkuru gagni, og hvort hún ekki verði til að spilla framgangi málsins. Matsmenn þyrfti auðvitað á fleiri stöðum en í Reykjavík og á Isafirði, því að víðar er fiskur úr landi fluttur, og getur vondur fiskur spilt markaði, þó annarstaðar sé frá seldur en þessum tveim stöðum. — Svo mikið sem eg er með málinu, þá þykir mér þó vafasamt, að þessi ráðstöfun komi að nokkuru haldi.

Br.till. við 14. gr. B. um styrk til

Halldórs Guðmundssonar um að læra »Elektroteknik« sér nefndin ekki ástæðu til að skifta sér af.

Þá er br.till. við 19. gr., að orðin »á Seyðisfirði« falli burt, og sömuleiðis 1. liður athugasemdarinnar: »Ef hlutafélag . . . skilmálum«. Nefndin hefir nú einu sinni lagt það til, að veita hlutafélagi á Seyðisfirði þetta lán, svo framarlega sem verksmiðja kemst þar upp; að öðru leyti er öðrum heimilt að nota lánið.— Þetta er miðað við rannsóknir verkfræðings þess, er stjórnin hefir ráðið til undirbúnings verksmiðjunnar, sem leiddu til þess álits hans, að Seyðisfjörður væri heppilegasti staðurinn, þó annar væri honum líkur og margir aðrir rétt álitlegir; Seyðisfjörður hefir alt til að bera, sem slíkur staður þarf að hafa, að áliti verkfræðingsins, bæði góðar samgöngur, vatnsafl hentugt, ullarríkt upplendi og sérstaklega, og í því efni stendur þessi öðrum hænufeti framar, að þar stendur væntanleg innlend klæðagerð bezt að vígi til samkepni við hinar norsku verksmiðjur; af Austurlandi er þeim sent mest efni, og á Seyðisfirði eru umboðsmenn þeirra, en þeir hafa þegar sumir hverjir lofað að leggja niður umboðsmensku sína, ef stofnað yrði til klæðagerðar á Seyðisfirði og tekið jafnvel hluti í því fyrirtæki, svo að þeir eru »interesseraðir« í að það takist vel. — Það ríður ekki á litlu, að þessi fyrsta tilraun til klæðagerðar takist vel, því þá munu fleiri á eftir koma. — Eg vil því leggja það til, að þessi br.till. verði feld.

Nefndin þykist hafa farið fullríflega í lánheimildir í fjárlögunum, og álítur, að fremur sé ástæða til að minka þær en auka, og því verður hún að vera mótfallin br.till. um að færa styrkinn til þilskipakaupa úr 30 þús. upp í 40 þús. kr. Síðasta liðinn felst nefndin þó á, að til hvers skips megi veita mest 6000 kr., af því að skip hafa í seinni tíð hækkað svo mjög í verði.

Það var samþ. við 2. umr., að veita 30,000 kr. lán til að gera tvær dráttarbrautir. Nú liggur fyrir tillaga um að skjóta inn í: »eða skipakví«, svo að það verði látið laust og óbundið, hvort ofan á verður, og getur nefndin fallist á það. —

Samkvæmt því sem fyrir lá við 2. umr. var tekjuhallinn þá 92,000 kr., en yrðu þær br.till. sem fyrir liggja samþ., mundu útgjöldin hækka um 39,000, en lækka um 4400 kr., eða tekjuhallinn aukast um 34,650 kr., og yrði tekjuhallinn þá allur 127,000 kr. Eg bið menn að athuga, að tekjuhallinn er þegar orðinn fullhár, eins og nú er, og að það getur verið töluvert hættulegt, að auka á hann að mun, og ekki sízt þar sem mörg stórfyrirtæki eru bundin við, að nóg fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði.

Landshöfðingi: Mér fellur illa, að eg skuli vera neyddur til að koma með 3 breyt.till. við fjárlögin, sem allar fara fram á hækkun útgjalda landssjóðs, þar sem eg er fyllilega samþ. háttv. framsm. nefndarinnar (V. G.) um það, að gjöldin séu orðin svo mikil, að ekki sé á bætandi. En eins og eg tók fram, er eg neyddur til þess, sumpart eftir beinni skipun yfirboðara minna, sumpart eftir að eg hefi fengið upplýsingar, sem hvorki eg né stjórnin þekti fyrri.

Í fyrsta lagi hefi eg farið fram á hækkun á skrifstofufé bæjarfógetans í Reykjavík. Eg hafði borið þetta málefni upp fyrir háttv. fjárlaganefnd, en hún vildi ekki sinna því. H. framsm. (V. G.) skýrði frá ástæðum fyrir því, að þessi breyt.uppást. kæmi fram frá minni hálfu, bréf hefði komið til stjórn-

arinnar frá bæjarfógeta, þar sem farið er fram á, að kljúfa fógetaembættið í tvent: dómara- og lögreglustjóraembætti, og svo borgmeistaraembætti, eins og tíðkast í Danmörku, o: manns, sem fjalli um bæjarmál, uppboðshöld o. s. frv. Stungið var upp á 3500 kr. launum, og 500 kr. í skrifstofufé fyrir hinn nýja borgmeistara. Stjórnin þóttist ekki geta fallist á þessa uppástungu, sökum hins mikla kostnaðar, er framkvæmd hennar hefði í för með sér, en játaði hins vegar, að störf bæjarfógeta væru svo mikil, að þau væru einum manni ókleif; fógeti yrði að hafa 2 menn á skrifstofu, þó þeir gerðu ekki annað en hreinskrifa og taka á móti peningum, og veitti ekki af; en þar á ofan var álitið, að hann þyrfti að fá fastan, vel hæfan, löglærðan aðstoðarmann, launaðan svo, að líkindi væru til, að hann héldi honum til frambúðar. En reynslan hefir sýnt, að þegar bæjarfógetinn hefir tekið löglærðan mann sér til aðstoðar, þá hefir hann mist hann eftir 1—2 ár, undir eins og hann hefir getað fengið embætti, því bæjarfógetinn hefir ekki getað boðið honum svo góð kjör, að hann kysi ekki heldur embætti, þó lítið væri. Löglærður maður yrði að hafa 2000 kr. í árslaun, og einhverjar aukatekjur, til þess hann ílengdist. En til þess er ritfé bæjarfógeta of lágt — það er að eins 1400 kr. — Nú brúkar hann í ritfé 2300 kr., — vantar því til 900 kr., sem hann verður að borga af sínum launum.

Til þess að launa föstum aðstoðarmanni þyrfti að tvöfalda skrifstofufé, og þar á ofan yrði bæjarfógeti að borga talsvert fé úr sínum vasa. Stjórnin gekk út frá því, að fylgt væri sömu reglu og í Danmörku, að 1/3 af aukatekjum bæjarfógeta gengi til skrifstofuhalds. Aukatekjur bæjarfógeta eru eftir 5 ára meðaltali c. 2500 kr., og verður þá 1/3 af því fé rúml. 800 kr. Ef bætt væri við föstum löglærðum aðstoðarmanni, mundu sparast c. 600 kr. af núverandi skrifaralaunum, og skrifstofukostnaðurinn verða handa löglærðum aðstoðarmanni 2000 kr., og annar skrifstofukostnaður c. 1600 kr., samtals 3600 kr. Upp í þetta gengi af aukatekjum bæjarfógeta 800 kr., en 2800 kr. er ætlast til að væru greiddar úr landssjóði.

Eg flyt þetta mál eftir beinni skipun stjórnarinnar, en geri það þó með hálfum huga. Eg get ekki gjört mér von um að öðlast atkv. margra háttv. þm. með mínum breyt.uppást., þar sem eg sjálfur hefi ekki atkvæðisrétt, og hefi því ekkert að bjóða í staðinn.

2. breyt.till., sem eg einnig flyt eftir skipun stjórnarinnar, er sú, að 300 kr. sé bætt við árslaun vitavarðarins á Reykjanesi, þannig, að laun hans verði 1500 kr. — nú 1200 kr. Fjárlaganefndin var þessu mótfallin, og veitti að eins 100 kr. sem persónulega viðbót. Eg þykist ekki misbjóða h. deild, þó eg fari fram á, að þessi persónulega launaviðbót sé hækkuð upp í 300 kr. Eg þekki þennan núverandi vitavörð vel, hefi lengi haft saman við hann að sælda, og skal með ánægju skýra frá því, að hann er starfsamur, samvizkusamur og vandaður maður. Hann hefir skýrt mér frá því, og mér er kunnugt um, að hann kemst ekki af með 1200 kr. handa sér og sínum, þar sem honum er gjört að skyldu að hafa 2 menn til aðstoðar við vitagæzluna, og duga alls ekki unglingar eða liðléttingar. Einkum þarf á mönnum að halda í skammdeginu, en hann verður að hafa ársmenn, þar sem vitinn er langt frá mannabygðum, og ómögulegt að ná í daglaunamenn, enda dugar ekki að taka hvern og einn óvalinn mann; það þarf æfða menn, sem hann verður

að hafa að minsta kosti um lengri tíma. En hvað sýnir reynslan? Í lengsta lagi hefir hann getað haldið þeim 2 ár; þeir hafa þá heimtað hærra kaup, af því að þeim byðust betri kjör á þilskipum. En hann getur ekki borgað hærra kaup. Og þegar nú þarf að borga 2 mönnum 200 kr. kaup og fæði hvorum fyrir sig, þá fer nú að saxast á launin. Eg álít það illa farið og skaðlegt landinu, ef þessi vitavörður yrði að segja af sér stöðu sinni, sem búast má við, geti þessi launahækkun ekki gengið fram. Háttv. þm. eru beðnir að gæta þess, að launin eru persónulega til þessa manns, og þar sem háttv. fjárlaganefnd veitti 100 kr., hækkar féð eiginlega að eins um 200 kr. eftir breyt.till. minni, og er það þá ekki svo gífurlegt.

Með 3. breyt.till hefði eg að vísu getað komið til fjárlaganefndarinnar eða hér í deildinni við 2. umr. En eg gjörði það ekki, af því, að hér lá fyrir frumv. um, að flytja Möðruvallaskólann til Akureyrar, og veita fé til hans þar. Eg gerði mér von um, að þetta frumv. fengi góðan byr í háttv. deild, en nú er ekki annað sýnna en að það sé kviksett, og kem eg því fram með þessa breyt.till., að veittar verði 2000 kr. fyrra árið til aðgerðar á skólanum. Orsökin er sú, að eg hefi fengið áskorun frá forstöðumanni skólans þessu viðvíkjandi. Segir hann að smíða þurfi 14 nýja glugga, mála, kalka, kaupa nýja ofna og eldavél og m. fl. Menn muna vonandi eftir lýsingunni á eldavélinni og ofnunum, sem kom hér fram í deildinni um daginn Auk þess þarf talsvert af rúmtötum og rúmum. Fáist aðgerð þessi fyrir minna en 2000 kr. verður afgangurinn auðvitað sparaður, enda veit eg að óhætt er að trúa forstöðumanni skólans fyrir fénu; hann er sparsamur og brúkar ekki meira en hann nauðsynlega þarfnast. Annars vona eg fastlega, eins og háttv. framsm. (V. G.), að skólinn verði bráðlega fluttur til Akureyrar. Þessi aðgerð er þó nauðsynleg og óhjákvæmileg í bráðina; sonum landsins, er leita sér náms þar, er húsið alls ekki bjóðandi, eins og það er, — það er háski fyrir heilsu og líf. Eg legg fasta áherzlu á þetta, og sé ekki önnur úrræði, ef þetta fær eigi framgang, en að loka skólanum.

Þá leyfi eg mér að minnast á fáeina liði á atkvæðaskránni, — í fyrsta lagi breyt.till. við 12. gr. C, 1. viðvíkja gufuskipaferðum kringum landið. Hún snertir ekki fjárupphæð, að eins aths. Breytingin, sem gjörð er í stjórnarfrv., er alls ekki komin frá sameinaða gufuskipafélaginu. Það er oft kvartað yfir því, að ferðaáætlanir skipanna séu ekki samkvæmar því, er ákveðið var á alþingi 1897. Skipin séu látin koma víðar við en samið var um við félagið. Meining stjórnarinnar er sú, að á öllum ferðum, nema í október og janúar, eigi skipin að eins að koma við á aðalhöfnunum, — þær smærri fari strandbátarnir inn á og sé það nægilegt.

Þetta hefir mikla þýðingu fyrir farþega, og útilokar óánægju út af hinum mörgu viðkomustöðum. Vilji háttv. deild samþ. breyt.till. nefndarinnar, getur hún það, en þá dugar ekki að kvarta um á eftir. Stjórninni er þetta ekkert kappsmál, — að eins er það gert til þess að bæta úr óánægju manna.

Úr því eg mintist á gufuskipaferðir, vildi eg leyfa mér að gera fyrirspurn til hinnar h. nefndar, hvort nokkur trygging væri fyrir því, að gufubátur fengist á Breiðafirði fyrir 7000 kr. og hvernig ætti að haga ferðaáætlun hans

eða hvort hún væri nokkur til, hver ætti að semja hana.

Það er ekki nóg, að fá einhvern bát fyrir 7000 kr., sem fer einhverjar ferðir, — það verður að vera nákvæmar um hnúta búið, t. d. ferðaáætlanir samþyktar af hlutaðeigandi sýslunefndum, en þær eru margar, sem hlut eiga að máli, og því hætt við, að tillögur þeirra yrðu ekki vel samrýmanlegar.

Þá er brtt. við 26. tölulið á atkvæðaskrá, um að fé, sem ætlað er til skógræktartilrauna, veitist Búnaðarfélagi Íslands.

Eg var ekki inni, er h. framsögum. veik að þessu. En það gladdi mig að frétta, að hann var á móti þessu. Eg er því sömuleiðis mjög svo mótfallinn. Eg get lýst því yfir, að stjórn búnaðarfélagsins þykist hafa nóg að starfa og hugsa um landbúnaðinn, þó þessu sé ekki bætt við. Og þetta er hverju orði sannara; ef litið er á fjárlögin, sést, að það er ekki smáræðisfé, sem félagið á að ráðstafa: 24000 fyrra árið og 16000 síðara árið. — Það væri ógeðfelt, að demba upp á það skógræktartilraununum líka. Eg vona, að hin h. deild fari að ráðum h. frsm. og samþykki þetta alls ekki.

Næsti töluliður, 27., er um að varna skemdum á Örfirisey. — H framsm. rakti þýðingu þess máls og er því hægt fyrir þingið að átta sig á því. Mér sýnist þetta mál þýðingarlítið og tæplega rétt, að verja yfir 2000 kr. til að varna skemdum á annari eins eign. Eftir nokkur ár verður ey þessi að öllum líkindum komin í sjó. Bezt væri að losna við eyjuna með því að prakka henni upp á einhvern einfeldning, sem væri nógu skyni skroppinn til að kaupa hana. Og nú vill svo vel til, að bæjarstjórn Reykjavíkur vill eignast eyna, og ætti þá ekki að sitja sig úr færi. Það er ekki víst að betra tækifæri bjóðist síðar.

Hvað snertir 28. tölulið, er eg samþykkur og þakkláttur h. framsm. fyrir tillögur hans, og mun eg styðja að því, að samið verði frumv. til laga um fyrirkomulag á mati (vragi) á fiski. En að ráða því máli til lykta er ekki unt nema með lögum. Þessi lög geta ekki komist á, fyr en að 2 árum liðnum, en eru bráðnauðsynleg, til þess að útlendir kaupendur missi ekki traust á íslenzkum fiski. Það er því rétt, að fé þetta verði veitt til bráðabirgða, þangað til lögin komast á. Gremja og kvartanir hafa lýst sér hjá útlendum kaupendum hverjum um annan þveran, svo þeir hafa lýst því yfir, að þeir kaupi ekki fisk fyrri en hann sé sorteraður í út löndum, en ekki upp á connossement, eins og nú. Það er sjálfsagt að hindra, að þessar hótanir komi fram. Betri opinber umsjón hlyti að hafa í för með sér betri tiltrú. Eg held að þessar 1800 kr. mundu fyllilega borga sig, þar sem bæði bæjarstjórnin og útgerðarmenn mundu leggjast á eitt með að koma þessu máli í lag sem bezt mætti verða.

Ólafur Briem: Eg hefi leyft mér að koma með nokkurar brtt. á þgskj 393; fyrsta brtt. er við 11. gr. 6. a. og gengur út á, að lækkuð sé hin persónulega launaviðbót yfirhjúkrunarkonunnar við holdsveikraspítalann í Laugarnesi úr 400 kr. niður í 200 kr. Eins og kunnugt er voru laun hennar í hinu upprunalega stjórnarfrv. 1897 ákveðin 200 kr. á ári, og var það eftir tillögum héraðslæknis Guðmundar Björnssonar, og miðað við það, sem venja væri við sams konar stofnanir í Noregi. Undir meðferð málsins á þingi var eftir tilmælum stórsírs Oddfélaga P. Beyers gengið inn á, að launin skyldu vera

500 kr. á ári. Á síðasta þingi voru þau enn hækkuð um 100 kr. eða upp í 600 kr., þrátt fyrir mótmæli margra, og þar á meðal h. þingmanns, sem nú er framsm. fjárlaganefndarinnar (V. G.). Nú er enn farið fram á, að hækka þau upp í 1000 kr. Og hver er svo ástæðan til þess, að farið er fram á þessa miklu launahækkun? Hún er sú, að sagt er að hin núverandi hjúkrunarkona muni ekki fást til að halda áfram starfi sínu, fái hún ekki launahækkun þessa. En eg sé ekki að neina stórhættu muni leiða af því, þótt hún fari frá. Því að þótt eg efist ekki um, að hún muni vera mikið dugleg, þá hlýtur þó að vera hægt að fá einhverja aðra duglega stúlku til að taka starfið að sér í hennar stað. Eg sé jafnvel enga sérlega hættu stafa af því, þótt yfirhjúkrunarkonusýslanin væri með öllu afnumin; við sumar sams konar stofnanir í Noregi er, eftir því, sem Guðmundur læknir Björnsson skýrir frá, engin hjúkrunarkonan annari æðri, enda sýnist þess ekki brýn þörf, þar sem sérstakur læknir er skipaður við spítalann. Að vísu hefir stórsír Oddfélaga rétt til að skipa yfirhjúkrunarkonu, en þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum, sem þeir hafa sjálfir sett, og nú er svo háttað, að jafnframt og þingið ákvað launin í fyrstu, höfðu þeir fyrir sitt leyti gengið inn á ákveðna launaupphæð, sem hjúkrunarkonan skyldi hafa.

Eg skil ekki í, að h. fjárlaganefnd skoði svo, að hér sé um eins konar viðbót við 25. gr. stjórnarskrárinnar að ræða, þannig, að eins og konunginum er í þeirri grein heimilað að ákveða laun hinnar æðstu innlendu stjórnar hér í landi, þannig sé og stórsír Oddfélaga heimilað að ákveða laun yfirhjúkrunarkonunnar. Brtt. fer fram á, að lækka launaviðbótina niður í 200 kr., en upphæðin út af fyrir sig er ekki aðalatriðið, heldur að þinginu gefist kostur á að sýna, að það álíti sig ekki bundið við geðþótta Oddfélaga í þessu efni, því að ef svo væri, gætu þeir með sama rétti krafist 2000 kr. launa handa hjúkrunarkonunni eins og 1000 kr.

Önnur brtt. er við 14. gr. B. 1. b. og er um það, að athugasemdin við styrkveitinguna til búnaðarfélaga falli burtu. Þessi athugasemd gengur út á það, að við skifting styrksins til búnaðarfélaganna skuli 2 dagsverk í jarðabótum á landssjóðsjörðum og prestsetrum metin til jafns við 3 dagsverk á öðrum jörðum. Nefndin hefir nú komið með brtt. um, að breyta orðinu »prestsetrum« í »lénsjörðum presta«; en eg sé ekki, að mikið sé bætt úr með þessu; eins og orðin eru í frv. eru þau ákveðin, en eins og farið er fram á að breyta þeim, verða þau óákveðin, og grípa sjálfsagt yfir nokkuð annað en til er ætlast, því að lénsjarðir presta eru ekki einungis þær jarðir, sem prestarnir sjálfir búa á, heldur nær það einnig til hjáleigna prestsetranna, sem stundum geta verið allstórar jarðir, svo og niðurlögð prestsetur, sem nú eru bændabýli. En hvaða ástæða er svo til þess, að vera að gera mun á þessum lénsjörðum, sem ekki eru prestsetur, og öðrum kirkjujörðum?

Viðvíkjandi landssjóðsjörðunum er það að athuga, að í sumum um boðum að minsta kosti er það föst regla, að í byggingarbréfum þjóðjarða er leiguliðunum gert að skyldu, að vinna svo og svo miklar jarðabætur árlega, og veit eg ekki betur en að það sé skoðað sem nokkur hluti jarðarafgjaldsins, enda voru þessar jarðabætur fyrst framan af undanskildar, þegar um útbýting jarðabótastyrks var að ræða, því að það þótti ekki rétt að

landssjóður færi með styrknum að borga part af eftirgjaldi jarða. Síðar hefir þessu að vísu verið breytt og ábúend um þjóðjarða verið veitt sú ívilnun, að fá að njóta tiltölulegs hluta af jarðab tastyrknum. Eg tala hér um skyldujarðabætur á þjóðjörðum. Það sem fram yfir þær er unnið það ætti landssjóður að borga á annan hátt en þennan.

Svo kemur enn eitt til athugunar. Hvað meinar nefndin, þegar hún er að tala um skifting fjárins? Er það úthlutun landstjórnarinnar, til hinna einstöku búnaðarfélaga, eða er það úthlutun fjárins til einstakra félagsmanna? Ef hér er átt við úthlutun fjárins frá landstjórnarinnar hálfu, þá kemur þessi hækkaði styrkur að vísu þeim félögum til góða, þar sem jarðabætur eru gerðar á prestsetrum eða þjóðjörðum, en fyrir það er engin vissa, að þeir sem jarðabæturnar vinna njóti hærra styrks fyrir það er aðrir, því að það er kunnugt, að ýms félög skifta fénu alls eigi eftir sömu reglum milli félagsmanna sinna eins og landssjóðsstyrknum er skift milli búnaðarfélaganna; sum nota hann til þess að borga með búfræðingum, eða öðrum mönnum, sem ráðnir eru til jarðabótastarfa; önnur verja honum til að kaupa fyrir jarðabótaverkfæri, og enn önnur leggja hann í sjóð alveg eða að nokkru leyti. Enn skulum vér skoða tillöguna frá nýrri hlið. Setjum svo, að prestur á lénsjörð taki 1000 kr. lán til jarðabóta upp á prestakallið og láti vinna fyrir það 7—800 dagsverk að jarðabótum. Nú er svo, að landssjóðsstyrkurinn til jarðabóta hefir verið alt að 30 a. á dagsverkið, og eftir tillögu nefndarinnar mundi prestur þessi því eiga að fá útborgað um 40 a. fyrir hvert dagsverk, eða að minsta kosti um 300 kr. Færi hann nú burt frá prestakallinu undir eins árið eftir, og áður en hann væri farinn að afborga jarðabótalánið, tæki hann eða búnaðarfélag það, sem hann væri í, þessar 300 kr. sem hlut á þurru landi. Hingað til hefir jarðabótastyrkurinn verið vinsæl veiting, en eg er hræddur um, að svo verði eigi framvegis, ef svona á að fara að. Það er rétt eins og einhver sérvitur nýgræðingur hafi skotið þessum fleyg inn í nú í öllu breytingafjáðrafokinu við 2. og 3. umr. fjárlaganna. Það hefði heyrt landbúnaðarnefndinni til, : ð koma með tillögu hér að lútandi, eftir að hún hefði íhugað málið rækilega. Ef farið er á annað borð að breyta þeim ákvæðum, sem nú gilda í þessu efni, þá ætti breytingin sjálfsagt að ganga í þá átt, að leiguliðar nytu hærri styrks en sjálfseignarbændur. Þá kem eg að styrknum til skógræktartilrauna. Eg játa það, að það er fögur framtíðarhugsjón, sem liggur til grundvallar fyrir þeirri fjárveiting; en það verðum vér að gera oss ljóst, að eigi nokkuð verulega að gera í þá stefnu, þá eru þessar 11000 kr., sem teknar eru upp í fjárlagafrv., ekki nema lítil byrjun; það mun þurfa að halda fjárveitingunum áfram mörg fjárhagstímabil, og hér veltur á tugum og ef til vill hundruðum þúsunda, ef framkvæmdirnar eiga að verða annað en kák eitt. Þar sem um svo stórkostlegt fyrirtæki er að ræða, þá er nauðsynlegt að búa sem tryggilegast um alla hnúta þegar frá upphafi. En háttv. nefnd virðist alls eigi hafa gert það, og hér getur hún ekki velt ábyrgðinni af sér yfir á landsstjórnina, því að stjórnin hafði eigi tekið þessa fjárveiting upp í frumv. sitt. Í nefndarálitinu er um fjárveiting þessa ekkert sagt annað en það, að henni skuli varið til skógræktar; engin frekari grein gerð fyrir henni. Eg gat ekki skilið betur á háttv. framsm. (V. G.), þegar hann

var að tala um breyttill. mína, en hér að væri um persónulega fjárveiting að ræða; hann sagði, að búnaðarfélag landsins hefði ekki sótt um fé þetta, heldur einstakir nafngreindir menn. Þetta er fjarstæða; einstakir menn hafa að eins skýrt málið, og sagt, hvað þeim sýnist þurfa að gera. Hér er ekki um neina fjárveitingu að ræða handa þessum einstöku mönnum, heldur er landsstjórninni falið á hendur að verja fénu eins og bezt má verða, eða eins og henni geðjast; en eftir því sem framsm. (V. G.) hafa stundum farist orð um landsstjórnina, þá er það undarlegt, að hann skuli vilja selja henni fé þetta skilyrðislaust í hendur. En látum nú svo vera, að þessi fjárveiting sé beinlínis ætluð þeim kaptein Ryder og prófessor Prytz, þá er það vitanleg, að annar þessara manna hefir að vísu komið hingað til lands og kynt sig hér vel, en er eigi að síður lítt kunnugur íslenzkum staðháttum, en hinn maðurinn hefir aldrei stigið hingað fæti á land, og engin von um, að hann muni nokkurn tíma koma hingað. Þetta er næsta óheppilegt, því að þótt sérfræðisþekking í þessum efnum sé nauðsynleg, þá er hún ekki einhlít, heldur þarf einnig hagsýni og kunnugleik á landinu, ef vel á að fara. Það er ekki hægt að ætlast til að ókunnugir menn geti utan úr Kaupmannahöfn stýrt fyrirtæki þessu svo vel fari. Það hefir verið viðurkent að óhentugt væri að hafa vora æðstu landsstjórn úti í Kaupmannahöfn; en nú ætlar þingið sjálft að fara að skapa þar nýja yfirstjórn yfir einni tegund mála vorra, er miklu getur varðað. Það getur vel verið, að fénu sé fullvel komið í höndum þessara manna, en það vantar alla trygging fyrir því, og þessu fylgir meiri ábyrgð en svo, að háttv. fjárlaganefnd geti staðið sig við, að taka hana upp á sig; og það er sannarlega ekki vegurinn til þess að vinna fylgi landsmanna í máli þessu, að ráðstafa því þannig, sem háttv. nefnd vill. En nú hafa þeir kapteinn Ryder og Prytz einmitt tekur það fram, hvað áríðandi það sé að vinna fylgi almennings og stinga upp á að búnaðarfélag landsins taki málið að sér. H. framsm. (V. G.) benti á, og hæstv. landsh. tók það skarpt fram, að búnaðarfélagið vildi ekkert hafa með mál þetta að gera. Eg get skilið í þessu, að því leyti, að þar er enginn kendur sem hann kemur ekki. En búnaðarfélagið er beinlínis skyldugt til að taka þetta mál að sér, því það liggur undir verksvið þess, og er náskylt öðru fyrirtæki, sem það hefir þegar tekið að sér, gróðrartilraununum. Það hefir ekki mikið að segja, þótt félagið hafi ekki sótt um styrk þennan; því hefir áður verið falið á hendur framkvæmd þess, sem það hefir sótt um. Eg get ekki varist því, að bera kvíðboga fyrir, að ver fari, ef hin litla breyttill. mín er ekki tekin til greina, og ræð eg það af úlfaþyt þeim, sem eg þykist hafa orðið var við, síðan breyttill. kom fram.

Þórður Guðmundsson: Eg hélt að það þyrfti ekki að mæla mikið með breyttill. okkar þingmannanna úr Rangárvallasýslu, þar sem það er eina beiðnin, sem við komum fram með fyrir hérað okkar. En háttv. framsm. (V. G.) gaf mér tilefni til að tala, þar sem hann lýsti því yfir, að fjárlaganefndin gæti ekki verið henni samþ. Svæðið, sem hér ræðir um, er ekki einungis olnbogabarn náttúrunnar að því er hafnir snertir og samgöngumöguleika á sjó, heldur virðist það líka ætla að verða olnbogabarn háttv. fjárlaganefndar, en eg vona að eigi líti allir í deildinni sömu augum á málið sem hún. Reyndar má að nokkru leyti

virða háttv. nefnd undirtektir hennar til vorkunnar, þegar á það er litið, að í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumv. stendur, að athugsemdin um að verja 200 kr. af gufubátastyrknum til sérstakra gufubátsferða milli Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara hafi ekki verið endurtekin, af því að landshöfðingi hafi skýrt svo frá, að ekki væri útlit fyrir, að þær ferðir kæmust nokkurn tíma á. Þessi orð hæstv. landsh. komu mér á óvart, því að ferðirnar hafa verið farnar í 7 ár, vitanlega ekki í sambandi við ferðirnar um Faxaflóa, heldur frá Eyrarbakka. Það er alveg rétt, að það dugar ekki að ætla gufubát úr Faxaflóa, ferðirnar, hann getur ekki sætt lagi með að fara á staði þessa, þegar sjór er þar fær, en bátur frá Eyrarbakka getur það; frá Eyrarbakka er allhægt að sjá, hvort veður og sjór sé svo, að hægt sé að skipa upp vörum á stöðum þeim, sem hér ræðir um. Það hefir verið lagt lé til ferðanna bæði af landssjóði og sýslusjóði Arness- og Rangárvallasýslna, og mætti það makalaust heita, ef þingið færi nú að svifta héruðin þessum litla styrk, sem nú er beðið um, og sem áður hefir staðið í fjárlögunum, og léti sér nægja með að veita oss ánægjuna af því, að sjá reykinn af milliferðaskipunum, sem vér verðum að borga stórfé til. Skal eg svo ekki tefja tímann með að mæla fleira með breyttill. þessari, en að eins benda á það, að hér er um litla fjárupphæð að ræða, en hún getur komið að stórgagni fjölbygðum sveitum, sem mjög fara á mis við allar skipaferðir. Ur því eg stóð upp, þá skal eg um leið minnast á eina aðra breyttill. á þgskj. 385; hún fer fram á að styrkur til þilskipakaupa sé hækkaður úr 35000 kr. upp í 45000 kr. Eg verð að lýsa þeirri skoðun yfir, að mælirinn sé þegar fullur orðinn með fjölgun þilskipanna og að það sé alt annað en æskilegt, að þilskipaeignin sé aukin að mun í bráð, og mér finst að þingið ætti að sínu leyti ekki að stuðla að henni, þegar litið er á hag landbúnaðarins, og á það, hvað lítið er gert fyrir hann. Mér sýnist stefna að því, að sjávarútvegurinn ætli að draga landbúnaðinn niður í hverfandi stærð. Það sýnist því, að þingið ætti ekkert að gera til þess að draga kraft frá landbúnaðinum, nema þá því að eins, að það vilji halda því fram, að land vort eigi að verða að fiskistöð einni saman, en landbúnaðurinn að hverfa úr sögunni. En það vona eg, að sú skoðun verði aldrei ofan á, sem kom fram einu sinni, að Ísland væri skapað til að verða verstöð; því að eins og eg tók fram áðan, þá mundum vér hafa lifað vort fegursta sem þjóð, ef slíkt yrði. Eg verð því að vera á móti hækkuninni á lánsstyrknum; aftur á móti sýnist mér það rétt, að veita megi 6000 kr. kr. til hvers skips í stað 5000 kr. Eg hefði meira að segja ekki séð neitt á móti því, þótt enn hærra hefði verið farið; með því hefði efnalitlum mönnum, sem langaði til að eignast þilskip, verið gert hægra fyrir með það. Eg get svo ekki verið að tala frekara um breyttill. þær hinar mörgu, sem fram eru komnar, þótt eg hafi ýmislegt að athuga við ýmsar þeirra. Að eins skal eg geta þess, að eg hefi eftir venju þeirri, sem í þinginu tíðkast, léð nafn mitt á nokkurar breyttill. til þess að koma þeim að, án þess að eg þó muni greiða atkvæði með þeim öllum. Skal eg svo ekki tefja tímann með lengri ræðu, en mun með atkvæði mínu sýna, hvernig eg lít á hinar einstöku breyttill.

Stefán Stefánsson, þm. Eyf.· Eg hefi

hér í fórum mínum eina br.till. viðvíkjandi klæðaverksmiðjunni. Við 2. umr. kom eg fram með br.till. um þetta sama atriði og fór þá fram á, að lánveitingin væri veitt hlutafélagi »á Akureyri eða Seyðisfirði«, en hún var feld; eg veit ekki af hvaða ástæðu, nema ef vera skyldi þeirri, að Akureyri var sett á undan Seyðisfirði í tillögunni. — Í þeirri br.till., sem eg nú flyt, hefi eg því þess vegna varast alt slíkt, og fer að eins fram á, að orðunum »á Seyðisfirði« í 19. gr. (5. málsgr.) sé slept. — Eg vil með því að eins gera það mögulegt að verksmiðjan verði látin standa þar, sem landsstjórnin álítur heppilegast, að betur uppfyltum skilyrðum og annari tryggingu á hvorum stað, en að Akureyri sé ekki bægt frá lánveitingunni, ef það reyndist svo, að eins heppilegt væri að láta verksmiðjuna vera þar. Mér finst það nokkuð hart, að bægja Akureyri eða hluthöfum innan sýslufélagsins algerlega frá, þar sem Eyjafjarðarsýsla undanfarin ár hefir borið byrðarnar af sínum tóvinnuvélum, einkum þegar tekið er tillit til þess, að verkfræðingurinn, sem falið var að sjá út heppilegasta staðinn fyrir verksmiðjuna, hefir talið Akureyri ýmislegt til gildis fram yfir Seyðisfjörð. — Eg skal að eins nefna einstök atriði:

Í fyrsta lagi er öll vinna ódýrari á Akureyri og það hefir einmitt mjög mikla þýðingu í þessu máli.

Í öðru lagi eru matvæli ódýrari á Akureyri en Seyðisfirði, og í þriðja lagi þá er Akureyri miðdepill allra innanlandssamgangna á sjó, og liggur sérlega vel við öllum flutningum á landi.

Þetta, með öðru fleira, finst mér mæla svo mikið með Akureyri, að það sé ekki rétt, að bola þessum stað algerlega frá, að geta orðið aðnjótandi þeirrar lánveitingar, er kann að verða veitt til verksmiðjunnar, og mér finst Seyðisfirði vera gert of hátt undir höfði með því að honum í fjárlagafrumv. sé gefinn forgangsréttur til að stofna hlutafélagið alt til ársloka 1902. Á Akureyri hefir verið safnað aktíum í þessu skyni og ef það er látið dragast á annað ár, að hægt sé að stofna hlutafélag þar, þá hljóta aktíuloforðin að tapast, og það getur orðið til þess, að ekki verði neitt úr fyrirtækinu. Mér þykir þess vegna sanngjarnast, að hvorugur staðurinn sé nefndur á nafn í frumvarpinu, og að landstjórnin sé látin annast það, á hvorum staðnum verksmiðjan skuli standa, að því áskildu, sem eg þegar hefi tekið fram. Það er ekki rétt að láta Akureyri gjalda þess, að hún ásamt sýslufélaginu hefir drifið upp og annast tó vinnuvélar nú um allmörg ár undanfarin.

Þá vildi eg minnast lítið eitt á br.till. hæstv. landsh. á þgskj. 382. — Eg hafði sjálfur verið að hugsa um að koma með br.till., sem færi í sömu átt, nefnilega að veita fé til þess, að gera við skólahúsið á Möðruvöllum; en vegna þess, að eg gat ekki gert mér neina ljósa hugmynd um þá fjárupphæð, er viðgjörð á húsinu mundi kosta, þá sló eg því algjörlega frá mér. Það gleður mig því, að þessi tillaga er komin fram, og vil eg gefa henni hin beztu meðmæli mín.

H. framsm. (V. G.) áleit þetta varhugaverða fjárveitingu; en sízt bjóst eg við þeim orðum frá honum, þar sem háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) hefir gefið svo dásamlega sjúkdómslýsingu af skólahúsinu, eldavélinni og reykháfnum(!), að eg hélt að hann (þm. Vestm.) væri í engum vafa um það lengur, að hér þyrfti eitthvað við að gera, og að full þörf væri fyrir þetta fé. Neiti hann

því, álítur hann varhugavert að trúa orðum þingmannsins.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): Hæstv. landsh. tók það fram viðvíkjandi br.till. sinni um að hækka ritfé bæjarfógetans í Reykjavík, að það væri nauðsynlegt til þess, að bæjarfógetinn gæti tekið sér lögfræðing sem aðstoðarmann. Hann sagði nefnil., að bæjarfógeti gæti ekki borgað þess konar manni svo há laun, að hann færi ekki frá honum hve nær sem honum byðist sýsla. En fjárlaganefndin hefir litið öðruvísi á þetta mál. Henni finst laun bæjarfógetans vera svo há nú, að hann geti launað lögfræðing sem aðstoðarmanni, ef hann vill, og þykir þess vegna enginn ástæða til þess að hækka laun hans. Laun hans eru nú 3000 kr. ritfé 1400 kr., aukatekjur 2987 kr. — það má áætla þær 3000 kr., þótt það muni 13 kr. — og verði tolllög þau, sem nú eru fyrir þinginu, samþ., þá má áætla þær hærri, og þótt það ekki verði nú, þá má búast við því bráðlega. Auk þess hefir hann talsverðar tekjur af innheimtu á uppboðum; eg veit ekki með áreiðanlegri vissu, hvað miklar þær tekjur eru, en nefndinni var sagt, að þær mundu vera undir 2000 kr., en það getur verið, að þetta sé vel í lagt. Samkvæmt þessu væru þá tekjurnar sem hann hefir 9400 kr. Eins og eg tók fram áðan, getur verið, að innheimtulaunin séu of hátt reiknuð, en þar í móti kemur það, að aukatekjurnar verða meiri þegar frá líður. Ef nú skrifstofukostnaðurinn er 3700 kr., það er að segja 2000 kr. handa »fullmegtugum« (og »innkassator«) og 1700 kr. handa öðrum manni, og gerum svo ráð fyrir að fullmegtugur fái 700 kr. af innheimtulaunum, þá eru þó eftir 3000 kr. og það verður nefndin að álíta að séu fullboðleg laun, eftir því, sem gerist hér á landi; en þó tekjur þær, sem hann hefir af uppboðum væru ekki nema 1000 kr. sem mun of lítið áætlað, og þótt aukatekjurnar hækkuðu ekkert frá því sem er, þá væru samt eftir 4000 kr. handa bæjarfógetanum, sem eru allgóð laun. Nefndinni virðist því engin ástæða til þess, að 2-falda ritfé hans, og leggur því til, að þessi br.till. sé feld.

Þá er br.till. frá sama um að veita 2000 kr. til þess að gera við Möðruvallaskólann. Viðvíkjandi þessu verð eg að gefa þá upplýsingu, að það liggur enginn skýrsla fyrir þinginu um þetta; það hefir að eins verið tekið fram að það þyrfti að setja í húsið 14 nýja glugga, 2 ofna og eldavél, en þó skólastjóri segi að þetta muni kosta 2000 kr., þá er hann ekki svo byggingafróður — þótt hann geti verið góður kennari — að nefndin geti bygt neitt á þessu. Eg get skilið að h. 2. þm. Eyf. (St. St.) geti greitt atkvæði með þessari till., því hann vill að skólinn verði kyr þarna á Möðruvöllum, en það hefir komið til tals, að flytja skólann, og eg get ímyndað mér, að þeir, sem það vilja, hugsi sig vel um, áður en þeir fara að greiða atkv. með því, að veitt sé mikið fé til þess, að gera við þenna skóla, fram yfir það sem vissa er fyrir, að er nauðsynlegt til þess, að hægt sé að notast við hann þangað til hann verður fluttur.

Viðvíkjandi br.till. á þgskj. 396 við 12. gr, C. 1. tók hæstv. landsh. það fram, að greinin væri ekki þannig orðuð í stjórnarfrumv. af því, að gufuskipafélagið krefðist þess, heldur sökum þess, að ferðaáætlunin væri ekki eins og alþingi 1897 hafði samþ. En sé það ekki gufuskipafélaginu, heldur stjórninni að kenna, þá er engin ástæða til að breyta því. Alþingi vildi fá fljótar ferðir kringum land með fáum viðkomustöðum, en á áætlunina hafa verið settir margir viðkomustaðir, sem ekki eru á áætlun þingsins, og er það

stjórnarinnar sök, að samþ. slíka ferðaáætlun. Jafnvel með alþingismannaferðinni í vor var komið inn á margar hafnir, sem ekki stóðu á áætlun alþ. og jafnvel á hafnir, sem ekki stóðu á áætlun gufuskipafélagsins. Það lá þess vegna við sjálft, að þingmenn kæmust ekki hingað í tæka tíð, og það hefði sjálfsagt orðið tilfellið, ef þeir hefðu ekki gert hálfgerða uppreist á móti þessu.— Nefndin verður því að halda fast við br.till. sína um að fella burt úr frumv. orðin: »þó skulu ákvæðin . . . . nefndum ferðaáætlunum«, því verði það gert, verður áætlunin samkv. vilja þingsins.

Hæstv. lh. spurði viðvíkjandi br.till. á þgskj. 396 við 12. gr. C. 2. e. um styrk til gufubátsferða á Breiðafirði, hvort nokkur trygging væri fyrir því, að báturinn fengist. Eg játa það, að það er engin trygging fyrir því, að báturinn fáist, og það er heldur ekki eiginlega tilætlunin með þessari fjárveitingu, því nú kemur Skálholt á Breiðafjörð. En meiningin með þessari fjárveitingu var sú, að gerðar yrðu tilraunir til þess, að fá bát, svo að alt væri undirbúið fyrir þing 1903. — Ef þetta fé verður ekki veitt, þá er engin trygging fyrir því, að báturinn fáist heldur 1903, því þá verður alt óundirbúið, og það væri ekki þægilegt, þegar farið verður að semja á ný við gufuskipafélagið.

Viðvíkjandi viðkomustöðum fyrir þenna bát, þá yrði auðvitað fylgt sömu reglu eins og þegar samin er áætlun fyrir gufubátinn á Faxaflóa og Ísafirði. — Hún mundi verða samþykt af hæstv. landsh. eftir tillögum frá hlutaðeigandi sýslufélögum, og þótt það ef til vill yrði erfitt; að fá samhljóða tillögu frá öllum þessum 4 sýslum, þá skal þess getið, að landsh er alls ekki bundinn við, að uppfylla alt, sem sýslurnar kynna að fara fram á, því hann getur vinzað úr það, sem honum þykir heppilegt, og slept hinu.

Breyt.till. fer sem sé fram á, að skilyrðin fyrir þessari styrkveitingu séu hin sömu og fyrir styrknum til gufubátanna á Faxaflóa og Ísafirði.

H.1. þm.Skgf.(Ól.Br.) talaði um brt. um að hækka laun yfirhjúkrunar-konunnar í holdsveikraspítalanum, og eg skal fyrir hönd nefndarinnar játa það, að það sem hann sagði er á mjög miklum rökum bygt. — Nefndin er í rauninni á móti þessari hækkun, en hún sá sér annað ekki fært sökum þess, að alþingi hafði gert það glappaskot, að að gera þenna samning við dr. Beyer. — Mér finst það ákaflega óviðkunnanlegt, að hann skuli geta sett þinginu þannig stólinn fyrir dyrnar, en samningarnir eru nú einu sinni svona, og við þessu verður ekki gert.

Háttv. sami þingm. tók það fram, að við slíkar stofnanir í Noregi væru þessar yfirhjúkrunarkonur álitnar óþarfar, og það er eflaust rétt; sömuleiðis mætti víst með lagi fá einhverja aðra; en þessu má ef til vill breyta, þegar þær hjúkrunarkonur, sem nú eru í spítalanum, eru búnar að vera þar lengur, og hafa fengið æfingu í þessu starfi.

Sami háttv. þingm. talaði einnig á móti breyt.till. við 13. gr. B. 1. 6., og spurði, hvernig ætlast væri til, að þessu fé yrði úthlutað, og benti á, að eftir því, sem þessi breyt.till. væri orðuð, þá mundi féð ekki koma þeim mönnum til góða, sem til væri ætlast, heldur búnaðarfélögunum í þeim hreppum, sem jarðirnar lægju.

Eg verð að játa það, að mér þóttu mótmæli hans á svo miklum rökum bygð, að eg treysti mér ekki til þess, að hrekja þau, enda er þessi breyt.till.

upphaflega ekki frá nefndinni, heldur frá h. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), og það vildi svo illa til, að hann var ekki við, þegar h. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) talaði um þessa breyt.till., svo hann heyrði ekki ástæður hans.

Eg held samt, að mér sé óhætt, að segja h. 1. þingm. Skgf. (Ól. Br.), að nefndin fallist á tillögu hans.

Að því er snertir styrkinn til skógræktunar, þá tók hann það fram, að eins og hann stæði í fjárlögunum, þá væri hann ekki veittur einstökum mönnum. Það er satt. Hann er ekki beint veittur einstökum mönnum; hann er veittur landsstjórninni, sem á að veita hann einstökum mönnum. — En þar sem ekki hefir legið fyrir beiðni frá þessum mönnum, þá liggur það í fjárveitingunni, að ætlast er til, að landsstjórnin veiti þeim fé, og eg tel engan vafa á því, að landsstjórnin muni samkvæmt fjárlaganefndarálitinu og framsögunni taka það tillit til fjárlaganefndarinnar, að veita einmitt þessum mönnum styrkinn.

En hitt, sem háttv. þingm. hélt fram, að það ætti ekki að veita fé einstökum mönnum, heldur ætti að veita búnaðarfélaginu það, þá er það að vísu satt, að það getur þegar fram líða stundir verið æskilegt, að búnaðarfélagið hafi hér hönd í bagga; en enn sem komið er álítum vér ekki, að búnaðarfélagið hafi svo mikla þekking á þessu efni, að ástæða sé til þess, að veita því fremur umráð yfir styrknum heldur en þeim mönnum, sem um hann hafa sótt. — Annar þeirra manna hefir sýnt sérstakan áhuga á því, að koma upp skógum hér á landi, og þó hann hafi ekki mikla þekking á staðháttum, þá hefir hann mikla þekking á málefninu, og mun ekki á öðrum betra völ. — Hinn maðurinn er prófessor við landbúnaðarháskólann í Danmörku, og hefir svo gott vit á þessu, sem nokkur maður getur haft, og með upplýsingum, er hann fær frá kunnugri mönnum, mun hann manna bezt geta lagt á ráðin, hvað gjöra skuli í þessu efni; að minsta kosti mun hann eiga hægra með það en nokkur annar maður hér á landi.

Það verður því að ætla, að féð sé eins vel komið undir stjórn þessara manna eins og undir stjórn búnaðarfélagsins. — Við þær tilraunir, sem verða gjörðar, þá fá menn þekking í þessum efnum, og þegar þekkingin fer að aukast, þá getur búnaðarfélagið farið að koma til og stjórna þessu. — Hitt ber líka á að líta, að sumir menn í búnaðarfélaginu eru á móti því, að þetta sé lagt undir félagið. — Þannig veit eg að varaforseti búnaðarþingsins er því mótfallinn, því hann hefir sagt mér það sjálfur.

Háttv. þingm. Rangv. tók það fram viðvíkjandi breyt.till. sinni um hækkun á styrk til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi, að það væri ekki ætlast til þess, að gufubáturinn »Reykjavík« færi þessar ferðir, heldur gufubáturinn »Oddur«. — Þær upplýsingar, sem hann gaf, eru þannig vaxnar, að fjárlaganefndin sjálfsagt lítur öðrum augum á málið eftir en áður, og eg held mér sé óhætt fyrir hönd nefndarinnar, að lýsa því yfir, að hún fallist á breytingartill., eftir þær upplýsingar, sem fram eru komnar. — Það er svo með fjárlaganefndina, eins og með hvern þingmann, að henni þykir engin minkun í því, ef hún fær nýjar upplýsingar, að breyta skoðun sinni, og gjörir það að sjálfsögðu, þegar nýjar upplýsingar koma, sem ekki hafa legið fyrir áður.

H. 2. þingm. Eyf. (Stef. Stef.) talaði töluvert fyrir tillögunni sinni, að fella burt orðið »Seyðisfjörður« í athugasemdinni við 19. gr. um lánið til ullarverk-

smiðju, og færði til ýmislegt fyrir máli sínu, sérstaklega það, að það væri ódýrara að lifa á Akureyri en Seyðisfirði, svo það gæti verið þægindi fyrir verksmiðjuna.

Þetta mun vera rétt, en þó held eg, að ekki sé mjög mikið á munurum — En það er svo margt annað, sem mælir með Seyðisfirði fram yfir Akureyri. — Það er bæði það, að samgöngur eru þar enn betri, og á því ríður mikið, því bæði eru skipaferðir mikið meiri þar en nærri því nokkursstaðar annarsstaðar, og svo getur höfnin á Akureyri orðið lokuð af ís um lengri tíma, en á Seyðisfirði kemur það mjög sjaldan fyrir. — Það getur komið fyrir, en eru mjög fá dæmi til þess.

I annan stað er það, sem eg hefi áður tekið fram, og sem hefir ákaflega mikla þýðingu fyrir vöxt og viðgang verksmiðjunnar. — Það er upplýst, að árið 1900 voru flutt út 40,000 pund ullar af Seyðisfirði til að vinnast í verksmiðjum í Noregi, og voru borgaðar 10,000 krónur í vinnulaun. — Því eru miklu meiri líkur til, að verksmiðjan á Seyðisfirði mundi þrífast en nokkursstaðar annarsstaðar, vegna þess, að þetta mundi hætta, ef hún yrði ekki á Seyðisfirði, en að öllum líkindum haldast við annars. — Þetta vegur mjög mikið, og það svo, að það virðist ekki álitamál, að setja Seyðisfjörð í fyrstu röð. — Þetta er og álit verkfræðings Knud Zimsens, að það mundi varla vera um aðra staði að ræða en þessa tvo, og að Seyðisfjörður ætti að sitja fyrir.

Eg vona þess vegna, að háttv. deild fari ekki að gjöra breytingu á því, sem hún hefir gjört áður í þessum efnum. — Það hefði líka sjálfsagt litla þýðingu, því það mætti ganga að því vísu, að landsstjórnin mundi fara eftir tillögum verkfræðingsins; það er betra að hafa það svona, eins og það er í tillögum hans, að Seyðisfjörður sé númer eitt, en svo, þegar hann er frá, þá komi Akureyri sem númer tvö.

Eg hefi svo ekki fleiri athugasemdir að gjöra.

Lárus H. Bjarnason: Eg á hér á þingskj. 394 ásamt fleirum h. þingm. breyt.till., sem fer fram á, að veita skólastjóra Jóni Þórarinssyni í Flensborg 1000 kr. hvort árið fyrir að líta eftir barnaskólahaldi í landinu, og láta landsstjórninni í té skýrslur um það. Eg þarf nú ekki að eyða mörgum orðum að því, að mæla fram með þessari tillögu, því eg á þeirri gleði að fagna, að h. þm. Vestm. (V. G.) fylgdi mér að málum, enda þótt hann sem framsögumaður fjárlaganefndarinnar ekki geti lagt með tillögunni. — En eg sé ekki betur en að nauðsynlegt sé, að veita þennan styrk, þar sem nú er búið að veita öðrum manni styrk til að kynna sér uppeldis- og mentamál erlendis. — Allir vita og kannast við, að mentunarástandinu hér á landi er ábótavant, en áður en menn leita meðalanna til útlanda, þá verða menn að þekkja ástandið í landinu; menn verða að vita, hvernig meinsemdin er, áður en ráðin verði bót á henni. — Nú erum við svo heppnir, að eiga völ á manni, sem er sérlega vel að sér í þessum efnum, og hefir gjört það að lífsstarfi sínu, að bæta mentun alþýðunnar.

H. framsögum. (V. G.) fann það að fjárveitingunni, að hún gæti ekki komið að æskilegum notum af því, að hlutaðeigandi væri bundinn við annað, nema að sumrinu til. — Þetta er satt; hann er bundinn að vetrinum til, en maðurinn getur samt gjört mjög mikið gagn, hann getur kynt sér hús og áhöld og farið nærri um það, hvernig kenslunni er varið, því á vegi hans

yrðu kennarar, börn og prestar. — Eg heyri einhvern segja, að komast mætti að líkri niðurstöðu með því, að landsstjórninni væru sendar skriflegar skýrslur. En svo er ekki. Það ríður mjög mikið á því, að sami maður skoði skólafyrirkomulagið, og þá er ekki minna komið undir því, að skoðunarmaðurinn sé mjög vel framaður. — Væri hverjum kennara fyrir sig falið að gefa skýrslur um sinn skóla, þá mundi lýsingarnar verða jafn-margar og skólarnir. — Lýsingin mundi verða óáreiðanlegri en ella; kennarinn liti mildari augum á skólann sinn en vandalaus maður og lýsingin hlyti víðast hvar að verða marklítil vegna vanþekkingar. — Til að sjá gallana á einhverju, þá þarf maður að hafa séð eitthvað betra, en barnaskólakennararnir hafa fæstir átt tök á því.

Það var tekið fram um daginn, þegar rætt var um styrkinn til mannsins sem á að kynna sér skólamál erlendis og sem ástæða fyrir því, að veita þann styrkinn strax, að annars yrði dráttur á því, að hann gæti notað styrkinn. — En það yrði ekki síður dráttur, ef ætti að nota þann mann til, að rannsaka ástandið hér heima, því að á því gæti hann ekki byrjað fyr en eftir 2 ár, og sama tíma mundi hann þurfa til þess sem Jón Þórarinsson skolastjóri. — Mentamálunum yrði þá ekki hreyft fyr en eftir 4 ár. — Eg sé því ekki betur en það sé nauðsynlegt, að ástandið sé rannsakað hér heima, meðan þessi maður er að lúka sér af erlendis, svo hann hafi eitthvað til að byggja á, þegar hann kemur heim. — Ekki þarf heldur að óttast, að skólastjórinn ætli sér að græða á þessari fjárveitingu. — Hann ætlar að gefa alla sína fyrirhöfn, en fer að eins fram á, að fá ferðakostnaðinn endurgoldinn. — Hann á að gjöra glögga grein fyrir ferðakostnaðinum með reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar.

Eg leyfi mér því að vænta þess, að breytingartill. verði samþykt, og það því frekara, sem mælt hefir verið með henni af manni, sem eflaust hefir vit á mentamálum, sem sé h. framsögum. fjárlaganefndarinnar.

Hannes Hafstein: Eg skal ekki mikið lengja umræðurnar. Um brt. við 12. gr. C. 2 b. og 19. gr. síðasta málslið þarf eg ekki að tala, þar sem h. framsm. hefir lýst því yfir, að nefndin féllist á aukning þá, sem fram á er farið, á styrk til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp, og sömuleiðis það, að láta það óafgert, hvort lánið til dráttarbrauta í 19. gr., skyldi vera til að byggja skipakví eða gera 2 dráttarbrautir eftir atvikum. Það, sem eg ætla að drepa á, er brt. við 12. gr. B. 6, þar sem farið er fram á, að veita 2500 kr. hvort árið til vegagjörðar á Breiðadalsheiðarveginum, gegn því, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi til 2500 kr., er skiftist niður á bæði árin. Eg vona, að h. framsm. mæli ekki mikið á móti þess ari brt., svo hógvær sem hún nú er orðin. Við 2. umr. var farið fram á, að veita til þessarar vegagjörðar 7500 kr. alls, gegn 2500 kr. frá hlutaðeigandi sýslufélögum, en það var felt með 11 : 11 atkv., en samþykt að veita 2500 kr. hvort árið gegn jafnmiklu tillagi frá hlutaðeigandi sýslubúum. Nú er farið fram á, að landssjóður veiti sömu upphæðina og þá var samþykt, en ið ekki séu gerðar alveg jafnháar kröfur til sýslubúa, þannig, að það sé, látið nægja, að þeir leggi fram 2500 kr. alls móti 5000 kr. bæði árin, eða $^1/_3$ til móts við landssjóð. Á þann hátt verður auðvitað minna það fé, sem varið er til vegagerðarinnar, en þó ekki svo lítið, að ekki megi komast nokkuð með það í bráðina. Eg vona

því, að b. deild geti fallist á þessa brt., svo hún nái fram að ganga. Þeirri reglu, sem h. framsm. talaði svo mikið um, að landssjóður legði að eins fram fé að jöfnu til móts við sýslufélögin, hefir ekki verið beitt hingað til. Það er alveg ný regla, sem hann vill búa til, og það er víst að eins tilfelli, að hinn háttv. framsm. skuli endilega vilja byrja að framfylgja henni við þessa vegagjörð, sem svo lengi hefir láðst að styrkja. Barðastrandarsýsla hefir t. d. að eins lagt fram 1/3 móti landsjóðsstyrk, og ýmsir vegir, sem eftir lögunum eru sýslu vegir, hafa verið gerðir að þjóðvegum, eða kostaðir af landssjóði eingöngu. Eg skil ekki, hvers þessi nauðsynlegi vegur á að gjalda, ár eftir ár. H. framsm. sagði, að svo framarlega sem Ísafjarðarsýsla vildi ekki leggja fram jafnmikið og landssjóður, þá væri það sönnun fyrir því, að ekki væri þörf á þessum vegi; en eins og eg hefi áður tekið fram, stendur hér sérstaklega á. Vegur þessi er fjallvegur milli tveggja sýslna, og hvílir að hálfu á hvoru sýslufélaginu. Það er aðallega annað sýslufélagið, sem er það áhugamál, að fá þennan veg, og er það félag fámennara og hefir talsvert minna vegafé til umráða. Norðursýslan, sem hefir ekki nándarnærri eins mikinn né almennan hag af því, að vegurinn sé lagður, eins og vestursýslan, hefir þegar lagt mikið fé fram til þessa vegar, og hefir nú ekki fé aflögum, svo mjög miklu nemi. En það er vestursýslunni með öllu ofvaxið, að leggja fram ein þær þúsundir, sem þyrfti til að borga veginn að hálfu, enda væri það óeðli legt, að hún legði til þess hluta vegarins, sem liggur undir Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar sem hér er ekki um neina útgjaldahækkun að ræða frá því er var við 2. umr., vona eg að brt. verði samþykt.

Þá er brt. um vitann á Arnarnesi í Skutilsfirði. Eins og tekið var fram við síðustu umr., var upphæð sú, er veitt var til vitans, miðuð við það, er gert var ráð fyrir í áætluninni, en þar var ekki gert ráð fyrir neinu til að kaupa lóð undir vitann. H. framsm. gat þess, að nefndin væri ekki ófáanleg til að breyta þessu. En þessu hefir hér verið slept, og er í staðinn farið fram á, að veita 500 kr. styrk hvort árið til árlegra útgjalda við vitann. Alstaðar annarstaðar eru útgjöld við vitana greidd úr landsjóði; þannig er það með alla smávitana við Faxaflóa, jafnvel innsiglingarvitana við Hafnarfjörð, sem þó eru fyrir miklu takmarkaðra svæði og miklu fremur sýsluvitar heldur en Arnarnesvitinn verður, enda er það eðlilegt, þar sem vitagjöldin renna í landssjóð. Ef ætti nú að neita vitanum á Arnarnesi um það sama, þá væri það ný regla, sams konar eins og reglan, sem framsögum. vill innleiða um Breiðadalsheiðarveginn, og er það að vísu góð samkvæmni, að beita henni einmitt fyrst við þetta kjördæmi, en ef til vill væri þó réttara fyrir h. framsm., að æfa samkvæmni sína og »princip«-smíði á einhverju öðru, ef hann vill gersamlega forðast allan grun um aukatilgang. Þessi viti verður ekki réttilega talinn sýsluviti, því hann yrði til gagns mjög mörgum skipum, sem fara að norðan suður um land, og að sunnan norður vestur um land, því hann mun sjást út fyrir yztu annes, og er því ekki að eins fyrir Ísafjarðarsýslu; en þó svo væri, þá er ekki nein ástæða, til að sú sýsla, þaðan sem svo mikið vitagjald greiðist, borgi vitakostnað fremur en aðrar sýslur landsins. Svo framarl. sem landssjóður leggur

ekkert til vitans, getur hann væntanlega ekki orðið tekinn til notkunar í bráð, því Ísafjarðarsýsla getur naumast tekið hann að sér og borgað allan kostnað, sem að minsta kosti verður 800—900 kr. á ári. En borgaði landssjóður 500 kr. á ári til vitans, mundi sýslan líklega taka að sér það, sem á vantar. H. framsm. sagði, að of mikið væri að veita fyrir bæði árin, því ekki yrði farið að nota vitann fyr en 1903; en eg get gefið þá upplýsingu, að verði fé veitt til byggingar vitans, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hann verði svo snemma búinn, að kveikt verði á honum 1. ágúst, þegar kveikt er á öðrum vitum landsins. Styrkur inn til fyrra ársins gengi því til tímans frá 1. ágúst 1902 til 15. maí 1903, og þarf ekki að óttast, að landsstjórnin borgaði meira út en þörf væri á.

Framsm. sagði, að órétt væri að koma vitanum upp í ár, af því að stjórnin væri að undirbúa vitamálin í heild sinni; en eg sé ekki, að þetta sé á rökum bygt. Eins og menn hafa getað séð hér í lestrarsalnum, hefir bygging þessa vita verið undirbúin að öllu leyti, eftir því sem hægt er, og vitastjórnin í Danmörku hefir látið í ljósi álit sitt og áætlun, eftir að verkfræðingur hafði skoðað vitastæðið og komið fram með tillögur sínar. Það er því engin ástæða til að draga að byggja þennan vita; það getur ekki ruglað neitt þeirri ákvörðun, sem stjórnin kynni að taka, því allir eru sammála um, að viti á Arnarnesi sé nauðsynlegur, og stjórnin kemst aldrei að annari niðurstöðu. Það er gamalt og gott heilræði, að fresta aldrei til morguns þeim störfum, sem hægt er að gera í dag. Eg vona, að h. framsm. takist ekki að innleiða mótsetta reglu. Gegn þeim orðum h. framsm., að þó að synjað væri nú um fé til vitabyggingarinnar, mundi það ekki gilda fyrir síðari tímann, get eg sagt, að það veit eg vel, því þótt þessi h. fjárlaganefnd sé voldug, þá getur hún þó aldrei gripið fram fyrir hendurnar á ókomnum öldum eða einu sinni komandi þingum. En þar sem landsjóður, eins og eg hefi tekið fram, hefir tekjur af vitunum, á hann líka að kosta þá, og þegar nú upphæðin, sem farið er fram á, er svo lítil, þá vona eg, að enginn geti með neinni sanngirni greitt atkvæði á móti þessu.

Viðvíkjandi brt. við 13. gr. A b 2, til Staðarprestakallanna í Aðalvík og Grunnavík, skal eg láta það í ljósi, að h. fjárlaganefnd á þökk skilið fyrir, að hún hefir fallist á, að þessi prestaköll ættu rétt á nokkurri þóknun fyrir þá aukaþjónustu, sem prestum þar hefir nýlega verið lögð á herðar. Upphæðin, sem stungið er upp á, er að vísu alt of lág, og héraðsfundur, sem fór þó mjög varlega í sakirnar, fór fram á talsvert hærri upphæðir; en hins vegar er þetta betra en ekki neitt. Eins og h. framsm. tók fram, mælir enn meiri sanngirni með að veita prestinum á Stað í Grunnavík þóknun eða uppbót, af því á hann hefir bæzt að þjóna bænahúsi norður á Hornströndum; en það er svo erfið annexiuleið, að varla munu dæmi til slíks í öðrum prestaköllum; þessa leið verður oftast að fara fótgangandi, og á vetrum getur það tekið prestinn 5 daga burtuveru frá heimili sínu. Það er því auðsætt, að þær 120 kr., sem fjárlaganefndin hefir fallist á að samþykkja, eru alt of mikið við nögl skornar, þótt ekki hafi verið komið fram með brt hér að lútandi enn þá. En presturinn í Aðalvík er heldur ekki ofhaldinn af upphæðinni, sem honum er ætluð, því nú verður hann að þjóna nýrri kirkju á Hesteyri, sem ekki var

áður, sem eykur honum talsverðar ferðir og ómak.

Björn Bjarnarson, þm. Bf.: Af því eg hefi ekki neinar vissar breyt.till. fyrir brjósti að bera, skal eg fara um málið nokkrum orðum alment. Ekki þarf nema lauslegt yfirlit yfir álit og breyt.till. háttv. fjárlaganefndar og framkomu framsm. (V. G.) til að sjá, að hér hefir ekki verið fylgt þeirri reglu, sem háttv. framsm. var að brýna fyrir mönnum, þeirri reglu, að gæta sín fyrir þeim breyt.till., sem hefðu hækkun útgjaldanna í för með sér, og það er öllum ljóst, að háttv. framsm. hefir sjálfur ekki fylgt þeirri reglu. Athugi maður tillögur fjárlaganefndarinnar, sést það fljótt, að það er ekki lítið, sem nefndin leggur til að aukið sé við útgjöldin, og það sumt ekki sem nauðsynlegast, enda hefir tekjuhallinn hækkað allmikið frá því sem var í stjórnarfrumv. Svo var annað atriði, sem h. framsm. lagði deildinni á hjarta, og það var, að taka ekki til greina þær breyt.till., sem færu fram á fjárveitingar, er hefðu lítið praktiskt gildi, heldur þær, sem meiri praktiska þýðingu hafa. Þessari reglu mun eg fylgja. En háttv. framsm. hefir sjálfum ekki tekist það. Hann hefir lagt með fjárveitingum, sem hafa litla praktiska þýðingu á móti öðrum, sem meira gildi hafa í því tilliti. Ef tekið er tillit til þeirra fjárveitinga, sem bundnar eru við viss nöfn, þá sá eg, að af 33 slíkum fjárveitingum eru 19 nokkurskonar fátækra-styrkur, (*Skúli Thóroddsen*: Er þetta ræða fyrir kjósendur?), fjárveitingar, þar sem ekki er ætlast til, að neitt ákveðið verk sé unnið fyrir fé, og 12, sem að vísu er ætlast til að eitthvað sé unnið, en þau verk eru mest fræðilegs efnis, útgáfur rita og því um líkt. En til praktiskra fyrirtækja er að eins að telja fjárveitinguna til dýralækninga á Vesturlandi, og til byggingafræðingsins, en það eru 1,800 kr. eða 5% á fjárhagstímabilinu af um 40,000 alls, sem til einstakra manna eru veittar.

Í viðbót við þessar veitingar til fræðilegra starfa hefir framsm. fjárlaganefndarinnar sjálfur mælt með 1000 kr. árlegum styrk til eftirlits með barnaskólahaldi um sumartímann. Eg finn nú ekki beint að þessu, en vil að eins benda á það til að sýna, hve litla praktiska þýðingu þessar fjárveitingar hafa. Eg neita því ekki, að hið vísindalega geti haft mikla þýðingu í framtíðinni, en á fæstu af því er nauðsynin eins knýjandi eins og öðru praktiskara, eða verklegu, er getur orðið að gagni í nánustu framtíð. En af því tægi eru að eins tvær styrkveitingarnar, sem í breyt.till. er farið fram á að nýju. Önnur er styrkur til að nema elektroteknik, sem mikil not ættu að geta orðið að innan skamms hér á landi, og verði þá ekki völ á neinum sem kann til slíkra hluta, má búast við, að fara þyrfti að veita mönnum fé til þessa náms að öllu leyti. Hin er styrkveitingin til að halda áfram að kenna hraðritun, er framsm. mælti á móti. Hann gat þess til við 2. umr., viðvíkjandi styrknum til að gefa út heimildarrit, að sú veiting hlyti að vera bygð á misskilningi; en um þessa fjárveitingarsynjun hygg eg að það ætti fremur heima. Mönnum hefir ekki verið fyllilega ljóst, og þeir hafa ekki athugað, að í framtíðinni hlýtur hraðritun að verða talin sjálfsögð við þingið, og að það mundi auk þess verða sparnaður fyrir þingið, að hafa hraðritara: ræðurnar réttari, minna talað, þegar ræðurnar stæðu eins og stafur á bók, og þar af leiðandi minni prentun-

ar- og útgáfukostnaður á þingtíðindunum. Auk þess þyrfti færri hraðritara en skrifarar eru nú, svo það yrði bæði fólks, tíma- og peningasparnaður. Og eg get hugsað, að ef enginn verður styrktur til að kenna hraðritun hér, þá verði innan skamms farið að senda menn til útlanda til þess að læra það, og yrði það þó dýrara. Viðvíkjandi öðrum breyt.till. skal eg geta þess, að að eg get verið með því, að veita styrkinn til útgáfu heimildarrita, enda þótt hann gangi ekki í verklega átt; því okkur stendur það næst sjálfum, að halda okkar íslenzka lítteratúr uppi, en vera ekki upp á aðra komnir í því efni. (*Valtýr Guðmundsson*: Ekki er það praktiskt!). Að vísu ekki, en það er þó þjóðlegt. Það er svo margt annað, sem hefir verið samþykt, er eg hefði heldur kosið að hefði verið felt, en úr því að þessum ósköpum er hrúgað upp af vísindalegum styrkveitingum, þá væri það undarlegt, að láta hið þjóðlegasta sitja á hakanum. Framsm. vildi ekki láta fella burtu biflíuþýðingarstyrkinn; en þegar menn sjá sér eigi fært að styrkja landbúnað og aðra atvinnuvegi, þá ætti hitt að bíða, er síður liggur á. Það eru margar br.till., sem eg ekki hefi haft tækifæri til að minnast á, og þar sem vér höfum svo fáa hraðritara, þá ætla eg að spara skrifarana og ekki tala um fleira nú.

Tryggvi Gunnarsson: Eg hefi beðið um orðið til þess að upplýsa dálítið um matsmenn á fiski. Það er satt, sem komið hefir til orða, að verkun á fiski er slæm og fer síversnandi. Fiskur, sem sendur er til Norðurlanda og til Englands, er seldur eftir því útliti, sem hann er í, þegar hann kemur á staðinn, en fiskur sá, er fer til Spánar og Ítalíu, er seldur upp á tiltrú, í trausti til vottorða þeirra manna, sem eiga að votta hér undir eiðstilboð, að fiskurinn sé góður. Framanaf reiddu menn sig á þessi vottorð, en nú koma einlægar klaganir yfir skemdum og vondum fiski, svo að menn þora ekki nú orðið að kaupa fiskinn upp á tiltrú. Þetta er alvarlegt mál. Það er til stórskaða fyrir landið, ef traustið bregzt; það getur munað 5—10 kr. á hverju skpd. Það er því stórum athugavert, og þess heldur, sem það er komið í blöðin; það stóð nýlega í einu blaði grein, sem hafði verið þýdd um þetta efni. Fjárlaganefndin hefir tekið máli þessu vel, en álítur að nauðsynlegt sé að semja sérstök lög um matið á fiski, en nú er ekki tími til að gera þau lög úr garði, og því treysti eg, að tilganginum sé náð í bráð með því að fela landshöfðingja fé það, sem stungið er upp á. Þegar þetta mál gaus upp í vetur, urðu skipseigendur hræddir, og skutu saman til að launa matsmann. Þeir lögðu saman 800 kr., en það var að eins völ á einum manni hér, er menn treystu fyllilega, en hann var pakkhúsmaður með 1200 kr. launum, svo hann hafnaði boðinu. Af þessu sést, að upphæðin til þessa er ekki, eins og sumir láta í ljósi, of hátt sett. Eg vona því að háttv. deild samþykki þennan lið.

Það var annað lítils háttar breytingaratriði, sem eg vildi minnast á; það er að í stað »byggja tvær dráttarbrautir« komi: »byggja skipakví eða —.« Mér sýnist rétt, að háttv. deild sé ekki að dæma um, hvort áhaldið sé hentugra, en að hún feli valið útgerðarmönnunum sjálfum, sem eiga að njóta góðs af þessu. Þetta er að vísu of lítil upphæð, ef á að byggja fyrir hana skipakví, en það má ætlast til, að skipseigendur láti sjálfir nokkuð af mörkum, ef til þess kemur. Eg mælti heldur linlega með þessu við 2. umr., af því eg vissi ekki, hvort það væri fullkominn vilji manna, en síðan hafa ýmsir

skipseigendur komið til mín og óskað, að þessi breyting mætti komast að.

Þá er 27. liðurinn, um að hlaða upp Örfirisey. Eg álít nauðsynlegt að veita þetta fé. Sé það eigi veitt, er það víst, að Reykjavík fer ekki að kosta alla viðgerðina; hún vill að eins kosta það að 1/2 leyti, og verndar þó með því eign, sem landssjóður á. En sé þessu frestað, verður sjórinn líklegast búinn að brjóta svo eyna fyrir næsta þing, að kostnaðurinn við aðgjörðina verður margfaldur á við það sem nú er.

Ennfremur er hér tillaga um, að hækka skrifstofufé bæjarfógetans í Reykjavík; en sumum þykir nú óþarfi að bæta við; hann hafi svo há laun. Það kom til tals í vetur, að skifta embættinu í tvent, dómara og svo kallað borgmeistaraembætti, hið síðara með 3000 kr. launum. Það var talsverður kostnaðarauki, og þegar málið kom fyrir stjórnina, áleit hún, að komast mætti hjá því í bráð, með því að auka svo skrifstofufé hans, að hann gæti launað löglærðum manni svo, að hann gæti haldið honum, þó sýsla væri í boði. Má vera að minna dugi en það, sem til er tekið; en eg er svo sanngjarn, að eg greiði atkv. með þessum pósti. Þetta er erfiðasta embættið á landinu, bæjarstörfin ákaflega mikil, svo einn maður rís ekki undir því.

Þá ætla eg að lokum að minnast á dálítinn lið, er fjárlaganefndin hefir hjálpað mér til að flytja inn á þingið; það eru þessar 300 kr. til að halda áfram útgáfunni á »Eir«. Það var lítið útbreitt, en þeir sem lesið hafa, munu kannast við, að það sé mjög þarft rit, og því vert að styrkja það. Það kom til orða, að Þjóðvinafélagið gæfi það út, svo það kæmist inn á hvert heimili, en bæði var það, að annar var eigandinn, og félagið hefir nóg með sín eigin rit. Fái nú eigandinn þessar 300 kr. eða 30 kr. fyrir örkina, til þess að halda riti þessu áfram, þá gerir hann það; en mér finst það vera svo lítil upphæð í samanburði við svo margt annað, að sjálfsagt sé að veita hana.

Þessum 7000 kr. til gufubátsferða á Breiðafirði, og 60 þús. kr. láninu til spítalabyggingarinnar hér, get eg eigi verið með. Aftur á móti er eg með vitanum á Arnarnesi, af því að svipaðir póstar hafa staðið í fjárlögunum að undanförnu, og fé veitt til ýmsra annara vita

Sigurður Sigurðsson: Á þgskj. 387 á eg breyttill., sem ekki mun vera háttv. deild alls kostar ókunnug. Eg mælti fyrir henni við 2. umr. og þá var hún feld; en nú leyfi eg mér að bera hana upp aftur, af því eg hygg, að margir háttv. þm. hafi ekki verið búnir að átta sig á henni þá, en við nánari umhugsun greiði þeir atkvæði með henni. Eg þykist þess fullviss, að sumir, er greiddu atkvæði móti henni síðast, gefi henni atkvæði sitt nú. Háttv. framsm. fjárlagan. hefir eigi oftar staðið upp en hann sem annar góður lærimeistari hefir um leið ámint deildina um að spara. En eg vil að eins benda á það, að háttv. nefnd sjálf hefir ekki fylgt þeirri reglu. Hún hefir komið með breyttill. upp á aukin útgjöld, er samtals nema 20 þús. kr. Sér er nú hver samkvæmnin! Eigi að síður er eg háttv. framsm. fjárlagan. samdóma um það, að vér eigum sem mest að spara öll óþörf útgjöld. Þá vil eg minnast stuttlega á Örfirisey. Hæstv. landsh. gat þess, að einhver einfeldningur eða fáráðlingur, ef eg man rétt, mundi fús á að kaupa eyna. Mér finst nú reyndar þetta vera hálf-óvirðulega að orði komist um borgara bæjarins; en hvað um það, í aðalatriðinu er eg hæstv.

landsh. alveg samdóma, nefnilega, að lofa henni að fjúka. Eg er hræddur um, að ef landssjóður á að fara að kosta viðgerð á eynni, þá geti það orðið tilfinnanlegt, og ef til vill að eins kák, og peningunum sé því kastað beint í sjóinn. Þá eru hér nokkrar breyttill. á þgskj. 390, 95, 99 og 403, og eg vona að þær fái allar sömu afdrif og áður. Þá ætla eg sérstaklega að minnast á eina breyttill., þá sem er á þgskj. 394. Eg get ekki með mínum bezta vilja séð, að hún geti náð tilgangi sínum. Eg viðurkenni fullkomlega hæfileika mannsins, en eg fæ ekki séð, hvernig hann á að rækja þetta starf að sumrinu til, þegar allir skólar eru tómir, og ef til vill í miður góðu ástandi, eins og bent var á að því er Möðruvallaskólann snertir. Að sumrinu á engin kensla sér stað, hvorki í skólum eða utan skóla. Arangurinn af þessari ferð hlyti því að verða mjög lítill. Maðurinn hlyti því að byggja mest á sögusögn og skýrslum, og gæti hann þá eins vel kynt sér skýrslur þær, um barnaskóla- og umgangskenslu, sem sendar eru árlega stiftsyfirvöldunum. Slík ferð sem þessi hlyti því að verða árangurslítil, og eigi ná tilgangi sínum.

Áður en eg sezt niður, ætla eg að minnast á eina breyttill. enn, sem sé, að veita þetta 60 þús. kr. lán til sjúkrahússins. Eg er nú í sjálfu sér engan veginn á móti byggingu þessa spítala, en eg skil ekki, hvernig fjárlaganefndin getur farið að ráða til þessa. Hún hefir áætlað 20 þús. kr. lán til mjólkurbúa, 15 þús. kr. til trésmíðisverksmiðju, 10 þús. kr. til sútara, 60 þús. til klæðaverksmiðju, 30 þús. til þilskipakaupa, 15 þús. til íshúsa og loks 30 þús. til dráttarbrauta,=205 þús. alls. Að minni hyggju mun nú ekki hægt að lána allar þessar upphæðir úr landssjóði á næsta fjárhagstímabili, hvað þá heldur 60 þús. kr. að auk. Mér er sama, hvort spítalinn er kaþólskur eða lútherskur, en eg greiði atkvæði móti þessari lánveitingu, því eg álít hana þýðingarlausa, og hún gæti ef til vill orðið til þess, að hin lánin fengjust ekki. Eg vil því með atkvæði mínu fremur stuðla að því að hjálpa mönnum til að lifa, heldur til þess að deyja.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Eg er þakklátur háttv. fjárlagan. fyrir undirtektir hennar undir styrkinn til gufubátsferða á Breiðafirði, en þetta er þó ekki óblandað þakklæti, þar sem nefndin hefir tekið svo mikið af styrknum, að eg verð að telja það ólíklegt, að þessi fjárveiting hennar verði nægileg til að halda uppi ferðunum. Eftir minni meiningu er ekki hægt að fá gufubát til að halda uppi ferðum um Breiðafjörð fyrir minna en um Faxaflóa. Engu að síður mun þó verða gerð tilraun til að reyna að nota þennan styrk. Hvað það snertir, sem hæstv. landsh. var svo hræddur við, að ekki væri hægt að koma á samkomulagi millum hlutaðeigandi sýslunefnda, þá er eg ekki svo hræddur við það. Sýslunefndirnar kjósa bara menn í nefnd, sem svo tekur ákvörðun um ferðirnar.

Þá vildi eg minnast fám orðum á breyttill. á þgskj. 390 við 13. gr. um 1000 kr. styrk til unglingaskóla í Dalasýslu. Það lítur svo út, sem alþýðumentamálið hafi ekki mikið fylgi hér á þessu þingi, svo það eru ef til vill ekki mikil líkindi til, að þessi breyttill. mín fái að ganga í gegn, jafnvel þótt menn á hinn bóginn kannist við það, að alþýðumentun vor sé ekki í því lagi, sem hún ætti að vera. Framsm. fjárlagan. (V. G.) sagði, að þar sem verið væri að undirbúa og rannsaka mentamál landsins, þá gæti nefndin ekki verið með því, að fara nú að

veita þennan styrk. Eg veit ekki til, að þessi undirbúningur sé í öðru falinn en því, að einum manni hefir verið veittur styrkur til þess að kynna sér skóla- og mentamál erlendis, og það gæti verið óþægilegt fyrir okkur að þurfa að bíða von úr viti eftir tillögum frá þessum manni, auk þess, sem hann á ýmsan hátt gæti forfallast, t. d. dáið. Við höfum barist í tvö ár við að koma upp þessum skóla. Nú er búið að byggja 15 álna langt og 12 álna breitt portbygt skólahús, safna saman í sjóð til áhaldakaupa 1400 kr. frá sýslunefndinni og fleirum, og auk þess von um, að sýslunefndin styðji skólann framvegis að einhverju leyti Ef þingið vildi styðja þetta fyrirtæki með þeim fjárstyrk, sem eg hefi farið fram á, þá hefi eg vissu fyrir því, að skólinn komist upp í haust. Eg er sannfærður um, að skólinn mundi gera mikið gagn, því það er vaknaður mikill áhugi til mentunar hjá sýslubúum; en þeir kunna ekki við að sækja skóla í önnur héruð, og hafa auk þess ekki efni á því. Getum við aftur á móti komið upp skóla í sýslunni með þeim kjörum, sem við höfum ætlað okkur, þá er enginn efi á því, að skólinn verði sóttur. Það er tilgangur okkar, að nemendurnir fái alt ókeypis í skólanum, bæði kenslu og húsnæði og jafnvel sjálfa matreiðsluna, en borgi að eins sjálft fæðið, því á þann hátt er mest von til að hann komi að þeim notum, sem til er ætlast. Háttv. framsögumaður nefndarinnar (V. G.) tók fram, að þetta væri að nokkru leyti ný stefna í skólamálum vorum, og skal eg kannast við að svo er, en þó ekki nema að nokkru leyti. Eg skil ekki, hvernig menn ætla sér að menta alþýðuna á annan hátt en með barna skólum og unglingaskólum. Framsm. áleit, að ómögulegt væri að ná þessum tilgangi með barnaskólunum, og er þá ekki annað eftir en unglingaskólarnir, handa þeim, sem vilja fullnægja mentalöngun sinni, og fæ eg því ekki séð, að nein áhætta sé að styrkja þennan unglingaskóla, þar sem mönnum kemsaman um, að unglingaskólarnir séu skólar framtíðarinnar. Eg vona því háttv. deild sjái það, að þessi breyttill. mín er ekki komin fram af neinni eigingirni, heldur af löngun til að bæta mentun alþýðunnar og að hún því verði fús á að styrkja hana.

Þórður J. Thoroddsen: Það er ein breyttill. við 19. gr., sem eg vildi lýsa ástæðunum fyrir, að eg hefi komið fram með. Það er breyttill. um, að lánið til þilskipakaupa sé hækkað úr 30,000 kr. upp í 45,000 kr. Við 2. umr. kom fram breyttill um að hækka þetta upp í 60,000 kr., en var feld. Nú höfum við lækkað kröfurnar og vonum því, að háttv. deild hafi svo mikla sanngirni, að hún lækki nú ekki lánið niður úr þessum 45,000 kr., sem við förum fram á.

Fyrsta ástæðan til þess, að við höfum farið fram á þessa hækkun, er sú, að í síðustu fjárlögum var veitt 30,000 kr. til þilskipakaupa, en með því að þingið óttaðist, að landssjóð mundi skorta fé til allra þeirra lána, sem áætluð voru í fjárlögunum, þá var lánið bundið því skilyrði, að það skyldi því að eins í té látið, að nægilegt fé væri fyrir höndum í landssjóði, sem án mætti vera. Það kom líka í ljós, að sá ótti var á rökum bygður, því það reyndist svo, að ekkert var hægt að lána til þilskipakaupa á fjárhags tímabilinu. Það virðist nú ekki vera til of mikils ætlast, þó að styrkurinn með tilliti til þessa sé nú hækkaður um það, sem svaraði því, sem ætlast var til, að veitt væri til þilskipakaupa annað árið á síðasta fjárhagstímabili.—

En það er einnig önnur ástæða fyrir því, að rétt er að veita nú nokkuð ríflegt lán til þilskipakaupa. Nú eru að kalla má síðustu forvöð til að komast að góðum kaupum á hentugum fiskiskipum í útlöndum. Þau skip, sem við hingað til höfum keypt og notað til fiskiveiða, eru þar á förum, af því að aðrar þjóðir eru líka farnar sækjast eftir þeim. Það er því full ástæða til að ýta undir menn að reyna að nálgast þau, meðan þau fást. Það er ekki sagt, að það kæmi þilskipaútveginum að sama gagni, þótt þessi fjárupphæð eða önnur meiri væri veitt seinna, t. d. í fjárlögunum 1904—05, því svo gæti farið, að skipin væru þá ófáanleg.

Það er ekki lítill hagur að því, að fá góð skip keypt með þessu gæðaverði, eins og þau hingað til hafa fengist, því að þó að þau hafi nú á síðari árum verið nokkuð dýrari en fyrst, þá má heita, að þau hafi fengist fyrir hálfvirði, og það mun sannast, að þau munu verða dýrari síðar, og enn dýrari verða þau, ef á að smíða þau af nýju hér á landi.

Fjárlaganefndin lagði á móti þessari hækkun við 2. umr., og eins nú, þótt ekki sé farið fram á jafnmikla hækkun. Ástæðan hefir ekki verið önnur en sú, að ekki sé til nægilegt fé til þess í landssjóði. En af hverju kemur það að ekki er nægilegt fé til? Jú, það, kemur af því, að fénu er reitt í í aðra. En þá er spurningin þessi: hvort allar aðrar fjárveitingar, sem veittar eru í 19. gr., eru nauðsynlegri en þessi. Þetta hefði fjárlaganefndin átt að athuga, og fyrir þessu á hún að færa rök, því annars eru þessi orð hennar einskis virði og töluð alveg út í bláinn. Mér finst fult eins mikil ástæða til að veita þetta 45,000 lán til þilskipakaupa, eins og sum hver af þessum lánum, sem í 19. gr. standa, að eg ekki tali um þetta 60,000 kr. lán til byggingar sjúkrahúss í Reykjavík, sem ekki einungis er óþarft, heldur að mínu áliti jafnvel skaðsamlegt.

1. þm. Rangv. (Þ. G.), sem tók þessa fjárveitingu til bæna, fann henni ekki annað til foráttu en að landbúnaðurinn stæði sig ekki við hana. Þegar eg hlustaði á ræðu hans, datt mér í hug hestar, sem eru að berjast á gaddi. Hann komst svo að orði, að sjávarútvegurinn hefði dregið landbúnaðinn niður í hverfandi stærð; en ef svo er, þá finst mér að hann og hans fylgjendur að minsta kosti gera sitt til að reyna að draga landbúnaðinn upp úr þessari hverfandi stærð. Líti maður á fjárlögin, verðu ekki betur séð, en að þeir sannarlega geri sitt til, að skara eld að sinni köku. Hér er farið fram á 30+30 þús. eða 60 þús. kr. lán bæði árin á fjárhagstímabilinu til samans til þilskipakaupa, en líti maður í 14. gr. B, til verklegra fyrirtækja og telji saman þær upphæðir, sem ætlaðar eru til landbúnaðarins, þá sér maður, að þar er farið fram á að gefa landbúnaðinum 60 þús. kr. á ári, hér að lána sjávarútveginum 60 þús. bæði árin. Hafi landbúnaður því í reyndinni haft ógagn af sjávarútveginum, þá er ekki fjárlög. um að kenna. Mér finst þingmenn, hvaðan sem þeir svo eru, eigi að líta með sanngirni á þau mál, sem fyrir þeim liggja og ekki draga taum einnar stéttar frekara en annarar, því því að eins getur annar atvinnuvegurinn þrifist, að hinum sé ekki troðkað niður í sorpið. Eg hygg því, að háttv. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) hefði getað staðið sig við að greiða atkvæði með þessum styrk, jafnvel með þessum 45,000 kr., ef litið er til þeirra upphæða, sem landbúnaðinum eru veittar í fjárlögunum nú.

Háttv. framsm. fjárlagan. lýsti yfir

því fyrir nefndarinnar hönd, að hann gæti verið með seinni lið breyttill. um að hækka þá upphæð, sem heimilt væri að lána út á hvert einstakt skip, úr 5000 kr. upp í 6000 kr., og er eg honum þakklátur fyrir það. Astæðan fyrir breytt. er sú, að skipin eru farin að hækka í verði, svo að 5000 kr. svara ekki lengur til helmings verðs skipsins og enda ekki 6000 kr., ef skipið er í nokkru lagi, að því er útbúnað snertir.

Þá er það breyttill. við 10. gr. B 2 um aukning á ritfé handa bæjarfógetanum, sem eg vil minnast á fám orð um. Mér finst nefndin ekki hafa reiknað alveg rétt, þegar hún var að reikna tekjur bæjarfógetans. Eg hygg hún hafi lagt vel í þegar hún gerði uppboðstekjurnar 2000 kr.; eg held ekki að sá reikningur mundi standast nákvæmt eftirlit. Eg get hugsað mér, að þessar uppboðstekjur gangi stundum í sjálft sig. Það þekkja allir þessar uppboðsskuldir; það kemur fyrir að and virðið næst ekki inn, og þó þær upp hæðir, sem þannig tapast, ekki séu stórar, þá er það ekki lengi að muna, til að rýra tilfinnanlega þessar procentur, sem reiknaðar eru í innheimtulaun. Þótt eg því ef til vill væri ekki með svo mikilli hækkun, sem farið er fram á í breyttill., þá sýnist mér þó sann gjarnt, að veita nokkuð fé í þessu skyni, af því eg líka veit, að bæjarfógetinn sem nú er hefir svo mikið að gera, að enda þótt hann sé mikill afkastamaður og starfsmaður, og án efa megi telja hann með duglegustu embættismönnum þjóðarinnar, þá getur hann þó naumast annast það, sem hann þarf að starfa í bæjarins þarfir, og væri því nauðsynlegt, að hann gæti fengið sér góðan aðstoðarmann, og mér finst að þingið ætti að styrkja hann eitthvað að því. Eg mundi því greiða mitt atkvæði með að hækka ritfé hans upp í t. d. 2000 krónur.

Breyttill. við 12. gr. E c 1, um hækkun á viðbót við laun vitavarðarins á Reykjanesi, úr 100 kr. upp í 300 kr., vildi eg mæla sérstaklega með, af því að eg, sem er mjög kunnugur þar syðra, veit, að hinn núverandi vitavörður á mjög erfitt með að fá mann sér til aðstoðar fyrir sama kaup nú og áður. Eins og kunnugt er, þá stendur vitinn töluvert langt frá húsum vitavarðarins og verður hann að hafa tvo menn til að vaka yfir vitanum á hverri nóttu. Það þykir svo leitt og ilt verk, að hann er í mestu vandræðum með að fá nokkurn til þess, og þegar auk þess er gætt að því, að að minsta kosti annar þessara vökumanna verður að vera áreiðanlegur maður, þá er eðlilegt, að hann verði að launa honum vel. Það er líka enn eitt, sem mælir með þessari hækkun. Þessi maður hefir í mörg ár verið vitavörður, og allan þann tíma staðið mætavel í stöðu sinni; hann hefir bætt svo jörðina, sem hann býr á, að landssjóðir getur orðið mikill hagur að því síðar. Ur tómum móum og melum hefir hann búið til tún, sem nú mun gefa að sér eitt kýrfóður, og það er mikill munur fyrir þann sem næst tekur við, að koma nú að Reykjanesi, eða eins og áður var. Þetta finst mér landssjóður ætti að sjá við vitavörðinn. (*Magnús Torfason*: A þá landssjóður að fá verkið gefins?) Landssjóður hefir gert fastan samning um að borga 30 kr. eftir lóðina á ári, og það afgjald hækkar ekki, þó að grætt sé út, og verður það því hagur fyrir landssjóðinn, því eftir því þarf minna að launa vitaverðinum seinna meir.

Eg vil því mæla fastlega með því, að breyttill. hæstv. lh. verði samþykt.

Hermann Jónasson: Á þgskj. 399 hefi eg leyft mér ásamt fleirum h. þm.

að koma fram með br.till. um, að veittur sé 4000 kr. styrkur til skólahúss á Blönduósi fyrir kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga. Þó mér hafi verið það sérstaklega nauðugt að færa niður þá upphæð, sem beðið var um til þessa skóla, þá hefi eg þó gert það eftir samráði við þá h. þm., sem hafa álitið að farið hefði verið fram á of háan styrk. Eg skal nú ekki deila um það, þótt eg sé enn þeirrar skoðunar, að sýslan hafi ekki farið fram á of háar kröfur. H. framsm. fjárlaganefndarinnar (V. G.) sagði í ræðu sinni í dag, að þessi skóli hefði verið bygður í trássi, og h. 2. þm. Árn. (Sig. Sig). sagði við 2. umr. að hann hefði verið settur upp í trássi bæði við guð og menn. Þetta skil eg ekki; en hitt skilst mér betur, að það sé miklu fremur gert í trássi við alla sanngirni, að neita skólanum um þann styrk, sem beðið hefir verið um, í stað þess að láta hann ummælalaust af hendi. Eg veit ekki, á hvaða rökum það er bygt, að segja, að skólinn sé bygður í trássi þingsins. — Það hefir áður ákveðið 10,000 kr. til að koma upp sameiginlegum kvennaskóla fyrir Norðurland. Eg skal játa það, að meiningin hafi að líkindum verið sú, að skólinn skyldi standa á Akureyri. Að líkindum, segi eg, því það er hvergi tekið fram, að skólinn hafi átt að byggjast þar. Nú var reynt að koma upp sameiginlegum skóla á Norðurlandi, en það gekk ekki. Húnvetningar vildu ekki vera með, af því að þeir, manna fyrstir, voru komnir á þá skoðun, sem nú lítur einnig út fyrir að vera orðin skoðun þingsins, að unglingaskólar væru nauðsynlegir. En með réttu álitu þeir það hvorki hentugt né heppilegt, að senda ungar námsmeyjar langt frá heimilum sínum. Þeir hafa því tekið það ráð, að byggja sjálfir hjá sér skóla. — Eg verð því að halda því fast fram, að Húnvetningar hafi heimting á, að fá þessar 10,000, sem þingið hefir veitt til kvennaskólahúss á Norðurlandi.

Það hefir líka verið sagt, að hús þetta hafi verið bygt í fljótræði; en ekki skil eg, að nokkur geti barið því við, þegar hann lítur í fjárlögin og sér, að nú er farið fram á að veita 2000 kr. til að gera við skólahúsið á Möðruvöllum. — Þetta hús var bygt árið 1878 af þeim færasta smið, sem þá var talinn á Norðurlandi, og var sannarlega ekki klipt við neglur sér með peninga til skólans, því hann kostaði 27—28 þús. kr. — Eyjarskóli er bygður á árunum 1845 til 49, af þáverandi sýslumanni Arnóri Árnasyni, sem kallaður var Arnesen; hann bygði húsið handa sér sem íveruhús. Þetta lélega hús var síðan keypt fyrir 2000 kr. fyrir skóla, og hefir síðan verið notað þannig, en var orðið óhæft til þess, þrátt fyrir það, að stöðugt hefir verið lappað upp á það. Hér í deildinni hefir verið sagt, að ef ekki væri veitt fé til að gera við Möðruvallaskólann, þá mundu þeir piltar, sem sæktu hann, missa heilsu sína við að dvelja í honum, og skal eg ekki segja neitt um það; en víst er um það, að stúlkur úr Húnavatnssýslu hafa mist heilsu sína í skólanum í Ytri-Ey. — Og þó á það að hafa verið fljótráðið af Húnvetningum, að ráðast í þessa byggingu. —

Hér lá þá ekki annað fyrir Húnvetningum og Skagfirðingum en að þeir legði niður skólann, enda þó þeir ættu 10,000 kr. í skólasjóði; eða þá að byggja sér nýtt skólahús. Þetta hið síðara réðu þeir af að gera, og nú er deilt um það hér í h. deild, hvort það hafi verið rétt eða ekki. Mér virðist, að margir h. þm. muni sjá, að hér hefir komið misskilningur fram í málinu fyr-

ir viss atriði, sem líkleg eru að muni lagast. Því hefir verið lýst yfir hér í h. deild, að Húnvetningar vilji, að Skagfirðingar séu í félagi með sér í þessu máli, og eg þekki Skagfirðinga illa, eftir þeirri reynslu, sem eg hefi af þeim, ef þeir sjá eigi, að það er haganlegast og sæmir bezt fyrir báða parta.

Nú er farið að hugsa meir um alþýðumentunarmálið en áður var, og risin upp sterk alda í þá átt, að leggja fram meira fé til alþýðumentunar en áður var. En það verður ekki gert á annan veg en þann, að hið opinbera leggi fram fé til styrktar við að koma skólahúsunum upp. Þó eg sé því óánægður með að biðja að eins um 4000 kr. til skólahússbyggingarinnar, þá geri eg það samt til þess að fylgja principinu, og eg álít, að hver h. þm. sé skyldur til að fylgja því; þess vegna held eg fram þessari till., þó mér þyki sjálf upphæðin alt of lág í sjálfu sér.

Hannes Þorsteinsson: Eg á að þessu sinni ekki nema eina br.till. eða viðaukatill., sem eg þarf að minnast á. — Hún er við 10. gr. C. 6, að nýr liður bætist þar við: 2000 kr. til milliþinganefndar í fátækramálum. Hinar fyrri br.till. mínar hafa flestar farið fram á lækkun útgjaldanna, og líklega þess vegna hefir fjárlaganefndin mælt á móti þeim, þessi volduga nefnd, sem alt getur felt hér í deildinni, eins og raun hefir á orðið. Henni virðist það ekki vera geðfelt, að óþarfir bitlingar séu lækkaðir eða feldir burtu. Eg get því ekki gert mér von um, að br.till. frá mér í þá átt hefðu mikla þýðingu. En nú hefi eg með þessari br.till. minni farið fram á útgjalda-aukningu, og fjárlaganefndin felst á hana. En það kemur ekki af góðu hjá henni. Br.till. er þess eðlis, að nefndin gat ekki annað en fallist á hana og þingdeildin getur naumast annað en samþykt hana, með því að þingið hefir þegar samþ. skipun milliþinganefndar í fátækramálum, en sú nefnd getur ekkert starfað, ef ekkert fé er veitt handa henni. Fjárveiting þessi er því sjálfsögð.

H. framsm. gat þess um till. þessa, að upphæð sú, er eg hefi stungið upp á handa nefnd þessari (2000 kr.), mundi, heldur lítil. En eg hygg að svo sé ekki, og eg veit, að mörgum deildarmönnum þykir hún hæfilega há, en alls ekki of lág. Þess verður einnig að gæta, að nefndin er ekki skipuð nema 3 mönnum, svo að kostnaðurinn ætti ekki að verði geipimikill. Og þótt svo reyndist, að upphæðin yrði fremur lág, þá væri ekki hundrað í hættunni, því þá mætti veita það sem á vantaði með eftirveitingu í fjáraukalögum.

Eg ætla ekki að tefja tímann með því að minnast á margar br.till., sem nú liggja fyrir. Þó ætla eg að minnast á einn lið, sem h. framsm. (V. G.) hefir mælt á móti, það er að segja, hann mælir nú sterklega með br.till. á þgskj. 405 um, að fella þennan lið burtu, er samþ. var hér við 2. umr., en það er 1000 kr. fjárveiting hvort árið til landsbókasafnsins og landsskjalasafnsins til útgáfu heimildarrita í sögu landsins. H. framsm. gat þess, að til væru ytra sjóðir, sem önnuðust um útgáfu heimildarrita, og það var eins og hann teldi það ganga óhæfu næst, að setja hér á stofn »kommission« eða útgáfunefnd í þessu skyni. Og hann gat þess, að það væri verið að »lauma« þessu hér inn. En eg held, að hann hafi algerlega misskilið það, hver heimildarrit það eru, sem ætlast er til að gefin séu hér út með þessum styrk. — Eg skal játa, að hann væri óþarfur, ef hann væri ætlaður til útgáfu hinna fornu heimildarrita vorra um sögu

landsins fyrir 1264, því að þar eru nógu margir um hituna. En eg veit ekki til, að nein nefnd sé til, hvorki í Svíþjóð, Noregi eða Danmörku, sem annist útgáfu þeirra sögurita vorra, sem eru yngri en frá 1264. Hér er ekki ætlast til að gefa út Eddu, Íslendingasögurnar eða Sturlungu, heldur rit frá síðari tímum, frá 15., 16., 17. og 18. öld. Mörg þeirra sögurita eru harla merk, þótt Danir vilji ekki kannast við gildi þeirra og telji bókmentir vorar frá síðari öldum einkisverðar, tómt rusl. Þessu hafa háskólakennararnir dönsku lýst hátíðlega yfir. Eg veit ekki, hvort dócentinn í íslenzkri sögu og bókmentum við háskólann, sem hérna situr við hlið mér, fylgir þeirri skoðun, að vér eigum engar bókmentir að neinu nýtar eftir 1264. Það getur vel verið, að honum sýnist svo, og að hann í fyrirlestrum sínum við háskólann rígbindi sig að eins við fornöldina til að þóknast »Danskinum«. En þótt rit vor frá síðari öldum hafi ef til vill ekki mikið bókmentalegt gildi fyrir aðrar þjóðir, þá hafa mörg þeirra mikið sögulegt gildi fyrir oss, þjóðlegt gildi. Og að öllu slíku eigum vér að hlynna. Eg gæti bent honum á ýms rit frá 16., 17. og 18. öld, sem hafa bæði þjóðlegt og sögulegt gildi. Hann gat þess, að vér gætum gefið þessi heimildarrit út á annan hátt, og benti á »Safn til sögu Íslands«; en eg veit ekki til, að í það rit hafi verið tekin nema alls þrjú heimildarrit þessi 50 ár síðan »Safnið« var stofnað, en alt hitt hafa verið frumsamdar ritgjörðir, enda er »Safnið« ætlað fyrir þær. Hér er aftur á móti eingöngu eða að miklu leyti átt við útgáfu sögulegra heimildarrita frá síðari öldum, þótt ekki séu að sjálfsögðu útilokuð nýleg eða nýsamin sögurit.

Eg get verið samdóma háttv. þm. Borgf. (B. B.), að vér eigum að styrkja þetta af þjóðræknl, og eg vil bæta því við: af því það er nytsamt og nauðsynlegt; en í þess stað vil eg láta fella brtt. á þgskj. 394, um 1000 kr. styrkinn til Jóns Þórarinssonar skólastjóra, til að líta eftir skólahaldi í landinu, því eg álít þá fjárveitingu ekki að eins óþarfa, heldur öldungis gagnslausa, blátt áfram »humbug«. Eg skal geta þess, að þessi fjárbeiðni skólastjórans kom allskyndilega í síðustu forvöð, þá er mentamálanefndin var um það leyti að að lúka störfum sínum. Svo var þetta borið upp í nefndinni í mesta flaustri og marðist þá meiri hluti nefndarinnar með því að sinna henni og gera brt. um þetta i fjárlögunum. Eg varð þar í minni hluta, því að eg gat ekki séð, að fjárveiting þessi mundi koma að að neinum notum, þegar skólastjórinn ætlar að eins að ferðast á þeim tímum ársins, þegar allir skólar eru lokaðir. Þessi styrkur yrði því að eins styrkur til skemtiferðar handa manninum.

Samkvæmt þeim brtt., sem nú eru fram komnar, mun tekjuhallinn verða um 130 þúsund krónur, og er það ekkert lítilræði. Háttv. fjárlaganefnd á góðan þátt í þessu með ýmsum fjárveitingum, er hún hefir hleypt inn í frumv. og ekki virðast nauðsynlegar. Það er vonandi, að h. Ed. hreinsi duglega til að sumu leyti, enda er það hennar hlutverk. En eg get ekki orða bundist, að lýsa því yfir að lokum, að þetta fjárlagafrumv., sem nú er að fara héðan úr deildinni, er að mínu áliti eitthvert hið lakasta, sem afgreitt hefir verið frá Nd. alþingis til Ed., sakir þess, að fjármálin hafa nú verið gerð að flokksmálum líklega frekara en nokkuru sinni áður. Og það sést líka, hver pólitiskur flokkurinn hefir völdin nú.

Magnús Torfason: Eg á hér eina brt. um aukinn styrk til gufubátsins á Faxaflóa úr 10000 kr. upp í 10200 kr., vegna

sérstakra ferða frá Eyrarbakka austur með Rangársandi. Fjárlaganefndin hefir tekið vel í þessa brtt. og þarf eg því ekki að mæla með henni. En í sambandi við þetta vildi eg þó geta þess, að þar sem það stendur í aths. við fjárlagafrv. stjórnarinnar, að sams konar styrkur á fyrri árum hafi ekki verið notaður, þá hlýtur það að vera á misskilningi bygt, því gufubátsferðir þær, sem þessi aukna fjárveiting var veitt til, hafa verið farnar og styrkurinn borgaður fyrir þær.

Svo skal eg leyfa mér að minnast á fáeinar brtt. og er þá fyrst brtt. við 10. gr. B. 2, um að auka ritfé bæjarfógetans í Reykjavík. Mér finst það næsta einkennilegt, þegar verið er að taka einstaka menn fyrir og veita þeim launaviðbót. Þannig voru hækkuð laun eins sýslumannsins um daginn, og nú er farið fram á, að hækka ritfé bæjarfógetans í Reykjavík. Þetta er því undarlegra, þar sem þetta er sá eini bæjarfógeti, sem fær nokkurt ritfé, sem eg verð að álíta principbrot, þar sem hinum bæjarfógetunum er ekki veitt neitt ritfé, og því síður sé eg nú ástæðu til að auka þetta ritfé, sem bæjarfógeta embættið í Reykjavík er nokkurn veginn vel launað embætti, og eg veit ekki betur en að þessi embættismaður komist vel af. Það hefir verið tekið fram, að skrifstofukostnaður hans næmi 1/3 af aukatekjunum. Eg get ekki gert mikið úr þessu, því eg veit marga sýslumenn, sem verða að borga í ritfé miklu meira en sem því svarar af aukatekjunum. Eg get bent á einn sýslumann, sem er náskyldur mér, sem verður að borga í ritfé 50 sinnum meira en aukatekjum hans nemur, og hefir þó minni laun en bæjarfógetinn í Reykjavík. Til síðasta þings kom beiðni frá einum bæjarfógeta um, að veita honum 500 kr. í ritfé. Þessu var að sönnu neitað, en sé nú farið að veita bæjarfógetanum í Reykjavík hærra ritfé, þá sé eg ekki, með hvaða rétti vér getum neitað hinum bæjarfógetanum um að veita honum ritfé. Koma þá hinir bæjarfógetarnir á eftir og biðja um hið sama, og svo koma allir sýslumennirnir á hæla þeim. Sé þessi brtt. samþykt, komumst vér því út á hála braut, sem er mjög varhugaverð, og sem hlýtur að draga dilk á eftir sér.

Þá er brtt. á þgskj. 405, sem eg stend fyrstur undir, um að 1000 kr. styrkurinn til landsbóka- og landsskjalasafnsins til útgáfu heimildarrita falli burt. H. framsm. (V. G.) hefir nú sýnt fram á það og sannað, að fjárveiting þessi sé algjörlega óþörf, og í sambandi við það vil eg geta þess, að til landsskjalasafnsins eru nú veittar 6350 kr., og þar sem þetta er öldungis ný stofnun, þá getur hún orðið nokkuð dýr áður lýkur.

Í umsókninni um fjárveitingu þessa er ekkert tekið fram, hvaða rit umsækjendurnir hugsa sér að gefa út, svo ekki lítur út fyrir, að það hafi vakað fyrir þeim, hver rit væru þess eðlis, að það lægi á að gefa þau út, því annars mundu þeir hafa nefnt þau á nafn.

Eg get ekki verið með brt. á þgskj. 394, um styrkinn til Jóns Þórarinssonar.

Flm. hennar (L. H. B.) játaði, að styrkur þessi mundi ekki verða að gagni, þar sem hann sagði, að maður sá, er styrkinn fengi, gæti hvorki hitt börnin né kennarana, og þá getur hann auðvitað ekki séð annað en tóm skólahúsin. Eg álít nú miklu betra, að senda einhvern snikkara til að skoða þau, því hann hefði þó vit á, hvernig

bygging á að vera sæmilega úr garði gjör, en hvað þennan mann snertir, þá veit eg ekki til að hann hafi sérstaka þekkingu á byggingum, hvorki skólum né öðrum húsum.

Einn h. þm. drap á það áðan, hve lítið væri veitt til praktiskra fyrirtækja, en mikið til vísindalegra starfa, og gladdi það mig mjög, því eg hélt, að hann mundi vilja fella einhverja af þessum hálfvísindalegu fjárbitlingum. En naumast er hann búinn að sleppa því orðinu, áður hann fer að mæla með tveim sams konar styrkveitingum, bæði til hraðritarans og útgáfu heimildarrita, sem mér virðast að ekki ætti að sitja í tyrirrúmi fyrir öðru, sem er miklu þarfara og nauðsynlegra.

Eg get ekki leitt hjá mér, að víkja fáum orðum að tekjuhallanum. Séu allar þær brtt. samþ., sem nú liggja fyrir, yrði hann fullar 127 þús. kr. Eg sé ekki annað en að hér sé hreinn háski á ferðum, ef vér komust inn á þá braut, að láta útgjöldin stöðugt verða meiri en tekjurnar, og það er ekki gott að sjá, hvar slíkt lendir. Eg skil ekki, að þm. mundu leggja til heima í héruðunum, að ýmsar fjárveitingar yrðu veittar, sem hér liggja fyrir og beðið er um, og eg vona því, að þeir muni nú skera þær niður. Þetta álít eg alveg nauðsynlegt, því h. Ed. gengur aldrei inn á, að tekjuhallinn verði svona mikill. En eg ímynda mér, að menn muni verða mér samdóma um það, að Nd. eigi að vera þungamiðja fjárveitingarvaldsins, en hagi hún sér svo, að h. Ed. þurfi að klípa mikið af fjárveitingunum, verður slíkt ekki, en eg álít það mjög óviðkunnanlegt, að búa fjárlögin út þannig, að það líti svo út, sem h. Ed. þurfi að vera nokkurs konar fjárhaldsmaður okkar hérna í Nd.

Það er auðvitað skiljanlegt, að hver vilji sínum tota fram ota, en menn verða að gæta þess, að slaka heldur á kröfum sínum, til þess að deildin geti haldið virðingu sinni og valdi.

Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Eg á hér enga brtt., en eg hefi léð nafn mitt undir tvær brtt. að eins til þess, þær gætu komist til umræðu, en lýsi jafnframt yfir því, að eg mun ekki gefa þeim atkvæði mitt. Það hefir komið ýmislegt fram í umr., sem kemur mér til að standa upp, sérstaklega ræða 2. þm. Ísf. (H. H.), og sem eg verð að gera dálitla athugasemd við.

Eins og tekið hefir verið fram, var það meining fjárlaganefndar, að láta vitamálið bíða, þangað til búið væri að rannsaka, hvar byggja ætti vita í landinu, svo vitabyggingin færi fram eftir einhverju vissu »plani«, þannig, að fyrst yrði byrjað á þeim vitum, sem nauðsynlegastir eru, en ekki, að hún ætlaðist til þess, að allir vitarnir væru bygðir í einu, eins og h. þm. tók fram. Nú hafa þó komið beiðnir um byggingu tveggja vita til fjárlagan., og varð hún að álíta, að þeir væri báðir nauðsynlegir, og vildi því styðja að því, að þeir kæmust upp, en vildi þó ekki leggja til, að landssjóður tæki að sér annan kostnað við þá fyrst um sinn en bygging þeirra. Nú veit eg ekki betur en að áætlun sé til um vitabygginguna við Eyjafjörð, og að eins nauðsynlegt sé, að koma þeim þar upp, eins og við Stykkishólm og Ísafjörð, en h. þm. úr Eyjafjarðarsýslu hafa þó ekki álitið rétt, að krefjast fjár til þess, þar sem þeir vissu, að koma mundi plan yfir alt vitafyrirkomulagið áður en langt um líður. Nú er kominn upp viti á Oddeyri, sem kostaður er af bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar; og þar sem ekki er hægt að álíta, að Arnarnesvitinn sé annað en innsiglingarviti til hafnarinnar á Ísafirði, eins og Odd-

eyrarvitinn er innsiglingarviti á Akureyrarhöfn, sé eg enga meiri ástæðu til að kosta árleg útgjöld Arnarnesvitans úr landssjóði en vitans á Oddeyri, og álít, að sýslusjóður Norður-Ísafjarðar sýslu og hafnarsjóður Ísafjarðarkaupstaður ættu að standa straum af honum og kosta árleg útgjöld hans, eins og hafnarsjóður Akureyrarkaupstaðar kostar árleg útgjöld Oddeyrarvitans. Mér þykir það því vera nokkuð djarft af h. 2. þm. Ísf. (H. H.), að heimta bæði byggingarkostnað og árleg útgjöld til Arnarnesvitans úr landssjóði. Eg verð því að virða það við h. þm. Snæf. (L. H B.), að hann fer ekki fram á neina fjárveiting úr landssjóði til árlegra útgjalda vitans á Elliðaey.

Nú sem stendur tekur landssjóður auðvitað alt vitagjaldið, en hann tekur ekki gjald fyrir aðrá vita en þá, sem þegar eru komnir á fót.

Nú eru teknir 20 a. af tonni í vitagjald fyrir þau skip, sem hafna sig við Faxaflóa, en 15 a. af tonni fyrir þau skip, sem koma sunnan um land, en fara vestur fyrir land, og er þetta eingöngu miðað við vitann á Reykjanesi. Yrði nú komið upp fleiri vitum, yrði að hækka vitagjaldið, og sömuleiðis kæmi ekki til mála að þau skip slyppi hjá vitagjaldi, sem kæmu norðan um land, þegar vitar væru komnir upp á Norðurlandi. Með því nú landssjóður fær ekkert vitagjald fyrst um sinn fyrir vitann á Arnarnesi, á hann ekki að taka á meðan neinn þátt í kostnaði við árleg útgjöld hans, en hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar er innan handar, að hækka hafnargjaldið á Ísafirði til þess að fá fé til ársútgjalda vitans á Arnarnesi, eins og Akureyrarkaupstaður hefir gert að því er Oddeyrarvitann snertir.

Þá vildi eg minnast á till. um skrifstofufé handa bæjarfógetanum í Reykjavík. — Er eg þar alveg á sama máli, sem háttv. 2. þingm. Rangv. (M. T.); en eg vil að eins fara nokkuð frekara út í það mál. — Öðrum bæjarfógetum, t. d. þeim, sem situr í forsetasæti, og bæjarfógetanum á Ísafirði og Seyðisfirði, er ekki ætlað neitt skrifstofufé, og eg veit ekki betur en að þeir borgi um 1000 og hátt á annað þúsund krónur í skrifstofufé á ári. — Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir nettó langt fram yfir það, sem þeir hafa í laun, og þó á að fara bæta við hann stórfé. — Eg veit, að hann er mjög samvizkusamur og duglegur maður, en eg hefi ekki heyrt, hvað þessa bæjarfógeta hina snertir, annað en að þeir séu einnig mjög samvizkusamir og heiðarlegir menn. — Mér virðist því alveg sjálfsagt, að þingið hljóti að veita þeim öllum skrifstofufé, þegar farið er að veita einum bæjarfógetanum svona mikið skrifstofufé, eins og hér er farið fram á.

Svo kemur ein breytingartill., sem eg vildi helzt ekkert tala um, því það er fjárveiting til einstaks manns, og eg gjöri það nauðugur, að draga nöfn manna inn í umræðurnar; eg gjöri það ekki, nema eg sé neyddur til þess, og sérstaklega þegar það eru menn, sem eru eins miklir sómamenn og nytsemdarmenn eins og þessi maður; það er skólastjórinn í Flensborg; það er maður, sem hefir unnið þessu landi, sérstaklega því máli á þessu landi, sem eg tel eitt af okkar helztu málum, meira gagn heldur en kannske nokkur annar maður. — En eg hefði óskað þess, að hann hefði ekki farið fram á svona lagaða fjárveitingu frá þinginu. — Eg get nefnilega ekki sannfærst um, að þannig löguð fjárveiting komi að tilætluðum notum. — Ef hann hefði talað við mig og sagt mér, hvernig þessu ætti að haga, þá getur vel verið, að eg hefði sannfærst um nauðsyn

þessarar fjárveitingar, en því miður hefi eg ekki átt kost á, að tala við hann sjálfan um málið — Eg hefi alt af haldið því fram, að það sé nauðsynlegt, að rannsaka til hlítar, hvernig kenslunni er hagað í sveitum og barnaskólum. — En þó maður fari á fleygiferð um landið að sumarlagi til, þegar engin kensla fer fram, og spyrji menn, sem næstir því standa, um það, hvernig þetta sé, þá fær maður ekki neina lifandi mynd af því, hvernig það er í raun og veru. — Hann fær skýrslur um það, en þær skýrslur getur landsstjórnin fengið alveg eins með því, að snúa sér skriflega til þessara manna. — Hann sér að eins eitt: það er, hve skólahús okkar eru ekki merkileg, heldur ómerkileg. — Það eru máske tvö eða þrjú skólahús á landinu, sem menn geta sagt, að séu nokkurn veginn þolanleg, og þau hús er hægt að skoða af öðrum en manni útsendum af landssjóði, og gefa skýrslur um þau. — Eg tek það fram aftur, að eg tek það nærri mér, að mæla á móti þessu, en eg vona það, að hvorki þessi maður né aðrir taki það svo, sem eg hafi á móti manninum. — Eg þvert á móti virði hann mikils fyrir sitt góða og mikla starf, og vona, að það beri enn þá meiri árangur en hingað til; og ef það á fyrir mér að liggja, að sitja framar hér á þessum stað, þá mun eg styðja það, sem hann hefir barist fyrir, að koma á kennaraskólum hér á landi; það hafa verið gjörðar tilraunir í þá átt með að bæta þennan litla vísi, sem er kominn í Hafnarfirði.

Þá var það um þilskipalánin, sem h. 1. þingm. G.-K. (Þ. J. Th.) mælti svo mikið fram með. — Eg verð að játa, að eg er alveg á sama máli eins og h. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.) hvað það snertir. — Eg álít ekki, að við eigum að taka nokkurn atvinnuveg fram yfir annan á þessu landi. — Við eigum að styðja þá alla, en hafa vakandi auga á því, að styðja engan atvinnuveg svo, að það meiði hinn. — En það er skoðun margra, að nú þegar sé sjávarútvegurinn farinn að skaða landbúnaðinn; hann sé farinn að draga svo mikið frá landbúskapnum, að það sé orðin vandræði, að fá menn til að vinna sveitavinnu. — Það var sagt í dag úr landshöfðingjastólnum, að nú væri eigi unt, að halda vinnumenn fyrir minna enn 200 kr. árskaup, einmitt vegna þess, að þeir segðu: »Eg hefi betra á þilskipunum«. Það sér nú hver maður, að með þessum litla styrk, sem þilskipaútvegurinn hefir fengið, þá hefir hann eflst svo, að hann er þegar farinn að bera landbúnaðinn ofurliða. — Og eg er sannfærður um það, að þó að hann verði ekki styrktur neitt, þá muni hann aukast samt, vegna þess, að það eru ekki smámenni, ekki efnalitlir menn, heldur eru það efnaðir menn, sem mestmegnis reka þilskipaveiðarnar. — Við erum að styrkja efnaða menn til að koma upp þilskipaflota. Og þó það séu nokkrir fátækir menn, sem hafa eignarpart í þilskipi, þá eru það undantekningar; og þessir partar hverfa með tímanum, og þilskipaflotinn lendir á fáar hendur, og við fáum nokkra kapitalista, nokkra stórauðuga þilskipaeigendur. — Þessi hefir orðið raunin á alstaðar annarstaðar. — Norðmenn eru að leggja heilann í bleyti til þess, að finna ráð til, að efla bátaútveginn, svo að smámennin geti náð björginni úr sjónum, og þurfi ekki að verða að leiguliðum stóreignamannanna. — Eg er sannfærður um, að það verður einhvern tíma á þessu þingi, hér í þessum sal, spursmál um það, hvernig við eigum að vinna á móti þilskipa-

útgerðinni og kapítalistunum. — Þetta getur verið alt saman rétt, ef landbúnaðurinn á að deyja, eins og h. þingm. Rangv. (Þ. G.) tók fram; en eg verð að játa, að þegar það er nefnt, þá er komið við hjartað í mér. — Eg get því ekki séð betur en að hið íslenzka þjóðerni standi og falli með landbúnaðinum. — Ef landbúnaðurinn getur ekki blómgast, þá er okkar þjóðþrifum lokið, og við getum þá ekki lifað lengur sem þjóð. — Ef sjávarútvegurinn eyðileggur landbúnaðinn, þá koma upp kapítallistar og fólk sem á þeim lifir; en þá verður ekki lengur hægt að tala um íslenzkt þjóðerni; nei, það er uppi í dölunum okkar, uppi í sveitinni, þar og hvergi annarstaðar liggja dýpstu og kröftugustu rætur þjóðarlífs vors, og þaðan dregur það næringu sína. — Sé þeim kipt upp, verðum vér vonum bráðara að hálf-útlendum þorparalýð.

Þá var annað í ræðu h. þingm. G.-K (Þ. J. Th.), sem eg vildi minnast á; það var um spítalalánið. — Hann kvað þar við dálítið annan tón en fyrir fáum dögum. — Nú er það orðið skaðlegt, að lána mönnum 60,000 krónur til að koma upp spítala; þá var það lífsnauðsynlegt, að veita 65,000 krónur til hins sama. — Eg ætla ekki að fara frekara út þetta; eg verð bara að segja: Eg skil ekki hinn háttv. þingmann. — Ef spítali fyrir 24 sjúklinga, er kostaði 65,000 kr., er nauðsynlegur, þá get eg ekki skilið annað en spítali með 35 sjúkrarúmum, sem á að eins að lána til 60,000 kr., sé líka eða eins nauðsynlegur.

Þá kem eg að einum lið, sem eg hefði helzt viljað sneiða hjá. — Það er um byggingarstyrkinn til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga, undirstrikað. — Eg kalla það merkilegt, að vera að reyna að »smúgla« þeirri skoðun hér inn í þing, að Skagfirðingar eigi nokkurn þátt í þessari nýju skólabyggingu. — Eg hefi talað við marga Skagfirðinga, og hefir enginn þeirra við það kannast. Jú, það var einn maður, og eg tek það fram, sem hélt því fram, að skólinn ætti að vera bæði fyrir Húnvetninga og Skagfirðinga. — En allir Skagfirðingar aðrir einum rómi sögðu: »Við þenna skóla viljum við ekki eiga, og ef við fáum ekki fé með góðu, sem við eigum í skólastofnuninni, þá getur svo farið, að við neyðumst til þess, að krefjast þess með málssókn — Eg skil ekki, hvernig h. þingm. Húnv. geta álitið, að Skagfirðingar muni nokkurn tíma láta Húnvetninga kúga sig til þess, að taka þátt í þessari nýju skólabyggingu. — Eg ætla, með leyfi forseta, að lesa upp kafla úr þingmálafundargjörð í Skagafirði:

»Svo framarlega, sem sameiginlegur skóli fyrir karla og konur komist á hér á Norðurlandi, þá telur fundurinn óþarft, að sérstakir kvennaskólar í amtinu séu styrktir af landssjóði«.

Það er með öðrum orðum, að um leið og fundarmenn láta í ljósi, að þeir álíti heppilegt, að upp komist sameiginlegur mentaskóli fyrir karla og konur, þá lýsa þeir um leið yfir því, að úr því sé alveg óþarft, að styrkja sérstaka kvennaskóla á Norðurlandi. — Og til hvers kvennaskóla er þá meint, nema einmitt til þessa nýbygða eða væntanlega bygða kvennaskóla á Blönduósi?

Eg ætla ekki að mæla frekara móti þessari styrkveitingu en eg þegar hefi gjört; eg ímynda mér, að það sé óþarfi; það er búið að kaupslaga svo með hana, að það verður ekki betur gjört. — En eitt vil eg taka fram gegn því, sem h. þingm. Húnv. (H. J.) sagði áðan. — Hann tók það fram, að fyrir nokkru hefðu verið veittar 10,000 krónur til að koma upp stórum sameiginlegum

skóla fyrir kvenfólk á Norðurlandi, og játaði h. 1. þingm. Húnv. (H. J.), að það hefði verið Húnvetningum að kenna, að sú upphæð var ekki notuð; en um leið sagði hann þá sögu, að stúlkur hefðu mist heilsu sína í Ytrieyjarskólanum, og efast eg ekki um, að hann segi það satt, eins og hans er von og vísa. — En hver ber ábyrgðina á því, ef skólinn er svo, að stúlkur verða þar heilsulausar? Eru það Eyfirðingar, sem marg-buðust til, að leggja sitt fram, og mæltust til vináttu við Húnvetninga, til að koma upp sameiginlegum skóla? Eða eru það Skagfirðingar, og þá hvernig? Nei, það eru Húnvetningar einir, sem bera ábyrgðina á þessu, því hefðu þeir ekki skorist úr leik, væri fyrir löngu komin upp sameiginlegur skóli fyrir alt norðlenzkt kvenfólk, og fyrir þetta tiltæki eiga þeir svo að fá styrk til skóla, sem þeir hafa komið upp í trássi við það princip, sem búið var að slá föstu á þinginu.

H. 1. þm. Húnv. (H. J.) talaði líka um, að nauðsynlegt væri, að koma upp unglingaskóla, og er eg fyllilega með honum í því; og um daginn kom tillaga frá mentamálanefndinni um það, að veita fé til að reisa unglingaskóla í sveitum, en tillagan var feld hér í deildinni.

En hvernig getur h. þm. Húnv. (H. J.) sett þetta í samband við kvennaskólann? Hefðu Húnvetningar beðið um, að landssjóður legði fram fé til hálfs við Húnvetninga til að koma upp unglingaskóla, og hefðu þeir menn, sem vilja drífa þetta í gegn, verið svo skynsamir, að bera það fram á þinginu, er eg sannfærður um, að fleiri en eg hefðu viljað samþykkja það.

Svo skal eg að eins lítið eitt drepa á Möðruvallaskólann. — Eins og menn vita, þá kom um daginn fram frumv., sem fór fram á, að flytja skólann frá Möðruvöllum niður á Akureyri, en því var tekið fremur illa, þó fáir töluðu á móti, nema sá, sem sízt hefði mátt búast við því af. — Málinu var svo vísað til mentamálanefndarinnar, og hefir hún nú ályktað, að ráða til að fella frumv., og hefir að eins einn nefndarmaður verið á móti, og því í fullkomnum minni hluta.

Nú sé eg, að komin er tillaga um, að veita til skólahússins á Möðruvöllum 2200—200. - Eg fyrir mitt leyti verð nú að segja, að þessi upphæð sé ekkert til að gjöra við skólann fyrir, og þeir einir geti haldið því fram, sem ekkert þekkja til. — Eg vil því hvorki mæla með þessu né móti, enda býst eg við það verði samþykt, því það er í fullkomnu samræmi við aðgjörðir þingsins. — En eg get ekki annað en tekið það fram, að mér þykir það dálítið óviðfeldið af h. framsögum. (V. G.), að um leið og hann játar, að réttast væri að flytja skólann, greiðir hann atkvæði með því, að kasta í sjóinn 2000 kr., því það ætti að vera hverjum manni ljóst, að þetta fé nægir ekki til að gjöra viðunanlega við skólann.

Forseti: Með því að fundur hefir staðið mjög lengi, og 3 háttv. þingm. beðið um orðið, auk framsögum. (V. G.) sem sjálfsagt er að fái orðið, en hins vegar nauðsynlegt, að lúka þessari umræðu fjárlaganna í kveld, þá vil eg fresta fundi til kl. 9 í kveld.

Fundi frestað.

Kl. 9 setti forseti fundinn á ný, og var umræðunum haldið áfram.

Hermann Jónasson: Það var háttv. 2. þm. Skgf., sem sagði í ræðu sinni áðan, að það væri athugavert, þar sem á breyt.till. 399 er talað um kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga

Mér fanst liggja í þeim orðum, að hér væri farið með nokkurs konar fals, en eg skal taka það fram, að svo er ekki. Eg veit ekki hvort hinni háttv. þingd. er kunnugt, að Skagfirðingar og Húnvetningar hafa haft sameiginlegan kvennaskóla full 20 ár. I fyrstu hugsuðu þessar 2 sýslur sér, að hafa sameiginlegan búnaðarskóla og kvennaskóla, búnaðarskólann í Skagafirði, en kvennaskólann í Húnavatnssýslu. En þessi kvennaskóli var í fyrstu að eins veikur vísir, skólinn var húsnæðislaus, og varð að flytja úr einum stað í annan, þangað til húsið á Ytri ey var keypt. Þennan tíma og alt þangað til í vetur, eða öllu heldur þangað til í dag, hafa Skagfirðingar og Húnvetningar fylgst að, og kostað skólann af sameiginlegu fé, og því get eg ekki annað séð en að skólinn megi heita sameiginlegur fyrir báðar sýslur. Þar sem háttv. þm. talaði um málssókn, þá skil eg það ekki, því eg veit ekki annað en að bæði Skagfirðingar og Húnvetningar eigi skólaféð, og við þessu fé verði ekki hreyft nema til kvennaskóla. Eg vildi taka þetta fram, svo það kæmi í ljós, að það er ekkert falsnafn, að kalla þetta kvennaskóla Skagfirðinga og Húnvetninga. Eg er háttv. þm. Skgf. þakklátur fyrir, að hann kvaðst mundi verða með því, að landssjóður legði til hálfs fé fram til unglingaskóla, því eg hefi tekið það áður fram, að Húnvetningar vildu ekki beygja sig fyrir því, að skólinn yrði settur á Akureyri, af því þeir vildu hafa unglingaskóla hjá sér, og það hafa allir helztu menn verið sammála um. Það gleður mig því, að þótt háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) hafi greitt atkv. á móti breyt.till., þá hefir hann verið með henni í hjarta sínu.

Olafur Briem: Eg vildi gjöra litla

aths. við það, sem háttv. framsm. (V. G.) sagði um fjárveitinguna til skógræktartilrauna. Hann hélt því fram, að yrði Búnaðarfélagi Íslands veittur þessi styrkur, þá gæti félagið varið honum eftir eigin geðþótta og notað aðra menn til framkvæmda en ætlast hefir verið til af þinginu. Þetta eru getsakir, sem eg verð að mótmæla, þar sem það er vitanlegt, að Búnaðarfélagið mundi telja sig bundið við þær ráðstafanir og tillögur, sem liggja fyrir þinginu í þessu efni. Eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en að eins geta þess, að eg álít, að annað eins og þetta gæti ekki komið fyrir annarsstaðar en í okkar landi. Landið hefir allsherjar-búnaðarfélag, og er stjórn þess skipuð beztu mönnum, sem kostur er á, og þó á þetta land að fela eitt af sínum þýðingarmiklu málum 2 mönnum í 300 mílna fjarlægð, sem hvorki hafa heyrt landið né séð. En það er lítil sigurvon, að etja kappi við fjárlaganefndina; til þess er hún of öflug; en »seinna koma' sumir dagar og koma þó«.

Eg hafði ásett mér, að láta hjá líða, að minnast neitt á fjárveitinguna til kvennaskólans í Húnavatnssýslu, en eg get ekki komist hjá því, af því að kjördæmi mínu hefir verið blandað inn í umr. um þetta mál. Eg álít, að Skagfirðingar hafi ekki gefið ástæðu til ýmsra þeirra ummæla, sem hér hafa fallið. Þeir eiga eftir að segja sitt síðasta orð um það, hvað þeir afráða í kvennaskólamálinu, og spádómar um, að þeir muni slíta sambandi við Húnvetninga, álít eg að eigi ekki við hér á þinginu. Viðvíkjandi málinu sjálfu, þá kannast eg við, að þingið 1897 veitti 10,000 kr. styrk til að koma upp sameiginlegum skóla fyrir Norðurland, en sú fjárveiting var ekki notuð, og þingið

1899 endurtók ekki fjárveitinguna, og gerði ekkert í þá stefnu, að hrinda þessu máli áfram, sem því hefði þó verið í lófa lagið; en að þingið 1899 gerði það ekki, verður ekki skoðað öðru vísi en sem stefnubreyting eða vanrækslu. — Húnvetningar hafa fengið ámæli af því, að þeir hafi komið upp hjá sér skóla í trássi við þingið. — Auðvitað má segja, að þeir hafi ekki beygt sig undir vilja þingsins eftir því, sem hann kom fram 1897, en þeir hafa óefað hagað framkvæmdum sínum eftir því, sem þeir álitu héraðinu fyrir beztu, og ætti þingið sízt að láta þá gjalda þess, að þeir hafa sýnt óvenjulega mikið framtak, sem hlýtur að kosta þá meira fé en svo, að annað eins hafi verið lagt fram til álíka fyrirtækja, er hefir þýðingu ekki einungis fyrir héraðið sjálft, heldur og fyrir önnur héruð landsins; því þótt kvennaskólinn standi í Húnavatnssýslu, hefir hann þýðingu fyrir öll þau héruð, er senda þangað stúlkur til náms, eða með öðrum orðum fyrir landið í heild sinni. Eg skil satt að segja ekki í þeim mótblæstri, sem komið hefir fram gegn þessu máli hér á þinginu, og eg álít, að þingið gæti svo bezt sóma síns, að það beiti engri óbilgirni við Húnvetninga, sem vitanlega eru einhverjir mestu atorkumenn þessa lands; dalakarlarnir í Húnavatssýslu eru menn, sem geta verið flestum öðrum landsbú um til fyrirmyndar í búnaði, og á slíkum mönnum sem þeim hlýtur íslenzkur landbúnaður og íslenzkt þjóðlíf aðallega að byggja sínar framtíðarvonir. En hvaðan kemur alt þetta andviðri? Stendur það í sambandi við nokkuð annað? Háttv. framsm. (V. G.) tók það fram sem einhvern voða, að yrði styrkur veittur til þessa skóla, þá kæmu Eyfirðingar og Austfirðingar á eftir og heimtuðu styrk til kvennaskóla. Ætli þjóðinni stæði ekki voði af öðru frekara en því, að kvennaskólar kæmust á fastan fót í ýmsum fjórðungum landsins? (*Stefán Stefánsson*, þm. Skgf.: Húmbúgsskólar!). Eg veit sannarlega ekki, á hvaða undirstöðu á að byggja sanna manndáð og mentun í landinu, ef ekki á mentun kvenna. Það er móðirin, sem hefir mest áhrif á hina uppvaxandi kynslóð, og það mætti tilfæra marga mestu menn heimsins, sem ber saman um það, að engum eigi þeir meira að þakka en góðri móður. »Matur er mannsins megin«, segir máltækið; en hverra hlutverk er það að tilbúa matinn svo að hann sé hollur og góður, og yfir höfuð gjöra heimilið ánægjulegt? En það er óþarft að fara lengra út í þetta. Það er svo alment viðurkent, að hlutverk konunnar sé engu þýðingarminna fyrir mannfélagið en karlmannanna. En nú rísa þessir tveir garpar, framsm. fjárlaganefndarinnar (V. G.) og framsm. mentamálanefndarinnar (St. St.), upp, til að svifta kvenfólkið að nokkru leyti því litla tækifæri, sem það að undanförnu hefir haft til að afla sér þeirrar mentunar, sem því er nauðsynleg fyrir lífið, og sem hefir borið góða ávexti. Eg get í þessu sambandi vitnað til orða eins manns, sem er nákunnugur högum alþýðu hér í landi, sem er dr. Þorvaldur Thoroddsen. Hann segir í einni ritgerð sinni, að hann þurfi ekki annað en koma á bæ til að sjá strax, hvort þar sé til heimilis kvennaskólastúlka; bæjarbragurinn beri það með sér. Eg skal ekkert um það segja, hvort þetta kunni að vera ofsagt, en hitt er víst, að kvennaskólarnir hafa gjört mikið gagn. Þar sem háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) vitnaði til ályktunar, er samþ. var á þingmálafundi í Skagafirði, þess efnis, að ekki væri þörf á að styrkja sérstakan kvennaskóla á Norðurlandi, ef

gagnfræðaskólinn yrði fluttur frá Möðruvöllum á Akureyri og gerður sameiginlegur fyrir karla og konur, þá var þetta slitið út úr réttu sambandi. Það, sem vakti fyrir mönnum, var algerð breyting á fyrirkomulagi skólanna, og var meiningin sú, að bóknámið skyldi vera sameiginlegt fyrir karla og konur, og kenslan fara fram í sameiginlegum skóla, en svo sérstök deild fyrir kvenfólk, þar sem kendar væru hannyrðir og hússtörf. Það var þetta, sem menn höfðu fyrir augum. En sem stendur er ekkert útlit fyrir, að breyting í þessa stefnu komist á, og því er ekki rétt að nota það til andróðurs gegn þeim kvennaskóla, sem sniðinn er eftir ástandinu eins og það er nú.

Lárus H. Bjarnason: Þrír háttv. þm. hafa amast við brt. minni, og furðar mig mest á því, að þær raddir skyldu koma frá skólagengnum mönnum; þaðan bjóst eg sízt við mótbárum. Háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.) tók það fram, að styrkveitingin gæti ekki komið að gagni, þar sem maðurinn ætti ekki heimangengt nema að sumrinu til. Háttv. þingm. hefir nokkuð til síns máls. En veit hann þá ekki, að hér er um fleiri liði að ræða en kensluna eina? Jú, það eru til skólahús, bækur og önnur kensluáhöld. Þetta gæti skólastjóri alt rannsakað. Hann mundi líka víða hitta bæði kennara og börn og gæti þá látið kennarana yfirheyra börnin í návist sinni. Þar sem hann ekki hitti kennarana, gæti hann sjálfur yfirheyrt börnin. Hann gæti spurt prestana spjörunum úr, safnað skýrslum o. s. frv.

H. 2. þm. Skgf. (St. St.) virtist helzt vera á móti fjárveitingunni af því, að ekki hafði verið komið til hans fyrst. Mér datt í hug sagan af konunni, sem sýndur var kjötlisti, en vildi ekki skrifa sig fyrir kjötinu, af því að henni hafði ekki verið sýndur kjötlistinn fyrst. Annars gleður það mig, að háttv. þm. var fjárveitingunni hlyntur, og áleit að nokkurt gagn mundi verða að henni. Hann sagði raunar, að safna mætti skýrslum um kensluna á annan hátt. Rétt er nú það. En er ekki munur að sjá gallana með eigin augum, en að verða að lesa sér þá til í misjöfnum skýrslum? Af hverju vill læknirinn fremur skoða sjúklinginn sjálfur en senda honum meðul eftir lýsingu? Svo er skólastjóra líka ætlað að skrifast á við kennara og presta eftir heimkomuna.

H. sessunautur minn á vinstri hlið (St. St.) hélt, að maðurinn mundi ekki komast yfir alla skólana á 2 sumrum, en mig minnir ekki betur en eg hafi það eftir sessunaut mínum, að skólarnir væru að eins um 30 á öllu landinu, og ætti sannarlega að vera hægt að komast yfir þá á 2 sumrum.

Mér er sagt, að h. sessunautur minn á hægri hlið (M. T.) hafi sagt, að eg ætlaði skólastjóra sjálfum að smíða skólana. (*Magnús Torfason:* Ósatt!). Eg heyri þó ekki sé haft svona hátt. Eg mun nú ekki hafa tekið það beint fram, að eg ætlaði skólastjóra ekki að smíða nýja skóla. Eg mundi ekki eftir sessunaut mínum á hægri hlið. Annars hefði eg líklega tekið það beint fram. Annars hefir sá sessunautur minn, síðan eg kyntist honum hér á þingi, oftar en einu sinni mint mig á, hve mikils um vert það er, að leggja rækt við börn einmitt á unga aldri, því »það sem ungur nemur, sér gamall temur«.

Það gleður mig samt, að ekki er neitt að manninum fundið, — eg þarf ekki að mæla með honum. Þessi fjárveiting er í landsins þágu, en ekki í mannsins þágu.

Landshöfðingi: Eg vildi leyfa mér að gera ofurlitla athugasemd gagnvart 2. þm. Skgf (St. St.) út af 14. gr. B 1 g, um styrk til skógræktartilrauna. Hann skildi ekki í því og áleit fjarstæðu að veita þetta fé til tveggja manna í 300 mílna fjarlægð. Fé þetta er ekki veitt neinum nafngreindum manni eða mönnum, heldur er það veitt stjórninni; hún ræður hvernig því er varið og hefir líka ábyrgð á, hvernig því er varið; hún ræður, hvort hún ver því eftir tillögum sérfróðra manna, þó útlendir séu, eða fær það til umráða innlendum mönnum, sem ekkert skyn bera á skógrækt. Annars sýnist réttara að veita það þeim, er skyn bera á skógrækt, en þeim, er ekkert skyn bera á slíkt. Nú hefir stjórn búnaðarfélagsins ekkert sérstakt vit á skógrækt og er mér því óljúft, að veita búnaðarfélaginu þetta fé. Auk þess hefir varaforseti búnaðarþingsins og forstjóri búnaðarfélagsins skýrt mér frá, að þeir vilji ógjarnan neitt hafa með þetta að gera, sökum þess, að þá skorti þekkingu á skógrækt og hafi nógu öðru að sinna. Eg vil því helzt, að fjárveitingin haldist óbreytt, eins og hún nú er orðuð, og að stjórninni sé falið, að verja fjárveitingunni eftir beztu vitund, og ráða, hverja hún fær til að leiðbeina sér í því efni.

Þórður J. Thoroddsen: Eg stend upp, til þess að tala nokkur orð út af ræðu h. 2. þm. Skgf. (St. St.). Hann undraðist, að eg hefði kallað lánið til spítalabyggingarinnar ónauðsynlegt, en þó álitið spítalabyggingu lífsnauðsynlega, þegar um landsspítala var að ræða. Hinn h. þm. verður að gá að því, að hér er um tvent ólíkt að ræða, landsspítala, reistan af landssjóðsfé og rekinn af landsstjórninni, og katólskan spítala, reistan af Jósefssystrum og rekinn af þeim, án þess við höfum þar nokkuð um að segja, og **það var** þessi spítalabygging, sem eg kallaði óheyrilega viðsjárverða, og jafnvel óleyfilega, svo eg viðhafi þm. eigin orð.

Viðvíkjandi sjávarútveginum sagði hann, að sá tími mundi koma, að vér mundum þurfa að leggja ráð á, hvernig vér ættum að fara að eyðileggja hann. (*Stefán Stefánsson*: Eg sagði það alls ekki!). H. þm. hefir gleymt sínum eigin orðum — hann sagði það, en það hefir þá verið í hita ræðunnar, og þá man maður ekki alt á eftir. Honum gremst mjög, að fólkið hverfi frá landinu til sjávarins, af því þar er meiri ábatavon. En ef svo er, að sjávarútvegurinn er arðvænlegri, því þá ekki að leggja fremur stund á þá atvinnugrein, sem ábatameiri er? Hvers vegna er maður þá að eiga við þá atvinnugrein, sem ekki borgar sig betur en svo, að þarf að veita henni 60,000 kr. gjöf á hverju fjárhagstímabili, og þó ekki borgar sig betur en svo, að hún hefir ekki ráð á að borga fragt undir nokkura grasapakka til útlanda? Það má enginn skilja orð min svo, að eg vilji láta eyðileggja landbúnaðinn eða ekki vilji styrkja hann; eg hefi alt af mælt með fjárveitingum til landbúnaðar, og þá vil eg ekki, að landbúnaðarmenn borgi það með því, að vilja eyðileggja sjávarútveginn. Að styrkja báða og alla atvinnuvegi eftir megni verður affarasælast fyrir landið í heild, en þó búmannlegast, að leggj stund á þá atvinnugrein, sem borgar sig bezt.

Hannes Hafstein: Eg bjóst við, að eg þyrfti ekki að standa upp aftur, en verð að svara örfáum kveðjuorðum til h. 2. þm. Skgf. (St. St.).

Hann brestur auðsjáanlega kunnugleik til að tala um vitann á Arnarnesi. Hann hélt, að hér væri að eins að ræða um innsiglingarvita til hafnarinnar við Ísafjarðarkaupstað, og að kostnaðurinn

við byggingu og úthald hans ætti því að réttu lagi að hvíla eingöngu á hafnarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar; en eg get sagt honum, að hann veður hér reyk. Ísafjarðarkaupstaður liggur inni í Skutilsfirði, en Arnarneshamar, þar sem vitinn á að byggjast, er fyrir utan mynnið á Skutilsfirði, og vitinn yrði engu síður fyrir aðra firði, svo sem Alftafjörð og Seyðisfjörð, sem fult eins mikil og jafnvel miklu meiri sigling er til vor og haust, heldur en til Ísafjarðarkaupstaðar.

Í Skutilsfirði eru þegar reistir innsiglingarvitar, sem eru bygðir og kostaðir af hafnarsjóði kaupstaðarins eingöngu. Landssjóður hefir engu kostað þar til, og hefði þó engu minni ástæða verið til að kosta þá vita heldur en innsiglingarvitana á Hafnarfjörð, sem landssjóður hefir bygt að öllu og kostar með c. 900 kr. á ári hverju. Það er í engu tilliti meira alment gagn að þeim en innsiglingarvitanum á Seljabrekkunaustum við Skutilsfjörð. Eg veit vel, að Hafnarfjarðarvitarnir geta orðið að liði skipum, sem leita þar hafnar í neyð. En sama gildir um Skutilsfjarðarvitana; því einnig þangað leita skip oft neyðarhafnar, sem annars hefðu ekki þang að komið. En þótt nú hafnarsjóður hafi tekið þessa vita að sér, þá er alt öðru máli að gegna um Arnarnesvitann. H. þingm. geta aldrei fært neina sennilega ástæðu fyrir því, að Ísafjarðarsýsla eigi að kosta þann vita, fremur en aðra vita á landinu. Hér er um nauðsyn að ræða og mál, sem þegar er vel undirbúið. Hvað á að bíða lengi? Hví má ekki vinda bráðan bug að því, sem engin ástæða er til að draga, en sem getur orðið til að bjarga margra manna lífi?

Eg vil að lokum að eins bæta því við, að eg tel hinni h. deild í meira lagi mislagðar hendur, ef hún telur landið hafa efni á því, að veita ungum og óreyndum manni 4000 kr. til þess að kynna sér íslenzk uppeldis- og mentamál með því að ferðast um útlönd, en ekki til þess að veita hálfu minni upphæð fullorðnum og velmetnum »fagmanni«, æfðum og vel hæfum kennara, til kostnaðar við að rannsaka kensluástandið í landinu sjálfu; — ef hún hefir efni á, að veita nýbökuðum kandídat stórfé til að endurskoða þýðingu frægra vísindamanna á sögu Gyðinga, en ekki efni á að gefa út helztu heimildarritin, er snerta sögu vorrar eigin þjóðar; — ef hún hefir ráð á að kosta óreyndan mann til »tjöllistanáms«, til þess að vita, hvort hann muni ekki geta lært að gera áætlanir til vega með tímanum, en ekki efni á því, að leggja litinn sanngjarnan styrk til bráðnauðsynlegra vegabóta til að firra menn farartálma og hættu; — ef hún hefir efni á að kosta ungmenni utan til að nema húsagjörðarlist, en ekki efni á lítilli upphæð til að styðja að bráðnauðsynlegri húsagjörð til kvennaskólahalds, til að efla mentun og veg kvenna í landinu; — og ef hún loks hefir efni á að fleygja fé út til árangurslausra rannsókna á fóður- og beitijurtum búfénaðar, en ekki efni á að leggja fram skyldugjöld til að vernda mannslíf frá dauða og druknun. Eg vona, að h. 2. þm. Skgf. (St. St.) sjái, að í þessu er engin samkvæmni né sanngirni.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Eg er nú ekki maður til að svara öllum háttv. þm., sem vegið hafa að mér í kvöld; nóttin kemur, þá enginn fær unnið. En taka skal eg þó eitt fram, gagnvart háttv. sessunaut mínum til hægri hliðar, þar sem hann sagði, að eg hefði andmælt tillögu hans mest fyrir þá sök, að maður sá, sem um var að ræða, hefði ekki talað við mig fyrst.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er einum trúandi til að bera slíkt á borð, af þessari óseðjandi löngun hans til að snúa út úr. Eg get ekki séð, að styrkur þessi komi að tilætluðum notum, og sé ekki betur en að nota megi góðar skýrslur, þó eg játi, að nákvæm skoðun sé fullkomnari. En ef féð á að veita á annað borð, þá tel eg þennan mann færastan til að gera gagn fyrir þetta fé. Eg er mótfallinn fjárveitingunni, ekki manninum, og þykist hafa fært rök fyrir því. Háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.) dugar ekki samanburðar-upphrópanir einar; þær sannfæra ekki einar út af fyrir sig. Út af ræðu háttv. samþingismanns míns (Ól. Br.) vil eg láta þess getið, að eg get ekki kannast við, að Skagfirðingum sé nein vansæmd í þeim ummælum, og háttv. þm. getur ekki mælt á móti því, að komið hafi til orða í Skagafirði að leita réttar síns gagnvart Húnvetningum í kvennaskólamálinu lagaveginn, ef aðrir vegir reynast ófærir; en vonandi er, að svo fari ekki; en þó svo færi, er það sök Húnvetninga, en ekki Skagfirðinga. Mjög var undarleg röksemdafærsla háttv. samþingismanns míns, þegar hann gat þess, að þingið hafi veitt 10 þús. kr. til sameiginlegs skóla á Norðurlandi. Sýnir ekki einmitt sú fjárveiting, að þingið taldi heppilegra, að einn góður skóli væri á Norðurlandi en tveir lélegir og tvöfalt dýrari, en vildi þó ekki beita valdi sínu til þess að koma fram þessari breytingu, sjálfsagt mest fyrir þá sök, að skólarnir voru eign sýslnanna. En svo kallar háttv. þm. það vanrækslu eða stefnubreyting hjá þinginu 1899, að það skyldi ekki endurtaka þessa fjárveiting eða beinlínis neyða skólana til þess að sameinast. Þessu verð eg að mótmæla. Þinginu 1899 var kunnugt um, að tilraun hafði verið gjörð til þess að koma sameiningunni á, en þessi tilraun strandaði á mótþróa Húnvetninga, eins og eg hefi áður tekið fram. Hvað átti þingið þá að gjöra? Að veita fé af nýju var tilgangslaust, úr því vitanlegt var, að það yrði ekki notað, og að þvinga skólana til að sameinast, með því t. d. að kippa af þeim árlega styrknum, hefir þinginu 1899 þótt jafn-ómannúðlegt, eins og þinginu 1897, þótt það auðvitað héldi skoðun sinni á málinu óbreyttri. Hér er því hvorki um hringlandaskap né vanrækslu að ræða, en að eins vægð frá þingsins hálfu. En nú vilja háttv. þm. láta Húnvetninga, sem staðið hafa móti sameiningunni, þvinga þingið til þess að veita sér styrk til sérskólabyggingar, af því þingið sýndi þá vægðarsemi, að neyða þá ekki til samkomulags. Þessi krafa er óneitanlega furðu djörf, og mig furðar á því, að háttv. samþingism. minn skuli styðja hana, jafn sanngjarn maður og hann er. Þá sagði háttv. samþingismaður minn, að við garparnir háttv. framsm. fjárlagan. (V. G.) og eg, vildum svifta kvenfólkið því litla tækifæri, sem það hefði haft til þess að afla sér mentunar. Og þetta leyfir þm. sér að bera hér fram í salnum, þótt honum sé fullkunnugt um, að eg hefi verið og er meðal þeirra manna, sem sýnt hafa einlæga viðleitni til þess, að koma kvennaskólunum í heillavænlegra horf. Með öðrum orðum, vér sem höfum lifað oss inn í þá hugsun, hve afarþýðingarmikið það væri, að koma upp sannarlega góðum og öflugum kvennaskóla á Norðurlandi, vér sem höfum verið að berjast við að fá þessari hugmynd framgengt, með því að sameina í eitt kraftana, vér fáum því í nasir núið, að vér séum óvinir kvennamentunarinnar og viljum eyðileggja hinn litla vísi hennar, sem upp er kominn. Það er hart, að fá þessu kastað framan í sig af

mönnum, sem ekki getur verið annara um góða og holla mentun kvenþjóðar vorrar en mér.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) kvað háttv. framsm. (V. G.) hafa barið því við, að væri þessum skóla veittur byggingarstyrkur, þá gætu tveir eða fleiri kvennaskólar komið og farið hins sama á leit. Háttv. þm. kvaðst ekki sjá neinn voða við það, þótt svo færi. Eg er háttv. þm. (Ól. Br.) hjartanlega sammála um, að enginn voði sé að aukinni kvenmentun, því að hana tel eg einn af hornsteinunum undir sönnum þjóðþrifum vorum. Það sem okkur skilur á, er, hvaða vegur sé heppilegastur. Eg vil hafa fáa skóla og góða, en engar humbugsskólaholur, sem ómögulega geta þrifist, af því að landið hefir ekki fjármagn til að styrkja þær svo sem þarf. Vér verðum að sníða oss stakk eftir vexti, og það er ekki til neins, að vera að hrófa upp skólum út um hvippinn og hvappinn, út í bláinn og án þess að nokkur trygging, varla nokkur líkindi sé fyrir því, að þeir geti int verk sitt viðunanlega af hendi. Það er ekkert vináttubragð við kvenmentunina, að vera að berjast fyrir slíku. Þá þarf eg að víkja fáum orðum að háttv. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th); þó ætla eg að láta spítalamálið liggja milli hluta, án þess þó að taka nokkuð aftur af því, sem eg hefi um það sagt, og án þess að vera nokkuð hræddur við það, þótt eg kunni að koma upp á stólinn hérna í dómkirkjunni, eða þótt við mér kunni að verða hreyft í fríkirkjunni. En eg álít óþarft að tala nú meira um málið, af því að það er þegar dautt, eða mun að minsta kosti deyja í kvöld. Að eins sýnist mér það nokkuð undarlegt, að háttv. þm. skuli í öðru orðinu telja það lífsnauðsyn, að lagt sé fram fé til að koma upp góðum spítala, en í öðru orðinu er fjárveiting til þess orðin skaðleg í hans augum. En það er annað, sem eg ætla að víkja að, sambandið milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins. Eg hefi aldrei sagt það, að vér ættum að stuðla að því, að sjávarútvegurinn dæi út; það hefir mér ekki dottið í hug; en það sagði eg, að það gæti komið fyrir, að þingið þyrfti að taka til yfirvegunar, hvort eigi gæti verið ástæða til að reyna að hamla því, að þilskipaútvegurinn yxi of skjótum vexti; það er alt annað en að vilja eyðileggja hann. Sé þilskipaútgerð svo arðvænleg, sem orð er á gert, þá sýnist ekki ástæða fyrir landssjóð að vera að styðja hana með fjárframlögum. Það gæti miklu fremur verið ástæða til að styðja bátaútveginn, sem einmitt er athvarf svo margra hinna efnaminni landsmanna, og fara í því að dæmi Norðmanna og Svía. Eg held þessu því fremur fram, sem eg hefi fengið upplýsingar um, að það séu einkum stóreignamennirnir, sem ná í þennan landssjóðsstyrk til þilskipakaupa. Það er þó varla meining þingsins, að vilja taka peninga, sem mætti nota til að styrkja fátæklinga, og kasta þeim í stórauðuga þilskipaeigendur.

Það var hálf kynleg röksemdafærsla hjá háttv. 1. þm. K.-G. (Þ. J. Th.), að af því að sjávarútvegurinn væri nú arðvænlegri en landbúnaðurinn, þá væri sjálfsagt að styðja hann; hún hefði máske getað átt við, ef hann teldi það sjálfsagt, að ganga ætti milli bols og höfuðs á landbúnaðinum, og eg hefði getað skilið í henni, ef hann hefði getað sannfært mig um, að eigi væri unt að stunda landbúnað hér á landi á arðvænlegan hátt. En það gat hann ekki, og eg er viss um það, gæti meira að segja sýnt fram á það með tölum, væri tími til, að væri landbúnaður vor rekinn á eins fullkominn hátt eins og

þilskipaveiðar eru nú reknar, þá mundi hann geta verið eins arðvænlegur á Íslandi eins og í Danmörku og á hinum feitu Canadasléttum; það sem vantar til að koma honum í það horf, er fé og kunnátta, og þessa hvorstveggja þurfum vér að reyna að afla honum. Það hlýtur að vera rétt skoðun, að þegar um atvinnuvegi er að ræða, sem menn á annað borð vilja halda við lýði, að sjálfsagt sé að styrkja þann þeirra, eða þá mest, sem í þann og þann svipinn þarfnast mest stuðnings. Það er svo fyrir mér, að eg vil styðja alla atvinnuvegi landsins, vil að þeir geti allir blómgast, en eg vil engan þeirra styðja þannig, að það geti orðið öðrum til eyðileggingar; sízt af öllu vil eg að nokkuð sé gert til að veikja landbúnaðinn vegna ofurástar á öðrum atvinnugreinum, því að það sannast, að lífakkeri okkar mun hann þó reynast.

Einar Jónsson: Það er að eins eitt atriði í ræðu h. 2. þm. Rangv. (M. T.), sem eg vildi minnast á; það er það, sem hann talaði um tekjuhallann. — Honum þótti það eðlilegt, þótt mönnum yxi hann í augum, og bjóst hann við, að landsmönnum mundi lítast illa á slíka meðferð á landsfé, sem hann bendir á, þegar lauslega er á litið. — Út af þessu vildi eg benda á, hvað það er, sem einkum veldur tekjuhallanum; það er sérstaklega í tveimur greinum, sem útgjöldin hafa aukist mest við meðferð deildarinnar á frumv. 12. gr. og 14. gr. — En til hvers er svo þetta fé sérstaklega ætlað í þessum greinum? Til samgöngumála og verklegra fyrirtækja. — Til samgöngubóta á sjó og landi hefir deildin aukið útgjöldin um 39,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og til verklegra fyrirtækja, þar á meðal sér í lagi til eflingar búnaði, þá nemur viðaukinn hér um bil 30,000 kr. — Og hvað er það svo, sem þjóðin óskar einkum að þingið leggi mesta áherzlu á í fjárveitingum sínum? Það er einmitt þetta tvent. — En það liggur í augum uppi, að til þess að hægt sé, að verða við óskum þjóðarinnar í þessum efnum, þá þurfa aukin fjárframlög. — Það er því eigi um annað að gjöra, ef tekjur landssjóðs hrökkva ekki til þess, að geta nokkurn veginn fullnægt vilja þjóðarinnar, og það er að grípa til viðlagasjóðsins. — Það væri auðvitað ekki hyggilegt, að gjöra svo ár eftir ár, að hann eyddist; en þá er ekki um annað að gjöra en að auka tekjur landssjóðsins. — Og það þarf þjóðinni að skiljast, og eg vona það, að hún skilji það, að hún getur ekki heimtað ný og ný fjárframlög úr landssjóði, nema hún sé við því búin, að taka afleiðingunum, þeim afleiðingum, að tekjur landssjóðs verði að auka með því, að leggja ný gjöld á hana fyr eða síðar. — Á meðan það er ekki gjört, þá mega þeir menn, sem nýjar kröfur gera til landssjóðs, sízt kippa sér upp við það, þótt einhver tekjuhalli komi fram. — En fyrir mitt leyti vona eg og óska, að gjöld landssjóðs vaxi fremur en minki, því að eigi er hægt að koma framfara-fyrirtækjum áfram nema fé sé lagt til þeirra.

Í þetta sinn get eg ekki talið tekjuhallann svo óttalegan; fyrst og fremst mun óhætt, að draga frá útgjöldunum þær 35,000 kr., sem til ritsímans eru ætlaðar, og í öðru lagi má ætla, að tekjur aukist um alt að 40,000 kr., ef tolllögin, sem fyrir þinginu eru, komast gegnum það, og það er á þingsins valdi. — Það hefir á undanfarandi þingum verið búist við tekjuhalla, og gert mikið úr honum, en þó farið öðru vísi í reyndinni. — Árið 1899 bjuggust menn t. d. við miklum tekjuhalla, og þótti

líta óvænlega út, en það fór öðru vísi og betur en á horfðist. — Ef menn á annað borð álíta sann-nauðsynlegt, að leggja fram þá og þá upphæð, þá má ekki hika við, að gera það, þótt það kunni að leiða af sér einhvern tekjuhalla, að eins að menn kunni sér hóf, og fari skynsamlega að ráði sínu. — Það er auðvitað eðlilegt, þótt nokkrir þeir liðir séu samþyktir, sem allir geta eigi orðið sammála um nytsemi þeirra, því einum sýnist það nauðsynlegt eða heppilegt, sem öðrum sýnist óþarft, og eg er auðvitað ekki samþykkur öllum útgjaldaliðum fyrir mitt leyti; en í þessum fjárlögum er það tiltölulega lítil upphæð, sem þetta verður um sagt, í samanburði við gjöldin öll. — Vér verðum að gá að því, að hér er svo lítið til af legötum og styrktarsjóðum, og varla annað að flýja en til landssjóðs, þegar einhver vill fá styrk til þess, sem hann álítur þarflegt fyrir þjóðina. — Það er því eðlilegt, þótt hér gæti nokkuð þess, sem bitlingar eru kallaðir, og þótt eg viti, að þeir séu ekki vel þokkaðir hjá fjölda manna, þá vildi eg þó óska þess, að fjárhagur landsins væri þannig, að vér gætum styrkt miklu fleiri unga menn og efnilega en nú getum vér, til að afla sér ýmislegrar nytsamrar þekkingar, og til að beitast fyrir framfara-fyrirtækjum. — Eg hefði nú svo gjarna viljað geta samþykt ýms fleiri útgjöld í þessu tilliti en nefndin hefir treyst sér til að taka upp, t. d. styrkinn til Halldórs Guðmundssonar og fleira þess háttar; en alt verður að hafa sín takmörk, og oss er nauðugur sá kostur, að fara þó fremur varlega, og jafnvel þótt mikil líkindi sýnist fyrir því, að sú og sú styrkveiting mundi síðar meir geta borið ávöxt fyrir landið.

Framsögumaður (Valtýr Guðmundsson): H. þingm. Ísf. (H. H.) talaði enn um breyt.till. sína um Breiðadalsheiðarveginn. — En um þetta er búið að tala svo mikið áður, að það þýðir ekki, að fara að rifja það upp nú að nýju. — Eg hefi nú lýst yfir skoðun minni og nefndarinnar, og er engu við það að bæta. — Um vitann á Arnarnesi sagði h. 2. þingm. Ísf. (H. H.), að hann vildi sleppa tilkalli til að fá fé til að kaupa lóð undir hann, ef hann fengi hinn árlega viðhaldskostnað. — Þetta má heita vel ráðið og viturlega fyrir héraðið, að sleppa 300 krónum í eitt skifti fyrir öll, en fá í staðinn 500 kr. á ári máske um aldur og ævi.

H. 2. þm. Isf. (H. H.) þótti það undarlegt og ósamræmilegt, að héraðsbúar ættu sjálfir að hafa árskostnaðinn af vitanum, þar sem landssjóður kostaði aðra vita. — En eg bið h. 2. þm. Ísf. (H. H.) að gæta þess, að einmitt í þessum fjárlögum er veitt fé til vitabyggingar, þar sem héraðsbúar sjálfir taka að sér hið árlega viðhald hans á Elliðaey. — Það sýnist því koma fram meiri samkvæmni í tillögum nefndarinnar en í breytingartill., sem vill að annar þessara tveggja vita sé kostaður af landsfé, en hinn ekki. — Nefndin leit svo á, að réttast væri að taka þá stefnu í þessu, sem hún tók; vér vitum, að til stendur, að koma vitamálunum öllum í fast horf, og þá getur það orðið ofan á, að landssjóður kosti alla vita, en víst er það ekki, og vegna þessarar óvissu er það, að nefndin vill ekki gera neinar bindandi skuldbindingar fyrir framtíðina.

H. þm. Borgf. (B. B.) tók það fram, að í fjárlögunum væru margar fjárveitingar til vísindalegra fyrirtækja, en fáar til verklegra, og að nefndin hefði ekki fylgt því vel, sem hún hefði verið að áminna um, að hækka ekki mikið

gjöldin. — Nefndin er nú einatt svo sett, að eigi hún að gæta skyldu sinnar, þá verður hún að leggja það til, að gjöldin séu aukin.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir tekið af mér ómakið með, að færa rök fyrir þessu; hann hefir sýnt fram á, að aðal hækkunin er einmitt í því fólgin, sem heita má að þjóðin óski einhuga eftir, fólgin í framlögum til samgöngubóta og verklegra fyrirtækja. — En vér verðum að gæta þess, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði; það verður líka dálítið að sinna hinu, sem ekki flytur beinlínis mat í búið, því að ef það er með öllu vanrækt, þá er hætt við, að hið praktiska líði tjón við það. — En satt að segja sýnast mér breytingartill. h. þingm. Borgf. (B. B.) ekki vera í samræmi við ræðu hans. — Hann fer nú fyrst og fremst fram á, að styrkur sé veittur til hraðritara; hélt hann að sparnaður gæti orðið að þessu fyrir þingið; en það er nú þvert á móti; þingtíðindin mundu lengjast, væru hraðritarar hafðir, og það er misskilningur, að hægt yrði að komast af með færri skrifara, væru þeir hraðritarar. — Það er kunnugt, að í ríkisþinginu skrifar hver hraðritari ekki nema 10 - 15 mínútur í senn, og varla má gera ráð fyrir, að hraðritarar yrðu stórum þolbetri hér.

Önnur breyt.till. h. þm. (B. B.) fer fram á, að veittur sé styrkur til að gefa út heimildarrit. — Eg skil ekki, að mönnum geti fundist þessi breytingartill. ganga í mjög praktiska átt. — H. 1. þm. Árn. (H. Þ.) tók það fram, að það væru sérstaklega fornrit vor, sem gefin væru út í útlöndum, og er það satt; þau hafa verið gefin út, og munu verða gefin út án þess, að vér þurfum að leggja fram landsfé til þess. — Það eru því einkum rit eftir 1400, sem hér er um að ræða, en vér eigum safnverk, þar sem slík rit eiga heima í, og þar sem ýms af þeim ritum hafa þegar verið prentuð í; eg á við »Safn til sögu Islands«. Þar er þegar prentað Hirðstjóra annáll Jóns Halldórssonar, Biskupa-annáll Jóns Egilssonar, ritgerð Jóns Gissurarsonar, og ýmislegt fleira. — Það er annars undarlegt, að bændur skuli vilja styðja að slíkum fjárveitingum, en rísa öndverðir gegn því, sem stétt sjálfra þeirra ætti að geta orðið að margfalt meira gagni. — Það er undarlegt og óviðeigandi, að sjá undirtyllu þingsins ganga milli þingmannasætanna hér í salnum og agitera í bændum; og hver vill segja mér, af hvaða ráðum það var runnið, að nafnakall var þvingað fram við 2. umræðu um þennan heimildarritastyrk, og annan lið, sem snerti landsskjalasafnið, en enga liði aðra?

Eg hefði sízt trúað því um bændur, að þeir vildu styðja að útgáfu miður merkra rita frá andlegri hnignunaröld landsins; það liggur margt annað nær. Vér vitum það, að það vill brenna við, að gefinn sé út »allur skollinn«, eins og einn þm. komst að orði hér um daginn, og það má sannarlega heimfæra upp á sum af þessum svo kölluðu heimildarritum; þau eru ekki á marga fiska. Það má mikið heita, ef háttv. þm. fá þakkir heima í héraði fyrir styrkstuðning þessa; mér hefir heyrst kveða við annan tón á þingmálafundum og í ritum bæði hjá háttv. þm. Borgf. (B. B.) og öðrum.

Það er annars sorglegt til þess að vita, að svo virðist sem bændur hafi einatt verið fremstir í flokki með að styðja lítt hugsaðar fjárveitingar og óþarfar launahækkanir, en aftur verið þrándar í götu fyrir ýmsum nýmælum, sem miðað hafa að því, að efla hag stéttar þeirra og lyfta henni á hærra menningarstig.

Þá skal eg minnast á ritféð til bæj-

arfógetans í Reykjavík. Þótt nú slept væri öllum þeim 2000 kr., sem eg gerði ráð fyrir að hann hefði fyrir innheimtu, þá væru þó eftir 7,400 kr., sem hann hefði í tekjur. Stjórnin álítur nú að hann þurfi 3700 kr. í ritfé; eru þá eftir handa honum til að lifa á 3700 kr. En svo er nú að athuga, hvernig aðstaða þessa bæjarfógeta verður gagnvart öðrum bæjarfógetum og sýslumönnum á landinu; þeir fá ekkert ritfé, og verða því ef til vill að verja öllum aukatekjunum í skrifstofukostnað, og þeir hafa kostnaðarsöm ferðalög, sem bæjarfógetinn í Reykjavík er laus við. Hvernig sem á málið er litið, sýnist ósanngjarnt að auka ritfé þessa bæjarfógeta, en láta hina ekkert fá, enda engin knýjandi þörf á því.

Háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) kvað fjárlaganefndina eiginlega hafa verið því meðmælta, að styrkja að útgáfu Eirar. Þetta er að vísu satt, en þó því að eins, að Þjóðvinafélagið tæki útgáfuna að sér. En hún var á móti því, að styrkurinn væri svo hár, sem breyttill. fer fram á. Það sýndist ekki nein ástæða til að hafa styrkinn hærri en til Lögfræðings, sem allir munu játa, að einnig er þarflegt rit.

Háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) talaði á móti styrkveitingunni til gufubáts á Breiðafirði, en eg verð að mæla sterklega með henni af þeim ástæðum, sem eg hefi tekið fram í ræðu, sem eg hélt hér í dag. Hann efaðist um, að það fengist bátur fyrir þetta fé, en fjárl.n. hefir snúið sér til þess manns, sem annast útgerð gufubátsins hér við Faxaflóa, og hann áleit að vel væri hugsandi, að gufubátur fengist til að annast þessar ferðir með þessum styrk. Það er aðgætandi, að á Breiðafirði þarf ekki að vera eins stór bátur og hér á Faxaflóa; þar eru ekki eins miklir flutningar og yfir höfuð ekki eins mikið að gera. Það, sem aðallega vakti fyrir nefndinni, var, eins og eg hefi áður tekið fram, að hægt væri að undirbúa málið undir þingið 1903, því þá þarf að gera nýjan samning við «sameinaða gufuskipafélagið«. Háttv. 2.þm. Arn. (S. S.) mælti móti styrkveitingunni til að verja Örfirisey grandi, og vildi láta selja eyna. En ef það verður ofan á, þá álít eg bezt að gera hrossakaup úr því, og láta Rvíkinga fá hana fyrir kirkjugarð, og jafnvel láta þá fá landslíkbát í ofanálag, úr því þeir fengu ekki »landslíkvagninn«. Sami þm. gat þess, viðvíkjandi styrknum til Jóns Þórarinssonar, að það væri ekki hægt að rannsaka kenslu í barnaskólum á sumrum, og það er satt; en háttv. þm. tók ekki alt með. Honum er líka ætlað að rannsaka, hvar hægt sé að setja upp barnaskóla, og það hefir þó talsverða þýðingu að rannsaka það, því það getur verið vafamál, hvort hægt sé að koma barnaskólum við hér á landi, nema í sjóþorpum og kauptúnum. Eg fyrir mitt leyti hefi litla trú á því, að barnaskólar séu hentugir hér á landi mjög víða, og álít unglingaskólana miklu hentugri. Það eru sem sé skiftar skoðanir um þetta, og gæti því verið ástæða til þess, að rannsaka þetta mál, en þrátt fyrir það sá nefndin sér ekki fært, að vera með þessari fjárveitingu, ekki af því, að hún álíti að þetta sé óþarfa fjárveiting — því hún er einmitt málinu hlynt — en hún álítur ráð að veita þetta fé, meðan stefna í mentamálum er ekki betur undirbúin. Sami háttv. 2. þm. Arn. (S. S.) gat ekki setið á sér, að taka sér í munn orð 2. þm. Rangv. (M. T.),að »betra væri að hjálpa mönnum til þess að lifa en til þess að deyja«. Það var út af láninu til þess að byggja

spítala hér í Rvík, að hann sagði þetta, en eg hélt ekki að spítalar væru reistir til þess, að hjálpa mönnum til að komast í gröfina, heldur þvert á móti, að bjarga lífi þeirra og heilsu, og það eru víst heldur engir nema 2. þm.Arn. (S.S.) og 1. þm. Rangv. (Þ. G.), sem halda, að spítalar séu til þess að hjálpa mönnum niður á við — niður í jörðina.

Hvað viðvíkur breyttill. við fjárveitinguna til skógræktartilrauna, þá hefir hæstv. landsh. tekið af mér ómakið að svara því.

Hvað viðvíkur breyttill. um að veita 4000 kr. til kvennaskóla á Blönduósi, þá skal eg geta þess, að eg er ekki á móti kvennaskólum — síður en svo —; en eg vil ekki láta tildra þeim upp á annari hverri þúfu. Eg eg vil fá einn góðan kvennaskóla, þar sem kvenfólkið getur lært það, sem það þarf, en vil ekki hafa ónýta skóla, sem ekki eru færir um að veita nemendum þá mentun, sem þeir hafa gagn af, og ekki gera annað en að vekja tortrygni almennings á skólamentun, með því að veita nemendunum svo ófullkomna mentun, að hún er ekki annað en tál. Eg vil hafa fáa, en góða skóla.

Björn Bjarnarson (þm. Bf.): Eg vildi að eins geta þess, gagnvart þeim h. þm., sem voru að rangfæra orð mín, að eg talaði að eins um þær fjárveitingar, er miðaðar eru við nafngreinda menn og á almennu máli nefnast »bitlingar«. Eg sagði, að í þessu frv. væru að eins samþyktar 1800 kr. á fjárhagstímabilinu til fyrirtækja, sem gengju í verulega praktiska átt og kvaðst mundi greiða atkvæði með tveim brtt. í þá átt, til þess að færa slíka styrki úr 5% upp í 9%. En þar sem eg mintist á styrkinn til safnanna til útgáfu heimildarrita, tók eg hann að eins sem samanburð við annað af því tægi til að sýna samkvæmnina hjá h. framsm.; og þótt eg greiði atkvæði með einni hækkun í þá átt, þá greiði eg atkvæði með svo mörgum lækkunum, að það margvinnur sig upp.

ATKVGR.: Breyttill. 382 við 10. gr. B 2. feld með 14 : 4.

Breyttill. 391 við 10. gr. C (nýr liður) samþ. með 20 atkv.

Breyttill. 393 við 11. gr. 6 a. feld með 16 : 10.

Breyttill. 396 við 11. gr. 8 (nýr l.) feld með 15 : 8.

Breyttill. 396 við 12. gr. A 2. samþ. með 20 atkv.

Breyttill. 396 við 12. gr. B 4. samþ. með 12 : 1.

Breyttill. 395 við 12. gr. B 6. samþ. með 15 atkv.

Breyttill. 396 við 12. gr. C 1. samþ. í einu hljóði.

Breyttill. 362 við 12. gr. C 2. a. sþ. með 17 atkv.

Breyttill. 395 og 396_1 við 12. gr. C 2. b. samþ. með 16 atkv.

Breyttill. 396_2 við 12. gr. C 2. (nýr l. c.) samþ. með 16 atkv.

Breyttill. 396_3 við 12. gr. C 2. fyrri aths. samþ. með 18 atkv.

Breyttill. 396_4 við 12. gr. C 2. síðari aths. samþ. með 18 atkv.

Breyttill. 362 við 12. gr. C 2. ný aths. samþ. með 17 atkv.

Breyttill. 382 við 12. gr. E c. 1. feld með 13 : 4.

Breyttill. 395 við 12. gr. E. j. 1. samkv. fjárlög.

Breyttill. 395 við 12. gr. E. j. 2. feld með 12 : 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Bf.	Einar Jónsson,
B. Bjarnarson, Dal.,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Hermann Jónasson,	Magnús Torfason,
Jósafat Jónatanss.,	Ólafur Briem,

já:	*nei:*
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Sigurður Sigurðss.,
S. Stefánsson, Eyf.	S. Stefánss., Skgt.,
Tr. Gunnarsson.	Valtýr Guðmundss.,
	Þórður Guðmundss,
	Þórður Thoroddsen.

Breyttill. 396,1 við 13. gr. A b. 2 sþ. með 12 atkv.

Breyttill. 396,2 við 13. gr. A b. 2 sþ. án atkvgr.

Breyttill. 396,3 við 13. gr. A b. 2 sþ. með 13 atkv.

Breyttill. 396,4 við 13. gr. A b. 2 sþ. með 12 atkv.

Breyttill. 382 við 13. gr. B IV. samþ. með 12 : 3 atkv.

Breyttill. 399 við 13. gr. B IV. a. sþ. með 12 :4 atkv.

Breyttill. 394 við 13. gr B IV. b. feld með 13 : 5 atkv.

Breyttill. 390 við 13. gr. nýr liður samþ. með 13 : 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Einar Jónsson,
Bj. Bjarnarson, Dal.	Bj. Bjarnars., Bf.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
H. Þorsteinsson,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jósaf. Jónatansson,	Skúli Thoroddsen,
Lárus Bjarnason,	Tr. Gunnarsson.,
Magnús Torfason,	Valtýr Guðmundss.,
St. Stefánsson, Eyf.,	
St. Stefánss. Skgt.,	
Þórður Guðmundss.	
Þórður Thoroddsen.	

Brt. 392 við 14. gr. A 3. feld m. 11:5

Breyttill. 405 við 14. gr. A 4. feld með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk þessara þm. Hannesar Þorsteinssonar, Björns Bjarnarsonar Bf., Stefáns Stefánssonar Eyf., Björns Bjarnarsonar Dal., Þórðar Guðmundssonar og Lárusar H. Bjarnarsonar, og sögðu

já:	*nei:*
B. Bjarnarson, Dal.,	Einar Jónsson,
Magnús Torfason,	Guðl. Guðmundsson,
Olafur Briem,	Björn Bjarnars., Bf.,
Pétur Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
St. Stefánsson, Skgf.,	Hannes Þorsteinss.,
Tr. Gunnarsson,	Hermann Jónasson,
Valtýr Guðmundss.	Jóh. Jóhannesson,
	Jósafat Jónatanss.,
	Lárus H. Bjarnason,
	Sigurður Sigurðsson,
	St. Stefánsson, Eyf.,
	Þórður Guðmundss.,
	Þ. J. Thoroddsen.

Breyttill. 396 við 14. gr. A. 7. b. feld með 11 : 5 atkv.

Breyttill. 409 við 14. gr. A 8. feld með 12 : 5 atkv.

Breyttill. 387 við 14. gr. A 20. samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
B. Bjarnarson, Bf.,	Einar Jónsson,
B Bjarnarson, Dal.,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss..	Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatanss.,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Torfason,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	S. Stefánss., Skgf,
Sigurður Sigurðss.,	Valtýr Guðmundss.
S Stefánsson, Eyf.,	Þórður Thoroddsen.
Þórður Guðmundss.	

Tr. Gunnarsson greiddi ekki atkvæði, talinn með meiri hluta.

Breyttill. 403 við 14. gr. A 24 feld með 13 : 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson	Björn Bjarnars.Dal.
Guðl. Guðmundsson,	Hermann Jónasson,
Bj. Bjarnason, Bf.	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jósafat Jónatanss.,
Hannes Hafstein,	Magnús Torfason,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem

já:	*nei*:
Lárus Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Tr. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Þórður Thoroddson,	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánss. Eyf.
	Stef. Stefánss., Skf.
	Valtýr Guðmundss.
	Þórður Guðmundss.,

Breyttill. 393 við 14. gr. B 1. b. sþ. með 14 atkv.

Breyttill. 396 við 14. gr. B 1. b. þar með fallin.

Breyttill. 376 við 14. gr. B 1. f. sþ. með 16 atkv.

Breyttill. 393 við 14. gr. B 1. g. feld með 14 : 7 atkv.

Breyttill. 396 við 14. gr.. B 1. i. sþ. með 13 atkv.

Breyttill. 409 við 14. gr. B 1. i. feld með 14 : 6 atkv.

Breyttill. 404 við 14. gr. B 2. samþ. með 12 atkv.

Breyttill. 388,1 við 19. gr. feld með 12 : 8 atkv.

Breyttill. 388,2 við 19. gr. þar með fallin.

Breyttill. 385,1 við 19. gr. feld með 15 : 4 atkv.

Breyttill. 385.2 við 19. gr. samþ. með 16 atkv.

Breyttill. 395 við 19. gr. samþ. með 14 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson., Dal.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Torfason,
Hermann Jónasson,	Sigurður Sigurðss.,
Jósafat Jónatanss.,	Þórður Guðmundss,
Lárus Bjarnason,	Þórður Thoroddsen.
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stefánss., Eyf.,	
St. Stefánss., Skgf.,	
já:	
Tr. Gunnarsson,	
Valtýr Guðmundss.	

B. Bjarnarson þm. Bf. greiddi ekki atkv. og var talinn með m. hl.

Breyttill. 396 við 19. gr. feld með 11 : 8 atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykt í einu hljóði og *afgreitt til Ed.*

Ein umr., 23. ágúst (C bls. 753, brt bls. 780, 782, 793, 794).

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Það er svo stutt síðan fjárlögin komu frá h. Ed., að lítill tími hefir verið til, að glöggva sig á þeim. Nefndin hefir haldið fund, en ekki getað glöggvað sig á öllum brtt., sem fram hafa komið, og hefir því lítið að segja um aðrar en þær, sem eru hennar eigin, að svo miklu leyti, sem brtt. eru ekki þær sömu, sem komið hafa fram áður.

Eg skal þá fyrst minnast á brtt. við 12. gr. A 2. Við 2. umr. fjárlaganna hér í deildinni kom fram till. um, að hækka fjárveitinguna til póstflutninga um 1000 kr. um árið og veita þessa upphæð til »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar milli Íslands og útlanda. H. Ed. hefir felt athugasemdina um þetta burtu, en það er óheppilegt, því með því móti er ó mögulegt að sjá, til hvers fjárveitingin er ætluð. Hins vegar lýsti hæstv. ldsh. því yfir við 2. umr., að hann gæti ekki komið á samningum um þetta, nema eitthvað lægi fyrir frá þinginu, sem heimilaði stjórninni slíkan samning. Nefndinni fanst því nauðsynlegt, að koma þessari athugasemd inn aftur, og er hún orðuð hér um bil eins og áður.

Við 12. gr. B 1. er ný brtt., sem fer fram á, að verkfræðing landsins skuli undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagjörðum

landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna. Þetta er ekki svo lítil breyting. Það sem hér er farið fram á, kom fram í fjárlaganefndinni, þegar hún fyrst fór að eiga við þetta atriði, en nefndin gat þá ekki orðað þetta eins og henni líkaði, og þurfti líka að kynna sér betur ýms atriði, sem að þessu lutu. Nú þykist nefndin vera búin að því, og kemur því fram með breyttill. Það sem vakir fyrir nefndinni er þetta, að það hljóti að vera haganlegra að vegagjörðir landsins séu framkvæmdar af manni, sem hefir sérþekkingu í þessum efnum, en það getur maður ekki búist við að landshöfðinginn hafi, þar sem hann er valinn með alt annað fyrir augum. Það hefir stundum orðið tilfinnanlegt, að þeir, sem við vegagerðina hafa fengist, hafa ekki verið skipaðir af verkfræðingi. Það virðist því hentugra, að hafa til þessa mann með sérþekkingu, sem ber ábyrgðina, auðvitað undir yfirumsjón landshöfðingja. Þar sem sú skoðun hefir komið fram áður, að þetta fyrirkomulag væri heppilegt, þá ímynda eg mér, að margir verði með þessari breyttill.

Þá er breyttill. við 13. gr. A 5. Í fjárlaganefndarfrumv. Nd. voru 2800 kr. veittar, undir 13. gr. A 2, til nafngreindra prestakalla sem bráðabirgðauppbót. Ed. hefir felt burt nafngreiningu prestakallanna og sett í staðinn það ákvæði, að landsh. úthluti styrknum eftir tillögum biskups. En jafnframt hefir því verið lýst yfir í Ed., að yfirvöldin teldu sig bundin við tillögur þingsins, að því er snertir þessi prestaköll. Þetta hefir nefndin látið sér lynda, nema að því er snertir Reynistaðarprestakall. Eins og hæstv. landsh. benti á, er það óviðkunnanlegt, að kalla Reynistað fátækt brauð, þar sem goldið er af því 300 kr. í landssjóð, og þar sem í þessu prestakalli liggur kauptún, getur verið að það þurfi ekki uppbót til lengdar, og þess vegna leggur nefndin til, að bráðabirgða-uppbótin til Reynistaðarprestakalls sé sett í sérstakan lið, eins og gjört er með Kvíabekkjar og Meðallandsþinga prestaköll.

Þá hefir nefndin farið fram á að við 13. gr. B IV. b 5 bætist svolátandi athugasemd: »Amtmanninum í Norðuramtinu skal falin á hendur umsjón með skólanum«. Það stendur svo á þessari athugasemd, að á síðasta þingi var það tekið fram, að þingið óskaði þess, að amtmanni yrði falin umsjón með skólanum og lofaði landshöfðingi því, en það hefir ekki verið gert, og því þykir nefndinni rétt, að setja inn þessa athugasemd, og skal eg geta þess, að fjárlaganefnd Ed. er okkur alveg samþykk í þessu.

Þá er breyttill. við 13. gr. B VI. b 4, um að styrkurinn til Jóns Þórarinssonar falli burt. Þessi fjárveiting hefir verið feld hér áður í deildinni, og ræður meiri hluti nefndarinnar til að fella hana aftur. Aftur er minni hlutinn, þar á meðal eg sjálfur, styrknum meðmæltur. Breyttill. við 13. gr. B VI. m fer fram á, að fella burt styrkinn til unglingaskóla í Dalasýslu. Ástæðan er sú, að þó maður verði að játa, að heppilegt sé að unglingaskólar kæmust á fót hér á landi, þá er þó varhugavert, að veita fé til nýrrar tegundar skóla, einmitt þegar þingið er að gera ráðstafanir til að útvega sér »plan« fyrir skólamentun hér á landi. Það gæti svo farið, að þessi skóli kæmi ekki vel heim við það plan, og virðist því betra að bíða til 1903, því þá má búast við að þetta mál verði tekið fyrir af þinginu, og er þá betra að hafa ekki bundið hendur sínar með nýrri tegund skóla. Eg veit heldur ekki fyllilega, hvernig þessum skóla er varið. Það hefir heyrst, að skólahúsið væri

Goodtemplarahús í Búðardal, og kann það að vera gott, en um kenslukraftana veit nefndin ekki heldur; og þegar þetta er athugað í sambandi við hitt, virðist varhugavert, að veita fé til þess.

Þá er breyttill. við 13. gr. B VIII. Háttv. Ed. hefir lækkað styrkinn til Stefáns Eirikssonar. Nefndin var því meðmælt, að hin upprunalega upphæð væri veitt þessum efnilega manni, sem hefir sýnt, að styrkurinn til hans hefir komið að gagni, en nefndin vill sveigja það til við Ed., að styrkurinn sé að eins hækkaður aftur um 200 kr. síðara árið. Ed. hefir felt styrkinn til Þorsteins Erlingssonar, en nefndin sett hann inn aftur. Allir verða að játa, að hér er um hæfileikamann og skáld gott að ræða, sem er bókmentum okkar til sóma. Og þar sem ástandið er, eins og kunnugt er, svo hér á landi, að slíkir menn geta ekki lifað af list sinni, þá virðist eðlilegt, að veita hon um styrk af opinberu fé, svo að hann geti notið sín. Auk þess er þessi maður heilsulítill og á því erfiðara uppdráttar. Þessi fjárveiting mætti engri mótspyrnu, þegar hún var hér til umræðu síðast, og var samþykt með miklum atkvæðafjölda. Við 14. gr. A. 19 hefir nefndin sett inn skilyrðið, að styrkþegi haldi sagnfræðislega fyrirlestra í Rvík, en það hafði Ed. felt burt, en sett annað í staðinn, sem nefndin vill líka halda.

Þá hefir Ed. felt styrkinn til Sighv. Grímssonar, 200 kr., til þess að semja prestaæfir. Nefndinni sýnist hér vera um svo litla upphæð að ræða, en maðurinn hefir á hinn bóginn sýnt svo mikla elju og ástundun, að hún álítur sjálfsagt að veita honum féð, enda hefir hann tjáð nefndinni, að hann ætlaði að nota það til þess að fara til Rvíkur og kynna sér skjalasöfnin. Það væri hart að neita manninum um þetta, þar sem hann hefir gert það að æfistarfi sínu og hefir þar að auki beztu meðmæli þeirra manna, sem hafa kynt sér handrit hans. Nefndin stingur upp á, að liðurinn 14. gr. A 22 flytjist til 13. gr. B VI, því 14. gr. ræðir um bókmentir og vísindi og listir og verkleg fyrirtæki, og leikfimis- og skotfélög geta þó naumast talist þar undir. Þá hefir Ed. fært niður styrkinn til myndhöggvara Einars Jónssonar, með því að nema burt 1000 seinna árið, en vér nú lagt til að hækka hann aftur að sama skapi. Háttv. Ed. hefir eflaust orðið sama á og fjárlagan. hér í deildinni í fyrstu, nefnilega að fara eftir umsókninni, en það upplýstist seinna, að annar maður í fjarveru Einars hafði skrifað umsóknina fyrir hann, og því varð hún öðruvísi en hann hafði ætlast til. Eg vona þess vegna, að þetta verði ekki að ágreiningsatriði við háttv. Ed. Þá hefir nefndin lagt til, að liðurinn í 14. gr. A 25 falli burt; það er styrkurinn til Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun og semja kenslubækur í þeirri grein. Hann hefir verið feldur tvisvar áður og mætti heita undarlegt, ef hann yrði samþyktur nú. Nefndin þekkir ekki nein skilríki fyrir því, að nokkur trygging sé til um, að hann sé fær um að kenna, eða semja kenslubækur í hraðritun. Og hver á að dæma um, að hann sé fær til þessa? Þegar honum var veittur styrkurinn á síðasta þingi, var það sjálfsagt meining flestra, að hann færi til útlanda og fengi þar próf í þessu, og það gat álitist næg trygging; en nú hefir hann ekki gert þetta, og þess vegna vantar nú alla tryggingu, því mér vitanlega er hann sá eini maður hér á landi, sem hefir lagt sig eftir hraðritun, og hver getur

svo annar en hann sjálfur dæmt um, hve fær hann sé, en sá dómur getur þó naumast álitist næg trygging. — Þess vegna hefir nefndin lagt til, að liður þessi falli burt.

Auk þess skal eg geta þess, að það hefir ekki bætt fyrir þessari styrkbeiðni, að notuð hefir verið heldur óviðkunnanleg aðferð, þar sem býtt hefir verið út skjali meðal þingmanna með heldur svæsinni áskorun um, að samþykkja styrkinn.

Þá er 14. gr. B. 1. c. — Efri deild hefir þar lækkað styrkinn til búnaðarfélags Íslands, þó hún aftur á móti hafi hækkað styrkinn til skógræktartilrauna og annars, en nefndinni finst, þegar veitt er svo ríflega til ýmsra annara fyrirtækja, þá sé ekki ástæða til, að klípa af styrknum til allsherjar-búnaðarfélags landsins. — Félag þetta hefir, eins og kunnugt er, margt með höndum, þó það hafi ekki getað framkvæmt mikið enn af því, það er svo margt; en það væri ilt, að skera fjárveitinguna til þess svo við neglur sér, að það hamlaði því, að fá tækifæri til þess, að sýna sig í framkvæmdinni.

Þá hefir nefndin lagt til, að lækka aftur styrkinn til skógræktartilrauna um þær 1000 kr. síðara árið, sem h. efri deild hefir hækkað hann um. — Fyrst ákvað nefndin hann 6000—4000 kr., en svo var hann hækkaður samkvæmt tillögu hæstv. landsh. upp í 6000—5000 kr., en nú hefir hann enn verið hækkaður í háttv. efri deild upp í 6000—6000 kr., en svo langt getur nú nefndin ómögulega farið, og vill því færa hann í samt lag.

Þá hefir efri deild samþykt, að hækka launaviðbótina til dýralæknisins um 200 kr. hvort árið, en það var felt hér í deildinni, enda þykir nefndinni þetta nokkuð mikil góðsemi og sér ekki, hvar það á að lenda; ef á að halda svona áfram þing fram af þingi — hvar endar það? Það er skrítið, að naumast svoleiðis inn í embætti, og segja svo að vörmu spori: eg verð nú að fá launaviðbót, og það á hverju þingi; maðurinn hefði þá miklu fremur ekki átt að sækja; hann vissi, hverju hann gekk að. — Og svo dregur þessi aðferð dilk á eftir sér; séu laun þessa eins manns aukin, þá koma dýralæknar að norðan, austan og vestan, sem vilja hafa jafn-há laun. — Nefndin vill því færa þenna lið í sama horf.

Þá hefir h. Ed. enn hækkað styrkinn til Rögnvalds Ólafssonar um 100 krónur hvort árið, en nefndin vill halda við 600 kr., og verður að álíta, að hann eins og aðrir námsmenn, sem styrktir eru, geti komist af með þessu, og megi enda vera ánægður með það, þar sem öðrum manni, sem þó var byrjaður á því sama og hafði góð meðmæli, var synjað.

Við 19. grein hefir nefndin gert þá breytingartill., að fyrsta athugasemdin, sem sett hefir verið inn í h. efri deild og ræðir um lán handa kirkjum og prestaköllum, falli burt. — Nefndinni sýndist nóg komið af þessum lánsathugasemdum, og þessi þar að auki óþörf, þar sem landsstjórninni er heimilt, að veita þessi lán, þó þau standi eigi í fjárlögunum, en á hinn bóginn þykir henni innheimta þessara lána — þar sem oft hefir þurft að beita lögsókn — hafa gengið svo tregt, að fremur sé ástæða til, að halda aftur af stjórninni, heldur en að ýta undir hana með að veita lánin.

Þá er loks síðasta athugasemdin óþörf, því sé fé eigi fyrir hendi, verða lánin ekki veitt. — Athugasemdin gerir að vísu mjög lítið til, en nefndin vill þó leggja til, að fella hana burt.

Þá er hér heill bunki af breyt.till. frá einstökum þingmönnum. — Eg ætla nú að sleppa að minnast á þær breytingar h. efri deildar, sem nefndin hefir fallist á, til þess að tefja ekki tímann, en af því tillögur frá hinum einstöku h. þingmönnum hafa komið svo seint, að nefndin hefir ekki getað kynt sér þær né raðað þeim niður, þá verð eg, þar sem ekki er annars kostur, að taka þær eftir númerum.

Þá er fyrst breyt.till. á þingskj. 315 um, að hækka styrkinn til gufubátsferða á Ísafirði um þær 500 krónur, sem h. efri deild hefir lækkað hann. — Nefndin vill nú ekki gera þetta að kappsmáli milli deildanna, en vill láta sér það lynda eins og orðið er. — Þá er breyt.till. á sama þingskj. viðvíkjandi vitanum á Arnarnesi um, að í stað þess, að hlutaðeigandi sýslufélag »annist um hann« komi: »annist byggingu hans«. — Þetta er nú töluverð efnisbreyting; en svo framarlega, sem ekki er meint með henni, að landssjóð ur eigi að annast hann, heldur aðrir sjóðir, eins og til dæmis kaupstaðar sjóðurinn (*Hannes Hafstein*: Það er meiningin), þá getur nefndin ekki verið því mótfallin.

Svo er tillagan á þingskj. 616 um, að veita 7500 kr. til brúargerðar yfir Sogið hjá Alviðru, og er nefndin að sjálfsögðu á móti henni, eins og áður. — Þá er nefndin á sama máli um það, að liðurinn í 13. gr. B. VI, b, 4. falli burt.

Að því er snertir styrkinn til leikfimis- og skotfélags Eskifjarðar, þá hefir nefndin enga tillögu gert um það og eg læt því ósagt um hann. — Þá er gamla ágreinings-atriðið á þskj. 624 um Blönduósskólann, og þykir nefndinni það efamál, hvort rétt sé af þinginu, að slá því föstu, að hann sé sameign þeirra Húnvetninga og Skagfirðinga, þar sem komið hafa fram raddir um það hér í þinginu, að Skagfirðingar vilji ekkert hafa með hann að sýsla; en að því er styrkinn snertir, er nefndin á sama máli og áður; hann var samþyktur hér í neðri deild, en feldur í efri deild; en nefndin vill þó ekki gera þetta að neinu kappsmáli. — Á þskj. 619 er farið fram á, að fella burt styrkinn til Halldórs Briem. — Eg þori ekki að segja um álit nefndarinnar í því efni, en mér er þó óhætt að fullyrða, að sumir nefndarmanna vilja taka tillöguna til greina. — Eg fyrir mitt leyti veit ekki til, að hann sé neinum sérstökum skilyrðum búinn til þess, að semja alþýðlega Íslandssögu; það munu fáir menn hér á landi; því til þess, að skrifa slíka kenslubók, þá þarf víðtæka undirstöðuþekkingu. — Sumir halda, að þeir geti samið kenslubækur í hvaða grein sem er, en það er nú mikill misskilningur. Ef stór Íslandssaga og góð væri til, þá væri öðru máli að gegna, og hægt að gera útdrátt úr henni; en því er ekki að fagna; en þegar svo lítil almenn þekking er á sögu landsins, þá þykir mér eigi ráðlegt, að veita svona styrk rétt út í hött.

Á sama þingskj. er farið fram á, að taka upp aftur athugasemdina um lánin til þilskipakaupa; nefndin er að vísu fremur á móti því, en vill ekki gera það að neinu kappsmáli.

Það er á þingskj. 620 farið fram á, að veita 210 kr. til endurgjalds á 600 pundum af tóbakstolli. — Tóbakið var notað til fjárkláðalækninga, en þó var heimtað, að greiða toll af því. — Nefndinni finst rétt, að hann sé endurgreiddur jafnaðarsjóðnum, enda mun það samþykt, þar sem 12 þingmenn eru flutningsmenn að tillögunni.

Þá er eitt nýmæli á þingskj. 622. um að veita úr viðlagasjóði alt að 15 þús.

króna láni til þurrabúðarmanna. — En eg skal ekki fjölyrða um þessa tillögu, fyr en eg heyri ástæðurnar fyrir henni.

Á þingskj. 623 er farið fram á, að í stað orðanna, að sýslufélagið leggi til Skaftárbrúarinnar »það sem á vantar« komi: »1000 kr.«. — Nefndin er breytingu þessari samþykk, því það var upphaflega tilætlað þannig; það var áætlað, að brúin kostaði 8 þús. krónur, og af því skyldi sýslufélagið greiða 1 þús. kr.; yrði kostnaðurinn meiri, þá yrði að grípa til auka-fjárveitingar, eins og vant er. — En þar sem verkið er ekki stærra, þá má búast við, að áætlunin sé rétt.

Þá er á þingskjali 626 komin fram breyt.till. frá formanni fjárlaganefndarinnar um, að taka upp aftur styrkinn til refaskyttunnar. — Það er í sjálfu sér ekkert á móti því, en þó vill nefndin ekki gera það að neinu kappsmáli við efri deild.

Svo er komin fram breyt.till. á þskj. 629 við 14. gr. B. 4 um, að styrkurinn til að fá aðstoð fjárkláðafróðs manns sé aftur hækkaður upp í 6000 krónur. — Efri deild setti hann niður í 4000. Það er ekki gott að segja um, hvor upphæðin sé hæfilegri, og má nefndinni því nokkurn veginn á sama standa. — Nægi ekki þessar 4 þúsund krónur, þá kemur til auka-fjárveitingar; nú, en þo 6 þús. kr. væru veittar, þá yrði ekki brúkað meira en nauðsynlegt væri. — Þess vegna hefði verið heppilegast, að orða breyt.till. »allt að« 6000 krónur, en það liggur nú ekki hér fyrir. — Náttúrlega getur nefndin ekkert haft á móti því, að liðnum sé breytt í hið upphaflega horf.

Þá er breyt.till. á þingskj. 630 um 15000 kr. til að fullgera brúna á Lagarfljóti. — Það lá fyrir nefndinni skjal hér að lútandi. — Verkfræðingur landsins, Sig. Thoroddsen, hafði sent landsh. bréf, sem var afhent nefndinni, þar sem í var áætlun um kostnaðinn á viðgerðinni á brúnni. — En þar eð það ekki er ljóst, hverjum misfellur þær, er urðu nú í sumar við byggingu brúarinnar, eru að kenna, og á hvern kostnaðurinn, sem af því leiðir, fellur, hvort hann kemur til að hvíla á landssjóði eða félagi því, sem tekið hafði að sér brúarsmíðina, eða, að minsta kosti, að hve miklu leyti kostnaðurinn félli á landssjóð, og að hve miklu leyti á félagið, þá álítur nefndin það réttast, að fresta að veita nokkurt fé til þessa fyrirtækis, en vill jafnframt láta í ljósi, að hún álítur það alveg sjálfsagt, að veita verði með auka-fjárveitingu það fé, sem reynist nauðsynlegt til þess. að full-gera brúna, þegar búið er að fá upplýsingar um, á hverjum ábyrgðin fyrir þetta óhapp hvílir, hvort það er á þessu félagi eða landssjóði. — Því það er sjálfsagt, að ef afbrigði þau, sem verkfræðingur Bart gerði á hinum upprunalegu teikningum, og sem ráðaneytið íslenzka eða ráðgjafinn samþykti, þá fellur ábyrgðin á ráðgjafann, og þar af leiðandi á landssjóð.

Breyt.till. á þingskjali 631 er við 14. gr. A. um, að nýr liður bætist inn í á eftir 21. lið þess efnis, að 250 kr. sé varið fyrra árið til að gefa út handbók fyrir hreppstjóra. — Um þennan lið skal eg ekkert segja fyr en eg hefi heyrt ástæðurnar fyrir breyt till.

Breyt.till. á þingskj. 632 er við 14. gr. A. 14., skáldastyrkurinn til síra Valdimars Briems, og fer í þá átt, að í staðinn fyrir 800 króna styrk hvort árið, þá sé síra Valdimar Briem veittar sem viðurkenning 1000 kr. fyrra árið, en til vara, að liðurinn falli burt. — Fjárlaganefndin verður að svo stöddu,

að halda fast við þennan lið eins og hann var samþyktur hér í deildinni, sérstaklega ef breyt.till. hennar á þskj. 617 um skáldastyrk til Þorsteins Erlingssonar verður samþyktur, en yrði hann feldur, þá gæti það komið til álita, að hallast að fyrri liðnum á breytingartill.

Hér er sem sé um tvo listamenn í sömu ment að ræða, og nefndin getur ekki vel lagt það til, að veita öðrum skáldastyrk, en fella aftur hinn. — Aftur á móti þyrfti ekkert að vera á móti því, ef styrkurinn til Þorsteins Erlingssonar yrði feldur, að veita síra Valdimar Briem 1000 kr. sem viðurkenningu, því slík viðurkenning hefir áður verið veitt Þorsteini Erlingssyni, og að því leyti væri ekki gert neitt upp á milli þeirra með því; en nefndin verður þó, sem sagt, að leggja það til, að styrkurinn til þeirra beggja sé samþyktur.

Landshöfðingi: Það sér ekki á að tíminn hafi verið mjög naumur fyrir h. þingdm. til að átta sig á fjárlagafrv., eins og það kom frá Ed., því þótt undanfarin ár hafa liðið 2—3 dagar á milli frá því að fjárlögin voru samþykt í Ed. og þangað til þau komu til umr. hér, þá hefir þó ekki komið fram meiri skæðadrífa af br.till. en nú er fram komin. Eg ætla mér nú ekki að fara að segja álit mitt um hverja einstaka af þessum br.till., því bæði býst eg við, að það hefði ekki svo mikið að segja, enda gerist þess engin þörf, því eg þarf ekki að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Það sem eg sérstaklega vildi minnast á, er br.till. nefndarinnar við 12. gr. B. 1. um verkfræðing landsins. — Vill nefndin koma að athugasemd, sem í raun og veru er stutt en gagnorð reglugjörð fyrir umboðsstjórnina. Stjórnin hefir áður lýst því yfir, að hún áliti þinginu ekki heimilt að setja inn í fjárlögin ákvæði, sem binda hendurnar á umboðsstjórninni. Það er þingsins, að veita fé og setja skilyrði fyrir veitingunni, en meira ekki, og það hefir engan veginn rétt til að setja stjórninni neinar reglur um, hvernig hún eigi að haga störfum sínum. Séð frá þessu sjónarmiði er þessi athugasemd því strax galli; en það er annar enn tilfinnanlegri galli á þessari athugasemd, og það er fyrir þá, sem starfa að vegagjörðum eða eru eitthvað við þær riðnir. Það er vitanlegt, að landshöfðingi eða einhver fyrir hans hönd er ætíð til staðar í Reykjavík við hliðina á þeim sjóð, sem allur kostnaður við vegalagningar er borgaður út úr, jarðabókarsjóðnum, svo ef einhverju þarf að ávísa til útborgunar t. d. kaupi verkamanna eða öðrum reikningum, þá er ætíð hægt að fá því ávísað. Eins er t. d., þegar brátt ber að með einhverjar nauðsynlegar framkvæmdir, sem þarf að kveða upp úrskurði um, þá er landshöfðingi ætíð viðstaddur, þar sem verkfræðingurinn hlýtur alt af að vera burtu meiri hluta sumarsins. Það er þannig t. d. sennilegt, að ef Lagarfljótsbrúnni verður haldið áfram næsta sumar, þá verði verkfræðingurinn burtu 3 mánuði eða lengur. Það getur verið óþægilegt fyrir þá, sem vinna að vegabótum og þurfa að fá peninga sína útborgaða, að þurfa að bíða allan þennan tíma. Sömuleiðis, að allar verklegar framkvæmdir þurfa að bíða, t. d. allar vegabætur. Því meiningin með þessari athugasemd getur tæpast verið önnur en sú, að ekki megi borga út neinn reikning fyr en verkfræðingurinn hefir skrifað upp á reikninginn, að hann sé réttur, og að ekki megi fyrirskipa framkvæmdir á neinum störfum, nema eftir tillögum verkfræðingsins. Þetta fyrirkomulag getur því verið óþægilegt fyrir ýmsa menn og á ýmsan hátt, þótt það sé þægilegt

fyrir landshöfðingjann að vera laus við þessi störf, og það er ekki víst að þjóðin yfir höfuð verði svo ánægð með þetta fyrirkomulag; en það verður auðvitað á ábyrgð þingsins, ef stjórnin á annað borð lætur bjóða sér það af þinginu, að það skipi henni, hvernig hún eigi að haga sér.

Þá var það einnig síðasta br.til. nefnd. á þgskj. 617, um að síðasta athuga semdin við 19. gr. um að lán þau, sem um er rædd í 19. gr., skuli því að eins veitast, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera, falli burt. — Vitaskuld má segja, að þessi viðbót sé óþörf að því leyti, að auðvitað verður ekki lánað það fé, sem ekki er til; en sé hún ekki tekin upp í þessi fjárlög, þá má segja að mönnum sé gefin í skyn önnur meining en í raun og veru felst í 19. greininni, vegna þess, að þessi viðbótarathugasemd stendur í núgildandi fjárlögum. Framsm. fjármálanefndar (V. G.) gat það í skyn, að stjórnin gæti ekki veitt lánin nema því að eins, að nóg fé væri fyrir hendi í viðlagasjóði; en það er ekki rétt; hún getur útvegað fé. Framsm. mun nú líklega segja, að það geti stjórnin ekki á annan hátt en með því að fá fé að láni, og að það mundi stjórnin ekki gera. Það er rétt; það mundi stjórnin heldur ekki gera; en þess þarf hún heldur ekki til að útvega fé. Viðlagasjóður á í uppsegjanlegum lánum með hálfs árs uppsagnarfresti 1/2 miljón. — Þessum lánum öllum gæti stjórnin sagt upp. Annað mál er það, hvernig þeir kæmust frá því, sem lánin hvíldu á, en stjórnin gæti álitið sig skylda til þess, samkvæmt fjárlögunum, til þess að útvega fé til þessara lána, sem gefið er vilyrði um í 19. gr., ef fyrirvaranum er slept. Eg held því, að langbezt væri að láta athugasemdina standa, svo fólk viti það fyrir fram, að það getur ekki fengið þessi lán nema því að eins, að nóg fé sé fyrir hendi. Það dugar ekki ár eftir ár að búa til fjárlög með 100 til 200,000 kr. sjóðþurð, og þó ætlast til, að ætið sé til nægilegt fé til útlána.

Framsm. fjárl.nefnd. (V. G.) lýsti yfir því, að hann væri mótfallinn launahækkuninni til dýralæknisins, og fanst það vera ósæmilegt, að vera að reyna að laumast inn á fjárlögin með launabætur þing eftir þing. Við umr. um þennan lið í h. Ed. var það tekið fram, að orsökin til þess, að fjárbænir um launahækkun kæmu svo títt til þingsins, væru engum öðrum að kenna en þinginu sjálfu, sem í upphafi ákvæði launin svo lágt, að ekki væri unt að lifa sómasamlega á þeim, og þannig er einmitt ástatt með laun dýralæknisins. Þau voru upphaflega ákveðin 1200 kr.; en við það er þess að gæta, að síðan hefir margt breyzt, og nú er orðið töluvert dýrara að lifa en þegar launin voru fyrst sett. Giftur maður, í stöðu eins og dýralæknisins, getur ekki lifað sómasamlega af minna en 1800—2000 kr. Og þegar litið er til þess, hve mikinn undirbúning þarf til þess að takast það starf á hendur, tíminn, sem gengur til námsins mun eftir því, sem eg hefi heyrt, ekki vera miklum mun styttri en undirbúningstími til ýmsra annara vellaunaðra embætta hér á landi, þá er 12 til 1400 kr. hreint og beint smánarboð. — Upprunalega munu þessi laun líka hafa verið sett svona lágt með fram með til liti til þess, að menn bjuggust við, að dýralæknirinn mundu hafa töluverðar tekjur af sinni praksis, en það hefir sýnt sig hér, sem svo oft endranær, að menn vilja gjarnan nota lækninn, en helzt vera lausir við að borga honum. Eins hefir farið með dýralækninn; það hafa margir viljað njóta góðs af tilsögn hans, en hann lítið fengið í aðra hönd.

Annars skal eg geta þess viðvíkjandi

br.till. nefnd., að eg yfirleitt er mótfallin þeim, sem fara fram á hækkun, en meðmæltur hinum. Um hinar einstöku br.till. þm. gildir hið sama, en sérstaklega er eg þó mótmæltur þeim br.till., sem nú koma fyrst fram og ekki hafa legið til umræðu áður. Það er sannarlega ekki rétt, að demba inn br.till. á þennan hátt, og það ætti að vera bannað í þingsköpunum, að koma fram með br.till. við þessa einu umr. fjárl., sem ekki hefðu verið til umræðu áður.

Ólafur Briem: Það er að eins ein lítil br.till. á þgskj. 629, sem eg á, og hún er þess efnis, eins og h. framsm. fjármálanefnd. tók fram, að færa í samt lag aftur styrkinn til að fá aðstoð kláðafróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austuramtinu, upp í 6000 kr. fyrra árið, eins og í stjórnarfrumv. stóð og samþ. var í deildinni, en h. Ed. hefir fært niður í 4000 kr. Þessi liður var sþ. óbreyttur í þessari deild, sem var eðlileg afleiðing af því, að tvær fjölskipaðar nefndir höfðu eindregið mælt með honum, nefnilega bæði fjárlaganefndin og fjárkláðanefndin. Það sýnist því í fljótu bragði vera nokkuð undarlegt, að fjárlaganefnd h. Ed. skyldi fara að veitast að þessum útgjaldalið, sem í fyrsta lagi er settur inn af stjórninni, því næst mælt með af tveim nefndum og svo samþyktur með öllum þorra atkvæða í þessari deild; en þegar betur er að gætt, sést það einnig, að það stafar af athugaleysi fjárlaganefndarinnar í Ed., eins og sjá má af nefndarálitinu, þar sem nefndin gerir ráð fyrir, að 4000 kr. sé fullkomlega nægileg borgun og byggir þessa tillögu sína á því, að ekki þurfi að nota aðstoð þessa manns nema eitt ár, sem þó virðist vera nokkuð undarlegt, þar sem það er skýrt tekið fram í sjálfum liðnum, að styrkurinn eigi að vera til aðstoðar við kláðaráðstafanir á fjárhagstímabilinu, sem nær yfir 2 ár, enda er engin von til þess, eftir undanfarinni reynslu, að kláðanum verði útrýmt á einu ári. Á Norður- og Austurlandi er, eins og öllum er kunnugt, enn enginn dýralæknir, og mér vitanlega eru engar líkur til, að skipaður verði þar nokkur dýralæknir næstu tvö ár; svo af þeirri ástæðu er engin von til, að minni upphæð þurfi síðara árið en hið fyrra. H. framsm. fjármálanefnd. hér í deild (V. G.) sagði, að það gerði ekki svo mikið til, hver upphæðin væri samþykt, því það sem á vantaði, yrði þá veitt með aukafjárveitingu í næstu fjáraukalögum; en eg get ekki verið á sama máli um það, því kláðaráðstöfunum yrði auðvitað hagað eftir því, hvað mikið fé væri veitt til þeirra, og það væri óheppilegt að gera ekki alt, sem hægt væri að gera, vegna þess, að féð væri of lítið. Eg vona því, að þessu verði kipt í samt lag aftur og styrkurinn færður upp í 6000 kr., eins og hann í upphafi var.

Þá er það annað mál, sem eg með leyfi hæstv. forseta vildi leyfa mér að minnast á, þótt það ekki beinlínis heyri undir þetta mál, vegna þess, að því við frh. 1. umr. fjárlaganna þá var hreyft og fekk þá ekki fullnægjandi úrslit.

Við frh. 1. umr. kom fram fyrirspurn um, hvað liði reikningum yfir kostnaðinn við byggingu bankahússins, en fullnægjandi svar upp á þessa fyrirspurn kom þá ekki fram. Hér er um talsvert mikilsvarðandi mál að ræða, þar sem veltur á, ekki þúsundum, heldur tugum þúsunda, og þar sem þessi stofnun er háð landsstjórninni, þá stendur hún að sjálfsögðu undir eftirliti alþingis, jafnvel þótt þingið hafi ekki sömu afskifti af reikningum bankans sem reikningum landssjóðs. Það má auðvitað

segja, að reikningar bankans heyri ekki beint undir úrskurð þingsins, en hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að þingið, sem kýs bæði tvo gæzlustjóra og annan endurskoðara landsreikninganna, láti sig það miklu skifta, hvernig fé þessarar stofnunar er varið. — Einnig mætti segja, að það væri óhætt fyrir þingið, að varpa allri sinni áhyggju upp á þessa menn, en gagnvart alþýðu manna væri það naumast heppilegt, að fyrirspurninni, fyrst hún er komin fram, væri látið ósvarað, því það gæti ef til vill valdið óþarfa tortrygni. Þess vegna tók reikningslaganefndin sér fyrir hendur, að kynna sér reikninginn yfir kostnaðinn við byggingu bankahússins. Eg skal taka það fram, að reikningurinn er saminn í þessum mánuði og því ekki enn þá endurskoðaður, en eftir honum kostar bankahúsið upp komið eins og það er nú 93,520 kr. 09 aur. Þar af hafa gengið 7000 kr. til sérstaks vörugeymsluhúss og 5000 kr. fyrir lóðina, sem bankinn stendur á og honum fylgir, svo sjálft bankahúsið hefir því kostað 81,520 kr. 09 aur. Reikningnum fylgja 348 fylgiskjöl, og sum þeirra mjög umfangsmikil, og auk þess er hann bygður á vinnutöflum, sem innfærðar eru í bækur bankastjórans. Af þessu geta menn séð, að nefndin hefir hvorki haft tíma né tækifæri til að yfirfara reikninginn til hlítar, enda gengur nefndin út frá því sem vissu, að endurskoðarar reikninga landsbankans muni endurskoða þennan reikning nákvæmlega. En jafnframt gengur nefndin út frá því, að reikningslaganefndinni 1903 gefist kostur á að kynna sér reikninginn, þegar endurskoðun hans er lokið, og fái þá í hendur öll þar að lútandi skjöl og athugasemdir, svör og úrskurði. Nefndin er heldur ekki í vafa um, að þetta verði auðfengið, og þykist því ekki þurfa að beina neinni fyrirspurn sérstaklega til landshöfðingja, en lítur svo á, sem hann fallist á skoðanir nefndarinnar, ef hann ekki hreyfir neinum andmælum.

Lárus H. Bjarnason: Eg á hér brt. á þingskj. 631 um það, að veittar verði 250 kr. til þess að gefa út handbók handa hreppstjórum, og efast eg ekki um, að henni verði vel tekið, því að margir vita, hversu mikið þessir menn hafa að gera, og að reglugjörðin, sem þeir eiga að fara eftir, er orðin 20 ára gömul og þar af leiðandi úrelt í mörgu tilliti, og ilt að fara eftir henni.

Eg hefi borið undir kunnugan mann, hvað útgáfa slíkrar bókar mundi kosta, og hann áleit, að ef handbókin væri 3 - 4 arkir að stærð og gefin út í 1000 eintökum, sem mun verða nægilegt, þá yrði kostnaðurinn við prentun og pappír 100—120 kr. Þá er eftir af upphæð þeirri, sem farið er fram á að veita, 130 kr., og ættu þær að ganga til ritlauna. Sé bókin 4 arkir að stærð, verða það rúmar 30 kr. fyrir örkina, sem raunar er alt of lítið, því þetta er mikið verk og vandasamt. Því var skotið að mér í þessu augnabliki, að hægt væri að gefa þetta út í »Lögfræðingi«, en eg álít það ókleift, því þótt »Lögfræðingur« sé ágætt rit, þá er hann samt lítið lesinn. Auk þess tekur hann helzt ekki nema stuttar ritgerðir, er í of litlu broti fyrir t. a. m. eyðublöð undir skýrslur. Loks yrði stjórnin að hafa eftirlit með útgáfunni, sökum þess, að hún yrði reglugjörð fyrir starfsmenn hennar. Eg vona, að hin h. deild samþykki brt.; þessar 250 kr. eru svo lítið fé, að það munar hér um bil engu.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Mér virðist réttast, að vísa þessu hreppstjórainstrúx-máli til nefndar þeirrar, sem

skipuð verður til þess að íhuga fátækralöggjöf landsins, og verði þessi brt. samþykt, þá hefi eg hugsað mér, að gera útdrátt úr fjárlögunum um þann lið og senda nefndinni.

Hannes Þorsteinsson: Eg hefi leyft mér að koma með nokkurar brt. á þingskj. 616. Hin fyrsta er um það, að þingið veiti 7500 kr. til þess að gera brú á Sogið hjá Alviðru, gegn því, að sýslufélagið leggi til jafnmikla upphæð. Eg hefi ekki komið með þessa brt. fyr, sökum þess, að í fjárlögunum, er þau voru hér fyrir deild inni fyrst, var engin sundurliðun á vegafénu í sjálfu frumvarpinu, heldur að eins í nefndarálitinu, og það lá ekki undir atkvæði deildarinnar, svo að mér var hér um bil varnað að komast að með þessa fjárveitingu, þar sem hún átti heima; en nú er sundurliðunin komin í sjálfu frumv., og þess vegna kom eg með þessa brt. mína nú.

Eg hefði getað búist við því, að h. fjárlaganefnd mundi taka til greina umsókn mína, er eg sendi henni um miðjan júlím. ásamt með fylgiskj. sýslum. í Arnessýslu, því að margt óþarfara hefir hún tekið til greina. En fjárlaganefndin hefir af ejnhverjum ástæðum ekki fundið ástæðu til að veita fé til þessarar nauðsynlegu vegabótar, þrátt fyrir það, þótt sýslan byðist til þess, að leggja 5000 kr. til fyrirtækisins, og einn hreppur hafi boðist til að veita 2500 kr. til þessa. Þetta virðist þó vera mikilsverð samgöngubót, þar sem sýslan vill leggja svo mikil gjöld á sig til þess að fá þessa brú, og það er líka mikið í það varið, að fá brú yfir þetta mikla vatnsfall, sérstaklega fyrir efri hluta Arnessýslu. Eg get ekki sagt, að það sé nokkursstaðar vað á Soginu, því að það vað, sem á því var undan Torfastöðum í Grafningi, og »Alftavatn« nefnist, hefir lengi illfært verið og oft á sund, og mun nú orðið alófært, nema ef til vil slarkandi fyrir lausríðandi menn um hásumarið, og þó með naumindum. Það er því vaðleysa og Sogið þar afarbreitt, svo að menn eru nær klukkutíma að komast þar yfir. Athugi menn á kortinu legu Grímsnessins, þá sjá menn, að það er á þrjá vegu umgirt sundvötnum. Að vestan liggur Sogið, er kemur úr Þingvallavatni og rennur í Hvítá skamt fyrir ofan Ölfusárbrú; að austan og sunnan er Brúará og Hvítá. Eg verð því að álíta, að fjárlaganefndin hafi einhvern tíma stutt fjárveitingu, sem var ósanngjarnari en þessi.

Eg vil í þessu sambandi geta þess, að eftir vegalögunum 1899 hvílir eiginlega sú skylda á landssjóði, að láta gera flutningabraut frá Reykjavík til Geysis. Þessi flutningabraut hefir verið lögð austur á Þingvöll, en er ekki komin lengra, enda verður vegurinn milli Þingvalla og Geysis þá leiðina (efri veginn) um Laugardal naumast nokkurn tíma annað en reiðvegur eða »sports»-vegur fyrir ferðamenn. En sjálfsagt er þó að gera við Þingvallahraun og Hrafnagjá, og aðra verstu kafla á þeirri leið, svo vegurinn verði greiður. Komi nú brú á Sogið, þá ætti að leggja veg frá henni og alla leið til Geysis, upp Grímsnes og Biskupstungur, en sá vegur þyrfti ekki að vera flutningabraut, heldur góður reiðvegur eða ferðamannavegur, er þá kæmi í stað flutningabrautar frá Þingvöllum til Geysis, og græddi bæði landssjóður og héraðið við það fyrirkomulag. En auðvitað hefðu Arnesingar ekkert á móti því, að flutningabrautin til Geysis væri einmitt lögð um Sogsbrúna, því að þá yrði vegurinn austur að Ölfusárbrú einn hluti hennar. Efti

þessari braut mundi verða mikil umferð úr uppsveitum Arnessýslu. H. þm. V.-Sk. (G. G.) getur borið vitni um, að það sem eg hefi sagt um þetta mál og nauðsyn Sogsbrúarinnar er rétt, því hann er einmitt upp alinn við Sogið.

Eg vona því, að h. deild, sem hefir þrásinnis sýnt, að hún er hlynt nauðsynlegum brúargerðum, samþykki þessa viðaukatill. mína, þar hún er sanngjörn, og að brú þessi sé nauðsynleg sýnir það, að sýslubúar vilja leggja svona mikil gjöld á sig til þess, að fá þessu framgengt.

Önnur brt. á þingskj. 616 er um það, að styrkurinn til Jóns Þórarinssonar falli burt. Fjárlaganefndin hefir einnig lagt til að fella þetta burt, svo eg þarf ekki að mæla með þessari brt. sérstaklega nú. Eg mælti á móti þessari fjárveitingu, þegar fjárlögin voru hér síðast til umræðu, og eg hefi síðan ekki getað sannfærst um nauðsyn þessa styrks, sem eg tel öldungis óþarfan og miður viðkunnanlegan bitling.

Þá er brt. á sama þingskj. (616) um það, að styrkurinn til »Leikfimis- og skotfélags Eskifjarðar« falli burt. H. framsm. sagði, að sá styrkur ætti ekki heima þar sem hann stæði nú í fjárlögunum og vildi vísa honum annarstaðar til sætis, en eg er hræddur um að hann eigi þar hvergi heima, og að það ætti að vísa honum alveg burt úr fjárlögunum. Mér virðist það varhugavert og jafnvel hættulegt að komast inn á þá braut, að þingið fari að styrkja privat-skemtifélög eða »sports«-félög. Fái þetta félag styrk af landssjóði, munu fleiri privatfélög gera kröfu til þess, og ættu eins mikla heimting á því. Eg skal t. d. nefna ýms dansfélög og sérstaklega skauta- og glímufélög. Skyldi landsmönnum geðjast vel að því, ef Skautafélagið hér í Reykjavík væri t. d. sett á landssjóð? Það er auðvitað satt, sem formælandi málsins í Ed., sjálfur stofnandi »Skotfélags Eskifjarðar«, sagði, að það er gott og heilsusamlegt að styrkja og æfa líkamann. Hann var og mikið að tala um heilbrigða sál í hraustum líkama (mens sana in corpore sano) og mun hafa viljað heimfæra það upp á Skotfélag Eskifjarðar, að það styrkti bæði sál og líkama. En verkin sýna merkin. Eg fæ ekki betur séð, en að félag þetta hafi haft mjög lítil styrkjandi áhrif á hina andlegu heilsu eða sálarþrek formælanda þess og stofnanda. Hann hefir að minsta kosti farið mjög varhluta af þeim áhrifum, að því er os þingmönnum getur virzt. Mér finst það annars nokkuð djarft, að ætla sér að rétta fingurnar í landssjóð eftir fé í þessu skyni.

Eg vona því, að hin h. deild samþ. brt. um að fella þennan styrk alveg burtu, því eg er viss um, að það mælist mjög illa fyrir, ef hann verður veittur.

Þá hefi eg á sama þingskj. (616) farið fram á, að Einari Jónssyni frá Galtafelli séu veittar 1000 kr. síðara árið. Eg sé, að fjárlaganefndin hefir einnig komið með þessa sömu tillögu. Nd. hafði samþykt, að veita honum 2000 kr. fyrra árið og 1000 kr. seinna árið, samkvæmt brt. frá mér og samþingismanni mínum, en Ed. feldi burt þessar 1000 kr. síðara árið, en það mun sprottið af misskilningi. Umsóku Einars var ótullkomin sökum þess, að hann hafði ekki skrifað hana sjálfur, og þetta hefir vilt Ed., eins og það vilti fjárlaganefndina í Nd. í sumar. Mér sýnist rétt að veita þetta fé, því að hér er um mjög efnilegan mann og listamann að ræða. Hann ætlar að fara til Rómaborgar til að fullkomna sig, og þótt

þetta fé verði ekki nægilegt, þá er það þó góð viðbót við styrk, sem hann kann að fá annarstaðar, og getur haft mikla þýðingu fyrir hann.

Eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um aðrar brt., er hér liggja fyrir frá öðrum h. þm., en eg vil geta þess, að mér þykir undarlegt, að nefndin skuli fara fram á að fella burt styrkinn til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands frá síðari öldum. Þessi liður var samþyktur hér í deildinni með nafnakalli, og get eg því ekki séð, að þetta sé til annars en að fá menn til að svíkja atkv. sitt. Og þótt einhver kunni að hafa greitt atkvæði með því af vangá, þá kann eg ekki við, að nefndin sé að beita þann öngul. Hvað styrknum til Halldórs Lárussonar viðvíkur, þá get eg ekki verið með því að hann sé feldur burt. Það er nauðsynlegt að hafa hraðritara hér á þinginu, því að væru ekki aðrir skrifarar, þyrfti ekki að bíða í marga daga eftir því, að fundur væri lagður fram, og svo er það mjög mikill tímasparnaður fyrir þingmenn, að þurfa sem minst að leiðrétta ræður sínar, og getur það þannig orðið til að flýta fyrir þingstörfunum. Eg verð því að mæla með að hann fái þennan styrk, til að kenna út frá sér. Eg legg aðaláherzluna á þá kenslu, en ekki á kenslubækurnar, sem styrkbeiðandanum er ætlað að semja.

Björn Bjarnarson, þm. Dal.: Háttv. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að styrkurinn til unglingaskólans í Dalasýslu væri feldur burt, en hún hefir ekki fært neina ástæða fyrir því, aðrar en þær sem komu fram við 3. umr. fjárlaganna hér í deildinni, nefnilega, að þingið hefði veitt manni fé til þess, að kynna sér mentamál utanlands, og að það væri ekki rétt fyrir þingið að binda hendur sínar með því, að fara að styrkja nýja tegund skóla, áður en það hefði fengið ‚plan' yfir tilhögun á mentamálum landsins frá þessum manni. Eg þarf ekki að svara þessu frekara en eg hefi gjört áður, og get ekki séð, að nein ástæða sé til þess, að bíða. Því að maðurinn getur dáið, og hann getur hætt við að gefa sig við þessu málefni og þá þyrfti að bíða aftur um ótiltekinn tíma. Húsið er til og kenslukrafta er hægt að fá, ef peningar eru fyrir hendi, og hér er um nauðsynlegt mál að ræða, sem ekki má bíða. Auk þess var þessi liður samþ. hér í deildinni með nafnakalli og miklum atkvæðamun, og í Ed. var þetta samþ. með 7 : 4 atkv., sem er stór majoritet. Eg skil ekki í því, að nefndin skuli vera að koma með þessa breyt.till., sem engin líkindi eru til að verði samþ., því það er engin ástæða til þess að halda, að þeir menn, sem greiddu atkv. með því, að þessi styrkur væri veittur við 3. umr., hafi breytt skoðun sinni síðan, og fari nú að greiða atkv. á móti því, þar sem, eins og eg hefi tekið fram, engar nýjar ástæður hafa komið fram gegn máli þessu.

Hannes Hafstein: Eg ætla að eins að gera örstutta aths. við breyt.till. á þgskj. 615, sem eg hefi leyft mér að koma fram með. Hún er við 12. gr. C. 2. b. um það, að hækka styrkinn til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi úr 3000 kr. upp í 3500 kr. Þessi breyt.till. er gamall kunningi hér í deildinni, og h. Nd. samþ. að hann skyldi vera 3500 kr. eftir tillögum fjárlaganefndar og samgöngumálanefndarinnar. En háttv. Ed. hefir víst ekki verið kunnugt um þetta, og því hefir hún fært hann niður í 3000 kr. Eg vona því að deildin samþ. þessa breyt.till., sem í alla staði er sanngjörn.

Þá er önnur breyt.till. á sama þgskj. um það, að breyta skilyrðinu fyrir tillaginu til vitabyggingar á Arnarnesi,

þannig, að í stað: »gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag annist hann að öðru leyti« komi: »gegn því, að hlutaðeigandi sýslufélag annist byggingu hans að öðru leyti«. Þetta er að eins gert til þess, að vera ekki bundinn við það að greiða úr sýslusjóði kostnaðinn við að kveikja á vitanum. Því það er ekki víst að nægilegt fé verði fyrir hendi í sýslusjóði, en eg mun sjá um að þessi kostnaður verði greiddur úr einhverjum öðrum sjóði, t. d. hafnarsjóði, ef þess þarf með.

Þá skal eg leyfa mér að fara örfáum orðum um styrkinn til Jóns skólastjóra Þórarinssonar. Það hefir komið fram breyt.till. um að fella hann burt, en eg get ekki skilið, hvað menn geta haft á móti þessum styrk. Eg held að þetta tilboð sé komið fram eftir ósk landsh. og stiftsyfirvaldanna, og hér er um engan bitling að ræða, því hann hefir að eins kostnað af þessu sjálfur. Hann leggur tíma sinn í þetta fyrir alls enga borgun, en tær að eins greidd an ferðakostnað. Eg vona því að menn felli þessa breyt.till., því það er svo langt frá því, að þetta sé nokkurt gróðafyrirtæki fyrir Jón skólastjóra, að það þvert á móti er tap fyrir hann í peningalegu tilliti, og það er víst, að hann fer þessa för eingöngu sökum þess, að hann hefir áhuga á málinu

Sigurður Sigurðsson: Eg ætla að eins að tala örfá orð, til þess að sýna afstöðu mína gagnvart ýmsum liðum á frumv., eins og það liggur nú fyrir. Mér líkar margt vel í frumv. Ed, sérstaklega hvernig hún hefir skift niður fé því, sem ætlað er til vegabóta, og sérstaklega gleður það mig að sjá, að Ed. hefir veitt fé til flutningabrautar yfir Fagradal, því hvergi á landinu er að mínu áliti meiri þörf fyrir flutningabraut: né meiri líkur til að hún verði notuð.

Þá vil eg geta þess, að þótt eg ekki standi á breyt.till. á þgskj. 616 frá samþingismanni mínum, um brú á Sogið, þá er eg henni fyllilega samþ., og vil mæla með því, að hún verði samþ.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) sagði, þegar hann talaði um styrkinn til sporttélagsins á Eskifirði, að sá liður ætti hvergi heima, og er eg á sama máli og hann um það, en þetta mætti segja um marga liði í 14. gr. Þeir eru að minsta kosti sumir hverjir komnir inn í frumv. vegna vinskapar og í hrossakaupum, og eiga því að réttu lagi ekki heima í fjárlögunum. Og enn eru þar liðir, sem miða í þá átt, að undirbúa kosningarnar að vori.

Eg á hér breyt.till. á þgskj. 634, sem fer fram á að lækka hina persónulegu launaviðbót yfirhjúkrunarkonunnar í holdsveikraspítalanum. Eg man ekki betur en að fárlaganefndin í Ed. færi fram á þetta sama, og að það væri samþ. við 2. umr. í Ed. Þess vegna furðar mig á, að þetta skuli nú vera aftur komið inn í frumv. Þetta er hættuleg braut, sem þingið er komið inn á, ef það veitir þetta fé. Þegar spítalinn er bygður, eru allir sammála um, að 4—5 hundruð kr. sé nægileg laun, en '97 er beðið um að hækka þau, og síðan hefir það verið gert á hverju þingi. Eg hlustaði á umr. um þetta í Ed., og sumir gráhærðu lávarðarnir hömuðust þar til þess að mæla með þessu, og það var eins og þeir væru orðnir ungir í annað sinn. Manni datt í hug, eru menninirnir skotnir? Verði hinu sama kappi beitt í þessu máli á næsta þingi, get eg vel búist við, að laun þessa starfsmanns við spítalann verði hækkuð upp

í 12 eða 15 hundruð kr. Það er barið fyrir, að þetta megi til með að vera svo, en eg get ekki séð að svo sé, og verð því að mæla með því, að þessi breyt.till. verði samþ.

Þá vil eg minnast á breyt.till. fjárlaganefndarinnar um, að síðustu aths. við 19. gr. sé slept. Þessi breyt.till. hefir mætt öflugum mótmælum hjá lh., en mér finst vera nauðsynlegt að samþ. breyt.till., því annars getur landsstjórnin alt af sagt, að ekki sé fé fyrir hendi, og þessi lán sem leyft er í þessari 14. gr. að veita, yrðu að eins til þess að draga menn á tálar. Að endingu vil eg geta þess, að mér þykir það undarlegt, og í alla staði óviðurkvæmilegt, að koma með breyt.till. nú við þessa umr, sem hafa verið feldar bæði í Ed. og Nd., og eg vona að h. deild sýni, að hún láti ekki blindast af því ofurkappi, sem hér er beitt, og það sýnir deildin bezt með því að fella þær.

Eg skal svo ekki lengja umr. um þetta mál frekara, en greiða mun eg atkv. móti flestum þeim breyt.till., sem fara fram á hækkun, eða hafa aukin útgjöld í för með sér.

Einar Jónsson: Eg hefi komið með breyttill á þgskj. 630 um að veita 15000 kr. fyrra árið til að fullgera brúna á Lagarfljóti, eða »alt að 15000 kr.« Menn vita vel, hvernig stendur á með það mál og að verkfræðingur landsins hefir álitið, að þessa upphæð vanti til þess, að geta fengið brúna fullgerða. En samt hefi eg ekki beinlínis komið með þessa till. til þess, að hún yrði samþykt, vegna þess að eg býst við því, að brúarbyggingunni verði lokið, hvort sem féð er veitt nú í fjárlögunum eða ekki. Að eins vildi eg koma henni til umræðu, svo að það kæmi hér fram í umræðunum að minsta kosti, að þingið áliti sjálfsagt að halda byggingunni áfram og veita fé úr landssjóði eftir á eftir því sem þyrfti. Eg hefði gjarnan óskað að heyra eitthvert orð frá hæstv. landsh. um þetta mál, hvort hann áliti að þörf væri á því að taka þessa fjárveiting upp í fjárlögin nú; en þar sem hann er ekki í salnum nú, þá getur það ekki látið sig gera. Hefi eg í hyggju, svo framarlega sem hann álítur að þess sé ekki þörf, að taka hana aftur.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með brtt. viðvíkjandi lánunum til þilskipakaupa, sem þessi deild vildi láta standa með hinni gömlu upphæð, 30,000 kr., en h. Ed. hefir felt alveg burtu.

Það, sem mest hefir verið haft móti þessum þilskipalánum, er það, að útvegurinn dragi vinnukraftinn of mikið til sín, og önnur ástæðan sú, að lánin gangi til hinna efnuðustu manna, helzt kaupmanna. Viðvíkjandi fyrri ástæðunni vil eg geta þess, að það er fullkominn misskilningur, að ætla að vinnukrafturinn dragist að sjónum meir en verið hefir; og vil eg benda á það, hve mikill mannfjöldi hér í flóanum hefir stundað sjó fyrir 30 árum, á móts við það, sem nú er. Landshagsskýrslurnar sýna það, að því er snertir tölu skipanna við Faxaflóa, að þá voru hér að eins 10 þilskip, en bátar miklu fleiri en nú eru. — Eg hefi talið svo til, eftir því sem ráðið er á skip venjulega, að árið 1871 hafi verið samtals á þilskipum og opnum bátum í Kjósar- og Gullbringusýslu og Reykjavík 4400 manna. En 1898, eða c. 30 árum síðar, er opnu bátunum fækkað mjög, en þilskipunum fjölgað um 40. Það ár hafa eftir sama útreikningi alls 2134 menn getað fengið skiprúm, eða meir en helmingi minna en 1871. Þetta held eg sé nægilegt til að sýna fram á, að vinnukrafturinn dregst ekki frá

landinu til sjávarins. En svo vil eg geta þess til enn frekari skýringar, að 1871 gátu menn fengið skipsrúm fyrir 15,751 mann á landinu öllu, en 1898 gátu menn ekki fengið fleiri skipsrúm en fyrir 9,809 menn; mismunurinn var því 5942. Það er því sýnilegt, að það eru miklu færri menn, sem stunda nú sjó, heldur en 1871; en þrátt fyrir það er þó aflað og útflutt miklu meira nú en þá. Árið 1871 voru flutt út rúm 23,000 skpd. af saltfiski, 1647 skpd. af harðfiski og 1611 tunnur af lýsi. En nú, þegar svo miklu færri menn eru við fiskiveiðar, er flutt út miklu meira af lýsi, dálítið minna af harðfiski, en meir en helmingi meira af saltfiski, sem sé full 57,000 skpd. Það sýnir að þessir fáu menn geta aflað langtum meira en hinir mörgu 1871. Það verður að gæta að því, að það var fjöldinn allur af sveitamönnum, sem stundaði sjó á haustin og vorin, voru þar af leiðandi alveg frá landvinnu þann tímann, svo eg er viss um að það er miklu minna nú við sjó af sveitamönnum en áður. Árið 1898 voru að eins 700 menn við þilskipaútveg á Faxaflóa og sú tala er áreiðanleg; og má nærri geta, að af þeim 700 mönnum voru fæstir eiginlegir sveitamenn eða teknir frá landvinnu. Þegar þilskipin nota sveitamenn á sumrin, þá kemur það til af því, að sveitamenn sækjast eftir skiprúminu, en ekki af mannaskorti við sjóinn. Stundum sér sveitabóndinn möguleika til að fá mann til heyskaparins fyrir minna kaup en hann getur látið vinnumanninn innvinna sér á fiskiskipum. Bóndinn getur oft haft meira upp úr manninum með því, að senda hann að heiman, og þá helzt með því að senda hann til sjávar. Fyrir hinn agnúann er girt í brtt. með því, að láta bændur hafa forgangsrétt að þessum lánum.

Eg vildi að eins taka þetta fram, af því eg hefi fundið það, að menn hér í deildinni misskilja svo mjög það ástand, sem nú er, móti því sem áður var. Það eru miklu færri menn, sem geta stundað sjó nú, heldur en 1871; og það sem sérstaklega mælir með því, að þessi lán til þilskipakaupa fái að halda áfram, er það, að nú sem stendur er orðið ómögulegt, að fá skip með góðum kjörum. En svo er þessi ótti fyrir því, að þilskipaútvegurinn borgi sig betur en landbúnaðurinn. En eg sé ekki betur en að það, að vilja bægja sjávarútveginum frá að komast upp, af því hann getur meiri arð en landbúnaðurinn, sé alveg sama hagfræðin, að því er snertir landbúskapinn í heild sinni, eins og ef bóndi á góðri kúajörð færi að líta hornauga til kúnna sinna, af því þær gæfu af sér meira en kindurnar, og færi þar af leiðandi að draga af þeim fóðrið, til þess að vera viss um, að þær borguðu sig ekki betur en kindurnar. Eg fæ því ekki séð, að það sé neitt vit í því, að leitast við að hefta sjávarútveginn frá að blómgast, þegar það er vitanlegt, að hann borgar sig betur en landbúnaðurinn. Sá atvinnuvegur landsins, sem betur borgar sig, hlýtur sannarlega að verða stoð hins, sem minni arð gefur.

Svo voru það nokkur orð, sem h. þm. Skgf. (Ó. Br.) sagði og snertu mig, út af fyrirspurn minni við 1. umr. fjárlaganna viðvíkjandi bankabyggingarmálinu, og vil eg minnast á það fám orðum. Háttv. reikningslaganefnd hefir fundið ástæðu til að athuga þetta mál og h. framsögumaður hennar gat þess, að nefndin hafi sérstaklega athugað bankabyggingarreikningana. Það gleður mig, að hún hefir gert þetta, og eg gat búist við því að ræða h. framsm. yrði þannig, að spurningum mínum yrði svarað, en það varð því miður ekki; því að eina svarið, sem hann gaf, var

að reikningarnir væru samdir í þessum mánuði og að 348 fylgiskjöl fylgdu þeim, en hann gaf ekki neina skýringu um það, hvernig þeir væru samdir, en gaf að eins í skyn í ræðu sinni, að það mundi vera heppilegt, að reikningslaganefndin fengi að sjá þá á næsta þingi, svo athuga mætti, hvað við kynni að bætast af fylgiskjölum. Þetta þykir mér hálf-leiðinleg niðurstaða hjá reikningslaganefndinni, úr því hún fann ástæðu til að athuga þetta mál, út af því að hæstv. landsh. svaraði ekki fyrirspurn minni um það, hvort nauðsynleg fylgiskjöl væru með reikningnum, og hvort hann væri greinilega saminn og bókfærður. Það voru mínar spurningar. Eg bjóst við, að h. framsögum. svaraði spurningum mínum skýrt og greinilega. Það er ekki svo lítið um að ræða, þar sem eru 93,500 kr., og þess vegna vil eg óska þess að fá að vita, hvort reikningarnir hafa verið sæmilega bókfærðir, og hvað mörg fylgiskjöl vantar eða hvað vantar fylgiskjöl fyrir mikilli upphæð. (*Forseti*: Það er búið að upplýsa þetta). Nei, það hefir ekkert verið upplýst um það. Eg verð að krefjast þess, úr því h. reikningslaganefnd hefir tekið þetta að sér, að hún láti deildinni í té upplýsingar um það.

Hermann Jónasson: H. framsögum. fjárlaganefndarinnar mintist á brtt. á þskj. 618, og gat þess, að nafnið á kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga væri ekki rétt. Eg get eiginlega ekki skilið þetta. Eg gat þess við 2. umr. þessa máls og eg verð enn að taka það fram, að þetta nafn, sem hér er sett á brtt., er rétt og það er heimildarlaust að hafa annað nafn. Eg tók það þá fram, að þegar skólinn var stofnaður fyrir Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, þá var það sameiginlegur skóli fyrir báðar sýslurnar, og sjóður hans hefir alt af verið sameiginlegur. Nú er sjóður þessa skóla orðinn um 10,000 kr., og það er eign beggja sýslnanna, því að stofnskrá skólans er þannig gjörð, að það er ekki hægt að verja þessu fé öðruvísi en til sameiginlegs kvennaskóla fyrir báðar sýslurnar. Meðan því að sakir standa eins og nú, að eignin er sameiginleg, þá get eg ekki séð annað en það sé algjörlega rétt, að nefna skólann sameiginlegan fyrir báðar sýslu.

Þá talaði h. framsm. einnig um stríðsspursmál, sem hefði verið hér í þessari h. deild. Eg get ekki skilið það, eða eg hefi ekki orðið þess neitt verulega var; enda væri það sérstaklega einkennilegt, ef mentamál alþýðunnar væri stríðsspursmál á h. alþingi Íslendinga. Það er mál, sem öllum hlýtur að brenna sárast fyrir brjósti, sú nauðsyn, sem liggur til grundvallar því, að hér þurfi eitthvað annað betra að gera heldur en gert hefir verið hingað til. Eg verð því að álíta, að það geti alls ekki átt sér stað að flokkadrættir hafi komið fram hér í h. deild, því það væri mjög óviðurkvæmilegt og einkennilegt.

Þá gat h. framsm. þess einnig, að það væru litlar líkur til, að þessi styrkur til kvennaskólans næði fram að ganga í Ed. Þessu atriði verð eg algjörlega að mótmæla. H. deild veit, að við 3. umr. í h. Ed. munaði að eins um eitt atkvæði; en þegar við lítum á það, að það er ætið fyrst, meðan fjárlögin eru til umr. í hverri deild, að þá heldur fjárlaganefndin sér sem allra lausast við þau atriði, sem kunna að valda ágreiningi og beygir sig undir meiri hlutann í nefndinu, að svo miklu leyti sem hún getur án þess að koma í bága við sína föstu og áreiðanlegu skoðun, eða brýnar þarfir síns eigin kjördæmis.

Nú verður að gæta að því, að í Ed.

hefir málið ekki komið fyrir öðru vísi en með þessum atvikum. Við vitum ekki enn þá, hvernig háttv. Ed. lítur á málið frá sinni instu sannsýni og skoðun. Ef þessi háttv. deild lítur rólega á þetta mál, sem eg treysti henni fyllilega til, þá veit eg, að þar sem eins mikil sanngirni mælir með eins og hér, þá vill hún ekki vera þess valdandi, að þetta atriði komi því til leiðar, að fjárlögin þurfi að fara í sameinað þing. Eg tek fram, af því að háttv. framsm. lítur öðru vísi á málið en eg verð að líta á það, og sem eg hlýt að halda fram, að einhver verði að álíta, sem hugsar um það alvarlega, og ekki vill gera það að kappsmáli.

Eg verð að minnast á tvær aðrar breyttill., á þgskj. 616 og 623. Eg get ekki séð annað en að þegar litið er til þess, að hér er um afskekt hérað að ræða (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það er í póstleið), þá hlaupi landssjóður vel undir bagga, að veita 7000 kr. móti því, að héraðið leggi til það, sem á vantar, þótt það kynni að fara yfir 1000 kr. Þegar bænarskrá um þetta efni lá fyrir fjárlaganefndinni, var ekki farið fram á meir en 7000 kr. og færðar líkur til, að ekki þyrfti að bæta við nema 1000 kr. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þm. hefir þá ekki lesið vel), og gæti eg þá trúað, eftir því sem eg hefi séð á þessu þingi, að landssjóður fengi óþægilegan bakreikning, ef breyttill. næði fram að ganga.

Þá er till. á þgskj. 616 um 7500 kr. til brúargerðar á Soginu. Mér þykir þessi fjárupphæð allhá, og hún hefir ekki fengið byr enn þá á þinginu. Það hefir vakað fyrir mönnum, hvað mikið er búið að leggja til samgöngubóta í Arnessýslu, og fjárlaganefndin hefir litið svo á, að mest riði á að bæta höfn eða innsiglingu á Stokkseyri. En þegar aðgætt er, að þingið hefir áður ákveðið veg á þessari leið, og að þó sýslan hafi mikið fé fengið, hefir hún flestum betur lagt til úr sínum eigin sjóði, og sýslan enn leggur fram jafnt á móti landssjóðstillaginu, þá er líklegt, að eg greiði mitt atkvæði með þessari fjárveiting, en móti till. á þgskj. 623.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg á enga breyttill. og hefi fyrir engri sérstakri að mæla. Ræða háttv. framsm. (V. G.) gaf mér að eins tilefni til að segja nokkur orð. Í sumar lá fyrir þinginu beiðni frá kennara Halldóri Briem um styrk til að semja dálitla bók um sögu Islands, alþýðlega samda. Samnefndarmenn mínir í fjárlaganefnd, vildu ekki ganga inn á að féð væri veitt, en fjárlaganefnd háttv. Ed. lagði til, að þetta fé væri veitt, og var það samþ. þar. Nú er fram komin brttill. um að fella þennan lið burtu, og óvíst nema sú breyttill. verði samþ., af því að þetta atriði hefir ekki legið fyr fyrir þessari háttv. deild. Háttv. framsm. tók það fram, að þeir væru fáir, sem væru færir um að leysa þennan starfa af hendi, og er það satt, að þeir eru fáir færir um hann, svo að ekki sé út á það setjandi. Hann tók ennfremur fram, að hægra væri að semja slíka bók, ef það lægi fyrir fullkomin Íslandssaga. Eg er honum líka samdóma um þetta, en svo ekki meira. Eg skil ekki þeirra fornfræðahugsun: alt af á að vera að rannsaka sögu Íslands, og alt af er verið að safna til hennar, — en engin bók er enn þá til sem vér getum rétt börnunum okkar um sögu landsins okkar. Hvað lengi eigum við að bíða, þangað til fornfræðin er búin að lúka sér hér af? Í hvaða vísindagrein er farið þannig að? Láta menn sér ekki um allan heim nægja fræðibækur í öllum vísindagreinum á því stigi, sem þær standa?

Er nokkursstaðar verið að bíða og bíða, þangað til einhver vísindagrein er búin að ná einhverju vissu, ákveðnu stigi eða takmarki? Eg sé ekki annað en að slíkar mótbárur séu fullkomlega órökstuddar. Þessi maður hefir frá því fyrsta lagt stund á þessa grein, og er vel að sér í henni, og sérstakleg á að seinni árum hefir hann lagt stund á, kynna sér heimildarritin, sem snerta þessi fræði. Hann er ekki prófaður sérfræðingur, en hefir verið kennari í sögu alt að 20 árum, og það mælir mikið með honum sem hæfum til þess að semja bók í þessari grein. Eg vona að deildin sé mér sammála um, að rétt sé að veita þennan styrk þessum eina manni, sem sækir um styrk til að semja sögu þjóðarinnar okkar, sækir um að mega bæta úr tilfinnanlegum skorti og fá til þess dálítinn fjárstyrk.

Svo þarf eg að minnast dálitið á aðra bók, sem farið er fram á styrk til: handbók fyrir hreppstjóra. Eg á lít þetta mjög nauðsynlega bók; því að hreppstjórar eru ólögfróðir menn, og þurfa einmitt á skýru yfirliti yfir verkahring sinn að halda, og eg fyrir mitt leyti, þó eg eg sé ekki hreppstjóri, þá væri eg þakklátur þeim manni, sem semdi slíka bók. En eg sé ekki, að það þurfi sérstaka fjárveiting til þessa; eg sé ekki betur en að það sé alt eins gott að slíkur leiðarvísir kæmi í Lögfræðing, og mætti svo selja hana í sérprentun, eins og ritgerð Klemens Jónssonar sýslumanns um hreppsnefndastörf og oddvita. Eg veit, að flutningsmenn tillögunnar eru ekki að fara fram á fé til þess að stinga því í sinn vasa sem gróða, heldur að eins sem stuðning til þess að koma ritinu út, en fyrir starfa sinn fengju þeir þá ekki neitt; ef þeir aftur á móti skrifuðu hann í Lögfræðing, mundu þeir fá ritlaun, og þyrftu þá vitanlega engan kostnað að hafa af útgáfunni.

Háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.) mælti mikið á móti styrkveitingunni til leikfimisfélagsins á Eskifirði. Eg held að þetta sé í fyrsta eða öðru sinni, sem sótt hefir verið um styrk til að kenna leikfimi hér á landi utan Reykjavíkur. Kensla þessi hefir nú staðið í 5 ár, verið vel sótt, af um 20 lærisveinum á ári, og verið stunduð með mjög miklum áhuga. Eg hefi þekt einn af lærisveinum þessum; hann var um tíma við leikfimiskenslu á Akureyri, og fórst það mikið vel.

Í öðrum löndum, í Danmörk og Svíþjóð, er mikil stund lögð á þessa grein, og hún er kend ekki eingöngu í skólum, heldur og utan skóla, og sé eg ekki betur en að ef hún er nauðsynleg þar, þá sé hún það hér líka. Eg er sannfærður um það, að ef slík kensla færi víða fram hér, og væri vel rekin í skólunum, þá liti margt öðru vísi út en það nú gerir. Þá gengi margur beinni og betur en nú; 1. þm. Arn. (H. Þ.) og mér hefði t. d. ekki veitt af að réttast dálítið úr kútnum og fá á okkur fegra snið. Ef hann hefði notið leikfimiskensluna á Eskifirði, þá mundi hann hafa orðið fyrsti maður til þess að mæla með þessari styrkveiting, því að hann hefði fundið góð áhrif hennar á líkama sinn, máske sálina líka; mér dettur ekki hug að efast um slíkt. Eg vona því, að till.um að fella þessa fjárveiting verði ekki tekin til greina. Eg skal geta þess að endingu, að félagið hefir lagt í mikinn kostnað; það hefir bygt 20 álna langt leikfimishús og komið sér upp áhöldum; og að það er álit manna eystra, að það geri gagn, sést bezt á því, að sýslunefndin í Suður Múlasýslu hefir í 3 ár veitt því dálítinn styrk til þess að eignast nauðsynlegustu kensluáhöld;

kennarinn hefir ekki fengið neina borgun fyrir sitt starf, 4—5 kenslutíma á viku, og oft meira, svo hann á allar þakkir skilið fyrir að hafa lagt það á sig.

Ennfremur vildi eg minnast á athugasemdina um verkfræðinginn. Því var hreyft í fjárlaganefndinni, að nauð synlegt væri að skipa stjórn vegamála á annan veg en hingað til hefir átt sér stað, og þá þannig, að verkfræðingnum yrði falin umsjón allra vegagerða, auðvitað undir yfirumsjón landshöfðingja. Hann ætti að leggja plön um, hvar vegi skuli gera, ráða verkstjóra og verkamenn, og hafa á hendi alla umsjón á öllum vegagerðum landssjóðs. Í rauninni má öllum virðast þetta eðlilegast og sjálfsagt. Þegar sýsla þessi var stofnuð í upphafi, var þetta einmitt tilætlun stjórnarinnar, að starfi hans skyldi vera þannig háttað. Sú tilætlun hefir ekki fengið framgang, af hvaða ástæðum veit eg ekki; verkfræðingurinn hefir verið eins konar ráðunautur landshöfðingjans og sendur til að athuga brýr og hafnir og »hinar stærri vegabætur«, en ólærðir menn annast hitt, eru einir um hituna í ráðning verkamanna, tilhögun verka og jafnvel fleira. Hæstv. landshöfðingi hélt því fram, að ekki væri hægt að koma þessu fyrir á þann hátt, sem hér er farið fram á. En eg get ekki verið á þeirri skoðun. Hvað er eðlilegra en það, að sá eini maður með tekniskri mentun, sem landsstjórnin hefir á að skipa, ráði fyrir vegagerðum landsins? Það hefir einmitt þessa dagana komið hér skjal til þingsins frá verkfræðing landsins, þar sem bent er á, hvernig þessu yrði fyrir komið, nefnilega á þann hátt, að landshöfðingi tilkynni honum, hvar vegi skuli leggja, að svo miklu leyti sem það er ekki tekið í þess árs fjárlögum, en verkfræðingur ræður verkstjóra til hvers starfs, sér um ráðning verkmanna, og gefur verkstjórunum fyrirskipanir og leiðbeiningar, sem honum þykir þurfa. Þetta getur verkfræðingurinn annast á veturnar. En á sumrin má senda hann hvert á land sem vill. Verkstjórar gefa honum sínar skýrslur að haustinu, en hann aftur landsstjórninni, eftir því sem henta þykir. Hvað útborganir verkalauna snertir, þá er auðvitað, að hún fer fram eftir reikningum ávísuðum af verkfræðingnum og verkstjórum þeim, sem hann ræður, og sé eg ekkert örðugt við það. Eg álít því réttast, að fela verkfræðingnum ábyrgðina og vandann, í þeirri trú, að bæði verkfræðingurinn og landssjóður hafi gott af því. Allir vita, að hæstv. landsh. hefir mikinn áhuga á vegamálum landsins, og því geri eg ráð fyrir, að honum fremur öllum öðrum sé kært, ef hann fær góða aðstoð í því efni. Hann er líka svo mörgum öðrum störfum hlaðinn, að það er ekki nema sanngjarnt, að létta af honum því erfiði og ábyrgð, sem þessum störfum eru samfara.

Eg vil helzt ekki fjölyrða um á greiningsatriði okkar 1. þm. Húnv. (H. J.); eg þóttist vera búinn að segja um það mál það, sem eg ætlaði mér að segja, og vona eg að það sé deildinni í fersku minni. Eg vil þó að eins geta um það, að eg fekk nýlega bréf frá einum merkasta manni í Húnavatnssýslu, þar sem hann kemst svo að orði, að Húnvetningar eða réttara meiri hluti sýslunefndarinnar séu svo gott sem að octroyera sér tillag úr landssjóði, og sé það því verra, sem meiri hluti Húnvetninga sé þessu mótfallinn. Eg vil ekki lesa upp þetta bréf, af því að eg ætla, að h. 1. þm. Húnv. (H. J.) sé það ekki kærkomið. (*Hermann Jónas-*

son: Velkomið! velkomið!). Annars vildi eg óska, að deildin sæi svo um, að fjárlögin kæmust ekki þessarar fjárveitingar vegna í sameinað þing.

Þórður Guðmundsson: Eg er ekki vanur að tefja tímann með löngum ræðum, og ætla heldur ekki að gera það nú. Eg á hér enga breyt.till., svo það nær ekki til mín, sem kastað hefir verið fram, að komið væri með svo margar breyt.till. í þeim tilgangi, að þær væru beita fyrir næstu kosningar. En satt er það, að það er mjög einkennilegt og óviðurkvæmilegt, að demba inn svo mörgum breyt.till. á síðasta augnabliki, þegar ganga skal til atkv., — sýnir það eitt meðal annars, hversu nauðsynlegt er að lengja þingtímann. Eg stóð aðallega upp út af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.), þar sem hann mælti með lánveitingu til skipakaupa. Eg er alls ekki á móti því, þó eg álíti sjávarútveginn nú sem stendur hættulegan keppinaut landbúnaðarins; við þurfum beggja með. En hvað því viðvíkur, að þilskipaútvegurinn dragi fólk ekki frá sveitunum til sjávarins, — þá er eg á annari skoðun. Nú er annar tími en 1871; þá var sjávarútvegurinn rekinn á þeim tíma, sem minst var að gera í sveitum, en nú er það þvert á móti, — nú er það einmitt sumartíminn, slátturinn, sem þilskipaútvegur er rekinn á; af því stafar öll hættan. Og mig furðar á því, að jafn-skýr maður og háttv. 1. þm. G.-K. (Þ. J. Th.). skyldi segja, að ástæða væri til þess að styrkja sjávarútveginn, af því hann borgaði sig betur en landbúnaðurinn. Eg kem því ekki inn í mitt höfuð, að réttara sé að styðja það sterkara; eg hefi alt af álitið, að meiri ástæða væri til að styrkja það veikara, og þeirri skoðun verð eg að halda fram. Á þgskj. 631 er farið fram á, að gefa út handbók fyrir hreppstjóra. Eg álít það þarft verk, og veit, að á slíkri bók er stór þörf. Störf hreppstjóra eru allmargbrotin og viðsjárverð fyrir óvana og ólöglærða sveitamenn, sem takast þennan starfa á hendur. Þeir hafa það alt í »Lögfræðingi«, segja menn. En sannleikurinn er sá, að Lögfræðingur er alls ekki alment lesin bók. Það er engu minni þörf á slíkri bók en Lagasafni fyrir alþýðu, sem nú er gefið út fyrir landsfé. Eg mun annars sýna með atkv. mínu, hvernig eg lít á allar þessar breyt.till., en full ástæða væri til að fella þær allar.

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.: Fyrir breyt.till. minni á þgskj. 632 þarf eg lítið að mæla. Háttv. framsm. (V. G.) hefir svo laglega sýnt, hvernig hana skal taka til greina, nefnilega að samþykkja aðaltill., eftir að búið er að fella næsta lið á undan í frumv., sem br.-till. liggur fyrir um. Hér er um listamenn að ræða. Vér höfum ekki ástæðu til að taka alla slíka menn inn á fjárlög sem æfimeðlimi. Hið eina, sem við getum gert til að sýna þeim sóma, er að sýna þeim, sem fram úr skara sómasamlega viðurkenningu stöku sinnum, og sú aðferð hefir þann kost, að þá má ætíð viðurkenna þá menn, er skara fram úr á hverjum tíma. En sé farið að veita þeim árlega fé í fjárlögunum, þá kemur fljótt misrétti gagnvart öðrum, því þar er mjótt mundangshófið, og sé einn tekinn, er ósanngjart að sleppa öðrum, sem líka verðleika hefir. Eg vona því, að þingið taki upp þessa reglu, að veita viðurkenningu við og við, en ekki árlega fjárstyrki til slíkra manna, og þar sem háttv. framsm. (V. G.) hefir tekið svona liðlega í málið, býst eg við, að breyt.till. mín verði samþ.

Annars vil eg geta þess um frumv., eins og það kemur frá háttv. Ed., að þó eg, eins og fleiri, sé ekki alls kost-

ar ánægður með það, álít eg þó að deildin hafi gert eina mikla bót á því, frá því sem það var, þegar það fór úr Nd., nefnilega þá, að taka upp í fjárlögin (12. gr. B.) skifting vegafjárins. Ed. hefir þannig sýnt, að hún felst ekki á þá stefnu, sem kom fram í Nd., að gjöra fjárlaganefnd þessarar deildar að nokkurs konar yfirfjárráðanda þingsins, með því að gjöra það að venju, að úthluta fénu eftir skiftingu, sem að eins stendur í nefndarálitinu, þar sem ekki er unt fyrir þingið, að greiða atkv. um liðina. Í frumv. er þó unt að greiða atkv. um þá, og tel eg þá aðferð heppilegri. Um aðrar breyt.till. fæst eg ekki, þó athugaverðar séu. Eg mun að eins sem fyrri sýna með atkv.-gr. minni, hvernig eg lít á þær, enda tel eg þingræður fremur þýðingarlitlar yfirleitt.

Jóhannes Jóhannesson: Á þgskj. 620 hefi eg leyft mér ásamt öðrum h. þm., að koma með brt. við fjárlögin, sem fer fram á, að landssjóður endurborgi amtssjóði Austuramtsins 210 kr., sem jafnaðarsjóðurinn hefir orðið að borga í landssjóð sem toll af tóbaki, er notað var til kláðalækninga. Svo stendur á, að haustið 1898 fekk amtsráðið upp á Vopnafjörð 600 pd. af tóbaki til kláðalækninga í Þingeyjarsýslu og norðurhluta Norður-Múlasýslu. Amtmaður ritaði mér og lét í ljósi það álit sitt, að eigi bæri að greiða toll af tóbaki þessu, sem væri ætlað til fjárböðunar. Eg heimti því eigi toll af því, en lét bréf amtsins fylgja með tollreikningi mínum fyrir umrætt ár. Hinn umboðslegi endurskoðandi gjörði síðan aths. við reikninginn, og landsh. úrskurðaði, að tollinn skyldi greiða, og nú hefir amtmaður greitt hann úr jafnaðarsjóði.

Þar sem þingið í ár hefir samþykt toll-lög, er ákveða, að tóbak til kláðalækninga skuli vera tollfrítt, og kláðalög, sem ákveða, að öll kláðalækningalyf skuli eftirleiðis borga úr landssjóði, þykist eg þess fullviss, að háttv. deild muni líta svo á, sem sjálfsagt sé, að landssjóður skili aftur tollinum af þessum 600 pd. af tóbaki, og samþ. því breyt.till. mína.

Eg leyfi mér enn fremur að benda á, að orðið »að« vantar milli »toll« og »600«, og vona, að það verði leiðrétt. — Enn fremur vil eg lýsa því yfir, að eg mun greiða atkvæði með breytingartillögu fjárlaganefndarinnar við 14. gr. A. 4, jafnvel þótt eg við 3. umræðu greiddi atkvæði öðru vísi, því að það kom til af því, að eg, eins og tveir aðrir háttv. þingdeildarmenn að minsta kosti, misskildi það, hvernig borið var undir atkvæði; og tel eg skyldu mína, en engan vanza, að viðurkenna þetta, og greiða mun eg nú atkvæði um þetta atriði eftir því, sem eg álít rétt.

Skúli Thoroddsen: Eg á hér eina breyt.till., sem fer fram á, að sýslufélögum gefist kostur á láni úr landssjóði handa þurrabúðarmönnum til húsabygginga og jarðræktar.

Tala þurrabúðarmanna fer sívaxandi, einkum í kaupstöðum; þeir eiga margir við þröngan kost að búa, og löggjöf vor hefir ekki gert sér mikið far um, að hlynna að þeim. — Þeir verða oft að sæta hrakningi hrepp úr hrepp, þar sem þeir eru ekki bændur. — Auk þess er kosti þeirra í röngvað af þeim, sem lána þeim lóðir, til dæmis all-oft gert að skyldu, að róa á útveg landsdrottins, og verða svo ósjálfstæðir menn í efnalegu tilliti. — Af því kjör þeirra eru svo þröng, leiðir það, að þeir eiga örðugt með að fá lán; þeir hafa ekkert til að setja í veð, en eru á hinn bóginn margir mjög nýtir og dugandi menn. — Hreppsnefndir eru

vanalega gagn-kunnugar í sínum hreppum, og mundu ekki víla fyrir sér, að ganga í ábyrgð gegn tryggingu í ýmsum munum þurrabúðarmanna, sem ekki ganga í veð hjá opinberum sjóðum. — Þetta væri þó betra en ekki, ef þeir ættu kost á, að fá 4000 króna lán, eða svo, gegn 4½ % rentu og 28 ára afborgun, því að ekki má hafa háar atborganir; þeir gætu þá reist sér snotur hús og þægilegri híbýli. — Gerum ráð fyrir, að þeir borguðu 20 krónur í afborgun á ári, auk vaxta; það yrði ekki meira en svarar til þeirrar húsaleigu, sem þeir annars þyrftu að borga. — En fyrir þetta lán yrðu þeir samt óháðari. — Þegar litið er til annara þjóða, þá gjöra Danir afar-mikið til að styrkja húsmenn og þurrabúðarmenn. — Því fremur er á stæða til þessa fyrir oss, þar sem vér höfum samþykt breyting á stjórnarskránni, er hefir það í för með sér, að allur þorri þessara manna verða kjósendur til alþingis.

Eg get ekki skilið, að neinu fé sé stofnað í háska með þessu, þar sem landssjóður tekur veð hjá sýslufélögum, en þau aftur hjá sveitarfélögum, og svo þau hjá einstökum mönnum, enda munu sveitarnefndir mæla með þeim mönnum einum, sem þær þekkja að dugnaði og ráðdeild.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af athugasemd hins háttv. 1. þingm. Húnv. (H. J.) viðvíkjandi 12. gr. B. 4. leyfi eg mér að segja fáein orð. — Eg vil ekki láta slíkum ummælum ómótmælt, jafnvel þó eg sé viss um, að háttv. deild tekur ekki mikið tillit til þeirra. — H. 1. þm. Húnv. (H. J.) gerði sig fyrst og fremst beran að því, að hann þekkir ekki vegalög vor. — Hann veit ekki, að landssjóði ber að kosta póstvegi, en sýslusjóðum sýsluvegi; sýslusjóðir leggja að eins fé til póstvega, ef póstleið liggur um sýslu endilanga. — Hér er annaðhvort vanþekking, sem er svo stórkostleg, að hún er með öllu ófyrirgefanleg, eða h. 1. Húnv. (H. J.) fer með ósannindi vísvitandi, og vil eg geta hins fyrra til, því hins síðara vil eg alls ekki væna hann, að svo komnu. — Svo gerir hann sig sekan í öðru ekki betra. — Hann er í fjárlaganefndinni, og þar liggja fyrir skjöl, er snerta þetta mál. — Samt ber hann það fram, að hlutaðeigandi sýsla hafi ekki farið fram á meira en 7000 kr.! — Annaðhvort þekkir hann ekki þau skjöl, sem hann sjálfur átti að fjalla um sem nefndarmaður, sem er alveg ófyrirgefanlegt, eða þá hér kemur fram hjá honum hitt, sem eg sagði áðan, og eg ekki vil bera honum á brýn; hann ræður sjálfur, hvort hann vill heldur, að sé álitið. — Brú þessi verður á póstleið, sem landssjóður er skyldur að annast, en sýslufélagið hefir boðið ákveðna upphæð, og það er á þess valdi, hvort það vill leggja til þessa eða ekki. — Ekki neita eg því, að það er dálítið kringilegt, að sjá, að þessi h. þingm., sem í þessu efni er svo íhaldssamur á landsfé, vill fleygja út 4 þúsund kr. í fyrirtæki, sem er skrúfað fram með frekju, »octrojerað« upp á kjördæmið hans móti vilja margra héraðsbúa með að eins mjög litlum meiri hluta. — Eg vil ekki skilja, og skil ekki, hvað hefir blindað h. 1. þm. Húnv. (H. J.); en betra hefði verið fyrir hann, að láta einhvern annan flónska sig á þessari flugu.

Eg skal geta þess, að eg er ekki eins þakklátur h. efri deild og aðrir h. þingmenn fyrir meðferðina á vegafénu; þetta, að setja sundurliðun inn í fjárlögin, er hætt við, að leiði til mikilla vandræða, þegar fram í sækir. — Hér er um áætlaðar, en ekki bundnar upphæðir að ræða. — Landsstjórnin

verður skyld til, að framkvæma þessi verk, en þingið aftur á móti skuldbundið til, að borga það, sem á vantar, ef það fer fram úr 92,000 krónum. — Eg er mjög hræddur um, að áætlunin verði alt of lág, — upphæðir verða hærri, þegar til kemur fyrir mörg verk, en ákveðið er í 12. gr. B. 4. — Afleiðingin verður sú, að landsstjórnin verður bundin við, að láta vinna þessi verk, en getur ekki ráðið upphæð kostnaðarins.

Einn háttv. þingm. vitnaði til mín viðvíkjandi brú á Sogið. Það er rétt. Eg er þar gagn-kunnugur og skal láta þá skoðun í ljósi, að slík brú sé nauðsynleg fyrir efra hluta Árnessýslu; en áætlun sú, sem fyrir liggur, er mjög ónákvæm og ófullkomin. — Enn er óvíst, hvar flutningabrautin frá Ölfusárbrú verður lögð, hvort heldur austan Ingólfsfjalls og þá hjá Alviðru yfir Sogið, svo því meiri nauðsyn bæri þá til brúar þar, eða austan Hvítár. — En þessi brú er eins og nú er á sýsluvegi eða hreppavegi, svo hér er ööru máli að gegna en um Skaftárbrúna. — En sízt vildi eg verða til þess, að spilla fyrir Árnesingum í þessu máli, og því síður, sem þeir hafa lagt röggsamlega bæði til þessa, og til að gera höfn á Stokkseyri, — það væri ekki rétt, að telja kjark úr þeim í þessu máli.

Framsögumaður (*Valtýr Guðmundsson*): Eg skal geta þess gagnvart því, sem hæstv. landsh. taldi tillögur fjárlaganefndarinnar um verkfræðing landsins ekki heimilar, að eg get ekki verið hæstv. landsh. sammála í þessu; og eg tel þinginu fyllilega heimilt, að setja reglur um starfsvið verkfræðingsins; en hitt er aftur á stjórnarinnar valdi, að ákveða, hvaða verkfræðingur ráðinn sé í landsins þjónustu.

Hæstv. landsh. hafði það á móti til lögu nefndarinnar, að verkfræðingurinn væri sinn tímann á hverjum staðnum, og því oft svo örðugt að ná til hans, þótt á lægi. — En þess er að gæta, að verkfræðingurinn situr á vetrum um kyrt í Reykjavík, og þá getur hann undirbúið vegagerðirnar, sem framkvæma á um sumarið, og ráðið verkstjóra og annað slíkt. — Yfir höfuð sé eg ekki, að nein veruleg óþægindi stafi af því, þótt verkfræðingur landsins eigi að hafa umsjón vegamála hér á landi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, en kostir þess fyrirkomulags eru aftur auðsæir.

Að því er snertir athugasemdir hæstv. landsh. um lánveitingarnar úr landssjóði, þá hygg eg varla muni koma fyrir, að landsstjórnin færi mjög hart í það, að segja upp lánum með uppsagnarfresti til þess, að geta fullnægt lánveitingum þeim, sem nefndar eru í fjárlögunum. — Eg get líka lýst því yfir, að það er ekki tilgangur fjárlaganefndarinnar, að til þeirra örþrifsráða sé gripið. — H. efri deild hefir sett inn nýja upphæð til byrjunar á flutningabraut um Fagradal. — Nefndin vildi ekki hreyfa við þessu, þótt hún væri ekki fyllilega á því, að rétt væri, að fara nú að byrja á nýjum flutningabrautum; en hún ætlast til, að fénu sé varið til að byrja á þeim enda brautarinnar, sem frá Lagarfljótsbrúnni á að liggja.

Eg gleymdi áðan að minnast á breytingartill. nefndarinnar við 14. gr. A. 4. um styrk handa landsbókasafninu og landsskjalasafninu til að gefa út heimildarrit í sögu Íslands. — Það er nokkuð einkennilegt með styrk þennan, hvílíkt kapp hefir verið lagt á það, að fá honum framgengt. — Því að þótt hann hafi verið feldur, þá hefir honum jafnharðan verið potað inn aftur; þannig var hann t. d. feldur við 2. umræðu í efri deild, en við 3. umr. var honum komið að aftur, og þótt undarlegt megi

virðast, samþyktur þá. — Fjárlaganefndin hér í deild var upprunalega móthverf styrkveiting þessari, og í samræmi við það leggur hún enn til, að liðurinn sé feldur burt, og hún hefir því meiri ástæðu til þess, þar sem hún er þess sannfróð, að fleiri en einn af deildarmönnum greiddu hér atkvæði með honum af misskilningi síðast, svo að hinn sanni vilji deildarinnar í málinu hefir enn eigi komið fram. — Hér er auðsjáanlega um bitling að ræða handa manni einum, sem við þingið er riðinn; manni, sem svo freklega hefir barist fyrir þessu, að hann hefir í báðum deildum leyft sér að grípa fram í ræður þingmanna um styrkveiting þessa, svo að full ástæða hefði verið til fyrir hina heiðruðu forseta, að vísa honum út úr þingsölunum. — Eg efast annars um, að liður þessi geti orðið feldur nú, því að svo er háttað hér í deild at kvæðagreiðslunni. — Eg hefi til dæmis tekið eftir því í sumar, að tveir bændur greiða jafnan atkvæði eins og einn viss sýslumaður, svo að það munar ekki svo litið um það, þar sem hann lægst á prefaldur í roðinu.

Eg hefi áður greinilega tekið það fram, hve óþarfur styrkur þessi er, þar sem vér höfum til sérstakt ritsafn, Safn til sögu Islands, þar sem heimildarrit þessi eiga einmitt heima í. — Vér verðum að gæta þess, að sé þetta fé veitt nú, þá mun óhætt að fullyrða, að hér verði um standandi styrk að ræða, og að landssjóði sé bundin byrði, er nema muni tugum þúsunda króna. — Það er hægra að koma öðru eins og þessu inn í fjárlögin en út af þeim. — Eg verð því að mæla fastlega með, að liður þessi sé feldur.

Þá er að minnast á styrkinn til Lagarfljótsbrúarinnar. — Eg gat þess áðan, að nefndin vildi ekki, að hann væri tekinn upp í þessi fjárlög af því, að málið væri eigi nægilega upplýst enn, en hún áleit það sjálfsagt, að stjórnin mundi eigi að síður láta lúka við brúarbygginguna, og leita síðan aukafjárveitingar á því, sem upp á vantaði, þegar ljóst væri orðið, að hve miklu leyti landssjóður ætti að bera kostnaðinn af óhöppum þeim, sem komið hafa fram við brúarbygginguna.

Eg vona því, að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) taki breyt.till. sína aftur nú, er hann hefir heyrt skoðun fjárlaganefndarinnar á málinu.

Þá er að minnast á styrkbeiðsluna til brúargerðar yfir Sogið. — Nefndin hefir áður lýst því yfir, að hún gæti eigi aðhylst styrkveitingu til þessa, umferðin þar væri of lítil til þess, og nær að taka aðrar styrkbeiðslur viðvíkjandi brúargerðum til greina, þar sem umferðin væri meiri, til dæmis yfir Rangá. — Dragferja fyrir 3—4000 kr. mundi og koma að góðu haldi á Soginu. — Auk þessa vantar hér nákvæma og sundurliðaða kostnaðar-áætlun, og þar sem nú er búið að veita svo mikið fé til vegagerða, þá sýnist ekki ráðlegt, að fara enn að bæta við þessum 7500 kr., sem nú koma hér fram á síðustu stundu.

H. 1. þingm. Húnv. (H. J.) tók það fram, að deildin mundi varla vilja verða þess valdandi, að fjárlögin kæmust í sameinað þing með því, að fella breyt.till. um styrkveiting til kvennaskólabyggingar á Blönduósi. — En eg verð að halda hinu gagnstæða fram og segja, að deildin mundi verða þess valdandi, að fjárlögin kæmust í sameinað þing, ef hún samþykkir breyt.till., því að fjárlaganefndin í efri deild hefir lýst því yfir, að hún væri fastlega á móti fjárveitingu þessari.

Að því er brúna yfir Skaftá snertir,

þá held eg, að h. 1. þm. Húnv. (H. J.) hafi ekki munað vel eftir skjölum þeim, sem fyrir fjárlaganefndinni lágu, né því, sem um málið var rætt í nefndinni, því að breyt.till. fer einmitt fram á hið sama og nefndin ætlaðist til, það, að sýslan legði fram 1000 kr. til brúargerðarinnar, en landssjóður hitt. — Landshöfðingi fór fram á, að veittar væru úr landssjóði 8000 kr. til brúarinnar, enda er sýslan ekki skyldug til, að leggja nokkuð fram til hennar, því að hún er á þjóðvegi.

Um Íslandssöguna er það að segja, að verið getur, að h. 2. þingm. Skgf. (St. St.) þekki betur en eg til hæfileika manns þess, sem um er að ræða, til að rita hana. — En eigi þetta að vera saga handa barnaskólum og unglingaskólum, þá mun vera hreinn óþarfi, að styðja að útgáfu hennar með landsfé, því að verði bókin álitin vel samin, þá mun enginn skortur verða á útgefurum, sem fúsir verði á, að gefa bókina út styrklaust, og á að borga höfundinum sæmileg ritlaun. — En vilji menn ekki játa þessu, þá skal eg minna menn á, að í fjárlögunum er liður, sem ætlaður er til að styðja útgáfu kenslubóka handa alþýðuskólum. — Það er því ekki ástæða til, að hafa þessa sérstöku fjárveitingu í fjárlögunum.

Hve heppilegt sem það kann að vera, að gefin sé út handbók handa hreppstjórum, þá verð eg þó að telja það óheppilegt, að hún sé samin nú, þar sem á þessu þingi hefir verið gerð ráðstöfun til þess, að millilþinganefnd sé skipuð til þess að athuga fátækramálin. (*Lárus H. Bjarnason*: Hreppstjórarnir eru ekki fátækrastjórar). Hvað sem því líður, þá er líklegt að nefndin verði þannig skipuð, að heppilegt sé að fela henni á hendur að semja handbókina.

Eg er ekki sömu skoðunar sem h. þm. V.-Sk. (G. G.) um vegaféð; upphæð sú, sem nefnd er í fjárlögunum, er fast ákveðin, og eg tel ekki mega fara fram yfir hana.

Forseti: Út af orðum h. þm. Vestm. (V. G.) um það, að utanþingsmaður hafi gripið fram í ræður þingmanna hér í þingsalnum, skal eg geta þess, að þingmenn grípa svo oft fram í hver fyrir öðrum, að það er ekki jafnan gott fyrir forseta að vita, hver það er, sem fram í grípur. Eg hefi alls einu sinni orðið þess var, að maður sá, er h. þm. (V. G.) mun hafa átt við, hafi gripið fram í ræðu þingmanns hér í deildinni, og tók eg þá þegar í stað til klukkunnar, svo að í þessu þykist eg hafa gætt skyldu minnar sem forseti.

Hermann Jónasson: Það var út af ræðu h. þm. V.-Sk. (G. G.), að eg bað um orðið. H. þm. (G. G.) talaði allmikið um það, að eg mundi alls eigi vita, að brúin á Skaftá mundi liggja á þjóðvegi. Eg þurfti ekki að sækja þá speki til hans, á hvaða vegi hún lægi; mér var eins kunnugt um það eins og honum. En mér er líka kunnugt um það, að landssjóður getur ekki í einu lagt alla vegi, sem leggja þarf, og brúað allar ár, sem brúa þarf; og þegar svo er, þá sýnist það sjálfsagt, að þær brýr séu látnar sitja á hakanum, þar sem umferðin er minst. Þegar á þetta er litið, þá held eg h. þm. (G. G.) hljóti að vera svo sanngjarn, að hann viðurkenni, að margar brýr eigi að ganga fyrir þessari brú; og einmitt af þeim rótum er það sjálfsagt runnið, að sýslubúar bjóða fram fé til brúarinnar, að þeir hafa séð það í hendi sér, að brúargerð á á þessa hlaut að dragast, og hafa viljað flýta fyrir henni með þessu. En þrátt fyrir fjárframboð þetta get eg ekki séð, að það sé réttmætt, að leggja nú fram fé úr landssjóði til brúargerð-

arinnar. Eg hefi ekki haldið því fram, að það væri beinlínis nauðsynlegt, að brúa Sogið nú þegar, en þó væri miklu meiri ástæða til að veita fé til brúargerðar þar en til Skaftárbrúarinnar, einkum þegar þess er gætt, að í vegalögunum frá 1894 er gert ráð fyrir, að akvegur verði lagður frá Reykjavík og austur að Geysi, og nær því er sjálfsagt, að vegur þessi muni liggja þar um, sem brúin yfir Sogið á að vera.

Þá tók h. þm. (G. G.) það fram, að meiri hluti sýslubúa í Húnavatnssýslu væri á móti kvennaskólanum þar. H. þm. (G. G.) má vita, að þetta er ósatt. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þingmaðurinn rangherrmir orð mín).

H. þm. Vestm. (V. G.) misskildi orð mín í hinni fyrri ræðu minni; hann hélt, að eg hefði verið að tala um þessa deild, þar sem eg átti við h. Ed., og voru því ummæli hans um þetta atriði út í bláinn. En viðvíkjandi hinni skörpu og æstu ræðu h. þm. V. Sk. (G. G.) skal eg taka það fram, að mér hefir jafnan þótt mikið varið í að sjá fágæta náttúruviðburði. En nú er svo, að eg hefi hingað til ekki fengið þeirri löngun minni fullnægt, að sjá eldfjöll eða hveri gjósa, en nú hefir h. þm. (G. G.) satt þessa löngun mína, því að eftir ræðu hans hefi eg fengið hina glöggustu hugmynd um hveragos.

Pétur Jónsson: Eg vil taka það fram, að eg tel það mjög óheppilegt, að nú skuli koma fram nýjar br.till. við fjárlögin, sem ekki hafa áður legið fyrir deildinni. Sérstaklega er það óheppilegt nú, þar sem ekki er útlit fyrir, að tími endist til þess að fjárlögin geti komist í sameinað þingi, því að með því verður h. Ed. neydd til að samþ. fjárveitingar, sem hún hefir ekki áður átt kost á að athuga eða greiða atkv. um. Eg hefi nú orðið var við 3 br.till. sem þannig er háttað: um styrk til að semja handbók handa hreppstjórum, um lán hánda þurrabúðarmönnum og um fjárveiting til brúargerðar á Sogið. En segi um mig, að með 2 fyrstnefndu fjárveitingunum mundi eg hafa verið, ef þær hefðu verið bornar upp fyr en nú, en síðustu tillögunni hlýt eg að vera mótfallinn nú, eins og eg var þegar hún kom fram í fjárlaganefndinni.

Hannes Þorsteinsson: Það hafa enn ekki komið fram mjög sterk andmæli gegn fjárveitingunni til brúar á Sogið; þó hafa þau nokkur verið, og það nú síðast hjá h. varaforseta (P. J.); aðalmótbára hans gegn fjárveitingunni var sú, að tillagan um hana hefði komið svo seint fram. Orsökin til þessa er sú, eins og eg hefi þegar tekið fram, að þegar fjárlagafrv. var hér til umr. í deildinni fyr, þá var vegaféð ekki sundurliðað í því eins og nú er, og því ekki hægt að koma að br.till. En þess er að gæta, að máli þessu er þannig varið, að h. deild ætti að vera fljót að átta sig á því. Á lestrarsalnum hafa legið skjöl því til skýringar, og h. fjárlaganefnd hefir haft þau til meðferðar.

H. framsm. (V. G.) taldi það málinu til forátttu, að svo lítil umferð væri yfir Sogið hjá Alviðru. Þetta er af ókunnugleika sprottið hjá h. þm. (V. G.). — Meðal annars má taka það fram, að ekki dugar að miða eingöngu við umferð þá, sem nú er yfir Sogið á þessum stað. Það eru ferjur á því á 3—4 öðrum stöðum, og mundi umferð sú, sem þar er nú, dragast öll að brúnni, þegar hún væri komin á. Þetta ætti hverjum heilvita manni að liggja í augum uppi. Það eru t. d. stórum fleiri menn, sem nú fara yfir Ölfusá á brúnni hjá Selfossi, en áður fóru yfir hana á Laugardælaferjunni. Það dugar ekki að miða við umferð á einni ferju í

þessu sambandi. Þá barði h. framsm. (V. G.) því og við, að ekki væri til áætlun yfir byggingarkostnaðinn á brúnni. Það er satt, að ekki er til nákvæm áætlun, en þó hefir verkfræðingur landsins gert lauslega kostnaðaráætlun, sem sjálfsagt er ekki mjög fjarri réttu lagi, og þegar í haust mun vera hægt að fá verkfræðinginn til að skreppa austur, jafnskamman veg, og gera nákvæma sundurliðaða áætlun, svo að þetta atriði út af fyrir sig ætti ekki að geta hnekt þessari fjárveitingu.

Þá verð eg að snúa mér ofurlítið að h. 2. þm. Skgf. (St. St.), er talaði svo heitt fyrir styrknum til Skotfélags Eskifjarðar, og um afrek þess félags. Eg var því miður ekki í þingsalnum á meðan hann hélt ræðu sína, náði að eins í síðustu blessunina, að því er mig snerti, en eg heyrði óminn af ræðu hans álengdar, og eftir hitanum að dæma og hávaðanum var því líkast sem hann væri að berjast fyrir einhverju sínu mesta áhugamáli, eða stórmiklu velferðarmáli þjóðarinnar. En eg lít nú ekki þeim augum á styrkveiting þessa; eg skoða sem svo, að hún sé ekki að eins hlægileg, heldur meira að segja hreint og beint hneykslanleg. — Eg heyrði sagt, að h. þm. (St. St.) hefði varpað gletnis- og kesknisorðum að mér, er eg var fjarverandi; en af því að eg er þess eigi fullfróður, hvernig þau orð hafa fallið, og h. þm. vill ekki kannast við, að hafa mælt þau á þann hátt, sem mér voru þau flutt, þá ætla eg að sleppa nokkuru af því, sem eg ætlaði að segja í hans garð. En eg get ekki dregið fjöður yfir það, að h. þm. byrjaði ræðu sína á því, að segja ósatt. Hann sagði, að aldrei fyr hefði verið sótt um sams konar styrk sem þennan skotfélagsstyrk til þingsins; en eg get frætt hinn h. þm. (St. St.) á því, að einmitt þetta sama félag sótti um styrk til þingsins 1899, en fekk eigi áheyrn, var vísað háðulega á bug í Ed. og felt þar með miklum atkvæðamun. Auk þess er það kunnugt, að hér í bæ hafði maður styrk af landsfé í tvö ár til þess að halda uppi leikfimiskenslu; maðurinn var Magnús Magnússon frá Cambridge. Það getur vel verið, að þetta sé sprottið af minnisleysi eða vangá hjá h. þm., en ekki af því, að hann beri svona litla virðingu fyrir sannleikanum. Eg skal láta ósagt, af hvoru þetta stafar.

H. sami þm. talaði mikið um, hversu nauðsynlegt væri að efla og styrkja sál og líkama, og kvað hafa vikið einhverju að mér í því sambandi. Hefir það víst átt að vera borgun fyrir skjólstæðing hans, sýslumanninn í Suður-Múlasýslu. Hann hefir viljað borga fyrir hrafninn. Eg veit að h. 2. þm. Skgf. (St. St.) muni ekki sjálfur þykjast þurfa og jafnvel þurfi eigi á líkamsæfingum að halda, því að það er fullljóst, að nógu liðugt er á honum málbeinið, snar er hann í snúningum, hálsliðamjúkur og snillingur að fara gegnum sjálfan sig, þegar svo býður við að horfa. Mér flýgur það annars í hug, þegar eg athuga framkomu h. þm. hér á þingm.-bekkjunum, að hjá honum lifi endurminningin um »kómedíuspil« hans í skóla; mér finnast margar ræður hans bera vott um meiri léttúð, gletni og leikaraskap, heldur en ætti að vera, þegar um alvarleg þjóðmálefni er að ræða. Mér sýnist hann stundum vera eins og að leika »fyrir fólkið«, hugsa of mikið um áheyrendurna, svo að hann taki sig vel út fyrir þeim, yfir höfuð geri nokkuð mikið til að »sýnast«. Og í þeirri list er hann mér miklu fremri. Það skal viðurkent. Eg hafði ætlað mér að heilsa dálítið betur upp á h.

þm., en af ástæðum þeim, sem eg hefi fyr getið um, og af því að nú er orðið mjög framorðið, ætla eg að sleppa því.

Tryggvi Gunnarsson: Eg ætla að geta þess, að mér fellur hálfilla, að geta ekki fylgst með fjárlagan. til þingloka, þar sem við meðnefndarmenn höfum lengst af fylgst að. En það er einkum eitt atriði, sem eg get engan veginn fallist á í till hennar, sem hér liggur fyrir, og það er, að verkfræðingnum sé falin öll framkvæmd á vegagerðum landsins. Því eftir minni þekkingu held eg, að ekki sé hægt fyrir hann að taka það að sér; mér sýnist þessi ákvörðun sama sem að reka hann frá. Eg hefi skrifað hjá mér orð h. 2. þm. Skgf. (St. St.), þar sem hann sagði, að þetta væri gott fyrir landið og gott fyrir alla parta. Eg get ekki fallist á, að rétt sé að taka völd yfir vegunum af landshöfðingja. Það hefir oft verið svo, að hann hefir þurft að grípa fram í vegagjörðir, og verkin sýna merkin, að það hefir reynst vera til bóta, að hann hefir gert það. Eg get því ekki greitt atkvæði með því, að núverandi verkfræðing landsins sé falin öll umsjón vegagjörðanna hér á landi.

Mér finst það, sem háttv. fjárln. hefir sett inn um þetta efni, og till. Ed. um niðurskifting vegabótafjárins, bera vott um mistraust til landstjórnarinnar, og að þeir sýni með þessu, að þeir treysti ekki landshöfðingja, sem mér finst engin ástæða til; auk þess getur það orðið óhentugt, að rígbinda vegafé með lögum við ákveðna fjárupphæð, til ákveðinna vegagjörða, hvað sem kemur fyrir á fjárhagstímabilinu. Af þessu getur leitt, að þegar vegfræðingurinn er kominn með veginn út í eitthvert holt, fen eða foræði, þá verði hann að hætta í miðju bili; en haldi hann áfram og ávísi fé til útborgunar hjá landsh., þá getur svo farið, að hin ákveðna upphæð sé uppgengin, svo þá sé ekkert fé til, þegar til á að taka. Eg sé heldur ekki, hvers vegna á að taka umráðin yfir vegabótunum úr höndum landsh.; eg hefi ekki heyrt neina ástæðu fyrir því, og enga óánægju með ráðstöfun hans; þó það sé líklegra, að vegfræðingur sé kunnugri vegalagningu en landsh., þá get eg þó ekki álitið það heppilegt, að hann hætti við umsjón vegagerðar í landinu, eins og nú er ástatt. En verði nú þessar till. samþyktar og síðar lögákveðnar, svo að landsh. hætti hér eftir að stýra vegagjörðum og ráða fólk til þeirra, þá vildi eg ekki að hann skildi við þetta margra ára vel unna starf án þess að hann fengi þakklæti að minsta kosti eins manns fyrir það, hversu hann hefir með sterkum áhuga og atorku reynt að bæta samgöngur á landi, bæði með brúm og vegalagningu; eg get vel borið um áhuga hans, þegar byggja átti Ölfusárbrúna og Þjórsárbrúna, og get eigi betur séð en að öll framkoma hans í vegamálum gefi fullkomna ástæðu til þess, að till. fjárln. sé ekki samþ.

Þá þurfti eg að minnast fám orðum á ræðu h. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) Mér þykir nokkuð skrítið, hvaða umhyggju hann ber fyrir bankanum; eg veit ekki hverja sérstaka köllun eða umboð hann hefir til þess. Hann er að óska þess, að reikningslaganefndin láti í té frekari og greinilegri skýrslu um bankahúsbygginguna en komin er. En mér heyrðist háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) skýra þetta nægilega, svo ekki þyrfti frekari skýrslu; alþingi ætti líka að geta verið nokkurn veginn trygt, þar sem það kýs 2 gæzlustjóra og 2 revisora. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Ekki nema einn revisor). Þetta eru 3 menn samt, og þeim ætti að vera trúandi til þess,

að sjá, ef ekki væri alt með feldu. Eg get reyndar að nokkuru leyti skilið í þessari ræðu háttv. 2. þm. K.-G. (B.Kr.). Þetta stendur auðvitað í sambandi við annað áhugamál hans hér á þingi; það getur verið þægilegt, að geta blásið upp þessu tortrygnisryki þessa dagana, meðan hlutafélagsbankinn er á ferðinni hér í þinginu, í von um, að hann fyrir það fái dálítið betri byr. Eg geri nú ráð fyrir, að reikningslaganefndin muni fá að sjá byggingarreikninga bankans endurskoðaða á þinginu 1903, ef hún kærir sig þá um það. Og færi nú svo, sem eg vona, að reikningarnir finnist réttir, þegar búið væri að endurskoða þá, þá finst mér það ekki sæmandi, að blása þessu tortrygnisryki upp á saklausa menn, með þeim tilgangi, að spilla mannorði þeirra.

Þá skal eg minnast á eina litla brtl., er eg hefi komið með, um ellistyrkinn til refaskyttunnar Jóhanns Halldórssonar. Sumir þm. eru móti þessari till., en sem betur fer ekki allir, og fjárln. í báðum deildum hafa lofað till liðsinni sínu. Það hefir verið sagt, að þessi styrkur væri nokkurs konar fátækrastyrkur; en hefir ekki oft verið sagt, þegar um eftirlaun einstakra embættismanna eða ekkna hefir verið að ræða, að taka yrði tillit til, hversu fátækur hlutaðeigandi væri? Er þá meira tiltökumál, þó óbreyttur alþýðumaður hafi ekki lagt upp mikil efni til elliáranna, og sami mælikvarði sé brúkaður við hann, eins og fátækar embættismannaekkjur, og er síður vert að gera líf þessa blinda gamla manns þægilegra þau fáu ár, sem hann á eftir ólifað, en þó að hann hefði verið lítils háttar embættismaður? En þó þetta væri kallaður fátækrastyrkur og menn segðu, að það væri principbrot, að veita slíkan styrk, þá er þetta princip brotið einmitt í fjárlögum þeim, sem hér liggja fyrir. I 16. gr. er tveimur ekkjum veittur styrkur með tilliti til þess, að þær eru mjög efnalitlar. Hér er heldur ekki farið fram á mikla fjárupphæð, þar sem um einar 150 kr. er að ræða. Þessi maður hefir sýnt það með starfi sínu, að hann hefir verið geni sem veiðimaður, miklu meira en margur embættismaður í sinni stöðu; það sýnir meðal annars grein sú, sem hann hefir ritað í Andvara síðastliðið ár, um refaveiðar. Sú grein er mest orsök til þess, að eg hefi komið með tillögu þessa.

Þá er enn önnur breyttill., sem eg vildi styðja, og það er tillagan frá vini mínum háttv. 2. þm. G.-K. (B. Kr.) um lán úr landssjóði til þilskipakaupa. Eg hafði gaman af röksemdum háttv. 1. Rangv. (Þ. G.) gegn þessari till., þar sem hann var að kvarta yfir því, að menn vildu styðja sjávarútveginn, sem væri sterkari atvinnuvegurinn. Eg sé ekkert ásökunarvert við það, að menn séu hvattir til að vinna það verk, sem bezt borgar sig; við það aukast efni í landinu. En fyrir hvað er sjávarútvegurinn sterkari en landbúnaður? Vegna þess, að menn hafa fengið betri verkfæri en áður; nú eru hér komin þilskip í stað opinna báta. Er það nokkuð undarlegt, þó menn séu styrktir til að eignast verkfæri, sem þeir geta unnið með miklu meira en áður? Og það er sama að styrkja menn til þilskipakaupa —því með þeim má afla þrefalt meira en á opnu bátana,— eins og að styrkja aðra til að kaupa góð landbúnaðarverkfæri. Væri hægt að fá að sama skapi betri verkfæri til landbúnaðarins, sem þilskipin eru við fiskiveiðarnar, svo hann borgaði sig betur en nú er alment, þá mundi eg

sömuleiðis gefa slíkum styrk fúslega atkvæði mitt.[1]

Þá kom fram skrifleg tillaga frá 6 nafngreindum þm., um að umræðum væri hætt. Var hún borin undir atkv. og samþ. með 16 atkv.

ATKVGR.: Breyttill. 634 við 11. gr. 6 a feld með 11:11 atkv.

Breyttill. 617 1 við 12. gr. A 2 sþ. með 15 atkv.

Breyttill. 617 2 a við 12. gr. B sþ. með 16:6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
B. Bjarnarson, Bf.,	B. Bjarnarson, Dal.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Lárus Bjarnason,
Hermann Jónasson,	S. Stefánsson, Eyf.,
Jóh. Jóhannesson,	Tr. Gunnarsson.
Jósafat Jónatanss.,	
Magnús Torfason,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen,	
S. Stefánss., Skgf.,	
Valtýr Guðmundss.	
Þórður Guðmundss.	
Þórður Thoroddsen.	

Breyttill. 617 2 b við 12. gr. B 1 sþ. með 15 atkv.

Breyttill. 523 við 12. gr. B 4 samþ. með 12:2 atkv.

Breyttill. 616 1 við 12. gr. B 6 e feld með 11:8 atkv.

---

1) Þm. þessi óskar þess getið, að mikið af þingræðunum eftir sig í sumar séu óleiðréttar af sér til prentunar — þó ekki þessi, né nokkrar hinar næstu á undan —, með því hann hafi ekki komist til þess um þingtímann, en verið fjarverandi 5—6 vikur eftir þing. En svo er raunar um fleiri þm., utanbæjarmenn, að prenta hefir orðið margar ræður þeirra óleiðréttar (Sk. Th., Þ.J.Th. o.fl.). *Ritstj.*

Breyttill. 630 við 12. gr. B 7 tekin aftur.

Breyttill. 615 1 við 12. gr. C 2 b sþ. með 13 atkv.

Breyttill. 615 2 við 12. gr. E j sþ. með 12 atkv.

Breyttill. 636 við 13. gr. A b 2 sþ. með 19 atkv.

Breyttill. 617 3 við 13. gr. A b 5 sþ. með 14 atkv.

Breyttill. 617 4 við 13. gr. B IV b 5 samþ. með 20 atkv.

Breyttill. 618 1 við 13. gr. B VI a 3 sþ. með 13 atkv.

Breyttill. 618 2 við 13. gr. B VI a 4 sþ. með 13:7 atkv.

Breyttill. 616 2 og 617 5 við 13. gr. B VI b 4 sþ. með 13:6

Breyttill. 617 6 við 13. gr. B VI m feld 11:5 atkv.

Breyttill. 617 7 við 13. gr. B VIII sþ. með 14 atkv.

Breyttill. 617 8 við 14. gr. A 4 sþ. með 13:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson, Dal.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónasson,	B. Bjarnarson, Bf.
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Jósafat Jónatanss.,
Pétur Jónsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Sigurðss.,	S. Stefánsson, Eyf.
Skúli Thoroddsen.	Þórður Guðmundss.,
S. Stefánss., Skgf.,	
Tr. Gunnarsson.	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Thoroddsen.	

Breyttill. 617 9 við 14. gr. A 12 sþ. með 13:9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Herm. Jónasson,	B. Bjarnars., Bf.,

já:	*nei*:
Jóh. Jóhannesson,	Bj. Bjarnarson, Dal.,
Lárus Bjarnason,	H. Þorsteinsson,
Magnús Torfason,	Jósaf. Jónatansson,
Ólafur Briem,	St. Stefánsson, Eyf.,
Pétur Jónsson,	Tr. Gunnarsson.,
Sig. Sigurðsson,	Þórður Thoroddsen.
Skúli Thoroddsen,	
St. Stefánss. Skgf.,	
Valtýr Guðmundss.,	
Þórður Guðmundss.	

Brtl. 632 við 14. gr. A 14 feld með 12:4 Varatill. feld með 13:1 atkv.

Brreyttill. 617 10 við 14. gr. A 19 sþ. með 16 atkv.

Breyttill. 619 1 við 14. gr. A 20 sþ. með 12:7 atkv.

Breyttill. 617 11 við 14. gr. A 20 feld með 11:11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	B. Bjarnarson Bf.,
Hannes Þorsteinss.,	B. Bjarnarson Dal.
Hermann Jónasson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Torfason,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jósafat Jónatanss.,
Skúli Thoroddsen,	Lárus Bjarnason,
S. Stefánss. Skgf.	Ólafur Briem,
Tr. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Valtýr Guðmundss.,	Stefán Stefánss. Ey.,
Þórður Thoroddsen	Þórður Guðmundss.

Breyttill. 631 við 14. gr. A 21 feld með 12:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
B. Bjarnarson Bf.	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	B. Bjarnarson., Dal.,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Torfason,
Hermann Jónasson,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jósafat Jónatanss.,	Sigurður Sigurðss.,
Lárus Bjarnason,	Skúli Thoroddsen,
Tr. Gunnarsson,	St. Stefánss., Eyf.,
Þórður Guðmundss.,	St. Stefánss., Skgf.,
	Valt. Guðmundss.,
	Þórður Thoroddsen.

Breyttill. 616 3 við 14. gr. A 22 sþ. með 13:5 atkv.

Brt. 617 12 við 14. gr. A 24 samþ. með 18 atkv.

Brt. 617 14 við 14. gr. A 25 feld með 12 : 7 atkv.

Brt. 617 15 við 14. gr. B 1 c samþ. með 18 atkv.

Brt. 617 16 við 14. gr. B 1 g samþ. með 20 atkv.

Brt. 617 17 við 14. gr. B 2 b. samþ. með 15 : 2

Brt. 629 við 14. gr. B 4 samþ. með 12 atkv.

Brt. 620 við 14. gr. B 4 samþ. með 14 atkv.

Brt 617 18 við 14. gr. B 11 samþ. með 18 atkv.

Brt. 626 við 16. gr. feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Herm. Jónasson,	Bj. Bjarnarson, Bf.,
Jósaf. Jónatansson,	Bj. Bjarnars., Dal.,
Lárus Bjarnason,	Björn Kristjánsson,
Magnús Torfason,	Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,	H. Þorsteinsson,
St. Stefánsson, Skf.,	Jóh. Jóhannesson,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Þ. Guðmundsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stefánson, Eyf.,
	Valtýr Guðmundss.,
	Þ. Thoroddsen.

Brt. 617 19 við 19. gr. samþ. með 21 atkv.

Brt. 622 við 19. gr. samþ. með 12 : 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Bjarnars., Bf.
Guðl. Guðmundss.,	B. Bjarnars., Dal.,
Hannes Hafstein,	B. Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónass.,

já:	*nei*:
Lárus Bjarnason,	Jóh. Jóhanness,
Magnús Torfason,	Jósafat Jónatanss.,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	St. Stefánss., Skgf.,
Sk. Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson.
St. Stefánss., Eyf.	Valtýr Guðmundss.,
Þ. Guðmundsson,	
Þórður Thoroddsen.	

Brt. 619 2 við 19. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

Brt. 617 20 og 619 3 við 19. gr. sþ. með 12 : 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnars., Bf.,
Hermann Jónasson,	B. Bjarnarson, Dal.,
Jósafat Jónatanss.,	Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,	Hannes Þorsteinss.,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sigurður Sigurðsson,	Lárus H. Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
St. Stefánsson, Skgf.	St. Stefánsson, Eyf.,
Valtýr Guðmundss.	Tr. Gunnarsson.
Þórður Guðmundss.,	
Þ. J Thoroddsen.	

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykt í e. hlj. og endursent Ed.

Sala þjóðjarðar II (Horns).

Við 2. umræðu þessa máls, 21. ágúst, tóku þessir þingmenn til máls (sjá 709. dálk — fallið úr hdr. þá, hafði mislagst).

Frsm. (*Guðl. Guðmundsson*): Þetta mál, sem nú liggur fyrir h. deild, hefir verið hér áður nokkurum sinnum; og meðal annars var á þingi 1895 gefin heimild fyrir sölu jarðarinnar með lögum dags. 13. desbr. 1895. En fyrir atvik, sem ekki var ábúanda sjálfum að kenna, varð ekki af sölu jarðarinnar í það skifti. Um atvikin að því, að ábúandi sótti of seint um kaup á jörðunni, gæti eg gefið h. d. nokkurn veginn fullnægjandi skýrslu, ef eg áliti að það væri nauðsynlegt. En eg á erfitt með það án þess að höggva nokkuð nærri þeim manni, sem er umboðsmaður Bjarnaness umboðs, og geri eg það því ekki, nema eg sé til neyddur.

Þegar þetta mál var fyrir 1899, og ábúandinn þá óskaði eftir endurnýjuðum kauprétti á jörðunni, þá var það ítarlega rætt bæði í nefnd og eins hér í deildinni. Eg skal benda á, að umræðurnar um þetta mál finnast í B-deild þingtíðindanna 1899, bls. 1371, og þar á eftir. Eg kann ekki almennilega við að fara að taka upp þær ræður eftir sjálfan mig, sem þá voru fluttar um málið, en vona, að h. þingdm. hafi kynt sér umræðurnar þá.

Svo hefir málið nú á þessu þingi verið borið upp í h. Ed., og Ed. hefir með miklum meiri hluta samþykt það. Eg skal leyfa mér að lesa upp úr ástæðum nefndarinnar, sem í einu hljóði lagði með, að jörðin væri gerð föl fyrir 4000 kr.; þar segir svo: »Það sem einkum mælir með því, að ábúandanum sé gefinn kostur á að fá keypta þessa jörð, er það, að hann hefir búið á henni í afarlangan tíma, sem sé 40 ár, og að dómi kunnugra og skilorðra manna setið hana fremur vel; þykir oss vel hlýða, að niðjar hans geti notið mest og bezt ávaxtanna af dugnaði hans og iðjusemi« o. s. frv. — Það er þetta, sem sérstaklega mælir með því, að þessi jörð sé látin föl.

Það sem einkanlega hefir verið fært sem ástæða móti sölu þessarar jarðar, er það, að hún liggur nærri kauptúni. Það stendur svo einkennilega á, að þegar jörðin er látin föl, 1895, þá er hún nágrannajörð við kauptúnið Papós, sem liggur fyrir austan jörðina; þetta vita þeir, sem kunnugir eru staðar-

háttum, enda má sjá það af kortinu. En svo er kauptúnið Papós lagt niður og kauptúnið er flutt á jörð, sem heitir Hafnanes, sem liggur fyrir vestan Horn, og er ekki nágrannajörð. Vitaskuld má segja það, að þó vegurinn sé lengri frá Horni á Hornafjarðarós heldur en frá Horni á Papós, þá er það kannske greiðari vegur, því austur fyrir er að sækja yfir Hornskriður, en vestur fyrir yfir sjó, eða á landi um sléttan veg, en ógreiðfæran. Nú þegar kauptúnið er komið vestur fyrir Horn og er ekki lengur á nágrannajörð, þá halda menn því fram, að jörðin hafi hækkað svo geypilega í verði. Þetta held eg sé ekki rétt skoðað. Staðarháttum hagar svo, að það er að eins ein eyja, Osland, sem liggur nærri kauptúninu. Milli tangans og eyjarinnar er sund, sem aldrei verður þurt um stórstraumsfjöru og aldrei er fært öðru vísi en á bátum. Þessari eyju fylgja eiginlega engin hlunnindi, hvorki æðarvarp eða dúntekja né reki; og það eina gagn, sem Horn hefir af þessari eyju, er það, að það er heizta slægjuland jarðarinnar, því útslægjur eru þar litlar. Þær eyjar, sem hefir verið dálítið æðarvarp í, liggja langtum austar.

Umboðsmaðurinn yfir þessu umboði hefir lagt ákaflega mikið kapp á það, að það væru hvorki seldar né afhentar neinar eignir frá þessu umboði, og satt að segja get eg ekki skilið hans ástæður fyrir því eða vil ekki skilja þær. Til sönnunar því skal eg nefna eitt, sem eg veit að sérstaklega hæstv. lh. er kunnugt um. Með lögum frá 1897 er gefin heimild til að afhenda Bjarnanessöfnuði Bjarnaneskirkju og henni átti að fylgia landssjóðspartur jarðarinnar eða helmingur eignarinnar, en umboðsmaður, sem jafnframt er prófastur, gerði þessu svo erfitt fyrir, að eg veit ekki betur en að málið hafi nú loksins verið afgjört með úrskurði ráðgjafans, þrátt fyrir það, að söfnuðurinn bauðst strax til að leggja öll ágreiningsmál í gjörð stiftsyfirvalda og landshöfðingja. Eg veit að eg hefi hér áreiðanlega rétt, því þetta liggur fyrir í opinberum skjölum. Hið sama hefir komið fram gagnvart þessari jörð. Umboðsmaðurinn hefir verið að hækka sitt mat og auka sína mótspyrnu; árið 1895 virðir hann jörðina á 2000—2500 kr. eftir afgjaldi jarðarinnar, sem er 135 al. eftir meðalverði, sem hæst hefir orðið kr. 74,20, en lægst kr. 54,00. Árið 1899 flytur hann brt. um, að láta jörðina fala að fráskildum fjörum og Oslandi, og fylgir þá tillögu um, að selja jörðina fyrir 2500 kr., en í mati sínu nú hefir hann talið hana 5000 kr. virði, eða nokkuru meira en tvöfalt hærri en hann hafði metið hana sjálfur 1895. Eg ímynda mér, að menn skilji það, að hér liggur eitthvað til grundvallar — annað en réttsýni, lá mér við að segja, þó það sé kannske ofsagt, því eg vil ekki manninum níðra, með því eg þekki hann sem mjög samvizkusaman og heiðarlegan mann; en mér finst, að það liggi til grundvallar einhver missýning frá hans hálfu á þessu máli. Jörðin er 24½ hdr., og yrði hún seld fyrir 4000 kr., þá fær landssjóður rúmlega tvöfaldað afgjaldið af jörðunni. Hvort maðurinn kaupir jörðina fyrir þessa upphæð, það veit eg ekki; hann hefir ekki boðið nema 3500 kr.; en mér er nær að halda, að hann mundi ekki ganga frá fyrir 4000 kr. Við þekkjum það, þegar gamlir menn hafa búið um langan aldur á sömu jörðinni, hvað þeir hafa tekið miklum tryggðum við slíkar jarðir, og hvaða kapp þeir leggja á að reyna að halda þeim föstum í sínum ættum.

Út í hinar almennu mótbárur gegn þjóðjarðasölunni ætla eg að þessu sinni

ekki að fara, nema því að eins, að einhver hreyfi slíku, vegna þess, að eg verð að líta svo á, að það standi alveg sérstaklega á með þessa jörð. En benda skal eg þó á það, að ein af þessum almennu mótbárum, sú sem sé, að þessi höfuðstóll landssjóðs verði eyðslufé, hún er nú um koll fallin, þar sem búið er að stofna Ræktunarsjóðinn og búið að gefa út og auglýsa reglugjörð fyrir þann sjóð. Þá er það sýnilegt, að þessi höfuðstóll verður ekki eyðslufé, þó jarðir verði seldar, heldur miklu fremur á vaxtasamt fé til að koma jarðrækt og grasrækt í landinu í betra horf. Frá þeirri hlið getur því ekkert verið á móti sölu þessarar jarðar.

Eg ætla svo ekki að svo stöddu að fara lengra út í málið fyr en ef mér skyldi verða gefið tilefni til þess.

Hermann Jónasson: Eg var svo óheppinn, að eg gat ekki átt samleið með h. samnefndarmönnum og varð því í minni hluta í þessu máli.

Þær ástæður, sem eg hefi fært hér áður fram fyrir skoðun minni, eru þær, að eg get ekki betur séð, eftir því sem eg hefi kynt mér þessa jörð, en að það séu allsterkar líkur fyrir því, að hún sé veruleg frambúðarjörð. Og eg vil leyfa mér að geta þess, að það bendir sterklega á að svo sé, þar sem umboðsmaðurinn hefir nú á síðustu 6 árum breytt verði jarðarinnar um fullan helming; hann metur hana 1895 á 2000—2500 kr., 1899 er verðið mikið hækkað og 1901 verðleggur hann jörðina á 5000 kr. — Eg veit ekki annað en þessi heiðraði umboðsmaður hafi ætíð fengið orð fyrir að vera skynsemdarmaður og sannsýnn, svo að hann hlýtur að hafa einhverjar sterkar ástæður fyrir þessari breyting á skoðun sinni í þessu máli. Það verður að byggjast á því, að hann sér, að jörðin hefir miklu meiri framtíðarhorfur í seinni tíð heldur en áður.

Eg hefi einnig látið það í ljósi, að yfirleitt væri eg á móti þjóðjarðasölu, og það er af þeirri ástæðu, að mér hefir virzt það yfirleitt, að flestar þær þjóðjarðir, sem eg þekki og hafa verið seldar, hafa verið frambúðarjarðir. Yfirleitt er það, að landssjóður hefir alt af mist beztu jarðirnar; þær hafa verið seldar, en þær lakari sitja óseldar. I sjálfu sér væri nú ekkert á móti þessu, ef það væri trygging fyrir því, að þeir, sem kaupa jarðirnar, yrðu sjálfseignarbændur á þeim og þær gætu haldist í sjálfseignarábúð. En því miður hefir þetta ekki nema öðru hvoru orðið árangurinn. Það hefir oft orðið alt annað. Eg veit til þess um ýmsar jarðir, að þær hafa verið keyptar af öðrum heldur en ábúandanum; þó talið hafi verið, að hann keypti jörðina, þá eru það aðrir, sem hafa staðið á bak við.

Og eg veit dæmi til þess, að þeir, sem hafa ráðist í að kaupa þjóðjarðir, hafa ekki verið menn til þess að greiða borgunina, því oftar hefir það verið að jarðirnar hafa verið seldar hærra, heldur en svaraði leigum og landskuld af jörðunum, eins og þá stóð, svo að renturnar hafa orðið þyngri fyrir kaupanda heldur en landsskuldin var áður; og svo þegar þar við bætist afborgun, þá hefir margur ekki getað undir þessu risið og neyðst til að fá lán hjá öðrum, og veðsetja jafnóðum eignina og hann hefir getað losað eitthvað í henni, og þannig hefir hún gengið úr hans hendi til annara. En eg verð að álíta það sjálfsagt, að landssjóður ætti að vera hinn bezti landsdrottinn hér á landi, og eg álít að það þyrfti að haga þannig ábúðarskilmálum á jörðum hans, að

það væri ekki vinningur fyrir nokkurn ábúanda, að kaupa þjóðeignir.

Að minsta kosti verð eg að skoða það mikið heppilegra, að landssjóður eigi þjóðjarðirnar, heldur en þær gangi til Péturs eða Páls, sem fara að leigja þær öðrum út; því það er ekki nema einstöku sinnum, að kaupandi nýtur jarðarinnar, eða hún sé til langframa í sjálfsábúð.

Eg hefi áður tekið það fram, að jörðin liggur í náud við verzlunarstað, og því væri það einkennilegt, ef þingið færi að samþykkja þessa sölu nú, þar sem það áður hefir neitað um sölu á Sauðá einmitt af hinni sömu ástæðu.

Pétur Jónsson: Eg get tekið undir alt, sem h. 1. þm. Húnv. (H. J.) sagði, og þarf eiginlega litlu við það að bæta. Eg vil að eins geta þess, að stefnubreyting varð auðsælega mikil á þjóðjarðasölumálinu á þinginu 1897. Þá stakk í stúf og var neitað öllum bænum um þjóðjarðakaup, og sömu stefnu var haldið á þinginu 1899. Eg get auðvitað ekki sagt með sanni, að hér sé um stefnu að ræða, sem endilega þurfi að haldast, en til breytingarinnar liggja dýpri orsakir en þær, sem birtust í áliti nefndarinnar.

Það sem vakti fyrir þinginu 1897, var það, að ekki væri rétt að fara lengra út í þá sálma, að farga af fasteignum landssjóðsins, að tilgangurinn með þjóðjarðasölunni næðist ekki eins og æskilegt væri, og í 2. lagi, að innan skamms hlyti þær breytingar að komast á í ábúðarlöggjöfinni, að sjálfseignarábúð væri ef til vill ekki æskilegri en leiguábúð á landssjóðsjörðum. Það væri æskilegt fyrir landssjóð, að búa svo út ábúðina á jörðum sínum, að leiguliðum sé að öllu leyti gert svo vel til, að þá fýsi eigi fremur að eiga ábýli sín; og þó lítið sé komið til framkvæmdar enn þá í þá átt, þá hygg eg, að ekki líði á löngu áður en búnaðarlöggjöfin, og einkum ábúðarlögin, verða tekin til athugunar, af því að svo margir hafa farið því fram, embættismenn og bændur, sem á landssjóðsjörðum búa, að ábúðarskilmálunum verði þannig hagað, að leiguliðar njóti verka sinna. Eg get því ekki verið með þessu frumv., enda þótt sérstök ástæða kunni að mæla með því þar, sem sami maðurinn hefir búið á jörðinni í mörg ár. Hins vegar hefði eg getað búist við, að sanngjarn umboðsmaður legði það til, að erfingjar þessa manns fengju ábúðarréttinn með góðum kjörum, og væri á þann hátt hægt að láta bóndann njóta verka sinna.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Eg þarf í rauninni fátt að segja í viðbót við fyrri ræðu mína. Eg gerði þá grein fyrir, hvernig mér virtist framkoma viðkomandi umboðsmanns í þessu máli, og eg verð að segja það, að eg er betur kunnugur staðháttum og öllu, sem að málinu lýtur, heldur en h. 1. þm. Húnv. (H. J.). Þar liggur annar fiskur undir steini.

H. þm. sagði, að flestar þær jarðir, sem seldar hafa verið frá landssjóði, hafi verið framtíðarjarðir; eg held að hann þekki fáar, og eg þori að segja, að hann þekkir ekki eina einustu af þeim, sem eg þekki; og meðal þeirra voru fáar framtíðarjarðir, meðan þær voru í höndum landssjóðs, en nokkurar eru, sem verða það í höndum einstakra manna, vegna þess, að nú hafa hinir fyrverandi leiguliðar fengið hina sterkustu hvöt til þess að bæta þær, af því að þeir sjá, að þeir njóta handaverka sinna. Þess vegna verða margar af landssjóðsjörðum framtíðarjarðir, þegar þær eru komnar í sjálfseign, þó ekki

hafi þær verið það meðan landssjóður átti þær.

H. þm. kom með eina mátbáru, sem mikið hefir verið riðið, en sem er auðsjáanlega ramvitlaus og mjög skaðleg og óviðeigandi. Hann sagði, að ekki væri trygging fyrir aukinni sjálfseignarábúð í landinu, þótt seldar væri þjóðjarðir. Þó að af 10 jörðum hafi 1 gengið úr sjálfsábúð, þá er það engin sönnun, heldur þvert á móti; það er að taka undantekninguna og gera hana að reglu. Það er fátítt, að menn geti ekki risið undir afborgunum og rentum af andvirði jarðanna, síðan sú regla komst á, að 1/4 hluti hafi verið borgaður strax og 3/4 hlutar á 28 árum. Eg þekki að eins 1—2 í Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklaustursumboði, af 30—40. En eg þekki marga, sem hafa keypt og borgað ábúðarjarðir sínar og staðið jafnréttir eftir. Eg þekki eina 10—12 bændur, sem hafa borgað vexti og afborganir í 7—8 ár, og hafa þeir fullyrt, að bú þeirra standi ekki ver heldur en meðan þeir voru leiguliðar og þurftu ekkert að gjalda, nema landskuld og leigur. Dæmin eru mjög mörg. Og eg skal benda á, hvernig á þessu stendur. Það er svo margt á einu búi, sem getur orðið að fé, ef vel er passað upp á. Bóndi, sem hefir bundið kaup á jörð sinni, rær að því öllum árum, að greiða andvirði hennar að fullu, og til þess beitir hann fyrirhyggju og dugnaði, sem hann aldrei hefði sýnt, ef hann hefði ekki haft þennan spora. Við þetta safnast fé og verður arðberandi í mannsins höndum og arðberandi í héraðinu, fé, sem annars eyddist án þess, að þess sæi nokkurn stað. Þessa dæmi þekki eg mörg. Í stað þess eru jarðarafgjöldin dregin út úr héraðinu og veikja þess gjaldþol. H. þm. (H. J.) sagði, að landssjóður væri hinn bezti landsdrottinn. Þetta hefir komið fram áður og sætt hörðum mótmælum frá mér. Eg hefi sagt það áður og eg segi það enn, að í Kirkjubæjarklaustursumboði er enginn einstakur maður jafn-kröfufrekur við sína leiguliða, eins og landssjóður. Eg veit, að ef h. þm. þekti til þessa eins og eg, þá mundi hann taka orð sín aftur.

Að haga ábúð landsjarða svo, að leiguliðaábúð á þeim verði betri en sjálfseignarábúð, það er hugsjón, sem eg get ekki gripið. Og ef bíða skyldi með sölu þeirra þangað til, þá má eins segja, að þær skuli ekki selja fyr en á dómsdegi, og kalla eg ekki þetta ástæðu. Menn eru að tala um, að þetta mál sé svipað Sauðármálinu. Á þeirri jörð er kauptún; þar sótti annar um kaup en leiguliði, og stóð því skýr löglegur réttur á milli; það átti að brjóta bág við skýr og gildandi lög, til þess að láta sveitarfélagið fá jörðina. Það er því nokkuð djarft, að segja, að hér standi eins á. Það er undarlegt, að þeir, sem slíku halda fram, skuli ætla, að þeir geti talið skynberandi mönnum trú um slíkt

H. þm. S.-Þing. var að tala um breyting á ábúðarlöggjöfinni. Það er ekki óhugsanlegt, að sú breyting verði í þá átt, sem hann nefndi, — einhvern tíma, en hún á víst lengra í land en bæði eg og háttv. þingmenn getum hugsað okkur.

Vinnuhjú og daglaunamenn.

Við 1. umr. þess máls, 19. júlí, tóku þessir þingmenn til máls (sjá 929. d., þar sem ræðurnar hafa fallið úr, hdr. mislagst):

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eins og háttv. deildarmenn munu hafa tekið eftir, þá hefir þetta frumv. verið áður til meðferðar hér á þingi. — Það var

borið upp á þingi 1899 í h. efri deild og þá all-ítarlega rætt. — Frumv. kom fram svo seint á þingtímanum, að hér í deildinni varð að eins kosin nefnd í það, og síðan kom það aldrei til umræðu.

Af því einmitt sá maður, sem samdi þetta frv. upphaflega, situr nú á þingi, þá hefi eg orðið honum samtaka um, að hreyfa því aftur hér, af því að við báðir álítum, að þetta mál sé mikilsvert, og það sýndi meðferð h. efri d., er 5 manna nefnd fjallaði um það, og sem var á einu máli um það, að greiða því götu. — Eg efast því ekki um, að því verði einnig vel tekið hér í þessari h. deild, og að menn verði fúsir til, að ræða það og laga, ef þörf þykir. — Þau lög, sem nú gilda um þetta efni, eru tilskipun frá 26. janúar 1866. — Það er fjarri því, að við flutningsmenn neitum því, að sú löggjöf hafi á þeim tíma, sem hún var gefin út, ekki haft við góð og gild rök að styðjast.— En þær breytingar, sem þetta frumv. fer fram á, eru að voru áliti nauðsynlegar fyrir þá sök, að ástandið í landinu er orðið mjög svo breytt frá því, sem þá var. — Þá var vinnuhjúastéttin mjög ósjálfstæð stétt; kaupgjald var þá mjög lágt og yfirdrotnan húsbændanna yfir hjúunum var þá mjög mikil. — Nú er þetta orðin sterk stétt og jafnsterk húsbændunum; kaupgjald hefir vaxið, og allir samningar eru frjálsir á báðar síður, og vinnuhjú standa alt eins vel að vígi í þeim samningum eins og húsbændurnir. — Þetta frumv. fer því fram á, að koma á jafnrétti milli húsbænda og hjúa, sem ekki átti sér stað í tilskipuninni frá 1866. — Hjúin lutu þá í lægra haldi; þess vegna voru ýms ákvæði til að vernda hjúin fyrir yfirgangi húsbænda, sem ástandið nú gjörir alls ekki nauðsynleg, þar sem nú verður eigi annað sagt en að hvorirtveggju standi jafnt að vígi, og það er það, sem er aðal-grundvöllurinn fyrir þessu frumv.

Eins og menn sjá, þá er frumv. skift í tvo kafla; annar kaflinn er um samband milli húsbænda og hjúa, en aftur er alveg nýr kafli um daglaunamenn, af því að síðan vistarbandið var leyst, er það orðin svo mikil stétt í landinu, að nauðsynlegt er að hafa sérstök ákvæði um sambandið milli þeirra og húsbændanna.

Eg álít óþarft, að fara út í einstök atriði í þessu máli; eg vil að eins drepa á það til dæmis um misrétti, sem nú á sér stað, að í tilskipuninni frá 1866 er það ákvæði, að ef hjú veikist, þó það sé innan fárra daga frá því það kemur í vistina, þá er húsbóndinn skyldugur til, að fæða hjúið árið út. — Fyrir utan það, að þetta ákvæði getur verið afar-þungbært fyrir húsbóndann, þá sýnist ekki minsta sanngirnis-ástæða fyrir því. — Eg tek þetta að eins sem dæmi. — Svo er ýmislegt fleira athugavert í þessu efni. — Ástæður húsbónda til að neita því, að veita hjúi viðtöku, sýnast eftir hlutarins eðli eiga að vera líkar eins og ástæður hjúsins til að neita að fara í vistina. — En það eru einmitt nokkuð mismunandi reglur um þessi atriði í gömlu tilskipuninni. — Eg efast ekki um, þegar umræðunum hættir, að nefnd verði skipuð í málið.

Sigurður Sigurðsson: Frumv. þetta er að mörgu leyti gott og vel hugsað, og vil eg þess vegna leggja því liðsinni. — Sérstaklega eru mörg alveg ný og þýðingarmikil ákvæði í kaflanum um daglaunamenn.

En það er eitt atriði, sem eg vildi benda á, þegar um er að ræða samband milli hjúa og húsbænda; það er það, að taka sér vara fyrir því, að

þröngva ekki um of kosti hjúanna. — Eg vona, að h. nefnd, sem væntanlega verður kosin, taki það til greina. — Okkur er öllum kunnugt um raddir þær, sem alment heyrast, sérstaklega frá sveitunum, að fólk fæst nú ekki til að vera í vistum. — Eg álít því, að löggjöfin eigi ekki að stuðla að því, að sambandið milli hjúa og húsbænda sé gjört verra en það er, eða hjúum ófýsilegra að vera í vistum. — Eg sé á einum stað í þessu frumv., að hjúinu er gjört að skyldu, ef það verður veikt, að borga allan fæðiskostnað. — Eg álít, að hér hefði mátt fara einhvern milli veg milli þessa og ákvæðisins í gömlu löggjöfinni í 23. gr. tilsk. 26. jan. 1866. Yfir höfuð verð eg að leggja áherzlu á það, að með þessum lögum, sem snerta svona mikið húsbændur og hjú, eigi að reyna að gjöra vistina sem aðgengilegasta fyrir hjúin.

Án þess að eg vilji á neinn hátt gjöra verkamönnum, sem vinna sem daglaunamenn, lágt undir höfði, þá álít eg þó, að löggjöfin eigi að gjöra það, sem í hennar valdi stendur til þess, að vernda hjúin, og veita þeim hlunnindi fram yfir hina.

Eg ætla að vona, að nefndin á sínum tíma taki þetta til athugunar, og yfir höfuð stuðli að því með þessum lögum, að tryggja hjúin sem hjú og auka samlyndi sem bezt má verða, milli hjúa og húsbænda.

Þórður Guðmundsson: Eg hefi fátt um þetta frumv. að segja, nema að eg álít það í mörgum atriðum gott og nytsamlegt, og á hentugum tíma fram borið. — En það var eitt atriði, sem mig fyrir mitt leyti vantaði í frumv., og sem bæði eg og margir aðrir vildu hjartanlega kjósa, og það er ákvæði um afnám á leysingu vistarbandsins. — Þau lög eru orðin landinu alt of dýr; þegar verið var að mæla fram með þessum lögum, þá var það jafnan látið hljóma, að vér yrðum að gæta réttar og auka frelsi þess minni máttar; eg skal játa það, að það er fagurt að veita frelsi, og fagurlega lætur það í eyrum; en það frelsi er oft og einatt að eins í orði kveðnu; og eg verð að lýsa því eins og það er, að eg hefi ekki orðið var við, að við, við leysing vistarbandsins, höfum fengið efnaðri, dyggari og mannaðri, eða yfir höfuð að tala, betri vinnulýð en áður en það band var leyst. — En hitt veit eg með sanni, að landbúnaðar-sýslunum hefir þessi vistarbandsleysing orðið til mikils skaða. — Þessum athugasemdum vildi eg skjóta til væntanlegrar nefndar, til þess hún íhugi, hvort ekki væru með leysing vistarbandsins opnaðar þær dyr, er leiddu til vandræða í framtíðinni.

Eimskipsútgerð I.

Við 1. umr. þessa máls (sjá 1059. d.) tóku þessir þm. til máls (úr fallið):

Pétur Jónsson: Mér finst óheppilegt að hrapa að því, að lög þessi séu úr gildi numin. Eg vildi því mega leggja það til, að frumv. þetta sé nú tekið út af dagskrá og geymt þangað til búið er að kjósa hina fyrirhuguðu nefnd í samgöngumálunum og því síðan á sínum tíma vísað til hennar.

Magnús Torfason: Mér finst óþarfi að taka málið út af dagskrá þessa vegna; það má fullvel láta það ganga til 2. umr. nú og geyma að taka það á dagskrá, þangað til hægt verður að vísa því til samgöngumálanefndarinnar.

Pétur Jónsson: Með þessum fyrirvara tek eg uppástungu mína aftur.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal að eins geta þess, að eg tel fult svo hyggilegt, að nema ekki lög þessi úr gildi að svo

stöddu. Eg get hugsað mér, að hið sameinaða gufuskipafélag hafi heldur hita í haldi af þeim.

Landshöfðingi: Ef hið sameinaða gufuskipafélag hefir ekki hita í haldinu til að gegna skyldu sinni og skuldbindingum af öðru en lögunum frá 25. okt. 1895, þá er hitinn sannarlega ekki mikill, því að eg hygg, að þessi lög muni aldrei framar koma til framkvæmdar, og það jafnvel eigi, þótt landið tæki aftur að sér gufuskipaferðirnar. Þá mundu heldur verða búin til ný lög, sem betur samsvöruðu tilgangi sínum en þessi lög. Því er ekki til neins að vera að halda lengur lífinu í þessum lögum, sem nú um alllangan tíma hafa geymst sem hálfgert lík. Vér höfum nóg af öðrum lögum, sem ekki koma mikið til framkvæmda; það er því sannarleg gustuk, að stytta lögum þessum aldur sem fyrst, þótt hin tóri; það er nóg samt eftir af lögum, sem eigi eru annað en lög á pappírnum.

Frumv. um löggæzlu í Norðursjónum (sjá 954. dálk) kom til einnar umr. í Nd. 20. júlí og var þá samþykt orðalaust með 13 atkv. og afgreitt til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Sömuleiðis kom frv. um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi (sjá 693. d.) til einnar umr. í Nd. 18. ágúst og var samþykt þar orðalaust með 20 atkv. og afgreitt til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Loks var frv. um stofnun brunabótafélags (1151. d.) sþ. 14. ágúst með 18 atkv. og afgr. til Ed.

Skýrsla landsh. um aðgerðir stjórnarinnar í ýmsum málum.

LANDSHÖFÐINGI gaf deildinni á fundi 4. júlí skýrslu um aðgerðir landsstjórnarinnar í bankamálinu, skólamálinu, málinu viðvíkjandi vegargjörð yfir Fagradal o. fl., málinu viðvíkjandi strandferðum, strandgæzlu, hvalveiðum og brimgarði í Bolungarvík.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að gefa háttv. deild skýrslu um aðgerðir stjórnarinnar að því er snertir nokkrar þingsályktanir, er samþyktar voru á síðasta þingi. Er þá fyrst að nefna þingsál. um rannsókn Lagarfljótsóss, og um lagning akvegar annaðhvort frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði eða frá Reyðarfirði um Fagradal, eða einhverja aðra leið frá sjó til Héraðs, og um að gera áætlun um kostnað við hvorttveggja. Verkfræðing landsins hefir verið falið á hendur . að leysa starf þetta af hendi, og leyfi eg mér nú að afhenda hæstv. forseta skýrslu verkfræðingsins um mál þetta. Ennfremur skal eg leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skýrslu verkfræðingsins og áætlun um kostnað við byggingu brimgarðs í Bolungarvík. Þar næst samþ. þingið tillögu, þar sem skorað er á stjórnina, að láta rannsaka áhrif hvaladráps við strendur landsins á síld og þorskgöngur á firði inn, og ennfremur að leita upplýsinga um, hvern árangur sams konar rannsóknir hafi haft í Noregi. Að því er snertir rannsóknirnar um áhrif hvaladráps við strendur landsins á síld og þorskgöngur, þá hefir landstjórnin falið fiskifræðing landsins, herra Bjarna Sæmundssyni, að framkvæma þær og útvega skýrslur þær, sem eftir var æskt; hefir hann skrifað skýrslu um þetta starf sitt, og mun hún verða lögð fyrir þingið. En að því er snertir árangurinn af þessum rannsóknum í Noregi, þá hefir stjórnin útvegað allmikið af skýrslum frá Noregi um þær, og leyfi eg mér að afhenda h. forseta þær. Þá var og samþ. á síðasta þingi áskorun til stjórnarinnar um, að hlutast til um, að útvegaður verði

og sendur hingað, svo fljótt sem verða má, sérstakur fallbyssubátur til strandgæzlu í Faxaflóa.

Bréfaskriftir viðvíkjandi máli þessu leyfi eg mér að afhenda hæstv. forseta.

Þá kom og frá síðasta þingi áskorun til landstjórnarinnar um það, að leita álits sýslunefnda um það, á hvaða staði brýnust þörf sé að strandbátarnir komi, hve oft á ári, og á hvaða tíma árs. Þessar skýrslur, sem um hefir verið beðið, eru nú komnar, og leyfi eg mér að leggja þær hér fram.

Enn kom og þingsályktun frá síðasta þingi, þar sem alþingi skorar á stjórnina, að leita álits kirkju- og kenslumálaráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík í líka átt og farið var fram á í frumv. samþ. á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum. Álitsskjöl frá kirkju- og kenslumálastjórninni í máli þessu og frá að minsta kosti flestum deildum háskólans leyfi eg mér hér með að afhenda hæstv. forseta.

Þá leyfi eg mér og að afhenda ýms skjöl snertandi bréfaskifti stjórnarinnar við ýmsa banka viðvíkjandi hlutafélagsbankanum.

Loks skal eg minnast á það, að eins og h. deild mun kunnugt, þá hafa á síðustu þingum komið fram óskir um, að landstjórnin leitaði eftir, hvort hlutaðeigandi söfnuðir vildu ekki taka að sér umsjón og fjárhald landssjóðskirknanna, og loks voru á þinginu 1897 samin lög, þar sem stjórninni var veitt heimild til að afhenda söfnuðum 6 nafngreindar kirkjur með ákveðnum skilyrðum. Kirkjur þessar voru Bjarnaneskirkja í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, Prestbakkakirkja, Langholtskirkja og Þykkvabæjarklausturskirkja í Vestur-Skaftafellsprófastdæmi, og Móðruvallaklausturskirkja og Munkaþverárklausturskirkja. Tvær hinar síðastnefndu kirkjur hafa á síðasta fardagaári verið afhentar hlutaðeigandi söfnuðum; sömuleiðis Prestbakkakirkja. Að því er snertir Bjarnanesskirkju, þá hefir afhendingin gengið stirt. Fyrst var söfnuðurinn því mótfallinn að taka að sér kirkjuna, og þegar hann loks hafði gengið að því, þá var prófastur því móthverfur, og þegar mótstaðan frá hans hálfu var horfin, þá neitaði biskup að veita samþykki sitt til afhendingarinnar.

En nú hefir ráðgjafinn úrskurðað, að kirkjan skuli afhent söfnuðinum til umsjónar. Um Langholtskirkju og Þykkvabæjarklausturskirkju er það að segja, að söfnuðirnir hafa ekki treyst sér til að taka að sér fjárhald þeirra og umsjón með þeim kostum, sem til er ætlast í lögunum frá 1897, með því að þær þurfi svo mikla viðgerð, og af því að þær vanti nauðsynlegustu áhöld og ornament. Nú hefir verið tekin upp í fjárlögin fjárupphæð til að bæta úr þessu, og má búast við, að söfnuðirnir taki að sér kirkjurnar, fái hún að standa.

Eins og kunnugt er, hafa Vestmanneyingar og Reykvíkingar enn sem komið er alls ekki viljað taka að sér fjárhald og umsjón kirkna sinna. Reykvíkingar hafa jafnvel eigi viljað koma með nein ákveðin boð, en Vestmanneyingar sett þau kjör, sem eigi hafa þótt aðgengileg.

Forseti gat þess, að skjöl þau og skýrslur, sem hæstv. landsh. hefði afhent sér, mundu verða framlögð þingmönnum til athugunar.

Lenging þingtímans.

Forseti tók svo til máls á 35. þingfundi, 10. ágúst:

Aður en tekið er til dagskrár, skal eg leyfa mér að vekja athygli á því, að í dag er hinn lögboðni 6 vikna þingtími útrunninn, og vil eg því mælast til þess af hæstv. landsh., að honum mætti þóknast að lengja þingtímann eins og venja hefir verið til að undanförnu og hann mun hafa umboð til.

Landshöfðingi: Eftir áskorun hæstv. forseta og samkvæmt heimild þeirri, sem mér er gefin í konungsbréfi 17. maí þ. á., lengi eg hér með þingtímann um háltan mánuð, til laugardags 24. þ. m., að þeim degi meðtöldum.

Forseti: Háttv. deild hefir heyrt undirtektir hæstv. landsh., og vona eg, að hún hagi störfum sínum eftir því.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninga.

Neðri deild kaus á fundi 21. ágúst til að yfirskoða landsreikningana fyrir árin 1900 og 1901 yfirdómara *Jón Jensson* með 13 atkvæðum.

Þinglok í neðri deild.

Með því að þeir forseti og varaforseti deildarinnar áttu báðir heima fjarri höfuðstaðnum, var á síðasta fundi deildarinnar 26. ágúst ályktað að kjósa nýjan varaforseta til að gegna forsetastörfum þeim, er fyrir kynnu að falla til næsta þings, og hlaut þá kosningu 1. þm. Ísfirðinga, *Skúli Thoroddsen.*

Þá var gjörðabók þess fundar upp lesin og samþykt, og að því búnu

fundi slitið.